Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt er eða skylt að stofnunin gegni greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfin eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 315 30. ágúst 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. janúar 1979.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

3. janúar 1979. Nr. 43.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 59 3. febrúar 1966, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 151 17. maí 1973.

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðst hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðst, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðst í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenskra einkaleyfisumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 35.000.— Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

2. gr.

5. liður 5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

5. Umsóknargjald, kr. 10.000,—

Sé umsókn um einkaleyfi ekki á íslensku, ber umsækjanda enn fremur að senda ráðuneytinu gjald fyrir þýðingu af umsókninni, sem það þá lætur gera. Enn fremur getur ráðuneytið, ef því þykir þess þörf, krafist þess, að umsækjandi afhendi þýðingu á íslensku af þeim fylgiskjölum, er umsókninni fylgja, og því eru send á erlendum tungumálum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 12 20. júní 1923, til að öðlast gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld breyting á reglugerð um sama efni nr. 151 17. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

Nr. 44. 9. janúar 1979.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. febrúar til 15. maí 1979, er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum, án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. eða úthlutun þeirra, þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a., að ekki fái leyfi skip, er á ákveðnu tímabili hafa stundað aðrar veiðar, eins og t. d. loðnuveiðar.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, sem rísa af af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. janúar 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 52, 24. maí 1962, fyrir Seðlabanka Íslands.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Seðlarnir og allt það, er viðvíkur seðlagerðinni, skal geymt í aðalpeningahirslu bankans, sbr. 79. gr., nema það sem falið er til öruggrar geymslu erlendis og í seðlageymslum á vegum Seðlabankans utan Reykjavíkur, sjá 14. gr.

2. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Til þess að stuðla að því, að fyrir hendi sé nægur forði seðla utan Reykjavíkur, er bankastjórninni heimilt, að höfðu samráði við bankaráð, að setja á stofn seðlageymslur í hverjum landshluta eða stærri byggðarlögum með samningi við banka eða sparisjóð. Skulu seðlarnir geymdir í sjálfstæðum traustum geymslum, sem byggðar skulu samkvæmt ströngum öryggiskröfum. Lyklavöld skulu vera í höndum tveggja manna og skal annar vera trúnaðarmaður Seðlabankans valinn af bankastjórninni, en hinn forstöðumaður eða féhirðir viðkomandi banka eða sparisjóðs tilnefndur af stjórn stofnunarinnar með samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Þessir aðilar skulu tilnefna varamenn og er útnefning þeirra einnig háð samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Endurskoðandi bankaráðsins, ásamt forstöðumanni endurskoðunardeildar eða fulltrúa hans skulu a. m. k. einu sinni á ári kanna birgðir í seðlageymslum. Bankastjórn Seðlabankans setur nánari reglur um umgengni og notkun geymslnanna.

Seðlabankinn greiðir árlega þóknun til trúnaðarmanna við seðlageymslurnar. Annar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður geymslnanna greiðist af viðkomandi banka eða sparisjóði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10, 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið 16. jan. 1979.

Svavar Gestsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

9. janúar 1979. Nr. 46.

REGLUGERÐ

um bótaskyld tjón hjá Viðlagatryggingu Íslands.

1. gr.

Viðlagatrygging bætir beint tjón af völdum neðangreindra orsaka, enda sé um að ræða tjónsatburð, er teljast vera náttúruhamfarir í almennum skilningi á því hugtaki.

a. Tjón af völdum eldgosa, s. s. þegar hraun eða öskufall veldur skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum verðmætum.
b. Tjón af völdum jarðskjálfta, er verður í þeim mæli, að hann veldur sprungum, hruni eða annarri eyðileggingu á tryggðum eignum, þar með talið tjón af eldsvoða, sem jarðskjálftinn hefur orsakað.

c. Tjón af völdum snjóflóða, er falla á tryggðar eignir og valda skemmdum eða eyðileggingu.
Það telst ekki vera snjóflóð þótt þak á húsi sligist undan snjóþunga, sem safnast á þakinu í snjókomu.
d. Tjón af völdum þess, er skriða fellur á tryggðar eignir og veldur skemmdum eða eyðileggingu á þeim.
e. Tjón af völdum flóða, er verða í þeim mæli, að ár eða lækir flæða yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá hafi eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum eignum.

2. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða hvort tjón sé bótaskylt, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða um málið.
Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning um úrskurð hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaranefndar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 52 27. maí 1975 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 9. janúar 1979.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

Nr. 47. 23. janúar 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 107 4. mars 1975.

1. gr.

Aftan við 6. málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein svohljóðandi:
Ennfremur er starfsmönnum Reykjavíkurhafnar heimilt að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu að kjósa einn fulltrúa til setu á fundum hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti, enda sé sá fulltrúi búsettur í Reykjavík.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1979

15. janúar 1979. 57 Nr. 48.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, en átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um Kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, sem fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki flúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsa eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að nokkuð það, sem raskar næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

5. gr.

Á förnum götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina. Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða, handvagna eða annað, sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni, skoteldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum slóðum má

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu né heldur kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúnanna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfnum, að hneykslun valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr sveitarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en sveitarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, húsriðum, húsþökum garðshliðum, tröðum eða öðr-

um stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús eða garða manna í óleyfi.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri, til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tekur til.

Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almannafæri, nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum eldri en 8 ára heimilt að selja blöð.

15. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljósum kauptúnanna eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Verði einhver valdur að slíku óviljandi, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið snúi upp.

Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að enginn hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum, torgum eða sléttum.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar.

19. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kauptúnanna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Ekki má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli, eða þess konar á almannafæri, eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust.

Enda á steypustyrktarjárni má ekki láta standa bera upp í loftið í húsgrunnum eða byggingum, þannig að börn eða aðrir geta hlotið skaða af. Beygja skal endana niður.

Heimilt er lögreglustjóra að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

25. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárni laust úti. Sama gildir um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

26. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnða umráðamanns, ef hann gerir það ekki sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

27. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð. Ekki mega sjófarendur kasta í hafið rusli, er borist getur á fjörur.

III. KAFLI.

Umferð á götum og vegum.

28. gr.

Umferð um götur kauptúna og á vegum sýslunnar skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

29. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum lögreglu, einkum þegar farið er yfir þvera götu við gatnamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækis er skylt að aka til hliðar eða nema staðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

30. gr.

Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýn yfir.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni:

a. Í þéttbýli.
b. Þegar skuggsýnt er eða skyggni lélegt.
c. Við vegamót.
d. Í beygjum.
e. Við hæðarbrúnir.
f. Þar sem útsýn er takmörkuð að öðru leyti.
g. Þar sem hætta er á, að ljós blindi ökumann.

h. Þegar mæta þarf öðru ökutæki á mjóum vegi eða brú, eða þegar farmur stendur út af ökutæki.
i. Þegar hált er.
j. Við gangbrautir.
k. Þar sem almenningsvagn hefur numið staðar eða er um það bil að stöðvast við biðstöð.
l. Þar sem börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik.
m. Þar sem búfé stafar hætta af umferð ökutækja.
n. Þar sem unnið er að vegagerð.
o. Þegar ökutæki dregur annað ökutæki.

Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Um ökuhraða gilda enn fremur reglur um hámarkshraða:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km. á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km. á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3,5 smálestir eða meira að heildarþyngd. má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km. á klukkustund.

31. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar, en í löngum boga, ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að stöðva ökutæki á gatnamótum eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvagna, eftir því, sem við á.

32. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum kauptúnanna, ekki ríða hraðar en töltferð.

Hestar, sem staddir eru í kauptúnunum skulu ávallt hýstir um nætur.

33. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

34. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur.

35. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þau eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

36. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja séu ávallt í fullkomnu lagi.

37. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar og aðrir ökumenn skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

38. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km. hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km. á klst. og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

39. gr.

Þegar ökumaður mætir búfjárrekstri á vegi, skal ökumaður stöðva farartækið, meðan reksturinn fer fram hjá. Komi ökutæki á eftir búfjárrekstri á vegi, skal ökumaður gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum svo að bifreiðin komist fram hjá.

40. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaga og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

41. gr.

Á hverju reiðhjóli sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri. Glitauga skal hafa aftan á reiðhjólum.

Skylt er hjólreiðarmönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

42. gr.

Í þéttbýli má ekki aka vélknúnum snjósleða hraðar en 20 km.

IV. KAFLI.

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búfjár o. fl.

43 gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákv. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni og fjallskil o. fl. og ákvæðum fjallskilareglugerða, eins og þau kunna að vera á hverjum tíma.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engj-

um, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðru vísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti.

44. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem er ætlað til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

45. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

46. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kauptúnunum.

47. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifsi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 30. apríl ár hvert. Hreppstjóri getur þó heimilað að brenna sinu fram til 15. maí, ef veðrátta hefur hamlað sinubruna fyrir 1. maí.

V. KAFLI.

um uppfestar auglýsingar.

48. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingu frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar, sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

49. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI.

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

50. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

51. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni, sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

52. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

53. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

54. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

55. gr.

Ef einhver vill halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o.s. frv., er almenningi er boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 53. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess, að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri getur **bundið skemmtanaleyfið þeirri kvöð, að lögreglumenn verði** á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. venjulegum reglum um starf lögreglumanna.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum, sem hafa gerst brotlegir, aðgang að samkomum.

56. gr.

Í kauptúnum mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. september til 30. apríl, og ekki seinna en kl. 22 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. sept. til 30. apríl og ekki eftir kl. 23 1. maí til 31. ágúst nema í fylgd með fullorðnum eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomum eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningar, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir.

Lögreglustjóri getur í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

57. gr.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds og skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er, að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um, að ákvæðum þessum sé hlýtt.

58. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi sveitarstjórnar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem sveitarstjórn til tekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Sveitarstjórn ákveður, hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

59. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI.

Um samgöngur við skip.

60. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI.

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

61. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna (hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða í þróm og brunnum). Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

62. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

63. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í, eða grafa með öðrum hætti.

Skyldur er hver húsráðandi við götur kauptúnanna að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Engin má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inná lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

64. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningi stendur.

65. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má ekki hafa í nánd við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

66. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

67. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig komið fyrir, að öruggt sé, að hundur nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun

skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innyfli búfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd, þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt, að hundar nái ekki til þeirra.

IX. KAFLI.

Um skepnuhald o. fl. í kauptúnum.

68. gr.

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kauptúnum nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eiganda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

69. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað má ekki láta ganga lausan í í kauptúnum, nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

70. gr.

Búfénað, svo sem hesta nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í kauptúnum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal handsama. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt.

Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

Ef ætla má, að sama skepna valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í kauptúnum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda en lógað, ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar strax aftur til kauptúnsins. Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum, ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

71. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum sveitarstjórnar um hagbeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagbeit, upprekstri og smölun skuli hagað og gjöldum fyrir það. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um búfjárhald í kauptúninu.

72. gr.

Bannað er að hafa hunda í kauptúnunum. Undanþágru skulu aðeins veittar samkvæmt staðfestri reglugerð um hundahald í hlutaðeigandi kauptúni.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdræpir.

73. gr.

Flækingskettir, sem enginn eigandi finnst að skulu lögreglumenn aflífa.

X. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar í kauptúnum.

74. gr.

Byggingarnefnd ákveður nöfn á götum, og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er sveitarstjóri í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

XI. KAFLI.

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

75. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmið.

76. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

77. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum í sveitarsjóð, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna, auk sekta, í sveitarsjóð.

78. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

79. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Suður-Þingeyjarsýslu nr. 146/1945, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýsla hefur samið, sbr. lög. nr. 107 frá árinu 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, en átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um Kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, sem fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki flúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsa eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að nokkuð það, sem raskar næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

5. gr.

Á förnum götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina. Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða, handvagna eða annað, sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni, skoteldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum slóðum má ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu né heldur kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð

á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúnanna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfnum, að hneykslun valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr sveitarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en sveitarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, húsriðum, húsþökum garðshliðum, tröðum eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús eða garða manna í óleyfi.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri, til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tekur til.

Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almannafæri, nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum eldri en 8 ára heimilt að selja blöð.

15. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljósum kauptúnanna eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Verði einhver valdur að slíku óviljandi, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið snúi upp.

Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að enginn hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum, torgum eða stéttum.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar.

19. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kauptúnanna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma. ..

20. gr.

Ekki má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli, eða þess konar á almannafæri, eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir,

sem hann telur nauðsynlegar til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur, til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust.

Enda á steypustyrktarjárni má ekki láta standa bera upp í loftið í húsgrunnum eða byggingum, þannig að börn eða aðrir geta hlotið skaða af. Beygja skal endana niður.

Heimilt er lögreglustjóra að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

25. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárni laust úti. Sama gildir um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef lýkur.

26. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lögreglustjóri eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnða umráðamanns, ef hann gerir það ekki sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

27. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð. Ekki mega sjófarendur kasta í hafið rusli, er borist getur á fjörur.

III. KAFLI.

Umferð á götum og vegum.

28. gr.

Umferð um götur kauptúna og á vegum sýslunnar skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

29. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum lögreglu, einkum þegar farið er yfir þvera götu við gatnamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækis er skylt að aka til hliðar eða nema staðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

30. gr.

Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýn yfir.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni:

a. Í þéttbýli.
b. Þegar skuggsýnt er eða skyggni lélegt.
c. Við vegamót.
d. Í beygjum.
e. Við hæðarbrúnir.
f. Þar sem útsýn er takmörkuð að öðru leyti.
g. Þar sem hætta er á, að ljós blindi ökumann.
h. Þegar mæta þarf öðru ökutæki á mjóum vegi eða brú, eða þegar farmur stendur út af ökutæki.
i. Þegar hált er.
j. Við gangbrautir.
k. Þar sem almenningsvagn hefur numið staðar eða er um það bil að stöðvast við biðstöð.

l. Þar sem börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik.
m. Þar sem búfé stafar hætta af umferð ökutækja.
n. Þar sem unnið er að vegagerð.
o. Þegar ökutæki dregur annað ökutæki.

Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Um ökuhraða gilda enn fremur reglur um hámarkshraða:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km. á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km. á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3,5 smálestir eða meira að heildarþyngd. má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km. á klukkustund.

31. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar, en í löngum boga, ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að stöðva ökutæki á gatnamótum eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvagna, eftir því, sem við á.

32. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum kauptúnanna, ekki ríða hraðar en töltferð.

Hestar, sem staddir eru í kauptúnunum skulu ávallt hýstir um nætur.

33. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

34. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur.

35. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þau eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

36. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja séu ávallt í fullkomnu lagi.

37. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar og aðrir ökumenn skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

38. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km. hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km. á klst. og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

39. gr.

Þegar ökumaður mætir búfjárrekstri á vegi, skal ökumaður stöðva farartækið, meðan reksturinn fer fram hjá. Komi ökutæki á eftir búfjárrekstri á vegi, skal ökumaður gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum svo að bifreiðin komist fram hjá.

40. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaga og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

41. gr.

Á hverju reiðhjóli sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri. Glitauga skal hafa aftan á reiðhjólum.

Skylt er hjólreiðarmönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

42. gr.

Í þéttbýli má ekki aka vélknúnum snjósleða hraðar en 20 km.

IV. KAFLI.

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búfjár o. fl.

43 gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákv. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni og fjallskil o. fl. og ákvæðum fjallskilareglugerða, eins og þau kunna að vera á hverjum tíma.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðru vísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti.

44. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem er ætlað til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

45. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

46. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kauptúnunum.

47. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifsi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 30. apríl ár hvert. Hreppstjóri getur þó heimilað að brenna sinu fram til 15. maí, ef veðrátta hefur hamlað sinubruna fyrir 1. maí.

V. KAFLI.

um uppfestar auglýsingar.

48. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingu frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar, sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

49. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI.

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

50. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

51. gr.

Hverjum, sem hefur veitingasölu, hverju nafni, sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

52. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

53. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

54. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

55. gr.

Ef einhver vill halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o.s. frv., er almenningi er boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 53. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess, að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri getur **bundið skemmtanaleyfið þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað**, og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. venjulegum reglum um starf lögreglumanna.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum, sem hafa gerst brotlegir, aðgang að samkomum.

56. gr.

Í kauptúnum mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. september til 30. apríl, og ekki seinna en kl. 22 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir

kl. 22 tímabilið 1. sept. til 30. apríl og ekki eftir kl. 23 1. maí til 31. ágúst nema í fylgd með fullorðnum eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomum eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningar, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir.

Lögreglustjóri getur í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

57. gr.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds og skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er, að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um, að ákvæðum þessum sé hlýtt.

58. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi sveitarstjórnar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem sveitarstjórn til tekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Sveitarstjórn ákveður, hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

59. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI.

Um samgöngur við skip.

60. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI.

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

61. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna (hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða í þróm og brunnum). Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

62. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

63. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í, eða grafa með öðrum hætti.

Skyldur er hver húsráðandi við götur kauptúnanna að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Engin má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inná lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

64. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningi stendur.

65. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má ekki hafa í nánd við götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

66. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

67. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig komið fyrir, að öruggt sé, að hundur nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir

heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innyfli búfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd, þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt, að hundar nái ekki til þeirra.

IX. KAFLI.

Um skepnuhald o. fl. í kauptúnum.

68. gr.

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kauptúnum nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eiganda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

69. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað má ekki láta ganga lausan í í kauptúnum, nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

70. gr.

Búfénað, svo sem hesta nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í kauptúnum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal handsama. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt.

Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

Ef ætla má, að sama skepna valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í kauptúnum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda en lógað, ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar strax aftur til kauptúnsins. Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum, ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

71. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum sveitarstjórnar um hagbeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagbeit, upprekstri og smölun skuli hagað og gjöldum fyrir það. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um búfjárhald í kauptúninu.

72. gr.

Bannað er að hafa hunda í kauptúnunum. Undanþágru skulu aðeins veittar samkvæmt staðfestri reglugerð um hundahald í hlutaðeigandi kauptúni.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdræpir.

73. gr.

Flækingskettir, sem enginn eigandi finnst að skulu lögreglumenn aflífa.

X. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar í kauptúnum.

74. gr.

Bygginganefnd ákveður nöfn á götum, og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er sveitarstjóri í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

XI. KAFLI.

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

75. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmið.

76. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

77. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum í sveitarsjóð, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna, auk sekta, í sveitarsjóð.

78. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

79. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Norður-Þingeyjarsýslu nr. 76/1945, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið, sbr. lög. nr. 107 frá árinu 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI M. I.

Reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

1.01. **Skilgreiningar sem notaðar eru í reglunum.**
Fiskiskip: Skip sem aðallega er notað til fiskveiða.
Yfirmenn: Skipstjóri, stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamenn.
Undirmenn: Skipverjar aðrir en yfirmenn.
Stærð: Brúttórúmlestir, skammstafað rúml.
Viðurkenning: Viðurkenning Siglingamálastofnunar ríkisins.

1.02. **Gildissvið reglnanna.**

1.02.1. Reglur þessar gilda fyrir vélknúin fiskiskip 50 rúml. og stærri eftir því sem getið er um í einstökum greinum.
Á fiskiskipum minni en 50 rúml. skulu reglur þessar gilda, að svo miklu leyti sem við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til baga.

1.02.2. Reglur þessar gilda fyrir skip, sem kjölur er lagður að eftir gildistöku reglnanna.

1.02.3. Með skip sem eru í smíðum, þegar reglur þessar öðlast gildi og með eldri skip, skal farið eftir reglunum að svo miklu leyti, sem það er hægt, þegar tillit er tekið til hönnunar skipsins og tæknilegra erfiðleika, sem breytingar á innréttingum kunna að hafa í för með sér.
Á eldri skipum skulu þó nauðsynlegustu breytingar gerðar á innréttingum og útbúnaði sem fyrst, og eigi síðar en 5 árum eftir að reglurnar öðlast gildi. Meiriháttar breytingar, svo sem innréttingar á nýjum vistarverum, og stækkun eða breytingar á þeim, skulu hannaðar tímanlega og framkvæmdar, ef skipið fer í meiriháttar viðgerð eða endurbyggingu; þar sem innréttingar verða fjarlægðar. Nú berast Siglingamálastofnun ríkisins teikningar af fyrirhuguðum breytingum á vistarverum umræddra skipa sem að verulegu leyti brjóta í bága við reglurnar, og skal þá stofnunin ræða við útgerðarmenn og samtök sjómanna þann vanda, sem samfara er breytingu á vistarverum til uppfyllingar ákvæðanna, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

1.02.4. Skip sem keypt verða frá útlöndum eftir að reglurnar öðlast gildi skulu fylgja þeim, að svo miklu leyti sem hönnun þeirra leyfir.

1.02.5. Siglingamálastofnunin getur krafist breytinga á vistarverum, ef þær eru álitnar ófullnægjandi og heilsuspillandi. Siglingamálastofnunin skal leita álits Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ef ástæða er til að ætla að vistarverur geti verið heilsuspillandi.

1.03. **Teikningar.**

1.03.1. Fyrir öll skip 25 rúml. og stærri, sem eru í smíðum, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins til samþykktar teikningar, sem sýna staðsetningu og fyrirkomulag vistarvera.
Þessar teikningar skulu berast það tímanlega, að athugun á þeim geti farið fram áður en verklegar framkvæmdir hefjast. Ef kvörtun eða kæra berst Siglingamálastofnuninni frá sjómannasamtökum, sbr. gr. 1.02.5., um að íbúðir áhafna í skipi 50 rúml. eða stærri séu ekki samkvæmt reglum eða á annan hátt ófullnægjandi, getur stofnunin krafist nauðsynlegra teikninga.

1.03.2. Fyrir nýsmíði og meiriháttar breytingar skal teikning, sem sýnir staðsetningu (fyrirkomulagsteikning) íbúða skipa 25 rúml. og stærri, send í 3 eintökum til samþykktar. Teikningarnar skulu sýna greinilega einstök rými, aðgang að þeim o. s. frv. Teikningar með skurðum af einstökum rýmum skal sömuleiðis senda í 3 eintökum. Þess teikningar skulu eigi vera í minni kvarða en 1:50. Teikningarnar með tilheyrandi texta skulu sýna hvernig nota skal rýmið, innréttingu og búnað, loftræstingu þess, lýsingu, upphitun og hreinlætisaðstöðu. Flatarmál á gólfi og rúmmál vistarvera áhafnar skal og tilgreint.

2. SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI FYRIR ALLAR VISTARVERUR ÁHAFNAR.

2.04. Skipan vistarvera.

2.04.1. Skipan vistarvera fyrir áhöfnina, aðgangur að þeim, smíði þeirra og staðsetning skal vera þannig, að tryggð sé vörn gegn veðri og sjó, einangrun frá hita og kulda og óþarfa lykt, vörn gegn reyk og gufu frá öðrum rýmum. Svefnklefar skulu jafnan vera miðskips eða í afturskipi. Siglingamálastofnunin getur samþykkt klefa í framskipi, ef önnur staðsetning er talin óhentug, eða torveld vegna stærðar, gerðar eða fyrirhugaðrar notkunar skipsins. Svefnklefar mega aldrei vera framan við stafnskilju. Frá vistarverum, eldhúsi eða vélarrúmi skulu vera útgangar á báðum hliðum þilfarshúss eða annarri hlið þess og í afturþili.

2.04.2 Ekki skulu vera op inn í svefnklefa beint frá lest, vélarúmi, geymslum fyrir málningu, þilfarsáhöld eða vélavarahluti eða frá öðrum svipuðum geymslum, þurrkklefum, sameiginlegum þvottaklefum eða sameiginlegum salernum. Dyr eða lúga má þó vera í svefnklefum að matargeymslum, ef hægt er að loka þeim loftþétt. Aðgangur að matargeymslu skal þá einnig vera beint frá þilfari, ef það er mögulegt. Ef svefnklefi er með hurð að gangi, þar sem einnig er hurð að vélarrúmi, skal vélarrúmshurðin vera sjálflokandi. Læsingar skulu vera á báðum hurðum.

2.04.3. Stálþilför og stálþil í vistarverum, sem mynda þak eða hliðar í olíugeymum, skulu vera loftþétt og auk þess klædd með nægjanlega þykku eldföstu efni. Í vistarverunum skulu ekki vera mannop eða önnur op að eldsneytisolíugeymum. Loftræsting skal vera sérlega góð í slíkum klefum.

2.05. Smíði vistarvera.

2.05.1. Útveggir í svefnklefum og borðsölum skulu vera nægjanlega einangraðir gegn hita, kulda og hávaða að mati Siglingamálastofnunar ríkisins. Vélarúmsreisnir og eldhússþil, sem liggja að vistarverum, skulu einangruð nægjanlega, einnig gufu og heitavatnsleiðslur í vistarverum.
Aðaleimpípur og glateimspípur skulu ekki leiddar í gegn um vistarverur áhafnar né heldur gegn um ganga er liggja að vistarverum, ef það er tæknilega mögulegt. Séu slíkar pípur lagðar gegn um vistarverur eða ganga, skulu þær tryggilega einangraðar og varðar. Innveggir skulu vera úr viðurkenndu efni, sem hindrar útbreiðslu elds og ekki getur hýst meindýr. Allar hurðir að vistarverum skulu vera með læsingum. Hurðir í svefnklefum skulu vera búnar neyðar-spjaldi sem útgönguleið.

2.05.2. Stálþilfar, sem myndar þak yfir vistarverum og er óvarið fyrir vindi og sjó, skal einangrað undir stálþilfarið og bita. Flöt innri þakklæðningar skal vera auðvelt að þrífa. Notkun á plægðum borðum eða öðrum klæðningum, sem ætla má að geti hýst meindýr, er bönnuð. Á tréskipum skulu þverskipsþil og skipssúð klædd með viðurkenndu efni svo og lestar- og vélarrúmsþil í íbúðum. Tryggja skal nægjanlega loftræstingu milli banda, klæðningar og bita. Klæðning skal sett upp, þannig að auðvelt sé að fjarlægja hana til að komast að skipssúð, þilum og þilfari til skoðunar.

Afgasrör, sem nauðsynlega þarf að leiða gegnum svefnklefa, skulu höfð í loftþéttum stokkum úr járni eða þ. u. l..

2.05.3. Veggir og loft í vistarverum skulu vera ljóslit og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.
Ekki má nota í skipum lakk eða málningu, sem framleidd er úr nitrocellulose eða öðrum eldfimum efnum.

2.05.4. Gólf í öllum vistarverum skulu vera úr viðurkenndu efni. Yfirborð þeirra skal vera rakaþétt og auðvelt skal vera að halda því hreinu. Skil milli gólfs og skipssúðar skulu vera þannig, að ekki myndist þar rifur, sem óhreinindi geta safnast í.

2.05.5. Gólf í snyrtiklefum skulu vera úr viðurkenndu rakaþéttu efni, sem auðvelt er að þvo. Fullnægjandi frárennsli skal vera úr klefunum. Veggir skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni. Þeir skulu vera vatnsheldir.

2.05.6. Fiskiskip, sem ætlað er að stunda veiðar á heitum hafsvæðum, skulu búin netum fyrir hurðum, opnanlegum kýraugum, gluggum og loftrásum, til að hindra að flugur og önnur skordýr komist inn í vistarverur.

2.06.0. **Loftræsting.**

2.06.1. Vistarverur skulu búnar fullnægjandi loftræstingu. Loftendurnýjun skal vera fullnægjandi í öllum veðrum. Skip 200 rúml. og stærri skulu búin vélrænni loftræstingu fyrir vistarverur áhafnar. Skal kerfið vera það afkastamikið, að minnst 30 m^3 af fersku lofti á mann á klukkustund verði blásið inn í hvern svefnklefa, og að loftskipti verði minnst 6 sinnum á klukkustund í borðsölum og setustofum.

2.06.2. Á skipum, sem ekki hafa vélræna loftræstingu, og þar sem klefar liggja að gangi undir þilfari, skulu lögð tvö loftrör að ganginum, annað fyrir aðstreymi og hitt fyrir frástreymi. Frá aðstreymis-loftrörinu skal leiða stokk með greinröri inn í hvern klefa. Loftop með rennilokum skulu vera á hurð eða vegg klefanna fyrir frástreymisloft. Vistarverur sem eru ofan þilfars skulu búnar stillanlegum loftræstiopum.

2.06.3. Loftræstiop skulu staðsett, þannig að ekki myndist óþægilegur súgur fyrir þá, sem í klefunum eru. Opin mega ekki vera rétt við eða beint yfir hvílu. Loftræstiop skulu vera stillanleg.

2.06.4. Innblástur af fersku og/eða upphituðu lofti til salerna er aðeins leyfður, ef á salerninu eru dyr út á opið þilfar eða frá salerninu er vélknúið útsog eða dyr eru til aðliggjandi þvottaklefa eða inn í forstofu eða gang, þar sem er vélknúið útsog (undirþrýstingur). Frástreymisrör frá snyrtiklefum, þar sem ekki er vélrænt útsog, skulu leidd út í ferskt loft.

2.07. **Upphitun svefnklefa.**

2.07.1. Í öllum skipum skulu vera tæki til upphitunar svefnklefa. Hitunartæki skulu ávallt vera virk meðan áhöfnin býr eða vinnur um borð, svo framarlega sem það er mögulegt og aðstæður krefjast þess.

2.07.2. Á skipum 500 rúml. og stærri skulu klefar hitaðir upp með gufu, heitu vatni, heitu lofti eða rafmagni. Minni skip skulu upphituð á sama hátt ef mögulegt er. Ef olíukynt eldavél er notuð til upphitunar, skal hún vera nægjanlega stór, tryggilega uppsett og varúðarráðstafanir gerðar gegn eldhættu og loftmengun.
Slíka eldavél skal ekki staðsetja nálægt útgönguleiðum. Hana má nota sem varaupphitun í skipum yfir 500 rúml.. Súgspjald má ekki vera í reykpípu.
Ekki má nota steinolíuofna. Upphitunartækin skulu geta haldið 18° hita í klefum við öll veðurskilyrði.
Ofnar eða annar upphitunarbúnaður skal þannig byrgður og staðsettur, að ekki stafi eldhætta af, né önnur hætta eða óþægindi.

2.08. **Lýsing.**
2.08.1. Lýsing í vistarverum áhafnar skal vera nægjanleg.
2.08.2. Ef ekki eru til tveir rafmagnsljósgjafar óháðir hvor öðrum til lýsingar, skal vera varaljósbúnaður, hentugir lampar eða ljósker.
2.08.3. Í borðsölum og dagstofum skulu jafnan vera gluggar þar sem aðstæður leyfa.
2.08.4. Kröfur til nauðsynlegrar lýsingar eru álitnar fullnægjandi, þegar eftirtalin atriði eru uppfyllt:
2.08.4.1. Meðallýsing í hverjum svefnklefa, borðsal og dagstofu skal vera að minnsta kosti 150 lux.
2.08.4.2. Á skrifborðum í svefnklefum, borðsal og dagstofu skal lýsingin vera minnst 300 lux.
2.08.4.3. Baðklefar og salerni skulu vera búin lýsingu sem að minnsta kosti nær 100 lux og við snyrtispegilinn minnst 200 lux.
2.08.4.4. Lýsing í stigagöngum og forstofum skal vera minnst 100 lux.
2.08.5. Við hverja hvílu skal vera leslampi.
2.08.6. Við útreikning á meðaltals lýsingu í klefa, skulu öll rafmagnsljós, sem venjulega eru í notkun, talin með. Þegar mæling á lýsingu er gerð, skal vel dregið fyrir alla glugga, hurðir lokaðar o. s. frv.. Þar skulu að minnsta kosti gerðar fimm mælingar (ein mæling í miðjum klefa og ein í hverju horni.) Mælingarnar skal gera í láréttum fleti 1.0 m yfir gólf.
2.08.6.1. Á skipum, sem eingöngu eru búin rafölum, sem knúðir eru af aðalvél skipsins, skal í dagstofum, svefnklefum, borðsölum, göngum og stigagöngum vera nægjanlegur fjöldi ljósastæða, sem fær straum frá rafgeymum.
2.08.7. Æskilegt er að stöðugt blátt ljós sé í svefnklefum að næturlagi, þar sem fleiri en einn búa.

3. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI VARÐANDI VISTARVERUR.

3.09. **Sérstakir svefnklefar.**
Á skipum 200 rúml. og stærri skulu yfirmenn vera í eins manns klefum, þó mega tveir yfirmenn vera í sama klefa, þegar nauðsynlegt er vegna plássleysis.

3.10. **Fjöldi manna í klefum.**
3.10.1. Í skipum 200 rúml. og stærri skulu ekki vera fleiri en 4 menn í sama klefa, og á skipum undir 200 rúml. mega ekki vera fleiri en 6 menn í klefa.
3.10.2. Yfir dyrum að hverjum svefnklefa skal merkja greinilega fyrir hve marga klefinn er ætlaður. Merkingin verður að vera varanleg.
3.10.3. Áhöfninni skal svo sem frekast er unnt skipað þannig í klefa, að vaktir séu sem allra mest aðskildar og að enginn dagmaður sé í klefa með þeim sem ganga vaktir.

3.11. **Stærð svefnklefa.**
3.11.1. Í svefnklefum skal flatarmál gólfs fyrir hvern mann vera sem hér segir:

skip 25 rúml. en minni en 50 rúml.	0.50m²
— 50 — — — — 100 —	0.75m²
— 100 — — — — 250 —	0.90m²
— 250 — — — — 500 —	1.00m²
skip 500 rúml. og stærri	1.30m²

Við mælingu á gólfflatarmáli skal ekki taka með gólfflöt undir hvílum og skápum og óreglulega lagaða gólffleti, sem ekki auka á möguleika til að hreyfa sig. Gólfflötur undir sætum og borðum skal þó reiknast með við mælinguna. Í einsmanns svefnklefum skal lágmarks gólfflöturinn aukinn um 50% frá því, sem að framan greinir.

3.11.2. Fjarlægð frá rúmstokki að vegg á móti skal minnst vera 0.6 m mælt frá miðri hvílu.

3.11.3. Hæð til lofts í svefnklefum skal mæld frá gólffleti að neðri brún loftbita og skal ekki vera minni en 1.85 m í skipum undir 500 rúml. og 1.90 m í skipum 500 rúml. og stærri.

3.12.0. **Hvílur.**

3.12.1. Sérhver skipverji skal hafa eigin hvílu. Aðkoma skal vera frá hlið. Á skipum 50 rúml. og stærri skal innanmál hvílanna minnst vera 1.95 m x 0.68 m. Á skipum 25—50 rúml. skal innanmál hvílanna minnst vera 1.95 m x 0.55 m. Lengdin skal mæld samhliða rúmstokk og breiddin á miðri lengd hornrétt á rúmstokk. Bæði málin skulu fundin í 15 cm hæð frá hvílubotni. Í einsmannsklefum má hvíla og bekkur vera sambyggð, ef undir hvílunni er skúffa fyrir sængurföt.

3.12.2. Hvílur mega ekki vera nær gólfi en 30 cm og ekki mega vera nema tvær hvílur í hæð.
Efri hvílan skal staðsett um það bil mitt á milli hvílubotns í neðri hvílu og neðri brún þilfarsbita.

3.12.3. Hvílubotn skal vera með góðri áklæddri viðurkenndri dýnu. Ef notaðir eru rammar úr rörum, skulu þeir vera algjörlega lokaðir og án opa sem skordýr geta leynst í. Hvílubrík skal vera úr harðviði, eða öðru viðurkenndu efni.

3.13. **Innréttingar og annar útbúnaður.**

3.13.1. Í skipum 75 rúml. og stærri skal vera einn læsanlegur skápur fyrir hvern íbúa hvers klefa. Innanmál skápsins skal minnst vera 1.50 m x 0.55 m x 0.30 m. Í skipum undir 75 rúml. skal vera fataskápur á hverja 5 menn og skal hann vera eins stór og hægt er og vel staðsettur. Þar skal koma fyrir á hagkvæman hátt læsanlegum skúffum eða smáskápum fyrir hvern mann með eftirfarandi málum:
Í skipum 75 rúml. og stærri: 0.056 m^3.
Í skipum minni en 75 rúml.: 0.035 m^3.

3.13.2. Í hverjum svefnklefa skal vera borð, sem má vera fast, útdregin plata eða plata sem hægt er að leggja niður. Sæti skulu vera fyrir alla, sem klefinn er ætlaður fyrir.

3.13.3. Í skipum, þar sem ekki er borðsalur, skal í svefnklefa vera eitt eða fleiri borð, nægjanlega stór til að allir geti matast samtímis.
Borðplatan skal vera slétt, svo auðvelt sé að halda henni hreinni.

3.13.4. Á öllum skipum skal í svefnklefum vera spegill og hæfilegur fjöldi króka fyrir föt.

3.13.5. Í skipum 100 rúml. og stærri skal auk svefnklefanna vera læsanlegt rými til geymslu á vinnufötum, sjóklæðum og stígvélum. Rýmið skal útbúið hæfilegum fjölda snaga.
Í skipum undir 100 rúml. skal, svo framarlega sem aðstæður leyfa, vera sérrými til þessara nota.

3.13.6. Í skipum, þar sem ekki eru sérstakir snyrtiklefar, skal vera handlaug úr ryðfríu efni í hverjum svefnklefa og skal handlaugin búin hæfilegum vatnslási á frárennslislögn til safnþróar.

3.13.7. Húsgögn skulu vera úr sléttu hörðu efni sem ekki er viðkvæmt fyrir raka og tærist ekki.

3.13.8. Í svefnklefum skulu vera gluggatjöld fyrir gluggum.

3.13.9. Í hverjum svefnklefa skal vera að minnsta kosti ein bókahilla.

3.14. **Borðsalir.**

3.14.1. Í skipum, sem eru 100 rúml. eða stærri skal vera borðsalur. Minnst helm-

ingur skipshafnar skal geta borðað í einu á skipum, sem eru 100—400 rúml.. Á skipum sem eru 400 rúml. og stærri skal öll áhöfnin geta setið til borðs í einu.

3.14.2. Varðandi eldhús og borðsal í sama rými vísast til 4.17.1.

3.14.3. Í borðsölum skal vera eitt eða fleiri borð hæfilega stórt. Borðplatan skal vera úr hörðu efni með límdum samskeytum eða öðru hagkvæmu efni, sem myndar sléttan flöt.

3.14.4. Í borðsölum skal vera skápur fyrir mataráhöld. Uppþvottur skal fara fram í eldhúsinu.

3.14.5. Á skipum sem hafa sérstakan mann til að annast matseld og skipum með sérstakan borðsal, skal útgerðarmaðurinn sjá fyrir borðbúnaði. Diskar, bollar og annað slíkt skal vera úr viðurkenndu efni, sem auðvelt er að halda hreinu.

3.14.6. Þegar aðstæður leyfa skal borðsalur vera þannig búinn, að hann henti sem setustofa.

4. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM ÖNNUR RÝMI O. FL.,

4.15. **Snyrtiklefar.**

4.15.1. Í snyrtiklefum skal vera rennandi heitt og kalt vatn. Skal þar vera að minnsta kosti ein handlaug fyrir hverja 6 menn, sem nota snyrtiklefann. Handlaugar skulu vera úr ryðfríu efni með sléttum innra fleti og hæfilegu frárennsli með vatnslási.

4.15.2. Í snyrtiklefanum, eða í sérstökum nálægum klefa skal vera eitt steypibað með heitu og köldu vatni á hverja 8 menn. Ef steypibaðið er staðsett í snyrtiklefanum, verður frárennslinu frá steypibaðinu að vera komið þannig fyrir, að ekki renni vatn út á gólf. Snyrtiklefinn verður að vera þannig gerður, að nota megi sem snyrtiklefa, þótt steypibaðið sé í notkun samtímis.

Fyrir yfirmenn eða aðra af áhöfninni, sem búa í svefnklefa með handlaug með rennandi vatni, er sérstakur steypibaðklefi nægjanlegur.

4.15.3. Skip 400 rúml. og stærri skulu búin snyrtiklefa fyrir yfirmenn og öðrum fyrir undirmenn.

4.15.4. Skip 150 rúml. að 400 rúml. skulu búin snyrtiklefa með steypibaði og handlaugum, sem öll skipshöfnin hefur aðgang að.

4.15.5. Í skipum 50 rúml. en undir 150 rúml. skal vera steypibað ef rými leyfir. Þar sem aðstaða er fyrir hendi, skal vera snyrtiklefi hjá steypibaðinu.

4.16. **Þvotta- og þurrkklefi fyrir föt.**

4.16.1. Aðstaða til að þvo og þurrka föt skal vera hæfileg, miðað við stærð áhafnar og venjulegt úthald.

4.16.2. Ef ekki er komið fyrir sérstökum klefa til fataþvotta í skipinu 500 rúml. og stærri, skal vera sérstakur vaskur til fataþvotta í þvottaherbergi áhafnarinnar. Aðgangur að heitu og köldu vatni skal vera þar.

4.16.3. Í skipum 250 rúml. og stærri skal vera aðstaða til að þurrka föt á hæfilegum stað, aðskildum frá svefnklefum og matsal. Þar skal vera góð loftræsting, upphitun og útbúnaður til að hengja föt á. Föt mega ekki hanga nálægt heitum flötum, sem geta valdið íkveikju.

4.17. **Eldhús:**

4.17.1. Í skipum 50 rúml. og stærri skal eldavélin vera í sérstöku herbergi. Þegar um skip undir 250 rúml. er að ræða, getur siglingamálastjóri veitt leyfi til að matsalur og eldhús séu í sama herbergi, (sjá 3.14.2.). Eldhúsið skal vera hæfilega útbúið, nægjanlega stórt, vel upplýst og loftræst.

4.17.2. Í eldhúsi skal vera rennandi vatn.

4.17.3. Til geymslu á matvælum skal vera vel loftræst rými, hæfilega stórt miðað við stærð skipsins og notkun þess.

Matvælageymslur skulu vera búnar nauðsynlegum hillum og skápum, svo hagkvæmar séu í notkun. Frysti- og/eða kælirúm (eða kæliskápur) til geymslu matvæla og annarra neysluvara skal vera í skipum, þar sem því verður við komið og ástæða þykir til að dómi siglingamálastjóra.

4.17.4. Siglingamálastjóri getur sett nánari reglur um innréttingu og annan útbúnað í eldhúsi.

4.18. **Salerni.**

4.18.1 Eigi skulu vera færri salerni en eitt fyrir hverja 8 menn. Í skipum 500 rúml. og stærri skal þar að auki vera sér salerni fyrir yfirmenn.

4.18.2. Salernisskál og seta skal vera úr viðurkenndu efni. Skolkerfið skal vera fullvirkt við öll hitaskilyrði. Tryggja skal að skolvatn í geymum og leiðslum frjósi ekki við þær aðstæður, sem eru eðlilegar á farsviði skipsins. Gengið skal vel frá frárennsli og gæta skal að hafa frárennslisrörið hæfilega stórt. Ekki má leggja það gegnum vatnsgeyma og ekki upp undir loft matsalar eða svefnklefa.

4.18.3. Á salernum skal alltaf vera nægur salernispappír.

4.18.4. Salerni skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá svefn- og snyrtiklefum, en þó aðskilin frá þeim. Ekki skal vera gengið beint úr svefnklefum á sameiginleg salerni.

4.18.5. Þegar salerni eru fleiri en eitt í sama rými, skal þilja þau af þannig að þau séu aðgreind.

4.19. **Sjúkraklefi.**

4.19.1. Í skipum 500 rúml. og stærri skal vera sérstakur sjúkraklefi, innréttaður og útbúinn eins og greint er frá í 4.19.2. til 4.19.8.

4.19.2. Í sjúkraklefa skal gólfflötur eigi vera minni en í svefnklefum samkvæmt þessum reglum.

4.19.3. Auk venjulegrar raflýsingar skal í sjúkraklefa vera tengill fyrir færanlegan lampa.

4.19.4. Þegar skipverjar eru 20 eða færri, skal að minnsta kosti vera eitt rúm í klefanum, en tvö rúm, þegar skipverjar eru 21 eða fleiri.

4.19.5. Við hvert rúm skal vera búnaður til að hringja á hjálp.

4.19.6. Í beinu sambandi við sjúkraklefann, eða mjög nálægt, er æskilegt að sé salerni. Ef um borð er sjúklingur, sem álitið er að sé haldinn smitandi sjúkdómi, mega aðrir ekki nota sama salerni.
Sjúkraklefann má nota í öðrum tilgangi um takmarkaðan tíma.

4.19.7. Í sjúkraklefa skal vera fataskápur. Um fjölda, stærð og gerð gilda ákvæðin í 3.13.1. um fataskápa skipshafnarinnar. Í sjúkraklefanum eða salerni, sem tilheyrir sjúkraklefanum, skal vera að minnsta kosti ein handlaug með sápuhaldara fyrir hvert rúm sjúkraklefans. Skápur til geymslu á hægðaskál og þvottaskál skal vera í sjúkraklefanum.

4.19.8. Yfir dyrum sjúkraklefans skal standa skýrum stöfum „SJÚKRAKLEFI“ höggvið inn eða á annan hátt varanlega letrað (ekki máluðir stafir eingöngu).

4.19.9. Skip milli 100 og 500 rúml. skulu, ef rými leyfir, vera búin klefa, þar sem hægt er að koma fyrir sjúklingi í neyð. Þennan klefa má nota til annarra hluta, þegar enginn er veikur.

5. HREINLÆTI.

5.20. **Hreingerning og viðhald.**

5.20.1. Vistarverum og húsbúnaði skal haldið vel hreinum.

5.20.2. Aðalhreingerning á öllum vistarverum áhafnar, göngum og stigum, skal gerð eftir að skip hefur legið ónotað og eftir viðgerðir. Þar að auki skal hreingert og sótthreinsað vandlega þegar sérstakar ástæður eru til þess, eins og til dæmis eftir smitandi sjúkdóm.

Vi aðalhreingerningu skal loft, veggir, gólf og öll húsgögn, sem það þola, þvegið með heitu vatni og sápu eða öðru hreinsiefni. Rúmfatnaður og dýnur skulu viðraðar úti.

5.20.3. Á innfluttum skipum, sem ekki eru nýsmíði, skal framkvæmd aðalhreingerning og sótthreinsun á öllum vistarverum áður en notkun hefst.

5.20.4. Ef í ljós kemur að meindýr eru í vistarverum, skal það tilkynnt yfirmönnum tafarlaust. Slíkum meindýrum skal eyða eins fljótt og hægt er. Þar til þetta hefur verið framkvæmt, getur Siglingamálastofnunin bannað notkun vistarveranna.

Eyðingin skal framkvæmd þannig, að hvorki lífi né heilsu fólks sé hætta búin. Ef gas er notað til eyðingarinnar, skal fylgja nákvæmlega þeim reglum sem gilda á þeim stað, sem skipið er statt þegar eyðing fer fram.

5.20.5. Málun og hreinsun vistarvera skal framkvæmd eins oft og þykir nauðsynlegt og þegar Siglingamálastofnun krefst þess.

5.20.6. Allt hreinlæti um borð skal vera undir eftirliti og á ábyrgð skipstjóra skipsins.

6. UNDANÞÁGUR, REFSINGAR O. FL.,

6.21. **Undanþágur.**
Siglingamálastofnunin getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar aðstæður um borð í einstökum skipum réttlæta það.

6.22. **Refsingar.**
Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 30 000.00.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, sem gildir okt.—des. 1978, 240 stig, breytist.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 000.00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseigandа skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi, sem Hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

Nr. 78. 26. janúar 1979.

AUGLÝSING

um hækkun gjaldskrár Dýralæknafélags Íslands.

Frá og með 1. febrúar, 1979, hækkar gjaldskrá Dýralæknafélags Íslands um 6,12% vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu 1. desember, 1978.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. janúar 1979.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489 21. október 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1. 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 60 1. febrúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs á raforku Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 6% hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða nr. 340 22. september 1978 frá og með 15. febrúar 1979.

Hitataxtar hækki til samræmis við hækkun olíuverðs.

Heimtaugagjöld hækki um 25%.

Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

Nr. 81. 12. febrúar 1979.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gildir frá 15. febrúar 1979.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 29.89 kr./kW h.

2.2 127.019 kr/kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 22.89 kr/kW h. Lágmarksgjald er 1 145.00 kr. á ársfjórðungi.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1. 29.89 kr/kW h.

4.2. 6.38 kr/kW h og 20.243.00 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

4.3. 44.83 kr/kW h til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

5. gr.
Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 8.87 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 11.79 kr/kW h til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 117 900.00 kr/a.

5.2 5.13 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 6.83 kr/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3. 2.67 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 3.55 kr/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl 09—21.

6. gr.
Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 760.00
Orkumælir, þrífasa	— 3 060.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 5 160.00
Aflmælir	— 4 970.00
Aflmælir með straumspennum	— 7 840.00
Tvígjaldsorkumælir	— 4 970.00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	— 7 840.00
Móttökuliði, einpóla	— 3 440.00
Móttökuliði, þrípóla	— 4 970.00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 3.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins,, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.
Heimtaugar.

7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

7.3 Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A), málraun (kVA)		Stofngjald kr.	Lengdargjald [1] kr/m
63A	1-fasa	154 800	Innifalið
63A	3-fasa	167 100	—
100A	—	198 700	—
200A	—	320 200	—
315A	—	667 200	—
300kVA	—	932 500	Skv. kostnaði
500kVA	—	1 556 500	—
800kVA	—	2 489 000	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

7.4 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald [1][2] Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63A	1-fasa	27 500	4 100	51 700
63A	3-fasa	38 600	4 100	60 200
100A	—	41 000	5 300	68 900

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérspennistöð er að ræða.

7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka loftlínuheimtaug.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé í mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 1 800 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 3 500 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 3 500 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. gr. er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 13%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 272, 9. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu og útilýsing. Af uppsettu afli 127 019 kr/kW a, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 29.89 kr/kW h. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun o. fl.

1. 22.89kr/kW h til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar o. fl.

1. 29.89 kr/kW h.
2. 6.39 kr/kW h og 20 241.00 kr/kW a eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 44.84 kr/kW h til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 22.89 kr/kW h til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 9.62 kr/kW h, til húshitunar.
2. 14.16 kr/kW h, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 4.56 kr/kW h, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 7.57 kr/kW h, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 2.38 kr/kW h, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 3.94 kr/kW h, til iðnaðar Rjúfa má strauminn frá kl. 08:00—24:00.
7. 8.21 kr/kW h, til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 10.91 kr/kW h, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforksölu til hitnar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.

e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullokmnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. STÓRNOTKUN.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 419 kr/kW h og 37 574 kr/kW a, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. ÖNNUR NOTKUN.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1. Af einfasa mælum	kr.	222.00	á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 80A	—	611.00	— —
3. Af þrífasa mælum yfir 80A	—	900.00	— —
4. Af mestumælum	—	2 258.00	— —
5. Móttökuliði	—	490.00	— —

6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Aðalheimtaug.

2.1 Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Jarðstrengur Lengdargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3x6 A3 kr.
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	143 100	0	45 600	
63 A 3-fasa	160 700	0	56 800	29 000
100 A 3-fasa	112 300	5 390	71 800	
125 A 3-fasa	137 600	6 030	87 900	
200 A 3-fasa	214 600	8 177	137 200	
300 A 3-fasa	309 900	9 947		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	143 100		45 600	
63 A 3-fasa	192 200	0	76 900	58 000
100 A 3-fasa	190 100	5 390	121 500	
125 A 3-fasa	237 900	6 030	152 100	
200 A 3-fasa	372 000	8 177	237 900	
300 A 3-fasa	537 300	9 947		

2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3 Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 2 713 kr. á hvert KVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

BRÁÐABIRGÐAHEIMTAUGAR.

2.11 Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	27 000	4 020	50 900
63 A 3-fasa	37 900	4 020	59 300
100 A 3-fasa	40 200	5 186	67 800

2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 4 000 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 3 500. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 3 500 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku frá og með 1. janúar 1979 er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá áðurgreindum tíma, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu.

3.7 Sölugjald 20% og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 33%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D 1, D 3, D 5 og D 7.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 440, 29. des. 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

GJALDSKRÁ

fyrir smásölu, heildsölu og heimtaugargjöld.

I. SMÁSALA

A. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	115.89 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	62.47 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1+F3
	Orkugjald	—	30.14 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 2—4 kW	—	39 643.00 á kW á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	21 471.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.10 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	30.14 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1+F2
	Lágmarksgjald	—	5×F1 á ári
	Orkugjald	—	62.47 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	116 504.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	31 422.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	11.59 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október:		
	Aflgjald	—	11 710.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	5.07 á kWst.

4. Húshitun, íbúðarhúsnæði.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	18.78 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	8.03 á kWst.
	Roftími allt að 2×1,5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	kr.	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	69 165.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	13 833.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.42 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	30.14 á kWst.
	Roftími allt að 2×1,5 klst. á dag.		

4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	4.26 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	½×F1 á ári
	Orkugjald	—	14.50 á kWst.
5.2.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	30.72 á kWst.

6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

6.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	22.53 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
6.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	9.63 á kWst.
	Roftími allt að 2×1,5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
6.3.	Fast gjald	kr.	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	83 360.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	16 672.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	4.10 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	30.14 á kWst.
	Roftími allt að 2×1,5 klst. á dag.		
6.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	5.11 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

7. Lokun fyrir veitu.

	Gjöld fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals	kr.	5 500.00
	fyrir hvert skipti.		

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1		kr.	10 875.00 á ári
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	404.00 á m_2 á ári
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	202.00 á m_2 á ári
F3		—	4 283.00 á gjaldein. á ári

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm og 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4 Hvert uppsett kW ..... kr. 2 085.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 57.55 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1, og 6.1, 1.7 aura, á lið 4.2 og 6.2, 1.5 aura á lið, 4.3 og 6.3, 0.9 aura á lið 4.4, og 6.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3 lækka eða hækka um 1.0 eyrir hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

II. HEILDSALA

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá eru miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV að færsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Afl	kr. 14 171.00 á árskW.	
+ Orkugjald:		
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	—	448,9 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	—	259,6 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	—	129,8 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími í klst. er raforkunotkun eins almannaksárs í kWst. deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Fastviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðafasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. grein umræddS mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur eru innifalin í verðinu.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimatauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 HEIMTAUG.

Varstærð	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd[1]) Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63A 1-fasa	188 000	3 790	64 000
63A 3-fasa	204 000	3 790	73 000
100A 3-fasa	241 000	4 380	
200A 3-fasa	392 000	5 630	
315A 3-fasa	772 000	6 820	
300 kVA spst.	1 237 000	samkv. kostn.	
500 kVA spst.	1 980 000	—	
800 kVA spst.	3 144 000	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	31 000		

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnu 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði,

---

[1]) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2. l. segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 243 700 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 20 931 000.00 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 20 931 000.00 enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 243 700 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald kr. 243 700.00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 258 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 512 000.00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og ann-

arra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febr. 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar gjaldskrár sama efnis nr. 277, 10. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

Nr. 84. 13. febrúar 1979.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám eftirtalinna rafveitna frá og með 15. febrúar 1979.

Reyðarfjörður	gjaldskrá nr. 312 frá 24.ág.	'78	hækkun um 16.0%
Voga- og Vatnsleysustr.hr.	gjaldskrá nr. 280 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Njarðvík	gjaldskrá nr. 279 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Keflavík, Gerðahr.	gjaldskrá nr. 278 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Miðneshreppur	gjaldskrá nr. 274 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%
Selfoss Hveragerði			
Eyrarbakki, Stokkseyri	gjaldskrá nr. 283 frá 10. ág.	'78	hækkun um 15.8%
Akranes	gjaldskrá nr. 160 frá 29. mars	'77*	hækkun um 17.2%
Borgarnes	gjaldskrá nr. 13 frá 11. jan.	'78*	hækkun um 16.0%
Sauðárkrókur	gjaldskrá nr. 281 frá 11. ág.	'78	hækkun um 16.0%
Siglufjörður	gjaldskrá nr. 309 frá 28. ág.	'78	hækkun um 17.2%
Akureyri	gjaldskrá nr. 282 frá 11. ág.	'78	hækkun um 15.8%
Húsavík	gjaldskrá nr. 339 frá 22. sept.	'78	hækkun um 16.0%
Grindavík	gjaldskrá nr. 276 frá 10. ág.	'78	hækkun um 16.6%

* með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 13. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Blönduóshreppi nr. 169 14. maí 1973.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Þar sem sveitarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem á lóð þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út að aðalræsi og halda við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem sveitarstjórn tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Greiða skal kr. 10.000 í tengigjald.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu eða veg eða opið svæði, þar sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til sveitarsjóðs 0,10% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 5.000 af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt þessari og 2. gr. eru miðuð við byggingarvísitöluna 240 stig frá 1. október 1978 og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. október ár hvert.

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100.000, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Blönduósi nr. 197 7. júlí 1972.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 40 á

hvern rúmmetra húss og er það miðað við byggingarvísitölu 217 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% (0.15 af hundraði) fasteignamats. Þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 750 árlega.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir auk vatnsskatts:

a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar kr. 65 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneytissölur, skal greiða kr. 30.000 á ári fyrir vatnsnotin.
c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 13, á kálf yngri en 6 mánaða kr. 65 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 100.
d. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 165 á hverja smálest af innvegnum fiski.
e. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 165 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
f. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
g. Fyrir hverja smálest selda samkvæmt mæli kr. 20.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, sem er 240 stig 1. október 1978.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 87. 8. janúar 1979.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á húsagötu Háaleitisbrautar frá húsinu nr. 14—18 í suðaustur að húsinu nr. 32—36 þar sem akbrautin mjókkar vegna gangbrautar. Að öðru leyti verður tvístefnuakstur á húsagötunni.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. janúar n. k. og fellur þá jafnframt úr gildi 1. töluliður auglýsingar um umferð í Reykjavík frá 2. janúar 1978.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

8. janúar 1979. Nr. 88.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

a. Á **Lækjarkinn** er einstefna frá suðri til norðurs.

b. Umferð um **Lækjargötu** nýtur forgangs fyrir umferð um Lækjarkinn (biðskylda.)

c. Umferð um **Arnarhraun** nýtur forgangs fyrir umferð vestur Tjarnarbraut (biðskylda.)

d. Umferð um **Hraunbrún** nýtur forgangs fyrir umferð um Hraunvang (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. janúar 1979.

Einar Ingimundarson.

19. janúar 1979. Nr. 89.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Selfossi.

1. gr.

Félagsmálaráð Selfoss fer með stjórn heimilishjálpar á Selfossi í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt er félagsmálaráð eða félagsmálastjóri metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlega margt starfslið til heimilishjálpar. Félagsmálastjóra ber að ganga örugglega úr skugga um að starfslið það sem heimilishjálp stundar á vegum stofnunarinnar sé hæft til

starfsins, hafi t. d. lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og sé ekki haldið smitandi sjúkdómum. Skal það leggja fram læknisvottorð. Um launakjör og hlunnindi starfsliðs heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Bæjarsjóður Selfoss ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín.

5. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða eftir gjaldskrá er bæjarráð setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og félagsmálastjóra og ráðherra staðfestir. Félagsmálaráð getur veitt eftirgjöf á greiðslum fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum félagsmálastjóra.

Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað er það telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Félagsmálastofnun veitir heimilishjálpinni nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda svo og skrifstofustörf.

8. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs Selfoss.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1979

15. febrúar 1979. 137 Nr. 90.

GJALDSKRÁ OG REGLUR
fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 20. febrúar 1979.

I. KAFLI
Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 46 000

1.2. Símnotandi greiðir símtalfæri, húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 7 700 að viðbættum kr. 17.00 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 2 500 á ársfjórðungi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 23 000
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2 Milli stöðvargjaldssvæða ..... — 31 000

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 11 700 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 14 600 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í húsnæði og taki samtímis við síma skv. I. kafla 1.1. og aukabúnaði af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 26 000.

Viðtökugjald lækkar í kr. 4 500 af heimilissíma skv. I. kafla 1.1, og aukabúnaði þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 9 000.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður póst- og símamálastjórnin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innfalinn í afnotagjaldi, en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 36 000

1.2. Símnotandi greiðir símtalfæri, húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	3 400	2 720	2 040
4 —	4 500	3 600	2 700
6 —	5 100	4 080	3 060
8 —	5 600	4 480	3 360
10 —	6 200	4 960	3 720
12 —	6 300	5 040	3 780
14 —	6 500	5 200	3 900
16 —	6 600	5 280	3 960
24 —	7 700	4 160	4 620

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sér-gjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað	kr. 18 000
3.2.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 25 000
3.3.	Til viðbótar 3.1 og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi	

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1. niður í allt að kr. 9 000.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í húsnæði og taki samtímis við síma skv. II. kafla 1.1. og aukabúnaði af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 20 000.

Viðtökugjald lækkar í kr. 4 500 af heimilissíma skv. II. kafla 1.1 og aukabúnaði, þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 9 000.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalin í afnotagjaldi en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 24 000. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður póst- og símamálastjórnin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr. 1 700
4 —	.....	— 2 000
6 —	.....	— 2 600
8 —	.....	— 3 000
10 —	.....	— 3 300
12 —	.....	— 3 400
14 —	.....	— 3 500
16 —	.....	— 3 600
24 —	.....	— 3 800

2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalinn í afnotagjaldi, en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastjórnin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.**

Gjald-flokkur		Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
0	.....	ót. tími	
1	.....	60 sek.	17.00
2	.....	12 —	85.00
3	.....	10 —	102.00
4	.....	8 —	127.50
5	(5 gjaldfl. breytist í 4 gjaldfl. 1. mars 1979)	6 —	170.00

1.2. **Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.**

Gjald-flokkur		Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
1	.....	120 sek.	8.50
2	.....	24 —	42.50
3	.....	20 —	51.00
4	.....	15 —	68.00
5	(5 gjaldfl. breytist í 4 gjaldfl. 1. mars 1979)	12 —	85.00

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1.	Um 0— 10 km línulengd	kr. 114	kr. 38
	— 10— 25 — —	— 186	— 62
	— 25—100 — —	— 255	— 85
	—100—225 — —	— 306	— 102
	— Yfir 225 — —	— 381	— 127

Ofannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning: kr. 140. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
2.5. Afgreiðslugjald: kr. 350 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
2.6. Boðsending: kr 230 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og 230 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 186 fyrir fyrstu 3 mín. og kr 62 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 384, ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 540 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 128 eða kr. 180 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjuleg símskeyti: Grunngjald kr. 350 og kr. 19 fyrir hvert orð. Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 190 fyrir hvert skeyti.
1.4. Símapóstávísanir: Gjald kr. 730 án tillits til orðafjölda.
1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjuleg símskeyti, auk kr. 190 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.6. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 350. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 215 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til

viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.9. Samanburður til tryggingar gegn missimum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 350.
b. Línugjald kr. 19 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 26 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 190 að viðbættu hálfu strandargjaldi kr. 130.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald, afnotagjald og flutningsgjald.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

2. Gjald fyrir telexritanir.

2.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 17.00 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 42.50 á mínútu.

2.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Pósti og síma hverju sinni.

VII. KAFLI
Sambönd og línur.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

VIII. KAFLI
Sérbúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetnnigu símnefna greiðast kr. 4 100 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 800 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi póst- og símamálastjórnarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 1 100. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 2 100 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur póst- og símamálastjórnin ein umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það gegn 2 000 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 1 900
3.2. Aukanafn í skrá	— 2 100
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	— 1 100
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 1 900 + 2 100	— 4 000

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 2 100 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 1 100. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 1 900. Auglýsingalína kostar kr. 1 100.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XI. KAFLI
Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 5 000
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt yfir 100 wött	— 11 000
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 2 350
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 7 300
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 2 350
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 3 000
1.3.	Fyrir almenningsstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar 0,5 watt eða minni (innifelur starfrækslugjald á því ári, sem leyfið er gefið út)	— 4 400
1.3.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar 0,5 watt eða minni	— 1 800
1.3.3.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar stærri en 0,5 watt, leyfðar samkvæmt undanþágum (innifelur starfrækslugjald á því ári, sem leyfið er gefið út)	— 5 150
1.3.4.	Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar stærri en 0,5 watt	— 2 600

1.4. Önnur gjöld.

1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 4 700
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár)	— 2 350
1.4.3.	Leyfisbréfa vegna fjarstýringa á bílskurðshurðum	— 2 000
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 1 000
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 3 800
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 1 900
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 2 600
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 5 150

2. Viðskiptagjöld.

2.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.

2.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.

2.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva og í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1— 5 báta	kr. 1 100
Fyrir 6—15 báta	— 2 000
Fyrir 16—30 báta	— 2 800
Fyrir 31 bát og fleiri	— 3 650

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt sérgjaldskrá.

2.3.2. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póstur og sími veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða eftirfarandi daggjald enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum kr. 1 900.

2.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

2.4.1. Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

2.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.

2.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.

2.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

2.4.5. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

2.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:
að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

2.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a. fyrir minni báta en 100 tonn	kr.	6 200
b. fyrir báta 100 tonn og stærri	—	10 200

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

2.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

2.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva sem nota rásir á millibylgju kr. 3 650.

2.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 500.

3. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr.	2 000
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	—	2 900
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	—	4 000
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	—	5 300

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

4. Almenn ákvæði.

4.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

4.2. Póst- og símamálastjórnin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

4.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða

fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

4.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

4.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.

4.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

4.7. Póst- og símamálastjórnin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast póst- og símamálastjórnin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

4.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

4.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

4.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

4.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

4.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki póst- og símamálastjórnarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar póst- og símamálastjórnin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radíótæki.

4.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

4.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

4.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

5. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

5.1. Póstur og sími starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir póst- og símamálastjórnin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

5.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Pósts og síma, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

5.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

5.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Pósts og síma skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

5.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

5.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

5.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 2.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist.

Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsíma nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfellt í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símum eða símatækjum og samböndum hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Pósts og síma vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póstur- og sími sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 4 000 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 1 100, fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XIV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 20. febrúar 1979. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 20. febrúar eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur útgefnar 8. nóv. 1978.

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk g	Innanlands Burðargj. kr.	Norðurlönd Burðargj. kr.	Önnur lönd Burðargj. kr.
Hámark stærðar og þyngdar				
Bréf.	20	90	90	110
Hámarksstærð:	100	180	180	280
Lengd + breidd	250	360	360	490
+ þykkt 900 mm.	500	720	720	950
Mesta lengd 600 mm.	1000	1440	1540	1650
Í ströngum:	2000	2670	2670	2670
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105× 148 mm		80	80	80
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	80	80	80
(Prentkort sama stærð	100	130	130	130
og póstkort).	250	210	210	210
Hámarksþyngd 2 kg.	500	370	370	370
Bækur þó 5 kg.	1000	620	620	620
Burðargjald fyrir prent	2000	860	860	860
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	1290	1290	1290
er sama og fyrir	4000	1720	1720	1720
„Önnur lönd“	5000	2150	2150	2150
Smápakkar	100	130	130	130
Stærð sama og bréfa	250	210	210	210
Hámarksþyngd 1 kg.	500	370	370	370
	1000	620	620	620
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargj. 51000 kr.				
Stærð sama og bréfa				
a) Til umboðsm.	hver			
(minnst 50 eintök	500	46		
til hvers í einu).				
Hámarksþ. 20 kg.				
b) Til áskrifenda.				
Minnsta gjald:				
200 eint.				
Hámarksþyngd	100	17		
500 g hvert eintak.	200	40		
	300	60		
	400	90		
	500	120		

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landsamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu, nr. 337/1976, gr. 14. 4. 1. sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 84 15. febrúar 1978.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Gíróþjónusta (aðeins innanlands).	
Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	120
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands: Kr. 500 000 (Símapóstávísanir kr. 250 000).	
Burðargjald	210
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	290
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana (500 000 kr.)	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Burðargjald eins og fyrir póstávísun. (210 kr.)	
Póstkröfugjald	180
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	440
Almennir bögglar (innanlands):	
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m.	
Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald: (alm.)	
1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
270 kr 480 kr 720 kr 1240 kr 1720 kr 2070 kr	
Burðargjald: (rúmfr. + broth.)	
1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
400 kr 720 kr 1080 kr 1860 kr 2580 kr 3100 kr	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	210
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	210

Loftbréf: Söluverð kr. 130. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 210
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 180
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 440
Móttökukvittun	kr. 120

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 210 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 200
Skiptiverð í frímerkjum kr. 110

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 180

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 120

Tollmeðferð böggla: kr. 210

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 120

Geymslugjald böggla: 180 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 120

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 4 800 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 36 300 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. mars 1979. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 1. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 15. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

ARÐSKRÁ

Veiðifélags Hallár

samþykkt á fundi félagsins þ. 25. mars 1978.

Bergstaðir	7.3%
Bláland	11.0%
Hafursstaðir	8.5%
Kjalarland	24.4%
Sæunnarstaðir ½	4.9%
Sæunnarstaðir ½	4.9%
Vakursstaðir	7.3%
Vindhæli	29.3%
Þverá	2.4%
	100.0%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðueytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir

17. janúar 1979. Nr. 93.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag um ána Hallá í Vindhælishreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Hallár.
   Heimili þess og varnarþing er í Vindhælishreppi A-Hún.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að ánni Hallá, en þær eru: Hafursstaðir, Kjalarland og Vindhæli á Skagaströnd, Bláland, Vakursstaðir, Sæunnarstaðir, Bergsstaðir og Þverá og teljast þær síðasttöldu í Hallárdal, og eru allar í eyði.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem þar til boðaður fundur ákveður hverju sinni. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, er vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda á tímabilinu milli áramóta og páska ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76 1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 94. 1. febrúar 1979.

REGLUGERÐ

um framlög atvinnurekenda til lífeyristrygginga skv. 20. gr. sbr. 25. gr., og iðgjöld til slysatrygginga samkv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 59/1978.

I. KAFLI

Um gjald til lífeyristrygginga skv. 25. gr. laga um almannatryggingar.

1. gr.

Um gjaldskyldu til lífeyristryggingaiðgjalds skv. 25. gr. almannatryggingalaga.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni launþega, sem falla undir ákvæði 29. gr. almannatryggingalaga skulu standa skil á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga, skv. 20. gr. laganna.

Þeir aðilar, sem greinir í b.—f. liðum 1 mgr. 29. gr. og í 30. gr. eru ekki gjaldskyldir að því er varðar eigin störf eða nám.

2. gr.

Gjaldstofn lífeyristryggingaiðgjalda.

Gjaldstofn lífeyristryggingaiðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. reglugerðir og starfsreglur, sem settar eru með stoð í þeim lögum.

3. gr.
Gjaldstig.

Lífeyristryggingagjald skal á árinu 1979 vera 2% af gjaldstofni ársins 1978 samkv. 2. gr.

II. KAFLI.

Um slysatryggingagjöld.

4. gr.
Um gjaldskyldu til slysatryggingagjalds samkv. 16. gr. almannatryggingalaganna.

Þeir aðilar, sem hafa í sinni þjónustu launþega sem falla undir a-lið 1. mgr., sbr. 2.—4. mgr. 29. gr., og að auki þeir iðnmeistarar, sem hafa iðnnema á samningi, skulu greiða slysatryggingagjöld skv. 36. gr almannatryggingalaga. Iðnskólar greiða iðgjöld vegna iðnnema, sem ekki eru á samningi við meistara.

Gjaldskyldan nær einnig til útgerðarmanna, sem sjálfir eru skipverjar, sbr. d-lið 1. mgr. 29. gr. almannatryggingalaga. Ennfremur til þeirra atvinnurekenda í landbúnaði vegna þeirra sjálfra og maka og barna 12—16 ára svo og til þeirra atvinnurekenda, er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum, sem ekki undanskilja sig slíkri tryggingu með áritun á skattframtal.

Með sama fororði nær gjaldskyldan til þeirra, sem að staðaldri stunda lausavinnu, sem ekki er í sambandi við atvinnu-rekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu, sbr. 4. mgr. 29. gr. almannatryggingalaga.

Loks nær gjaldskyldan til þeirra, sem með áritun á skattframtal óska að tryggja sér slysabætur við heimilisstörf, sbr. 2. mgr. 30. gr. laganna, svo og til þeirra atvinnurekenda, sem með sama hætti óska að tryggja slysabætur mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem vinna með þeim að atvinnurekstrinum og atvinnurekenda í landbúnaði, að því er varðar börn innan 12 ára.

Um iðgjöld af trillubátum, bifhjólum, vélsleðum, reiðhjólum með hjálparvél, heimilisdráttarvélum o. fl. sbr. 4. mgr. 36. gr. almannatryggingalaga, svo og af bifreiðum, sbr. 71. gr. umferðarlaga, sjá reglugerð nr. 448 29. des. 1978.

5. gr.
Gjaldstofn slysatryggingagjalds.

Gjaldstofn til slysatryggingagjalds skal vera öll greidd vinnulaun hverju nafni sem nefnast og þær greiðslur, sem jafna má til launagreiðslna.

Hjá þeim aðilum sem greinir í 2. og 3. mgr. 4. gr. og hjá iðnnemum án námssamnings sbr. 1. mgr. sömu gr., skal stofninn ákvarðaður eftir sömu reglum og greinir í lögum nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og reglugerðum og starfsreglum, sem settar eru með stoð í þeim lögum, sbr. og eftir því sem við eiga ákvæði 4. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 336 1976.

6. gr.
Gjaldstig.

Iðgjöld skulu nema 0.352% af gjaldstofni skv. 5. gr.

7. gr.
Sérákvæði.

Gjald fyrir tryggingu íþróttamanna, sbr. 29. gr. f-lið, skal fyrir árið 1979 nema 4 000 000.00 kr. alls og greiðist að jöfnu af Íþróttasambandi Íslands og ríkissjóði. Fyrir tryggingu þeirra, sem greinir í e-lið sömu greinar, kemur ekkert gjald.

III. KAFLI.

Sameiginleg ákvæði.

8. gr.

Um álagningu gjaldanna.

Öll iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari og reglugerð nr. 448 29. des. 1978, önnur en iðgjöld af skráningarskyldum ökutækjum, skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

Skattstjórar skulu því leggja á iðgjöld vegna óskráðra dráttarvéla. Ákvæði 40.—43. gr. laga nr. 68 1971 með síðari breytingum skulu gilda um álagningu, eftir því sem við á.

Iðgjöld af skráningarskyldum ökutækjum skulu lögð á af innheimtumönnum bifreiðagjalda.

9. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld af skrásettum ökutækjum skulu innheimt árlega fyrirfram ásamt bifreiðagjöldum.

Önnur iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum, sem innheimta tekju- og eignarskatt, og gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 68 1971 með síðari breytingum um þau, þ. á. m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða og þeim ríkisstofnunum, sem hún ákveður, svo og gjald það, sem ræðir um í f-lið. 1. mgr. 29. gr almannatryggingalaga, sbr. 7. gr. hér að framan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. og 65. gr. laga nr. 67 1971, sbr. lög nr. 58 1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Nr. 95. 12. febrúar 1979.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.

1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 8.40 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 8 400.00.

1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 70 000 að viðbættum kr. 1.70 fyrir hvert kg.

1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Einkaflugmaður	kr. 5 600	kr. 4 200
Atvinnuflugmaður	— 8 400	— 4 200
Atvinnuflugmaður m. m. prófi	— 11 200	— 5 600
Blindflugsréttindi	— 8 400	— 5 600
Flugkennararéttindi	— 7 000	— 4 200
Flugumsjónarmaður	— 11 200	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 2 800	

2.2 Við endurnýjun skírteinis greiðast kr. 1 400.00.

3. Almenn ákvæði.

3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skírteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 447 22. desember 1977, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

29. janúar 1979. Nr. 96.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	300.00
Einstakir miðar, börn	—	130.00
10 miða kort, fullorðnir	—	1 800.00
10 miða kort, börn	—	600.00
10 miða kort, aldraðir	—	900.00
Gufubað	—	500.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	250.00
Sundnámskeið 20 st. fullorðnir	—	6 000.00
Sundnámskeið 20 st. börn	—	4 500.00
Sundfélög:		
10 miða kort 16 ára og eldri	—	600.00
10 miða kort yngri en 16 ára	—	350.00

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 268 27. júlí 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík:

I. Aðalbrautarrétt hafa
   a. Skíðabraut
   b. Hafnarbraut
   c. Gunnarsbraut
   d. Mímisvegur. Þó skal umferð á Mímisvegi víkja fyrir umferð um Skíðabraut.
   e. Goðabraut. Þó skal umferð um Goðabraut víkja fyrir umferð um Mímisveg.

II. Umferð af Smáravegi, Stórhólsvegi, Sunnutúni og Sognstúni víki fyrir umferð um Bjarkarbraut.

III. Bifreiðastöður eru bannaðar á vesturkanti Karlsbrautar.
Eldri auglýsingar um umferð á Dalvík eru fallnar úr gildi.

Bæjarfógetinn á Dalvík, 25. janúar 1979.

Ófeigur Eiríksson.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 90—97. Útgáfudagur 19. febrúar 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1979

22. febrúar 1979. 161 Nr. 98.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 23. febrúar 1979 nema kr. 59.22 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 23. febrúar 1979. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1978 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 23. febrúar 1979 skal greiða kr. 10.82 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 23. febrúar 1979 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 23. febrúar 1979.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. febrúar 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 98. Útgáfudagur 22. febrúar 1979.

B 21

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1979

Nr. 99. 162 13. febrúar 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Grenivík.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestargjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólahring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4 185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 910.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldsskrá.

1. fl.: Gjald kr. 383.00/tonn:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t) svo sem bensín, brennsluolíur, kol laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 810.00/tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 2 240.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 219.00/rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 185.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 9.50 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

13. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóðinn nr. 132 7. mars 1978.

Samgönguráðuneytið, 13. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

20. febr. 1979. Nr. 100.

AUGLÝSING

um innborgunarreglur.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að tollskrárnr. 94.03.13: Skrifstofu- og skjalaskápar úr málmi, skuli falla niður úr auglýsingu nr. 1, 5. janúar 1979, þannig að innborgunarskylda nái ekki til þeirra.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 20. febrúar 1979.

F. h. r.
Þórhallur Ásgeirsson.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

10. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4 185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni geiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 910.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150 29. mars 1978.

Samgönguráuneytið, 14. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

8. febrúar 1979. Nr. 102.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún nr. 98 5. mars 1974.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, er hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.32% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 5 000 á hverja íbúð.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. febrúar 1979. Nr. 103.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps nr. 108 5. mars 1974.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Flateyrarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 5 000 á hverja húseign eða sjálfstæða íbúðarstærð. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarf en heimilisnotkunar, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnfyrirtæki, gistihús, frystihús, verbúðir, bensínafgreiðslur, þvottaplön, o. fl. skal greiða vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Þó aldrei minna en kr. 7 500 af hverri húseign. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu greiða kr. 25 000 á ári fyrir vatnsnotin.

3. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 24.90 fyrir hverja smálest miðað við byggingarvísitölu tímabilið 1. júlí—30. sept. 1978. Gjaldið hækki ársfjórðungslega skv. byggingarvísitölu hverju sinni.

Árleiga fyrir hvern mæli skal vera kr. 8 500, sem hækki eftir byggingarvísitölu. Húseigandi ber kostnað af uppsetningu mælis, auk 2 500 kr. stofngjalds. Upphæð mælaleigu er miðuð við byggingarvísitölu 1.1. 1979.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 104. 29. janúar 1979.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga gerir, á grundvelli laga nr. 7 frá 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirtalin búnaðarfélög á starfssvæði Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga: Búnaðarfélag Hálshrepps, Búnaðarfélag Suður-Fnjóskdæla, Búnaðarfélag Ljósavatnshrepps, Búnaðarfélag Bárðdæla, Búnaðarfélag Skútustaðahrepps, Búnaðarfélag Reykdæla, Búnaðarfélag Laxdæla, Búnaðarfélagið Ófeig, Reykjahverfi, Búnaðarfélag Aðaldæla og Búnaðarfélag Tjörnesinga.

2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum sem kostur er á.

Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því sem við verður komið, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandssvæðinu, með því að ráða til sín flokka byggingarmanna og leggja þeim sem fullkomnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar.

II. KAFLI

Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, hér á eftir nefnd framkvæmdastjórn, fer með yfirstjórn allra þeirra mála, sem um ræðir í samþykkt þessari. Ráða má séstakan framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins.

Með erindisbréfi skal framkvæmdastjóra falin yfirumsjón daglegs reksturs, þarmeð talin yfirstjórn vinnuflokka, enda hafi hann full réttindi húsameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann að dómi sambandsins, Búnaðarfélags Íslands og Byggingarstofnunar landbúnaðarins, telst fullfær til að taka starfið að sér.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um getur í 2. grein samþykktar þessarar, skulu ráðnir í samráði við forstöðumann Byggingastofnuna landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra.

Framkvæmdastjórn heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Framkvæmdastjórn annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í framkvæmdum. Skylt er að leita aðstoðar forstöðumanns Byggingarstofnunar landbúnaðarins um kaup og val hentugra véla, verkfæra og sérstaka veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa. Forstöðumaður Byggingarstofnunar ákveður í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar kaupa skuli.

5. gr.

Framkvæmdastjórn sér um innkaup á öllu því, er með þarf til reksturs á vélum og áhöldum er keypt verða. Henni ber að hafa vélakostinn tryggðan fyrir fjárhæð, sem svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjórn tekur á móti umsóknum fá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður hvenær og í hvaða röð verkefni eru tekin. Framkvæmdastjóra er og skylt, í samráði við verkstjóra, að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til byggingana ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

7. gr.

Allir samningar, sem stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarsambandsins.

III. KAFLI

Um undirbúning og tilhögun framkvæmda.

8. gr.

Bændur á sambandssvæðinu skulu fyrir 1. febrúar ár hvert senda stjórn sambandsins beiðni um byggingarframkvæmdir þær, sem þeir óska eftir að byggingaflokkar á vegum sambandsins leysi af hendi samkvæmt samþykkt þessari, á jörð þeirri eða landi, sem þeir hafa til umráða. Verkbeiðni fylgi uppdrættir af mannvirkjum samþykktum eða gerðum af Byggingastofnun landbúnaðarins í samráði við viðkomandi aðila.

Byggingar sem reistar eru skv. jarðræktarlögum nr. 79/1972 skulu samþykktar af Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnagarfélagi Íslands. Rísi ágreiningur út af uppdráttum hefur Búnaðarfélag Íslands úrskurðarvald. Verkbeiðni fylgi samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalda á staðsetningu byggingar.

9. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 8. grein, ber stjórn búnaðarsambandsins, í sambandi við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir yfistandandi árs.

Rísi ágreiningur um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

10. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar sitji fyrir, eftir því sem unnt er, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði, á flutningi véla og verkfæra, milli vinnustaða.

11. gr.

Áður en vinna hefst við byggingu skal gerður samningur við verkkaupanda um framkvæmdina og greiðslu hans á kostnaði við verkið. Verkkaupandi skal setja þá tryggingu sem stjórnin telur fullnægjandi fyrir skilvísri greiðslu á kostnaði sem sambandið hefur af framkvæmdinni.

12. gr.

Sé ekki sérstaklega um annað samið skal verkkaupandi sjá um að nægjanlegt magn af nothæfu byggingarefni sé fyrir hendi á byggingastað, að aðgengilegt sé fyrir allar vélar og tæki við vinnuna og að tryggt sé nóg vatn til steypunnar.

Gengið skal úr skugga um að við þessi atriði hafi verið staðið á fullnægjandi hátt áður en vinnuflokkur er fluttur á vinnustað, svo og að öðrum undirbúningi verksins sem verkkaupanda ber að framkvæma samkvæmt verksamningi, sé lokið.

13. gr.

Framkvæmdastjórn er heimilt að taka að sér útvegun efnis til bygginga þeirra sem vinnuflokkar hennar vinna að, sé þess óskað af verkkaupanda, enda greiði þá verkkaupandi 1% af andvirði efnis er renni í byggingasjóð sbr. 21. gr.

14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum, og er þá heimilt að taka verk fyrir aðra aðila á samþykktarsvæðinu, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupanda eftir reikningum.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. gr. og 11. gr. þessarar samþykktar, en hann telst: Allur beinn kostnaður sem sambandið greiðir vegna hverrar byggingar, svo og hluti sameiginlegs rekstrarkostnaðar sem stafar af viðhalds og fyrningargjaldi véla, tækja og veggjamóta, flutningar milli vinnustaða, verkstjórnar og símakostnaður, lántöku og vaxtakostnaður og eftir því sem við á kostnaður vegna 12. gr.

16. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

17. gr.

Nú hefur Landnámsstjórn ríkisins heitið styrk til húsagerðar, er sambandið tekur að sér samkvæmt samþykkt þessari, og á það þá kröfu til að fá styrkinn greiddan, þegar verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar að gera húsið fokhelt.

18. gr.

Sambandið hefur forgangskröfu um þau framlög og styrki út á byggingar, sem byggðar eru samkvæmt samþykkt þessari, til lúkningar skuldum verkkaupanda vegna byggingarkostnaðar.

19. gr.

Skuldir sem myndast kunna við búnaðarsambandið vegna byggingarkostnaðar samkvæmt samþykkt þessari, eru forgangsskuldir tryggðar með veði í jörð þeirri, sem framkvæmdin hefur verið gerð á, næst á eftir þeim lánum sem á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst og víkja aðeins fyrir þeim opinberum gjöldum og fylgi kröfum ef um óðalsjörð er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

20. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávísun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

V. KAFLI

Um byggingarsjóð.

21. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og byggingamótum til nota við byggingarframkvæmdir sambandsins.
Tekjur sjóðsins eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar, tæki og mót er keypt verða, enda liggi

fyrir samþykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag Búnaðarsambands Suður- Þingeyinga er nemi allt að ⅓ stofnkostnaðar.
3. 1% af verði byggingarefnis sem sambandið annast kaup á samkvæmt 13. grein.
4. 1% af öðrum byggingarkostnaði er stafar af framkvæmdum undir verkstjórn starfsmanna sambandsins.
5. Aðrar tekjur.

22. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að áliti búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingarsjóð og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum búnaðarfélögum er að samþykkt standa, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef ⅗ hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi sambandsins samþykkir stofnfjáraukninguna, er hún bindandi fyrir félagsheildirnar.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

23 gr.

Reikningsár samþykktarinnar er almanaksárið.

24. gr.

Endurskoðendur búnaðarsambandsins endurskoða reikninga samþykktarinnar og kynna sér rekstur starfseminnar eftir föngum.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórnin skýrslu um starfsemina svo og endurskoðendur ef tilefni er til.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

26. gr.

Tillögur, sem fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari skulu sendar búnaðarfélögunum til umsagnar. Þær skulu síðan, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund Búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með atkvæðum að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

27. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta fundarmanna liggi fyrir um að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð og lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almennt lögreglumál og geta þau varðað sektum frá 1 000 til 1 000 000 kr. nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 11. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

29. janúar 1979. Nr. 105.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Dalamanna.

Búnaðarsamband Dalamanna gerir, á grundvelli laga nr. 7 frá 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirtalin búnaðarfélög á starfssvæði Búnaðarsambands Dalamanna. Bf. Hörðudalshrepps, Bf. Miðdalshrepps. Haukdalshrepps, Bf. Laxárdalshrepps, Bf. Hvammshrepps, Bf. Fellsstrandarhrepps, Bf. Klofningshrepps, Bf. Skarðshrepps og Bf. Saurbæjarhrepps.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því, sem aðstæða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandssvæðinu, þannig að það ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og tæki til vinnunnar.

II. KAFLI

Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Dalamanna hefur á hendi yfirstjórn allra byggingaframkvæmda, er sambandið tekur að sér. Ráða má sérstakan framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Byggingstofnunar landbúnaðarins. Með erindisbréfi skal framkvæmdastjóra falin yfirstjórn daglegs reksturs, þar með talin yfirstjórn vinnuflokka, enda hafi hann full réttindi húsasmíðameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann, að dómi sambandsins Búnaðarfélag Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins, telst fullfær til að taka starfið að sér.

Verkstjórar vinnuflokka þeirra, sem um getur í 2. grein samþykktar þessarar, skulu ráðnir í samráði við forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með störfum þeirra. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um

getur í 5. og 6. grein, svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingarframkvæmdum sambandsins. Skylt er henni að leita aðstoðar forstöðumanns Byggingastofnunar landbúnaðarins um kaup og val hentugra véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa. Forstöðumaður Byggingastofnunar ákveður, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, hve mörg veggjamót og vélar kaupa skuli.

5. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjórn tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingaframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður, í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hvaða röð verkefnin eru tekin.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingaframkvæmdir, nema annað þyki henta. Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupandi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er og skylt, í samráði við verkstjóra, að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til byggginganna ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

8. gr.

Allir samningar, sem stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess, að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi búnaðarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um, að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Byggingastofnun landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Nú er kostnaðarmaður byggingar óánægður með tillögur þær, er fyrir liggja, og getur hann þá skotið þeim til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem fellir um þær fullnaðarúrskurð. Verkbeiðni fylgi samþykki hlutaðeigandi byggingayfirvalda á staðsetningu byggingar. Jafnframt sé fram tekið, hvenær verkbeiðandi telji sig hafa lokið þeim undirbúningsframkvæmdum, sem sambandið gerir kröfu til, áður

en umsamin verk þess hefjast. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar eigi síðar en í nóvemberlok ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. grein, ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði, við flutning véla og verkfæra.

12. gr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupandi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupanda að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir yfirlýsing frá stofnunum um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupandi fullnægt, að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum, og skulu þeir þá gera með sér verktökusamning.

Verkkaupandi skal hafa grafið fyrir húsi, ennfremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema sérstaklega hafi verið um annað samið.

13. gr.

Byggingaframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila, sé að sumrinu unnið að steypuvinnu og húsin gerð fokheld. Að því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhússvinnu, er gengið út frá því, að hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna eftir því sem kostur er á, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingarvinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því, sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því að tryggð sé nægileg verkvöndun.

14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins, og er þá heimilt að taka verk fyrir aðra aðila á samþykktarsvæðinu, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupanda eftir reikningum.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamn-

ingi þeim, er um ræðir í 6. og 12. grein þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra búnaðarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarupphæð sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltalsbyggingakostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Byggingastofnun landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

Nú hefur Landnámsstjórn ríkisins heitið styrk til húsagerðar, er sambandið tekur að sér samkvæmt samþykkt þessari, og á það þá kröfu til að fá styrkinn greiddan, þegar verkið er hafið af vinnuflokkum þess, þó ekki hærri fjárhæð en svarar að gera húsið fokhelt.

16. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla, áhalda og veggjamóta og greiðslur fyrningargjalds af þeim.

Kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarreksturskostnaði hvers árs.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður af þeim, skal leggja í byggingarsjóð búnaðarsambandsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar, er keyptar verða, enda liggi fyrir samþykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Dalamanna, er nemi ⅙ heildarstofnfjárins. Eftirstöðvar stofnfjárins, ⅙ hluta, tekur Búnaðarsamband Dalamanna að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingaframkvæmdir.
3. Tekjur þær, sem inn kunna að koma samkvæmt 17. grein.

19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að áliti búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingarsjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum búnaðarfélögum er að samþykkt standa, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingarsjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

20. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. grein miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram samkvæmt ákvæðum verktökusamnings.

Skuldir, sem myndast kunna við búnaðarsambandið samkvæmt samþykkt þessari, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er framkvæmdin hefur verið gerð á, eftir lánum þeim, sem á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin hófst, og víkja aðeins fyrir þeim opinberum gjöldum og fylgifjárkröfum, ef um óðalsjarðir er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

21. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávísun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfsrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um stafsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma frá búnaðarfélögum um breyting á samþykkt þessari, skulu sendar sambandsstjórn, sem sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkvæmt 1. grein. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti ⅗ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti ⅗ hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og varða þau sektum 1 000—100 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 106. 26. janúar 1979.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipun bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn, og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

a. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Árlega ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir hvert reikningsár (almanaksár), og eigi síðar en í marsmánuði. Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana skuli hagað, sbr. b-lið, enn fremur skal greina, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar, og að jafnaði skal eigi greiða fé úr bæjarsjóði nema með samþykki bæjarstjóra.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins, eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

b. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

c. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.

d. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár fyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI.

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur ákvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæði. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir störfum forseta, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn bæjarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu færa gerðabók bæjarstjórnar, nema til þess sé ráðinn sérstakur starfsmaður. Enn fremur skulu þeir telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðsla fer fram.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að ráða sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess getið hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fund einu sinni í mánuði, og skal fundur haldinn 1. eða 2. mánudag hvers mánaðar og hefjast kl. 16.00. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður fund í júlí og/eða ágúst.

Aukafundi skal halda, samkv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar. Á dagskrá skal taka:

1. hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar, skv. 2. gr. og sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmæltri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið;
2. fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum;
3. lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum. Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá eða fyrirspurn svarað, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en fimmtudag næstan fyrir fund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 16.00 tveimur dögum fyrir fund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið og geta annarra þeirra mála, sem um skal fjallað og gera í stuttu máli grein fyrir þeim. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur skv. 7. gr. skal að jafnaði boða til hans með dagskrá, er send verði bæjarfulltrúum með eigi minna en 24 st. fyrirvara. Heimilt er þó að boða aukafund með skemmri fyrirvara, enda samþykki bæjarstjórn slíkt, eins og um afbrigði frá fundarsköpum væri að ræða.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal auglýsa á sama hátt og venja er um opinberar auglýsingar í kaupstaðnum, með a. m. k. 24 st. fyrirvara.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseta fundarmönnum ráðrúm til þess að semja tillögur á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp aðra höndina. Nafnakall skal hafa, er forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða 2 bæjarfulltrúar hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, meðan hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd við fundarsköp.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða, og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi framar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur slíta fundi.

19. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð.

Bæjarstjórn getur ákveðið að bæjarstjórnarfundir skuli teknir upp á segulband um tiltekinn tíma.

III. KAFLI.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hafa auglýstan viðtalstíma fyrir bæjarbúa 2 klst. í senn, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, skulu tveir bæjarfulltrúar mæta í hverjum viðtalstíma og skulu þeir ekki vera af sama lista. Bæjarstjóri skipuleggur slíka fundi og auglýsir þá.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI.

Um bæjarráð.

25. gr.

Bæjarráð skipa 3 bæjarfulltrúar. Skulu þeir kosnir á fundi bæjarstjórnar í júnímánuði til eins árs í senn, með hlutfallskosningu. Á sama hátt kýs bæjarstjórn 3 varamenn úr sínum hópi. Forfallist bæjarráðsmaður eða hans missi við, tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður. Séu bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið fulltrúa sína eða varafulltrúa sína mæta í þeirra stað.

Bæjarstjórn getur með einfaldri ályktun ákveðið aðra tölu bæjarráðsmanna.

Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

26. gr.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð.

Bæjarráð kýs sér formann og ritara. Sá er réttkjörinn, sem fær meirihluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Bæjarráð getur ráðið fundarritara utan bæjarráðs.

27. gr.

Bæjarráð heldur fundi einu sinni í viku, og þar að auki ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Fundir eru lögmætir ef tveir bæjarráðsmenn mæta.

28. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjórn með framkvæmdastjórn málefna Seyðisfjarðarkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Í þeim tilfellum að sérstökum nefndum bæjarstjórnar sé falið að hafa sérstaka málaflokka með höndum, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

29. gr.

Bæjarráð hefur eftirtalin mál með höndum, stjórnar þeim og tekur um þau ákvarðanir, sem jafnframt eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo gild verði. Þó er bæjarráði heimil fullnaðarákvörðun mála, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

a. Fjármál: Til þeirra teljast umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúningur og samning fjárhagsáætlunar, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, eftirlit og fyrirkomulag á bókhaldi og innheimtu gjalda.

   Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

b. Vegamál: Bæjarráð hefur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

c. Fasteignamál: Til þeirra teljast umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem húseignum, jörðum móttaki, grjótnámi, slægjum, sandnámi, fjallskilum o. fl., að því leyti, sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.

d. Brunamál: Til þeirra teljast framkvæmdir á öllum brunamálum bæjarins samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið. Slökkviliðsstjóri eða varamaður hans skulu sitja fundi, ef rædd eru brunamál, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt.

e. Framfærslumál: Bæjarráð hefur á hendi stjórn allra framfærslumála Seyðisfjarðarkaupstaðar, undir það heyra elliheimili, barnaleikvellir, dagheimili, ef slík fyrirtæki eru á staðnum.
Bæjarstjóri er framfærslustjóri nema til þess sé ráðinn sérstakur maður.

f. Önnur mál: Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn bæjarmála, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað þeim málum, sem henni sýnist til bæjarráðs, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það, þegar þurfa þykir.

30. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

31. gr.

Bæjarráð skal halda sérstakar gerðabækur fyrir hvern flokk mála, sem undir það heyra samkvæmt framanrituðu.

32. gr.

Bæjarstjórn ákveður þóknun fyrir störf bæjarráðs.

V. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

33. gr.

Á fundi sínum í júní kýs bæjarstjórn eftirtaldar nefndir og starfsmenn, til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög, reglugerðir og samþykktir mæla fyrir um:

Til eins árs:

1. Þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara.
2. Þrjá menn í hafnarnefnd.
3. Kjörstjórnir samkvæmt lögum.
4. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.
5. Fulltrúa á aðalfund Skipasmíðastöðvar Austfjarða h/f:
   a. Einn fyrir bæjarsjóð Seyðisfjarðar.
   b. Einn fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar.
6. Fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund félagsheimilisins Herðubreið.
7. Fulltrúa og varafulltrúa á fundi Samb. Sveitarfél. í Austurlandskjördæmi.

Til fjögurra ára:

1. 3 menn í framtalsnefnd og 3 til vara.
2. 4 menn í stjórn Sjúkrasamlags Seyðisfjarðar og 4 til vara.
3. 5 menn í skólanefnd og 5 til vara.
4. 5 menn í barnaverndarnefnd og 5 til vara.
5. 3 menn í heilbrigðisnefnd og 3 til vara.
6. 3 menn í náttúruverndarnefnd og 3 til vara.
7. 3 menn í skólanefnd Iðnskóla Seyðisfjarðar og 3 til vara.
8. 6 menn í áfengisvarnarnefnd og 6 til vara.

9. 4 menn í byggingarnefnd og 4 til vara.
10. 1 mann í stjórn Styrktarsjóðs Gunnars Th. Oddssonar.
11. 1 mann í fulltrúaráð Brunabótafél. Ísl. og 1 til vara.
12. 1 forðagæslumann.
13. 2 sáttamenn og 2 til vara.
14. Fulltrúa og varafulltrúa á landsþing Samb. ísl. sveitarfélaga.
15. 9 menn í sjó- og verslunardóm.
16. 1 mann í skólanefnd Hallormsstaðaskóla og 1 til vara.
17. 3 menn í umferðarnefnd og 3 til vara.
18. 3 menn í götunafnanefnd og 3 til vara.
19. 3 menn í skólanefnd Tónsk. Seyðisfjarðar og 3 til vara.
20. 5 menn í atvinnumálanefnd og 5 til vara.
21. 3 menn í íþróttanefnd og 3 til vara.
22. 5 menn í félagsmálanefnd og 5 til vara.
23. 3 menn í bókasafnsnefnd og 3 til vara.
24. 3 menn í leiguíbúðanefnd og 3 til vara.
25. 3 menn í Sögunefnd Seyðisfjarðar og 3 til vara.
26. 3 menn í stjórn Sjúkrahúss Seyðisfjarðar og 3 til vara.
27. 3 menn í stjórn Verkamannabústaða og 3 til vara.

34. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær. Ekki má fela slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, nema öðru vísi sé ákveðið.

35. gr.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín, og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

Þó getur bæjarstjórn, um leið og hún vísar máli til nefndar, falið henni það til fullnaðarafgreiðslu.

36. gr.

Hafnarnefnd skipa 3 menn, samkv. hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkv. reglum þeim, sem þar um gilda á hverjum tíma.

37. gr.

Kjörstjórnir eru kosnar og þær starfa samkvæmt fyrirmælum gildandi kosningalaga.

38. gr.

Framtalsnefnd starfar samkv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga og nánari ákvörðunum bæjarstjórnar á hverjum tíma.

39. gr.

Í stjórn Sjúkrasamlags Seyðisfjarðar kýs bæjarstjórn 4 menn og 4 til vara, en formaður er skipaður af ráðherra. Sjúkrasamlagsstjórn hefur með höndum þau mál, er sjúkrasamlagið varðar, samkvæmt lögum þar um.

40. gr.

Skólanefnd starfar samkvæmt lögum um Grunnskóla svo og reglugerðum og fyrirmælum er yfirvöld fræðslumála setja samkvæmt þeim lögum.

41. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska og veikra unglinga, sbr. lög um barnavernd.

42. gr.

Heilbrigðisnefnd starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerðum samkv. þeim lögum. Auk kjörinna nefndarmanna sitji héraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi nefndarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

43. gr.

Náttúruverndarnefnd starfar samkv. lögum um náttúruvernd. Hún skal stuðla að náttúruvernd m. a. með ábendingum og tillögugerð til bæjarstjórnar.

44. gr.

Skólanefnd iðnskóla starfar samkv. lögum um iðnfræðslu og skal hún á hverjum tíma leitast við með ábendingum og tillögugerð að viðhalda nauðsynlegu iðnnámi.

45. gr.

Áfengisvarnarnefnd skipa 7 menn, þar af kýs bæjarstjórn 6 menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu áfengisvarnarráðs. Starfssvið nefndarinnar markast af lögum um áfengisvarnir.

46. gr.

Auk hinna 4 kjörnu fulltrúa á bæjarstjóri sæti í byggingarnefnd og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Byggingafulltrúa og bæjarverkfræðingi er skylt að sitja fundi nefndarinnar.

Byggingarnefnd annast skipulags- og byggingamál í bænum samkv. fyrirmælum laga og byggingasamþykktar.

47. gr.

Skólanefnd Tónskóla Seyðisfjarðar skal annast stjórn og rekstur Tónskóla Seyðisfjarðar, og stuðla að öðru leyti að eflingu tónmenntar á Seyðisfirði.

48. gr.

Atvinnumálanefnd skal hafa á hendi eftirlit og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur í atvinnumálum þegar nefndinni eða bæjarstjórn þykir við þurfa. Þá getur bæjarstjórn vísað erindum til nefndarinnar til umsagnar.

49. gr.

Umferðarnefnd skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um allt er lýtur að umferðarmálum í bænum.

50. gr.

Götunafnanefnd skal gera tillögur til bæjarstjórnar um nöfn á götum í bænum.

51. gr.

Íþróttanefnd hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja á Seyðisfirði, sem eru í eigu eða á vegum kaupstaðarins, svo sem íþróttavelli, íþróttahúsi, sundhöll, skíðaaðstöðu o. fl.

Hún leggur fram tillögur um uppbyggingu á íþróttaaðstöðu, fjárveitingar til reksturs og viðhalds mannvirkja og er bæjarstjórn til ráðuneytis þegar þess er óskað.

52. gr.

Félagsmálanefnd skal falið að vinna að eftirfarandi verkefnum.

Aðstoð við aldraða, heimilishjálp, æskulýðs- og tómstundamál önnur en íþróttamál.

Félagsmálanefnd skal hafa forgöngu um í samráði við félög og skóla að koma á og viðhalda heilbrigðu tómstundastarfi eldri sem yngri bæjarbúa. Gera tillögur um fjárframlög til frjálsrar félagastarfsemi og vera bæjarstjórn til ráðuneytis, þegar þess er óskað.

53. gr.

Bókasafnsnefnd fer með málefni Amtsbókasafnsins og starfar samkv. lögum um almenningsbókasöfn og reglugerð þar að lútandi.

54. gr.

Leiguíbúðanefnd fer með málefni vegna byggingar leiguhúsnæðis kaupstaðarins á hverjum tíma samkv. lögum og reglugerð þar að lútandi.

55. gr.

Sögunefnd Seyðisfjarðar skal vinna að öflun heimilda um sögu Seyðisfjarðar og skráningu þeirra.

Nefndin skal kappkosta að vinna að ákveðnum þáttum í sögu byggðarlagsins og koma þeim fyrir almenningssjónir eftir því sem tækifæri og aðstæður leyfa.

56. gr.

Stjórn Sjúkrahúss Seyðisfjarðar starfar samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum þar að lútandi.

57. gr.

Stjórn verkamannabústaða stafar samkv. lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins og reglugerð um byggingasjóð Verkamanna og verkamannabústaði.

VI. KAFLI.

Um bæjarstjóra.

58. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

59. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

60. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundi bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs.

61. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs.

62. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

63. gr.

Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, en þó aldrei lengur en þrjá mánuði í senn.

VII. KAFLI

Endurskoðendur.

64. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þess starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

65. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans, sbr. 29. gr. samþykktanna. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt.

Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VIII. KAFLI.

Um starfsmenn bæjarins.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerð tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður hjá bænum og fyrirtækjum hans, en bæjarstjóri ákveður hvernig auglýsa skuli. Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í föst störf svo og sérskilyrði,

sem gilda skuli um ákveðin störf. Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar á um starfssvið þeirra. Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum sínum við þá breytingu.

67. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst störf hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

68. gr.

Nú verður gerður samningur milli bæjarstarfsmanna eða samtaka þeirra annars vegar og kaupstaðarins eða samtaka sveitarfélaga hins vegar um kaup og kjör, og skulu þá kjör fastra starfsmanna bæjarins félgja þeim kjarasamningi, svo sem við á, þó er óheimilt að rýra kjör starfsmanns til samræmis við samninginn.

69. gr.

Fastir starfsmenn bæjarins og fyrirtækja hans njóta sömu réttinda um orlof og veikindadaga og opinberir starfsmenn, uns gerður er samningur sá, er um getur í 68. gr. Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrír mánuðir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58. 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 108, 28. mars 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

13. febrúar 1979. Nr. 107.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkauptúns, nr. 192 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 197 5. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 13. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 108. 22. febrúar 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Húsavíkur, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn, að fengnum tillögum orku- og veitunefndar.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0.2% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 3 500.00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

Á fasteignum, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota, er bæjarstjórn heimilt að ákveða vatnsskatt, sem nemur allt að 0.4% af heildarfasteignamati eignarinnar. Slík ákvörðun gildir aðeins fyrir eitt ár í senn.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr., skal vera kr. 16.00 á hvern m^3 vatns.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað nr. 232 frá 26. maí 1978.

5. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa í Húsavíkurhöfn skal vera kr. 125.00 á hvern m^3 vatns.

Vatn til nota og vatnssölu Húsavíkurhafnar skal greitt með föstu gjaldi samkv. nánari ákvörðun orku- og veitunefndar.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

ø 20—32 mm	kr. 3 000.00
ø 40 mm	— 4 000.00
ø 50 mm	— 10 000.00
ø 80 mm	— 20 000.00
ø 100 mm	— 25 000.00

7. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við fasteignamat það er tók gildi 31. des. 1976, og skulu breytast í samræmi það.

9. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 99—108. Útgáfudagur 12. mars 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1979

5. mars 1979. 193 Nr. 109.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 5. mars til kl. 12.00 á hádegi 8. mars 1979, eru allar loðnuveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi austan 20° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 5. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 109. Útgáfudagur 5. mars 1979.

B 25

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1979

Nr. 110. 194 7. mars 1979.

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Áfrýjunarleyfi	kr.	7 000
2.	Nóvaleyfi	—	7 000
3.	Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	—	3 500
4.	Lögskilnaðarleyfi	—	7 000
5.	Ættleiðingarleyfi	—	3 500
6.	Leyfisbréf til heildsölu	—	350 000
7.	Leyfisbréf til umboðssölu	—	175 000
8.	Leyfisbréf til smásölu	—	87 000
9.	Leyfisbréf til lausaverslunar	—	70 000
10.	Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	3 500
11.	Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	70 000
12.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	35 000
13.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	25 000
14.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	—	3 500
15.	Leyfi til tækifærisveitinga	—	3 500
16.	Leyfi fyrir vínveitingastað	—	140 000
17.	Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	70 000
18.	Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	—	3 500
19.	Iðjuleyfi	—	35 000
20.	Leyfisgjald vegna tollvörugerðar	—	35 000
21.	Endurnýjun leyfis vegna tollvörugerðar	—	18 000
22.	Einkaleyfi skv. lögum nr. 12/1923		
	fyrir fyrstu 5 ár	—	17 000
	fyrir næstu 5 ár	—	52 000
	fyrir síðustu 5 ár	—	105 000
23.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	—	52 000
24.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	—	10 000
25.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	10 000
26.	Leyfi til að stunda sérlækningar	—	52 000
27.	Leyfi til að stunda tannlækningar	—	10 000
28.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	—	52 000
29.	Leyfi til fasteignasölu	—	17 000
30.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar eða vélstjórnarstarfa	—	1 700
31.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	—	900
32.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	3 500
33.	Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	3 500

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

34.	Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	—	52 000
35.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	—	17 000
36.	Endurnýjun á söluleyfi skv. 35. tl.	—	3 500
37.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	—	3 500
38.	Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	—	900
39.	Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	—	7 000
40.	Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	—	3 500

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr.	3 500
2.	Vegabréf til útlanda fyrir aðra	—	1 700
3.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	—	1 700
4.	Skírteini til aksturs bifhjóls	—	1 700
5.	Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar	—	3 500
6.	Ökuskírteini, alþjóðlegt	—	3 500
7.	Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	—	3 500
8.	Meistarabréf	—	17 000
9.	Sveinsbréf	—	3 500
10.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skírteini	—	1 700
11.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skírteini	—	5 600
12.	Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	—	7 000
13.	Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	—	1 700
14.	Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	—	3 500
15.	Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	—	5 200
16.	Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	—	7 000
17.	Flugnemaskírteini	—	1 700
18.	Einkaflugmannsskírteini	—	3 500
19.	Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	—	5 200
20.	Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	—	10 000
21.	Flugstjóraskírteini	—	17 000
22.	Flugvélstjóraskírteini, flugleiðsögumannsskírteini og flugloftskeytamannsskírteini	—	10 000
23.	Flugumferðarstjóraskírteini	—	1 700
24.	Skírteini til kvikmyndasýninga		
	a) staðbundin skírteini	—	1 700
	b) sveinsskírteini	—	1 700
	c) meistaraskírteini	—	3 500
25.	Naglabyssuskírteini	—	1 700
26.	Skírteini fyrir suðumenn	—	1 700

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Skráning hlutafélags	kr.	25 000
2.	Skráning samvinnufélags	—	25 000
3.	Skráning útibús	—	13 000
4.	Skráning starfsstöðva erlendra félaga	—	17 000
5.	Skráning firma eins manns	—	10 000
6.	Skráning firma tveggja manna eða fleiri	—	17 000
7.	Skráning breytinga á eldri skráningu	—	2 800
8.	Tilkynning um prókúru, sérstök	—	2 800
9.	Afturköllun prókúru	—	1 700
10.	Skráning bifreiðar, nýskráning	—	11 200
11.	Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	—	5 600
12.	Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	—	11 200
13.	Skráning eigendaskipta að bifreið	—	5 600
14.	Skráning bifhjóls, nýskráning	—	5 600
15.	Skráning bifhjóls, umskráning	—	2 800
16.	Skráning eigendaskipta að bifhjóli	—	2 800
17.	Skráning og umskráning létts bifhjóls	—	2 800
18.	Skráning og eigendaskipti að léttu bifhjóli	—	2 800
19.	Skráning og umskráning beltabifhjóla	—	2 800
20.	Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	—	2 800
21.	Skráning og umskráning dráttarvélar	—	2 800
22.	Skráning eigendaskipta að dráttarvél	—	1 700
23.	Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	—	5 600
24.	Skráning eigendaskipta tengivagna og festivagna	—	5 600
25.	Skráning flugvélar, atvinnu	—	17 000
26.	Skráning flugvélar, einka	—	7 000
27.	Skráning breytinga á eldri skráningu flugvélar (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	—	7 000
28.	Skráning kaupmála	—	3 500

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast kr. 900 fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en kr. 6 000.

Fyrir aðra skráningu greiðist kr. 8 500. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða kr. 100 af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða kr. 75 af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu greiða áritunargjald, kr. 10 af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkur, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.)	kr.	17 000
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.)	—	3 500

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	kr.	2 800
2. Fyrir löggildingu verslunarbóka	—	3 500
3. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	—	1 700
4. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	—	1 700
5. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	—	400
6. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	—	600
7. Fyrir veðbókarvottorð	—	900
8. Fyrir önnur embættisvottorð	—	600
9. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	—	200

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu	kr.	300
Hluti úr síðu telst heil síða.		
Lægstu ritlaun eru	—	600

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, kr. 75 af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 2/1978.

Fjármálaráðuneytið, 7. mars 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A.	**Fyrir héraðsdómi:**	
1.	Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	kr. 600
2.	Gjald fyrir þingfestingu	— 4 200
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	— 900
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	— 1 300
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	— 1 300
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	— 1 100
7.	Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	— 5 200
8.	Gjald fyrir sjóferðapróf	— 10 500
B.	**Fyrir Hæstarétti:**	
1.	Gjald fyrir útgáfu stefnu	kr. 700
2.	Gjald fyrir þingfestingu	— 7 000
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	— 1 300
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	— 1 700
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	— 1 700
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	— 1 400
7.	Útivistargjald	— 7 000

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

1.	Kyrrsetning á manni	kr. 5 200
	Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga.	
2.	Útburður manns af jörð eða húsi	— 5 200
3.	Innsetning á jörð eða í hús til umráða	— 5 200
4.	Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	— 5 200

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 1 700 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 1 700 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp

á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 5 200 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 5 200 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 3 500 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 3 500 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 1 500 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 2 100 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1.	Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	kr. 1 700
2.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrár	— 2 800
3.	Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	— 1 700
4.	Dráttur í happdrætti	— 7 000
5.	Útdráttur skuldabréfa	— 3 500

8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 9 24. janúar 1978 um dómsmálagjöld o. fl., og reglugerð nr. 220 12. júní 1978 um breytingu á reglugerð nr. 9 24. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1979.

F. h. r.
Baldur Möller.

Hjalti Zóphóníasson.

8. mars 1979. Nr. 112.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland á vetrarvertíð 1979.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 8. mars 1979 eru allar loðnuveiðar bannaðar á vetrarvertíð 1979 austan 22° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 113. 2. mars 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns, nr. 217 14. maí 1976.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4 185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 910.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 227 24. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 2. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

2. mars 1979. Nr. 114.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, N.-Múlasýslu, nr. 188 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4 185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 910.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 192 11. maí 1976.

Samgönguráðuneytið, 2. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1979

12. mars 1979. 203 Nr. 115.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 127 25. júlí 1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.

1. gr.

Í stað „kr. 500.00“ í 4. málsgr. 1. gr. komi: kr. 17 000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 91. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970, öðlast gildi 15. mars 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. mars 1979. Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

1. gr.

4. málsgr. 21. gr. orðist svo:

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða í ríkissjóð kr. 25 000 á ári og annast lögreglustjóri innheimtu gjaldsins. Lögreglustjóri getur leyft notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 1 500 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 10 18. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

55. gr., sbr. reglugerð nr. 186 24. ágúst 1966, orðist svo:
Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld:

1.	Almennt bifreiðastjórapróf	kr. 5 600
2.	Próf í akstri bifhjóla	— 4 200
3.	Próf í akstri léttra bifhjóla	— 1 400
4.	Próf í akstri dráttarvéla	— 2 800
5.	Ökukennarapróf	— 21 000

B. Skírteinagjöld:

1.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	kr. 1 700
2.	Skírteini til aksturs bifhjóls	— 1 700
3.	Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	— 900
4.	Leyfi til að stýra dráttarvél	— 900
5.	Leyfisbréf til ökukennslu	— 3 500

Fyrir endurnýjun skírteina, svo og samrit, skal greiða gjald samkvæmt B-lið 1.—5.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 12 18. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1979

14. mars 1979. 205 Nr. 118.

AUGLÝSING

um hækkun verðjöfnunargjalds af raforku.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 6, 13. mars 1979 hækkar verðjöfnunargjald af raforku úr 13% í 19% af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta frá og með 16. mars 1979.

Í samræmi við það hækkar útsöluverð í gjaldskrám rafveitna, sem verðjöfnunargjald er innheimt af skv. lögum nr. 83/1974, um 4.51% frá og með 16. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 118. Útgáfudagur 15. mars 1979.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1979

Nr. 119. 206 15. mars 1979.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum árið 1979.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 18. mars 1979 eru allar loðnuveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Þó getur ráðuneytið heimilað einstökum báti eða bátum að veiða ákveðið magn í sambandi við rannsóknir eða tilraunavinnslu á loðnu.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 119. Útgáfudagur 16. mars 1979.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1979

27. febrúar 1979 207 Nr. 120

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

Vatnsveita Neshrepps er eign Neshrepps utan Ennis. Heimili hennar og varnarþing er í Neshreppi utan Ennis.

2. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem skipulagt er og vatnsveita nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til Landshafnarinnar í Rifi.

3. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um þéttbýli sem þörf krefur og fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem lóðir þeirra liggja að eru í námunda við. Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á aðalæðum og dreifiæðum.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

5. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisþarfa fyrir vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotkun utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur tekið til skipulags og byggingar, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur með beinni þátttöku notanda með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

6. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Hver sá er óskar eftir að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Með umsókninni skal fylgja uppdráttur að vatnslögninni. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

gegn sérstöku stofngjaldi. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögn að húsi hans og annast viðhald á sinn kostnað. Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í öllu eftir fyrirmælum þeirra að því er snertir efni og frágang. Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar, en á kostnað húseiganda.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við leka, þegar er hans verður vart. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki geti frosið í leiðslum.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og tækjum, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir umbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseiganda skylt að bæta úr því tafarlaust, ella er vatnsveitunni heimilt að láta vinna verkið á kostnað húseiganda.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum. Vatnsskatt ber að greiða að fullu þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum orsökum.

9. gr.

Óheimilt er að tengja dælur eða tæki er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki við heimæðar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Óheimilt er að tengja æðar vatnsveitunnar við önnur veitukerfi nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum nema með leyfi vatnsveitunnar. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við vatnsveituna, takmörkunar á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni eða að loka fyrir vatnið vegna framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn veitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta árlegan vatnsskatt af öllum fasteignum sem vatn er lagt í. Almennur vatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamati mannvirkja og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Almennur vatnsskattur hverrar fasteignar skal hlíta ákvæðum um hámarks og lágmarksgjald af hverjum rúmmetra í byggingum og ennfremur hlíta ákvæðum um lágmarksgjald af hverri fasteign.

12. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem nota mikið vatn utan heimilisþarfa, t. d. frystihús, vinnslustöðvar o. fl. og innhemta aukavatnsskatt eftir mældri vatnsnotkun. Vatnsveitan sér um uppsetningu og eðlilegt viðhald mælanna, en húseigandi greiðir fyrir uppsetningu og mælaleigu samkvæmt gjaldskrá. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust er hann kann að verða var við bilanir á vatnsmæli. Áætla má vatnsnotkun ef mælir bilar eða af öðrum ástæðum er ekki í gangi. Stofngjald fyrir tengingu heimæða sbr. 7. gr. ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. febrúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði á viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og gengur hann fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

14. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að semja sérstaklega við hafnarnefnd Landshafnarinnar í Rifi um sölu vatns til hafnarinnar.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni ef hún telur gildar ástæður til þess.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 82 8. mars 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

Af öllum húseignum og lóðum í lögsagnarumdæmi Neshrepps utan Ennis, sem virtar eru til fasteignamats og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru skal gert að greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.15% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni. Vatnsskattur skal hlíta ákvæðum um minnsta gjald kr. 30.00 á hvern rúmmetra jafnt á atvinnu- sem íbúðarhúsnæði og hámarksgjald kr. 52.00 á rúmmetra. Af bílaþvottaplönum skal greiða aukaskatt kr. 50 000.00 á ári. Þessi lágmarksgjöld svo og önnur gjöld skv. þessari gjaldskrá breytast í samræmi við fasteignamat.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 25.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau er að framan eru talin skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur skv. ákvörðun hreppsnefndar.

3. gr.

Gjald vegna vatnssölu til Landshafnarinnar í Rifi skal ákveðast samkvæmt sérstökum samningi milli hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis og hafnarnefndar Rifshafnar.

4. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiæðar vatnsveitunnar greiði stofngjald, er sé kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss af fyrstu 2 000 rúmmetrum og kr. 15.00 af því sem þar fer yfir.

5. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mæla skal vera kr. 20 000.00 og leiga kr. 10 000.00 á ári fyrir hvern mæli.

6. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu eftir ákvörðun hreppsnefndar enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ
fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.
Stjórn hitaveitu.

Hitaveita Reykjavíkur er eign Reykjavíkurborgar og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi.

Borgarstjórn Reykjavíkur fer með yfirstjórn veitunnar, en framkvæmdastjórn er í höndum stjórnar veitustofnana og hitaveitustjóra.

3. gr.
Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Reykjavíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni og gufu innan veitusvæðisins sbr. 1. gr.

Borgarstjórn getur þó að fenginni umsögn stjórnar Veitustofnana heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Hitaveitu Reykjavíkur.

4. gr.
Utanhússlagnir.

Borgarstjórn getur gert þeim, sem húseign á, við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða hús fullnægir ekki þeim skilyrðum, sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingarsamþykktum eða reglugerðum og getur þá hitaveitustjóri ákveðið að húsið skuli ekki tengt hitaveitunni.

5. gr.

Hitaveita Reykjavíkur lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. mgr. 3. greinar. Eigi er hitaveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi, í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnsmæla eða hemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna skv. reglugerð um hitalagnir, þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og vatnsmælir eða hemill eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldur á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum inn fyrir vatnsmæli eða hemil.

7. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur um hitakerfi húsa, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða. Óski hitaveitan ekki eftir því að nota slíkt afrennslis eða þéttivatn, getur hitaveitustjóri heimilað notkun þess til upp-

hitunar í geymslum, bílskúrum, gróðurhúsum, sundlaugum eða öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig, og skal frágangur slíkra lagna vera samkvæmt fyrirmælum í reglugerð um hitalagnir.

Hitaveitustjóri getur þó afturkallað slík leyfi ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

8. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennrar heimilisneyslu.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

9. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.

10. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum á veitunni vegna rafmagnsbilana, frosta eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

11. gr.

Húseigandi skal sækja um tengingu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem skrifstofa hennar lætur í té.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitakerfa, eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í tvíriti. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Brot á þessu ákvæði varðar þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann er hleypir vatninu á og hinn löggilta pípulagningameistara er sá um tengingu hússins.

12. gr.

Uppdrættir.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða tækni, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu borgarstjórnar, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þær sem hér eru settar, reglugerð um hitalagnir og staðla ÍST-60, um tækniteikningar, ÍST-64, um teiknitákn fyrir hitalagnir, ÍST-67 um vatnslagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál. Gera skal ráð fyrir mest 60° meðalhitastigi hitaveituvatns í hitunartækjum eða kerfum við hámarksálag, reiknað skv. staðli ÍST-66, um kólnunartölur bygginga, og afköstum miðstöðvarofna skv. ÍST-69.1 um prófanir miðstöðvarofna.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

13. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt telst, og ber húseigandi allan kostnað af því.

14. gr.

Samþykkt uppdrátta.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita tvö eintök hans. Eitt eintak skal varðveita í skjalasafni borgarinnar en hitt skal afhent umsækjanda. Pípulagningameistari sá er verkið á að vinna skal áður en það hefst, rita nafn sitt á eintak það, er varðveitt verður í skjalasafninu.

Blikksmíðameistarar skulu þó árita uppdrætti af lofthitunar- eða loftræstingarkerfum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað. Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

15. gr.

Löggilding meistara.

Borgarstjórn, að fengnum meðmælum stjórnar veitustofnana og hitaveitustjóra, veitir pípulagningameisturum löggildingu til að starfa við hitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur.

Engir aðrir, en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar. Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu. Ennfremur getur borgarstjórn svipt hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

16. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af borgarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast hitalagnir, sbr. þó 2. mgr. 14. gr., og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykkta uppdrætti. Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega, og lætur hann þá fram fara úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við verkinu.

17. gr.

Eftirlit.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja að stjórntæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

18. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

19. gr.

Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur, forhitara eða neysluvatnshitara við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra.

20. gr.

Öryggislokar o. þ. h.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra. Ekki þarf þó öryggisloka ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal afrennsli leitt upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu) og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitustjóra, skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið, frá þenslukerjum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

Heimilt er einnig að nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum hitaveitustjóra.

21. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja á inntakspípu sjálfvirkan loka. Lokanum skal ávallt stjórnað af hitastilli í útrennslispípu, en auk þess af herbergishitastilli. Ef húseigandi óskar má hann setja vandaðri stýribúnað á hitakerfi hússins og skal þá fara eftir ákvæðum reglugerðar um hitalagnir.

22. gr.

Sala hitaorku.

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar. Mælar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður mælir fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef mælir eyðileggst af völdum frosta. Ef maður rýfur innsigli mælis varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á honum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt notkun upp eða tilkynnt flutning.

Uppsögn eða flutning skal tilkynna innheimtuskrifstofu með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis að mesta skekkja sé 5% eða minni, er heimilt að gera notendum að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengri tímabil en 2 mánuði, nema notandi

geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin, um mæla, skulu gilda jafnt um hemla ef selt er samkvæmt hemiltaxta.

23. gr.

Borgarstjórn setur Hitaveitu Reykjavíkur gjaldskrá skv. 29. gr. laga nr. 58. 29. apríl 1967 (Orkulög).

24. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafin mánaðarlega, skv. nánari ákvæðum gjaldskrár þó er heimilt að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Heimilt er að áætla vatnsnotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á hitaorku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til. Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem Hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingardegi reiknings.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með viðvörun, sem send er út með 3ja daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

25. gr.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla það vatnsmagn, sem notað hefur verið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir það verð eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðustu skoðun (aflestri). Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun má miða við hámarksrennsli það er runnið getur til kerfisins um hemil, þegar að er komið.

Við endurtekið brot skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

26. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38 12. febrúar 1940 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felldur 1. kafli Reglugerðar um hitalagnir o. fl. í Reykjavík nr. 208 15. desember 1961.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 123. 1. mars 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	86.80 á kWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	26.00 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	440.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	164.00 á m^2 á ári
1.3.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	26.00 á kWst.
1.4.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	43.40 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	kr.	19.70 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	1 772.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25m^2 eða stærra tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.		

2.2. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 19.70 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 43.40 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2. en þriðjungi lægra.

3.2. Um afl og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 6.77 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw ..... — 68 028.00 á ári
Aflgjald umfram 2 kw ..... — 22 676.00 á kw á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2. og lágmarksgjald af 20 kw.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 6.77 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw ..... kr. 58 712.00 á ári
Aflgjald, af uppsettum kw í málraun véla, umfram 2 kw — 18 018.00 á kw á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 12.15 á kWst.

4.2. Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 5.65 á kWst.

4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 3.40 á kWst.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 5.93 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa KWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 1 412.00 á ári
2. Af þrífasa KWst.-mælum 50 A og minni ..... — 3 126.00 á ári
3. Af þrífasa KWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 3 548.00 á ári

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald jarðstrengur kr./m	Yfirlengdargjald loftlína kr./stólpa
63A	1-fasa	111 250	3 640	38 150
63A	3-fasa	120 350	3 640	47 240
100A	3-fasa	143 150	4 100	60 440
200A	3-fasa	228 100	5 520	
315A	3-fasa	480 900	7 700	
300KVA	3-fasa	673 250	Samkv. kostn.	
500KVA	3-fasa	1 115 500	—	
800KVA	3-fasa	1 785 600	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m. og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr. 24 500
63 A 3-fasa	kr. 33 200

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 12 340 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 800.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 800 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi frá og með 15. febrúar 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 84/1979 um hækkun smásöluverðs raforku.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

1. mars 1979. Nr. 124.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. Raforka.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 81.60 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 25.15 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 12 843.00 á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 381.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólffflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 81.60 hver kWst. til ljósa og kr. 22.11 hver kWst. til suðu og hitunar.
B—2 Kr. 22.11 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 45.25 hver kWst. til iðnaðar.
C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 15.763.00 hvert kW, og kr. 8.09 hver kWst.
C—3 Kr. 27.10 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 3.49/3.15 hver kWst. og kr. 28 877 hvert kW.
C—5 Vegna byggingaframkvæmda kr. 50.00 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 5.65 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
D—2 Kr. 3.90 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 4.91 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 12.36 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 16.07 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
E—3 Kr. 7.83 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 8.51 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	1 401.00	1 723.00	1 877.00		
3-fasa kWst.-mælar	2 802.00	3 643.00	4 690.00	7 805.00	17 172.00
Tvígj.- og mestastr.-mælar		4 690.00	7 805.00	12 572.00	25 204.00
Stýrikerfisliðar		5.800.00			

Af öðrum tækjum en þeim sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
25 A 1-fasa	31 525	16 000	—	Innif.	28 500
25 A 3-fasa	47 000	23 500	—	—	40 000
63 A 1-fasa	115 000	23 500	Innif.	—	40 000
63 A 3-fasa	125 000	26 500	—	—	44 000
110 A 3-fasa	155 000	31 500	—	—	55 000
200 A 3-fasa	90 000	—	8 850	—	—
315 A 3-fasa	268 000	—	6 500	—	—
300 kVA 3-fasa	715 000	—	Samkv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	1 140 000	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	1 185 000	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m. Innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 2 500.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 3 000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 20% er innifalinn í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 15. febrúar 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 84/1979 um hækkun smásöluverðs raforku.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 125. 5. mars 1979.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í a. m. k. 8 öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm sbr. þó 7. gr. B-lið, 2. mgr.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu og flotvörpu en í 1. mgr., greinir, skal vera 135 mm.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

a. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., og utan línu, sem dregin er frá stað 66°00'0 n.br. 25°15'0 v.lgd., í stað 64°53'0 n.br., 25°15'0 v.lgd. og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'0 v.lgd. þaðan í stað 63°06'0 n.br., 18°00'0 v.lgd. síðan í 65° réttvísandi að 10°00'0 v.lgd. og þaðan 90 réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
b. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'0 v.lgd. og 21°00'0 v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

3. gr.

Lágmarksstærð möskva humarvörpu skal vera 80 mm.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvarpna skal vera:

a. Í tveggja byrða vörpum skal lágmarksmöskvastærð vængja og miðnets vera 55 mm, en 36 mm í öðrum hlutum vörpunnar.
b. Í vörpum, sem hafa fjögur eða fleiri byrði, skal lágmarksmöskvastærð vængja aftur að fremsta horni efra byrðis vera 45 mm, en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

5. gr.

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu, sem notuð er til þess að veiða spærling, loðnu, kolmunna og ískóð, skal vera 16 mm.

6. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1.—5. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

7. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem lýst er í 1.—5. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt:

a. Að festa undir allt að 18 öftustu metra botnvörpu net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við vörpuna.
b. Að festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem styrktarnetið er fest við, og skal styrktarnetið fest við vörpuna að framan, á hliðunum og að aftan þannig, að hver möskvi styrktarnetsins falli saman við fjóra möskva vörpunnar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti til klæðningar.

   Séu veiðar stundaðar á svæðum, þar sem aðeins er heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm sbr. 1. og 2. gr., er aðeins heimilt að festa slík styrktarnet við þann hluta poka og belgs, sem gerður er úr riðli með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm.
c. Að nota þenslugjarðir á allt að 18 öftustu metra botvörpu og flotvörpu. Bil milli gjarða skal vera minnst 1.80 metri og skal lengd gjarða vera eigi styttri en 45/100 af strengdri lengd netsins á þeim stað, sem gjörðin er.
d. Að hafa í poka botnvörpu steinamottu eða húð til hlífðar neti fyrir grjóti, enda séu þessar hlífar ekki stærri en tveir fermetrar alls í hverri botnvörpu.

8. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4. og 5. gr. er heimilt að nota styrktarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks styrktarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

9. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eða laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. apríl 1979, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 327 4. september 1978, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 126. 22. febrúar 1979.

REGLUGERÐ

um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvenns konar vegabréf, diplómatísk vegabréf og sérstök vegabréf.

2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa, stöðu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, hæð, háralit og augnalit.

Í vegabréf skal enn fremur festa nýlega ljósmynd af vegabréfshafa, og skal setja á hana embættisinnsigli ráðuneytisins þannig að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar.

Taka skal fram í vegabréfi til hve langs tíma það skuli gilda.

Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir ljósmynd. Rita skal útgáfudag vegabréfs, undirrita það og stimpla með embættisstimpli ráðuneytisins.

3. gr.

Ráðuneytið skal halda sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplómatísk vegabréf, hina yfir sérstök vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið og auk þess festa ljósmynd af vegabréfshafa.

4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplómatísk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, er þeir eru í fylgd með forseta.

4. Ráðherrar.
5. Nánustu fylgdarmenn ráðherra, er þeir eru í fylgd með ráðherra.
6. Forseti sameinaðs Alþingis.
7. Hæstaréttardómarar.
8. Þeir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem teljast til 1.—5. flokks 8. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.
9. Fulltrúar í opinberum sendinefndum ríkisstjórnarinnar, svo og aðrir opinberir fulltrúar í stjórnarerindum samkvæmt umboði forseta Íslands.
10. Biskupinn yfir Íslandi.
11. Ráðuneytisstjórar.
12. Ríkissaksóknari.
13. Forseti neðri deildar Alþingis.
14. Forseti efri deildar Alþingis.
15. Aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
16. Skrifstofustjóri Alþingis, er hann er í fylgd með forsetum Alþingis.
17. Fulltrúar, sem gegna meiriháttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum eða samtökum.
18. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
19. Fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem hafa gegnt störfum í 1. og 2. flokki hennar sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971.
20. Makar og börn þeirra, sem taldir eru að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 20 ára aldri, nema um ógiftar eldri dætur útsendra fulltrúa utanríkisþjónustunnar sé að ræða, er dvelja í föðurhúsum og skráðar eru á hinn diplómatíska lista, þar sem foreldri þeirra starfar.

5. gr.

Þessir aðilar geta fengið hin sérstöku vegabréf utanríkisráðuneytisins, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Fyrrverandi ráðherrar.
2. Alþingismenn.
3. Skrifstofustjórar og deildarstjórar í Stjórnarráði Íslands.
4. Forstjórar ríkisskrifstofa og -stofnana.
5. Skrifstofustjóri Alþingis.
6. Hæstaréttarritari.
7. Annað starfsfólk utanríkisþjónustunnar, sem ekki er talið í 4. gr. 8. tölulið.
8. Aðstoðarmenn ráðherra.
9. Kjörræðismenn Íslands erlendis.
10. Þeir aðrir, sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á, og að því tilskildu, að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess, að vegabréf sé gefið út.
11. Borgarstjóri og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
12. Fyrrverandi hæstaréttardómarar.
13. Fyrrverandi biskupar yfir Íslandi.
14. Fyrrverandi ríkissaksóknarar.
15. Fyrrverandi ráðuneytisstjórar.
16. Fyrrverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
17. Fulltrúar, sem gegnt hafa meiriháttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum eða samtökum.
18. Þeir, sem ferðast í erindum á vegum meiriháttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu að fyrir liggi meðmæli viðskiptaráðuneytisins hverju sinni.

19. Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 20 ára aldri.

Enn fremur er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gefa út sérstök vegabréf til handa starfsmönnum utanríkisþjónustunnar í 3.—4. flokki samkv. 8. gr. laga nr. 39/1971 svo og þeim, sem greinir í 3.—6. tölulið, sbr. og 19. tölulið þessarar greinar, og látið hafa af starfi.

6. gr.

Þegar diplómatísk eða sérstök vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma, er ætla má, að ferðin muni standa; ella má láta vegabréf þessi gilda allt að þremur árum.

7. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi, er heimildin til að fá diplómatískt eða sérstakt vegabréf samkvæmt 1. gr. fylgir, og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði vegabréf sitt.

Sama gildir, þegar vegabréf hefur verið gefið út til ákveðinnar ferðar, og þeirri ferð er lokið.

Á sama hátt er skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr. 20. tölulið og 5. gr. 19. tölulið samtímis því, sem vegabréfshafi, samkvæmt því er segir hér að framan, afhendir vegabréf sitt.

8. gr.

Sendiráðum heimilast að framlengja gildi vegabréfa utanríkisráðuneytisins fyrir þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins, sem nefndir eru í 4. gr. 8. tölulið og 5. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir maka þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja fyrir lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til 6 mánaða í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 18 1953 um íslensk vegabréf og lögum nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 56/1945 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

Óheimilt er að framlengja vegabréf utanríkisráðuneytisins, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku reglugerðar þessarar; þegar gildistími þeirra er út runninn, gefur ráðuneytið út ný vegabréf samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Utanríkisráðuneytið, 22. febrúar 1979.

Benedikt Gröndal.

Henrik Sv. Björnsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum 1979.

I. KAFLI

1. gr.

Ákvæði I. kafla taka til skuttogara með aflvél 900 bremsuhestöfl og stærri og togskipa, sem eru 39 metrar og lengri. Miðað er við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

2. gr.

Á tímabilinu 9. apríl til 20. apríl 1979, að báðum dögum meðtöldum, eru skipum (sbr. 1. gr.) bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi í 7 daga samfellt.

3. gr.

Auk þeirrar takmörkunar á þorkveiðum, sem segir í 2. gr., mega skip (sbr. 1. gr.) ekki stunda þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi í 70 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 30. september 1979 og þar af skal hvert skip láta af þorkveiðum í a. m. k. 30 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1979.

Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessarar veiðitakmörkunar, þó skal hvert skip láta af þorskveiðum ekki skemur en 9 daga í senn.

4. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 5. apríl 1979 hvenær skip þeirra láta af þorskveiðum samkvæmt 2. gr.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 3. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu með a. m. k. 7 daga fyrirvara hverju sinni.

Verði áætlanir um tilhögun veiðitakmörkunar ekki látnar í té, getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

5. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Sé skip að byrja tímabil, sem það lætur af þorskveiðum á, miðast upphaf tímabilsins frá þeim tíma er skip kemur í höfn til löndunar.
2. Sé skip að ljúka tímabili, sem það lætur af þorskveiðum á, miðast lok tímabilsins við þann tíma, er skipið heldur á ný til veiða án takmörkunar á þorski.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis, telst sá tími, sem fer í siglingar, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

II. KAFLI

6. gr.

Á eftirgreindum tímum eru skipum öðrum en þeim, sem upp eru talin í 1. gr., bannaðar allar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi:

1. Á tímabilinu frá kl. 12.00 á hádegi 10. apríl til kl. 12.00 á hádegi 17. apríl 1979.

2. Á tímabilinu 31. júlí til 6. ágúst 1979, að báðum dögum meðtöldum.
Á því tímabili, sem greint er í lið 1. í þessari grein, er bannað að hafa nokkur þorskfisknet í sjó, enda þótt tilgangurinn sé að veiða aðrar fisktegundir en þorsk.

7. gr.
Á tímabilinu frá og með 16. júlí til og með 15. ágúst 1979, eru allar þorskveiðar í þorskfisknet bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

III. KAFLI

8. gr.
Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

9. gr.
Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 8. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru þá bannaðar samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

10. gr.
Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar ef nauðsyn krefur.

11. gr.
Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. mars 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 302/1975 um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ríkissjóði ber að greiða vexti af greiðslum þeim, sem honum ber að greiða samkvæmt grein þessari. Vextir þessir skulu vera í samræmi við almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma og reiknast frá greiðsludegi allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31 28. mars 1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1979.

Magnús H. Magnússon.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. mars 1979. Nr. 129.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins nr. 87/1954, 129/1965, 122/1967 og 377 1974.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Vegna barnsburðar skal kona, sem starfað hefur í þjónustu ríkisins samfellt í 6 mánuði fyrir barnsburð eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 6. gr. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna skal meta þær eftir reglum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

Réttar skv. grein þessari nýtur kona án tillits til ráðningarforms.

Kona, sem fer í barnsburðarleyfi skal hafa tilkynnt við upphaf leyfis, ef hún hyggst láta af starfi við lok leyfisins. Ef breyttar heilsufarsástæður eða aðrar breyttar fjölskylduaðstæður, sem ekki verða séðar fyrir, verða á leyfistímanum skal þó tekið tillit til slíkra aðstæðna.

Um framkvæmd á barnsburðarleyfi kennara fer skv. sérákvæðum í samningum fjármálaráðherra og einstakra kennarafélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. mars 1979.

Tómas Árnason.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979.

Með tilvísun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Þorskur:	
4x14 m/r 5—8 oz.	317.61
4x14 m/r 8—12 oz.	326.88
4x14 m/r 12—16 oz.	329.20
4x14 m/r 1—3 lbs.	333.82
4x14 m/r (S. Í. S.)	329.20
4x14 r/l 8—12 oz.	352.36
4x14 r/l 12—16 oz.	366.28
4x14 r/l 1—3 lbs.	380.20
10x5 og 3x18	411.83
5x8	513.57
5x10 og 6x10	440.90
4x10	440.90
4x12	426.36
4x13	426.36
4x15	455.43
12x1	397.29
Blokk	339.15
Ýsa:	
4x14 m/r 4—8 oz.	322.22
4x14 m/r 8—12 oz.	347.74
4x14 m/r 12—16 oz.	366.28
4x14 m/r 16 oz. og yfir	370.90
4x14 m/r (S. Í. S.)	370.00
10x5	440.90
3x18, 4x13 og 4x12	455.43
12x1	426.36
Blokk	339.15
Steinbítur:	
8x7 r/l	252.75
10x5	492.58
12x1	448.97
Blokk	323.00
Karfi:	
8x7 m/r	252.75
10x5 m/r	281.01
10x5 r/l	295.55
10x5 Sea Star	272.29
4x10 Sea Star	272.29

	Ísl. kr. á lb. Cif.
5x8 m/r og b/l 4—8 oz.	339.15
5x8 m/r og b/l 8 oz. og yfir	368.22
3x8 kg. Japan	202.20
1x20 (S. Í. S.)	281.98
4x6 kg r/l lagp.	324.45
12x1 r/l	339.15
12x1 m/r	293.93
Blokk m/b	296.77
Blokk	306.85
Ufsi:	
8x7 r/l	204.39
4x6 kg	204.39
10x5	254.85
4x12 og 4x13	272.29
4x14	225.55
2x15 kg	253.23
Blokk	226.10
Langa:	
8x7 r/l	252.75
10x5	274.55
Blokk	258.40
Keila:	
8x7 r/l	252.75
Blokk	203.49
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	201.81
Heilfr. hausuð að 2 kg.	122.68
Heilfr. m/h, Rússl.	111.34
4x12 lagp.	288.28
4x10, 6x10 og 4x14	290.70
Blokk U. S. S. R.	252.75
Blokk U. S. A.	203.49
Heilfrystur fiskur 3x9 kg.	111.34

Verðbil verður 6%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 81 12. febrúar 1979.

2. gr. liður 21. orðist þannig:
2.1 29.89 kr/kWh. Lágmarksgjald er kr. 2 060.10 á ársfjórðungi.
3. gr. liður 3.1 orðist þannig:
3.1 22.89 kr/kWh. Lágmarksgjald er kr. 2 060.10 á ársfjórðungi.

4. gr. liður 4.1 orðist þannig:
4.1 28.89 kr/kWh. Lágmarksgjald er kr. 2 060.10 á ársfjórðungi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest skv. Vatnalögum nr. 15, 20. júni 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 132. 26. febrúar 1979.

AUGLÝSING

um hækkun gjaldskrár Dýralæknafélags Íslands.

Frá og með 1. mars, 1979, hækkar gjaldskrá Dýralæknafélags Íslands um 6.90%. til samræmis við almenna launahækkun.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. febrúar, 1979.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 133 27. mars 1979.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja.

Með tilvísun til 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 15.5% hækkun á gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja nr. 369 4. október 1978 frá og með 1. apríl 1979. Hækkun þessi kemur til viðbótar 4.51% hækkun verðjöfnunargjalds skv. lögum nr. 6/1979.

Iðnaðarráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 120—133. Útgáfudagur 30. mars 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1979

28. febrúar 1979. 233 Nr. 134.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 359 1975 um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

VII. kafli orðist svo:

VII. KAFLI

Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar í júní ár hvert:

a. Til eins árs:

1. Bygginganefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Hafnarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
3. Barnaheimilanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Félagsmálaráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
5. Kjörskrárnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
6. Atvinnumálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, hafnarsjóðs, Fjórðungssjúkrahúss, vinnuvéla, vatnsveitu, Lífeyrissjóðs bæjarstarfsmanna, félagsheimilis, tveir aðalmenn og tveir til vara.
8. Umferðar- og öryggismálanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
9. Kjörstjórnir við alþingis- og forsetakosningar:
   a) Yfirkjörstjórn kaupstaðarins, þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b) Undirkjörstjórnir, þrír aðalmenn og þrír til vara í hverri undirkjörstjórn.
10. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
    a) Yfirkjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
    b) Undirkjörstjórnir, þrír aðalmenn og þrír til vara í hverri undirkjörstjórn.
11. Stjórn Djúpbátsins h.f., tveir aðalmenn og tveir til vara.
12. Stjórn félagsheimilis, einn aðalmaður og einn til vara.
13. Fulltrúa á sýslufund Norður-Ísafjarðarsýslu, er hafi ásamt sýslunefndinni, umsjón með styrktarsjóði ekkna og barna þeirra Ísfirðinga, sem í sjó drukkna, þrír aðalmenn og þrír til vara.
14. Fulltrúa á aðalfund Íshúsfélags Ísfirðinga h.f., þrír aðalmenn og þrír til vara.
15. Fulltrúa á aðalfund Togaraútgerðar Ísafjarðar h.f., þrír aðalmenn og þrír til vara.
16. Fulltrúa á aðalfund Hraðfrystihússins h.f., Hnífsdal, þrír aðalmenn og þrír til vara.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

17. Fulltrúa á fund Eigendafélags félagsheimilis, þrír aðalmenn og þrír til vara.
18. Fulltrúa á aðalfund Reiknistofu Vestfjarða h.f., þrír aðalmenn og þrír til vara.
19. Fulltrúa á aðalfund Hótels Ísafjarðar h.f., þrír aðalmenn og þrír til vara.
20. Fulltrúa á aðalfund Gests h.f., einn aðalmaður og einn til vara.
21. Fulltrúa á aðalfund Átaks STÁ, þrír aðalmenn og þrír til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Skólanefnd grunnskóla, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Skólanefnd húsmæðraskólans, tveir aðalmenn og tveir til vara.
3. Skólanefnd Iðnskólans, tveir aðalmenn og tveir til vara.
4. Skólanefnd héraðsgagnf.sk. Reykjanesi, einn aðalmaður og einn til vara.
5. Náttúruverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
6. Íþróttanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Áfengisvarnarnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
8. Heilbrigðisnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
9. Menningarráð, fimm aðalmenn og fimm til vara.
10. Stjórn Sjúkrasamlags Ísafjarðar, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
11. Stjórn Fjórðungssjúkrahúss og elliheimilis, þrír aðalmenn og þrír til vara.
12. Framtalsnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
13. Barnaverndarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
14. Bókasafnsstjórn, sem einnig fer með stjórn héraðsskjalasafnsins, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
15. Brunamálanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
16. Landbúnaðarnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
17. Sjó- og verslunardómur, sjö aðalmenn og sjö til vara.
18. Sáttanefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
19. Byggðasafnsstjórn, einn aðalmaður og einn til vara.
20. Í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.

C. Aðrar nefndir skv. skrá.

Nefndir, sem starfa á vegum bæjarstjórnar skulu kjósa sér formann. Formenn skulu sjá um, að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina saman til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarsjóri boðað, að fundir skulu haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

38. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

39. gr.

Byggingarnefnd skipa 4 menn auk bæjarstjóra, sem er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar lögum samkvæmt. Tveir hinna kjörnu fulltrúa nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar.

Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annist byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

40. gr.

Í hafnarnefnd er forseti bæjarstjórnar sjálfkjörinn formaður. Í nefndina eru kosnir tveir menn úr bæjarstjórn og tveir menn utan hennar og jafnmargir til vara valdir á sama hátt. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnalögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs og hefur umsjón með störfum starfsmanna hafnarinnar. Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

41. gr.

Í félagsmálaráð skulu kosnir fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið skal fjalla um framfærslumál, æskulýðsmál, skipulag unglingavinnu eða vinnuskóla, þjónustu við aldraða og hvers konar almenna félagslega þjónustu, sem ekki er falin öðrum sérstaklega.

Félagsmálaráð skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Framfærslufulltrúi, bæjarstjóri, kveður ráðið saman til fundar um framfærslumál og skulu slíkir fundir skráðir í sérstaka gerðabók.

Félagsmálafulltrúi er starfsmaður ráðsins.

42. gr.

Í kjörskrárnefnd skulu kosnir þrír bæjarfulltrúar og þrír til vara. Nefndin sér um endurskoðun kjörskrárstofns í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

43. gr.

Stjórn Fjórðungssjúkrahússins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, skulu þrír fulltrúar kjörnir af bæjarstjórn og tveir fulltrúar af starfsmannaráði sjúkrahússins.

Þeir þrír fulltrúar er bæjarstjórn kýs í stjórn F. S. Í. skipa stjórn elliheimilisins.

Stjórn sjúkrahússins fer einnig með stjórn heilsugæslustöðvar á Ísafirði.

44. gr.

Í landbúnaðarnefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara og skulu tveir aðalmenn og jafnmargir varamenn kosnir úr hópi starfandi bænda en hinir úr hópi bæjarfulltrúa.

Nefndin sé bæjarstjórninni til ráðuneytis um landbúnaðarmál. Hún skal einnig sjá um fjallskil og fóðurgæslu.

45. gr.

Í umferðar- og öryggismálanefnd skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír til vara.

Nefndin er ráðgefandi um umferðar- og öryggismál í kaupstaðnum.

Forstöðumaður Tæknideildar, eða staðgengill hans, skal að jafnaði sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

46. gr.

Áfengisvarnarnefnd starfar samkv. reglugerð nr. 241/1970.

Áfengisvarnarnefnd er skipuð sex mönnum þ. e. bæjarstjórn kýs þrjá aðalmenn

og þrjá til vara og auk þess skulu formaður félagsmálaráðs, formaður barnaverndarnefndar og félagsmálafulltrúi eiga sæti í áfengisvarnarnend.

Ráðherra skipar formann áfengisvarnarnefndar.

47. gr.

Barnaheimilanefnd skal annast umsjón og eftirlit með rekstri barnaheimila og barnaleikvalla og gera tillögur til bæjarráðs um málefni þeirra.

Forstöðumaður heimilis skal eiga sæti á fundum nefndarinnar, þegar fjallað er um málefni þess.

48. gr.

Íþróttanefnd starfar eftir sérstökum starfsreglum samþykktum af bæjarstjórn. Stjórn Í. B. Í. gerir tilnefningu um þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara.

2. gr.

Töluröð greina í VIII. og IX. kafla breytist í samræmi við framanritaðar breytingar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 135. 22. febrúar 1979.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

Vatnsveita Húsavíkur er eign Húsavíkurkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveita Húsavíkur er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Húsavíkurkaupstaðar og með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Húsavíkur skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Húsavíkur til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur fer með stjórn vatnsveitunnar. Um daglegan rekstur vatnsveitunnar fer eftir samþykkt um stjórn bæjarins. Þegar þörf þykir á að mati bæjarstjórnar, skal ráðinn sérstakur vatnsveitustjóri, en þangað til skal yfirmaður verklegra framkvæmda fara með störf hans.

3. gr.

Vatnsveita Húsavíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Húsavíkurkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu, og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til orku- og veitunefndar þar að lútandi. Orku- og veitunefnd setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnotum og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með hvers konar jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða afrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

7. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði orku- og veitunefndar.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi né fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis vatnsveitustjóra.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðarmörkum.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá lóðarmörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri

heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð sem fást hjá vatnsveitustjóra.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Með umsókninni fylgi uppdráttur í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Álíti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars sem kann að vera því til fyrirstöðu.

10. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

11. gr.

Eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa skal vera í höndum byggingarfulltrúa, sbr. gr. 1.9.7 og gr. 15.2 í byggingarsamþykkt fyrir Húsavík.

12. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í sambandi við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Orku- og veitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn, og til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissa tíma í senn.

Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

14. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

15. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

16. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 14. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húsciganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vatnsveitu Húsavíkur nr. 53, 2. mars 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 136. 12. mars 1979.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Kirkjubæjarklaustri, Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til að leggja holræsi um Kirkjubæjarklaustur. Holræsagerðin er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð hefur þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út í aðalræsi og skal hann halda við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða af lóð er óheimilt að tengja í aðalræsi og skal slíkt tengt í svelg, sem húseigandi skal gera þar til að holræsagerðin hefur lagt sérstaka lögn fyrir regnvatn af húsi og lóðum og skal þá húseigandi tengja regnvatn sitt í hana á sinn kostnað. Holræsagerðin lætur steypa rotþrær, sem allt skólp staðarins skal tengt í. Greiða skal 200 000.00 krónur í tengigjald af íbúð, en af atvinnuhúsnæði ákveður hreppsnefnd tengigjald hverju sinni. Heimilt er hreppsnefnd að hækka tengigjald, en þó aldrei meira en nemur hækkun byggingarvísitölu. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningamanni eða öðrum sérfróðum mönnum. Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem hreppsnefnd hefur samþykkt skal heimilt að leggja holræsalagnir. Engar lagnir má hylja fyrr en fulltrúi hreppsnefndar hefur samþykkt þær.

4. gr.

Þeir einir, sem hreppsnefnd samþykkir skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, er standa í sambandi við holræsakerfi staðarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist af holræsagerðinni og til þess að standast þau útgjöld, sem af framkvæmd og viðhaldi leiðir, ber hverjum þeim, sem á hús, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í að greiða árlega til holræsagerðarinnar — og, í fyrsta sinn fyrir árið 1979 — 0.20% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það reiknast á hverjum tíma, en þó aldrei minna en kr. 5 000.00 af húsi eða húshluta, sem talið er sér í fasteignamati, enda sé holræsalögn að viðkomandi húsi eða húsahluta. Gjöld þessi er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um 50% án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum húseiganda næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 500 000.00 sem rennur í hreppssjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 137. 16. mars 1979.

REGLUGERÐ
fyrir Fósturskóla Íslands.

I. KAFLI
Hlutverk skólans.

1. gr.

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík. Skólinn er jafnt fyrir karla og konur.

2. gr.

Hlutverk Fósturskóla Íslands er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til sjö ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum.

Heimilt er að fela skólanum að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og skal þá setja um það sérstaka reglugerð.

3. gr.

Í starfsemi Fósturskólans skal stefnt að því að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum sem skólanum er ætlað að fást við og talin eru í 2. grein.

Leggja skal áherslu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til og á þann hagnýta grundvöll sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálarfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áhersla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

4. gr.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálarfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til.

5. gr.

Skólinn skal annast endurmenntun fósturmenntaðs fólks. Skal sú fræðsla miðast annars vegar við upprifjun og endurhæfingu fólks sem ekki hefur verið í starfi um skeið og hins vegar við endurmenntun fólks í starfi.

Endurmenntun skal veitt á ýmsan hátt svo sem:

a. Einstakir fyrirlestrar eða fyrirlestraflokkar.
b. Samfelld námskeið eina eða tvær vikur.
c. Kvöldnámskeið eitt eða fleiri kvöld í viku í nokkrar vikur.
d. Heimsóknir og fræðsla á vettvangi.
e. Stakir fræðslufundir með fólki í starfi.

6. gr.

Skólinn skal annast framhaldsmenntun fyrir fósturmenntað fólk. Yrði slík framhaldsmenntun tvíþætt:

a. Námskeið.
b. Árlangt framhaldsnám.

7. gr.

Þar sem starfssvið Fósturskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands skarast, skulu skólarnir hafa samvinnu um framhalds- og endurmenntun.

II. KAFLI

Stjórn skólans.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

9. gr.

Við skólann skal vera skólanefnd sem menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Skólanefnd skal fylgjast með því að skólinn starfi samkvæmt lögum og reglum sem honum eru settar.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um húsnæði skólans og búnað. Skal þar farið eftir almennum reglum um skóla sem eru í gildi á hverjum tíma en auk þess tekið tillit til sérþarfa skólans.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar, en skólastjóri skal áður hafa farið yfir umsóknir og gert tillögur um hverjir verði teknir í skólann.

Skólanefnd skal fjalla um brottvikningu nemenda úr skóla svo og meiri háttar frávik frá reglulegu námi, sbr. 10. grein.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu skólastjóra.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fastra kennara skólans en skólastjóri skal áður hafa gert tillögur til skólanefndar. Greini skólastjóra og skólanefnd á skal leggja tillögur skólastjóra fyrir menntamálaráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Sé skólanefnd ósamþykk ráðningu einhvers stundakennara skal hún leggja fram rökstuddar tillögur um ráðningu annars í hans stað og er slík breyting háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Skólanefnd gerir árlega tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans. Skulu þær tillögur byggjast á áætlun skólastjóra og liggja fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

Að öðru leyti starfar skólanefnd samkvæmt erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Halda skal gerðabók yfir fundi skólanefndar.

10. gr.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar við stjórn og rekstur skólans. Skólastjóri skal vera formaður þess en auk hans sitja í ráðinu tveir fastir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda.

Kosning til skólaráðs gildir til eins árs í senn.

Skólaráð skal hafa fastan fundardag í hverjum mánuði sem skólinn starfar, en auk þess má kveðja það til fundar eftir þörfum.

Skólaráð fjallar um þau atriði skólastjórnar sem ekki falla beint undir skólastjóra eða skólanefnd samkvæmt reglugerð þessari eða erindisbréfum. Skólastjóri getur auk þess leitað ráða hjá skólaráði um önnur atriði. Meðal verkefna skólaráðs er að gera tillögur og fjalla um fyrirkomulag námsins innan hins almenna ramma skólans, svo og um gerð próftöflu. Einnig skal skólaráð fjalla um agabrot nemenda, þó skal vísa til skólanefndar tillögum um brottvikningu, sbr. 9. grein. Þá tekur skólaráð til meðferðar umsóknir um undanþágu frá eða frestun á einstökum þáttum námsins, sbr. þó 9. grein.

Haldin skal gerðabók yfir fundi skólaráðs.

11. gr.

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð í upphafi hvers skólaárs. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

12. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum.

Skólastjóri skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn ræki skyldur sínar.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda skólans og leiðbeina þeim eftir föngum.

13. gr.

Almennur kennarafundur allra kennara skólans skal haldinn í upphafi hvers skólaárs og síðan eins oft og þurfa þykir. Skólastjóri boðar til kennarafundar þegar hann telur þess þörf, en auk þess er hann skyldur til að boða kennarafund ef þrír kennarar hið minnsta óska eftir því. Á almennum kennarafundi skal kynna ákvarðanir skólaráðs svo og allar almennar ákvarðanir varðandi fyrirkomulag skólans, nám og námsmat. Ef meiri hluti fastra kennara er andvígur tillögum skólaráðs skal skólaráð fjalla um þær aftur og bera þær að nýju undir kennarafund. Kennarafundur getur einnig átt frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólaráðs eða skólanefndar.

Kennarafundur kýs við upphaf hvers skólaárs tvo kennara í skólaráð, skal annar þeirra vera verknámskennari.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa, auk kennara skólans og skólastjóra, annað fastráðið starfsfólk þegar fjallað er um mál er varða starfssvið þeirra.

Skólastjóri býr mál undir kennarafund, en þó getur hver kennari og aðrir þeir, er rétt hafa til fundarsetu, borið fram mál.

Haldin skal gerðabók yfir fundina.

III. KAFLI

Inntaka nemenda í Fósturskólann.

14. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verslunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
2. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist þótt hann fullnægi ekki kröfum 1. töluliðar með hliðsjón af hæfnisprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á stofnunum sem skólinn menntar starfslið til. Skal við mat á slíkum umsóknum m. a. hafa í huga að umsækjandi hafi næga þekkingu, t. d. í íslensku og dönsku til að geta tileinkað sér námsefni skólans.
3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

IV. KAFLI

Um nám, námstíma og námstilhögun.

15. gr.

Námstími í skólanum er þrjú ár og er námið bæði bóklegt og verklegt. Verklegt nám er um það bil þriðjungur námstímans og dreifist á öll árin, þó ekki minna en 12 vikur á 1. ári. Skólinn starfar frá 1. september til maíloka.

16. gr.

Í þeim þáttum námsins sem ekki lýkur með prófi er nemendum skylt að sækja 80% kennslustunda hið minnsta. Þegar námsþætti lýkur með prófi bera nemendur sjálfir ábyrgð á tímasókn, enda sýni þeir á prófi að þeir hafi vald á því efni sem farið hefur verið yfir í kennslustundum.

17. gr.

Verklegt nám, vinna á stofnunum og að verkefnum, fer fram undir eftirliti og stjórn verknámskennara og miðast við 40 klukkustunda vinnuviku. Það fer fram á stofnunum sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðueytið samþykkir. Neminn skal taka virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar og njóta handleiðslu fóstru. Kappkosta skal að samþætta bóklegt og verklegt nám allan námstímann.

Mætingarskylda er í verklegu námi. Þó skal tekið tillit til óviðráðanlegra forfalla, enda fari þau ekki fram úr 12% af námstíma hverrar annar. Sé um langvarandi veikindi að ræða skal skólaráð fjalla um hvert tilfelli um sig með tilliti til hugsanlegrar frestunar náms, sbr. 10. grein. Nemi skal hafa lokið bóklegu og verklegu námi hvers bekkjar áður en hann hefur nám í næsta bekk.

18. gr.

Grunnmenntun sú er Fósturskólinn veitir sbr. 2. og 3. grein, skiptist í uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálsgreinar og heilsufræðigreinar. Heimilt er einnig að gefa kost á námi í öðrum greinum. Reynt skal eftir föngum að tengja og samræma nám í hinum ýmsu greinum.

19. gr.

Áætlaður heildarstundafjöldi allra greina að verknámi frátöldu er allt að 1940 stundir. Skal skipting þeirra vera sem næst því sem hér segir:

Uppeldisgreinar	860 stundir
Félagsgreinar	220 stundir
Móðurmálsgreinar	200 stundir
Heilsufræðigreinar	200 stundir
List- og verkgreinar	460 stundir

V. KAFLI

Um próf og námsmat.

20. gr.

Skólaárið skiptist í haustönn og vorönn. Hver önn getur skipst í eitt eða fleiri námstímabil.

Í upphafi hverrar annar og/eða námstímabils skal kennari setja fram marklýsingu á námsefni annarinnar eða tímabilsins.

Við lok annar fer fram mat á því hvort nemendur hafa náð settu marki.

21. gr.

Fóstra sú er leiðbeinir nemanda í verklegu námi skal við lok hvers námstímabils gefa umsögn um frammistöðu hans á þar til gerðu eyðublaði, enda hafi viðræður við nema um starfshæfni og starfsaðferðir farið fram jafnt og þétt á tímabilinu.

Á verknámstíma fer verknámskennari í stofnanirnar til að leiðbeina nemum og fóstrum.

Leiki vafi á í lok námsárs að einhver nemandi sé talinn hæfur til að stunda áframhaldandi nám, skal verknámskennari ásamt þeim fóstrum sem höfðu nemandann í verknámi taka um það sameiginlega ákvörðun.

22. gr.

Í lok hverrar annar skal meta stöðu nemandans í öllum greinum með þeim undantekningum, sem getið er síðar í þessari grein. Skal staðan metin með prófi og/eða verkefnum sem neminn hefur unnið. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum á bilinu 0—10. Einkunn í verklegu námi skal gefin í orðum annað hvort *hæfur* eða *ekki hæfur*.

Til þess að hefja nám í næsta bekk þarf nemandi að hafa hlotið einkunnina 5 í hverri grein hið minnsta á hvorri önn og einkunnina hæfur í verklegu námi. Endurtaka má próf á vorönn í samráði við kennara og eigi síðar en í upphafi haustannar. Reynt skal að aðstoða nemendur við undirbúning fyrir endurtökupróf.

Ekki er skylt að gefa einkunn í þeim greinum sem kenndar eru á námskeiðum né heldur í tónmennt, leikrænni tjáningu, framsögn, raddbeitingu og myndið enda hafi nemendur sótt 80% tímanna hið minnsta og skilað tilskildum verkefnum.

Í sérstökum tilvikum er nemanda heimilt með leyfi skólaráðs að sanna kunnáttu sína í grein, sem kennd er á námskeiði, með prófi, hafi hann af gildum ástæðum ekki getað tekið þátt í því nema að hluta. Einnig er heimilt að taka til greina sambærileg námskeið sem tekin hafa verið annars staðar.

Skólinn heldur spjaldskrá yfir nemendur þar sem allar einkunnir eru færðar, svo og sá stundafjöldi sem er að baki hverri einkunn. Til að ljúka námi þarf einkunnina 5 í hverri grein á hverri önn og einkunina *hefur í* verklegu námi. Þegar nemandi útskrifast frá Fósturskólanum fær hann skírteini sem vottar að hann hafi lokið námi frá skólanum, einnig fær hann ljósrit eða afrit af einkunnarspjaldi sínu.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar að fengnum tillögum skólastjóra, prófdómendur í uppeldis- og félagsgreinum til þriggja ára í senn.

Í öðrum prófgreinum skal skipa prófdómara þegar upp koma ágreiningsatriði varðandi falleinkunnir á prófi. Geta nemendur, kennarar eða skólastjóri óskað eftir úrskurði prófdómara. Skal ósk um þetta komin fram innan hálfs mánaðar frá því nemanda er birt einkunn.

VI. KAFLI

Um starfslið Fósturskólans.

24. gr.

Fósturskólinn skal vera svo vel búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög mæla fyrir um.

Fastir starfsmenn Fósturskólans eru opinberir starfsmenn.

Forseti Íslands skipar skólastjóra. Fasta kennara og aðra fasta starfsmenn skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til skólanefndar um skipun kennara. Greini skólastjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólastjóra lagðar fyrir menntamálaráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans með sama fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

25 gr.

Um menntun skólastjóra og kennara Fósturskóla Íslands fer eftir lögum nr. 51, 1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

26. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans ef skólastjóri ákveður svo.

27. gr.

Félags- og námsráðgjafi skal starfa við skólann og miðast fullt starf við 750 nemendur. Hann skal vera uppeldis- eða sálfræðingur, félagsráðgjafi eða kennari að menntun, sem fyrir sérþekkingar eða reynslu sakir telst hæfur til að takast slíkt á hendur. Hann liðsinnir nemendum í námsvanda, svo og um einkamál. Hann fer með hvert erindi, sem undir hann er borið, og þá vitneskju, sem hann öðlast í starfi sínu, sem algert trúnaðarmál.

Félags- og námsráðgjafi er einnig ráðgjafi kennara um vandamál nemenda. Skulu kennarar leita til hans ef nemanda sækist námið vonum seinna, eða ef nemandi semur sig ekki að háttum skólans.

Félags- og námsráðgjafi á rétt til setu á fundum skólaráðs þegar fjallað er um námserfiðleika eða agabrot einstakra nemenda og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt.

Félags- og námsráðgjafi skal hafa fastan viðtalstíma í skólanum og vera þar á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Fulltrúi skal annast störf á skrifstofu skólans, bókhald, vélritun, skjalavörslu og hvers konar daglega afgreiðslu.

Bókavörður. Ráðinn skal bókavörður í hluta starfs eða heilt starf eftir því sem þörf er á.

Húsvörður hefur umsjón með lóð og húsum skólans, húsmunum, ræstingu, ljósi og hita. Hann sér um innkaup á tækjum og efni til ræstingar og annast vörslu þess. Hann ræður í samráði við skólastjóra starfslið til ræstingar og annarra starfa sem falla undir hans umsjónarsvið og stjórnar þeim verkum. Hann hefur reiður á starfstíma þess og skilar fulltrúa skýrslu um hann svo að greiðslur komi fyrir í tæka tíð. Húsvörður hefur umsjón með og annast viðhald á húsi og húsbúnaði og vekur í tæka tíð athygli á því er ætla má að þarfnist fjárveitinga ár hvert.

VII. KAFLI

Um húsrými og tæki.

28. gr.

Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerð fyrir bóklegt og verklegt nám, bókasafni og lesstofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofuhúsnæði fyrir kennara og skólastjóra, herbergi fyrir læknis- og ráðgjafarþjónustu og það húsnæði annað er þörf verður fyrir.

Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna sem nemendur hafi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja er þörf verður á.

29. gr.

Skólastjóri hefur samráð við kennara um bækur og kennslugögn áður en hann gerir tillögu um fjárhagsáætlun skólans.

VIII. KAFLI

Um gildistöku reglugerðarinnar.

30. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 10, 1973 um Fósturskóla Íslands og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 226/1976, fyrir Fósturskóla Íslands.

Í menntamálaráðuneytinu, 16 mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr. 138. 27. febrúar 1979.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu nr. 304 3. ágúst 1977.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist eftirfarandi:

Vindhælishreppur:

Kjalarlandsvegur af Skagastrandarvegi að Kjalarlandi. Vegur að íbúðarhúsi á Ytra-Hóli af Skagastrandarvegi.

Bólstaðarhlíðarhreppur:

Eiríksstaðavegur að Eiríksstöðum af Svartárdalsvegi.

Torfalækjarhreppur:
Vegur að skilarétt við Stóru-Giljá af Norðurlandsvegi.

2. gr.

11. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

20. mars 1979. Nr. 139.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps, nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld:

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126 7. mars 1978.

Samgönguráðuneytið, 20. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 140. 5. mars 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 130 21. apríl 1976 um gatnagerðargjöld í Kópavogi.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr liður svohljóðandi: „Opin skýli, sem reft er yfir ..... 1.5%".

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 141. 9. mars 1979.

AUGLÝSING


um friðland við Gullfoss.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gullfoss ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir:

Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvítárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Brattholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Brattholtsgili og þaðan gilið í Hvítá.



Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir.

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið 9. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr. 142. 15. mars 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1979:

Fiskmjöl, $ 7.15 á próteineiningu í lest.
Verðbil verður ekkert.
Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 143. 19. mars 1979.

REGLUGERÐ

um veiðar á sandsíli (ammodytidae).

1. gr.

Allar veiðar á sandsíli í botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m. a. ákveðið hámarksfjölda þeirra báta, sem veiðar stunda hverju sinni.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

15. mars 1979. Nr. 144.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystri rækju fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 1979:

Vélskelflett rækja:	Ísl. kr á kg Cif.
Blokkfryst	2 300.00
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúð, sérfryst	2.300.00
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2 423.00
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	2 683.00
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	2 804.00

Verðbil verður 4%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. mars 1979. Nr. 145.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979:

Óverkaður saltfiskur:	
Stórfiskur nr. 1	kr. 807.00
Millifiskur nr. 1	— 758.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 646.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 596.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 6%, er miðast við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 146. 2. mars 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 153 18. apríl 1978, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Á eftir 11. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem verði 12. tölulið og orðist svo:

12. Fiskveiðasjóði er heimilt að lána í erlendri mynt til nýsmíða fiskiskipa innanlands og meiriháttar endurbóta eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 147. 15. mars 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðu-

neytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1979:

Loðnumjöl, $ 7.15 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 460.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. mars 1979. Nr. 148.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1979:

Þorskur:	Ísl. kr á lb. Cif.
4x14 m/r 5—8 oz	314.43
4x14 m/r 8—12 oz	323.61
4x14 m/r 12—16 oz	325.90
4x14 m/r 1—3 lbs.	330.49
4x14 m/r (S. Í.S.)	325.90
4x14 r/l 8—12 oz	348.88
4x14 r/l 12—16 oz	362.65
4x14 r/l 1—3 lbs.	376.42
10x5 og 3x18	406.34
5x8	506.73
5x10 og 6x10	435.03
4x10	435.03
4x12	420.68
4x13	420.68
4x15	449.37
12x1	392.00
Blokk	334.64
Ýsa:	
4x14 m/r 4—8 oz	309.84
4x14 m/r 8—12 oz	332.79

	Ísl. kr á kg Cif.
4x14 m/r 12—16 oz	344.29
4x14 m/r 16 oz og yfir	344.29
4x14 m/r (S. Í. S.)	371.83
10x5	435.03
3x18, 4x13 og 4x12	449.37
12x1	420.68
Blokk	334.64

Steinbítur:

8x7 r/l	251.26
10x5	486.02
12x1	442.99
Blokk	318.70

Karfi:

8x7 m/r	251.26
10x5 m/r	277.27
10x5 r/l	291.61
10x5 Sea Star	283.01
4x10 Sea Star	268.66
5x8 m/r og b/l 4—8 oz	334.64
5x8 m/r og b/l 8 oz og yfir	363.32
3x8 kg Japan	199.51
1x20	278.23
4x6 kg r/l lagp.	319.94
12x1 r/l	334.64
12x1 m/r	290.02
Blokk m/b	292.63
Blokk	286.83

Ufsi:

8x7 r/l	198.77
4x6 kg	198.77
10x5	251.45
4x12 og 4x13	268.66
4x14	222.39
2x15 kg	249.70
Blokk	223.09

Langa:

8x7 r/l	251.26
10x5	270.90
Blokk	232.65

Keila:

8x7 r/l	251.26
Blokk	191.22

Grálúða:	Ísl. kr á kg Cif.
Heilfryst hausuð yfir 2 kg	199.00
Heilfryst hausuð að 2 kg	120.95
Heilfryst m/h Rússl.	113.68
4x12 lagp.	299.58
4x10, 6x10 og 4x14	286.83
Blokk U. S. S. R.	251.26
Blokk U. S. A.	200.78
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	113.68

Verðbil verður 6%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

15. mars 1979. Nr. 149.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979:

	Ísl. kr á lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	767.50
Blokkfrystur hörpudiskur	**735.55**
Rauður hörpudiskur	447.70

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979:

Söltuð ufsaflök	
16/20 FF	kr. 885.00
— AB	— 749.00
21/25 FF	— 856.00
— AB	— 724.00
26/30 FF	— 825.00
— AB	— 698.00
31/35 FF	— 795.00
— AB	— 672.00
36/40 FF	— 762.00
— AB	— 646.00
41/45 FF	— 730.00
— AB	— 620.00
46/50 FF	— 698.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 5%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 151. 16. mars 1979.

AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um sakaskrá ríkisins og sakavottorð, nr. 69 26. mars 1971.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Tilkynna skal sakaskránni uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum, uppreist æru, endurveitingu réttinda, sem sakborningar hafa verið sviptir með dómi og veitingu reynslulausnar skv. 40. gr. almennra hegningarlaga.

2. gr.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 21. ágúst 1974 og öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. mars 1979.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

16. mars 1979. Nr. 152.

REGLUGERÐ

um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu.

1. gr.

1. mgr. Heimilt er að taka fingraför og ljósmyndir í þágu opinberrar rannsóknar af þeim, sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi. Samanburðarfingraför má taka af öllum þeim sem vegna umgengni sinnar um vettvang gætu átt fingraför á staðnum. Heimildir þessar gilda einnig þótt refsingu verði ekki við komið að lögum.

2. mgr. Ákvæði 1. málsliðar 1. mgr. gilda ennfremur um þá, sem ákveðið hefur verið að vísa úr landi eða framselja til annars lands.

3. mgr. Neiti hlutaðeigandi að láta taka af sér fingraför eða ljósmynd er óheimilt að beita valdi við tökuna, fyrr en úrskurður dómara hefur verið fenginn um að skilyrði til fingrafaratöku eða ljósmyndatöku séu fyrir hendi.

4. mgr. Fingraför eða ljósmyndir, sem teknar hafa verið skv. 1. mgr. má ekki taka á skrár, nema skilyrðum 2. gr. sé fullnægt.

5. mgr. Fingraför eða ljósmyndir, sem ekki verða teknar á skrá skv. 4. mgr., skal eyðileggja, þegar málið hefur verið til lykta leitt, óski viðkomandi aðili eftir því.

2. gr.

1. mgr. Heimilt er að taka og skrá fingraför og ljósmyndir af sérhverjum, sem

a) er grunaður um refsiverðan verknað, sem varðað getur varðhaldi eða fangelsi, eða hefur verið dæmdur í varðhald eða fangelsi eða til að sæta öryggisgæslu,
b) ákveðið hefur verið að vísa úr landi eða ákveðið hefur verið að framselja til annars lands,
c) handtekinn hefur verið vegna gruns um afbrot, ef beiðst hefur verið gæsluvarðhalds.
d) fingraför unglinga, sem uppvísir eru að afbrotum.

2. mgr. Í tilvikum þeim, er greinir í a) getur sá, sem tekin hafa verið fingraför og/eða ljósmyndir af, þegar máli er lokið að því er hann varðar og fulljóst þykir, að hann er ekki sekur, krafist þess að fingraförin og/eða ljósmyndirnar verði eyðilagðar.

3. mgr. Ennfremur skal taka fingraför og ljósmyndir, eftir því sem unnt er, af óþekktum líkum.

4. mgr. Að öðru leyti skal það vera á valdi lögreglustjóra að meta — innan ramma laga og reglugerða — hvort taka skuli ljósmyndir og/eða fingraför.

3. gr.

1. mgr. Lögreglan annast ljósmyndun og töku fingrafara. Heimilt er að fela sérfróðum mönnum utan lögreglu töku ljósmynda.

2. mgr. Rannsóknalögregla ríkisins getur kveðið nánar á um, hvernig fingraför og ljósmyndir skuli teknar.

3. mgr. Heimilt er að fjölfalda ljósmyndir og fingraför til dreifingar í skrár einstakra lögregluumdæma.

4. gr.

1. mgr. Fingraför og ljósmyndir skulu varðveittar þannig, að óviðkomandi hafi ekki aðgang. Fjarlægja ber úr fingrafara- og ljósmyndaskrám fingraför og ljósmyndir, þegar í ljós kemur að hlutaðeigandi er látinn eða þegar umrædd gögn teljast ekki hafa gildi lengur.

5. gr.

1. mgr. Fingraför og ljósmyndir, sem lögreglan í einstökum lögregluumdæmum tekur, skulu svo fljótt sem auðið er, sendar rannsóknarlögreglu ríkisins til skráningar og geymslu.

6. gr.

1. mgr. Framangreindar reglur skulu einnig gilda um önnur persónuleg gögn, svo sem lófaför, tannkort, o. fl., sem haldnar verða skrár um.

7. gr.

1. mgr. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. málsgr. 32. gr. laga nr. 74 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 107 1976, og 5. gr. laga nr. 108 1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Hjalti Zophóníasson.

Nr. 153. 22. mars 1979.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands leyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum, tímabilið 1. maí 1979 til 30. september 1979:

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir.
Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Leyfi þetta gildir fyrir eina áætlunarferð í viku.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Ernir h.f., Ísafirði, leyfi til reglubundins áætlunarflugs á eftirtöldum flugleiðum:

Ísafjörður — Reykjanes — Melgraseyri — Ísafjörður og Ísafjörður — Bæir — Arngerðareyri — Ísafjörður, tímabilið 1. apríl 1979 til 30. september 1979.

Leyfið er til flutninga á farþegum, pósti og vörum.

Samgönguráðuneytið, 22. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

30. mars 1979. Nr. 155

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1972 um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins, með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Lánsumsókn fylgi þessi gögn:

a) Lóðarsamningur eða staðfest afrit af honum, ef um leigulóð er að ræða, ella sönnunargögn um eignarrétt. Ef um er að ræða íbúðarhús í sveit, er forsenda lánveitingar að umsækjandi láti fylgja yfirlýsingu frá hreppsnefnd þess efnis, að fyrirhuguð íbúðarhúsbygging sé á lögbýli og nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni.

b) Teikning í 2 eintökum af fyrirhuguðu húsi eða viðbyggingu með árituðu samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalds, og þess sérstaklega getið hvenær samþykkt þessi átti sér stað. — Þessa áritun byggingaryfirvaldo skal einnig skoða sem fullnaðarsamþykkt fyrir staðsetningu hússins. — Ef um viðbyggingu er að ræða skal teikning eða uppdráttur einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við. Með umsókn um lán út á íbúð í sambyggingu eða fjölbýlishúsi, skal tilgreint með tölusetningu hvar íbúðin er staðsett í húsinu.

c) Yfirlýsing um efnahag og tekjur umsækjanda á þar til gerðu eyðublaði, þar sem m. a. eru upplýsingar um hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð s. l. tvö ár, staðfest af skattstjóra eða umboðsmanni hans.

d) Vottorð héraðslæknis um íbúð umsækjanda, ef hún er heilsuspillandi eða sérstaklega gölluð og hann óskar að styðja umsókn sína slíku vottorði.

e) Vottorð heimilislæknis um heilsufar umsækjanda eða fjölskyldu hans, ef hann óskar að styðja umsóknina með því að tilgreina erfiðar heilsufarsástæður.

f) Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, nöfn og aldur fjölskyldumanna svo og lögheimili.

g) Vottorð byggingaryfirvalds, þegar húsið hefur náð fokheldisstigi. Lánsréttur vegna húsa, sem bygging var hafin á eftir 1. janúar 1974 skal miðast við það hvenær fokheldisstigi er náð. Sé um að ræða íbúðarhús í sveit, sem ekki nýtur

þjónustu byggingarfulltrúa skv. ákvæðum byggingarlaga, er nægjanlegt að sent sé vottorð oddvita um byggingarstig íbúðarhúss, enda verði slíkt vottorð staðfest síðar, af matsmönnum áður en til lánveitingar kemur.

h) Ef íbúðarhús er fyrir á lögbýli, ber umsækjanda að gera sérstaklega grein fyrir því. Sé íbúðarhúsið ónothæft skal leggja fram vottorð frá héraðslækni þess efnis. Sé hins vegar fyrirhuguð stofnun félagsbús, ber umsækjanda að leggja fram staðfestingu Landnáms ríkisins fyrir stofnun félagsbúsins.

i) Önnur þau gögn, sem húsnæðismálastjórn kann að telja nauðsynleg.

Umsækjendur, sem kaupa íbúðir í smíðum, skulu auk framangreindra gagna einnig senda staðfest afrit af kaupsamningi, þegar kaup hafa farið fram.“

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Við úrskurð um lánshæfni umsókna skal fylgt eftirfarandi reglum um stærð nýbygginga miðað við innanmál útveggja.

a) fyrir einhleypinga, hámarksstærð íbúðar 80 m² í fjölbýlishúsum og 100 m² í einbýlis- og raðhúsum.

b) fyrir 2—5 manna fjölskyldu, hámarksstærð 110 m² í fjölbýlishúsum og 125 m² í einbýlis- og raðhúsum.

c) fyrir 6—8 manna fjölskyldu, hámarksstærð 135 m² hvort heldur í einbýlis-, rað-, eða fjölbýlishúsum.

d) fyrir 9 manna fjölskyldu eða stærri má bæta við hæfilegum fermetrafjölda fyrir hvern fjölskyldumann allt að 150 m².

e) Hámarksstærð íbúðarhúss, sem byggt er á lögbýli og nauðsynlegt er vegna búrekstrar á jörðinni, má vera 150 m² án tillits til fjölskyldustærðar.“

Ef nauðsynlegt er vegna aðstæðna á byggingarstað að hafa kjallara undir íbúðarhúsnæði og salarhæð hans eigi meiri en 240 cm þ. e. lofthæð 220 cm, skal kjallarinn eigi talinn með í flatarmáli íbúðar. Heimilt er að hafa anddyri, þvottahús og geymslu í kjallara og telst slíkt rými eigi til flatarmáls íbúðar.

Í einbýlis- eða raðhúsum á einni hæð er heimilt að byggja 10 m² stærra en greint er í stafliðum a—e án þess að til komi skerðing á láni, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er að veita umsækjendum lán enda þótt þeir byggi eða kaupi stærri íbúðir en heimilt er samkvæmt stafliðum a—e hér að framan. Skal þá fylgt eftirfarandi reglum um fjárhæðir lána:

1. Fyrir hverja 5 m² sem íbúð er stærri en gildandi stærðarreglur heimila skal skerða lánsfjárhæð um 5%.
2. Þegar stærð íbúðar er orðin 20 m² meiri en gildandi stærðarreglur heimila skal skerða lánsfjárhæð um 10% fyrir hverja 5 m² sem bætast við.
3. Nemi skerðing láns 70% samkvæmt 1. og 2. tölulið telst umsókn ekki lánshæf og skal henni synjað.

Þess skal sérstaklega gætt, að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð umsækjanda. Varðandi lán út á íbúðir einhleypinga skal á það lögð áhersla, að íbúðin sé hæf til íbúðar fyrir litla fjölskyldu.

Þegar atvinnuhúsnæði er leyft í íbúðarhúsi, sem íbúðarlán er veitt til, skal húsið hannað þannig að órofinn steyptur veggur sé milli íbúðar og atvinnuhúsnæðis, sé það á sömu hæð. Skal vera sérinngangur í atvinnuhúsnæðið svo og sér hreinlætisaðstaða og annað það, sem atvinnuhúsnæði ber að fylgja. Skipulagi hússins skal vera þannig háttað, að ætla megi að atvinnuhúsnæðið verði í raun notað sem slíkt. Umsækjandi skal leggja fram skriflega yfirlýsingu sveitarstjórnar um að hún leyfi umræddan atvinnurekstur á viðkomandi stað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

4. apríl 1979. **Nr. 156.**

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5 24. janúar 1979, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Til 15. maí 1979, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

A. 63°10'0 N 22°00'0 V
B. 63°25'3 N 22°00'0 V
C. 63°33'7 N 23°03'0 V

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

29. mars 1979. **Nr. 157.**

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365 13. október 1978 um jöfnunargjald.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við tollafgreiðslu á vörum sem tollfrjálsar eru samkvæmt 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt 3. gr. tollskrárlaga, skal veita undanþágu frá greiðslu jöfnunargjalds.

Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af samkvæmt 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og eigi ber jöfnunargjald, skal skerða tollalækkunina

sem nemur jöfnunargjaldinu, hvíli gjaldið á þeirri vöru sem tollur er færður til samræmis við.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald svo og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. mars 1979.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 158. 27. mars 1979.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps, Vestur-Ísafjarðarsýslu, að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Þingeyrarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Á fundi hreppsnefndar Þingeyrarhrepps 19. mars 1979 var samþykkt, með tilvísun til skipulagslaga, að áskilja Þingeyrarhreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum í Þingeyrarhreppi vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1979

30. mars 1979. 265 Nr. 159.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

1. gr.

Við lista A á fylgiskjali I (efni sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 21. maí 1974) bætist:

A. 10. Phencyclidinum ..... NFN.

Efni merkt A. 10 verði A. 11. o. s. frv.

2. gr.

Af lista B á fylgiskjali I (efni sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og eru jafnframt eftirritunarskyld) falli niður:

B. 97. Phencyclidinum ..... NFN.

Efni merkt B. 98 verði B. 97. o. s. frv.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. mars 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

10. apríl 1979. Nr. 160.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 750 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 2000 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 20. apríl 1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Nr. 161. 10. apríl 1979.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 350.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 700.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 20. apríl 1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Nr. 162. 10. apríl 1979.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 2000 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2000 kr. hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 2000 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 20. apríl 1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 159—162. Útgáfudagur 18. apríl 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1979

Nr. 163. 268 20. mars 1979.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um upprekstur og vorsmölun.

1. gr.

Öllum fjáreigendum í hreppunum er heimilt að reka allt sauðfé sitt til afréttar að því tilskildu að ítölu sé ekki beitt eða beitarþoli afréttarins sé ekki ofboðið að dómi gróðurverndarnefndar sýslunnar eða landgræðslustjóra. Ekki má láta hross eða nautpening ganga lausan í afrétti. Þá má ekki reka sauðfé í afrétt að vori fyrr en hreppsnefndir leyfa.

2. gr.

Eigendum búfjár er skylt að gæta þess að það gangi ekki öðrum til tjóns. Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé, sem heima er á sumri, og getur hann þá snúið sér til hreppsnefndar með umkvörtun, en hún aðvarar hlutaðeigandi. Sinni eigandi ekki slíkri viðvörun getur hreppsnefnd látið reka féð í afrétt eða heim til hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta hjá eiganda á sama hátt og fjallskil og er eindagi sá sami.

3. gr.

Þegar saman liggja afréttarlönd tveggja hreppa eða fleiri, og einn þeirra eða fleiri verða fyrir sérstökum ágangi á heimalönd sín eða afrétti frá hinum, þá skal sá hreppurinn eða þeir, er fyrir ágangi verða, eiga kröfurétt um, að fram fari mat þriggja óvilhallra manna, skipaðra af sýslumanni, á bótum fyrir ágang, ef ekki tekst samkomulag.

Skal matsmönnum greidd þóknun úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Náist ekki samkomulag eftir þessum leiðum þá geta þeir sem fyrir ágangi verða krafist ítölu skv. 17. og 18. greinum laga 42/1969.

4. gr.

Eigi má hreppsnefnd eða einstaklingar taka utanhreppsfé til göngu í afréttarland hreppsins nema fyrir liggi skjalfest samþykki þess eða þeirra hreppa, er aðliggjandi afréttarlönd eiga, ásamt skjalfestu samþykki þeirra bænda, sem heimalönd eiga að afrétti. Hið sama gildir um heimalönd, sem notast sem afréttur.

Enginn má taka sauðfé í heimalönd sín nema girt sé öruggri, sauðheldri girðingu eða með samþykki allra nágrannabænda og hreppsnefndar. Þó ber sá, sem slíkan fénað tekur, fulla ábyrgð á, ef sá fénaður veldur ágangi eða skemmdum á annarra löndum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Hreppsnefndin hefur rétt til að afstýra yfirgangi af utansýslugripum, sauðfé, nautpeningi og hrossum, sem heimildarlaust eru á afréttinn komnir, og hefur hún í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði á afrétti og heimalöndum, þegar henni þykir þurfa.

Rétt er hreppsnefnd að krefjast ítölu í lönd nágrannahéraðs samkv. 17. til 25. gr. laga 43/1976.

6. gr.

Hreppsnefndir ákveði upprekstrarleiðir á afrétt og sjái um að hlið séu á girðingum þar sem þurfa þykir.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, er honum er trúað fyrir, og sér um, að reglum þessum sé hlýtt, og ber ábyrgð á því.

Sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrinum sé haganlega dreift og ær látnar taka lömb sín.

7. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarhluta hafa, er búfjárhagar fylgja, skulu smala þá á vorum, þegar rýja þarf sauðfé eða reka það á afrétt, allt eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnunum heimilt að smala landið og reka fénað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landsnotanda verði sem minnst mein að, og aldrei má reka hans eigin fénað úr hagagirðingu, nema hann leyfi.

Hreppsnefnd getur einnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gera það.

8. gr.

Nú finnast sauðkindur, sem sloppið hafa úr heimahögum, eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb. Er þá finnanda skylt að handsama þær og koma þeim áleiðis til eiganda, ef hann er í nágrenni, að öðrum kosti rýja þær, ef tími er til þess kominn, og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, er hann hefur rúið eða markað. Geti finnandi eigi með vissu vitað, hver er eigandi slíkra kinda, ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í sínum hreppi. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafé.

Hreppsnefnd getur sett reglur um ómakslaun fyrir rúning og mörkun, ef eigi um semst öðru vísi.

II. KAFLI

Um fjallskil.

9. gr.

Allir, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir, sem hafa sauðfé undir höndum, eru skyldir til að inna af höndum fjallskil eftir fyrirmælum hreppsnefnda. Fjallskil skal leggja á sauðfé eftir tölu við fóðurskoðun, þar sem það er fóðrað að vetrinum, nema það sé rekið á annan afrétt og fjallskil gerð af því þar. Heimilt er hreppsnefnd að gefa eftir allt að ¼ af fjallskilum af því fé, sem heima gengur í öruggri sauðheldri girðingu. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að þriðja hluta alls fjallskilakostnaðar á landverð jarða eftir gildandi fasteignamati. Við niðurjöfnun skal þó fráskilja landverð, sem stafar af hlunnindum.

Nú hefur fjáreigandi ekki lögbýli til afnota, skal þá leggja á féð allt fjallskilagjaldið.

Heimilt er hreppsnefndum, hverri fyrir sig, að leyfa upprekstur hrossa í afgirt afréttarsvæði fyrir ákveðið gjald, er hreppsnefndir ákveða ár hvert og auglýsa á viðkomandi þingstað fyrir 1. júní. Gjald þetta er lögtakskræft sem önnur fjallskil.

10. gr.

Hreppsnefnd hver skal sjá um, að fullkomin smölun á afrétti hreppsins fari fram á hverju hausti til fjallsafns og skilarétta. Hefur hreppsnefndin vald til að gefa um þetta efni þær reglur og fyrirskipanir, er hún telur hagkvæmar og nauðsynlegar til trygginga vandlegri smölun. Sá, sem órétti þykist beittur, á rétt á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og síðan sýslunefnd, en engu að síður er honum skylt að inna fjallskilin af höndum, þótt hann bíði úrskurðar í máli sínu. Ef úrskurður gengur honum í vil, skal endurgjalda honum fjallskilin samkvæmt úrskurðinum. Hverjum þeim, sem ekki innir fjallskil af höndum samkvæmt fyrirlagi hreppsnefndar, skal skylt að greiða sem nemur hálfum öðrum fjallskilum hans sjálfs í fjallskilasjóð. Eindagi fjallskila skal vera 30. nóvember.

11. gr.

Hreppsnefnd boðar með fjallseðli 3 vikur fyrir fyrstu fjallsöfn, hvernig leitum skuli hagað og hverjir fari í utansveitarréttir. Að afloknu fyrsta fjallsafni, skal réttað í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars, Laugardalshreppi þriðjudaginn, Grímsneshreppi, Selvogshreppi, Grafningshreppi og Biskupstungnahreppi miðvikudaginn í sömu viku, í Ölfushreppi fimmtudaginn í 23. viku sumars.

12. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða leitarstjóra, einn eða fleiri við afréttarsmölun. Hefur hann, eða þeir, öll ráð og fyrirsögn á hendi á afréttinum, skipar í leitir og ræður sérhverju öðru, er smöluninni viðvíkur, allt þangað til safnið er komið til almenningsrétta, og er leitarmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur. Einnig skal hann sjá um, að leitir gangi ekki inn á annarra afrétti.

13. gr.

Sérhver leitarmaður skal vera með fullri heilsu og fær um að gegna starfi sínu að áliti leitarstjóra og tveggja manna, sem hann kveður með sér, og vel útbúinn að hestum, matvælum, fatnaði, skóklæðum og tjaldrúmi. Hann hafi einnig duglegan fjárhund, ef þess er kostur. Skal haga svo til, að hinir markglöggvustu, sem völ er á, séu sendir í utansveitarréttir.

Ef leitarstjóri með 2 tilkvöddum mönnum, sem best eru til fallnir, gerir einhvern fjallmann afturreka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gert, en skjóta má hann úrskurði leitarstjóra til hreppsnefndar til endanlegra úrslita.

14. gr.

Haga skal fjallgöngum svo, þar sem því verður við komið, að eigi verði misgöngur hreppa á milli. Skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verði við komið. Einnig skulu leitarstjórar sjá um, að fé sé ekki látið að óþörfu of fljótt inn í gerði eða réttir.

15. gr.

Fjallskilasjóður skal vera í hverjum hreppi. Í hann skal renna andvirði óskilafjár, sem selt er í hreppnum, og allt það gjald, sem hreppsnefnd leggur á sauðfé

og jarðarhundruð. Skal það gjald jafnan vera svo hátt, að nægi til afréttarsmölunar, réttaviðhalds og hirðingar fjár úr utansveitarréttum o. fl.

Reikningur fjallskilasjóðs skal fylgja hreppsreikningi til sýslunefndar ár hvert og vera endurskoðaður sem hreppsreikningurinn.

III. KAFLI

Um almenningsréttir.

16. gr.

Hreppsnefndin sér um, að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel við haldið, og heyri þar til eigi aðeins, að allir veggir þeirra séu stæðilegir um réttartímann og næglega háir, heldur einnig, að sauðheld grind sé í hverjum dilkdyrum og almenningsréttinni svo hagað, að eigi standi í henni vatn til óhægðar við fénaðarhirðingu. Við sérhverjar almenningsréttir skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja sér dilk fyrir fé sitt. Nægilegt rúm þarf að vera í hverjum dilk, til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim fyrr en að afstöðnum réttum eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í hennar umboði stjórnar réttahaldi, leyfir. Bygging á almenningsréttum og safngerðum, þar sem þau eru til, hvílir á öllum gjaldendum hreppsins, og skal hún, ef hreppsnefnd skipar ekki öðruvísi fyrir, vera fullgerð næsta kvöld fyrir réttadag, og skal hreppsnefndin tafarlaust láta vinna verkið á þeirra kostnað, sem þá hafa ekki lokið skyldu sinni. Drátt skal byrja þegar markljóst er. Skylt er hreppsnefnd að senda svo marga menn í útréttir, að eigi þurfi að koma meir en 100 fjár á hvern mann til dráttar og rekstrar.

17. gr.

Aðalréttir, aukaréttir og skilaréttir eru:

Fyrir Selvogshrepp, aðalrétt: Selvogsrétt við Hlíðarvatn, aukarétt: engin, skilarétt: Selvogsrétt.

Fyrir Ölfus- og Hveragerðishreppa, aðalrétt: Ölfusréttir í Hveragerði, aukarétt: Hraunsrétt, Hjallarétt og Húsmúlarétt, skilarétt: Ölfusréttir.

Fyrir Grafningshrepp, aðalrétt: Selflatarétt, Úlfljótsvatni, aukarétt: Nesjavallarétt, skilarét: Selflatarrétt.

Fyrir Þingvallahrepp, aðalrétt: Þingvallarétt við Ármannsfell og Gjábakkarétt hjá Gjábakka, aukarétt: Heiðarbæjarrétt, skilarétt: Þingvallarétt.

Fyrir Grímsneshrepp, aðalrétt: Hólaréttir hjá Klausturhólum; aukarétt: Kringlumýrarrétt; skilarétt: Hólaréttir.

Fyrir Laugardalshrepp, aðalrétt: Laugarvatnsrétt, aukarétt: Efsta Dalsrétt; skilarétt: Laugarvatnsrétt.

Fyrir Biskupstungnahrepp, aðalrétt: Tungnaréttir hjá Vatnsleysu; aukarétt: Dalsmynnisrétt; skilarétt: Tungnaréttir.

18. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um innrekstur og réttahöld, ákveður hvenær réttum sé lokið, og gætir þess vandlega, að allt fari þar fram í sem bestri röð og reglu.

Skylt er hverjum fjáreiganda, eða þeim, sem á fjárvon í réttum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé, er þeir eiga.

19. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta til um réttastaði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta búenda.

IV. KAFLI

Um skilaréttir og eftirleitir.

20. gr.

Eftirleitir og byggðasöfn skulu fara fram svo tímalega, að skilarétt verði haldin fyrir Selvogshrepp: 1. fimmtudaginn í 25. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 2. viku vetrar. Fyrir Ölfushrepp: 1. föstudaginn í 25. viku sumars, 2. föstudaginn í 2. viku vetrar. Fyrir Grafningshrepp: 1. fimmtudaginn í 25. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 2. viku vetrar. Fyrir Þingvallahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 1. viku vetrar. Fyrir Grímsneshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 26. viku sumars. Fyrir Laugardalshrepp: 1. miðvikudaginn í 23. viku sumars, 2. miðvikudaginn í 25. viku sumars. Fyrir Biskupstungnahrepp: 1. föstudaginn í 24. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 25. viku sumars, 3. föstudaginn í 26. viku sumars. Til fyrstu skilaréttar skal auk sauðfjár smala nautum og hrossum og reka til rétta bæði úr afrétti og heimalöndum.

21. gr.

Fari einhverjir í eftirleit á afrétti viðkomandi hreppa að afloknum þeim eftirleitum, sem hreppsnefndir láta gera samkvæmt þessari reglugerð, fær finnandi í þóknun 20% af andvirði þess fjár, er hann finnur. Greiðist upphæðin úr fjallskilasjóði nema þegar um utanhreppsfénað er að ræða. Eftir seinustu skilarétt má enginn hafa óskil í fé sínu 14 dögum lengur. Skal hann hafa fært þau hreppstjóra innan þess tíma.

22. gr.

Byggðasöfnin skulu fara fram deginum á undan skilarétt og endranær, þegar hreppsnefnd ákveður. Hver og einn skal þá skyldur að smala heimaland sitt og að hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndar, er miða til tryggingar því, að vel sé smalað, og skal síðan allt óskilafé byrgt inni næstu nótt og rekið til almenningsrétta daginn eftir í tækan tíma.

Þess skal jafnan gæta, hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli, réttað eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt. Eigi handleika það eða kvola meira en þörf gerist, eigi láta það standa inni í svelti nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það, né fara svo með það á annan hátt, sem getur hrjáð það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyndingar ber að meta sem illa meðferð á skepnum.

Verði einhver uppvís að því að smala heimaland sitt slælega í byggðasöfnum, hefur hreppsnefndin vald til að setja umsjónarmenn við smölun hans eða láta aðra framkvæma hana, hvort tveggja á kostnað hins seka.

V. KAFLI

Um mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

23. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum. Soramarkað sauðfé skal vera hornamarkað, ef það er hyrnt.

Brennimörk og hrossamörk hreppanna eru þessi:

Hreppar	Brennimörk	Hrossamörk
Selvogshreppur	A 1	Standfjöður framan
Ölfushreppur	A 2	Tvö stig aftan
Hveragerðishreppur	A 17	Vaglskora framan
Grafningshreppur	A 3	Lögg framan

Hreppar	Brennimörk	Hrossamörk
Þingvallahreppur	A 4	Lögg aftan
Grímsneshreppur	A 5	Biti framan
Biskupstungnahreppur	A 6	Biti aftan
Laugardalshreppur	A 16	Tveir bitar framan

Allt hyrnt sauðfé skal brennimerkt með hreppsbrennimarki á vinstra horn og í vinstra eyra á kollóttu sauðfé skal sett plata með sömu stöfum og hreppsbrennimarkið. Hrossamörk hreppanna, ef notuð eru, skulu vera á vinstra eyra og brennimörk á vinstra hóf.

24. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Úr öllum ágreiningi, sem rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsingamenn. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, er eyrnarmarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnarmarksins krefst þess, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Kind, sem hefur eyrnamark eins, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á, þó skal hann, ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast hana.

25. gr.

Enginn má taka upp mikil særingamörk og mörk, sem vandi er að marka svo að auðþekkileg séu. Þessi mörk eru: Afeyrt, netnál, hvathamrað, rifa í hálfan stúf, þrírifað, þristúfrifað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf, blaðstúfrifað, geirrifað, geirstúfrifað, miðhlutað í sneitt, sýlrifað, tíglað. Mörk þau, er bann er lagt við að taka upp, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu fleiri mörk en hér eru talin, sem sýslunefnd kynni að vilja banna, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

26. gr.

Sýslunefnd sér um að láta prenta markaskrá sýslunnar a. m. k. 8. hvert ár. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það, það sem sýslunefnd ákveður, en hver markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig skal sýslunefnd sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra hreppsstjóra í þeim sýslum, sem fjársamgöngur eru við.

Gjald það, sem sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka og útgáfu markaskrárinnar. Ef afgangur verður, þegar allur kostnaður er greiddur, skal hann borgast í sýslusjóð.

27. gr.

Sýslunefnd kýs einn mann til 8 ára í senn til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrána undir prentun.

Markaumsjónarmaður skal sjá um að mörk, sem tekin eru upp, séu hvorki eins né of lík þeim mörkum, sem til eru í sýslunni, eða í gildandi markaskrám nærliggjandi sýslna, sem fjársamgöngur eiga við Árnessýslu.

Vilji einhver taka upp nýtt mark á milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það umsjónarmanni og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal hann láta prenta það á sinn kostnað í Lögbirtingablaðinu og er það þá fyrst heimilt til notkunar.

28. gr.

Þeir sem nota mörk á sauðfé eða hross, sem ekki eru prentuð í markaskrá sýslunnar, svo og þeir, sem hafa flutt inn í sýsluna eftir að markaskrá var prentuð,

skulu lýsa mörkum sínum á fyrstu vorhreppaskilum eftir að markaskrá var prentuð, skulu lýsa mörkum sínum á fyrstu vorhreppaskilum eftir að þeir eru fluttir inn í hreppinn. Skal þá hreppsnefnd skrifa þau upp og sjá um, að þau verði bréflega tilkynnt hreppstjórum í nálægum hreppum, bæði utan sýslu og innan, þar sem von getur verið fjár eða hrossa. Sé þetta vanrækt af markeiganda eða marknotanda, getur hann ekki krafist bóta úr fjallskilasjóði, þótt fé hans og hross verði eftir í útréttum og falli á það kostnaður.

29. gr.

Sýslunefnd Árnessýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Rangárvallasýslu um ráðstafanir til þess að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjár samgöngur geta komið fyrir á.

VI. KAFLI

Um meðferð á óskilafénaði.

30. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga skal sérhver reka til almenningsrétta, bæði í fjallsöfnum og byggðasöfnum, og skal hreppsnefndin sjá um, að allt slíkt fé sé dregið í dilk sér. Haldi einhver slíku fé frá réttum eða dragi sér það og marki án leyfis hreppsnefndar með launung eða ofríki, hefur hann eigi aðeins fyrirgert hinni sömu kind, þótt móðir helgi sér á eftir, heldur skal hann og sæta sektum. Leiða skal ær að dilkum og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum einkennum, en eigi af fjárbragði einu saman. Í öllum hreppum fjallskilasvæðisins skal allt óskilafé, þar með talið allt fé, sem vafi leikur á hver eigi sakir sammerkinga, ómerkingar, kalineyrt og eyrnalaust, sem enginn getur helgað sér, þegar í fyrstu rétt slátrað í sláturhúsi og sér hreppstjóri um að svo sé gert. Þannig skal einnig farið með slíkt fé í hverri skilarétt. Andvirði óskilafjár rennur í fjallskilasjóð. Um eldri ómerkinga er koma fyrir í fjallsöfnum, gildir hið sama sem um ómörkuð lömb.

Óskilafénað, sem finnst eða fram kemur eftir réttir, og verður ekki komið til eiganda, skal fara með sem óskilafé í réttum, sbr. VIII. kafla l. 42/1969.

31. gr.

Öll óskilahross, sem fyrir koma í fyrri skilarétt, skal þegar taka í gæslu gegn hæfilegri þóknun, og gefa þá þegar út lýsingu á þeim til allra þeirra hreppa, er líkindi kynnu að vera til að þau væru frá, og gæta þeirra til síðari skilaréttar, en selja þá það af þeim, sem enginn getur helgað sér, sem annan óskilafénað.

32. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningar um förgun óskilafjár hver í sínum hreppi, eða um sölu ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

33. gr.

Til næstu veturnótta á eftir á eigandi aðgang að verði seldra kinda, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, fellur andvirði í fjallskilasjóð þess hrepps, er óskilafé var selt í. Hross hefur eigandi rétt til að helga sér til fardaga næstu á eftir og fá annaðhvort verð þeirra eða þau sjálf gegn því að borga allan áfallinn kostnað.

34. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á sauðfé verður eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark. Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppstjóri eigi skyldur að afhenda kindina úr vörslu eða greiða verð hennar eftir sölu, fyrr en einhver þeirra hefur löglega sannað eignarrétt sinn. Farið skal eftir skrásettum eða auglýstum eyrna- og brennimörkum, en því aðeins eftir óskrásettum og auglýstum mörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

35. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það telst nægileg tala, ef tveir menn reka allt að 100 fjár. 4 menn allt að 400 fjár, og séu fleiri menn eftir líkri tiltölu, ef fleira fé er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en tveir resktrarmenn, hvað fátt sem rekið er.

36. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

37. gr.

Allt fé í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sé svo glöggt, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af, þó að votviðri gangi.

38. gr.

Reka skal fénað hægt og gætilega og eigi hundbeita og hafa áfanga ekki of langa. Á girtum og friðlýstum svæðum má eigi æja, heldur ekki í slæjulöndum fyrir eða um heyannir. Að öðru leyti er áning heimil hvar sem er í byggð eða óbyggð.

39. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að á þeim löndum, sem um er rekið. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fé, ef hjá því verður komist. Eigi má halda áfram með rekstra úr því að farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei eftir að dimmt er orðið. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

40. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja af stað aftur með hann, ef í byggð er, fyrr en búið er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorast undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gera það ókeypis, ef það tekur ekki yfir 2 klukkustundir. Ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefur ekki verið sjálfum um að kenna.

41. gr.

Telja skal féð í rekstrunum, hvenær sem viðstaða verður svo, að fé dreifi sér nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fé í reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það, sem vanta kann. En ef fleira fé er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rétta reksturinn, skilja það frá, sem að er komið, og sjá um að það komist í átthaga sína, eigendum að skaðlausu.

42. gr.

Verði einhver sannur að því að hafa tekið annarra fé í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingaleysi, varðar það að auki sektum, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar sem brotið var framið, nema því aðeins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

43. gr.

Um öll þau atriði, sem ekki er á minnst í reglugerð þessari, en eru samkynja eða skyld að efni, ráða hreppsnefndir því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó þannig að ekki komi í bág við landslög né reglugerð þessa, né skerði rétt annarra sveitarfélaga. Hreppsnefndir skulu bera undir sveitunga sína atriði, er að þessu lúta og almenning varða, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef á rökum eru reistar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Úrskurðum hreppsnefnda má skjóta til sýslunefndar, sem hefur yfirumsjón fjallskilamálanna í sínum höndum. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni rekast á. Hún getur og leyft, að þessi mál, sem að lögum bera undir hana, séu lögð í gerð. Stjórnarráð ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, 5 000—50 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við. Sektarfé rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brotið er framið í. Ef brotið er framið í afrétti, skal líta svo á, að brotið sé framið í þeirri sveit, sem á afréttinn. Ef sveitarstjórn fær rökstuddan grun eða vitneskju um brot á reglugerðinni, kærir hún það tafarlaust fyrir sýslumanni, sem fer með það eins og lög og reglugerð þessi ákveða.

45. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

46. gr.

Fjallskilareglugerð fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu, nr. 14/1955, er úr gildi felld.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefur samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42, 12. maí 1969 og breyting á þeim l. nr. 43/1976, til þess að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1979, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. mars 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Í Rangárvallasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Djúpárhreppur:

1. Ægissíðuvegur III. Af Suðurlandsvegi að Ægissíðu III.
2. Ægissíðuvegur. Af Þykkvabæjarvegi að Ægissíðu.
3. Rangárvegur. Af Þykkvabæjarvegi að Rangá.
4. Hrafntóftavegur. Af Þykkvabæjarvegi að Hrafntóftum.
5. Bóluhjáleiguvegur. Af Þykkvabæjarvegi að Þykkvabæjarvegi.
6. Hrauksvegur. Af Ásvegi að Hrauk.
7. Suður Nýjabæjarvegur. Af Hrauksvegi að Suður Nýjabæ.
8. Húnakotsvegur. Af Ásvegi að Húnakoti.
9. Balavegur. Af Ásvegi að Bala.
10. Borgarvegur. Af Ásvegi að Borg.
11. Unhólsvegur. Af Ásvegi að Unhól.
12. Tobbakotsvegur. Af Unhólsvegi að Tobbakoti.
13. Vatnskotsvegur. Af Ásvegi að Vatnskoti I.
14. Háarimavegur. Af Ásvegi að Háarima.
15. Norður Nýjabæjarvegur. Af Ásvegi að Norður Nýjabæ.
16. Baldurshagavegur. Af Ásvegi að Baldurshaga.
17. Melsvegur. Af götu í Þykkvabæ að Mel.
18. Sólbakkavegur. Af götu í Þykkvabæ að Sólbakka.
19. Gata í Þykkvabæ. Af Ásvegi að Ásvegi.
20. Gata við barnaskóla Þykkvabæjar.
21. Hákotsvegur. Af Ásvegi að Hákoti.
22. Dísukotsvegur. Af Ásvegi að Dísukoti.
23. Skarðsvegur. Af Ásvegi að Skarði.
24. Borgartúnsvegur. Af Ásvegi að Borgartúni.
25. Háfshjáleiguvegur. Af Ásvegi að Háfshjáleigu.
26. Háfsvegur. Af Ásvegi að Háfi.
27. Sandhólaferjuvegur. Af Ásvegi að Sandhólaferju.

Ásahreppur:

1. Þjórsártúnsvegur. Af Suðurlandsvegi að Þjórsártúni.
2. Kálfholtsvegur. Af Suðurlandsvegi að Kálfholtskirkju.
3. Kálfholtsvegur. Frá Kálfholtskirkju að Hamrahól.
4. Lækjartúnsvegur. Af Kálfholtsvegi að Lækjartúni.
5. Króksvegur. Af Suðurlandsvegi að Króki.
6. Heiðarvegur. Af Heiðarvegi að Heiði.
7. Herríðarhólsvegur. Af Heiðarvegi að Herríðarhóli.
8. Hárlaugsstaðavegur. Af Suðurlandsvegi að Hárlaugsstöðum.
9. Borgarholtsvegur. Af Hárlaugsstaðavegi að Borgarholti.
10. Áshólsvegur. Af Suðurlandsvegi að Áshóli.
11. Efri Hamravegur. Af Suðurlandsvegi að Efri Hömrum.

12. Sumarliðabæjarvegur. Af Suðurlandsvegi að hreppamörkum.
13. Efri Sumarliðabæjarvegur. Af Suðurlandsvegi að Efri Sumarliðabæ.
14. Neðri Sumarliðabæjarvegur. Af Suðurlandsvegi að Neðri Sumarliðabæ.
15. Selsvegur. Af Ásmundastaðavegi að Seli.
16. Ásmundastaðavegur. Af Ásmundastaðavegi að Ásmundastöðum.
17. Berustaðavegur. Af Ásvegi að Berustöðum.
18. Bugavegur. Af Ásvegi að Vetleifsholti, óakfært.
19. Framnesvegur. Frá Ásvegi að Framnesi.
20. Ásmúlavegur. Frá Ásvegi að Ásmúla.
21. Rifshalakotsvegur. Frá Bugavegi að Rifshalakoti.
22. Kastalabrekkuvegur. Frá Bugavegi að Kastalabrekku.
23. Skarphéðinsbraut.

Holtahreppur:

1. Kambsvegur. Af Heiðarvegi að Kambi.
2. Gíslholtsvegur. Af Heiðarvegi að Gíslholti.
3. Sumarliðabæjarvegur. Frá Hreppamörkum á Landsveg.
4. Þjóðólfshagavegur. Af Sumarliðabæjarvegi að Þjóðólfshaga.
5. Efri Rauðalæksvegur. Af Suðurlandsvegi að Efri Rauðalæk.
6. Götur á Rauðalæk.
7. Litlu Tunguvegur. Af Suðurlandsvegi að Litlu Tungu.
8. Brekknavegur. Af Suðurlandsvegi að Brekkum.
9. Rauðalækjarvegur. Af Suðurlandsvegi að Syðri Rauðalæk.
10. Hvammsvegur í Holtum. Af Hagabraut að Hvammi.
11. Lýtingsstaðavegur. Af Hagabraut að Lýtingsstöðum.
12. Raftholtsvegur. Af Hagabraut að Raftholti.
13. Frá Hreiðri að Þverlæk óakfært.
14. Hreiðursvegur af Hagabraut að Hreiðri.
15. Kvíarholtsvegur. Af Hreiðursvegi að Kvíarholti.
16. Ketilsstaðavegur. Af Hagabraut að Ketilsstöðum.
17. Hagakirkjuvegur. Af Hagabraut að Hagakirkju.
18. Guttormsstaðavegur. Af Hagabraut að Guttormshaga.
19. Kaldárholtsvegur. Af Hagabraut að Kaldárholti.
20. Saurbæjarvegur. Af Hagabraut að Saurbæ.
21. Stúfholtsvegur. Af Hagabraut að Stúfholti.
22. Lækjarvegur. Af Hagabraut að Læk.
23. Akbrautarvegur. Af Lækjarvegi að Akbraut.
24. Þverlækjarvegur. Af Hagabraut að Þverlæk.
25. Skammbeinsstaðavegur. Af Hagabraut að Skammbeinsstöðum.
26. Mykjunesvegur. Af Hagabraut að Mykjunesi.
27. Puluvegur. Af Landvegi að Pulu.
28. Bjálmholtsvegur. Af Landvegi að Bjálmholti.
29. Laugalandsvegur. Af Landvegi að Laugalandi.
30. Nefsholtsvegur. Af Laugalandsvegi að Nefsholti.
31. Marteinstunguvegur. Af Landvegi að Marteinstungukirkju.
32. Marteinstunguvegur. Frá kirkjunni að Nefsholtsvegi.
33. Heiðarbrúnarvegur. Af Árbæjarvegi að Heiðarbrún.
34. Árbæjarkirkjuvegur. Af Árbæjarvegi að Árbæjarkirkju.
35. Árbæjarhellisvegur. Af Árbæjarvegi að Árbæjarhelli.
36. Hyggjarvegur. Af Árbæjarvegi á Landveg.
37. Köldukinnarvegur. Af Landvegi að Köldukinn.

38. Meiritunguvegur. Af Ásvegi að Meiritungu.
39. Arnkötlustaðavegur. Af Ásvegi að Arnkötlustöðum.
40. Ölvisholtsvegur. Af Landvegi að Ölvisholti.
41. Árbæjarhjáleiguvegur. Af Árbæjarvegi að Árbæjarhjáleigu.
42. Þjóðólfshagavegur I. Af Suðurlandsvegi að Þjóðólfshaga.

Landmannahreppur:

1. Árbakkavegur. Af Árbæjarvegi að Árbakka.
2. Snjallsteinshöfðavegur. Af Árbæjarvegi að Snjallsteinshöfða.
3. Austvaðsholtsvegur. Af Árbæjarvegi að Austvaðsholti I og II.
4. Neðra Selsvegur. Af Árbæjarvegi að Neðra Seli.
5. Neðra Selsvegur. Frá Neðra Seli að Efra Seli.
6. Húsagarðsvegur. Af Árbæjarvegi að Húsagarði.
7. Landréttarvegur. Frá Húsagarði að Landvegi.
8. Bjallavegur. Af Húsagarðsvegi að Bjalla.
9. Hrólfstaðahellisvegur. Af Húsagarðsvegi að Hrólfstaðahelli.
10. Lunansholtsvegur. Af Árbæjarvegi að Lunansholti.
11. Lækjarbotnavegur. Af Árbæjarvegi að Lækjarbotnum.
12. Holtsmúlavegur. Af Landvegi að Holtsmúla.
13. Hjallanesvegur. Af Landvegi að Hjallanesi I og II.
14. Þúfuvegur. Af Landvegi að Þúfu.
15. Flagbjarnarholtsvegur. Af Landvegi að Flagbjarnarholti.
16. Heysholtsvegur. Af Flagbjarnarholtsvegi að Heysholti.
17. Vindásvegur. Af Landvegi að Vindási.
18. Brúarlundur. Af Landvegi að Brúarlundi.
19. Hvammsvegur á Landi. Af Landvegi að Hvammi.
20. Hellavegur. Af Hvammsvegi að Hellum.
21. Fellsmúlavegur. Af Landvegi að Fellsmúla.
22. Skarðsvegur. Af Landvegi að Skarðskirkju.
23. Stóra Klofavegur. Af Landvegi að Stóra Klofa.
24. Leirubakkavegur. Af Landvegi að Leirubakka.
25. Galtalækjarvegur. Af Landvegi að Galtalæk.
26. Stóruvallavegur. Af Landvegi að Stóruvöllum.
27. Króktúnsvegur. Af Landvegi að Króktúni.
28. Múlavegur. Af Hvammsvegi að Múla.

Rangárvallahreppur:

1. Lambhagavegur. Af Suðurlandsvegi að Lambhaga.
2. Kirkjubæjarvegur. Af Suðurlandsvegi að Kirkjubæ.
3. Frá Kirkjubæ að Rangárvallavegi.
4. Strandarvegur. Af Kirkjubæjarvegi að Strönd.
5. Varmadalsvegur. Af Suðurlandsvegi að Varmadal.
6. Frá Selalæk á Oddaveg óakfært.
7. Selalæksvegur. Af Suðurlandsvegi að Selalæk.
8. Helluvaðsvegur. Af Suðurlandsvegi að Helluvaði.
9. Stóra Hofsvegur. Af Rangárvallavegi að Stóra Hofi.
10. Minna Hofsvegur. Af Rangárvallavegi að Minna Hofi.
11. Stokkalækjarvegur. Af Rangárvallavegi að Stokkalæk.
12. Keldnavegur. Af Rangárvallavegi að Keldum.
13. Frá Reynifelli að hreppamörkum óakfært.
14. Reynifellsvegur. Af Rangárvallavegi að Reynifelli.

15. Fossvegur. Af Rangárvallavegi að Fossi.
16. Reyðarvatnsvegur. Af Rangárvallavegi að Reyðarvatni.
17. Hróarslækjarvegur. Af Rangárvallavegi að Hróarslæk.
18. Gunnarsholtsvegur. Af Rangárvallavegi að Gunnarsholti.
19. Kornvallavegur. Af Gunnarsholtsvegi að Kornvöllum.
20. Hjarðarbakkavegur. Af Oddavegi að Hjarðarbakka.
21. Oddhólsvegur. Af Oddavegi að Oddhól.
22. Vindásvegur. Af Oddavegi að Vindási.
23. Oddakirkjuvegur. Frá Oddavegi að Oddakirkju.
24. Frá Langekru að Sólvöllum óakfært.
25. Langekruvegur. Af Oddakirkjuvegi að Langekru.
26. Uxahryggjarvegur. Af Landeyjavegi að Uxahrygg eystri.
27. Uxahryggjarvegur. Af Landeyjavegi að Uxahrygg vestri.
28. Fróðholtsvegur. Af Landeyjavegi að Eystra Fróðholti.
29. Ármótsvegur. Af Landeyjavegi að Ármóti.
30. Bakkakotsvegur. Af Ártúnsvegi að Bakkakoti.
31. Ártúnsvegur. Af Ártúnsvegi að Ártúni.
32. Geldingalækjarvegur. Af Þingskálavegi að Geldingalæk.
33. Heiðarvegur. Af Þingskálavegi að Heiði.
34. Þingskálavegur. Af Þingskálavegi að Þingskálum.
35. Kaldbaksvegur. Af Þingskálavegi að Kaldbak.
36. Bolholtsvegur. Af þingskálavegi að Bolholti.
37. Svínhagavegur. Af Þingskálavegi að Svínhaga.
38. Selsundsvegur. Af Þingskálavegi að Selsundi.
39. Heklubraut. Af Selsundsvegi að Koti.
40. Heklubraut. Af Koti að Akurhóli rutt.
41. Haukadalsvegur. Af Þingskálavegi að Haukadal.
42. Hólavegur. Af Þingskálavegi að Hólum.
43. Næfurholtsvegur. Af Þingskálavegi að Næfurholti.
44. Ketilhúsavegur. Af Rangárvallavegi að Ketilhúshaga.

Hvolhreppur:

1. Kornvallavegur. Af Suðurlandsvegi að Kornvöllum.
2. Útgarðsvegur. Af Suðurlandsvegi að Útgarði.
3. Sólheimavegur. Af Suðurlandsvegi að Sólheimum.
4. Móheiðarhvolsvegur. Af Suðurlandsvegi að Móheiðarhvoli.
5. Djúpadalsvegur. Af Suðurlandsvegi að Djúpadal.
6. Akursvegur. Af Nýbýlavegi að Akri.
7. Miðtúnsvegur. Af Nýbýlavegi að Miðtúni.
8. Hjarðartúnsvegur. Af Nýbýlavegi að Hjarðartúni.
9. Lynghagavegur. Af Nýbýlavegi að Lynghaga.
10. Garðsaukavegur. Af Suðurlandsvegi að Garðsauka.
11. Miðkrikavegur. Af Suðurlandsvegi að Miðkrika.
12. Dufþaksholtsvegur. Af Suðurlandsvegi að Dufþaksholti.
13. Stórólfshvolsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að skólahúsi, kirkju og læknishúsi.
14. Götuvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Götu.
15. Ásgarðsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Ásgarði.
16. Stóra Moshvolsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Stóra Moshvoli.
17. Moshvolsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Moshvoli.
18. Vindásvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Vindási.
19. Giljavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Giljum.

20. Langagerðisvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Langagerði.
21. Brekknavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Brekkum.
22. Uppsalavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Uppsölum.
23. Miðhúsavegur. Af Vallavegi að Miðhúsum.
24. Þórunúpsvegur. Af Vallavegi að Þórunúpi.
25. Kotvallavegur. Af Vallavegi að Kotvöllum.
26. Bakkavallavegur. Af Vallavegi að Bakkavöllum.
27. Árgilsstaðavegur. Af Vallavegi að Árgilsstöðum.
28. Markarskarðsvegur. Af Árgilsstaðavegi að Markarskarði.
29. Nýbýlavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Lynghaga.
30. Þinghólsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Þinghól.

Fljótshlíðarhreppur:

1. Núpsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Núpi.
2. Flókastaðavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Flókastöðum.
3. Breiðabólsstaðavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Breiðabólsstað.
4. Staðarbakkavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Staðarbakka.
5. Ásvallavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Ásvöllum.
6. Árnagerðisvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Árnagerði.
7. Vestri Sámstaðavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Vestri Sámstöðum.
8. Eystri Sámstaðavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Mið Sámstöðum.
9. Kotmúlavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Kotmúla.
10. Torfastaðavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Torfastöðum IV.
11. Frá Vatnsdal að hreppamörkum óakfært.
12. Vatnsdalsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Vatnsdal.
13. Stöðlakotsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Stöðlakotsvegi.
14. Hvoslækjarvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Hvoslæk.
15. Goðalandsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Goðalandi.
16. Lambalækjarvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Lambalæk.
17. Hlíðarbólsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Hlíðarbóli.
18. Kirkjulækjarvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Kirkjulæk.
19. Hellishólavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Hellishólum.
20. Grjótárvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Grjótá.
21. Butruvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Butru.
22. Smáratúnsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Smáratúni.
23. Teigsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Teig I og II.
24. Heylækjarvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Heylæk.
25. Valstrýtuvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Valstrýtu.
26. Deildarvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Deild.
27. Efri Þverárvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Efri Þverá.
28. Neðri Þverárvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Neðri Þverá.
29. Hlíðarendavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Hlíðarendakirkju.
30. Hallskotsvegur. Af Hlíðarendavegi að Hallskoti.
31. Hlíðarendakotsvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Hlíðarendakoti.
32. Eyvindarmúlavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Eyvindarmúla.
33. Háamúlavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Háamúla.
34. Barkarstaðavegur. Af Fljótshlíðarvegi að Barkarstöðum.
35. Innhlíðarvegur. Af Fljótshlíðarvegi að Fljótsdal.
36. Rauðuskriðuvegur. Af Dímonarvegi að Rauðuskriðum.

Vestur Landeyjahreppur.

1. Hemluvegur. Af Suðurlandsvegi að Hemlu.
2. Stífluvegur. Af Suðurlandsvegi að Stíflu.
3. Hvítanesvegur. Af Suðurlandsvegi að Hvítanesi.
4. Eylandsvegur. Af Suðurlandsvegi að Eylandi.
5. Strandarhöfuðsvegur. Af Akureyjarvegi að Strandarhöfði.
6. Strandarhjáleiguvegur. Af Akureyjarvegi að Strandarhjáleigu.
7. Strandarvegur. Af Akureyjarvegi að Strönd.
8. Kálfsstaðavegur. Af Akureyjarvegi að Kálfsstöðum.
9. Hátúnsvegur. Af Akureyjarvegi að Hátúni.
10. Vestra Fíflholtsvegur. Af Hátúnsvegi að V-Fíflholti.
11. Eystri Fíflholtsvegur. Af Hátúnsvegi að E-Fíflholti.
12. Gerðavegur. Af Hátúnsvegi að Gerðum.
13. Forsætisvegur. Af Akureyjarvegi að Forsæti.
14. Lindartúnsvegur. Af Akureyjarvegi að Lindartúni.
15. Njálsbúðarvegur. Af Akureyjarvegi að Njálsbúð.
16. Akureyjarvegur. Af Njálsbúðarvegi að Akurey II.
17. Bergþórshvolsvegur. Af Njálsbúðarvegi að Bergþórshvoli II.
18. Káragerðisvegur. Af Bergþórshvolsvegi að Káragerði.
19. Miðkotsvegur. Af Landeyjavegi að Miðkoti.
20. Ystakotsvegur. Af Landeyjavegi að Ystakoti.
21. Skipagerðisvegur. Af Landeyjavegi að Skipagerði I og II.
22. Álfhólahjáleiguvegur. Af Landeyjavegi að Álfhólahjáleigu.
23. Álfhólavegur. Af Landeyjavegi að Álfhólum.
24. Glæsistaðavegur. Af Landeyjavegi að Glæsistöðum.
25. Klaufarvegur. Af Landeyjavegi að Klauf.
26. Sigluvíkurvegur. Af Landeyjavegi að Sigluvík.
27. Skúmstaðavegur. Af Landeyjavegi að Skúmstöðum.
28. Eystri Hólsvegur. Af Ártúnsvegi að Eystri Hól.
29. Grímsstaðavegur. Af Ártúnsvegi að Grímsstöðum.
30. Skeggjastaðavegur. Af Landeyjavegi að Skeggjastöðum.
31. Vestri Tunguvegur. Af Skeggjastaðavegi að Vestri Tungu.
32. Þúfuvegur. Af Landeyjavegi að Þúfu.

Austur Landeyjahreppur:

1. Vorsabæjarvegur. Af Suðurlandsvegi að Vorsabæ.
2. Leifsstaðavegur. Af Suðurlandsvegi að Leifsstöðum.
3. Brúarvegur. Af Suðurlandsvegi að Brú.
4. Svanavatnsvegur. Af Hólmabæjarvegi að Vatnahjáleigu.
5. Voðmúlastaðavegur. Af Landeyjavegi að Voðmúlastaðakirkju.
6. Búlandsvegur. Af Landeyjavegi að Búlandi.
7. Grenstangavegur. Af Landeyjavegi að Grenstanga.
8. Miðeyjarvegur. Af Landeyjavegi að Miðey.
9. Álftarhólsvegur. Af Landeyjavegi að Álftarhól.
10. Lækjarhvammsvegur. Af Landeyjavegi að Lækjarhvammi.
11. Hólmavatnsvegur. Af Landeyjavegi að Hólmavatni.
12. Búðarhólsvegur. Af Landeyjavegi að Búðarhól.
13. Guðnastaðavegur. Af Landeyjavegi að Guðnastöðum.
14. Hólmavegur. Af Landeyjavegi að Hólmum.
15. Bakkavegur. Af Landeyjavegi að Bakka.
16. Hólmhjáleiguvegur. Af Bakkavegi að Hólmahjáleigu.

17. Lágafellsvegur. Af Landeyjavegi að Lágafelli.
18. Ljótarstaðavegur. Að Landeyjavegi að Lljótarstöðum.
19. Kúfhólsvegur. Af Landeyjavegi að Kúfhól.
20. Skíðbakkavegur. Af Landeyjavegi að Skíðbakka I, II og III.
21. Krossvegur. Af Landeyjavegi að Krosskirkju.
22. Gularásvegur. Af Landeyjavegi að Gularási.
23. Fagurhólsvegur. Af Landeyjarvegi að Fagurhól.
24. Hólmsvegur. Af Landeyjavegi að Hólmi.
25. Oddakotsvegur. Af Landeyjavegi að Oddakoti.
26. Snotruvegur. Af Skíðabakkavegi að Snotru.
27. Hallgeirseyjarvegur. Af Hallgeirseyjarvegi að Krossi.
28. Krossasandsvegur. Af Krossvegi suður á sand.
29. Affallsvegur. Af Landeyjavegi á Landeyjaveg.
30. Kanastaðavegur. Af Affalsvegi að Kanastöðum.
31. Selsvegur. Af Affallsvegi á Landeyjaveg.
32. Miðhjáleiguvegur. Af Selsvegi að Miðhjáleigu.
33. Bólstaðavegur. Af Selsvegi að Bólstað.
34. Selsvegur. Af Selsvegi að Seli.
35. Stóru Hildiseyjarvegur. Af Selsvegi á Landeyjaveg.
36. Syðri Úlfsstaðavegur. Af Landeyjavegi að Syðri Úlfsstöðum.
37. Hallgeirseyjarvegur. Af Landeyjavegi að Hallgeirsey.
38. Vestmannabraut. Af Hólmavegi að Dælustöð.

Vestur Eyjafjallahreppur:

1. Brúarvegur. Af Suðurlandsvegi að Brú.
2. Stóra Dalsvegur. Af Suðurlandsvegi að Stóra Dalskirkju.
3. Mið-Dalsvegur. Af Stóra-Dalsvegi að Mið-Dal.
4. Neðra-Dalsvegur. Af Suðurlandsvegi að Neðra-Dal.
5. Seljalandsvegur. Af Suðurlandsvegi að Seljalandi.
6. Seljalandsskólavegur. Af Suðurlandsvegi að Seljalandsskóla.
7. Fitjavegur. Af Suðurlandsvegi að Fit.
8. Sauðhúsvallavegur. Af Suðurlandsvegi að Sauðhúsvöllum.
9. Hvammsvegur. Af Suðurlandsvegi að Hvammi.
10. Efstu Grundarvegur. Af Suðurlandsvegi að Efstu-Grund.
11. Varmahlíðarvegur. Af Suðurlandsvegi að Varmahlíð.
12. Steinmóðarbæjarvegur. Af Hólmabæjarvegi að Steinmóðarbæ.
13. Dalsselsvegur. Af Hólmabæjarvegi að Dalseli.
14. Bjarkarlandsvegur. Af Hólmabæjarvegi að Bjarkarlandi.
15. Borgareyrarvegur. Af Hólmabæjarvegi að Borgareyrum.
16. Moldnúpsvegur. Af Skálavegi að Moldnúp.
17. Skálakotsvegur. Af Skálavegi að Skálakoti.
18. Ásólfsskálavegur. Af Skálavegi að Ásólfsskálakirkju.
19. Miðskálavegur. Af Skálavegi að Miðskála.
20. Núpsvegur. Af Skálavegi að Núpi.
21. Syðri Hólsvegur. Af Sandhólmavegi að Syðri Hól.
22. Kvíhólmavegur. Af Syðri Hólsvegi að Kvíhólma.
23. Efra-Holtsvegur. Af Sandhólmavegi að Efra Holti.
24. Nýjabæjarvegur. Af Sandhólmavegi að Nýjabæ.
25. Fornusandavegur. Af Sandhólmavegi að Fornusöndum.
26. Efri Rotarvegur. Af Sandhólmavegi að Efri Rot.

27. Fitjamýrarvegur. Af Sandhólmavegi að Fitjamýri.
28. Eyvindarholtsvegur. Af Stóru Markarvegi að Eyvindarholti.
29. Mið Markarvegur. Af Stóru Markarvegi að Mið Mörk.
30. Syðstu Markarvegur. Af Stóru Markarvegi að Syðstu Mörk.
31. Vallatúnsvegur. Af Hverfisvegi að Vallartúni.
32. Ormskotsvegur. Af Vallatúnsvegi að Ormskoti.
33. Mið Grundarvegur. Af Hverfisvegi að Mið Grund.
34. Syðstu Grundarvegur. Af Hverfisvegi að Syðstu Grund.
35. Indriðakotsvegur. Af Hverfisvegi að Indriðakoti.

Austur Eyjafjallahreppur:

1. Steinavegur. Af Suðurlandsvegi að Steinum.
2. Steinavegur. Af Suðurlandsvegi að Steinum IV.
3. Hlíðarvegur. Af Suðurlandsvegi að Hlíð.
4. Núpakotsvegur. Af Suðurlandsvegi að Núpakoti.
5. Þorvaldseyri. Af Suðurlandsvegi að Þorvaldseyri.
6. Skarðshlíðarvegur. Af Suðurlandsvegi að Skarðshlíð.
7. Skarðshlíðarvegur. Af Suðurlandsvegi að Skarðshlíð II.
8. Drangshlíðarvegur. Af Suðurlandsvegi að Drangshlíð II.
9. Skógaskólavegur. Af Suðurlandsvegi að Byggðasafni.
10. Skógaskólavegur. Af Skógaskólavegi að Barnaskóla.
11. Skógaskólavegur. Af Skógaskólavegi að Skógum.
12. Eystri Skógavegur. Af Suðurlandsvegi að Eystri Skógum.
13. Eyvindarhólavegur. Af Suðurlandsvegi að Eyvindarhólum.
14. Selkotsvegur. Af Raufarfellsvegi að Selkoti.
15. Laugarvegur. Af Raufarfellsvegi að Seljavallalaug.
16. Seljavallavegur. Af Laugarvegi að Seljavöllum.
16. Seljavallavegur. Af Laugarvegi að Seljavöllum.
17. Lambafellsvegur. Af Laugavegi að Lambafelli.
18. Ysta Bælisvegur. Af Leirnavegi að Yzta Bæli.
19. Berjanesvegur. Af Leirnavegi að Berjanesi.
20. Stóru Borgarvegur. Af Leirnavegi að Stóru Borg.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar að minnsta kosti andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal því greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 16 300.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög útaf fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 239 26. október 1964 um sama efni, og samþykktir nr. 136 4. maí 1966 og nr. 281 14. nóvember 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Ólafsfjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur Bæjarstjórn Ólafsfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar samþykkir skv. heimild í lögum nr. 22/1932 og lögum nr. 19/1964 að áskilja Ólafsfjarðarkaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og fasteignum í Ólafsfjarðarkaupstað:

Aðalgata nr. 1, 3, 5, 7, 8, 9, 10 og 11.
Strandgata nr. 3, 4, 10, 12, 14, 15, 16 og 18.
Brekkugata nr. 10 (bílskúr) og 12.

Ennfremur að öllum lóðum og fasteignum ásvæði, sem afmakast af Strandgötu í norðri, Hafnargötu í austri, Ægisgötu í vestri og húsaröð við Ólafsveg í suðri.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 166. 27. mars 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, nr. 287 17. október 1972.

3. gr. orðist svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi. Tengigjald ákvarðar hreppsnefnd árlega.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi holræsagjald til Presthólahrepps kr. 150.00 af húsi, en kr. 75.00 á íbúð í húsi umfram eina, og ennfremur 0.15% af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá minningar- og styrktarsjóðs Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. febrúar 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og styrktarsjóðs Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar.

1. gr.

Sjóðinn stofnar Jón **Egill** Júlíusson, fyrrverandi útgerðarmaður, frá Dalvík til minningar um eiginkonu sína, Guðfinnu Björgu Þorvaldsdóttur, frá Hrísey f. 12.2 1912, d. 6.5. 1978. Sjóðurinn skal kenndur við þau hjón eins og að framan greinir. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Aðsetur hans skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2 038 525.00 — tvær milljónir þrjátíu og átta þúsund fimmhundruð tuttugu og fimm krónur —. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Fjármunum sjóðsins, sem honum berst með arfi, gjöf eða á annan veg, skal stjórn sjóðsins ráðstafa samkvæmt skipulagsskrá þessari nema annað sé ákveðið í erfða- eða afhendingargerningi.

3. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt í verðtryggðum bankareikningum, verðbréfum, fasteignum eða á annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmastan á hverjum tíma.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega einstaklinga til söngs- og tónmennta. Upphæð styrkja og fyrirkomulag styrkveitinga ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Í fyrstu stjórninni er Jón **Egill** Júlíusson formaður og tveir meðstjórnendur tilnefndir af honum, þeir Friðrik Þorvaldsson, Hamarsstíg 18, Akureyri og Baldur Júlíusson, Sunnubraut 17, Keflavík.

Við val stjórnar skal þess skilyrðis ávallt gætt, að í henni verði einungis ættingjar eða löglegir makar ættingja þeirra hjóna, sem sjóðurinn er kenndur við. Ennfremur að þeir hafi áhuga og nokkra þekkingu á söng og tónlist og tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins velur sér jafnmarga varamenn úr þeim hópi ættmenna og/eða venslafólks, sem fyrr greinir sbr. 5. gr. Tilnefning varamanns skal samþykkt af öllum stjórnarmönnum með formlegri, staðfestri bókun, svo gild sé. Stjórnin getur breytt eða skipt um varastjórn hvenær sem hún kýs.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar og efnahagsreikning fyrir sjóðinn. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B—deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningar- og framfarasjóðs Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningar- og framfarasjóðs Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og framfarasjóður Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu. Stofnfé sjóðsins er 20 000 000.00 króna framlag frá Sparisjóði Vestur-Skaftafellssýslu við formleg slit Sparisjóðsins. Stofnfé skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Vík.

2. gr.

Af árlegum tekjum sjóðsins skal aldrei ráðstafa hærri upphæð en sem nemur þremur fjórðu hlutum árlegra vaxta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja menningar- og framfararmál í Vestur-Skaftafellssýslu.

4. gr.

Tilgangi sjóðsins skal m.a. ná á eftirfarandi hátt:

a) með viðurkenningu fyrir rannsóknir á sögu héraðsins eða styrkveitingum til að vinna að verkefnum á því sviði.
b) með því að stuðla að útgáfu skaftfellskra bóka og blaða.
c) með því að styrkja önnur verkefni, sem eru til almenningsheilla og horfa til framfara í héraðinu.

5. gr.

Heimilt er að veita viðurkenningar í formi styrkja eða lána,, hvort heldur er til stofnunar, félags eða einstaklinga.

Fylgja skal eftirfarandi meginreglum við úthlutun úr sjóðnum:

a) veita skal einn til þrjá styrki eða lán, er nemi allt að þrem fjórðu hlutum árlegs úthlutunarfjár.
b) einum fjórða hluta er heimilt að skipta milli allt að fimm einstaklinga hverju sinni.

6. gr.

Fresta má úthlutun úr sjóðnum og er þá heimilt að veita í einu lagi fyrir tvö eða fleiri ár í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn. Fyrstu 10 árin, sem sjóðurinn starfar, skal kjöri stjórnarmanna hagað þannig, að sýslunefnd kýs 3 menn annað árið, en núverandi ábyrgðarmenn Sparisjóðsins 2, en næsta ár kýs sýslunefnd 2 stjórnarmenn en ábyrgðarmenn 3. Að 10 árum liðnum fellur kjör ábyrgðarmanna niður og kýs sýslunefnd þá alla stjórnarmenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast fjárreiður hans og úthlutar viðurkenningum úr honum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins. Þar skulu og bókaðar allar samþykktir stjórnar, tillögur og ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum hverju sinni.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Stjórnin leggur endurskoðaða reikninga sjóðsins fyrir sýslunefnd til staðfestingar.

11. gr.

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu kýs sjóðnum endurskoðendur til eins árs í senn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

23. mars 1979. Nr. 169.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingaþjónustuna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingaþjónustuna.

Arkitektafélag Íslands, Húsnæðismálastofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, öll í Reykjavík, hafa orðið ásátt um að koma á fót stofnun, sem reki upplýsingaþjónustu á sviði byggingariðnaðar, byggingartækni og byggingarlistar og í framhaldi af þessu samkomulagi setja þessir aðilar stofnuninni eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og nafn hennar er Byggingaþjónustan.
Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið Byggingaþjónustunnar er, að hún sé vettvangur íslenskra byggingarmála, m. a. með því að auðvelda mönnum kynni af hvers konar byggingarefnum og notkun þeirra, að gangast fyrir umræðum um málefni byggingariðnaðar, byggingartækni og byggingarlistar, að stuðla að endurmenntun og fræðslu fagmanna á sviði þessara faggreina, að gefa húsbyggjendum og tæknimönnum kost á hlutlausum upplýsingum um byggingarmálefni, að leggja áherslu á kynningu á íslenskri byggingarefnaframleiðslu, að starfrækja tæknibókasöfn, að halda byggingarefnaskrá og starfrækja verðbanka og aðstoða við kostnaðaráætlanir og útboðsgerð.

3. gr.

Heimilt skal Byggingaþjónustunni að starfrækja útibú hvar sem er á landinu.

4. gr.

Stofnframlög stofnenda eru sem hér segir:

Arkitektafélag Íslands	kr. 10 000 000.00
Húsnæðismálastofnun ríkisins	— 10 000 000.00
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	— 10 000 000.00
Samtals	kr. 30 000 000.00

Framlag Arkitektafélag Íslands er andvirði eigna Byggingaþjónustu Arkitektafélags Íslands, en það fyrirtæki verður lagt niður um leið og gengið hefir verið frá stofnun Byggingaþjónustunnar. Stofnframlög skulu innt af hendi, þegar stjórn stofnunarinnar ákveður.

5. gr.

Tekjur Byggingaþjónustunnar eru andvirði seldrar þjónustu, svo og framlög þeirra, er standa að stofnun Byggingaþjónustunnar og annarra, er síðar kunna að gerast aðilar að henni, sbr. 6. gr. skipulagsskrár þessarar.

Tekjum stofnunarinnar og eignum má einungis verja í samræmi við markmið stofnunarinnar samkvæmt 2. gr.

6. gr.

Leita skal samstarfs við sveitarfélög, fagfélög, samtök og stofnanir, sem hagsmuna hafa að gæta í byggingarmálum og gefa þeim kost á aðild að Byggingaþjónustunni. Stofnframlag hvers framangreindra aðila skal vera 2 milljónir króna miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1979, sem er 258 stig. Heimilt er að greiða framlagið á tveim árum, en það skal þá breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

7. gr.

Aðilar að Byggingaþjónustunni skv. 4. gr. og 6. gr. tilnefna einn mann hver í fulltrúaráð til fjögurra ára og annan til vara. Stjórnarmenn skv. 8. gr. skulu allir tilnefndir í fulltrúaráðið. Halda skal minnst tvo fundi á ári í fulltrúaráðinu. Fulltrúaráðið kýs úr sínum hóp tvo menn í stjórn, sbr. 8. gr.

Fulltrúaráð er ráðgefandi og gerir tillögur til stjórnar.

8. gr.

Byggingaþjónustan lýtur stjórn fimm manna. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn mann, Húsnæðismálastofnun ríkisins einn og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins einn og eru þessir þrír stjórnarmenn kjörnir til fjögurra ára. Tveir stjórnarmanna eru kjörnir af fulltrúaráðinu, sbr. 7. gr., til tveggja ára. Í fyrsta sinn skal þó annar stjórnarmanna vera kjörinn til eins árs. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Framangreindir aðilar tilnefna jafnmarga varamenn í stjórn.

Undirskrift þriggja stjórnarmanna skuldbindur stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættir eru þrír stjórnenda. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarmenn skulu skrá stutta skýrslu um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

9. gr.

Stjórnin hefur almenna umsjón með rekstri og fjárhag stofnunarinnar.

10. gr.

Stjórn Byggingaþjónustunnar ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar laun hans. Framkvæmdastjóri ræður starfslið í samráði við stjórn Byggingaþjónustunnar.

11. gr.

Árlega skal stjórn Byggingaþjónustunnar á fulltrúaráðsfundi taka fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Grein gerð fyrir fjárhag stofnunarinnar og rekstri síðast liðið reikningsár.
3. Starfsáætlun kynnt.
4. Önnur mál.

12. gr.

Stjórnin getur boðað til fundar með aðilum fulltrúaráðsins, þegar hún telur þurfa.

13. gr.

Til allra funda skal boða bréflega með viku fyrirvara.

14. gr.

Framkvæmdastjórinn semur reikninga Byggingaþjónustunnar árlega og skulu þeir endurskoðaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar vera löggiltur endurskoðandi, sem stjórnin ræður til verksins, en hinn skal kjörinn af fulltrúaráðinu. Kjörtímabil hans skal vera 4 ár. Löggilti endurskoðandinn skal ráðinn til 4 ára.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

15. gr.

Tillögu til breytinga á skipulagsskrá þessari eða tillögu um að leggja Byggingaþjónustuna niður skal komið á framfæri við stjórn Byggingaþjónustunnar, sem skal taka tillöguna svo fljótt sem verða má til athugunar á fullskipuðum stjórnarfundi. Samþykki meiri hluta stjórnar tillöguna skal hún þegar í stað send fulltrúaráðinu, sem tekur hana til meðferðar svo fljótt sem verða má. Ef minnst ⅔ hlutar fulltrúaráðsmanna eru mættir á slíkum fundi og ⅔ hlutar fundarmanna a. m. k. samþykkja tillöguna fær tillagan gildi.

16. gr.

Nú ákveður fulltrúaráðsfundur samkvæmt 15. gr. að leggja stofnunina niður og skulu eignir stofnunarinnar renna til rannsókna í þágu íslenska byggingariðnaðarins eftir því sem nánar verður ákveðið í tillögunni til slita á stofnuninni.

17. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

6. mars 1979. Nr. 170.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Svövu Finsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. mars 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Svövu Finsen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður Svövu Finsen. Hann er stofnaður af Gísla Finsen til minningar um eiginkonu sína Svövu Finsen.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00, ein miljón krónur, sem haldast skal óskert. Sjóðinn skal ávaxta með vaxtaaukaskírteinum eða á annan jafntryggan og arðbæran hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega styrk einum nemanda, sem lýkur burtfararprófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Styrknum skal varið til utanferðar, í því skyni að skoða listasöfn, sýningar eða annað sem auka megi þroska og víðsýni í listgrein hans.
Við styrkveitingu skal taka mið af námsárangri nemandans og listrænum hæfileikum, að dómi sjóðsstjórnar. Styrkinn skal veita án umsóknar.

5. gr.

Skólastjóri er forráðamaður sjóðsins og skólastjórn úthlutar styrknum árlega samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur árlega reikning sjóðsins. Skal hann endurskoðaður af endurskoðun ríkisins og birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 171.

REIKNINGUR

Styrktarfélags vangefinna Austurlandi.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.

Gjöld:

Funda- og ferðakostnaður	kr.	64 390.00
Póstur og sími	—	20 397.00
Pappír, prentun og ritföng	—	28 729.00
Auglýsingar	—	21 860.00
Tekjuafgangur	—	1 034 111.00
Samtals	kr.	1 169 487.00

Tekjur:

Árgjöld	kr.	39 600.00
Merkjasala	—	135 144.00

Framlög og styrkir:

Frá sveitarfélögum	kr.	90 700.00	
Frá Lionsklúbbum	—	766 823.00	
Frá öðrum félögum	—	55 000.00	
Minningagjafir og áheit	—	29 100.00	
			— 941 623.00
Vextir			— 53 120.00
Samtals			kr. 1 169 487.00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1975.

Eignir:

Peningar í sjóði	kr.	1 681.00
Ávísanareikningur 735	—	197 834.00
Sparisjóðsbók 5040	—	476 486.00
Gjafasjóður Lionsklúbba	—	712 388.00
Byggingarkostnaður	—	138 824.00
Samtals	kr.	1 527 213.00

Skuldir:

Viðskiptaskuld, dagblaðið Tíminn		kr.	7 480.00
Eigið fé:			
Höfuðstóll pr. 1/1 1975	kr. 485 622.00		
+ tekjuafgangur 1975	— 1 034 111.00		
		—	1 519 733.00
Samtals		kr.	1 527 213.00

Höfum endurskoðað reikninga þessa og ekkert fundið athugavert.

Bjarni Kristjánsson. Hafþór Guðmundsson.

Nr. 172.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1978.

Efnahagsreikningur 31. desember 1978.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:			
a) Fiskiskip		kr.	44 063 354.640
b) Hraðfrystihús		—	4 825 577 805
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur		—	720 650 744
d) Aðrar fiskvinnslustöðvar		—	1 051 522 899
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		—	97 040 894
f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)		—	275 954 512
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975 fyrir lánum út á:			
a) Fiskiskip		—	684 166 479
b) Fasteignir		—	629 844 832
3. Hagræðingarlán		—	852 000 000
4. Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.		—	2 482 438 961
5. Verðbréf		—	78 785 865
6. Ýmsir skuldunautar		—	59 556 103
7. Bankainnstæður:			
a) Fiskveiðasjóður	kr. 1 061 047 289		
b) Stofnfjársjóður	— 945 216 412		
c) Gengisjöfnunarstyrkur	— 104 960 846		
d) Hagræðingarlán	— 312 312 747		
		kr.	301 442 716
		kr.	56 122 336 450

Skuldir:

1.	Skuldir við innlenda banka	kr.	4 627 650 724
2.	Skuldir í erlendri mynt	—	23 277 397 678
3.	Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka	—	175 393 000
4.	Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána	—	1 293 946 364
5.	Skuld við Hagræðingarsjóð	—	1 213 112 747
6.	Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa	—	15 877 101 605
7.	Stofnfjársjóður fiskiskipa	—	945 216 412
8.	Viðskiptamenn	—	186 088 290
9.	Sumarsíldveiðar 1968 lög nr. 79/1968 17. gr. B.	—	2 499 242
10.	Gengisjöfnunarstyrkur, lög nr. 79/1968 17. gr. A.	—	4 239 742
11.	Gengisjöfnunarstyrkur, 1974, 1975 og 1978 lög nr. 106/1974, 55/1975 og 2/1978	—	104 960 846
12.	Eigið fé	—	8 414 729 800
		kr.	56 122 336 450

Rekstrarreikningur 31. desember 1978.

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr.	166 241 300
2.	Vextir greiddir á árinu	—	4 110 017 945
3.	Lagt í Stofnsjóð	—	2 000 000 000
4.	Lagt í Afskriftarreikning	—	130 000 000
5.	Lagt í Varasjóð	—	200 000 000
6.	Yfirfært til næsta árs	—	4 729 800
		kr.	6 610 989 045

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr.	3 832 661
2.	Af útflutningsgjaldi	—	1 596 000 000
3.	Mótframlag Ríkissjóðs vegna útflutningsgjalds	—	818 250 000
4.	Framlag Ríkissjóðs	—	35 000 000
5.	Vextir, innheimtir á árinu	—	4 157 906 384
		kr.	6 610 989 045

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS.

Reykjavík, 14. febrúar 1979.

Sverrir Júlíusson.

Svavar Ármannsson. *Guðjón Halldórsson.*

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 22. febrúar 1979.

Birgir Finnsson. *Ásmundur B. Olsen.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1978 rétta.

Reykjavík, 27. febrúar 1979.

Björn Guðmundsson. *Davíð Ólafsson.* *Óskar Vigfússon.*
G. Jakobsson. *Árni Benediktsson.* *Helgi Bergs.*
Einar B. Ingvarsson.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1978 hér með staðfestir.

Reykjavík, 20. mars 1979.

Kjartan Jóhannsson.

9. apríl 1979. Nr. 173.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla.

1. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 404/1978 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla og gildir frá og með skólaárinu 1979—1980 þar til öðruvísi verður ákveðið. Auk þess vísast til aðalnámskrár grunnskóla svo og upplýsinga um kennslu í einstökum greinum sem skólum verða sendar.
2. Nemendastundir skiptast á námsgreinar og námsár eins og hér greinir:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár
Móðurmál, Stærðfræði, Samfélagsgreinar, Kristinfræði, Heimilisfræði*	16	16	18
Mynd- og handmennt, Tónmennt	4	4	6
Íþróttir**	2	2	2
	22	22	26

	4. námsár	5. námsár	6. námsár
Móðurmál, Stærðfræði (5), Samfélagsgreinar, Kristinfræði, Raungreinar, Danska, enska***, Heimilisfræði*	21	23	25
Mynd- og handmennt, Tónmennt	6	6	6
Íþróttir**	2	3	3
	29	32	34

	7. námsár	8. námsár	9. námsár
Móðurmál	6	5	5
Stærðfræði	5	5	5
Danska	3	4	4
Enska	4	4	4
Samfélagsgreinar			
Kristinfræði			
Raungreinar	14	14	
Heimilisfræði			
Mynd- og handmennt			
Tónmennt			
Íþróttir**	3	3	3
Valgreinar			10—14
	35	35	31—35

* Gert er ráð fyrir að hver nemandi fái tilsögn í heimilisfræði sem nemur 4 st. á skólaárinu.

** Við ofangreinda íþróttatíma bætist sund.

*** Enska hefst á 6. námsári.

3. Auk þeirra stunda sem taldar eru í 2. tölulið hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér greinir:

a) Í skólahverfum þar sem 12 eða fleiri nemendur eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til skipta bekkjardeildum í verklegri kennslu í hlutfalli við nemendafjölda eins og hér segir:

Í 3.—5. bekk 1 stund á hverja 12 nemendur
í 6. bekk 1.5 stundir á hverja 12 nemendur
í 7.—8. bekk 2 stundir á hverja 12 nemendur.

Séu nemendur færri en 12 fær skólahverfið ekki skiptistundir skv. þessum staflið.

b) Stundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 24 nemendur í grunnskóla að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

Bent skal á að tímabundin skipting bekkja getur verið hagkvæm, t. d. þegar byrjað er á nýrri námsgrein.

c) Stundir vegna valgreina í 9. bekk sem reiknast samkvæmt formúlunni

$$\left(\frac{\text{fj. nem.}}{17} \div \text{fj. deilda}\right) \cdot 12 = \text{st. til valgreina}$$

Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi.

4. Í öllum bekkjum er miðað við 40 mínútna kennslustundir. Þrátt fyrir þessa 40 mínútna viðmiðun er heimilt að hafa einstakar kennslustundir lengri eða skemmri, t. d. allt frá 20 mín. og upp í 80 mín. eftir því sem heppilegt er talið frá kennslufræðilegu sjónarmiði og með hliðsjón af þeim verkefnum sem unnið er að. Þess skal þó gætt að heildarfjöldi kenndra stunda á viku sé að jafnaði sá sem stundaskráin tilgreinir.

5. Ef ekki er unnt að halda uppi kennslu í grein vegna þess að ekki hefur fengist kennari í greininni eða vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi, og útilokað að ráða bót á því, þá er heimilt að fengnu samþykki fræðslustjóra að nota þær stundir sem þessari grein eru ætlaðar til annarrar kennslu.

6. Fjöldi kennslustunda í einstökum greinum, sbr. 2. tölulið, er ekki tiltekinn nema í 7.—9. bekk í móðurmáli, stærðfræði, dönsku og ensku, og í íþróttum í öllum bekkjum sbr. reglugerð um iðkun leikfimi og annarra íþrótta í skólum nr. 204/1964.

Að öðru leyti er aðeins tiltekinn stundafjöldi í greinaflokkum og getur hver skóli um sig ákveðið kennslu í einstökum greinum innan þess ramma sem tilgreindur er. Í 1.—6. bekk er heimilt að færa stundir á milli greinaflokka og í 7.—9. bekk að færa stundir frá móðurmáli, stærðfræði, dönsku eða ensku til annarra greina ef nauðsyn krefur, t. d. vegna samþættingar greina. **Ekki er heimilt að fella niður kennslu í grein nema þá tímabundið.**

Um þau frávik sem tilgreind eru í þessum tölulið skal hafa samráð við hlutaðeigandi fræðslustjóra og námstjóra.

7. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum stundum til valgreina í 8. bekk. Þó er heimilt að gefa nemendum kost á þeim ef skólar telja að unnt sé að fullnægja markmiðum námskrár með færri stundum en tilgreint er í stundaskrárviðmiðuninni, sbr. 2. tölulið. Þetta skal þó ekki gert nema að höfðu samráði við fræðslustjóra.
8. Námsgreinum í 9. bekk er skipt í þrjá flokka, kjarna, bundið val og frjálst val eins og hér greinir.

Kjarni: móðurmál, stærðfræði, enska, danska og íþróttir. Allir nemendur skulu leggja stund á þessar greinar.

Bundið val: samfélagsgreinar 4 stundir
raungreinar 4 stundir
Nemendur **skulu velja** annað hvort samfélagsgreinar eða raungreinar. Einnig geta þeir valið báðar greinarnar og fækkað þá stundum fyrir frjálst val sem því nemur.

Frjálst val: heimilisfræði, mynd- og handmennt, kynning atvinnuvega, vélfræði, tækniteiknun, viðskiptagreinar, tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf.

Einstakir skólar geta bætt við þennan lista ef þeir vilja gefa nemendum sínum kost á fleiri greinum.

Samtals geta nemendur tekið valgreinar sem nemur 10—14 stundum á viku.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda í námshópum eigi vera lægri en 17 og í einstökum hópum eigi færri nemendur en 12. Þó er bent á þann möguleika að í sumum tilvikum er unnt að steypa saman smærri nemendahópum þannig að nemendur fáist við ólík viðfangsefni undir umsjón sama kennara.

Tiltekið val í 9. bekk takmarkar ekki möguleika nemenda til framhaldsnáms að því tilskildu að þeir hafi fullnægt þeim lágmarkskröfum um námsárangur sem gerður er til inngöngu í framhaldsskóla.

9. Í sumum tilvikum er skylt að veita nemendum fræðslu um tiltekin efni sem ekki koma fyrir í námsefni einstakra greina. Má hér nefna bindindisfræðslu, sbr. áfengislög nr. 58, 24. apríl 1954, fræðslu um umferðarmál, sbr. umferðarlög nr. 40, 23. apríl 1968, fræðslu um kynlíf, sbr. lög nr. 25, 22. maí 1975, félagsmálafræðslu, sbr. reglugerð nr. 433/1977 um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskólum.

Þessa efnisþætti er unnt að kenna á námskeiðum eða í tengslum við aðrar námsgreinar og er ekkert við það að athuga þótt vikulegur fjöldi kennslustunda víki um skeið nokkuð frá því sem stundaskráin ákveður ef þess er gætt að meðalstundafjöldi hvers nemanda á viku yfir allt skólaárið sé sem næst því sem tilgreint er.

Þá skal leitast við að halda uppi kórstarfi svo og fjölbreyttu félagsstarfi. Stundir til þessarar starfsemi getur skóli tekið af kvóta sínum samkvæmt 10. og 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja þriðjung við höfuðstólinn, en tveimur þriðju má úthluta á hverju ári.

Verði minni upphæð úthlutað eitthvert ár, leggst afgangurinn af vöxtum við höfuðstól.

Þó skal sjóðsstjórn heimilt að úthluta vaxtaupphæð annað hvort ár og má þá greiða tvo þriðju hluta vaxta tveggja ára í einu. Frá því höfuðstóllinn nær kr. 250 000.00, má veita árlega alla vexti hans.

7. gr.

Höfuðstóllinn skal, að öðru leyti, efla með frjálsum gjöfum eða áheitum.

8. gr.

Af úthlutunarfénu má veita íslenskum dýralæknum styrk til framhaldsnáms, til vísindastarfa á dýralæknasviðinu eða sem verðlaun fyrir ritgerðir um skyld mál, byggðar á sjálfstæðum rannsóknum.

9. gr.

Sjóðsstjórn er ennfremur heimilt, að veita öðrum einstaklingum, eða starfshópum, viðurkenningu fyrir mikilvæg störf unnin á sviði dýralækninga.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 4. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1975 (á níræðisafmæli Sigurðar E. Hlíðar).

10. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands að skipulagsskrá þessari.

Nr. 207. 20. apríl 1979.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.

Neðanskráð félög í Kópavogi stofna hér með

sjálfseignarstofnun,

sem heitir Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi,

Junior Chamber Kópavogur
Kirkjufélag Digranesprestakalls
Kiwanisklúbburinn Eldey
Kvenfélag Kópavogs
Lyonsklúbbur Kópavogs
Lionsklúbburinn Muninn
Rauðakrossdeild Kópavogs
Rotaryklúbbur Kópavogs
Soroptimistaklúbbur Kópavogs.

Eignir stofnunarinnar eru framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum samtals kr. 3 450 000.00. Skuldir eru engar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkvæmt framangreindu. Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Samkvæmt framangreindu setja stofnendur stofnun þessari eftirfarandi

skipulagsskrá:

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita öldruðum og sjúkum heimilisvist og aðhlynningu á hjúkrunarheimilinu og svo góða umönnun sem frekast er unnt.

Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé öldruðum og sjúkum til aðhlynningar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirðinu sé beinlínis varið til að halda hjúkrunarheimili eða sjúkrahússtarfsemi áfram hér í bænum, sbr. 8. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Hver stofnenda kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð stofnunarinnar og einn til vara. Kosning fer fram á aðalfundi eða aukafundi sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur, enda þess getið í fundarboði, að kjósa eigi fulltrúa þessa.

Kosning gildir í 8 ár, eða til þess tíma, að fulltrúinn óskar að láta af störfum eða hættir sannanlega að sinna þeim. Þó skal helmingur fulltrúa kosinn til 4 ára í fyrsta sinn samkvæmt hlutkesti. Þau félög er ekki auglýsa fundi kjósa fulltrúann á sama tíma og fastanefndir eru kosnar.

Fulltrúaráðið skal kvatt saman minnst tvisvar á ári. Það kýs stjórn samkvæmt 4. gr., er tengiliður stjórnar og stofnenda og fær skýrslu um rekstur liðins árs. Fundi skal boða með ábyrgðarbréfi með einnar viku fyrirvara. Sérhver löglega boðaður fundur er lögmætur.

4. gr.

Stjórn hjúkrunarheimilisins skipa 3 — þrír — menn og 2 til vara búsettir í Kópavogi eða á höfuðborgarsvæðinu. Á stjórnarfundum hafa varamenn ekki atkvæðisrétt, heldur málfrelsi og tillögurétt. Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár. Kjósa skal formann sérstaklega en meðstjórnendur saman og varamenn saman. Kjósa skal þá hlutbundinni kosningu, ef 2 fulltrúaráðsmanna óska þess. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman.

Verði sæti formanns eða meðstjórnanda laust, skipa aðrir stjórnarmenn mann úr fulltrúaráðinu í stað hans til loka kjörtímabils.

5. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum og auka hana og stækka er þörf krefur og ástæður leyfa.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum. Þó skal hún sjálf hafa yfirstjórn fjármála og starfsfólk bundna prókúru (sjá nánar í reglugerð).

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag hjúkrunarheimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af 2 mönnum, öðrum útnefndum af ríkisendurskoðun og hinum af bæjarstjórn Kópavogs. Stjórnin leggur síðan endurskoðaðan reikninginn fyrir fulltrúaráð til afgreiðslu. Reikninginn skal síðan senda samþykktan til bæjarstjórnar Kópavogs til kynningar, en útdráttur úr honum skal birtur í opinberu blaði.

6. gr.

Peningar þeir, sem hjúkrunarheimilið kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

7. gr.

Fulltrúaráð setur reglur fyrir hjúkrunarheimilið.

8. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið eða stjórnin, sbr. 9. grein, sjái sér ekki fært að reka hjúkrunarheimilið áfram, gefi hún bæjarstjórn Kópavogs kost á því að taka að sér heimilið og allan rekstur þess og yrði þá stofn að sjúkrahúsi í Kópavogi, en hafni hún því boði, fellur hjúkrunarheimilið með öllum eignum þess til ríkisspítalanna í þágu þjónustu við aldraða og sjúka í Kópavogi.

9. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef ⅘ fulltrúaráðsmanna samþykkja það.

Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur. Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrjú eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, fellur fulltrúaráðið niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að tveir stjórnarmenn velja þriðja mann í stjórn, með sér. Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með ⅘ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráð hefur lagst niður samkvæmt ákvæðum 9. gr. kemur stjórn félagsins í stað þess varðandi þau málefni sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um, með þeirri breytingu, að ⅔ stjórnar komi í stað ⅘ hluta fulltrúaráðs.

Nr. 208. 4. maí 1979.

REGLUGERÐ

um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

Verkleg próf fyrir löggilta endurskoðendur skulu haldin af prófnefnd er ráðherra skipar.

2. gr.

Ráðherra skal skipa þrjá menn í prófnefnd.

Einn prófnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu stjórnar Félags löggiltra endurskoðenda, einn eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

Nefndin skal skipuð til fimm ára í senn.

3. gr.

Verkleg próf skulu haldin að jafnaði á tveggja ára fresti.

Prófnefnd skal auglýsa fyrirhuguð próf með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara. Skulu þeir sem hyggjast þreyta prófraun tilkynna það prófnefnd a. m. k. tveim mánuðum fyrir upphaf prófa og skulu fylgja tilkynningunni skilríki fyrir því að prófmaður fullnægi skilyrðum 1.—4. tl. 2. gr. l. nr. 67/1976 til löggildingar til endurskoðunar.

Prófnefnd skal meta hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt en mati hennar má skjóta til ráðherra.

4. gr.

Prófraunir skulu a. m. k. vera fjórar og til þess gerðar að þær sýni nauðsynlega verklega þekkingu prófmanns á bókhaldi, endurskoðun og reikningsskilum svo og öðrum þáttum í störfum löggiltra endurskoðenda.

Prófverkefni skulu samin af einstökum prófnefndarmönnum eða þeim, sem nefndin felur það starf. Verkefnin skulu lögð fyrir prófnefnd til samþykktar.

5. gr.

Úrlausnir prófmanna skulu metnar af þeim, er samdi viðkomandi verkefni, en mat hans skal lagt undir úrskurð prófnefndar.

6. gr.

Við próf skulu gefnar einkunnir eftir sama einkunnarstiga og notaður er í viðskiptadeild Háskóla Íslands, ein einkunn fyrir hverja prófraun.

Til þess að standast prófraun þarf prófmaður að hljóta einkunnina 6 í hverri prófraun og ekki lægri meðaleinkunn en 7.5 úr öllum prófraununum, miðað við núgildandi einkunnarstiga (hæsta einkunn 10, lægsta einkunn 0), eða samsvarandi einkunnir eftir öðrum einkunnarstigum.

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun einu sinni til, næst þegar almennt verklegt próf er haldið og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

7. gr.

Prófnefnd skal afhenda þeim prófmönnum er standast prófraun skírteini um að þeir hafi staðist prófið.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í l. nr. 67/1976 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217/1953.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prófnefnd skv. 2. gr. reglugerðar þessarar skal skipuð fyrir 1. júlí 1979 og fellur umboð prófnefndar þeirrar sem skipuð hefur verið eftir ákvæðum l. nr. 89/1953 og reglugerðar nr. 217/1953 úr gildi frá sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmála Siglufjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skal skipuð 9 (níu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Siglufjarðarkaupstað, og skal engu máli er varðar sérstaklega hagsmuni kaupstaðarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna kaupstaðarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum kaupstaðarins.

1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B. lið, og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.

2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlunum, eða samkv. annarri ákvörðun bæjarstjórnar, og ennfremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3) Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda kaupstaðarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því, sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í samþykkt þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga kaupstaðarins. Hún kýs og fulltrúa kaupstaðarins á fundi samtaka sveitarfélaga, sem hann er aðili að svo og fulltrúa er kaupstaðnum kann að vera skylt að tilnefna samkvæmt lögum. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn kaupstaðarins og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna kaupstaðarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar í júnímánuði kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 4 ára í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um, hverja tvo skyldi kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið nýr forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnar er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 4 ára í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð, hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fundinn, töluröð bæjarstjórnarfunda, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé þess getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi, annan fimmtudag hvers mánaðar. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar. Fundir bæjarstjórnar skulu hefjast kl. 16.00 og ljúka eigi síðar en kl. 24.00. Þó er heimilt að halda þá fundi áfram, ef meirihluti bæjarfulltrúa samþykkir.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundar-

efni. Bæjarstjóri ákveður þá fundarstað og fundartíma og tilkynnir það bæjarfulltrúum með svo löngum fyrirvara, sem unnt er.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd, eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki viðstaddir bæjarfulltrúar þau afbrigði með meirihluta greiddra atkvæða þar um.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi fyrir kl. 20.00 mánudaginn fyrir reglulegan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

9. gr.

Auglýsa skal fundi bæjarstjórnar um leið og dagskrá er borin út til bæjarfulltrúa á sama hátt og venja er að birta opinberar tilkynningar frá bæjarskrifstofunni. Á sama tíma skal og senda áskrifendum fundargerðir sínar.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal

forseti ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur, svo og stuttar bókanir samanber 6. gr.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfn varabæjarfulltrúa skal færa á skrá í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúum skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gilda.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundum, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þá hann talar, nema ef forseti ákveði, að hann skuli flytja ræður sínar úr ræðustóli. Forseti skal bjóða orðið laust tvisvar sinnum og telst umræðum þá lokið ef enginn kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa. Um fyrirspurnarfundi gildir sérstök samþykkt bæjarstjórnar frá 26. janúar 1971.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræðu dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr., umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að hlíta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann, og nefna þau ummæli, sem hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúar hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli hljóðritaðir til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans. Með öll slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra.

21. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn, skv. ákvörðun hennar. Bæjarstjórn ákveður einnig þóknun fyrir nefndarstörf

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarfulltrúar skulu hafa auglýstan viðtalstíma á bæjarskrifstofunni fyrir bæjarbúa tvær klst. í senn, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Skulu tveir bæjarfulltrúar mæta í hverjum viðtalstíma og skulu þeir ekki vera af sama lista.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

25. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar í júnímánuði skal kjósa hlutfallskosningu 3 aðalbæjarfulltrúa í bæjarráð og 3 til vara til 4 ára. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið. Bæjarráð kýs formann bæjarráðs úr hópi bæjarráðsmanna til eins árs í senn.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs. Bæjarráð getur leyft að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja á fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarráð skal halda fundi í viku hverri og ákveður bæjarráð vikudag.

Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður eða ef einn bæjarráðsmaður óskar. Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs undirbúa dagskrá funda bæjarráðs.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því því sem við getur átt. Formaður bæjarráðs sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál sem rísa kunna út af fundarsköpum. Í gerðabók skal greina frá því hvar fundur er haldinn og hvenær, hverjir sitja fundinn og hver sé fundarritari. Þá skal greina frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Siglufjarðarkaupstaðar, að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Ákvarðanir sem bæjarráð tekur eru jafnframt tillögur til bæjarstjórnar og þurfa að öðlast samþykki hennar svo að gildar séu.

27. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarfélagsins, það fer og með fasteignamál, brunamál og vegamál. Bæjarráð samræmir, eftir því sem við á og þurfa þykir, störf annarra nefnda á vegum bæjarstjórnar.

Bæjarráð fer með samningamál vegna kjarasamninga við starfsmenn kaupstaðarins.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði önnur verkefni ef ástæða þykir til.

Bæjarráð undirbýr árlega fjárhagsáætlun bæjarins og gerir tillögur til úrskurðar á ársreikningum hans. Ennfremur hefur það eftirlit með allri starfsemi kaupstaðarins, sem ekki er falin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur. Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna, þ. e. fjárhagsáætlanir og aðrar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI.

Um bæjarstjóra.

29. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

30. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn og bæjarráð gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Bæjarstjóri skal hafa ákveðna viðtalstíma, sem auglýstir eru á skrifstofum bæjarins.

31. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfullrúar, nema annað sé sérsaklega fram tekið í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og í nefndum.

32. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

33. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

34. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur.

VI. KAFLI

ENDURSKOÐENDUR.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til 4 ára í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar og jafnmargir varabæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

36. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela lögg. endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans sbr. 2. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögur um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI.

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda og stjórna.

37. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og stjórnir og starfsmenn til þess að fara með tiltekin mál eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

Kosning nefnda er til 4 ára og fer fram í júní á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar.

Kosið skal í eftirtaldar fastanefndir og stjórnir:

	Aðalmenn	Varamenn
1. Hafnarnefnd	5	5
2. Veitunefnd	5	5
3. Félagsmálaráð	5	5
4. Skólanefnd	5	5
5. Heilbrigðisnefnd	5	5
6. Náttúruverndarnefnd	5	5
7. Íþróttamálaráð	4	4
8. Stjórn Bóka- og skjalasafns	5	5
9. Stjórn byggðasafns	5	5
10 Bygginga- og skipulagsnefnd	5	5
11. Stjórn Sjúkrahúss Siglufjarðar	3	3
12. Stjórn Lífeyrissjóðs	2	2
13 Hátíðanefnd	7	7
14. Atvinnumálanefnd	3	3
15. Áfengisvarnarnefnd	6	6

Aðrar nefndir skal bæjarstjórn kjósa eftir þörfum.

38. gr.

Nefndir sem starfa á vegum bæjarstjórnar skulu kjósa sér formann úr eigin hópi til eins árs í senn.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar og stjórna fundum þeirra. Þeir skulu og undirbúa dagskrá í samvinnu við bæjarstjóra og/eða aðra starfsmenn bæjarins eftir því sem við á og þurfa þykir.

Nefndarmenn kjósa sér ritara úr eigin hópi.

Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri, eða bæjarritari í forföllum hans, boðað að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða brýn málefni bæjarfélagsins, sem undir nefndina heyra.

Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á fundum nefnda, ef nefndin óskar, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

39. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefnda er ákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

40. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

41. gr.

Hafnarnefnd skipa 5 menn, 3 úr hópi bæjarfulltrúa, en 2 utan bæjarstjórnar.

Hafnarnefnd fer með málefni Siglufjarðarhafnar samkv. lögum og reglugerðum.

42. gr.

Veitunefnd skipa 5 menn. Eigi færri en 1 hinna kjörnu skal vera úr hópi aðalbæjarfulltrúa.

Veitunefnd fer með málefni hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu, samkvæmt lögum og reglugerðum.

43. gr.

Félagsmálaráð skipa 7 menn. Eigi færri en 1 hinna kjörnu skal vera úr hópi aðalbæjarfulltrúa. 2 fulltrúar skulu tilnefndir, annar af kvenfélaginu Von, en hinn af núverandi æskulýðsráði.

Félagsmálanefnd fer með eftirtalda málaflokka samkvæmt lögum og reglugerðum:

Málefni aldraðra, æskulýðsmál, barnavernd, dagheimilismál, vetrarhjálp, heimilishjálp, framfærslu og almenn félagsmál.

44. gr.

Skólanefnd skipa 5 menn.

Skólanefnd fer með málefni grunnskóla og framhaldsskóla í Siglufirði samkvæmt lögum og reglugerðum.

45. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fund nefndarinnar. Starfssvið nefndarinnar markast af lögum og reglugerðum um heilbrigðismál og hollustuhætti.

46. gr.

Náttúruverndarnefnd skipa 5 menn. Nefndin starfar skv. lögum og reglugerðum um náttúruvernd og er bæjarstjórn til ráðuneytis um þau og önnur umhverfismál.

47. gr.

Íþróttaráð skipa 4 menn auk 1 fulltrúa tilnefndum af IBS.

Nefndin starfar samkvæmt sérstakri samþykkt og er ráðgefandi aðili um íþróttamál s. s. byggingu og rekstur íþróttamannvirkja.

48. gr.

Stjórn bóka- og skjalasafns skipa 5 menn.

Stjórnin fer með málefni bókasafns og skjalasafns samkvæmt lögum og reglugerðum.

49. gr.

Stjórn byggðasafns skipa 5 menn.

Stjórnin fer með málefni byggðasafns og hefur umsjón með söfnun og varðveislu muna og minja á vegum safnsins. Stjórnin starfar samkvæmt sérstakri reglugerð.

50. gr.

Bygginga- og skipulagsnefnd skipa 5 menn. Eigi færri en 3 hinna kjörnu skulu vera úr hópi bæjarfulltrúa.

Bygginga- og skipulagsnefnd starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 54/1978. Bygginga- og skipulagsnefnd fer með skipulagsmál samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1978.

51. gr.

Stjórn Sjúkrahúss Siglufjarðar skipa 5 menn. Þrír skulu kjörnir af bæjarstjórn. Starfsfólk Sjúkrahúss Siglufjarðar tilnefnir tvo fulltrúa.

Stjórnin fer með málefni Sjúkrahúss Siglufjarðar og heilsugæslustöðvar Siglufjarðarumdæmis samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

52. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs SMS skipa 5 menn. Bæjarstjórn kýs tvo og skulu þeir vera úr hópi aðalbæjarfulltrúa. SMS tilnefnir tvo menn í stjórnina. Bæjarstjóri á sæti í nefndinni og skal hann gegna þar formennsku. Stjórnin starfar í samræmi við reglugerð Lífeyrissjóðs SMS og gildandi lagafyrirmæli.

53. gr.

Hátíðarnefnd skipa 7 menn. Nefndin annast undirbúning og framkvæmd hátíðarhalda 17. júní og 20. maí. Heimilt er þó að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðarhaldanna, ef ⅔ hlutar nefndarmanna samþykkja slíka tilhögun.

54. gr.

Atvinnumálanefnd skipa 5 menn. Bæjarstjórn kýs 3 og skulu þeir vera aðalbæjarfulltrúar. Verkalýðsfélagið Vaka tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og samtök atvinnurekenda einn fulltrúa. Verkefni nefndarinnar skal vera að fylgjast með atvinnuástandi í kaupstaðnum og þróun þess.

55. gr.

Áfengisvarnarnefnd skipa 7 menn, þar af kýs bæjarstjórn 6 menn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar eftir ábendingu Áfengisvarnarráðs. Starfssvið nefndarinnar markast af lögum um áfengisvarnir.

56. gr.

Ennfremur kýs bæjarstjórn eftirtaldar nefndir, starfsmenn, fulltrúa í stjórnir og nefndir til 4 ára í senn á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar eða þegar við á samkvæmt lögum og reglugerðum í hverju tilviki.

1. 2 endurskoðendur bæjarreikninga og 2 til vara.
2. 2 fulltrúa í stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar og 2 til vara.
3. 2 endurskoðendur Sparisjóðs Siglufjarðar og 2 til vara.
4. 3 fulltrúa í kjörskrárnefnd og 3 til vara.
5. 3 fulltrúa í kjörstjórn og 3 til vara.
6. 1 matsmann brunatjóns og 1 til vara.
7. 1 mann í verðlagsskrárnefnd og 1 til vara.
8. Fulltrúa í stjórn verkamannabústaða, samkvæmt lögum þar um.
9. Fulltrúa í framkvæmdanefnd um byggingu leiguíbúða í Siglufirði.
10. 2 fulltrúa í kjaranefnd og skulu þeir vera aðalbæjarfulltrúar.
11. 2 fulltrúa í stjórn Þormóðs ramma og 2 til vara.
12. Fulltrúa í stjórn Húseininga h. f.
13. 4 fulltrúa til að annast landbúnaðarmálefni, þ. e. a. s. birgðastjóra, fjallskilastjóra, gangnastjóra og réttarstjóra.
14. Fulltrúa í stjórn Sjúkrasamlags samanber og c. lið 2. gr. reglugerðar þessarar.

57. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan hátt mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði að skipa í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjar-

ráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipan í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála Siglufjarðarkaupstaðar nr. 93, 6. júní 1963 og fundarsköp fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar nr. 92, 6. júní 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 210.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóður bænda 1978.

Rekstrarreikningur 31. desember 1978.

Tekjur:

Iðgjöld framleiðenda 1978 skv. áætlun stjórnar	kr.	284 639 000
Iðgjöld neytenda 1978 skv. áætlun stjórnar	—	526 610 000
Iðgjöld framleiðenda 1977, hækkun	—	3 303 004
Iðgjöld neytenda 1977, lækkun	—	÷11 463 000
Iðgjöld launþega	—	230 190
Iðgjöld vinnuveitenda	—	344 080
Réttindaflutningur	—	÷2 439 278
Endurgreidd iðgjöld	—	÷731 032
Framl. Ríkissjóðs Íslands vegna lífeyrisgr.	—	139 951 362
Framl. Stofnlánadeildar landb. v/lífeyrisgr.	—	83 979 207
Iðgjöld	kr.	1 024 423 533

Gjöld:

Lífeyrisgreiðslur	kr.	564 819 161
Iðgjöld — Lífeyrisgreiðslur	kr.	459 604 372
Lífeyrisgreiðslur vegna umsjónarnefndar eftirlauna	kr.	13 611 999

Vaxtatekjur	—	272 257 730
Vísitöluálag	—	285 269 182
Fjármagnsgjöld	—	÷731 351
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	—	556 795 561
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	kr.	12 381 526
Laun og launatengd gjöld	—	4 998 837
Annar kostnaður	—	7 382 689
Afskriftir	kr.	33 028
Tekjuafgangur til ráðstöfunar	kr.	990 373 380

Efnahagsreikningur 31. desember 1978.

Eignir:

Veltufjármunir:		
Handbært fé, bankainnstæður	kr.	266 142 806
Skammtímakröfur	kr.	265 502 357
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar	—	202 892 357
Ríkissjóður Íslands v/framlags neytenda	—	62 610 000
Veltufjármunir	kr.	531 645 163
Fastafjármunir:		
Skuldabréf Framkvæmdasjóðs Íslands, nafnverð	kr.	346 013 953
Áfallin vísitala Framkvæmdasjóðs Íslands	—	299 257 426
Skuldabréf Stofnlánadeildar landb., nafnverð	—	233 345 602
Áfallin vísitala Stofnlánadeildar landbúnaðarins	—	95 147 047
Skuldabréf Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, nafnverð	—	261 166 665
Skuldabréf Stofnlánadeildar landb., nafnverð	—	870 308 335
Langtímakröfur og áhættufjármunir	kr.	2 105 239 028
Varanlegir fjármunir, skrifstofuáhöld	kr.	198 172
Fastafjármunir	kr.	2 105 437 200
Eignir samtals	kr.	2 637 082 363

Skuldir og eigið fé:

Höfuðstóll 1. janúar 1978	kr.	1 646 708 983
Tekjuafgangur 1978 til ráðstöfunar	kr.	990 373 380
Eigið fé	kr.	2 637 082 363

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1978

og efnahagsreikning 31. desember 1978, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 16. febrúar 1979.

Vigfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi. Einar Sverrisson.

4. maí 1979. Nr. 211.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Ólafsfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. maí 1979 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ólafsfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. maí 1979. Nr. 212.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979:

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 833.00
Millifiskur nr. 1	— 777.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 672.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 620.00

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 6%, er miðast við varðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

1. **Aðalbrautarréttur** samkv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:
   a. Vesturgata nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Heiðarbraut og Hólmgarði.
   b. Álsvellir/Eyjavellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart efri enda Eyjavalla.
   c. Álsvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart Bjarnarvöllum og Heimavöllum.
   d. Suðurvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart Elliðavöllum og Drangavöllum.
   e. Miðgarður nýtur aðalbrautarréttar gagnvart öllum aðliggjandi götum nema Nónvörðu.
   f. Aðalgata nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Nónvörðu.
   g. Flugvallavegur nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Sunnubraut.

2. **Niðurfelling einstefnuaksturs.**
   a. Einstefnuakstur um Aðalgötu fellur niður.
   b. Einstefnuakstur um Heiðarveg fellur niður.

Reglur þessar taka gildi 1. maí 1979. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur, sem fara í bága við þessar nýju reglur.

Bæjarfógetinn í Keflavík, 8. febrúar 1979.

Jón Eysteinsson.

Stjórnartíðindi B 23, nr. 200—213. Útgáfudagur 25. maí 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1979

21. maí 1979. 365 Nr. 214.

REGLUGERÐ
um verðbætur á laun.

1. gr.
Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. júní 1979 og síðan á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagsnefnd reiknar (með tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.
Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar og hefur grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979.

3. gr.
Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 2. gr. skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, sem leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu:

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.
2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu. Verði fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum, eða á lagður sérstakur skattur, skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísitölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagsnefnd skal meta þennan frádráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu frá 1. júní 1979.
3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og safnast ekki upp sem sérstakur vísitöluliður.

4. gr.
Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. frá viðskiptakjarastigi ársins 1978 þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum í síðari hluta aprílmánaðar 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

B 46

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Á sama hátt og í 1. málsgrein segir, skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

5. gr.

Kauplagsnefnd ákveður reiknireglur vegna ákvæða 1.—4. gr. og setur nánari reglur um framkvæmd þeirra, eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 1.—4. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við útreikning verðbóta samkvæmt þessari reglugerð. Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjármálaráðuneytið. Ákvæði þessarar reglugerðar breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. greinar skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. september 1979.

8. gr.

Frádráttur frá hækkun verðbóta samkvæmt ákvæðum 4. gr. skal ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 6. gr. Hinn 1. september 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. desember 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin skv. 1.—4. gr.

9. gr.

Komi til frádráttar frá hækkun verðbóta hinn 1. júní 1979 samkvæmt ákvæðum 4. gr. sbr. og 7. og 8. gr., skal hann koma þannig til framkvæmda að hann nái að fullu til launa, sem eru 220 000 krónur eða hærri á mánuði fyrir fulla dagvinnu samanber ákvæði 6. gr. og 10.—12. gr. en lækki síðan jöfnum skrefum þannig að hann hverfi við 210 000 króna markið, sem sett er í 8. gr., og fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirrar greinar.

10. gr.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir fulla dagvinnu, vegna ákvæða 8. og 9. gr., að jafnan sé miðað við endanlegan kauptaxta að meðtöldum hvers konar álögum, þó ekki erfiðis- og óþrifaálagi. Sama skal gilda um kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, að miða skal við hinn endanlega taxta, en ekki grunninn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

a) Sem dæmi um álög, sem telja skal til dagvinnulauna í þessu sambandi, eru aldurshækkanir, starfsþjálfunarhækkanir, löggildingarálag, námskeiðsálag, verkstjórnarálag, flokkstjórnarálag og yfirborgun. Upptalning þessi er aðeins leiðbeinandi.
b) Sem dæmi um álög, sem ekki skal telja með dagvinnutaxta, í þessu sambandi eru erfiðisálag, óþrifaálag, þungaálag, álag vegna óþrifalegrar og óhollrar vinnu og hæðarálag.
c) Kaupaukar sem ekki teljast til dagvinnulauna, í þessu sambandi, eru verkfærapeningar, bifreiðargjald, fæðispeningar, fatapeningar, fataþvottapeningar.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8., 9. og 10. gr. skulu verðbætur á reiknitölur ákvæðisvinnu jafnan fylgja hinum almennu reglum um verðbætur í 1.—7. gr., að öðru leyti en því að verðbætur á laun fyrir tímamælda ákvæðisvinnu með bónus eða kaupauka fyrir afköst umfram staðalafköst auk venjulegra launa fyrir unninn tíma („bónuskerfi") samkvæmt samningum félaga innan Landssambands iðnverkafólks, Rafiðnaðarsambands Íslands og Verkamannasambands Íslands og annarra félaga verkamanna og verkakvenna skal miða hlutfallslega við verðbætur, sem reiknast á þann dagvinnukauptaxta, sem unnið er eftir hverju sinni samanber ákvæði 8., 9. og 10. gr.

12. gr.

Nú getur launþegi, sem unnið hefur samkvæmt ákvæðisvinnutaxta, sýnt fram á, að dagvinnulaun hans á heilu uppgjörstímabili á tímabilinu 1. júní 1979 til 30. nóvember 1979, þannig metin, að deilt er í heildarlaun með vinnustundafjölda að viðbættum ¼ — fjórðungi — og síðan margfaldað með dagvinnustundafjölda eða hliðstæðu hans samkvæmt staðfestri vinnutímaskýrslu, séu neðan við mörkin í 8. og 9. gr., og á hann þá rétt á leiðréttingu verðbótagreiðslu fyrir þann tíma. Ósk um slíka leiðréttingu skal hafa komið fram innan hálfs mánaðar frá því venjulegu uppgjörstímabili lauk.

13. gr.

Kauplagsnefnd getur gefið nánari leiðbeiningar um framkvæmd 6.—12. gr., eftir því sem þörf krefur.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1979 og er sett samkvæmt ákvæðum í VIII. og XII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

Forsætisráðuneytið, 21. maí 1979.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

Stjórnartíðindi B 24, nr. 214. Útgáfudagur 22. maí 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 — 1979

Nr. 215. 368 23. maí 1979.

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 155 mm.

2. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólögmætt að festa undir poka dragnótar, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

3. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er 155 mm breið og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

4. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

5. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 95 26. mars 1976 um dragnótaveiðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 30. nóvember 1979, að nota dragnætur með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í vængjum og miðneti, enda sé lágmarksmöskvastærð í poka og belg 155 mm. Hámarkslengd miðnets skal vera 3 metrar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. maí 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.
Gildir frá 1. júní 1979.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Innanlands Burðargj. kr.	Norðurlönd Alm. burðargj. kr.	Norðurlönd [1] Flugburðargj. kr.	Önnur lönd í Evrópu Alm. burðargj. kr.	Önnur lönd í Evrópu [1] Flugburðargj. kr.	Lönd utan Evrópu Alm. burðargj. kr.	Lönd utan Evrópu [1] Flugburðargj. kr.
Bréf.	20	110	110	[2]	130	[2]	130	210
Hámarksstærð:	100	220	220		300		300	580
Lengd + breidd	250	440	440		520		520	1350
+ þykkt 900 mm.	500	880	880		990		990	2780
Mesta lengd 600 mm.	1000	1320	1520		1730		1730	4890
Í ströngum:	2000	2890	2890		2890		2890	9490
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm		90	90		90		90	110
Minnst 90 × 140 mm								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	90	90	100	90	100	90	110
(Prentkort, sama stærð	100	140	140	160	140	160	140	270
og póstkort).	250	220	220	280	220	280	220	490
Hámarksþyngd 2 kg.	500	390	390	620	390	620	390	1010
Bækur þó 5 kg.	1000	650	650	1120	650	1120	650	1850
Burðargjald fyrir prent	2000	910	910	1680	910	1680	910	3870
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	1360	1360	2630	1360	2630	1360	4880
er sama og fyrir	4000	1810	1810	3580	1810	3580	1810	5890
„Önnur lönd“	5000	2260	2260	4530	2260	4530	2260	6900
Smápakkar.	100	140	140	160	140	160	140	270
Stærð sama og bréfa.	250	220	220	280	220	280	220	490
Hámarksþyngd 1 kg.	500	390	390	620	390	620	390	1010
	1000	650	650	1120	650	1120	650	1850
Innritað blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 217 25. maí 1979.					
Innritunargjald 61 200 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	55						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald: 200 eint.								
Hámarksþyngd								
500 g hvert eintak.	100	21						
	200	42						
	300	63						
	400	108						
	500	144						

[1] Samanlagt **fluggjald** og alm. burðargjald.

[2] Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Ciróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	140
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 500 000 (Símapóstávísanir kr. 250 000). Burðargjald	250
b. Til annarra landa: Burðargjald	350
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana. (500 000 kr.) Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Burðargjald eins og fyrir póstávísun. (250 kr.) Póstkröfugjald	220
b. Til annarra landa Burðargjald	530

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.		
Almennir bögglar (innanlands):	Þyngdarmörk kg.	Alm. bögglar kr.	Rúmfr. broth. kr.
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	330	500
	3	600	900
	5	900	1350
	10	1500	2250
	15	2100	3150
	20	2500	3750

Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	Kr.
Skrásetningargjald	250
Tryggingargjald. Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir	250

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð kr. 150. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... kr. 250

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu kr. 220

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... kr. 530

Móttökukvittun ..... kr. 140

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 250 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 240
Skiptiverð í frímerkjum kr. 130.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 220

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 140

Tollmeðferð böggla: kr. 250

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 140

Geymslugjald böggla: 220 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 140

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:
1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 5 100 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 38 100 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: kr. 1140, 1910, 2450, 3140, 3660.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. júní 1979. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 15. febrúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 29. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir póstþjónustu nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein nr. 14.4.1 í reglugerðinni orðist þannig:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Heimilt er að veita helmings afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum og blöð sem fjalla almennt um stjórnmál, en fjórðungs afslátt fyrir tímarit og blöð, sem gefin eru út af landssamtökum stéttarfélaga eða fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 84/1978 um breytingu á reglugerð fyrir póstþjónustu nr. 337 6. ágúst 1976.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

26. maí 1979. Nr. 218.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 11.40% frá 1. júní 1979 frá því sem þær voru í mars 1979. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1979:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	455 000
Hjón	637 000

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 26. maí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 25, nr. 215—218. Útgáfudagur 31. maí 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1979

Nr. 219. 372 9. maí 1979.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og hreppsnefnd Mosfellshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Seltjarnarneskaupstaðar og Mosfellshrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fjórða hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun. Komi mjög fá leyfi til úthlutunar samkvæmt 1. málslið þessarar málsgreinar er heimilt að fresta úthlutun til næsta árs.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Reykjavík.

Þeim leyfishöfum, sem að staðaldri hafa látið aðra aka bifreið sinni, sem leigubifreið til mannflutninga í útgerðarleyfum sínum, skal, ef þeir æskja þess, heimilt að hafa þann hátt á áfram, þar til leyfishafi byrjar aftur sjálfur, þótt bifreiðastjórinn hafi ekki atvinnuleyfi, enda sé bireiðastjórinn í stéttarfélagi bifreiðastjóra í Reykjavík.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, hafa ekki atvinnurétt þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

4. gr.

Í Reykjavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðastjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI.

Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðastjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Frama fyrir 1. okt. ár hvert.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Umsókninni skal fylgja:

a. Vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
b. Hegningarvottorð.
c. Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Mosfellshreppi.
d. Vottorð um starfstíma við leigubifreiðaakstur.

Sé til þess talin ástæða er heimilt að krefja til sönnunar starfstíma staðfests vottorðs skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðasjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Mosfellshreppi.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur, og leggja inn leyfi sitt, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst í 6 mánuði.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annan þeirra tilnefna af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, en hinn skipar ráðherra án tilnefningar. Úthlutunarmenn séu leigubifreiðastjórar að aðalstarfi, ekki má þó skipa stjórnarmenn stéttarfélags bifreiðastjóra til starfans. Skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningin er til tveggja ára í senn.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama skal senda úthlutunarmönnum rökstuddar tillögur um úthlutun atvinnuleyfa.

Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem síðan tilkynnir útgáfuna, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Engum má úthluta fleiri en einu atvinnuleyfi, nema Bifreiðastöð Steindórs s. f., sem nú hefur 45 atvinnuleyfi.

Um Bifreiðastöð Steindórs s.f., gilda sérstakar reglur.

Úthlutanmönnum er einnig skylt að líta eftir ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 5. gr. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sæki um upptöku í stéttarfélag bifreiðastjóra í Reykjavík.

Þeir bifreiðastjórar, sem vinna störf þau, sem talin eru í b-lið 14. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

8. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Í skrá þessari skal til-

greint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bireiðastjóra og bifreiðareiganda.

III. KAFLI.

Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Reykjavík, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af borgarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá stéttarfélagi bifreiðastjóra.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda stéttarfélagi bifreiðastjóra, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem leyfishafi flytur frá, skal stéttarfélag bifreiðastjóra staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til stéttarfélags bifreiðastjóra, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að því 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Úthlutunarmenn geta innkallað atvinnuleyfi leyfishafa hafi hann ekki notfært sér það í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutunarmenn geta tekið til greina innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal þá tilkynna fjarveruna stjórn stéttarfélagsins, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Hafi leyfishafi ekki átt bifreið í 1 ár eða lengur hefur hann fyrirgert rétti sínum til atvinnuleyfisins.

11. gr.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér, að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að segja beri leyfishafa upp afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að segja leyfishafa upp afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti.

Skulu slíkar uppsagnir og tilefni þeirra skrásettar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar úthlutunarmönnum jafnóðum.

Telji bifreiðastöðvarstjóri ástæðu til að víkja leyfishafa úr afgreiðslu oftar, lengri tíma eða fyrir fullt og allt, skal viðkomandi bifreiðastöð leggja málið fyrir úthlutunarmenn. Skulu úthlutunarmenn innan 15 daga, úrskurða, hvort útiloka skuli umræddan bifreiðastjóra frá afgreiðslu og hve langan tíma eða alveg.

Telji úthlutunarmenn ástæðu til að segja leyfishafa upp afgreiðslu um lengri eða skemmri tíma, skal atvinnuleyfi leyfishafa vera í vörslu þeirra, meðan uppsögn afgreiðslunnar stendur.

Viðkomandi bifreiðastöð er skylt að taka leyfishafa í afgreiðslu aftur að afgreiðslubanni loknu, ef leyfishafi æskir þess.

Nú æskir leyfishafi ekki að afgreiðslubanni loknu að fara til þeirrar bifreiðastöðvar, sem hann var hjá, skal hann þá innan 30 daga útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð, en takist honum það ekki, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

Báðir aðilar hafa rétt til að skjóta úrskurði úthlutunarmanna til samgönguráðuneytisins, innan 6 daga frá birtingu úrskurðarins, ef um er að ræða útilokun í 6 mánuði eða lengri tíma, eða ef ágreiningur er um afgreiðslu málsins hjá úthlutunarmönnum.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Tilkynna skal þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu hjá.

13. gr.

Óheimilt er að hafa vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

Stjórn stéttarfélags leigubifreiðastjóra er þó heimilt að veita undanþágu frá banni þessu í eftirgreindum tilvikum:

a. Á tímabilinu 1. október til 1. maí má heimila vaktaskipti bifreiðastjóra þegar ekið er á sértöxtum. Sama gildir frá kl. 17 á föstudögum til jafnlengdar á sunnudögum.
b. Utan tímabils þess er greinir í a-lið er stjórn stéttarfélagsins heimilt að leyfa vaktaskipti í allt að tvo sólarhringa í senn, þó eigi oftar en fimm sinnum.
c. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum má heimila honum að aka sjálfum sem svarar 4 klst. en hafa að öðru leyti ökumann, sem ekki hefur atvinnuleyfi. Undanþágubeiðni samkvæmt þessum lið skal studd vottorði þess læknis er leyfishafi hefur verið í meðferð hjá um að endurhæfing sé honum nauðsynleg um takmarkaðan tíma.
d. Sams konar undanþágu og gildir við endurhæfingu má veita ellilífeyrisþega enda leggi þeir fram læknisvottorð um verulega skerta starfsorku.

Stjórn stéttarfélagsins skal athuga réttmæti umsókna samkvæmt grein þessari hverju sinni.

14. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirgreindum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 15. gr.:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu stéttarfélags bifreiðastjóra, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem viðkomandi stéttarfélag bifreiðastjóra á aðild að.
c. Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðastjóra. Heimilt skal að framlengja tíma þennan mæli sérstakar ástæður til þess, en þó ekki lengur en 1 ár hverju sinni.

d. Stéttarfélag bifreiðastjóra getur í sérstökum undantekningartilvikum, og ef verulegar ástæður mæla því með, heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig um ákveðinn tíma, enda séu úthlutunarmenn því meðmæltir.
e. Stéttarfélag bifreiðastjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til stéttarfélags bifreiðastjóra. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill, að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

Launþegum í útgerðarleyfum er heimilt að aka hverri þeirri bifreið, sem útgerðarleyfishafi leggur honum til bili bifreið leyfishafa, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina, og leyfi stéttarfélagsins liggi fyrir.

16. gr.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar landsins að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, skal stjórn stéttarfélags bifreiðastjóra veita undanþágu frá 1. mgr. 7. gr.

Verði viðkomandi bifreiðastjóri skipaður heldur hann atvinnuleyfi í allt að 3 ár, en að þeim tíma liðnum fellur leyfið til úthlutunar að nýju.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 445 17. september 1975.

Samgönguráðuneytið, 9. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 220. 11. maí 1979.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 20. mars 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

1. gr.

Aftan við 48. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Þó er heimilt að ísa fisk í kassa á millidekki. Ennfremur er heimilt að geyma fisk í klefum á millidekki enda hafi Framleiðslueftirlit sjávarafurða viðurkennt slíka klefa hæfa til geymslu fisks.

Hitastig í fiski um borð í fiskiskipi skal vera sem næst 0°C, en þó ekki hærra en +4°C.

Nú kemur skip með fisk til löndunar og er þá óheimilt að halda aftur til veiða, fyrr en öllum afla hefur verið landað.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

8. maí 1979. Nr. 221.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðað við brúttórúmlestastærð þess, o gþá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að 500 br.rúml.	kr. 1 800.00
Fyrir skip frá 500— 1000 br.rúml.	— 1 850.00
— — — 1000— 1500 — —	— 1 900.00
— — — 1500— 2000 — —	— 1 950.00
— — — 2000— 3000 — —	— 2 000.00
— — — 3000— 4000 — —	— 2 100.00
— — — 4000— 5000 — —	— 2 200.00
— — — 5000—10000 — —	— 2 500.00
— — — 10000—15000 — —	— 2 800.00
— — — 15000—20000 — —	— 3 100.00
— — — 20000—30000 — —	— 3 400.00
— — — 20000—30000 — —	— 3 400.00
— — — 30000 og þar yfir	— 3 600.00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílur, skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rúml.	kr. 400.00
Fyrir skip frá 500— 5000 br. rúml.	— 500.00
— — — 5000—10000 — —	— 600.00
— — — 10000 og þar yfir	— 700.00

Minnsta gjald fyrir leiðsögu skal vera kr. 14 000.

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 4 600 fyrir skip allt að 500 brúttórúmlestir, og kr. 400.00 fyrir hverjar 100 brúttórúmlestir skipsins fram yfir það.

Fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%

2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 1.800 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnaðar frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skipsins eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 1.800 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00—24.00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars, og skal vera ⅓ hærri samkvæmt 1. grein, en óbreytt varðandi 2. og 3. grein.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 349 28. september 1976.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 222. 11. maí 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. LÝSING

1. Götu og útilýsing. Af uppsettu afli 163.280 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 36.68 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. HEIMILISNOTKUN.

1. 30,55 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. VÉLAR.

1. 36.68 kr/kWh.
2. 7.30 kr/kWh og 29 220.00 kr/kWa eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 55.00 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 30.55 kr/kWh til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. HITUN.

1. 11.83 kr/kWh, til húshitunar.
2. 18.20 kr/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 5.61 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 9.73 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 2.93 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 5.07 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00—24.00.
7. 10.10 kr./kWh, til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 14.02 kr/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. STÓRNOTKUN.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 5.39 kr/kWh og 48.300 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. ÖNNUR NOTKUN.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

		kr/máuði
1.	Af einfasa mælum	285.00
2.	Af þrífasa mælum til og með 80A	786.00
3.	Af þrífasa mælum yfir 80A	1 157.00
4.	Af mestumælum	2 903.00
5.	Móttökuliði	630.00

6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1. Aðalheimtaug.

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Jarðstrengur Lengdargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3x63A kr.
220 V kerfi				
63 A 1-fasa	176 000	0	56 100	
63 A 3-fasa	197 700	0	69 900	35 700
100 A 3-fasa	138 100	6 630	88 300	
125 A 3-fasa	169 200	7 417	108 100	
200 A 3-fasa	264 000	10 058	168 800	
300 A 3-fasa	381 200	12 235		
380 V kerfi				
63 A 1-fasa	176 000	0	56 100	
63 A 3-fasa	236 400	0	94 600	71 300
100 A 3-fasa	233 800	6 630	149 500	
125 A 3-fasa	292 600	7 417	187 100	
200 A 3-fasa	457 600	10 058	292 600	
300 A 3-fasa	660 900	12 235		

2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3. Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 3 337 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4. Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 x 220 V notendakerfi er breytt í 3 x 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Bráðabirgðaheimtaugar.

2.11 Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	33 200	4 945	62 600
63 A 3-fasa	46 600	4 945	72 900
100 A 3-fasa	49 400	6 379	83 400

2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðarmarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 5 700 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. Ýmis ákvæði.

3.1. Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 4 500. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 4 500 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.

3.5. Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku frá og með 1. janúar 1979 er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá áðurgreindum tíma, hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu.

3.7 Söluskattur 20% og verðjöfnunargjald 19% til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 39%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D 1, D 3, C 5 og D 7.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 2. maí 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 196/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 88, 12. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 223. 4. maí 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur, nr. 406 29. ágúst 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld:

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

11. maí 1979. Nr. 224.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Til almennrar lýsingar um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	111.80 á KWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	33.50 á KWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	567.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	kr.	212.00 á m^2 á ári
1.3.	Til götulýsingar um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	33.50 á KWst.
1.4.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	55.90 á KWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1. Til heimilisnotkunar um KWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	25.40	á KWst.
Fastagjald af hverju herbergi	—	2 280.00	á ári

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.

2.2. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um KWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	25.40	á KWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1. Um KWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	55.90	á KWst.

Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.

3.2. Um afl og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	8.76	á KWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw	kr.	87 714.00	á kw á ári
Aflgjald, umfram 2 kw	kr.	29 238.00	á kw. á ári

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2. og lágmarksaflgjald af 20 kw.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um KWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald	kr.	8.76	á KWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw.	kr.	75 702.00	á ári
Aflgjald, af uppsettum kw. í málraun véla, umfram 2 kw	kr.	23 232.00	á kw á ári

Ef fasviksstöðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1.	Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	15.67 á KWst.
4.2.	Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag. Um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	6.97 á KWst.
4.3.	Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	4.20 á KWst.
4.4.	Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um KWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	7.65 á KWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert KW. uppsetts afls hitunartækja:

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1.	Af einfasa KWst.-mælum 40 A og minni	kr.	1 818.00 á ári
2.	Af þrífasa KWst.-mælum 50 A og minni	—	4 026.00 á ári
3.	Af þrífasa KWst.-mælum yfir 50 og til 100A	—	4 578.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	137 280	4 490	47 080
63 A 3-fasa	148 510	4 490	58 300
100 A 3-fasa	176 650	5 060	74 580
200 A 3-fasa	281 470	6 812	
315 A 3-fasa	593 430	9 500	
300 KVA 3-fasa	830 790	Samkv. kostn.	
500 KVA 3-fasa	1 376 530	—	
800 KVA 3-fasa	2 203 430	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m. og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa kr. 30 230.00 63 A 3-fasa kr. 40 970.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

ÝMIS ÁKVÆÐI.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 15 230.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrri helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 220.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 2 220.00 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 199/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.
Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 1. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

8. maí 1979. Nr. 225.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977 með síðari breytingum.

Við 4. gr. gjaldskrárinnar bætist nýr liður:
c) Um rennslismæli kr. 275 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

16. maí 1979. Nr. 226.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368, 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

6. gr. orðist svo:
Heimæðagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:
Fyrir hús allt að 400 m^3 að utanmáli kr. 136 500.00 og síðan kr. 273.00 fyrir hvern m^3 þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 16. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 104.89 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 32.32 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 16 509.00, á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 490.00, fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—2 Kr. 28.43 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 58.17 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 20 263.00 hvert kW, og kr. 10.39 hver kWst.

C—3 Kr. 34.83 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 4.49/4.05 hver kwst. og kr. 37 121.00 hvert kw.

C—5 Vegna byggingaframkvæmda kr. 64.28 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 6.95 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 4.80 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 6.04 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr 15.89 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

E—2 Kr. 20.66 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

E—3 Kr. 10.06 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 10.93 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarsjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	1 801	2 214	2 413		
3-fasa kWst.-mælar	3 604	4 683	6 027	10 037	22 078
Tvígj.- og mestastr.-mælar		6 027	10 037	16 162	32 398
Stýrikerfisliðar		7 454			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
25 A 1-fasa	38 800	20 000	—	Innif.	35 000
25 A 3-fasa	57 800	29 000	—	—	49 000
63 A 1-fasa	141 500	29 000	Innif.	—	49 000
63 A 3-fasa	153 800	32 600	—	—	54 000
110 A 3-fasa	191 000	38 800	—	—	68 000
200 A 3-fasa	111 000	—	8 000	—	—
315 A 3-fasa	330 000	—	10 900	—	—
300 kVA 3-fasa	880 000	—	Skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	1 400 000	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	1 458 000	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt himtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 3 000.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 4 000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 20% er innifalinn í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. maí 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 192 1979 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 124 1. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 228. 8. maí 1979.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1. 36.68 kr/kW h. Lágmarksgjald er 2 750 kr. á ársfjórðungi.

2.2 163 280.00 kr/kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.
Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 30.55 kr/kW h. Lágmarksgjald er 2 750 kr. á ársfjórðungi.

4. gr.
Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1 36.68 kr/kW h. Lágmarksgjald er 2 750.00 kr. á ársfjórðungi.

4.2 7.30 kr/kW h. og 29 220.00 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

4.3 55.00 kr/kW h. til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

5. gr.
Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 12.13 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 16.84 kr/kW h til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 168 400.00 kr/a.

5.2 7.01 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 9.76 kr/kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3 3.65 kr/kW h til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 5.07 kr./kW h til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl 09—21.

6. gr.
Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	1 600.00
Orkumælir, þrífasa	—	6 400.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	10 800.00
Aflmælir	—	10 400.00
Aflmælir með straumspennum	—	16 400.00
Tvígjaldsorkumælir	—	10 400.00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	—	16 400.00
Móttökuliði, einpóla	—	7 200.00
Móttökuliði, þrípóla	—	10 400.00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1 og 4.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

Heimtaugar.

7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

7.3 Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A), málraun (kVA)		Stofngjald kr.	Lengdargjald [1] kr/m
63A	1-fasa	190 400	Innifalið
63A	3-fasa	205 500	—
100A	3-fasa	244 300	—
200A	3-fasa	393 800	—
315A	3-fasa	820 700	—
300kVA	3-fasa	1 147 000	Skv. kostnaði
500kVA	3-fasa	1 914 500	—
800kVA	3-fasa	3 061 400	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

7.4 Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

			Lengdargjald [1] [2]	
Málstraumur		Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63A	1-fasa	33 800	5 000	63 600
63A	3-fasa	47 400	5 000	74 000
100A	3-fasa	50 300	6 500	84 800

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp. eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 2 200 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 4 300.00 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 4 300 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. gr. er bundin því skilyrði að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 2. maí 1979 sbr. auglýsingu ráðu-

neytisins nr. 195 2. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 118, 14. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 229. 8. maí 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 119.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 31 280.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾″ ..... kr. 1 032.00
b) fyrir mæla eða hemla 1″—2″ ..... — 2 315.00
c) fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri ..... — 4 629.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 2 159.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m³	Heimæðargjald							
Allt að 400	330 470.00 kr.							
400— 2000	330 470.00	— fyrir	400 m³	+ 265.00	kr./m³	þar	yfir	
2000— 6000	754 470.00	— —	2000 —	+ 225.00	—	—	—	
6000—10000	1 654 470.00	— —	6000 —	+ 198.00	—	—	—	
Meira en 10000	2 446 470.00	— —	10000 —	+ 174.00	—	—	—	

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 39 675.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirrætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 4 285.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 190 30. apríl 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 65 8. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 230. 15. maí 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandahrepps.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur og Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandahrepps selja raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 120.65 hver kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 47.20 hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 523.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 174.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 30.17 hver kwst.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 67.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 12 030.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 52.90 hver kwst.
3. Um mæli á kr. 31 350.00 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 10.00 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 431.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 173.20 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 287.40 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 7.32 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.-mæli á kr. 3.63 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kwst.-mæli á kr. 12.75 hver kwst. á rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gisthúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 35.95 hverja kwst. enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, kwst.-mælir á kr. 61.20 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.-mæli á kr. 8.80 hver kwst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 27.40 hver kwst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 48.50 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1.1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr.	278.00
Af þrífasamælum upp að 50 amper	—	766.00
Af þrífasamælum frá 50—220 amper	—	1 129.00
Af mesta straumsmæli	—	2 833.00
Af liða fyrir álagsstýringu	—	615.00

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins, leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 4 280.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 4 280.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengs-

kerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

1.	63 A 1-fasa	kr.	178 200.00
2.	63 A 3-fasa	—	191.700.00
3.	200 A 3-fasa	—	367 715.00
4.	300 A 3-fasa	—	1 069 200.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt samkvæmt töflu.

Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald samkv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3 x 220 V notendakerfi er breytt, í 3 x 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	33 880.00	5 045.00	63 870.00
63 A 3-fasa	47 560.00	5 045.00	74 420.00
100 A 3-fasa	50 450.00	6 510.00	85 090.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samtals 39%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari nema á töxtum 5-1, 5-2, 5-3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1979, sbr. auglýsingu

nr. 192/1979, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis nr. 279 og 280, 10. ágúst 1979.

Iðnaðarráðuneytið 15. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. maí 1979. Nr. 231.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

1.1	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	84.35 á kWst.
1.2	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	40.42 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	25.30 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Orkugjald	—	48.30 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	18 x F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	—	108 149.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	35 342.00 á kWst. á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	11.81 á kWst.
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	—	29 986.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	9.51 á kWst.
3.4	Til súgþurrkunar		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	11.91 á kWst.

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	18.08 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	7.71 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	4.04 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1 Fast gjald ..... kr. F1
Orkugjald ..... — 25.13 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1. ..... kr. 592.50 á mán.
F2. a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. — 18.35 á m^2 á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ..... — 10.10 á m^2 á mán.
F3. ..... — 186.80 á gjaldein. á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, 25 m^2 eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m^2 mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW ..... kr. 2.521.00 á kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 5 060.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 2 691.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 1 009.00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að ..... — 807 070.00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70q og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 312 24. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 15. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

16. maí 1979. Nr. 232.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. Orkueining: kílówattstund = kwst. Afleining: kílówatt = kw.

Frá og með 20. maí 1979 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 23.60 kr.

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. ORKU- OG AFLTAXTAR

A1 Um mestaflmæli eða markaflmæli:

	g		kr.
A11 Orkuverð, kwst. á	0.3	=	7.10
— Orkuverð umfram stillingu markaflsmælis kwst. á	3	=	70.80
A12 Aflverð árs-kw á	1 600	=	37 760.00
A13 Árgjald = grunngjald + mæligjald	2 800	=	66 080.00

B. ORKUTAXTAR

B1 Um kwst.-mæli:

B11 Orkuverð kwst. á	1	=	23.60
B12 Árgjald = grunngjald 600 g/kw, sbr. E-lið			
— Árgjald = mæligjald, 3-fasa mælir, á	600	=	14 160.00
— Árgjald = mæligjald, 1-fasa mælir, á	300	=	7 080.00

Lágmark fyrir B1: 5000 g/ári, sbr. E-lið, þar af B12 minnst 1500 g/ári.

B2	Um kwst-mæli:		
B12	Orkuverð, allt að 1 200 kwst/ári, kwst. á	3 =	70.80
	Orkuverð, umfram 1200 kwst/ári, kwst á	2 =	47.20
B22	Árgjald = mæligjald, 3-fasa mælir, á	600 =	14 160.00
	Árgjald = mæligjald, 1-fasa mælir, á	300 =	7 080.00

C. TÍMATAXTAR

C1	Um kwst-mæli til hitunar:		
C11	Án rofs kwst á	0.61=	14.40
C12	Allt að 1½ klst rof á sólarhring kwst á	0.34=	8.02
C13	Allt að 2½ klst. rof á sólarhring kwst á	0.32=	7.55
C15	Allt að 14½ klst. rof á sólarhring kwst á	0.26=	6.14
C14	Allt að 4½ klst. rof á sólarhring kwst. á	0.18=	4.25

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. E-lið.

Taxtar C1 eru án söluskatts og verðjöfnunargjalds sem innheimtast ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar er til greina kunna að koma, falla undir D-lið.

D. SÉRÁKVÆÐI UM RAFMAGNSSÖLU

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. — Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kwst.

E. AÐ ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR VEGNA TAXTA A—D

V/A1: **Aflnotkun** mælist sem meðalálag í 15 mínútur.
Lágmarksstilling markafls er 5 kw.

V/B1: **Grunngjald**, 600 gjaldstig á hvert kw, reiknast þannig:

a) **vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:**
af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.

b) **vegna lýsingar o. fl.:**
0.05 kw komi til gjalda fyrir hvern fermetra gólfflatar í rými því sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.

c) **Vegna rafmagns til heimila:**
0.3 kw komi til gjalda fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m^2 reiknast sem tvö. — Í stað þessa herbergjagjalds má reikna fermetragjald skv. a-lið. Lágmark v/B1 1200 g, þ. e. 2 kw.

V/C1: **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:**

a) **að** raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.

b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

c) **að** straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu búnaðarins og greiði leigu af honum skv. ákvæðum um rofagjöld.

d) **að** tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með rofum og hitastillum.

e) að notkun sé minnst 6 000 kwst. á ári.

V/A-D a) Ef **fastviksstuðull** hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að dómi hans vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar C1 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknast í heilum tug aura.

d) **Föst árgjöld** reiknast þannig:

grunngjald í taxta A1	1 600 gjaldstig
grunngjald í taxta B1, á hvert kw	600 gjaldstig
mæligjald í taxta A1	1 200 gjaldstig
mæligjald í töxtum B1, B2, C1, 3-fasa	600 gjaldstig
mæligjald í töxtum B1, B2, C1, 1-fasa	300 gjaldstig
rofagjald af klukku- eða stýriliða	600 gjaldstig

II. KAFLI

TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3	4	
	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	Tengigjald skv. jöfnu g = 3600 + 135 x kVA	
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A	kVA	Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T1	2x 60	1x 60	0.22x 60= 13	5 360	126 496
T2	3x 60		0.38x 60= 22	6 570	155 052
T3	3x100	3x 60	0.38x100= 38	8 730	206 028
T4		3x100	0.66x100= 66	12 510	295 236
T5	3x200		0.38x200= 76	13 860	327 096
T6	3x350	3x200	0.66x200= 132	21 420	505 512
T7		3x350	0.66x350= 231	34 780	820 808
T8			300	44 100	1 040 760
T9			500	71 100	1 677 960
T10			800	111 600	2 633 760

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) **um heimtaugar:**

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig: Y (J) = (200 + 3 x kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig: Y (L) = (40 + 2 x kVA) gjaldstig á metra að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) **um spennistöðvar:**
Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) **almennt:**
Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

OPNUNARGJALD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

IV. KAFLI

VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí. Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 13 11. jan. 1978 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA

A. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	139.28 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	75.06 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1+F3
	Orkugjald	—	36.28 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 2—4 kW	—	47 647.00 á kW á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	25 804.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.68 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	36.28 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1+F2
	Lágmarksgjald	—	5×F1 á ári
	Orkugjald	—	75.06 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	140 024.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	37 766.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	13.95 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október.		
	Aflgjald	—	14 074.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	6.09 á kWst.

4. Húshitun, íbúðarhúsnæði.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	19.22 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	8.99 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	92 545.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	18 509.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.86 á kWst.

	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	36.28 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	5.13 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	½×F1 á ári
	Orkugjald	—	17.43 á kWst.
5.2.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	36.93 á kWst.

6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

6.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	24.41 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
6.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	11.88 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
6.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	120 320.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	24 064.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.01 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	36.28 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
6.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	6.87 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

7. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals ..... kr. 6 613.00 fyrir hvert skipti.

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1	.....	kr.	13 072.00 á ári
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	486.50 á m^2 á ári
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	243.25 á m^2 á ári
F3	.....	—	5 148.00 á gj.ein á ári

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.
d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm og 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4 Hvert uppsett kW ..... — 2 085.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 68.90 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1. og 6.1. — 1.7 aura á lið 4.2. og 6.2. — 1.5 aura á lið 4.3. og 6.3. — 0.9 aura á lið 4.4. og 6.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

II. HEILDSALA

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá eru miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

RAFMAGNSGJALD

Afl	kr. 18 422.00 á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	583.60 aurar á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	337.50 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	168.70 aurar á kWst.

AFLMÆLING

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

ÁRSNÝTING

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

ÁKVÖRÐUN AFLSGJALDS

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

FASVIKSSTUÐULL

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundarverð skv. 2. grein umræddsmánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

GREIÐSLUSKILMÁLAR

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskila-

vextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

ÖNNUR ÁKVÆÐI

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur eru innifalin í verðinu.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1. HEIMTAUG

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd[1]) Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 einfasa	231 000	4 660	79 000
63 þriggjafasa	251 000	4 660	90 000
100 þriggjafasa	297 000	5 390	
200 þriggjafasa	482 000	6 930	
315 þriggjafasa	950 000	8 390	
300 kVA spst.	1 522 000	Samkv. kostn.	
500 kVA spst.	2 435 000	—	
800 kVA spst.	3 867 000	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)	38 000		

2.2. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

---

[1]) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4. Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.2. Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirra sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 243 700 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2. af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 20 931 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 20 931 000 enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 243 700 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald kr. 243 700 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 258 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunn-gjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í sam-

ræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 512 000 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 skv. auglýsingu nr. 189/1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 83 12. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 15. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

21. maí 1979. Nr. 234.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða nr. 6.

Orkubú Vestfjarða selur raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

Orku- og aflverð, fastagjöld.

A. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Orkugjald	—	139.20 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	1 090.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	74.90 á kWst.
1.3.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	1 090.00 á mán.
	Orkugjald	—	37.00 á kWst.
1.4.	Útilýsing:		
	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Fast gjald á ljósker	—	550.00 á mán.
	Orkugjald	—	17.50 á kWst.
1.5.	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Orkugjald	—	57.40 á kWst.

B. Heimili.

2.1.	Fast gjald	—	1 850.00 á mán.
	Orkugjald	—	36.20 á kWst.
2.2.	Notkun til búrekstrar o.fl. í dreifbýli.		
	Markmæling:		
	Aflgjald lágmark 4 kW	—	190 210.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	25 860.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.70 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	36.20 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	74.90 á kWst.
3.2.	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 3 kW	—	46 600.00/kW á ári
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	14.50 á kWst.
3.3.	Súgþurrkun 1. júní — 31. október:		
	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald	—	14 490.00/kW á ári
	Orkugjald	—	6.10 á kWst.

D. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	2 400.00/kW á ári
	Orkugjald	—	25.00 á kWst.
	Enginn roftími.		
4.2.	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	2 400.00/kW á ári
	Orkugjald	⟝	19.20 á kWst.
	Roftími allt að 1. klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	2 400.00/kW á ári
	Orkugjald	—	9.00 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4.	Markmæling:		
	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 5 kW, hámark 20 kW	—	18 510.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	3.90 á kWst.
	Orkugjald af umframaflstillingu	—	36.20 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturhitun.

4.5.	Sumarhitun:		
	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Orkugjald	—	5.10 á kWst.
4.6.	Næturhitun:		
	Fast gjald	kr.	1 090.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 2 kW	—	2 400.00/kW á ári
	Orkugjald	—	5.10 á kWst.
	Roftími 14 klst. á dag.		

F. Annað.

5.1. Gjöld yfir lokun og enduropnun veitu í hvert sk kr. 6 650.00
5.2. Sérsamningar.

1. Flatarmálsgjöld.

Taxtar 1.2. og 3.1.:
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... kr. 42.00 á m^2 á mán.
Gangar, geymslur o. þ. h. ..... — 21.00 á m^2 á mán.
Taxtar 3.2.:
Fyrir hverja flatarmálseiningu ..... — 420.00 á mán.

Einingar:
a. Félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h.: 20 m^2 mælt innan útveggja.
b. Fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.: 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.

2. Mestaaflsmæling.

2.1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2.2. Gjaldskrárliður 3.2.
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.
2.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.

3. Véla- og tækjaálag.

3.1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
3.2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka aflgjald af rafsuðuspennum kr. 2 400.00/kW á ári.

Götulýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiðir stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast O. V. á sinn kostnað.

5. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur O. V. takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilrafstöðvarsvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur O. V. sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

6. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi í gjaldskrárlið 2.2.

Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, og/eða breytingar sem kunna að verða gerðar á verðjöfnunargjaldi.

7. Hitun.

7.1. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1.—4.3. reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt taxta B-21. margfaldað með tölunni 5.

7.2. Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. september ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil fyrir fyrrgreint tímabil, að mati orkubússtjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

8. Annað. Sérsamningar o. fl.

8.1. Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Orkubússtjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi Orkubúsins án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fram í samningi við áætlaða notkun tækisins.

8.2. Orkubúinu er heimilt að áætla notkun á notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

9. Heimtaugargjöld í þéttbýli.

9.1. Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum tengd veitusvæði Orkubúsins, og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót.

9.2. Orkubúið ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

9.3. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63	269 000.00	8 150.00	84 500.00
100	317 500.00	9 375.00	96 000.00
200	517 500.00	14 000.00	
300	1 020 000.00	17 000.00	

Bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

9.4. Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu greiðast skv. kostnaði.

9.5. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubús Vestfjarða um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 300 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götu línu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

9.6. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubús Vestfjarða, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðn-

aðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubús Vestfjarða í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúi Vestfjarða til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

9.7. Telji Orkubú Vestfjarða að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

10. Heimtaugargjald í sveitum.

10.1 Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða eða fá heimtaug, sem fyrir er eða fá tengd hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.) skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

10.2 Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 243 700.00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði fasteignamatsverðs húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 21 000 000.00 matsverðs, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 21 000 000.00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km. á hverjar 243 700.00 krónur, sem áætlað er að greiðist grunngjöldum. Framangreint grunngjald kr. 243 700.00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 258 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 500 000.00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða, og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast gildi frá og með 1. maí 1979, sbr. auglýsingu nr. 189/1979, og birtist til eftirbreytni öllum,

sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá, með auglýstum breytingum 15. feb. og 15. mars 1979, sama efnis nr. 340 22. sept. 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 235. 30. apríl 1979.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Reykjahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykjahrepps ákveður að leggja á gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjöld, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með holræsalögn, og B-gjöld, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

Innifalið í A-gjaldi er byggingarleyfisgjald og gjald fyrir tengingu við holræsakerfi.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss", eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands. Þó mega samanlögð álögð gatnagerðargjöld af húsum við hverja götu ekki nema hærri fjárhæð en nemur áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja þá götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

Reikna skal stærð bygginga samkvæmt IST 50.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning A-gjalds og B-gjalda skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
1. Íbúðarbyggingar:		
1.1. Einbýlishús	2.5%	2.5%
1.2. Tvíbýlishús og raðhús	1.6%	1.6%
1.3. Fjölbýlishús	1.2%	1.0%
1.4. Bifreiðageymslur	1.2%	1.2%
2. Aðrar byggingar:		
2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	2.5%	2.5%
2.2. Heilbrigðis- og menntamannvirki	2.5%	2.5%
2.3. Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.2%	1.2%
2.4. Gripahús og geymsluskúrar	1.2%	1.2%

Af kjöllurum og rishæðum, sem ekki eru notaðar til íbúðar, skal greiða hálft gjald.

5. gr.

Við álagningu A-gjalda fyrir íbúðabyggingar skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum. Ef ekki er fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð án bifreiðageymslu:

1. Einbýlishús ..... 400 m³
2. Tvíbýlis- og raðhús ..... 350 m³
3. Fjölbýlishús ..... 300 m³

Í öðrum byggingum skal við útreikning lágmarksrúmmáls til A-gjalds miða við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægra. Miða skal við nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Við álagningu B-gjalda skal miða við lágmarksstærð húseigna 250 m³.

Hafi ákvæðum þessarar greinar um lágmarksstæðir verið beitt við álagningu gatnagerðargjalds, skulu viðbyggingar vera gjaldfrjálsar að svo miklu leyti, sem þær falla enn innan lágmarksstærðanna.

6. gr.

A-gjöld samkvæmt 4. gr. breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í ársbyrjun á því ári, sem lóðin er veitt.

7. gr.

Þegar lóð er veitt af hreppsnefnd, er greiðsla A-gjalds áskilin samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar, er greiðsla A-gjalds áskilin samkvæmt reglugerð þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, er greiðsla A-gjalds áskilin. Gjaldið af hinu breytta húsnæði skal nema mismun A-gjalds fyrir og eftir breytinguna.

Sömu reglur gilda, ef notkun byggingarrýma er breytt á þann veg, að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.

8. gr.

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir:

Við lóðarveitingu skal greiða 60% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast, þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum á allt að þrjá mánuði.

9. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

10. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins byggingarfrests, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi sem áður var greitt af sama áfanga.

11. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

12. gr.

B-gjöld samkvæmt 4. gr. skal miða við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi verður, þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk er unnið, og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum, sem skráðar eru við þá götukafla, sem hverju sinni er lagt á bundið slitlag.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, eða notkun byggingarrýma sé breytt skal innheimta bæði A-gjald og B-gjald af viðkomandi byggingu.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á B-gjaldi samkvæmt 4. gr. á eftirfarandi hátt á því ári, sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin, og skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast.

Af álögðu gjaldi skal greiða 20% á framkvæmdaárinu með gjalddaga samkvæmt nánari ákvörðun hreppsnefndar við hverja framkvæmd.

Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign og bera 18% ársvexti, er greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir, 1. júlí. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingu vegna innheimtu B-gjalds færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

Sé álagningu frestað samkvæmt 15. gr. A- eða B-liðum skal gjaldinu þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falla til álagningar í samræmi við gildandi gjaldskrá og vísitölu á þeim tíma, er fresturinn rennur út, eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestsins bresti.

15. gr.

Hreppsnefnd úrskurðar flokkun bygginga í gjaldflokka samkvæmt 4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt:

A. Að fresta samkvæmt umsóknum álagningu B-gjalds, þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá.

B. Að fresta samkvæmt umsóknum allt að 5 árum álagningu B-gjalda, ef um er að ræða geymslu- eða gripahús, sem líklegt má telja að fjarlægð verði innan þess tíma, enda sé umsókn rökstudd þannig.
C. Að lækka eða fella niður A-gjald af fjölbýlishúsum, iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni.
D. Að ákveða gatnagerðargjöld sérstaklega í þeim tilvikum að mannvirki séu sérhæfð eða afbrigðileg um notkun og annað slíkt.
E. Að gera sérsamninga um gjalddaga, þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald, þegar um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila, eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.
F. Að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiri háttar ágreining, sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykjahrepps í S-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. maí 1979. Nr. 236.

REGLUGERÐ

um sundnám í grunnskóla.

1. gr.

Skólanemendum skal ætla sundtíma á stundaskrá skóla, eigi færri en einn á viku, ef sundlaug er svo nærri skólanum, að sundiðkunum verði komið við með öðru námi.

2. gr.

Þar sem eigi háttar svo til, sem um getur í 1. gr. skal kenna sund í námskeiðum. Skal hver nemandi grunnskóla eiga kost á 180 kennslustundum í sundi, þar af 120 í 1.—6. bekk, en 60 í 7.—9. bekk. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði nemenda vegna framkvæmdar sundkennslunnar samkvæmt reglugerð þessari. Ákveður ráðuneytið árlega, hver þátttaka ríkissjóðs í ferðakostnaðinum skuli vera.

3. gr.

Þegar sundkennsla skólanna og sundnámskeið fara fram, skal ætla sundkennslunni sérstakan tíma. Skulu sundkennarar ef þeir eru starfsmenn sundstaðar þá aðeins sinna sundkennslu skólanemenda. Ef almenningi eru leyfð afnot af sundlaug er kennsla fer fram, skal ætla skólanemendum afmarkað svæði í lauginni.

Í hverjum sundflokki skulu að jafnaði vera 15 nemendur hjá einum kennara í hverjum 40 mín. sundtíma. Kennarar eiga að fræða nemendur um gildi sundkunnáttu í sambandi við björgun frá drukknun, sund í sjó, ám og stöðuvötnum. Einnig skulu þeir fræða nemendur um gildi sundiðkana með tilliti til almennrar líkamsræktar og umgengni á sundstöðum og varúð við sundiðkunum í sjó, ám og vötnum. Kennarar skulu láta nemendur reyna sund í fötum og kenna þeim að afklæðast á sundi, eftir því sem slíkri iðkun verður við komið.

4. gr.

Í 6. og 9. bekk skulu nemendur gangast undir sundpróf sem hér greinir, nema þeir, sem að læknisráði hafa fengið undanþágu frá sundnámi. Sundkennara er heimilt í samráði við skólalækni að veita undanþágu frá prófkröfum stiganna, ef um vatnshræðslu eða hreyfihömlun er að ræða. Þessi sundpróf skulu fara fram undir eftirliti prófdómara.

Prófatriði VI. stigs í sundi eru eftirfarandi (samræmd sundpróf í 6. bekk).

a) 200 m bringusund.
b) 50 m baksund (skólabaksund)
c) 15 m björgunarsund með jafningja, frjáls aðferð.
d) 8 m kafsund.
e) val nemenda:
   50 m bringusund á tíma
   25 m skriðsund á tíma
f) 3 leysitök — grip um báða úlnliði — grip um framhandlegg með báðum höndum — grip um háls framan frá
g) um lífgunaraðferð

Prófatriði IX. stigs í sundi eru eftirfarandi (samræmt próf í 9. bekk).

a) 600 m bringusund, án hvíldar
b) 25 m marvaðasund, með jafningja
c) val: nemendur velji **tvær** sundaðferðir af fjórum til að synda á tíma.
   100 m bringusund
   50 m skriðsund
   50 m bakskriðsund
   25 m flugsund
d) 3 leysitök — grip í fatnað framan frá — grip um háls aftan frá — grip utan um brjóst aftan frá
e) ein lífgunaraðferð.

5. gr.

Við sundpróf VI. stigs skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1 til 10.

Fyrir að synda hverja tilskylda vegalengd a—d prófatriða stigsins fær nemandi 5 og til viðbótar einkunnir 1 til 5 fyrir sundlag. Einkunn fyrir valgrein e-atriðis ákveðst samkvæmt gildandi tímatöflu.

Leysitök og lífgunaraðferð skulu ekki metin til einkunnar, en í þess stað skal prófdómari fullvissa sig um hvort nemandi getur leyst þau af hendi. Einkunnir skulu færðar inn á þar til gerð skírteini. Nemandi telst hafa staðist VI. sundstig geti hann lokið þeim vegalengdum sem krafist er á prófinu. Sundpróf IX. stigs er háð eftirfarandi.

Nemandi telst hafa staðis tilskilið sundpróf, ef hann nær að synda viðstöðulaust þær sundvegalengdir, sem kveðið er á um í a—b prófatriðum stigsins (hámarksvegalengdir), synt tvær sundaðferðir af fjórum í c-atriðum stigsins innan tímamarka gildandi tímatöflu og sýnt kunnáttu á leysitökum og lífgunaraðferð.

Geti nemandi eigi synt viðstöðulaust tilskildar vegalengdir a—b prófatriðanna skal meta sundfærni hans sem hér greinir:
Prófatriði a) einkunnagjöfin ákvarðast af þeirri vegalengd er nemandanum tekst að synda. Sundlag ekki metið. Einkunnir skulu gefnar samkvæmt eftirfarandi töflu:

Vegalengd synt	Einkunn
200 m	2
250 m	3
300 m	4
350 m	5
400 m	6
450 m	7
500 m	8
550 m	9
600 m	10

Komist nemandinn ekki 200 m hefur hann ekki staðist kröfur VI. stigs og verður því að taka það stig, áður en hann fær að ljúka IX. stigi.

Prófatriði b) Einkunn miðast við þá vegalengd er nemandi getur synt með jafningja og einnig sundlag hans. Fyrir hverja 5 m er nemandi getur synt marvaða með jafningja fær hann 1.0 í einkunn. Komist hann 25 m hefur hann náð einkunninni 5.0 og þar við bætist síðan einkunn fyrir sundlag frá 1.0—5.0.

Prófatriði c) nemandi velur sér tvær sundaðferðir til þess að synda á tíma. Tíminn ákvarðar einkunnir, samkvæmt gildandi tímatöflu.

Leysitök og lífgunaraðferðir skulu ekki metin til einkunnar en prófdómari skal fullvissa sig um hvort nemandinn getur leyst þau af hendi.

6. gr.

Æskilegt er að námsmat í sundi fari fram árlega og til leiðbeiningar því eru eftirfarandi sundstig:

I. stig.
a) staðið í botni, andað að sér og síðan frá með andlitið í kafi — 10 sinnum í röð —,
b) spyrna frá bakka og renna með andlitið í kafi 2.50 m eða lengra.

II. stig.
a) marglyttuflot með því að rétta úr sér
b) 10 m bringusund
c) 8 m baksund

III. stig.
a) 25 m bringusund
b) 10 m baksund
c) 6 m skriðsundsfótatök, andlitið í kafi, armar teygðir fram.

IV. stig.
a) 75 m bringusund
b) 20 m baksund
c) 10 m skriðsund
d) stunga af bakka
e) kafa eftir hlut af 1 til 2 m dýpi

V. stig.
a) 25 m bringusund á tíma
b) 25 m skriðsund
c) 15 m björgunarsund
d) 8 m kafsund
e) 10 m bakskriðsund með fótum
f) troða marvaða í 20 til 30 sek.

VI. stig. Sjá 4. gr. (samræmt próf).

VII. stig.
a) 400 m sund frjáls aðferð, án þess að stöðva
b) 25 m bakskriðsund
c) 10 m flugsundsfótatök, armar teygðir fram
d) val á tíma:
50 m bringusund
50 m skriðsund
e) troða marvaða í 60 sek.

VIII. stig.
a) 15 m kafsund
b) 50 m bakskriðsund
c) 15 m flugsund
d) stunga af viðbragðspalli
e) 25 m sund í fötum afklæðst á sundi
f) val á tíma, nemendur velja eina sundaðferð:
25 m bakskriðsund
50 m skriðsund
50 m bringusund

IX. stig. Sjá 4. gr. (samræmt próf)

Eftirfarandi stig X.—XII. eru fyrir þá nemendur, sem lokið hafa öðrum stigum áður en þeir hefja nám í 9. bekk og notist því til áframhaldandi námsmats (sundmats) og stigið sem afreksstig (hvalmerki).

X. stig.
a) 1000 m frjáls aðferð, án hvíldar
b) 100 m fjórsund
c) 25 m marvaðasund með jafningja, sundmaður í fötum afklæðist á sundi
d) val á tíma:
50 m baksund
25 m flugsund

XI. stig.
a) 200 m bringusund á tíma
b) 100 m skriðsund á tíma
c) 40 m björgun með jafningja
d) 1500 m sund, frjáls aðferð, án hvíldar

XII. stig.
a) 50 m björgun, með jafningja, báðir í fötum
b) 1000 m bringusund á tíma

c) val á tíma, nemandi velur 2 sundaðferðir:
200 m fjórsund
100 m bakskriðsund
400 m bringusund
100 m skriðsund.

Tímalágmörk á öllum ofangreindum sundstigum og um klæðnað þann sem ætlast er til að notaður sé við sund í fötum skal skilgreina í kennsluleiðbeiningum.

7. gr.

Fyrir sundstig þau er um getur í 6. gr. önnur en VI. og IX. er heimilt að gefa einkunnir í tölum og bókstöfum eða einungis meta hvort nemendur hafi leyst atriði stigsins eða ekki. Sá telst hafa leyst stig sem getur synt þær vegalengdir sem mælt er fyrir um og staðist tímakröfur. Sundstigin (til sundmats) eru ekki háð aldri nemenda. Um leið og nemandi hefur náð einu sundstigi öðlast hann rétt til þess að reyna við næsta sundstig.

8. gr.

Að loknu sundprófi í 6. og 9. bekk skal afhenda sundskírteini, undirritað af prófdómara og sundkennara. Önnur sundstig skal sundkennari undirrita.

Menntamálaráðuneytið skal annast prentun og dreifingu sundskírteina til skóla eða sundstaða ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum vegna sundnámsins.

9. gr.

Leyfi aðstaða á sundstað ekki kennslu í björgunartökum, leysitökum og lífgunaraðferð skal fella kennslu í þessum atriðum sundnámsins inn í aðra kennslu í íþróttasal.

Skólastjóra eða skólanefnd er heimilt að kveðja aðra kennara til aðstoðar við sundkennslu eða gæslu nemenda.

10. gr.

Skólastjórar skulu árlega gefa íþrótta- og æskulýðsmáladeild menntamálaráðuneytisins skýrslu um sundnám nemenda á þar til gerðum eyðublöðum.

Um árangur nemenda í 6. og 9. bekk í sundi ber að skila upplýsingum á þar til gerðum eyðublöðum.

11. gr.

Hafi nemandi, án þess að lögmæt forföll hindri, eigi fullnægt tilskildum kröfum VI. og IX. stigs, telst hann eigi hafa uppfyllt ákvæði sundskyldunnar.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði í íþróttalögum nr. 127/1956 öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði I. kafla reglugerðar nr. 69/1959.

Í menntamálaráðuneytinu, 16. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A 1. Um kWst.-mæli á kr. 52.15 hver kWst.

A 2. Um kWst.-mæli á kr. 30.55 hver kWst. auk fastagjalds af gólffleti er nemi kr. 266.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.

A 3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólffleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:

a. Orkugjald kr. 30.55 hver kWst.

b. Grunngjald (mælisleiga innifalin):
Af einfasamælingu kr. 2 578.00 á ári.
Af þrífasamælingu kr. 5 156.00 á ári.

c. Herbergisgjald kr. 2 578.00 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálft, en stærra en 25 ferm., sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

C 1. Um kWst.-mæli á kr. 45.00 hver kWst.

Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.

C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af mældu afli kr. 35 849 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 11.36 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 6.57 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 3.28 hver kWst.

C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 32 264.00 á hvert kW í málraun véla.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 11.36 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 6.57 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 3.28 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 40% á taxta C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar, hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hver hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 9.03 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 11.55 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar eru að:

Vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 30.55 hver kWst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.

F 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst-mæli á kr. 55.00 hver kWst.

F 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 200 000.00 á hvert kW/ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

F 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 80 000.00 á hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki stjórnar veitustofnana selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr.	1 520.00 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	—	6 120.00 - —
3.	Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennamælum)	—	10 320.00 - —
4.	Af mestaaflsmælum 60 A og minni	—	9 940.00 - —
5.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A (straumspennam.)	—	15 680.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63 A einfasa	190 400.00	5 010.00
63 A þrífasa	205 500.00	5 010.00
100 A þrífasa	244 400.00	6 580.00
200 A þrífasa	393 800.00	8 590.00
315 A þrífasa	820 700.00	Skv. kostnaði
315 kVA þrífasa	1 147 100.00	—
500 kVA þrífasa	1 914 500.00	—
800 kVA þrífasa	3 061 000.00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Lengdargjald[1][2]	
		Jarðstrengur	Loftlína
Málstraumur	Stofngjald	kr./m	kr./staur
63 A einfasa	33 700.00	5 010.00	63 600.00
63 A þrífasa	47 500.00	5 010.00	74 000.00
100 A þrífasa	50 300.00	6 580.00	84 600.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi fyrir t. d. lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

---

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 4 120.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 4 120.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notenda, skal greiða gjald, kr. 4 120.00.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

20% söulskattur, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 367, frá 4. október 1978, ásamt breytingum frá 16. mars 1979 og 1. apríl 1979.

Iðnaðarráðuneytið 23. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

22. maí 1979. Nr. 238.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108, 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

A) Fastagjald kr. 785.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
B) Vatnsgjald kr. 2 005.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr.	665.00
Heitt vatn	—	1 340.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál)	m³	Heimæðargjald							
Allt að	600	465 440.00							
600—	2000	465 440.00	fyrir	600	m³	+ 290	kr./m³	þar	yfir
2000—	6000	871 440.00	—	2000	—	+ 249	—	—	—
6000—	10000	1 867 440.00	—	6000	—	+ 216	—	—	—
Meira en	10000	2 731 400.00	—	10000	—	+ 191	—	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 43 395.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu nr. 191/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 239 30. apríl 1979.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu, nr. 155 30. júní 1943.

1. gr.

Við 37. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í Grímsey er allt hunda- og kattahald bannað.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1979

30. maí 1979. 429 Nr. 240.

REGLUR

um afhendingu neyðarsendinga frá útlöndum.

1. gr.

Farmflytjendum skal heimilt að afhenda vöru án undangenginnar tollafgreiðslu þegar afhending hennar úr þeirra vörslu þolir eigi bið vegna ástands eða eðlis vörunnar. Heimild þessi tekur m. a. til lyfja, lifandi blóma og dýra, grænmetis, hráefnis til iðnaðarframleiðslu, vélavarahluta í skip, flugvélar og verksmiðjur svo og hliðstæðra sendinga en hins vegar eigi til almennra verslunarvara.

2. gr.

Beiðni um afhendingu neyðarsendingar skal borin fram á sérstöku eyðublaði í fimmriti. Eyðublöðin skulu tölusett í áframhaldandi töluröð eftir afhendingarfjölda hvers farmflytjanda.

Á eyðublaði skulu tilgreindar helstu upplýsingar um vöru þá sem óskað er afhendingar á, skuldbindingar innflytjanda og farmflytjanda um tollafgreiðslu vörunnar svo og samþykki tollstarfsmanns sem hefur skoðað vöruna og gengið úr skugga um magn hennar og verð.

3. gr.

Við afhendingu vöru skal farmflytjandi taka fjártryggingu að eigin mati til tryggingar greiðslu hins erlenda kaupverðs, tolla og annarra ríkissjóðsgjalda. Er hann ábyrgur gagnvart hinum erlenda eiganda og ríkissjóði standi innflytjandi eigi sjálfur í skilum, sbr. 4. gr.

Frumrit ásamt 1. og 2. samriti skal afhent tollgæslunni, sem síðan sendir ríkisendurskoðun frumritið en 1. samrit til tollstjóra þess tollumdæmis þar sem áformað er að tollafgreiðsla fari fram. Tollgæslan geymir 2. samrit, farmflytjandi heldur 3. samriti en 4. samrit afhendist innflytjanda.

4. gr.

Innflytjandi greiðir hið erlenda kaupverð vörunnar til viðkomandi banka og annast tollskýrslugjöf til þess tollembættis þar sem tollafgreiðsla á að fara fram. Fullnaðartollafgreiðsla ska eiga sér stað innan tuttugu daga frá afhendingu vöru.

Við tollafgreiðslu vöru skal innflytjandi leggja fram samrit sitt samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og fá áritun tollstjóra á það um að fullnaðartollafgreiðsla hafi farið fram. Farmflytjandi endurgreiðir innflytjanda fjártryggingu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. gegn framvísun slíkrar áritunar tollstjóra og tollstimplaðs farmbréfs.

B 54

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1979.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 240. Útgáfudagur 7. júní 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1979

8. júní 1979. 431 Nr. 241.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 430/1978 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

C liður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0—4,9	15,00	15,0—15,9	26,60
5,0—5,9	15,90	16,0—16,9	27,90
6,0—6,9	16,90	17,0—17,9	29,30
7,0—7,9	17,80	18,0—18,9	30,70
8,0—8,9	18,80	19,0—19,9	32,00
9,0—9,9	19,70	20,0—20,9	33,40
10,0—10,9	20,60	21,0—21,9	34,70
11,0—11,9	21,60	22,0—22,9	36,10
12,0—12,9	22,50	23,0—23,9	37,50
13,0—13,9	23,90	24,0—24,9	38,80
14,0—14,9	25,20	25,0—25,9	40,20

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

2. gr.

1. mgr. e. liðar 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 25 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, lögum nr. 78 23. desember 1975 og lögum nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum. Reglugerðin öðlast gildi 10. júní 1979. Hafi

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 2. álestrartímabils 1979 (10. febrúar til 10. júní) á réttum tíma, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri, sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álestrartímabils, skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1979.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Stjórnartíðindi B 28, nr. 241. Útgáfudagur 8. júní 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1979

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 120.67 hver kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 47.21 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 526.00 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 30.17 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 66.93 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 12 014.00 á hvert uppsett kW vélanna.
3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 27.40 hver kWst.
3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a. Um kWst.-mæli á kr. 19.33 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 114.52 hver kWst. í 1½ klst tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 21.40 hver kWst. utan þess tíma.
3.4. Um mæli á kr. 24.717.69 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 13.05 á notaða kWst.
3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
   Um mæli á kr. 16 209.00 fyrir hvert uppsett kW vélanna og auk þess kr. 13.05 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
   Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 12.73 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.mæli á kr. 7.03 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4.3. Um kWst.-mæli á kr. 3.51 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 35.90 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 61.12 hver kWst.
5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 8.76 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 27.40 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
5.4. Til gatnalýsingar á kr. 21.40 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal setja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 176.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 209.60 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 524.60 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 786.60 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 786.60 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 3 885.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 2 970.00.

HEIMTAUGARGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun		Heimtaugargjöld kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63A	1-fasa	191 287.00	4 611.00	60 744.00
63A	3-fasa	206 457.00	5 521.00	75 823.00
100A	3-fasa	245 426.00	6 250.00	94 395.00
200A	3-fasa	395 587.00	Samkv. kostnaði	
315A	3-fasa	824 421.00	—	
300kVA	3-fasa	1 152 104.00	—	
500kVA	3-fasa	1 923 464.00	—	
800kVA	3-fasa	3 075 321.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63A	1-fasa	33 920.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	47 620.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	50 500.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

300kVA	—	1 152 104.00	—	
500kVA	—	1 923 464.00	—	
800kVA	—	3 075 321.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	33 920.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	47 620.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	50 500.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu nr. 192/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 278 10. ágúst 1978 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí, 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 253. 23. maí 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 120.67 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 47.21 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 526.00 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 174.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 30.17 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 68.07 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 33 133.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 68.07 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 33 133.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 31 351.00 á hvert kW. Í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung, kr. 33 133.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 10.00 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 526.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffi-

stofum og öðrum slíkum, en kr. 174.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 288.00 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

Söluskattsfrítt frá 1. desember 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 12.73 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 7.32 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 7.32 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 6 142.00 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 3.66 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti tenginguna og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.

c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 35.94 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 61.17 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 10.94 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 8.76 hver kWst. á tímanum frá 22.00—8.30 og kr. 27.42 hver kWst. frá 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 35.94 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	184.00 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	220.00 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	549.00 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	822.00 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum	—	822.00 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara	Hámarks-afl kVa	Heimtaug-argjald kr.
1.	3 × 60	22	144 928.00
2.	3 × 100	38	210 398.00
3.	3 × 200	75 sp.	414 268.00
4.	3 × 350	132 sp.	689 997.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	30 057.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	37 900.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 4 097.00 á hvern mæli.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 4 097.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalinn í gjaldskránni eru söluskattur og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir samkvæmt ofanrituðu eru háðar samþykki Iðnaðarráðuneytisins .

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu nr. 192/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 276 10. ágúst 1978 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. maí 1979. Nr. 254.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu, en það nær yfir Strandasýslu og Staðarhrepp í Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu, sýslunefndar Strandasýslu og sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubifreiðastjórafélag Strandasýslu viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 255. 16. maí 1979.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1975 frá 1. október 1975 um iðnfræðslu.

1. gr.

57. grein orðist svo:

Við prófið skal gefa einkunnir í heilum tölum frá 1 til 10 — eða í bókstöfum samkvæmt einkunnarkerfi Flensborgarskóla í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla. Þó skal ætíð gefa fyrir teikningu í tölum. Skal sérstök einkunn gefin fyrir hvern lið sem nefndur er í 53. grein. Þar sem gefið er í tölum skal reikna út meðaltal einkunna sem telst aðaleinkunn prófsins. Ekki má láta neinn fá sveinsbréf sem fær minna en 5 í aðaleinkunn, verklegu prófi né teikningu eða minna en 3 í nokkurri prófgrein.

Einkunnin 9 og þar yfir telst ágætiseinkunn, 7.3—8.9 I. einkunn, 6.0—7.2 telst II. einkunn og 5.0—5.9 telst III. einkunn. Þar sem gefið er í bókstöfum skal ekki skylt að reikna út aðaleinkunn, en ekki má láta neinn fá sveinsbréf sem hlýtur lægri einkunn en C í einhverjum prófþætti.

2. gr.

101. grein orðist svo:

Próf í bóknámsgreinum skulu að jafnaði vera skrifleg. Í erlendum málum skulu þau bæði vera skrifleg og munnleg. Einkunn skal gefa í heilum tölum frá 1 til 10 eða í bókstöfum samkvæmt einkunnakerfi fjölbrautaskóla. Til þess að standast próf í almennum námsgreinum þarf einkunnina 4 eða C hið lægsta, en í teikningum, verknámi og sérgreinum 5 eða C hið lægsta.

Í skólum þar sem gefið er í tölustöfum skal reikna út aðaleinkunn með einum aukastaf og skal hún vera 5.0 hið lægsta.

Aðaleinkunn skal reikna út eftir hlutfalli kennslustundafjölda í kennslugreinum. Kennarar skólans skulu gefa nemendum einkunnir í lok hvers áfanga, hver í sinni grein. Nefnast þær áfangaeinkunnir og eru dómur um kunnáttu nemanda, framfarir og afköst.

Ráðuneytið setur reglur um ástundun og þar tilheyrandi einkunnagjöf.

3. gr.

Heimilt er að fjölbrautaskóli gegni sama hlutverki og iðnskóli samkvæmt reglugerð þessari hafi menntamálaráðuneytið heimilað honum að annast iðnfræðslu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68 11. maí 1966 með síðari breytingum um iðnfræðslu og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu 16. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

8. maí 1979. Nr. 256.

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

1. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldu íslenskra skipa og rekstur eftirlitsmiðstöðvar í Reykjavík, hvoru tveggja í umboði og ábyrgð samgönguráðherra.

2. gr.

Tilkynna skal för sérhvers íslensks skips, sem búið er talstöð, úr höfn, svo og komu þess til hafnar.

Sé skip utan hafnar skal greint frá staðsetningu þess, svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á sólarhring. Eftirlitsmiðstöð tekur í samráði við Póst- og símamálastofnunina ákvörðun um hvenær og hve oft senda skuli slíkar tilkynningar.

Varðskip eru undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

Um skip og báta, sem eigi eru búnir talstöðvum gilda sérstakar reglur.

3. gr.

Hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í sérstaka tilkynningarreiti og þeir markaðir á kort. Ákvörðun um stærð reitanna, svo og útgáfu og dreifing slíkra reitakorta er í höndum eftirlitsmiðstöðvar. Umrædd kort verða afhent án endurgjalds.

4. gr.

Tilkynningum samkvæmt 2. gr. skal komið til næstu strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunar beint eða um aðra sjófarstöð ef beint samband næst ekki.

Efni tilkynninganna skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður, tími og fyrirhuguð sigling.

Utan hafnar: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími. Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

Við komu í höfn: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

5. gr.

Vegna móttöku og áframsendingar tilkynninga greiða eigendur skipa þeirra og báta, sem undir reglugerðina falla gjald til Póst- og símamálastofnunar.

Gjald þetta skal birt í gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, og miðist það við stærð skips.

Ef kostnaður Póst- og símamálastofnunar vegna tilkynningarskyldunnar, þ. m. talinn kostnaður sem leiðir af 7. gr. laganna, verður umfram tekjur af gjaldi þessu þá greiðist hann úr ríkissjóði.

6. gr.

Í Reykjavík skal starfrækja eftirlitsmiðstöð, sem tekur á móti og safnar saman tilkynningum er berast frá strandarstöðvum.

Hlutverk eftirlitsmiðstöðvar er með aðstoð tilkynninganna að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir staðsetningu allra íslenskra skipa, og fylgjast með því að engar skyldutilkynningar vanti.

Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrennslan, leit eða björgun.

7. gr.

Allur kostnaður við eftirlitsmiðstöðina, þar með talinn fjarskiptakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 13. maí 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 154 24. maí 1968 um sama efni og reglugerð nr. 194 10. júní 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 257. 17. maí 1979.

SAMÞYKKT

um stjórn Neskaupstaðar.

I. KAFLI.

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er almennt í fyrirsvari fyrir kaupstaðinn og ber að gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Meginverkefni bæjarstjórnar eru þessi:

a. Hún fer með yfirstjórn í fjárreiðum kaupstaðarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal greina í meginatriðum, hvernig fjárveitingum til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið. Enn fremur skal tekið fram, hvernig áætlaðar tekjur greinast.
   2. Hún hefur á hendi yfirumsjón með fjárstjórn kaupstaðarins og gætir þess, að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir kaupstaðarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Hún kveður á um lántökur fyrir kaupstaðinn. Þó er bæjarstjóra heimilt að taka rekstrarlán til skamms tíma án sérstakrar samþykktar bæjarstjórnar.
   5. Hún kveður á um ábyrgðir bæjarsjóðs. Heimilt er þó bæjarráði að taka fullnaðarákvörðun um ábyrgð bæjarsjóðs, sé ekki um meiri háttar fjárhæð að ræða og nægilega örugg trygging að baki að dómi bæjarráðs.
   6. Hún skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga kaupstaðarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

b. Bæjarstjórn hefur yfirumsjón verklegra framkvæmda kaupstaðarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, svo og um einstök verk, eftir því, sem ástæða þykir til.

c. Bæjarstjórn kýs eða ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því, sem segir í samþykkt þessari, eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur bæjarreikninga. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og ákveður laun þeirra.

d. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrár bæjarfyrirtækja, eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI.

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar, skal bæjarstjórn kjósa sér forseta og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa. Kjörtímabil þeirra skal vera hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar, nema bæjarstjórn ákveði styttri kjörtíma, er kosning fer fram.

Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti úrslitum. Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns forseti hefur verið kjörinn.

Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan forseta í það skipti.

Ef forseti deyr eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum, áður

en hans kjörtími er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Forseti sér um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnarinnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjórnar, er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa á þeim fundi bæjarstjórnar, er kýs forseta. Kjörtími þeirra er hinn sami og forseta. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar. Bæjarstjórn ákveður þóknun til fundarritara.

Í gerðabók skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Fundargerð hvers fundar skal lesa upp í fundarlok og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver bæjarfulltrúi, sem ekki er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans sé ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fund einu sinni í mánuði, nema í júlí og ágúst. Reglulegir fundir, skulu að jafnaði haldnir fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði, og skulu þeir hefjast kl. 16.

Aukafund skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef þrír bæjarfulltrúar hið minnsta krefjast þess.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr. samþykktar þessar, sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fund. Heimilt skal þó bæjarstjóra að verða við óskum, að mál sé tekið á dagskrá þó síðar berist, enda hafi ósk um það borist áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi þrem sólarhringum fyrir fund hafa sent öllum bæjarfulltrúum dagskrá hans. Aukafundir skulu að jafnaði boðaðir með dagskrá einum sólarhring fyrir fund. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli

grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta orðið til upplýsinga um málefni á dagskrá, eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt. Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir. Þó er forseta heimilt að víkja frá röð mála á dagskrá, enda fallist bæjarstjórnin á breytinguna. Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt þess sé ekki getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar, skal auglýsa fundi hennar með a. m. k. sólarhrings fyrirvara Einnig skulu fundir auglýstir með blaða- eða götuauglýsingu, með sama fyrirvara.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna, eða mál, sem æskilegt er, vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum. Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum. Raski áheyrandi á bæjarstjórnarfundi fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu þær vera skriflegar, nema forseti telji þess ekki þörf.

Veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi ef þörf krefur. Þó skulu breytingartillögur við afgreiðslu mála, sem samkvæmt þessari samþykkt þarf tvær umræður um, hafa verið tilgreindar í dagskrá og afhentar bæjarstjóra skriflega, sem um sérstaka tillögu væri að ræða, sbr. 8. gr. Þó er heimilt að veita afbrigði í þessum efnum, með meiri hluta atkvæða.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefndar, eða með því að fresta því.

Forseti ákveður hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur verður hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun kaupstaðarins og fyrirtækja hans, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hægri hönd. Nafnakall skal viðhaft, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða bæjarfulltrúi. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta inn á skrána í réttri stafrófsröð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru.

Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi fyrir undanfærslu sinni rök, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem vill gera stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt, þegar hann talar, nema forseti ákveði annað. Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt er honum að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður, má tala þrisvar við hverja umræðu máls. en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli, eða gera stutta athugasemd um fundarsköp. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki eru á dagskrá, skal hann hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu væri að ræða. Þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Ekki má lesa prentað mál, nema með leyfi forseta.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers einstaks fulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðu sé hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til, að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta samkv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að hlíta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum, eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundinum, skal gera hlé um stundarsakir, eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

III. KAFLI.

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setur í bæjarráði eða öðrum nefndum, skrifarastörf o. s. frv. Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða annarri nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl kaupstaðarins.

21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Þóknun ákveðst í desember ár hvert.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kjörinn. Hafi hann engan tilgreint, fer um varamann samkv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá starfi.

IV. KAFLI.

Bæjarráð.

24. gr.

Að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu kosnir hlutfallskosningu þrír bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara. Þó mega varamenn vera úr hópi fyrstu varabæjarfulltrúa.

Kjörtími bæjarráðs er eitt ár og fer kosning fram í júnímánuði. Bæjarráð kýs sér formann og ritara. Kjósa má bæjarstjóra formann, þó hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Bæjarráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Kveðja skal bæjarráð saman til aukafunda, ef bæjarstjóri telur ástæðu til, eða einhver bæjarráðsmaður óskar.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og sér um, að fundarboð sé tilkynnt bæjarráðsmönnum með að minnsta kosti sex stunda fyrirvara. Formaður sér um að allt fari löglega fram á fundum og úrskurðar ágreiningsmál út af fundarsköpum.

Í gerðabók skal greint frá því hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Þar skal greint frá dagskrármálum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau fá.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn, eftir því sem þær geta átt við.

25. gr.

Bæjarráði er heimilt að ráða til lykta málum, sem ekki eru veruleg fjárhagsatriði, enda sé ekki ágreiningur í bæjarráði, né við bæjarstjórn um afgreiðsluna.

26. gr.

Bæjarráð hefur eftirlit með fjárstjórn kaupstaðarins. Það undirbýr árlega fjárhagsáætlun og sér um, að ársreikningar séu samdir.

Undir bæjarráð heyra málefni vatnsveitu, vegamál, holræsamál, fasteignamál, brunamál og öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykkt þessari, eða ályktunum bæjarstjórnar.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, þegar til umræðu eru málefni, er störf þeirra snerta, og þess er óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði.

V. KAFLI.

Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar, og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar.

Honum er rétt að sækja fundi í nefndum bæjarstjórnar og stjórnum stofnana bæjarins, og skylt er honum að sækja slíka fundi, sé þess óskað af viðkomandi nefndarformanni eða forstöðumanni stofnunar.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi, bæjarráðsmaður eða nefndarmaður. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, án þess að gera jafnframt fullnægjandi ráðstafanir til að afla fjár til að standast þennan kostnað, og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins. Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar, ályktunum bæjarráðs, sbr. 24. gr.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykktum bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykkt bæjarstjórnar. Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri eða staðgengill hans ávísi því til greiðslu.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt að fela öðrum að gegna störfum sínum í forföllum. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð eða bæjarstjórn geri aðra skipan.

Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarráð setja mann til að gegna störfum hans, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.

VI. KAFLI.

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs. Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Endurskoðun skal lokið ekki síðar en 30. júní ár hvert. Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

VII. KAFLI.

Um kosningu, skipan og starfssvið nefnda.

35. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni eftir því, sem lög mæla fyrir eða samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar:

a. Til eins árs:
   1. Bæjarráð: 3 bæjarfulltrúar og 3 til vara.
   2. Byggingarnefnd: Fimm menn þar af a. m. k. tveir bæjarfulltrúar. Varamenn skulu kosnir fyrir þá, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn.
   3. Hafnarnefnd: 3 bæjarfulltrúa og tvo menn utan bæjarstjórnar. Varamenn skulu kosnir fyrir þá, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn.
   4. Kjörstjórn: 3 aðalmenn og 3 varamenn.
   5. Endurskoðendur bæjarreikninga: 2 aðalmenn og 2 varamenn.
   6. Fjallskilanefnd: 3 menn.
   7. Fjórir fulltrúar á aðalfund Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

b. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:
   1. Félagsmálaráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
   2. Sjúkrahússtjórn: 3 aðalmenn og 3 til vara.
   3. Framtalsnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
   4. Heilbrigðisnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
   5. Skólanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
   6. Iðnskólanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
   7. Tómstundaráð: 5 aðalmenn og 5 til vara.
   8. Sjúkrasamlagsstjórn: 4 aðalmenn og 4 til vara.
   9. Náttúruverndarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
   10. Safnanefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.

11. Kjörskrárnefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
12. Umferðarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
13. Menningarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
14. Skipulagsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.
15. Sögunefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.
16. Stjórn Verkamannabústaða: 3 aðalmenn og 3 til vara.
17. Einn mann til að annast forðagæslu og einn til vara.
18. Fimmtán menn í sjó- og verslunardóm.
19. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
20. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
21. Endurskoðendur Sparisjóðs Norðfjarðar: Tvo aðalmenn og tvo til vara.
22. Tvo fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og tvo til vara.
23. Einn fulltrúa í stjórn Veiðiræktarfélags Norðfjarðarhrepps og einn til vara.
24. Tvo fulltrúa í stjórn Byggingarlánasjóðs Neskaupstaðar og tvo til vara.
25. Einn mann í stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og einn til vara.
26. Áfengisvarnanefnd: 3 aðalmenn og 3 til vara.

36. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum. Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarinnar falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt.

37. gr.

Nú andast maður, sem kosinn hefur verið í nefnd, flyst á brott eða forfallast varanlega á annan hátt, og skal þá kjósa annan mann í hans stað það sem eftir er kjörtímans. Skylt er að gefa þeim flokki eða flokkum, sem kusu hinn forfallaða mann af lista við hlutfallskosningar, kost á að tilnefna eftirmanninn.

Þetta á þó ekki við um bæjarfulltrúa, þegar varabæjarfulltrúa ber að taka sæti hans.

VIII. KAFLI.

Um starfsmenn bæjarins.

38. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn, eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan hátt mælt fyrir um sérmál tiltekinna stofnana. Fastir starfsmenn bæjarins teljast þeir einir, sem skipaðir eru í störf skv. 1. mgr. og taka laun samkv. launasamþykkt bæjarins eða launasamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Bæjarstjórn ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöðu hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarstjórn getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöðu hjá bænum, svo og sérskilyrði, sem gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir ekkert af launum sínum við það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála í Neskaupstað, nr. 81/1963.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

29. maí 1979. Nr. 258.

REGLUGERÐ
um búfjárhald í Stykkishólmi.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts skipulags lands Stykkishólms, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Allt búfjárhald í kauptúninu er þó gjaldskylt samkv. 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og aðhald. Hreppsnefnd getur þó veitt félögum búfjáreigenda heimild til að úthluta leyfum innan skipulagðra svæða og standi félögin skil á leyfisgjöldum til hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið félögum búfjáreigenda umsjón með smölun, böðun og öðru er varðar búfjárhald.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greiða skuli í sveitarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó ekki hærra en kr. 1 000 á ári, einnig er hreppsnefnd heimilt að leggja á sér-

stakt beitargjald. Beitargjald greiða þeir, sem beita búfé sínu, í einn mánuð eða lengur á ári, á landi kauptúnsins sem ekki er leigt. Gjaldi þessu sé varið til vörslu á landi kauptúnsins.

6. gr.

Hreppsnefnd skal skylt að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í kauptúninu og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu, eigi síðar en 1. október 1980, enda hefur hreppsnefnd Stykkishólms áður gefið umþóttunartíma til eins árs sem rennur út 15. júlí 1980.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00 Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólms staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum. Reglugerðin öðlast gildi frá 1. október 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 259. 14. maí 1979.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

		einingar
1.	Hjaltabakki	8
2.	Skinnastaðir	12
3.	Akur	60
4.	Stóra Giljá og Beinakelda	9
5.	Litla Giljá	4
6.	Hnausar	65
7.	Bjarnastaðir	31
8.	Másstaðir	11.5
9.	Hjallaland	12.5
10.	Hvammur	22
11.	Eyjólfsstaðir	11.5
12.	Bakki	6
13.	Hof	26
14.	Kötlustaðir	16
15.	Gilá	18
16.	Marðarnúpur	7
17.	Guðrúnarstaðir	2
18.	Kárdalstunga	1.5
19.	Þórormstunga	25
20.	Sunnuhlíð	30
21.	Forsæludalur	36

		einingar
22.	Grímstunga	73
23.	Haukagil	60
24.	Saurbær	34
25.	Ás	35
26.	Ásbrekka	18
27.	Brúsastaðir	9
28.	Snæringsstaðir	4
29.	Undirfell	11
30.	Nautabú	12
31.	Kornsá	11.5
32.	Gilsstaðir	11.5
33.	Flaga	11.5
34.	Helgavatn	13
35.	Hnjúkur	9.5
36.	Breiðabólsstaður	8
37.	Miðhús	5
38.	Vatnsdalshólar	60
39.	Sveinsstaðir	71
40.	Steinnes	27
41.	Leysingjastaðir	7
42.	Þingeyrar	95
	Samtals	1 000 ein.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. maí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 260.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:		
Búnaðarbankainnstæða nr. 121	kr.	353 759.00
Vextir	—	65 740.00
	kr.	419 499.00
Sjóður til næsta árs:		
Búnaðarbankainnstæða nr. 121	kr.	419 499.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:			
Innritunarskírteini	kr.	20 000.00	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	45 222.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 123	—	362 604.00	kr. 427 826.00
V e x t i r :			
Af Innritunarskírteini	kr.	43 939.00	
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	9 497.00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	65 131.00	kr. 118 567.00
			kr. 546 393.00
Sjóður til næsta árs:			
Innritunarskírteini	kr.	20 000.00	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	46 179.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 123	—	480 214.00	kr. 546 393.00
			kr. 546 393.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 262.

REIKNINGUR

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Tulinius fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	23 897.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	119 458.00	kr. 143 355.00
V e x t i r :			
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	5 018.00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	22 084.00	kr. 27 102.00
			kr. 170 457.00
Sjóður til næsta árs:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	24 405.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	146 052 00	kr. 170 457.00
			kr. 170 457.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:			
Útvegsbankainnstæða nr. 9253	kr.	2 524 504.00	
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	4 350 000.00	kr. 4 864 504.00
V e x t i r :			
Af Útvegsbankainnstæðu	kr.	583 978.00	
Af Skuldabréfi	—	747 200.00	
Afborgun af skuldabréfi	—	330 000.00	kr. 1 661 178.00
			kr. 8 525 682.00
Sjóður til næsta árs:			
Útvegsbankainnstæða nr. 9253	kr.	4 185 682.00	
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	4 340 000.00	kr. 8 525 682.00
			kr. 8 525 682.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 264.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	56 869.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 131	—	38 289.00	kr. 95 158.00
V e x t i r :			
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	11 942.00	
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	7 082.00	kr. 19 024.00
			kr. 114 182.00
G j ö l d :			
Styrkur til Grímseyinga			kr. 8 840.00
Sjóður til næsta árs:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	57 471.00	
Búnaðarbankainnstæða nr. 131	—	47 871.00	kr. 105 342.00
			kr. 114 182.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr.	44 764.00
Vextir	—	9 400.00
	kr.	54 164.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 266.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun bók í Landsb.	kr.	267.00
Vextir	—	50.00
	kr.	317.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 267.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	56 749.00
Vextir	—	11 917.00
	kr.	68 666.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	247 235.00
Vextir	kr.	51 919.00
	kr.	299 154.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 269.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	20 538.00
Vextir	kr.	4 313.00
	kr.	24 851.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 270.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar, árið 1978.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr.	215 674.00
Vextir	—	45 292.00
	kr.	260 966.00

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REGLUGERÐ

um Orðabók Háskólans.

1. gr.

Orðabók Háskólans er háskólastofnun og heyrir undir rektor og háskólaráð, sbr. 80. gr. háskólareglugerðar.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að safna efni og semja sögulega íslenska orðabók frá upphafi prentaldar á Íslandi. Að því loknu má fela stofnuninni önnur skyld verkefni.

3. gr.

Stjórn Orðabókar Háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal kosin af háskólaráði, að fengnum tillögum heimspekideildar, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum. Rektor skipar einn þeirra formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

4. gr.

Fastráðnir starfsmenn Orðabókar Háskólans eru: a) forstöðumaður (orðabókarstjóri), b) sérfræðingar.

Stofna má fleiri fastar stöður við Orðabókina með samþykki menntamálaráðherra að fenginni heimild í fjárlögum.

Ráðherra ræður fasta starfsmenn að fengnum tillögum samkvæmt þessari grein.

Umsækjendur um embætti forstöðumanns eða sérfræðingastörf skulu leggja fram með umsókn sinni rækilega skýrslu um námsferil sinn og fræðistörf, sem þeir hafa unnið, fræðirit og ritgerðir, sem máli skipta vegna starfsins, prentuð sem óprentuð. Dómnefnd skal skipa hverju sinni til þess að dæma um hæfi umsækjenda um stöðu forstöðumanns. Orðabókarstjórn nefnir til einn, og skal hann vera formaður nefndarinnar, háskólaráð annan og menntamálaráðherra hinn þriðja.

Dómnefnd skal hraða störfum eftir föngum og rökstyðja með hliðsjón af fræðilegu gildi ritverka umsækjenda, svo og námsferli og starfsreynslu, hvort hún telur umsækjanda hæfan til að gegna forstöðumannsstarfinu. Álitsgerð nefndarinnar — eða einstakra nefndarmanna — skal höfð til hliðsjónar við veitingu stöðunnar. Þá skal og leita álits orðabókarstjórnar og háskólaráðs um umsækjendur. Ef enginn er talinn hæfur, skal orðabókarstjórn leggja til við menntamálaráðuneyti, að maður, sem hún treystir, verði ráðinn forstöðumaður um stundarsakir. Í slíku tilviki skal staðan auglýst á nýjan leik.

Um hæfi umsækjenda um sérfræðingsstöður dæmir orðabókarstjórn með hliðsjón af sömu atriðum og dómnefnd dæmir um hæfi forstöðumanns. Þó skulu gerðar lægri kröfur. Álitsgerð orðabókarstjórnar — eða einstakra manna, sem sæti eiga í henni — skal höfð til hliðsjónar við veitingu stöðunnar. Orðabókarstjórn og háskólaráð skulu gera tillögur um, hverjum skuli veitt staðan. Um aðrar fastar stöður, sem stofnaðar kunna að verða, skulu gilda hliðstæðar reglur, eftir því sem við á.

Lausráðið fólk ræður forstöðumaður með samþykki formanns orðabókarstjórnar, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Aðalstarfsvið stjórnar Orðabókarinnar er þetta:

a. Stjórnin skal hafa yfirumsjón með orðabókarstarfinu og skipulagningu þess. Skal formaður koma að minnsta kosti vikulega í stofnunina og fylgjast með því,

sem gert er, ræða þau vandamál, sem upp kunna að koma, við orðabókarstjóra og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

b. Stjórnin hefur, í samráði við rektor og orðabókarstjóra, ráðstöfunarrétt á húsnæði Orðabókarinnar, ef óskað er eftir að nýta það til annars en þarfa Orðabókarinnar, þó svo að það rekist ekki á starf hennar.

c. Stjórnin skal, í samráði við orðabókarstjóra, gera áætlanir um árlega fjárþörf Orðabókarinnar. Fjárlagatillögur skulu kynntar háskólarektor, bæði á undirbúningsstigi og í lokagerð.

d. Ef ágreiningur rís innan stofnunarinnar, sker orðabókarstjórn úr.

6. gr.

Verksvið starfsfólks Orðabókarinnar er þetta:

a. Forstöðumaður skal annast daglega verkstjórn á Orðabókinni og eftirlit með verki starfsmanna, jafnt fastráðinna sem lausráðinna, svo og ritstjórn og orðtöku. Hann skal gefa orðabókarstjórn árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar og gera áætlun til stjórnvalda um greiðslur til hennar í samræmi við fjárlög. Hann skal vera í fyrirsvari fyrir Orðabókina ásamt stjórnarformanni. Að öðru leyti skal forstöðumaður sinna þeim verkefnum, sem orðabókarstjórn felur honum og heyra beint undir orðabókarstarfið.

Forstöðumaður á setu á fundum orðabókarstjórnar án atkvæðisréttar. Hann skal halda fundi með sérfræðingum stofnunarinnar tvisvar á ári og oftar, ef þurfa þykir, um verkefni, sem fram undan eru. Heimilt er að kveðja formann orðabókarstjórnar á þessa fundi. Samþykktir slíkra funda skulu bornar undir orðabókarstjórn, ef þær varða valdsvið hennar.

b. Sérfræðingar skulu annast orðtöku og ritstjórn á vegum Orðabókarinnar. Þeir skulu yfirleitt sinna þeim verkefnum, sem forstöðumaður felur þeim eða ákvæðin hafa verið á starfsmannafundum, sbr. a-lið. Heimilt er að kveðja sérfræðinga Orðabókarinnar á fundi orðabókarstjórnar, og jafnframt geta þeir óskað eftir fundi með henni.

c. Annað starfsfólk, svo sem lausráðið fólk, starfar undir stjórn forstöðumanns, nema hann feli einhverjum sérfræðinganna það hlutverk.

7. gr.

Rekstur stofnunarinnar er kostnaður af ríkisfé, samkvæmt því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Aðrar tekjur eru þessar:

a. Styrkir til rannsókna eða greiðsla fyrir umbeðin verkefni.

b. Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. málsgrein, er háð samþykki stjórnarinnar.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar ásamt fylgiskjölum. Samrit reikninganna sendist háskólarektor og menntamálaráðuneytinu.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 84/1970, 36. gr., sbr. 80. gr. háskólareglugerðar, nr. 76/1958, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi Reglugerð um Orðabók Háskólans, nr. 102/1966.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Árni Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Guðmundar B. Kristjánssonar, stýrimannaskólakennara og skipstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. maí 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Guðmundar B. Kristjánssonar, stýrimannaskólakennara og skipstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Verðlaunasjóður Guðmundar B. Kristjánssonar og er stofnaður á 100 ára afmæli hans hinn 26. janúar 1979 af dætrum hans Ingibjörgu, Herdísi og Ragnheiði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna á vori hverju þann nemanda við Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem við lokapróf hefur þá fengið hæstu einkunn í siglingafræði miðað við öll stig námsins.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, sem skal sjá um að sjóðurinn sé ávaxtaður eftir ákvæðum þessarar skipulagsskrár og að fé hans sé rétt varið hverju sinni.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur 00/100 — og skal sjóðurinn ávaxtast í banka með hæstu innlánsvöxtum hverju sinni. Höfuðstól sjóðsins eins og hann nú er eða síðar kann að verða má aldrei skerða. Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur með vaxtaviðbótum náð kr. 2 000 000.00, en fyrr ekki, má veita 75% af vöxtum sjóðsins á ári hverju til verðlauna í samræmi við tilgang hans, en 25% skal ætíð leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð því að verða að höfuðstóli kr. 4 000 000.00 er skólastjóra heimilt að úthluta úr sjóðnum verðlaunum til nemenda við lokapróf sem fengið hafa næstbestu einkunnir í siglingafræði miðað við öll stig námsins.

6. gr.

Verðlaunaafhending skal ávallt fara fram við skólaslit og skal verðlaunahafa þá afhent viðurkenningarskjal jafnhliða fjárhæðinni.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Afrekssjóð 6. bekkjar X, M. R. 1978—1979“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. maí 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

STOFN- OG SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Afrekssjóð 6. bekkjar X, M. R. 1978—1979“.

Stofnendur eru undirritaðir nemendur 6. bekkjar X, Menntaskólanum í Reykjavík, skólaárið 1978—1979.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður 6. bekkjar X, 1978—1979.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja til aukinnar líkamsræktar og líkamlegrar hreysti með því að verðlauna þá sem á lokaprófi í leikfimi við Menntaskólann í Reykjavík fá hæstu einkunn á hverju ári. Nái fleiri en einn sama árangri sama árið, skiptist upphæðin hlutfallslega.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sparisjóðsbók eða á annan jafn tryggan hátt.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru því fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20 000.00 — Tuttugu þúsund krónur — er haldast skal óskert. Stofnendur greiða sjálfir fyrstu verðlaun sjóðsins og ákveða stofnendur hver þau verða. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1979.

6. gr.

Til verðlaunanna má veita allt að ¾ af vaxtatekjum sjóðsins frá síðustu verðlaunaveitingu. Minnst ¼ hluti vaxtateknanna leggst við sjóðinn til eflingar honum.

7. gr.

Bók skal færa yfir eignir sjóðsins og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum.

Árlega skal rektor birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslu Menntaskólans í Reykjavík og greina frá hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun úr sjóðnum það ár. Endurskoðun skal vera með sama hætti og annarra sjóða í vörslu rektors.

8. gr.

Vörslu sjóðsins og stjórn skal rekorsembættið við Menntaskólann í Reykjavík annast, svo og verðlaunaveitingar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður á Akranesi:

1. Bifreiðastöður eru leyfðar sunnanvert við Suðurgötu á móts við Akraness Apótek, Suðurgötu 32.
2. Umferð um Víkurbraut nýtur forgangs fyrir umferð um Innnesveg og Garðagrund (biðskylda).
3. Umferð um Esjubraut nýtur forgangs fyrir umferð um Smiðjuvelli og Dalbraut (biðskylda).
4. Umferð um Sandabraut nýtur forgangs fyrir umferð um Faxabraut (biðskylda).

Reglur þessar taka gildi þegar í stað og falla jafnframt úr gildi eldri ákvæði um umferð sem fara í bága við þessar nýju reglur.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 4. maí 1979.

Björgvin Bjarnason.

Nr. 275 23. maí 1979.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður á Akranesi:

1. Bifreiðastöður eru leyfðar sunnanvert við Suðurgötu á móts við Akraness Apótek, Suðurgötu 32.
2. Umferð um Innnesveg og Garðagrund nýtur forgangs fyrir umferð um Víkurbraut (biðskylda).
3. Umferð um Esjubraut nýtur forgangs fyrir umferð um Smiðjuvelli og Dalbraut (biðskylda).
4. Umferð um Faxabraut nýtur forgangs fyrir umferð um Sandabraut (biðskylda).

Reglur þessar taka gildi þegar í stað og falla jafnframt úr gildi eldri ákvæði um umferð, er fara í bága við þessar nýju reglur.

Auglýsing þessi er leiðrétting á auglýsingu um umferð á Akranesi, dags. 4. maí s. l. er birtist í Lögbirtingablaðinu 18. maí s. l. nr. 39.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 23. maí 1979.

Björgvin Bjarnason.

REGLUGERÐ

um jöfnunargjald og sérstakt tímabundið aðlögunargjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 3% jöfnunargjald og 3% sérstakt tímabundið aðlögunargjald. Gjöld þessi skulu frá og með 1. júlí 1979 til og með 31. desember 1980 lögð á og innheimt í einu lagi með 6% gjaldi sem lagt skal á tollverð innfluttra vara er um getur í 2. gr., sbr. þó 4. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

05.04.00	17.04.06	23.01.10	32.09.43
05.15.00	17.04.09	23.01.20	32.09.49
14.02.00	18.06.03	24.02.32	32.11.00
14.03.00	18.06.04	25.05.00	32.12.00
14.05.00	18.06.05	25.12.01	33.04.03
15.04.10	18.06.06	25.13.01	33.06.01
15.04.20	18.06.09	25.16.00	33.06.03
15.04.30	19.02.01	25.17.01	33.06.05
15.05.00	19.02.02	25.17.09	33.06.07
15.06.00	19.07.01	25.22.01	33.06.11
15.12.09	19.07.02	25.23.00	34.01.01
16.03.00	19.07.09	26.03.00	34.01.02
16.04.01	19.08.01	28.04.11	34.01.03
16.04.02	19.08.02	28.04.12	34.01.04
16.04.03	19.08.03	28.04.13	34.01.05
16.04.04	19.08.04	28.09.00	34.01.09
16.04.05	19.08.09	28.13.01	34.02.05
16.04.06	20.02.01	28.16.00	34.02.06
16.04.07	21.02.11	29.01.41	34.02.07
16.04.08	21.03.00	30.03.13	34.02.08
16.04.09	21.04.01	30.03.23	34.02.09
16.04.11	21.04.02	30.03.33	34.05.01
16.04.12	21.04.09	30.03.43	34.05.02
16.04.19	21.05.19	32.09.10	34.06.00
16.05.01	21.05.29	32.09.21	35.01.00
16.05.02	21.06.02	32.09.22	35.03.01
16.05.03	21.07.02	32.09.23	35.06.01
16.05.04	22.01.01	32.09.24	35.06.09
16.05.09	22.02.01	32.09.25	36.05.00
17.04.01	22.02.09	32.09.29	38.18.00
17.04.03	22.03.01	32.09.31	38.19.33
17.04.04	22.03.09	32.09.39	39.01.23
17.04.05	22.08.00	32.09.41	39.01.24

39.01.26
39.01.33
39.01.34
39.01.36
39.01.43
39.01.53
39.01.64
39.01.95
39.01.97
39.02.13
39.02.14
39.02.15
39.02.23
39.02.25
39.02.34
39.02.35
39.02.36
39.02.44
39.02.47
39.02.61
39.02.64
39.02.75
39.02.93
39.02.99
39.03.12
39.03.13
39.03.33
39.03.34
39.03.53
39.03.54
39.03.81
39.03.82
39.07.11
39.07.13
39.07.14
39.07.15
39.07.16
39.07.17
39.07.18
39.07.19
39.07.35
39.07.40
39.07.46
39.07.47
39.07.62
39.07.63
39.07.66
39.07.67
39.07.69
39.07.71
39.07.77
39.07.79
39.07.81

40.07.00
40.08.01
40.13.02
40.13.09
40.14.03
40.14.11
41.01.11
41.01.19
41.01.20
41.01.30
41.01.40
41.01.50
41.01.60
41.02.10
41.03.00
41.04.00
41.05.01
41.05.09
41.09.00
42.01.00
42.02.10
42.02.20
42.02.30
42.02.41
42.02.49
42.03.01
42.03.02
42.03.09
42.04.00
43.01.10
43.01.20
43.02.01
43.02.09
43.03.01
43.03.09
43.04.09
44.13.21
44.13.29
44.19.00
44.20.00
44.21.00
44.23.01
44.23.02
44.23.03
44.23.04
44.23.09
44.24.00
44.25.01
44.25.03
44.27.01
44.27.02
44.27.09
44.28.83

44.28.84
44.28.87
44.28.88
44.28.94
46.02.01
46.02.02
46.03.01
48.05.20
48.07.39
48.05.41
48.07.42
48.07.44
48.07.47
48.14.04
48.15.10
48.15.34
48.15.35
48.16.04
48.16.05
48.16.06
48.16.07
48.16.11
48.16.12
48.16.19
48.18.00
48.19.01
48.19.09
48.21.21
48.21.31
48.21.32
48.21.40
48.21.53
48.21.55
48.21.56
48.21.57
49.01.01
49.07.09
49.08.00
49.09.00
49.10.00
49.11.19
49.11.29
50.04.00
50.05.00
50.07.00
50.09.00
51.03.10
51.03.20
51.04.21
52.01.00
52.02.00
53.09.00

53.10.10
53.10.20
53.12.00
54.03.00
54.04.00
54.05.01
54.05.09
55.07.10
55.07.20
55.08.10
55.08.20
56.06.10
56.06.20
56.06.30
57.07.09
58.01.10
58.01.20
58.02.10
58.02.20
58.02.30
58.02.40
58.02.50
58.02.60
58.02.70
58.02.80
58.02.90
58.03.00
58.07.01
58.07.02
58.08.09
58.09.00
58.10.00
59.01.02
59.02.10
59.02.22
59.03.09
59.04.02
59.04.09
59.05.09
59.06.01
59.07.09
59.12.09
60.01.10
60.01.21
60.02.01
60.02.02
60.02.09
60.03.01
60.03.02
60.03.03
60.03.04
60.03.05
60.03.09

60.04.10	61.02.10	62.02.10	73.21.02
60.04.15	61.02.15	62.02.20	73.21.03
60.04.20	61.02.20	62.02.30	73.21.04
60.04.25	61.02.25	62.02.40	73.21.05
60.04.30	61.02.30	62.02.50	73.21.06
60.04.35	61.02.35	62.02.60	73.21.09
60.04.40	61.02.40	62.02.71	73.22.01
60.04.45	61.02.45	62.02.79	73.22.09
60.04.50	61.02.50	62.02.81	73.23.01
60.04.61	61.02.55	62.02.89	73.23.03
60.04.69	61.02.60	62.03.01	73.23.09
60.05.05	61.02.65	62.03.02	73.31.01
60.05.10	61.02.70	62.03.09	73.31.09
60.05.15	61.02.75	62.04.11	73.37.01
60.05.20	61.02.80	62.04.12	73.37.02
60.05.25	61.02.85	62.04.19	73.37.03
60.05.30	61.02.91	62.04.21	73.37.09
60.05.35	61.02.92	62.04.22	73.38.21
60.05.40	61.02.93	62.04.29	73.38.22
60.05.45	61.02.95	62.05.11	73.40.45
60.05.50	61.02.96	62.05.19	73.40.46
60.05.55	61.02.97	63.01.00	73.40.48
60.05.60	61.02.98	63.02.00	73.40.49
60.05.65	61.03.10	64.01.09	73.40.51
60.05.70	61.03.20	64.02.01	73.40.55
60.05.75	61.03.30	64.02.02	74.19.03
60.05.81	61.03.41	64.02.05	74.19.05
60.05.82	61.03.49	64.02.09	75.06.01
60.05.89	61.03.51	64.03.00	76.01.10
60.06.10	61.03.59	64.04.00	76.01.20
60.06.21	61.03.61	65.03.00	76.08.00
60.06.22	61.03.69	65.05.00	76.09.00
60.06.29	61.04.11	65.06.02	76.10.02
61.01.05	61.04.12	68.01.00	76.10.04
61.01.10	61.04.19	68.02.01	76.10.09
61.01.15	61.04.21	68.02.03	76.16.02
61.01.20	61.04.22	68.02.09	76.16.03
61.01.25	61.04.29	68.08.01	76.16.07
61.01.30	61.04.31	68.11.01	76.16.09
61.01.35	61.04.32	68.11.09	76.16.11
61.01.40	61.04.39	68.15.00	76.16.12
61.01.45	61.05.00	68.16.02	82.01.02
61.01.50	61.06.00	69.06.00	83.03.01
61.01.55	61.07.00	69.13.01	83.06.01
61.01.60	61.09.10	69.13.09	83.07.04
61.01.65	61.09.21	70.07.01	83.07.05
61.01.70	61.09.29	70.08.00	83.07.09
61.01.75	61.10.00	70.09.00	83.13.02
61.01.80	62.01.10	70.14.01	83.14.00
61.01.85	62.01.20	71.12.00	84.11.41
61.01.90	62.01.30	71.16.00	84.11.42
61.01.95	62.01.40	73.14.02	84.12.00
61.02.05	62.01.50	73.21.01	84.15.33

84.15.39	85.19.17	94.03.12	96.01.01
84.17.23	85.19.19	94.03.13	96.01.03
84.22.12	87.05.01	94.03.14	96.01.05
84.22.31	87.05.02	94.03.15	96.01.07
84.22.61	87.05.09	94.03.19	96.01.09
84.22.62	87.06.01	94.03.21	97.02.00
84.30.15	89.01.20	94.03.22	97.03.00
85.01.21	89.01.59	94.03.23	97.04.03
85.01.71	89.01.69	94.03.24	97.07.02
85.01.79	94.01.13	94.03.29	97.07.09
85.04.10	94.01.14	94.03.31	98.02.09
85.12.51	94.01.19	94.03.32	98.07.00
85.12.52	94.01.20	94.03.39	98.12.00
85.12.53	94.03.11	94.04.00	

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldrar vöru skv. 2. gr. er gjald samkvæmt reglugerð þessari lagt á tollverð (cif-verð) vöru eins og það er ákveðið skv. 5.—7. gr. tollskrárlaga. Gjöld sem kunna að vera lögð á vöru við innflutning samkvæmt ákvæðum annarra laga en laga um jöfnunargjald og sérstakt tímabundið aðlögunargjald teljast því eigi gjaldstofn við útreikning á gjaldi samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 2. mgr.

Nú er vara flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur innheimtur við tollafgreiðslu og skal þá gjald skv. 1. gr. reiknast sem hluti söluskattsstofns.

4. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum skal ekki innheimta gjald skv. 1. gr.

Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af samkvæmt 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og eigi ber gjald samkvæmt reglugerð þessari, skal skerða tollalækkunina sem nemur gjaldi skv. 1. gr., hvíli það á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

5. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, lögveð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt reglugerð þessari skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

6. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar gjalds samkvæmt reglugerð þessari verð á birgðum vöru sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál eða laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við á.

7. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 1. júlí 1979 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi ti þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru

þegar í stað, skal varan tollafgreidd án greiðslu 6% gjalds samkvæmt reglugerð þessari, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. júlí 1979.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari skal greiða af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir 1. júlí með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. september 1979.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald og 6. gr. laga nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald og öðlast gildi frá og með 1. júlí 1979.

Með reglugerð þessari er jafnframt frá sama tíma og um ræðir í 1. mgr. úr gildi felld reglugerð nr. 365 13. október 1978 um jöfnunargjald svo og reglugerð nr. 157 29. mars 1979 um breytingu á henni. Þó skulu ákvæði hennar gilda eftir því sem við geta átt um innheimtu 3% jöfnunargjalds af þeim ótollafgreiddu vörum sem jöfnunargjaldsskyldar eru, 7. gr. reglugerðar þessarar tekur til og tollafgreiddar verða innan þeirra tímamarka er þar greinir.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1979.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

14. júní 1979. Nr. 277.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku og aflverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag-greiðslur	Árs-greiðslur
	A — LÝSING			
A 1.	Með fastagjaldi	27.26	1.22/m²	445/m²
A 2.	Án fastagjalds	74,84		
	B — HEIMILIS- OG VINNULJÓS			
B. 1.	Heimilisnotkun	22.04	5.17/herb.	1 887/herb.
B 2.	Húsbyggingar og Akraneshö.	45.00		
	C — VÉLANOTKUN			
C 1.	Með fastagjaldi	27.26	16.04/kW	5 854/kW
C 2.	Matvælaiðnaður (rafsuða)	22.04		
C 3.	Stórnotkun	7.00	70.66/kW	25 792/kW
	D — HITUN			
D 1.	Án rofs	15.33		
D 2.	Með rofi 1½ klst. á dag	8.55		
D 3.	Með rofi 2½ klst. á dag	7.93		
D 4.	Með rofi 4½ klst. á dag	6.35		
D. 5.	Með rofi 14½ klst. á dag	4.48		
D 6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	5.18		

	E — ANNAÐ.		
E 1.	Sérsamningar		
E 2.	Götu- og hafnarlýsing		
E 3.	Lokun og enduropnun veitu	3 900	
	MÆLA- OG ROFALEIGA.		
10	Einfasa	3.95	1 440
11	Einfasa með rofa	21.70	7 920
20	Þrífasa	15.78	5 760
21	Þrífasa með rofa	33.53	12 240
24	Þrífasa með 2 rofum	41 42	15 120
30	Þrífasa með aflmæli	25.64	9 360

Ákvæði og skýringar við töflu I.

A. Lýsing.

A 1. Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálft fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

A 2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. HEIMILI- OG VINNULJÓS.

B 1. Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m^2 reiknast sem hálft. Ef herbergi er stærra en 25 m^2 skal reikna hverja byrjaða 25 m^2 sem herbergi.

B 2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast þá við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x32 A og 3x50 A. 220 V.

C. VÉLAR.

C 1. Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.

C 2. Til véla í matvælaiðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW, og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1 200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á mesta álagstíma. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

C 3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín.

E. ANNAÐ.

E 1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðslan komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E 2. Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E 3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu, skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

MÆLA- OG ROFALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.8 er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA).

D. HITUN.

D 3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D 6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð díselolíu á hverjum tíma.
d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. Að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D 1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D 1.
g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið. (heimtaugar).

Gjaldskrárliður	Málstraumur aðalvara 220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.	Flutnings-geta miðuð við stærð aðalvara kWA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr.
2.01	2x60	1x60	13	76 000.00
2.02	3x60		22	94 000.00
2.03	3x100	3x60	38	126 000.00
2.04		3x100	66	182 000.00
2.05	3x200		76	202 000.00
2.06	3x350	3x200	132	344 000.00
2.07		3x350	231	542 000.00
2.08	Bráðab. heimt. 1x35 Amp.			23 500.00
2.09	Bráðab. heimt. 3x35 Amp.			47 000.00
2.10	Bráðab. heimt. 3x60 Amp.			80 500.00
2.11	Tenging við Akraneshöfn			3 000.00

TAFLA III. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
3.01	150	600 000.00
3.02	300	1 200 000.00
3.03	500	1 750 000.00
3.04	800	2 800 000.00

ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU II OG III.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (3 200 + 16 kVA) kr. m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj = (2 100 + 12 x kVA) kr. m. að viðbættum kr. 42 100.00 á hvern stólpa í umfram-línu.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

d. Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði samkv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun) sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 160 29. mars 1977 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 14. júní 1979.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

Stjórnartíðindi B 31, nr. 250—277. Útgáfudagur 28. júní 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1979

1. júlí 1979. 493 Nr. 278.

REGLUGERÐ

fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hefur hinn 1. janúar 1972 stofnað til nýrra lánaflokka, sem nánar eru greindir í 2. gr., sem sett er til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

2. gr.

A. Skipalán II.

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa og þilfarsbáta úr trefjaplasti innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip og þilfarsbáta úr trefjaplasti, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en 66.7%—75% vegna meiriháttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—7 ár vegna endurbóta, 7 ár vegna kaupa á aflvél og 7—10 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.
3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 70% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 8 ár.
4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta og tækjakaupa, en 50—70% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 5 ár vegna kaupa á aflvél og 5—7 ár vegna meiriháttar endurbóta. Áskilin er sérstök aukatrygging ef bátur er orðinn 12 ára.
5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.
   Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eikarskip.
   Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár.
Áskilin er sérstök aukatrygging.
8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár.
Áskilin er sérstök aukatrygging.
9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.
Lánsfjárhæð má hæst vera 66,7% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár að frádregnum aldri skips. Áskilið er, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innstæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innstæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innstæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.
10. Lán leidd af lánum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).
Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxtagreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.
11. Skipasmíðalán.
Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því, sem framkvæmdum miðar. Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.
Heimilt er að veita skipasmíðastöðvum slík bráðabirgðalán vegna meiriháttar endurbóta á fiskiskipum innanlands og kemur þá sjálfsskuldarábyrgð viðskiptabanka í stað veðs.

B. Fasteignalán II.

1. Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
2. Lán til síldarverksmiðja og fiskimjölsverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
3. Lán til fiskvinnsluhúsa annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
4. Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

3. gr.

Til tryggingar lánum úr öllum skipalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. A, er alltaf áskilinn 1. — fyrsti — veðréttur í skipinu, bátnum eða nýsmíðinni.

Vextir af lánum til nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis (liður nr. 9 í 2. gr. A) skulu vera þeir sömu og Fiskveiðasjóður greiðir af erlendu innstæðunni og ákveður Fiskveiðasjóður vaxtaprósentuna með hliðsjón af vöxtum erlenda frumlánsins.

Vextir af lánum úr öllum öðrum skipalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. A (þ. e. a. s. Skipalán II, liður nr. 1—11, að frátöldum lið nr. 9) verða þeir vextir, sem

stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana, 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Gjalddagar þessir eiga þó ekki við bráðabirgðalán vegna skipa í smíðum, sbr. lið nr. 11, né lán vegna skipakaupa erlendis sbr. lið nr. 9.

Hámarkslán úr fasteignalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. B, er 60% miðað við 1. veðrétt, en minnkar sem nemur áður áhvílandi lánum ef 1. veðréttur fæst ekki. Hámarkslánstími er 10—15 ár vegna nýbygginga og 5 ár vegna endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

Vextir af lánum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Við ákvörðun hámarkslánsfjárhæðar skal alltaf miða við kostnað framkvæmda eða virðingu verðmætisaukningar vegna framkvæmda þá upphæðina, er lægri reynist. Ef um tjónabætur er að ræða, eru þær dregnar frá mats- og kostnaðarverði.

5. gr.

Eftir 1. janúar 1972 hafa ekki verið veitt og afgreidd ný lán úr þeim lánaflokkum, er til voru fyrir 1. janúar 1972, öðrum en eftirtöldum:

a) Lán í dollurum eða annarri erlendri mynt vegna véla- og tækjakaupa í skip, sem eru 75 rúmlestir og stærri. Þessi lán eru endurlán erlendra lána með sömu kjörum og þau. — Stjórn sjóðsins ákveður nánar hvort og hvenær lán eru veitt úr þessum flokki.

b) Gengisjöfnunarlán.
Ný lán úr þessum flokki verða með þeim kjörum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma.

c) Lán leidd af lánum vegna skipakaupa erlendis. Lán í erlendri mynt vegna skipakaupa erlendis, sem veitt voru og afgreidd fyrir 1. janúar 1972, mynda svonefnd afleidd lán. Þessi afleiddu lán dreifast á eldri lánaflokka.

d) Lán tryggð með veði í skipasmíðastöðvum.
Þessi lán eru endurlán lána úr Framkvæmdasjóði Íslands og með sömu kjörum og þau.

6. gr.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði, veitt og afgreidd frá 1. janúar 1972 til 1. júlí 1979 önnur en bein endurlán, gengisjöfnunarlán og vísitölutryggð lán, skulu vera háð breytingum á gengi íslenskrar krónu eða breytingum á gengi hvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í (sbr. heimild í 16. gr. l. nr. 44/1976). Séu lánin ekki beinlínis í erlendri mynt, skal tilgreint í veðskuldabréfi hve hár hundraðshluti eftirstöðva lánsins á hverjum tíma sé háður breytingum á gengi. Framkvæmd þessara ákvæða skal vera á þann veg, að breytist gengi íslenskrar krónu, eða breytist gengi einhvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í, skal Fiskveiðasjóður deila þeirri fjárhæð, sem erlendar skuldir sjóðsins, aðrar en þær sem hafa verið endurlánaðar beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um í krónutölu vegna gengisbreytingarinnar, niður á þau lán úr sjóðnum, er háð eru breytingum á gengi í réttu hlutfalli við þann hluta ógreiddra eftirstöðva viðkomandi lána, sem háður er slíkum breytingum, þannig, að eftirstöðvar þessara lána hækki eða lækki þá þegar samtals í krónutölu um sömu fjárhæð og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, aðrar en þær, sem endurlánaðar hafa verið beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um. Við niðurdeilingu af þessu tagi skal eingöngu miðað við útborgaðan hluta lána. Hækki eða

lækki erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs af þessum sökum svo verulega í krónutölu, að ekki rúmist innan þeirra marka, er viðkomandi veðskuldabréf sjálf setja, ber sjóðurinn sjálfur það tap eða fær þann hagnað, sem á milli ber. Við alla túlkun á orðalagi þessarar málsgreinar skal það vera höfuðviðmiðun, að Fiskveiðasjóður verði skaðlaus af öllum gengisbreytingum.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði veitt og afgreidd eftir 1. júlí 1979, önnur en bein endurlán, gengisjöfnunarlán og vísitölutryggð lán, skulu vera í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands. Reikningseiningarnar skulu, fyrst um sinn, og þar til annað verður ákveðið, vera skilgreindar þannig að 1 — ein — reikningseining Fiskveiðasjóðs er jafnvirði 1 — eins — S.D.R.

S.D.R. er skammstöfun á Special Drawing Rights, sem er reikningseining Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og reiknast samkvæmt reglum hans.

Meðan þessi skilgreining gildir um reikningseiningar Fiskveiðasjóðs Íslands telst gengi reikningseininganna vera hið sama og sölugengi S.D.R. (Special Drawing Rights).

Öll meðferð lána í slíkum einingum verður með sama hætti og meðferð lána í erlendri mynt, þó skal endurgreiðsla aldrei fara fram á lægra gengi en útborgunargengi hvers láns.

Sú hækkun sem verða kann á krónutölu afborgana og vaxta lána í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs (S.D.R.) miðað við upphaflegt krónutölugildi færist Fiskveiðasjóði til tekna, en fellur ekki undir þá útjöfnunaraðferð, sem áður gilti sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar.

7. gr.

Opnaður hefur verið nýr lánaflokkur til endurlána á vísitölutryggðum lánum.

Öllum lántakendum, sem loforð fá eða hafa fengið um lán að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lánaflokka, sem taldir eru í 2. gr., aðra en þá, sem taldir eru í 9., 10. og 11. tölulið A-liðar, skal skylt að taka 10 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánum og verða til jafnlangs tíma og þau, þó aldrei til lengri tíma en 15 ára. Eigi lántaki rétt á láni til lengri tíma en 15 ára skal lánið í þessum flokki vera til 15 ára, en afborganir af samhliða láninu vera lægri fyrstu 15 árin, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

Lán úr þessum flokki skal endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum og er gjalddagi þeirra 20. júlí ár hvert.

Af lánunum skal greiða í vexti 5½% á ári og greiðast vextirnir eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir, í fyrsta sinn næsta 20. júlí eftir að lán er afgreitt.

Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 5. júní ár hvert. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánanna.

Af lánunum skal greiða við afgreiðslu 2% í lántökugjald.

Dráttarvextir skulu vera 2% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Öllum þeim, er lán fá að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lána-

flokka, sem taldir eru í B-lið 2. gr. reglugerðarinnar, skal skylt að taka 25 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni og fer um þau atriði eftir þeim vísitölutryggðu lánum, sem sjóðurinn hefur til endurlána hverju sinni.

Lánsskilyrði samkvæmt þremur síðustu málsgreinum hér á undan skulu þó aðeins taka til lána, sem veitt eru eftir 1. nóvember 1974.

Frá og með 10. febrúar 1978 gildir eftirfarandi um þennan lánaflokk:

a) Flokkur þessi er til endurlána á vísitölutryggðum lánum, svo og til verðtryggingar opinberra framlaga, tekjustofna og eigin aflafjár, sem sjóðnum verður handbært hverju sinni.

b) Öllum lántakendum sem loforð fá eða hafa fengið um lán, sem falla undir lánaflokka sem taldir eru í 2. gr. og 9. gr., annan en þann sem talinn er í 9. tölulið A-liðar 2. greinar, skal skylt að taka þann hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hverju sinni. Skal stjórnin hverju sinni ákveða hundraðshluta þennan sérstaklega fyrir skipalán og sérstaklega fyrir fasteignalán.

c) Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánum og skal það vera aðalregla að þau séu til jafn langs tíma og samhliða lánin. Þó er heimilt að hafa lánin úr þessum flokki til skemmri tíma og verða þá afborganir af samhliða láninu lægri þann tíma, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánstímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

d) Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkun byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá, er kveðið er á um í lögum nr. 93/1975 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

e) Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 1½ mánuði fyrir gjalddaga. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum samningsbundnu endurgreiðslum lánanna. Greiði lántakendur aukaafborgun af lánum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

f) Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni.

8. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs hefur á árinu 1975 opnað nýjan lánaflokk vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs og fiskvinnslu úr lausaskuldum í lengri lán.

Framkvæmd lánveitinga úr þessum flokki skal vera á þann veg, að viðskiptabankar lántakenda geri tillögur um fjárhæð veðskuldabréfa sem þeir taka við af viðskiptamönnum sínum, ef stjórn Fiskveiðasjóðs fellst á kaup bréfanna.

Við ákvörðun lánveitinga verði tekið mið af stöðu og lausaskuldum lántakenda. Lánveitingar vegna lausaskulda utan bankanna skulu ákveðnar sérstaklega og miðast

heildarfjárhæð þeirra við það fé, sem til þeirra er ætlað úr Gengishagnaðarsjóði og endurgreiðast lán þessi á 2 árum.

Lán vegna lausaskulda innan bankanna endurgreiðast að jafnaði á fimm árum, en geta í sérstökum tilvikum verið til lengri tíma, þó aldrei til lengri tíma en tíu ára.

Lán úr þessum flokki skulu tryggð með fyrsta eða fyrsta samhliða veðrétti í fiskiskipum eða með veði í atvinnuhúsnæði lántakenda innan við 60% af matsverði þess. Við veðsetningu skal þess gætt, að til tryggingar hverju skuldabréfi sé aðeins veðsett eitt fiskiskip og/eða ein eða fleiri fasteignir sama aðila.

Auk áðurgreindra veðtrygginga skulu viðkomandi viðskiptabankar takast á hendur einfalda ábyrgð á skilvísri og skaðlausri fullnustu lántakenda við Fiskveiðasjóð.

Gjalddagar lána úr þessum flokki, skulu vera 1. maí ár hvert.

Vextir af lánum úr þessum flokki skulu vera 16% ársvextir og greiðast þeir eftir á 1. maí ár hvert. Hækki eða lækki almennir útlánsvextir, skulu vextirnir breytast í samræmi við það.

Dráttarvextir skulu reiknast 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Af lánum úr þessum flokki skal greiða við afgreiðslu 1% lántökugjald.

Fiskveiðasjóður skal fjármagna lánveitingar úr þessum flokki með því að gefa út skuldabréf, sem hann afhendir viðskiptabönkunum. Skuldabréf þessi skulu samanlagt verða jafnhá útlánunum og til nákvæmlega jafn langs tíma og þau. Fiskveiðasjóður greiði þó aldrei af þeim bréfum, er hann þannig gefur út, hærri fjárhæð í afborganir og vexti, en hann hefur á hverjum tíma innheimt af sjálfum útlánunum.

Gengið er út frá því, að Seðlabanki Íslands endurkaupi þau skuldabréf, er Fiskveiðasjóður hefur samkvæmt ofanskráðu gefið út og afhent viðskiptabönkunum og verða þau þá með sjálfskuldarábyrgð viðkomandi viðskiptabanka.

Allar lánveitingar og skuldabréfaskipti sem fjallað er um í þessari grein, fóru fram á árinu 1975 og fyrri hluta árs 1976.

9. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að opna nýjan lánaflokk vegna kaupa á eldri fiskiskipum og mega þau lán nema hæst ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

Lán þessi ná einvörðungu til þilskipa (eik og stál) 12 rúmlesta og stærri, innan við 25 ára aldur.

Við lánsákvörðun skal liggja fyrir kaupverð skipsins, vátryggingarvirðing og umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins um ástand skipsins.

Lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti í skipinu.

Lengstur lánstími er 5 ár, en ákvarðast að öðru leyti af aldri skipsins. Vextir af lánum þessum skulu vera þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

Öllum lántakendum, sem loforð fá um lán eða hafa fengið úr þessum lánaflokki skal skylt að taka þann hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður hverju sinni með vísitölutryggðum lánum.

Lántökugjöld er gilda um aðra lánaflokka skulu einnig gilda um lán úr þessum lánaflokki.

Þegar lán hefur verið veitt út á skip úr þessum lánaflokki, skal eigi lánað út á það aftur fyrr en eldra lánið er greitt að fullu, og það afmáð úr veðmálabókum.

10. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur í hverju tilviki áskilið, að erlent lán fáist vegna nýsmíði eða meiriháttar endurbóta innanlands.

Um tilhögun slíkra lánveitinga fer eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

11. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 153 18. apríl 1978 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka og regugerð nr. 146 2. mars 1979, um breytingu á reglugerð nr. 153 18. apríl 1978, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.

3. júlí 1979. Nr. 279.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Á veitingastað, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, mega veitingar áfengis fara fram sem hér segir:

1. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga.
2. Frá kl. 12.00 til kl. 14.30 aðra daga og þá aðeins til matargesta. Vínstúkum skal þó loka kl. 13.00.
3. Frá kl. 18.00 til kl. 23.30 alla daga vikunnar.

Ennfremur er heimilt að veita áfengi á herbergi til dvalargesta á gistihúsi frá kl. 14.30 til kl. 18.00.

Þar sem heimilt er að hafa veitingastaði opna lengur en til kl. 23.30 samkvæmt staðbundnum reglum er heimilt að veita áfengi meðan veitingastaður er opinn, þó ekki lengur en til kl. 02.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, en til kl. 00.30 aðra daga.

Lögreglustjóri getur leyft, að veitingar áfengis fari fram á öðrum tíma en að framan greinir, er sérstaklega stendur á, þó ekki lengur en svo, að áfengisveitingum sé hætt hálfri klukkustund áður en skemmtun, dansleik eða samkvæmi lýkur.

Fyrra helgidag stórhátíða þjóðkirkjunnar, aðfangadag jóla og föstudaginn langa er einungis heimilt að veita borðvín með mat á reglulegum matmálstíma, kl. 12.00 til kl. 13.30 og kl. 19.00 til kl. 21.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 16. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Hjalti Zophóníasson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 87 26. mars 1976, um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skal slíta í síðasta lagi klukkan eitt eftir miðnætti. Skemmtanir, dansleikir og önnur samkvæmi, sem hefjast að kvöldi föstudags eða laugardags eða kvöldið fyrir almennan frídag, mega þó standa til klukkan þrjú eftir miðnætti.

Leyfi lögreglustjóra þarf þó til að skemmtun standi lengur en til kl. 23.30.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 22. desember 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, öðlast gildi 16. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Hjalti Zophóníasson.

Nr. 281. 25. júní 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269 11. júní 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4 185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 910.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 50 1. febrúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

29. júní 1979. Nr. 282.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 3% frá 1. júlí 1979 frá því sem þær voru í júní 1979. Greiðslur samkv. 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1979.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs á Eyjafirði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net á Eyjafirði á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert, í umdæmi Eyjafjarðarsýslu, frá mörkum við Akureyri að mörkum við Ólafsfjörð. Allar netaveiðar fyrir silung eru þannig bannaðar á firðinum vestanverðum, tvo kílómetra frá ströndinni, á fyrrgreindu tímabili.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkv. lögum nr. 76/1970. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 284. 25. júní 1979.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Ormarsár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Ormarsár.
   Heimili þess og varnarþing er Norður-Þingeyjarsýsla.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Ormarsá í Norður-Þingeyjarsýslu, en þær eru Ormarslón, Krossavík I, Krossavík II, Kollavík, Óttarsstaðir, Lækjamót Heiðarmúli, Hrauntangi, Efri-Hólar, Presthólar, Hrauntún, Katastaðir, Grasgeiri, Hóll og Vogur.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
   Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

18. maí 1979. Nr. 285.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur, ljósmóður og Helga Helgasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 18. maí 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur, f. 10. júní 1849, d. 18. jan. 1935 sem gegndi ljósmóðurstörfum í Grýtubakkahreppi á árunum 1875—1924, og Helga Helgasonar, f. 1. okt. 1851, d. 5. ágúst 1938. Þau bjuggu á Grund í Höfðahverfi frá 1880—1909.

1. gr.

Sjóðurinn, sem ræðir um í eftirfarandi stofnskrá, heitir Minningasjóður hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður, og Helga Helgasonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — gefið af núlifandi börnum þeirra hjóna, Baldri Hallfríði og Jóni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sem hér segir:

a. Að styrkja efnilegar stúlkur til að nema ljósmóðurfræði í þeim tilgangi að gegna þeirri starfsemi í Grýtubakkahreppi.
b. Að veita styrk til hæfra kvenna, er vilja annast hjúkrun sjúkra og aðra líknarstarfsemi í þarfir áðurnefnds sveitarfélags.
c. Að veita styrk fátækum ekkjum og mæðrum í sveitinni, er hafa misst eiginmann eða fyrirvinnu heimilis síns eða orðið fyrir heilsuleysi á sér eða sínum.

d. Að styrkja fjárhagslega einstaklinga eða stofnanir, sem veita konum í Grýtubakkahreppi þjónustu, hliðstæða þeirri, sem talin er undir lið a. og b. að mati sjóðsstjórnar.

4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheitum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það fé leggst við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé.

5. gr.

Fastar tekjur eru árlegir vextir af höfuðstólnum.

6. gr.

Styrkur úr sjóðnum veitist eftir umsókn. Styrkveiting skal jafnan fara fram 10. júní á afmælisdag móður okkar eða næsta dag sé það helgur dagur. Þó má ekki veita styrk úr honum fyrr en 1952 á 103 afmælisdag hennar.

7. gr.

Úr sjóðnum má ekki veita hærri upphæð árlega, en sem nemur ¾ af árlegum vöxtum. Afgangurinn, ¼ vaxtanna leggst við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 50 000.00 kr. Eftir þann tíma getur stjórn sjóðsins tekið ákvörðun um, hvort nokkur hluti vaxta leggist við höfuðstólinn framvegis eða ekki.

8. gr.

Falli styrkveiting niður eitt eða fleiri ár, ganga vextir óskiptir til höfuðstólsins og festast þar sem stofnfé.

9. gr.

Kvenfélag Grýtubakkahrepps annast sjóðinn og hefur stjórn þess með höndum styrkveitingar úr honum eftir áður greindum fyrirmælum. Áður en styrkveiting fer fram, skal sjóðsstjórnin gefa oddvita, héraðslækni og sóknarpresti Grýtubakkahrepps, kost á að láta í ljós álit sitt á umsóknum.

10. gr.

Hætti kvenfélagið störfum tekur hreppsnefnd Grýtubakkahrepps við sjóðnum og annast hann á sama hátt og kvenfélagið gerði. — Verði núverandi Grýtubakkahreppi skipt í tvo hreppa með sjálfstæðum sveitarstjórnum, fylgi sjóðurinn ætíð þeim hreppi sem Grund er í og því kvenfélagi, sem þar starfar, en réttur til styrks úr sjóðnum fylgi þó ætíð því svæði, sem hreppurinn nær nú yfir.

11. gr.

Fé sjóðsins skal komið fyrir á sama hátt og lög mæla fyrir um fé ólögráðra. Formaður kvenfélagsins geymir bækur og skjöl tilheyrandi sjóðnum á sem tryggilegastan hátt, eins og aðrar mikilsvarðandi bækur og skjöl félagsins. Stjórn sjóðsins er ólaunuð, en bækur, ritföng, símtöl, símskeyti og annan slíkan kostnað, sem sjóðinn varðar, má greiða af vöxtum hans.

12. gr.

Sjóðstjórnin hefir reikningsábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðaður reikningur sendast til sveitarstjórnar fyrir 1. apríl ár hvert. Reikningurinn telst fullgildur þá er hann er samþykktur af sveitarstjórn. Stofnendum sjóðsins skal senda reikninginn árlega meðan þeirra nýtur við.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað úr breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða-ákvæðum þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða-ákvæðum þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögunum, svarar til verka-mannakaups í maí 1977, á gildistökutíma lag-anna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
1. des. 1978	4 276	12 827
1. mars 1979	4 569	13 708
1. júní 1979	5 093	15 279

Samgönguráðuneytið, 22. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

20. júní 1979. Nr. 287.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Grundarteigur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. júní 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

Eigendur jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, Ásta Þorsteinsdóttir, Guðmundur Þorsteinsson og Kristmundur Þorsteinsson hafa sett svofellda

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnun, sem þau setja á fót.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin er sett á fót til að vera frambúðareigandi hluta úr landi jarðarinnar Klafastaða, sem landeigendur ráðstafa til skógræktar með sérstökum gerningi. Stofnunin skal nefnast Grundarteigur.

2. gr.

Markmið landeigenda með þessari ráðstöfun er að sveitungar þeirra og grannar í járnblendiverksmiðjunni að Grundartanga geti á komandi árum notið þess að sjá skóg vaxa upp í því fagra umhverfi sem þeir lifa og starfa í og gefa þeim þannig verðmæti, sem eru önnur og meiri en svo að þau verði metin til fjár.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er ofangreindur jarðarpartur eins og hann hefur verið markaður og verður honum ekki ráðstafað til annarra nota en landeigendur hafa ákveðið.

4. gr.

Forræði stofnunarinnar, innan þess ramma sem settur er með ráðstöfunum landeigenda, er í höndum þriggja manna stjórnar. Tilnefnir hreppsnefnd Skilmannahrepps einn, stjórn Skógræktarfélags Skilmannahrepps einn, en aðalframkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins h.f. að Grundartanga sé hinn þriðji og sé hann formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Íslenska járnblendifélagið hefur tekið að sér að græða skóg í áðurnefndum jarðarparti með þeim skilmálum, sem landeigendur hafa sett. Ber stjórn stofnunarinnar að fylgjast með þeirri ræktun og birta árlega skýrslu um skógræktarstarfið og árangur þess.

6. gr.

Verði tekjur af landinu umfram kostnað við gæslu þess og rekstur, skal þeim varið til frekari skógræktar í sveitinni eftir ákvörðun stjórnarinnar.

Nr. 288. 9. júlí 1979.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

1. málsgrein 79. gr. orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Allir gestir sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma. Lögreglustjóri getur heimilað, að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 16. júlí 1979.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 187 24. maí 1974 við l. nr. 32 20. apríl 1968, um eftirlit með framleiðslu og verslun með fóðurvörur.

Fylgirit III orðist svo:

Reglur um mat og flokkun á grasögglum og grasmjöli.

Eftirfarandi reglur gilda um útreikning á orkugildi grasköggla (grasmjöls), flokkun þeirra og merkingu:

1. Fóðurgildi reiknast út frá efnagreiningarniðurstöðum. Við útreikning á NKF í kg fóðurs eru notaðir eftirfarandi stuðlar:

% hráprótein	× 17
— hráfita	× 30
— tréni	× 4
— sterkja o. fl.	× 19

Ef fínleikatala er hærri en 2 í grasögglum, sem innihalda 28% tréni eða meira, bætist við útreiknað kg pr. ffe 0.2 kg.
Fínleikatala segir til um kornastærð kjarnfóðurs. Eftir ákveðna meðferð fóðursins, sem ekki breytir kornastærð þess, er reiknuð út fínleikatala frá 0 — 6 út frá sigtun gegnum mismunandi gróf sigti frá 0.15 — 4.5 mm.

Dæmi: Fari ekkert gegnum 4.5 mm sigti = fínleikatala 6
Fari allt gegnum 0.15 mm sigti = fínleikatala 0.

Sigtistærð sem nota þarf við mölun til að ná ákveðinni fínleikatölu er háð eiginleikum hráefnisins. Ætla má að við mölun hraðþurrkaðra grasa þurfi að nota 5 — 6 mm sigti til að fá fínleikatöluna 2 eða minna.
(Í fóðri svína og fugla skal við orkuútreikning nota meltingartölur sem við eiga gagnvart þessum búfjártegundum og orkuútreikningur útfærður á sama hátt og í öðru kjarnfóðri).

2. Ef framleiðandi grasköggla hyggst við framleiðslu blanda öðrum fóðurtegundum í grasmjölið, skal hann tilkynna það Fóðureftirliti ríkisins (FR). Ef íblöndun er í þeim mæli að um verulega breytingu verði að ræða hvað efnasamsetningu og fóðurgildi varðar, að mati FR, skal taka framleiðslusýni bæði fyrir og eftir íblöndun.
3. Grasögglar skulu flokkaðir í 3 flokka eftir hráprótеininnihaldi framleiðslusýna og hver sekkur merktur þannig ásamt merki framleiðanda og framleiðsluártali.

A
GRASKÖGGLAR
15% hráprótein eða meira.
Sekkjanr.

B
GRASKÖGGLAR
10—14.9% hráprótein.
Sekkjanr.

C
GRASKÖGGLAR
9.9% hráprótein eða minna.
Sekkjanr.

Merking sekkja skal teljast gild þó lágmarkshráprótein í eftirlitssýnum reynist allt að 0.5% undir lágmarkstölu A eða B flokks.

4. Til að auðvelda þessa merkingu skal taka framleiðslusýni reglulega, hraða próteinákvörðun og tilkynna framleiðendum niðurstöður strax.

Að öllum efnagreiningum loknum og útreiknun fóðurgildis birtir FR niðurstöðurnar í Frey, ásamt sekkjanúmerum þeim, sem á bak við hvert framleiðslusýni eru, svo notandi fóðursins hafi aðgang að alhliða upplýsingum um það. Sama birtingarregla á við um annað kjarnfóður, sem fóðureftirlitið efnagreinir.

Með breytingu þessari er úr gildi numið fylgirit III reglugerðar nr. 187 24. maí 1974.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 290. 27. júní 1979.

AUGLÝSING

um smásöluálagningu á bóluefni og sermi.

Frá og með 1. júlí 1979 skal smásöluálagning á bóluefni og sermi til dýralækninga framleitt af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum vera 25%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1979.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ragnheiður E. Þórðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1979

29. maí 1979. 509 Nr. 291.

REGLUGERÐ

um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um lyfseðla.

1. gr.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill skal vera dagsettur og undirritaður eigin hendi læknis (dýralæknis, tannlæknis). Dýralæknum er þó einungis heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga (sbr. 11. gr.) og tannlæknum nánar tilgreindum lyfjum (sbr. 12. gr). Svipta má lækni rétti til þess að ávísa tilgreindum ávana- og fíknilyfjum (sbr. 23. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969).

Heimilt er að afhenda lyf samkvæmt lyfseðli, sem er gefinn út af lækni, sem hefur lækningaleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt nánar tilteknum reglum.

Einungis lyfsalar (sbr. 5. gr.) og læknar (dýralæknar) er leyfi hafa til lyfsölu mega afhenda lyf gegn lyfseðli. Vegna eftirlits lyfsala og annarra lyfsöluleyfishafa með því að lyfjaávísanir séu gefnar út í samræmi við fyrirmæli þessarar greinar, gefur ráðuneytið út tilkynningu um sérhvert veitt lækningaleyfi ásamt sýnishorni af undirritun viðkomandi læknis.

Lyfseðil skal stíla á nafn viðkomandi sjúklings og geta skal aldurs, ef sjúklingur er yngri en 12 ára að aldri. Dýralæknar skulu stíla lyfseðil á dýr (dýrategund) það, sem lyfið er ætlað, eiganda dýrsins og heimilisfang hans. Magn lyfja, sem ávísað er með lyfseðli, skal vera miðað við þarfir sjúklings. Hlíta skal um gerð lyfseðla settum reglum (sbr. 3. gr.) og gera þá svo úr garði, að ekkert orki tvímælis.

Heimilt er lækni, dýralækni eða tannlækni (sbr. 11. og 12. gr.) að ávísa sjálfum sér með lyfseðli hæfilegu magni lyfja til nota í starfi. Heimilt er lækni, er starfar á spítala, heilsugæslustöð eða öðrum hliðstæðum stofnunum, á sama hátt að ávísa slíkum stofnunum nauðsynlegu magni lyfja. Heimilt er lækni enn fremur að ávísa skipstjóra eða flugstjóra lyfjum í lyfjakistur skipa (sbr. 14. gr.) og loftfara.

Nú er læknisefni veitt tímabundið lækningaleyfi til þess að gegna ákveðnu starfi (sbr. 4. gr. læknalaga). Hefur læknisefni þá, meðan lækningaleyfi þess gildir, fullan rétt á borð við lækna að ávísa lyfjum með lyfseðli.

Ef læknakandídat starfar á spítaladeild, heilsugæslustöð eða hliðstæðri stofnun, er honum heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi yfirlæknis að ávísa slíkri stofnun eða sjúklingum, sem þar eru til lækninga, lyfjum með lyfseðli, sem með prentuðu máli er auðkenndur stofnuninni, enda þótt kandídatinum hafi ekki verið veitt tímabundið lækningaleyfi. Þó er honum í slíkum tilvikum ekki heimilt að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum (sbr. 6. gr. a) né ávísa lyfjum í síma. Hlutaðeigandi yfirlæknir, er kandídat starfar hjá, ber ábyrgð á lyfjaávísunum þessum og skal auðkenna lyfseðilinn deild stofnunarinnar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Óheimilt er að ávísa með lyfseðli eiturefnum nema því aðeins, að hlutaðeigandi efni séu einnig skráð í lyfjastöðlum eða viðurkenndum lyfjaforskriftabókum og látin úti í þeim formum, sem þar greinir. Um útlát eiturefna fer samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. desember 1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og tilsvarandi leyfa nr. 131 9. júlí 1971 og reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 445 16. maí 1978.

3. gr.

Gerð lyfseðla.

a. Lyfseðill læknis, tannlæknis eða dýralæknis, skal ritaður með bleki eða vélritaður á staðlað eyðublað í því formi, sem greint er í viðauka 4 með reglugerð þessari. Útgefanda lyfseðils skal, auk staðfestingar með undirskrift, rita kódanúmer sitt (sbr. gildandi læknaskrá). Útgefandi má aðeins rita annars vegar á lyfseðilseyðublað. Ef lyfseðill er með annarri rithönd en útgefanda eða vélritaður, skal útgefandi staðfesta hverja lyfjaávísun (ordination) sérstaklega jafnframt því, að hann undirritar lyfseðilinn.

b. Heiti lyfs (virks efnis) lyfjaforms og hjálparefna skal að jafnaði rita skráðu heiti samkvæmt gildandi lyfjaskrá eða lyfjastöðlum ásamt fyrirmælum um það, á hvern hátt lyfið óskast gert, ef um forskriftalyfseðil (ordinatio magistralis) er að ræða. Þyngd skal tilgreina í grömmum, millígrömmum eða míkrógrömmum og er heimilt að nota skammstafanir g, mg og míkróg., sbr. 8. gr. f-lið. Ef þyngd er tilgreind með tugabroti, er óheimilt að rita núll næst á eftir kommu. Óskist lyf gert eftir ákveðinni forskrftabók, skal þess greinilega getið á lyfseðli. Ef ávísað er lyfjaformi, sem inniheldur eitt virkt efni, skal útgefandi geta styrkleika þess á lyfseðli.

c. Sérlyfjum skal jafnan ávísað með þeim heitum og í þeim pakkningastærðum, sem skráðar eru í sérlyfjaskrá. Öðrum lyfjum, sem stöðluð hafa verið í ákveðnum pakkningastærðum skal ávísa í þeim pakkningastærðum, sem greindar eru í skrá yfir staðlaðar pakkninkastærðir forskriftalyfja.

Óski útgefandi lyfseðils að ávísa lyfi í öðru magni, en staðliað er í áðurnefndum skrám, skal hann auðkenna þar með því að skrifa tölugildi magns í bókstöfum, ella er lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi) heimilt að breyta ávísuðu magni lyfs í staðlaða pakkningastærð eða pakkningastærðir, er liggur sem næst ávísuðu magni, nema þegar um eftirritunarskyld lyf (sbr. 6. gr.) er að ræða.

d. Útgefandi lyfseðils skal greina nákvæmlega á lyfseðli, hvernig nota á ávísað lyf. Skal það greint á þann hátt, að auðskilið sé fyrir notanda lyfsins, hvernig og hvenær nota á lyfið, og skal þá, sé það unnt, greina bæði einstakan skammt og dagskammt. Æskilegt er, að þess sé getið, við hvaða sjúkdómseinkennum lyfið er gefið.

e. Óski útgefandi lyfseðils að gefinn sé stærri skammtur af lyfi en nemur venjulegum einstökum skammti eða dagskammti, (sjá t. d. sérlyfjaskrá og aðrar viðurkenndar handbækur s. s. Lægemiddelkataloget, Fass o. a.) skal þess getið sérstaklega á lyfseðli með því að strika undir skammtastærðir eða greina þær bæði með tölum og bókstöfum.

f. Geta skal þess ætíð á lyfseðli, hvaða manni eða dýri lyfið er ætlað (sbr. 1. gr.). Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Ef ávísað er lyfi, sem ætlað er barni yngra en 12 ára, skal geta aldurs barnsins. Sé eftirritunarskyldu lyfi ávísað (sbr. 6. gr.), skal ennfremur greina nafnnúmer sjúklings.

g. Ef þörf er á, að lyf sé afgreitt án tafar skrifar útgefandi orðið **Cito** eða annað orð sömu merkingar á lyfseðilinn.
h. Lyfseðil skal ávallt dagsetja (sbr. 1. gr.), og má ekki afhenda lyf gegn honum nema svo sé.
i. Ákvæði d- og f-liðs þessarar greinar taka ekki til lyfseðla, er hljóða á lyf ætluð sjúkrahúsum, heilsuverndar- eða heilsugæslustöðvum eða öðrum slíkum stofnunum eða læknum (dýralæknum, tannlæknum) til notkunar við eigin störf (sbr. 1. gr.). Ef lyfseðill hljóðar á lyf, sem útgefandi hyggst nota við störf sín eða handa sjálfum sér, skal hann árita hann orðunum **til eigin nota, ad usum proprium** eða **mihi**.
j. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og engar skammstafanir viðhafðar, er geta valdið misskilningi. Skorti á, að lyfseðill sé rétt úr garði gerður, skal útgefandi svara til þeirra mistaka, er það kann að hafa í för með sér.

4. gr.

Símaávísun lyfja.

a. Við ávísun lyfja í síma skal gæta fyrirmæla 1. og 3. gr. að svo miklu leyti, sem þau eiga við, svo og ákvæða þessarar greinar. Vegna mistaka, er leitt geta af misheyrn eða misskilningi í síma, skal takmarka símaávísanir lyfja, svo sem frekast er unnt.
b. Einungis lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi er heimilt að rita lyfseðil, sem lesinn er í síma. Á sama hátt er lækni (tannlækni, dýralækni) einum heimilt að lesa lyfseðil í síma. Viðtakandi símalyfseðils skal, ef þörf gerist, biðja útgefanda um upplýsingar, er nægja til þess að sanna, að útgefandi segi rétt til sín.
c. Útgefandi skal hafa lyfseðilinn yfir þannig, að viðtakanda gefist tími til þess að eftirrita hann þegar í stað á þar til gert símalyfseðilseyðublað. Að því loknu skal lesa lyfseðilinn fyrir útgefanda. Auk heitis lyfs, ávísaðs magns og fyrirmæla um notkun, skal viðtakandi rita á símalyfseðilseyðublaðið nafn útgefanda og stöðu hans (læknir, dýralæknir, tannlæknir) og heimilisfang, ef það er nauðsynlegt til auðkenningar, nafn sitt, dagsetningu, nafn sjúklings og heimilisfang og nafn og aldur barns, ef lyfið er ætlað barni.
d. Á símalyfseðilseyðublað skal vera prentað orðið SÍMALYFSEÐILL og númer eyðublaðsins í töluröð. Skal eyðublaðið vera í samræmi við sýnishorn í viðauka 3 með reglugerð þessari. Símalyfseðill skal vera í tvíriti. Skal frumritið notað við afgreiðslu lyfsins, en samriti haldið eftir. Samritið skal geyma í eitt ár frá ritun þess, en síðan brenna það eða eyðileggja á tryggilegan hátt. Símalyfseðilseyðublað má einungis nota til þess að rita lyfseðil, sem lesinn hefur verið í síma, svo og þær leiðréttingar, er gerðar kunna að verða á lyfseðlinum í samráði við útgefanda (sbr. 5. gr.).
e. Sérákvæði gilda um símalyfseðla, sem hljóða á ávana- og fíknilyf (sbr. 6. gr.).

II. KAFLI.

Almenn ákvæði um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli.

5. gr.

a. Lyfjafræðingur og aðstoðarlyfjafræðingur skulu hafa vakandi auga á misritun og öðrum villum, er fyrir kunna að koma á lyfseðli og að lyfseðillinn sé að öðru leyti ritaður í samræmi við gildandi fyrirmæli. Þegar tilbúningi lyfsins er lokið, skal lyfjafræðingur (aðstoðarlyfjafræðingur) gæta þess sérstaklega,

að rétt sé afgreitt og að lyf sé rétt áritað með því að bera áritun saman við lyfseðil. Lyfjafræðingur sá eða aðstoðarlyfjafræðingur er eftirlitið annast, skal árita lyfseðilinn fangamarki sínu til staðfestingar, en sá sem afhendir sjúklingi lyfið áritar bakhlið lyfseðilsins fangamarki sínu.

b. Ef ástæða er til þess að ætla, að lyfseðill sé ekki svo úr garði gerður, sem útgefandi kynni að hafa ætlast til, t. d. notkunarfyrirsögn ósennileg eða villandi, magn með ólíkindum eða breytingar, sem gerðar hafa verið á lyfseðli ósennilegar, skal lyfjafræðingur (aðstoðarlyfjafræðingur) gera útgefanda viðvart. Í slíkum tilvikum má ekki láta úti lyf gegn lyfseðli, fyrr en hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, ef útgefandi kynni að óska þess. Ef lyfseðill er svo úr garði gerður, að hann brýtur í bága við ákvæði 1. og 3. gr. hér að framan, má ekki láta úti lyf gegn honum, fyrr en hann hefur verið leiðréttur að höfðu samráði við útgefanda.

c. Fyrirspurnir, varðandi vafaatriði við afgreiðslu lyfja samkvæmt lyfseðli, skulu gerðar af lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi. Allar breytingar eða leiðréttingar, sem gerðar eru á lyfseðli í samráði við útgefanda, skulu ritaðar greinilega á lyfseðilinn. Í slíkum tilvikum skal sá, er fyrirspurn gerir, merkja lyfseðilinn dagsetningu og fangamarki sínu með bleki.

d. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með öðru nafni en því, sem greint er í gildandi lyfjaskrá eða forskriftabókum, skal engu síður afhenda lyfið, ef nafnið er skýrt og ótvírætt er hvað við er átt.

e. Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem í gildandi forskriftabók er frábrugðið að samsetningu því, sem það var í eldri útgáfu, skal þó afhenda það eftir gildandi forskriftabók og engu að síður, þó að það sé tilgreint með eldra nafni, nema þess sé beinlínis getið á lyfseðlinum, að lyfið óskist gert eftir annarri tilgreindri forskriftabók.

f. Ef læknir óskar eftir lyfjaformi undir heitinu **solutio, spiritus** eða **oleum,** skal lyfjaefnið afhent leyst í vatni, sterkum vínanda eða jarðhnetuolíu, enda sé samsetningin ekki í gildandi forskriftabókum.

g. Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með sama heiti og því, er það hefur í gildandi forskriftabókum, en með öðrum styrkleika, skal það gert með sama hætti og þar er greint og sama virkt efni (salt, efnasamband) notað, nema annars sé beinlínis getið á lyfseðlinum.

h. Ef tilgreint er á lyfseðli ósamsett lyf (lyf, sem inniheldur eitt virkt efni) og styrkleika er ekki getið, er óheimilt að láta lyfið úti gegn lyfseðlinum, fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hjá útgefanda, hvaða styrkleika er óskað. Ef lyf er sannanlega á markaði í einungis einum styrkleika, er lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi þó heimilt að rita þann styrkleika á lyfseðilinn án samráðs við útgefanda, enda skal það gert með penna og auðkennt fangamarki lyfjafræðings (aðstoðarlyfjafræðings) og dagsetningu.

i. Ef nauðsyn krefur, er lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi) heimilt að gefa sjúklingi afrit af lyfseðli eða hluta af lyfseðli. Slíkt afrit skal rita á eyðublað, sem á er prentað orðið: LYFSEÐILSAFRIT, og staðfesta afritið með stimpli lyfjabúðar, dagsetningu og nafni þess lyfjafræðings (aðstoðarlyfjafræðings), sem afritað hefur lyfseðilinn. Skal eyðublaðið vera í samræmi við texta svo sem sýnt er í viðauka 5 með reglugerð þessari.
Óheimilt er að afrita lyfseðla er hljóða á eftirritunarskyld lyf.

j. Í vafaariðum skal aðstoðarlyfjafræðingur hafa samráð við lyfjafræðing.

6. gr.

Um ávana- og fíknilyf.

a. Lyfsalar og aðrir lyfsöluleyfishafar (læknar, dýralæknar) skulu halda eftir lyfseðlum á eftirritunarskyld ávana- og fíknilyf samkvæmt lista B í fylgiskjali við reglugerð nr. 390/1974. Eftirfarandi listi greinir frá helstu eftirritunarskyldum ávana- og fíknilyfjum.

Aethylmorphinum, ef það er eitt virkra efna leyst upp í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða þess háttar. Ennfremur í öðrum formum, ef magn fer fram úr 1 g.

Amobarbitalum (Pentymalum NFN)

Amphetaminum. Ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Aprobarbitalum ((Allypropymalum NFN)

Carisoprodolum (t. d. Somadril, Somadril comp.)

Cocaini hydrochloridum (sbr. auglýsingu nr. 425/1974) (Aðeins heimilað í augndropum (2%) og upplausn (4%)).

Codeinum, óblandað öðrum virkum efnum uppleyst eða í föstu formi. Ennfremur blandað öðrum virkum efnum, ef magn fer fram úr 1 g.

Dexamphetaminum. Ávísanir bannaðar, nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Dextropropoxyphenum (t. d. Abalgin, Abalgin retard)

Diphenoxylatum, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 2.5 mg af difenoxýlati í hverjum skammti og atrópínsúlfat í magni, sem samsvarar eigi minna en einum hundraðshluta af innihaldi difenoxýlats.

Fentanylum (t. d. Leptanal)

Glutethimidum (t. d. Doriden)

Hydroconum

Meprobamatum, nema í samsetningum, sem innihalda 100 mg af mepróbamati eða minna í hverjum skammti.

Methadonum

Methaqualonum

Methylphenidatum. Ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf (t. d. Ritalin).

Morphinum

Opium, ef magn er umfram 1 g. Óblandaðir ópíumdropar, ópíumsstílar og ópíumstöflur eru þó ávallt eftirritunarskyld.

Oxiconum

Pemolinum. Ávísanir bannaðar, nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf (t. d. Hyton).

Pentazocinum (t. d. Fortral)

Pentobarbitalum (Mebumalum NFN)

Pethidinum

Phenterminum (t. d. Mirapront)

Pholcodinum (t. d. Codisol)

Secobarbitalum (Meballymalum NFN)

Tetraponum

Thebaconum

b. Eigi má ávísa einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin eða söltum þeirra, í meira magni eða stærri einstökum skömmtum en hér segir:

I. Diazepamun. Óheimilt er að ávísa hylkjum, töflum eða skömmtum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg og ekki í meira magni en sem svarar 250 mg af hinu virka efni. (Dæmi: Díazepam, Stesolid, Valium: 2 mg 125 töflur, 5 mg 50 töflur).

II. Nitrazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 250 mg. (Dæmi: Dumolid, Mogadon, Pacisyn: 5 mg 50 töflur).

III. Medazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 250 mg. (Dæmi: Nobrium 5 mg 50 hylki, 10 mg 25 hylki).

IV. Chlordiazepoxidum. Hámarksmagn á lyfseðli 500 mg. (Dæmi: Klórdíazepoxíð, Librium, Risolid: 5 mg 100 töflur, 10 mg 50 töflur). Heimilt er þó að ávísa 25 töflum, er innihalda 25 mg í hverri einingu.

V. Flurazepamum og Oxazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1.5 g. (Dæmi: Dalmadorm 15 mg og 100 hylki, Serepax 15 mg 100 töflur). Heimilt er þó að ávísa 60 hylkjum, er innihalda 30 mg Flurazepamum í hverri einingu.

VI. Aethallymalum, Aprobarbitalum (Allypropymalum NFN), Allobarbitalum (Diallymalum NFN), Cyclobarbitalum (Hexemalum NFN), Heptabarbum (Heptamalum NFN), Secobarbitalum (Meballymalum NFN), Pentobarbitalum (Mebumalum NFN) og Amobarbitalum (Pentymalum NFN). Hámarksmagn á lyfseðli 3.0 g.

VII. Methaqualonum Hámarksmagn á lyfseðli 3.75 g.

VIII. Apronalum, Barbitalum (Diemalum NFN), Hexobarbitalum (Enhexymalum NFN), Glutethimidum (Doriden) og Secbutabarbitalum (Secumalum NFN). Hámarksmagn á lyfseðli 5.0 g.

IX. Meprobamatum. Hámarksmagn á lyfseðli 20 g.

X. Methocarbamolum. Hámarksmagn á lyfseðli 25 g. (Dæmi: Tresortil 250 mg 100 töflur, 500 mg 50 töflur).

XI. Carisoprodolum. Hámarksmagn á lyfseðli 17.5 g. (Dæmi: Somadril 50 töflur, Somadril comp. 100 töflur).

XII. Phenprobamatum. Hámarksmagn á lyfseðli 40 g. (Dæmi: Gamaquil 400 mg 100 töflur).

c. Óheimilt er að ávísa í síma amfetamíni, dexamfetamíni, metamfetamíni, metýlfenídati og pemólíni. Öðrum eftirritunarskyldum lyfjum má einungis ávísa í síma í hylkjum, skömmtum, stílum eða töflum og eigi í fleiri einingum en 5 handa sama einstaklingi í einu. Ákvæði þessi um fjölda eininga taka ekki til etýlmorfíns og kódíns, ef ávísað er 1 g eða minna nema því aðeins, að í fyrrgreindum lyfjaformum séu einnig önnur eftirritunarskyld efni. Þó má ávísa í síma allt að 1 g af etýlmorfíni eða kódíni og 300 mg af folkódíni, sem leyst er í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða öðru þess háttar, eða allt að 1 g af ópíum, sem leyst er í mixtúru, ef eigi er önnur eftirritunarskyld efni með. Enn fremur má ávísa í síma apróbarbítali (allýprópýmali), pentóbarbítali (mebúmali) eða amóbarbítali (pentýmali) til innstungu allt að 3 g.

d. Læknir (dýralæknir, tannlæknir) er skyldur til þess að lesa lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi) fæðingardag og ár eða nafnnúmer þess, sem lyfseðill er stílaður á, þá er hann ávísar eftirritunarskyldum lyfjum í síma.

e. Viðtakandi eftirritunarskylds lyfs skal staðfesta móttöku þess með eiginhandaráritun aftan á lyfseðil og sýna persónuskilríki, sé þess krafist.

f. Ef lyfseðli, sem hljóðar á eftirritunarskyld lyf er í einhverju ábótavant, samkvæmt framanskráðu eða ákvæðum 1., 2., 3. eða 4. gr., telst hann ógildur, uns

hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, sbr. þó staflið g, IV. tölulið þessarar greinar.

g. I. Ef lyfseðill hljóðar á eftirritunarskylt lyf, skal áletra hann nafnnúmeri þess, sem lyfseðillinn er stílaður á, áður en lyfið er afgreitt. Ef lyfið er afhent öðrum en þeim, sem á lyfseðli er greindur, skal sömuleiðis áletra lyfseðil nafnnúmeri hans. Síðan skal merkja hann dagsetningu afgreiðslu.

II. Ef útlendingur framvísar lyfseðli á eftirritunarskylt lyf, skal við afgreiðslu árita hann heiti heimalands og vegabréfsnúmeri, ef hlutaðeigandi er vegabréfsskyldur.

III. Ef eftirritunarskyldum lyfjum er ávísað í síma, skal lyfjafræðingur (aðstoðarlyfjafræðingur) fullvissa sig um (með upphringingu eða á annan hátt), að sá, sem lyfseðil les (læknir, tannlæknir, dýralæknir) sé einn og hinn sami og hann segist vera. Þessa gerist ekki þörf, ef ótvíræðir kunnugleikar eru á milli þess, sem lyfseðil les, og hins, sem veitir honum viðtöku.

IV. Ef lyfjum þeim, sem talin eru í b-staflið, er ávísað í hylkjum, skömmtum, stílum eða töflum og einingafjöldi er meiri en svarar til þess hámarksmagns, sem þar er greint, er lyfjafræðingi (aðstoðarlyfjafræðingi) skylt að leiðrétta lyfseðilinn með tilliti til þessa og er honum heimilt að gera það án samráðs við útgefanda. Breytingar á lyfseðlum, gerðar samkvæmt ofansögðu, skal hann auðkenna dagsetningu og fangamarki sínu með bleki.

V. Ef læknir (dýralæknir, tannlæknir) ritar lyfseðil á eftirritunarskylt lyf, skal hann rita magn eða einingafjölda bæði með tölustöfum og bókstöfum. Lyfseðla á eftirritunarskyld lyf skal rita eigin hendi.

VI. Ef ávísað er með sama lyfseðli eftirritunarskyldu ávana- og fíknilyfi og öðrum lyfjum og þau síðarnefndu hafa verið strikuð út af lyfseðlinum, er óheimilt að afgreiða hann.

h. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda landlækni í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið hefur verið afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

i. Hlíta skal, um afgreiðslu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf, almennum ákvæðum um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli (sbr. 5. gr.) að svo miklu leyti, sem þau eiga við.

III. KAFLI.

Ógilding lyfseðla og afgreiðslutilhögun lyfja.

7. gr.

a. Lyfseðlar eru ógildir einu ári eftir útgáfudag.

b. Lyfseðill gildir aðeins fyrir eina afgreiðslu.

c. Afgreiðslutilhögun sérlyfja skal getið í sérlyfjaskrá og lyfjaverðskrá II. Afgreiðslutilhögun annarra lyfja og efna skal getið í lyfjaverðskrá I.

d. Nú inniheldur lyf tvö eða fleiri efni, og fer þá um afgreiðslutilhögun lyfsins eftir því efni, sem ströngustu fyrirmælum er háð.

e. Lyf og efni, svo og sölt þeirra, esterar og hvers konar samsetningar þeirra, sem ekki verða heimfærð undir neðanskráðan lista, má afhenda án lyfseðils, ef ekki fer í bága við ákvæði annarra fyrirmæla.

Acediasulfonum INN (natricum)
Acephenazinum NFN, sjá Acetophenazinum
Acetanilidum
Acetarsolum
Acetazolamidum
Acecarbromalum
Acetophenazinum INN
Acetphenolisatinum
Acetylcysteinum INN
Acetyldigitoxinum INN
Acetyldigoxinum
Acetyl-sulfafurazolum NFN
Acidum acetylsalicylicum
Acidum amidocaproicum
Acidum aminotrizoicum NFN
Acidum boricum
Acidum dichloraceticum
Acidum dipropylbarbituricum
Acidum etacrynicum
Acidum flufenamicum INN
Acidum folicum
Acidum fusidicum INN
Acidum ioglycamicum INN
Acidum iopanoicum INN
Acidum joglycamicum NFN, sjá Acidum ioglycamicum
Acidum jopanoicum, sjá Acidum iopanoicum
Acidum jopodicum NFN (sbr. Natrii iopodas)
Acidum mefenamicum INN
Acidum mersalylicum
Acidum metrizoicum
Acidum nalidixicum INN
Acidum nicotinicum
Acidum oxolinicum INN
Acidum tranexamicum
Acidum trichloraceticum
Acidum valproicum INN
Adipheninum INN
Adipiodonum
Adrenalinum (Adrenalinii tartras EUR), sjá Epinephrinum
Adrenonum
Aethallymalum
Aether ad narcosin, sjá Aether anaestheticus
Aether anaestheticus
Aethylendiamini hydras
Aethyli biscumacetas NFN, sjá Ethylis biscoumacetas
Aethyli chloridum
Aethylmorphinum
Agaricinum
Ajmalinum
Alcuronii chloridum INN
Aldosteronum INN
Alfaxalonum INN
Alimemazinum INN
Alisobumalum NFN, sjá Butalbitalum
Allobarbitalum INN
Allopurinolum INN
Allypropymalum, sjá Aprobarbitalum
Alprenololum
Alseroxylon NND
Alverinum INN
Amantadinum INN
Amfepramonum INN
Amfomycinum INN
Amikacinum INN
Amiloridum INN
Aminochinuridum NFN
Aminonitrothiazolum
Aminophenazonum
Aminophyllinum INN (Theophyllinum et ethylenediaminum Eur.)
Aminopterinum INN (natricum)
Aminosalylum
Amisometradinum INN
Amitriptylinum
Ammonii fluoridum
Amobarbitalum
Amoxicillinum INN
Amphetaminum
Amphotericinum NFN, sjá Amphotericinum B
Amphotericinum B INN
Ampicillinum
Amyleni hydras
Amylii nitris
Androstanolonum INN
Antazolinum
Apomorphinum
Aprobarbitalum INN
Apronalum
Aprotininum INN
Arecolinum
Arsen og arsensambönd, ót. a.

Atenololum INN
Atropinum
Azacylconolum INN
Azapetine BAN
Azathioprinum INN
Bacitracinum
Baclofenum INN
Bamethanum INN
Bamipinum INN
Barbitalum
Barbítúrsýrusambönd, ót. a.
Beclometasonum INN
Belladonnae (folium; herba)
Benactysinum INN
Bendroflumethiazidum INN
Benethaminum penicillinum INN
Benproperinum INN
Benserazidum INN
Benzathini benzylpenicillinum INN (Benzylpenicillinum benzathinum Eur.)
Benzatropinum INN
Benzhexolum, sjá Trihexyphenidylum
Benzilonii bromidum INN
Benzocainum
Benzpyrinii bromidum INN
Benztropinum, sjá Benzatropinum
Benzydaminum
Benzylpenicillinum
Betamethasonum
Betanidinum
Betazolum
Biperidenum INN
Bisacodylum INN
Blemycinum INN
Bromhexinum INN
Bromisovalum
Bromocriptinum INN
Brompheniraminum INN
Broxaldinum INN
Broxichinolinum NFN, sjá Broxyquinolinum
Broxyquinolinum INN
Bulbus scillae
Bumetanidum INN
Bunamidinum INN
Bupheninum INN
Bupivacainum INN
Busulfanum
Butalbitalum INN
Butobarbitalum
Butriptylinum INN
Butylscopolaminum NFN
Calciferolum, sjá Ergocalciferolum
Calcii carbimidum INN
Calcii folinas INN
Calcii iopodas INN
Calcii jopodas, sjá Calcii iopodas
Calcii metrizoas NFN
Calcitoninum INN
Calciumcarbimidum NFN, sjá Calcii carbimidum
Calomel
Cambendazolum INN
Cantharis
Caramiphenum INN
Carbacholinum, sjá Carbacholum
Carbacholum INN
Carbamazepinum INN
Carbarsonum INN
Carbenicillinum
Carbidopum INN
Carbimazolum INN
Carbomycinum INN
Carbonei sulfidum í límhylkjum til inntöku
Carbromalum
Carbutamidum
Carindacillinum INN
Carisoprodolum INN
Cefacetrilum INN
Cefalexinum INN
Cefalonium INN
Cefaloridinum
Cefapirinum INN
Cefazolinum INN
Cefoxazolum INN
Cefradinum INN
Cetobemidonum INN
Chinethazonum NFN ,sjá Quinethazonum
Chinidinum, sjá Quinidinum
Chininum, sjá Quininum
Chiniofonum
Chloroli hydras
Chloralodolum
Chlorambucilum INN

Chloramhenicolum
Chlobutolum, sjá Chlorobutanolum
Chlorchinaldolum NFN, sjá Chlorquinaldolum
Chloryclizinum INN
Chlordiazepoxidum
Chlorisondamini chloridum INN
Chlorisondamoni chloridum NFN, sjá Chlorisondamini chloridum
Chlormadinonum INN
Chlormethinum INN
Chlormezanonum INN
Chlorobutanolum
Chlorochinum, sjá Chloroquinum
Chloroformium
Chloropyraminum INN
Chloroquinum INN
Chlorothiazidum
Chlorphenoxaminum INN
Chlorpromazinum
Chlorpropamidum
Chlorprothixenum
Chlorquinaldolum INN
Chlortalidonum INN
Chlortetracyclinum
Chlorthiazidum,sjá Chlorothiazidum
Chlorzoxazonum
Cholini theophyllinas INN
Choriongonadotropinum NFN, sjá Gonadotrophinum chorionicum
Chromi trioxidum
Chymotrypsinum
Cimetidinum INN
Cincainum, sjá Cinchocainum
Cinchocainum INN
Cinchophenum
Cinnarizinum INN
Clemastinum INN
Clemizolum INN
Clidinii bromidum INN
Clindamycinum INN
Cliochinolum NFN, sjá Clioquinolum
Clioquinolum INN
Clobutinolum INN
Clodantocidum NFN, sjá Clodantoinum
Clodontoinum INN
Clofenotanum
Clofibratum
Clomethiazolum INN
Clomifenum
Clomipraminum
Clonazepamum INN
Clonidinum INN
Clopamidum INN
Clopenthixolum INN
Cloxacillinum
Clozapinum INN
Cobaltosi chloridum
Cocainum
Codeinum
Coffeinum
Colchicinum
Colestipolum INN
Colestyraminum INN
Colistinum INN
Corbadrinum INN
Corticotrophinum INN (Corticotropinum Eur.)
Corticotropinum, sjá Corticotrophinum
Cortisonum
Cropropamidum INN
Crotetamidum INN
Cyacetacidum
Cyanocobalaminum
Cyclizinum INN
Cyclobarbitalum
Cyclofenilum
Cyclopenthiazidum INN
Cyclopentolatum INN
Cyclophosphamidum INN
Cyclopropanum
Cycloserinum INN
Cyclothiazidum INN
Cyproheptadinum
Cytarabinum INN
Dactinomycinum INN
Dantrolenum INN
Dapsonum INN
Daunorubicinum INN
Decamethonii bromidum INN
Deferoxaminum INN
Demeclocyclinum

Demethylchlortetracyclinum, sjá Demeclocyclinum
Demoxytocinum INN
Desipraminum
Deslanosidum
Desmopressinum INN
Desoxicortonum, sjá Desoxycortonum
Desoximetasonum INN
Desoxycortonum
Dexamethasonum
Dexamphetaminum INN
Dexchlorpheniraminum
Dextromethorphanum INN
Dextromoramidum INN
Dextropropoxiphenum, sjá Dextropropoxyphenum
Dextropropoxyphenum INN
Dextrothyroxinum natricum INN
Diacetylmorphinum
Diaethylcarbamazinum, sjá Diethylcarbamazinum
Diaethylstilboestrolum, sjá Diethylstilbestrolum
Diallymalum, sjá Allobarbitalum
Diazepamum
Diazoxidum INN
Dibenzepinum INN
Dichlorophenarsinum INN
Dichlorphenarsinum NFN, sjá Dichlorophenarsinum
Diclofenamidum INN
Dicloxacillinum INN
Dicoumarolum INN
Dicumarolum, sjá Dicoumarolum
Diemalum, sjá Barbitalum
Dienestrolum INN (Dienoestrolum Eur.)
Dienoestrolum, sjá Dienestrolum
Diethazinum INN
Diethylcarbamazinum INN
Diethylstilbestrolum INN (Diaethylstilboestrolum Eur.)
Diflucortolonum INN
Digitalis purpureae folium
Digitoxinum
Digoxinum
Dihydralazinum INN
Dihydroergotaminum INN
Dihydrostreptomycinum
Dihydrotachysterolum INN
Diiodohydroxyquinolinum INN
Dijodoxichinolinum NFN, sjá Diiodohydroxyquinolinum
Dijodtyrosinum
Dimenhydrinatum INN
Dimercaprolum
Dimethyli sulfoxidum INN
Dinoprostum INN
Diodonum
Diphenanum INN
Diphenhydraminum
Diphenoxylatum INN
Diphenylaminum
Diphenylpyralinum INN
Diprophyllinum
Dipropimazine DCF
Dipyridamolum INN
Disulfiramum INN
Doxepinum
Doxorubicinum INN
Doxycyclinum
Doxylaminum INN
Droperidolum INN
Econazolum INN
Emepronii bromidum INN
Emetinum
Emylcamatum INN
Enallynymalum NFN, sjá Methohexitalum
Enallypropymalum NFN
Enhexymalum, sjá Hexobarbitalum
Enibomalum NFN
Enphenemalum, sjá Methylphenobarbitalum
Enserinum (Enserinii salicylas Eur.) (Physostigminum)
Ephedrinum
Ephedrinum
Epicillinum INN
Epinephrinum INN (Adrenalinii tartas Eur.)
Ergocalciferolum
Ergometrinum (Ergometrinii maleas Eur.)
Ergotaminum
Erityrityli tetranitras INN

Erythromycinum
Erythryli nitras, sjá Erityrityli tetranitras
Estomycinum NFN, sjá Paromomycinum
Estradiolum INN (Oestradioli benzoas Eur.)
Estramustinum INN
Estrioli succinas INN
Estronum INN (Oestroncm Eur.)
Ethadionum NFN
Ethambutolum
Ethinylestradiolum INN (Aethinyloestradiolum Eur.)
Ethisteronum
Ethosuximidum
Ethylis biscoumacetas INN
Etilefrinum INN
Etisazolum INN
Etofyllinum
Etoglucidum INN
Etynodiolum INN
Etyprenalinum NFN, sjá Isoetarinum
Euphorbium
Felypressinum INN
Fenbendazolum INN
Fenfluraminum INN
Fenoterolum INN
Fenpipramidum INN
Fenpipranum INN
Fentanylum INN
Flavoxatum INN
Flucloroloni acetonidum INN
Flucytosinum INN
Fludrocortisonum INN
Flumedroxonum INN
Flumetasonum INN
Fluocinoloni acetonidum INN
Fluocinonidum INN
Flucortolonum INN
Fluorhydrocortisonum NFN, sjá Fludrocortisonum
Fluorometholonum INN
Fluorouracilum INN
Fluostigminum NFN
Flupenthixolum NFN, sjá Flupentixolum
Flupentizolum INN
Fluphenazinum INN
Fluprednidenum
Fluracilum NFN, sjá Fluorouracilum
Flurazepamum INN
Folium belladonnae, sjá Belladonnae (folium; herba)
Folium digitalis, sjá Digitalis purpurea folium
Folium hyoscyami, sjá Hyoscyami (folium; herba)
Folium jaborandi
Folium stramonii, sjá Stramonii (folium; herba)
Framycetinum INN
Fructus colocynthidis
Furaltadonum INN
Furazolidonum INN
Furosemidum
Gallamini triethiodidum
Gammaglobulinum
Geislavirk efni
Gentamicinum INN
Gentamycinum NFN, sjá Gentamicinum
Gestonoroni caproas INN
Glibenclamidum
Glibornuridum INN
Glucagonum INN
Glutethimidum INN
Glycarsamidum NFN
Glyceryli nitras
Glycopyrronii bromidum INN
Glymidinum natricum INN
Glyphyllinum, sjá Diprophyllinum
Gonadotrophinum chorionicum INN
Gonadotrophinum sericum INN
Gramicidinum INN
Griseofulvinum
Growth Hormone BAN
Guanethidinum
Guanoclorum INN
Halcinonidum INN
Haloperidolum
Halothanum
Halquinol BAN
Heparinum INN
Heptabarbum INN
Heptamalum NFN, sjá Heptabarbum

Herba hyoscyami mutici
Herba lobeliae
Hexachloraethanum í stautum til lækninga
Hexamethonii bromidum INN
Hexarginum
Hexemalum, sjá Cyclobarbitalum
Hexestrolum INN
Hexicidum
Hexobarbitalum
Hexostrolum NFN, sjá Hexestrolum
Hexyllresorcinolum
Histaminum
Homatropini methylbromidum INN
Homatropinum
Hyaluronidasum INN
Hydralazinum
Hydrargyri amidochloridum
Hydragyri chloridum corrosivum, sjá Hydrargyri perchloridum
Hydrargyri iodidum
Hydrargyri jodidum, sjá Hydrargyri jodidum, sjá Hydrargyri iodidum
Hydrargyri oxicyanidum (Hydrargyri Oxycyanidum INN)
Hydrargyri oxidum
Hydrargyri perchloridum
Hydrastinum
Hydrochlorothiazidum INN
Hydrochlorthiazidum, sjá Hydrochlorothiazidum
Hydrocodonum INN
Hydroconum, sjá Hydrocodonum
Hydrocortisonum
Hydroflumethiazidum
Hydromorphonum
Hydroxicarbamidum NFN, sjá Hydroxycarbamidum
Hydroxizinum NFN, sjá Hydroxyzinum
Hydroxocoba laminum INN
Hydroxyamphetaminum INN
Hydroxycarbamidum INN
Hydroxychloroquinum INN
Hydroxyprogesteronum INN
Hydroxyzinum INN
Hyoscyami (folium; herba)
Hyoscyaminum
Ibomalum NFN
Ibuprofenum INN
Idoxuridinum INN
Imipraminoxidum INN
Imipraminum
Immunoglobulina
Immunosera
Indometacinum
Inositoli nicotinas INN
Insulinum
Iodamidum INN
Iodophthaleinum natricum INN
Iodothiouracilum INN
Iodum
Ipecacuanhae radix
Iproniazidum INN
Isocarboxazidum INN
Isoetarinum INN
Isomethadonum INN
Isoniazidum
Isoprenalinum
Isosorbidi dinitras INN
Isoxuprinum INN
Jodamidum NFN, sjá Iodamidum
Jodoformium
Jodthiouracilum NFN, sjá Iodothiouracilum
Jodum, sjá Iodum
Kalii fluoridum
Kalii iodidum
Kalii stibyli tartras
Kanamycinum INN
Ketaminum INN
Ketobemidonum NFN, sjá Cetobemidonum
Khellinum INN
Kreosotum
Lanatosidum C
Leucovorinum NFN, sjá Calcii folians
Levarterenolum INN (Noradrenalinii tartras Eur.)
Levodopum
Levomepromazinum INN
Levonorgestrelum
Levorphanolum INN
Levothyroxinum natricum INN (Thyroxinum natricum Eur.)

Lidocainum
Lincomycinum INN
Liothyroninum
Lithii carbonas
Lithii ciras
Lobelinum INN
Loxapinum INN
Lynestrenolum INN
Lypressinum INN (Eur.)
Mafenidum INN
Magnesii metrizoas NFN
Maprotilinum INN
Meballymalum NFN, sjá Secobarbitalum
Mebendazolum INN
Mebeverinum INN
Mebumalum, sjá Pentobarbitalum
Mecamylaminum INN
Meclozinum
Medazepamum
Medroxiprogesteronum NFN, sjá Medroxyprogesteronum
Medroxyprogesteronum INN
Medrylaminum
Mefrusidum INN
Megestrolum INN
Meglumini amidotrizoas NFN
Meglumini metrizoas NFN
Megluminum
Meladrazinum INN
Melperonum INN
Melphalanum INN
Menbutonum INN
Mepacrinum
Mephenesinum INN
Mephenetoinum, sjá Mephenytoinum
Mephenterminum INN
Mephenytoinum INN
Mepivacainum
Meprobamatum
Mepyraminum
Meralluridum INN
Mercaptomerinum
Mercaptopurinum
Mesterolonum
Mestranolum
Metacyclinum
Metamizolnatrium, sjá Noramidopyrini methanosulfonas natricum INN
Metandienonum INN
Metaoxedrinum, sjá Phenylephrinum
Metaraminolum
Metenolonum INN
Metforminum
Methacholini chloridum
Methadonum
Methallenestrilum INN
Methallenoestrolum NFN, sjá Methallenestrilum
Methamphetaminum INN
Methandriolum INN
Methanthelinii bromidum INN
Methaphenilenum INN
Methaqualonum
Methestrolum INN
Methiodalum natricum INN
Methocarbamolum INN
Methoestrolum NFN, sjá Methestrolum
Methohexitalum INN
Methotrexatum
Methoxaminum
Methylatropinum
Methyldopum
Methylergometrinum
Methylhomatrophinum NFN, sjá Homatropini methylbromidum
Methylhyoscinum (Methylscopolaminum)
Methylperonum NFN, sjá Melperonum
Methylhenidatum INN
Methylphenobarbitalum
Methylprednisolonum INN
Methylphenobarbitalum (Methylhyoscinum)
Methyltestosteronum
Methylthiouracilum
Methysergidum INN
Meticillinum
Metindizatum INN
Metixenum INN
Metoclopramidum INN
Metaponum INN
Metoprololum INN
Metrifonatum INN
Metrizamidum INN
Metronidazolum
Metylperonum NFN, sjá Melperonum

Miconazolum INN
Minocyclinum INN
Mofebutazonum INN
Morphinum (Morphinii chloridum Eur.)
Moxisylytum INN
Nafcillinum INN
Nalorphinum
Naloxonum INN
Nandrolonum INN
Naphazolinum
Naproxenum INN
Natamycinum INN
Natrii amidotrizoas
Natrii arsenas
Natrii auri chloridum
Natrii aurothiomalas INN
Natrii calcii edetas
Natrii cromoglicas
Natrii edetas
Natrii fluoridum
Natrii fusidas
Natrii iodidum
Natrii iopanoas
Natrii iopodas INN
Natrii jopanoas NFN, sjá Natrii iopanoas
Natrii jopodas, sjá Natrii iopodas
Natrii metrizoas INN
Natrii monofluorophosphas
Natrii monomethylarsinas
Natrii nitris
Natrii nitroprussidum
Natrii paraminohippuras
Natrii valproas INN
Neoarsphenaminum
Neocinchophenum
Neomycinum
Neostigmini bromidum INN
Neostigminii bromidum (Eur.)
Nialamidum INN
Niceritrolum INN
Nicethamidum
Niclosamidum
Nicomorphinum INN
Nicotinyl Alcohol BAN
Nicotinum venale
Nifuratelum
Nifurazolidonum, sjá Furazolidonum
Nitrazepamum
Nitrofuralum INN
Nitrofurantoinum
Nitrofurazonum, sjá Nitrofuralum
Nitrofurmethonum, sjá Furaltadonum
Nitrostigminum NFN
Nitrosulfathiazolum INN
Noradrenalinum (Eur.), sjá Levarterenolum
Noramidopyrini methanosulfonas natricum
Norethisteronum
Noretynodrelum INN
Norgestrelum
Normethadonum INN
Nortriptylinum
Noscapinum
Novobiocinum INN
Noxiptilinum INN
Nylidrinum NFN, sjá Bupheninum
Nystatinum INN
Oestradiolum, sjá Estradiolum
Oestrioli succinas NFN, sjá Estrioli succinas
Oestronum, sjá Estronum
Oleum crotonis
Opipramolum INN
Opium
Orciprenalinum INN
Orphenadinum NFN, sjá Orphenadrinum
Orphenadrinum INN
Oxamphetaminum NFN, sjá Hydroxyamphetaminum
Oxandrolonum INN
Oxazepamum
Oxedrinum
Oxibuprocainum NFN, sjá Oxybuprocainum
Oxichlorochinum NFN, sjá Hydroxychloroquinum
Oxiclozanidum, sjá Oxyclozanidum
Oxiconum, sjá Oxycodonum
Oxifedrinum, sjá Oxyfedrinum
Oximetazolinum NFN, sjá Oxymetazolinum

Oximetholonum NFN, sjá Oxymetholonum
Oxipertinum NFN, sjá Oxypertinum
Oxiphenbutazonum NFN, sjá Oxyphenbutazonum
Oxiphencycliminum NFN, sjá Oxyphencycliminum
Oxiphenoni bromidum NFN, sjá Oxyphenonii bromidum
Oxiprogesteronum NFN, sjá Hydroxyprogesteronum
Oxitetracyclinum, sjá Oxytetracyclinum
Oxophenarsinum INN
Oxprenololum INN
Oxybuprocainum INN
Oxyclozanidum INN
Oxycodonum INN
Oxyfedrinum INN
Oxymetazolinum INN
Oxymetholonum INN
Oxypertinum INN
Oxyphenbutazonum INN
Oxyphencycliminum INN
Oxyphenonii bromidum INN
Oxytetracyclinum
Oxytocinum INN (Eur.)
Pancreatinum
Pancuronii bromidum INN
Papaverinum (Papaverinii chloridum (Eur.)
Paracetamolum
Paraldehydum
Paramethadionum INN
Paromomycinum INN
Pecilocinum INN
Pemolinum INN
Penethamate Hydroiodide BAN
Penicillaminum INN
Penicillinbenethaminum NFN, sjá Benethaminum penicillinum
Penicillinbenzatinum NFN, sjá Benzathini benzylpenicillinum
Pentaerithrityli tetranitras INN
Pentagastrinum
Pentamethonii bromidum INN
Pentanitrolum, sjá Pentaerithrityli tetranitras
Pentazocinum
Pentetrazolum
Pentobarbitalum
Pentolonii tartras INN
Pentoxiverinum NFN, sjá Pentoxyverinum
Pentoxyverinum INN
Pentymalum, sjá Amobarbitalum
Periciazinum INN
Perphenazinum INN
Pethidinum
Phanchinonum NFN, sjá Phanquinonum
Phanquinonum INN
Phenacemidum INN
Phenacetinum
Phenadoxonum INN
Phenazonum
Phenazopyridinum INN
Phenbenzaminum NFN
Phenemalum, sjá Phenobarbitalum
Phenethicillinum NFN, sjá Pheneticillinum
Pheneticillinum INN
Phenetidini lactas
Phenforminum
Phenglutarimidum INN
Phenindaminum INN
Phenindionum NFN
Pheniodolum natricum INN
Phenobarbitalum
Phenolphthaleinum
Phenolsulfophthaleinum
Phenothiazinum INN
Phenoximethylpenicillinum, sjá Phenoxymethylpenicillinum
Phenoxymethylpenicillinum
Phenprobamatum INN
Phensuximidum
Phenterminum INN
Phenthiazinum, sjá Phenothiazinum
Phenylbutazonum
Phenylephrinum INN
Phenylpropanolamine BAN
Phenytoinum
Pholcodinum
Pholedrinum INN
Phosphorus
Phthalylsulfathiazolum

Physostigminum (Physostigminii salicylas Eur.) (Enserinum)
Picrotoxinum
Pilocarpinum (Pilocarpinii nitras Eur.)
Pindololum INN
Piperazinum
Piperylonum INN
Pipotiazinum INN
Pituitarium posterius NFN
Pivampicillinum
Pizotifenum INN
Podophyllinum
Poldini metilsulfas INN
Poldoni methylsulfas NFN, sjá Poldini metisulfas
Polyestradioli phosphas INN
Polyoestriolum
Polymyxinum, sjá Polymyxinum B
Polymyxinum B
Polythiazidum
Practololum
Pralidoximi iodidum INN
Pramocainum INN
Praziquantelum INN
Prazosinum INN
Prednisolonum
Prednisonum
Prenylaminum INN
Prilocainum INN
Primachinum, sjá Primaquinum
Primaquinum INN
Primidonum
Probenecidum
Procainamidum
Procainum (Procainii chloridum (Eur.)
Procarbazinum INN
Prochlorperazinum INN
Profenaminum INN
Progesteronum
Promazinum INN
Promethazinum
Propanididum INN
Propanthelini bromidum
Prophenaminum NFN, sjá Profenaminum
Propranololum
Propyliodonum
Propyphenazonum
Propylthiouracilum
Protamini sulfas
Protirelinum INN
Protoveratrines A et B NND
Protriptylinum INN
Proximetacainum NFN, sjá Proxymetacainum
Proxiphyllinum, sjá Proxyphyllinum
Proxymetacainum INN
Proxyphyllinum
Pyrantelum
Pyrazinamidum
Pyridostigmini bromidum
Pyrimethaminum
Pyrithildion
Pyrvinii chloridum INN
Quinestrolum INN
Quinethazonum INN
Quinidinum
Quininum (Chininii chloridum Eur.)
Radix ipecacuanhae, sjá Ipecacuanhae radix
Rescinnaminum INN
Reserpinum
Rhizoma filicis
Rhizoma veratri
Rifampicinum INN
Rifamycinum
Rimiterolum INN
Ritodrinum INN
Rolitetracyclinum INN
Rotenonum
Salacetamidum INN
Salazosulfapyridinum INN
Salazosulfathiazolum INN
Salbutamolum INN
Salicylamidum
Salicylanilide NF 70
Santoninum
Scopolaminum (Hyoscinum)
Secale cornutum
Secbutabarbitalum INN
Secobarbitalum
Sekaleakalóíðar, ót. a.
Selensambönd, ólífræn, önnur en selensúlfíð

Semen colchici
Semen hyoscyami
Semen stychni
Sera therapeutica, sjá Immunosera
Serumgonadatropinum NFN, sjá Gonadotrophinum sericum
Sorbidi nitras NFN, sjá Isosorbidi dinitras
Sparteinum INN
Spectinomycinum INN
Spironolactonum
Stannosi fluoridum
Stibophenum NFN
Strammonii (folium; herba)
Streptodornasum INN
Streptoduocinum NFN
Streptokinasum INN
Streptomycinum
Streptovarycinum INN
g-Strophanthinum
Strychninum
Succinylsulfathiazolum
Sulfabenzpyrazinum
Sulfacetamidum INN
Sulfachlorpyridazinum INN
Sulfaclozinum
Sulfadiazinum
Sulfadicramidum INN
Sulfadimethoxinum
Sulfadimidinum
Sulfadoxinum INN
Sulfaethidolum INN
Sulfafurazolum
Sulfaguanidinum INN
Sulfaisodimidinum NFN, sjá Sulfisomidinum
Sulfamerazinum
Sulfamethizolum
Sulfamethoxazolum
Sulfamethoxipyridazinum, sjá Sulfamethoxypyridazinum
Sulfamethoxypyridazinum INN
Sulfametoxydiazinum INN
Sulfamoxolum INN
Sulfanilamidum
Sulfaproxylinum INN
Sulfapyrazinum NFN
Sulfapyrazolum INN
Sulfapyridinum INN
Sulfarsphenaminum INN
Sulfathiazolum
Sulfatolamidum INN
Sulfisomidinum INN
Sulfonalum NFN
Sulindacum INN
Sultiamum INN
Suxamethonii chloridum
Terbutalinum
Testosteronum
Tetracaini chloridum (Tetracainii chloridum Eur.)
Tetrachloraethylenum, sjá Tetrachloroethylenum
Tetrachloroethanum
Tetrachloroethylenum Eur.
Tetrachlormethanum
Tetracosactidum INN
Tetracyclinum
Tetrahydrozolinum NFN, sjá Tetryzolinum
Tetramisolum
Tetraponum
Tetrylammonii bromidum
Tetryzolinum INN
Thebaconum
Thenalidinum INN
Theophyllaminum, sjá Aminophyllinum
Theophyllinum
Theophyllinum et ethylenediaminum, sjá Aminophyllinum
Thiamazolum
Thiethylperazinum INN
Thiomebumalnatrium, sjá Thiopentalum natricum
Thiopentalum natricum INN
Thiopropazatum INN
Thioridazinum
Thiotepum INN
Thonzylaminum INN
Thurfyl Nicotinate BAN
Thyreoideum
Thyrotrophinum INN
Thyrotropinum NFN, sjá Thyrotrophinum
Thyroxinum natricum, sjá Levothyroxinum natricum
Tiabendazolum
Tinidazolum INN
Tioguaninum INN

Tiotixenum INN
Tocamphylum INN
Tolazamidum INN
Tolazolinum
Tolbutamidum
Toldimfosum INN
Tolonii chloridum INN
Tranylcyprominum INN
Treosulfanum INN
Tretaminum INN
Tretinoinum INN
Triamcinolonum
Triamterenum INN
Tribenosidum INN
Tribromaethanolum
Trichloroethylenum INN
(Trichlorethylenum Eur.)
Trifluoperazinum INN
Trifluperidolum INN
Trihexyphenidylum INN
Trimetaphani camsilas INN
Trimethadionum
Trimethaphani camsylas NFN, sjá
Trimetaphani camsilas
Trimethoprimum
Trimipraminum
Tripelenaminum NFN, sjá
Tripelennaminum
Tripelennaminum INN
Trolnitratum INN
Trometamolum
Tropenzilini bromidum
Tropenziloni bromidum NFN, sjá
Tropenzilini bromidum
Tropicamidum INN
Tuber jalapae
Tubocurarini chloridum INN
(Tubocurarinii chloridum Eur.)
Tylosinum INN
Tyrothricinum INN
Vaccina
Vasopressinum INN
Verapamilum
Vinblastinum INN
Vincristinum INN
Vinylaether
Viomycinum INN
Warfarinum
Yohimbinum NFN
Xylazinum INN
Xylometazolinum INN
Zoxazolaminum INN

f. Stungulyf og innrennslislyf (parenteralia) eru lyfseðilsskyld, nema annað sé tekið fram.

IV. KAFLI

Áritun lyfja.

8. gr.

Almenn ákvæði um lyf gegn lyfseðli.

a. Áritun á umbúðir lyfja, sem afhent eru gegn lyfseðli, skal vera sem greinilegust. Eftirfarandi atriða skal jafnan getið í áritun:
I. Nafns og magns lyfs eða samsetningar.
II. Nafns sjúklings (sbr. f-lið 3 . gr.) eða hvaða dýri lyfið er ætlað, ef um dýr er að ræða, enda sé þess getið á lyfseðlinum (sbr. þó i-lið 3. gr.).
III. Fyrirsagnar um notkun lyfs (sbr. d-lið og i-lið 3. gr.).
IV. Upphafsstafa nafns eða kódanúmer þess læknis, er ritað hefur lyfseðilinn (sbr. gildandi læknaskrá).
V. Dagsetningar, er gefur til kynna, hvenær lyfið er afgreitt.
VI. Nafns lyfjabúðar (héraðslæknis (læknis, er lyfsöluleyfi hefur, héraðsdýralæknis)).
VII. Eiginhandaráritunar (fangamarks) þess með bleki, er afgreiðir lyfið (sbr. 5. gr. a-lið).

b. Áritun sbr. II.—VII. tölulið hér að ofan, skal vera á hvítum merkimiða. Á honum skal ætíð greint um notkun og/eða íkomustað lyfs, sbr. III. tölulið hér að ofan.

c. Nú er lyf afhent í tveimur eða fleiri pakkningum, og skal þá áletra eina pakkn-

ingu svo sem að ofan greinir, en á hinni (hinum) skal sleppa notkunarfyrirsögn (sbr. III. tölulið þessarar greinar), en í stað þess skal afhentur fylgiseðill, sem á stendur: „**Athugið**, þegar sama lyf er afhent í fleiri en einni pakkningu, er notkunarfyrirsögn einungis á einni þeirra. Gætið því þess að farga henni ekki, fyrr en allt lyfið er búið".

d. Þegar lyf í afmældum skömmtum eru afhent, þar sem búið er um hvern einstakan skammt sérstaklega, skal auðkenna hverja einingu lyfsins heiti þess. Undanþegin þessum ákvæðum eru legstílar, skeiðarstílar og endaþarmsstílar, hylki og skammtar. Undanþága þessi tekur þó ekki til þynnupökkunar í vélum.

e. Lyf gildandi lyfjaskrár, lyfjastaðla og lyfjaforskriftabóka skal áletra hinu latneska heiti, er þar er greint (sbr. b-lið 3. gr.). Ef tilgreint er á lyfseðli lyf úr öðrum heimildarritum, skal árita lyfið með því heiti, er þar greinir og tilfæra heiti heimildarits eða skammstöfun þess á eftir. Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem ekki hefur verið birt í heimildaritum, skal árita samsetninguna.

f. Styrkleika lyfs eða magn lyfjaefnis skal greina í **mg** upp að 1 g, þá í **g**. Sé magn minna en 0,1 mg, skal það þó greint í **míkróg**.

g. Ef ávísað er lyfi í formi hylkja, skammta, stíla eða taflna, sem inniheldur eitt virkt efni, skal árita magn efnisins í hverri einingu. Þetta á jafnt við þó styrkleika sé ekki getið á lyfseðli (sbr. einnig h-lið 5. gr.).

h. Ekki má letra á umbúðir lyfs annað nafn, aðra samsetningu, annan styrkleika né annan þunga en nákvæmlega svarar til þess, sem úti er látið. Gildir þetta engu að síður, þótt útgefandi kunni að hafa óskað annars. Ef sérstakar ástæður mæla með því, getur landlæknir þó veitt skriflega undanþágu frá þessum fyrirmælum.

i. Ekki má áletra umbúðir lyfs heiti sérlyfs, nema um slíkt sérlyf sé að ræða. Sérlyf má ekki afhenda í stað annars samsvarandi lyfs (sérlyfs), nema útgefandi lyfseðils heimili slíkt. Ef lyfi í lyfjaskrá (lyfjaseðlasafni), sem ekki er fáanlegt nema sem sérlyf, er ávísað undir heiti lyfjaskrár (lyfseðlasafns) skal afla upplýsinga um það frá útgefanda lyfseðilsins, hvaða sérlyf skuli afhenda.

Nú er sérlyf selt undir samheiti og sé það selt undir sama samheiti frá tveimur eða fleiri framleiðendum, skal leita upplýsinga hjá útgefanda lyfseðilsins, hvaða lyfs sé óskað, sé það ekki tekið fram á lyfseðlinum.

j. Við áritun sérlyfs skal þess gætt, svo framarlega sem unnt er, að áritunarmiði lyfjabúðar sé ekki límdur yfir merkimiða sérlyfs. Áritunarmiða skal, svo framarlega sem unnt er, líma á glös, túpur o. s. frv. en ekki á ytri pappaumbúðir.

k. Um stungulyf gildir, að í áritun skal ætíð greina styrkleika þeirra í millígrömmum í millilítra (mg/ml). Ennfremur skulu þau greinilega áletruð upplýsingum um, hvernig þau skulu að jafnaði notuð. Þó er heimilt að nota eftirfarandi skammstafanir í þessum tilgangi:

im: til að dæla í vöðva
iv: til að dæla í æð
sc: til að dæla undir húð.

Umbúðir, er hafa að geyma þurrefni ætluð til tilbúnings á stungulyfjum, skal árita nafni lyfs og magni að viðbættu „ad iniectionem". Ef um er að ræða þurrefni, ætluð til tilbúnings innrennslislyfja, skal áletra umbúðir nafni og styrkleika lyfjanna að viðbættu „ad infusionem".

Um innrennslislyf (infundibilia) gildir, að í áritun skal greina styrkleika þeirra í grömmum í lítra (g/l eða g/1000 ml) og enn fremur í millímólum í lítra (mmol/l eða mmol/1000 ml).

Um innrennslisþykkni (adfundibilia) gildir, að í áritun skal greina styrkleika þeirra í millígrömmum (eða grömmum) í millilítra (mg/ml (eða g/ml)) og ennfremur í millímólum í millilítra (mmol/ml). Þau skal auk þess árita: **„Má ekki nota óþynnt".**

l. Styrkleika skolvökva skal greina í grömmum (millígrömmum) í lítra (g/l (mg/l)) og hver pakkning skal greinilega merkt „**Skolvökvi**“.
m. Um lífhimnu- og blóðskilvökva (dialytica peritonealia og hæmodialytica concentrata) gildir, að í áletrun skal greina styrkleika í grömmum (millígrömmum) (g/l (mg/l)) og ennfremur í millímólum í lítra (mmol/l). Auk þess skal áletrun gefa til kynna, hvernig lyfið er að jafnaði notað.
n. Lyf í gildandi lyfjaskrá, lyfjastöðlum og lyfjaforskriftabókum skulu að öðru leyti árituð svo sem þar er sérstaklega mælt fyrir um.

9. gr.

Almenn ákvæði um lyf í lausasölu.

Umbúðir lausasölulyfja skulu auðkenndar merkimiða lyfjabúðar (héraðslæknis, héraðsdýralæknis) og skýrt og greinilega getið heitis lyfs, styrkleika, þar sem við á, svo og magns. Ennfremur skal eftirfarandi atriða gætt við áletrun lausasölulyfja:

a. Lyf gildandi lyfjaskrár, lyfjastaðla eða lyfjaforskriftabóka skal árita íslensku heiti þess, ef til er, annars hinu latneska heiti heimildarritsins.
b. Efni, þar með taldar jurtir og jurtahlutir, sem ekki eru í gildandi lyfjaskrá eða lyfjastöðlum, skal árita sem alþýðlegustu verslunarheiti.
c. Ef um samsett lyf er að ræða, sem ekki er í gildandi lyfjaforskriftabókum, skal árita samsetninguna á íslensku eða latínu. Nú er hið samsetta lyf gert eftir þekktu forskriftarsafni, og má þá nota heiti lyfsins þar, að viðbættu heiti forskriftasafnsins, t. d. með skammstöfun.
d. Ekki má árita önnur notkunarfyrirmæli á lausasölulyf, en þau er greinir í reglugerð þessari, nema með samþykki Heilbrigðismálaráðuneytisins eða samkvæmt reglum, sem kunna að verða settar.
e. Á merkimiða lausasölulyfs, sem gert er hverju sinni sem um það er beðið, skal lyfjafræðingur (aðstoðarlyfjafræðingur) sá, er framleiðir lyfið, rita fangamark sitt með bleki og geta dagsetningar.

10. gr.

Reglur um sérstaka áletrun á umbúðir lyfja.

a. Lyf, er botnfalla eða skilja sig við geymslu, skal merkja: „**Hristist**“.
b. Tuggutöflur, þ. e. töflur, sem á að tyggja, skal merkja: „**Tyggið vandlega**“.
c. Lyf, sem eru með sýruheldri húð (sundrast ekki í maga) og lyf í hylkjum og töflum með langvarandi verkun (forðahylki, forðatöflur), skal merkja „**Gleypist**“.
d. Munnsogtöflur, þ. e. töflur, sem eiga að renna í munni, skal merkja: „**Látið töfluna renna í munni**“.
e. Endaþarmsstíla skal merkja: „**Stingist í endaþarm**“.
f. Skeiðarstíla skal merkja: „**Stingist í fæðingarveg**“.
g. Stungulyf skal merkja: „**Stungulyf**“.
h. Lyf ætlað dýrum skal merkja: „**Dýralyf**“.
i. Lyf, er innihalda difenhýdramínsambönd, cinnarizín og meclózín eða sölt af þessum efnum, skal merkja með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „**Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið**“.
j. Lyf í fljótandi formi, er innihalda hexaklórófen, ef magn fer fram úr 0.1%, skal auðkenna með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „**Gætið þess, að lyfið berist ekki um vit. Skolið vandlega af með vatni eftir notkun**“.
k. Sýklalyf til notkunar í júgur á kúm skal áletra með bláum bókstöfum á hvítum grunni: „**Eigi má nýta mjólk til manneldis meðan á lyfjameðferð stendur og eigi fyrr en þremur sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf**“, eða í lengri tíma eftir því, sem við á hverju sinni.

l. Hvers konar tetrasýklinsambönd, sem ætluð eru til inntöku, skal áletra með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „**Verkun lyfsins minnkar, ef sjúklingur drekkur mjólk eða súrmjólk eða tekur járn-, kalk- eða sýrubindandi lyf, þremur klukkustundum fyrir eða eftir töku lyfsins**“.

m. Innúðalyf, notuð við astma og innihalda sympatómímetískar amínur skal merkja með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „**Varúð. Ekki má nota stærri skammta af lyfinu en læknir hefur sagt fyrir um. Of stór skammtur lyfsins eykur ekki verkun þess, en getur verið skaðlegur**“.

n. Augndropa, augnskolvötn, augnsmyrsli og eyrnadropa skal merkja með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „**Má aðeins nota í skamman tíma eftir að umbúðir hafa verið rofnar**“.

o. Séu eftirfarandi lyf seld í lausasölu, skal auk venjulegrar áritunar áletra þau svo sem hér greinir:

I. Töflur, sem innihalda 500 mg af acetýlsalicýlsýru: „**Gefið ekki börnum yngri en 8 ára. Mesti skammtur handa börnum 8—12 ára er 1 tafla á sólarhring. Venjulegur skammtur handa fullorðnum 1—2 töflur í senn, mest þrisvar á dag**“.

II. Töflur sem innihalda 150 mg af acetýlsalicýlsýru:
„**Mesti skammtur á sólarhring handa börnum:**
½—1½ árs: ½ tafla
1½—2½ árs: 1 tafla
2½—4 ára: 1½ tafla
4—8 ára: 2 töflur
Þessa skammta má ekki gefa lengur en 2 sólarhringa í senn, nema eftir læknisráði“.

III. Guttae A—D vitamini (sbr. viðauka 1): „**Mesti skammtur handa börnum er 4 dropar á dag**“.

IV. Guttae A-C-D vitamini (sbr. viðauka 1): „**Mesti skammtur handa börnum er 10 dropar á dag**“.

V. Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín: „**Venjulegur dagskammtur: 400 a. e.**“

VI. Töflur eða hylki, sem innihalda A-vítamín: „**Venjulegur dagskammtur: 5000 a. e.**“

VII. Klófenótan og hexicíð (sbr. viðauka 1): „**Má ekki nota gegn óþrifum á svínum, alifuglum eða mjólkandi dýrum**“. Séu efni þessi notuð gegn óþrifum á mönnum eða dýrum, skal auk þess auðkenna þau svohljóðandi leiðbeiningum um notkun.

a. **Klófenótanstráduft.**
„**Notkunarreglur fyrir klófenótanstráduft:**
Duftinu er stráð og núið á þá staði, þar sem óþrifa verður vart. Strá skal duftinu á nærklæðnað beggja vegna og innan á ytri klæði. Duftið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum. Ekki skal fara í bað á milli“.

b. **Klófenótanspritt.**
„**Notkunarreglur fyrir klófenótanspritt:**
Kembið hárið með greiðu eða kambi, sem vættur er í sprittinu. Núið síðan sprittinu vel í hárið og hárssvörðinn. Sprittið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum“.

c. **Hexicíðlausn.**
„**Notkunarreglur fyrir hexicíðlausn (hársápu):**

Gegnvætið hárið með volgu vatni. Hellið 2 matskeiðum af hársápu í hárið og látið freyða. Nuddið allan hárssvörðinn vel í a. m. k. 4 mínútur. Skolið vandlega og þurrkið með þurru handklæði. Kembið hárið vandlega til þess að fjarlægja nit. Endurtakið meðferðina eftir fimm til sex daga. **Varúð:** Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni. Notið lyfið ekki oftar en tvisvar við hverja smitun og aðeins tvisvar í sömu viku. Notið ekki lyfið til venjulegra hárþvotta, né heldur, ef sár eru á hárssverði".

d. **Hexicíðáburður og hexicíðkrem.**

„Notkunarreglur fyrir hexicíðáburð eða hexicíðkrem (húðáburð eða húðkrem):

Þvoið yður og þurrkið vandlega. Berið þunnt lag af áburði (kremi) á allan líkamann, nema andlit og hársvörð. Gætið þess vandlega að þekja alla húðina. Látið áburðinn (kremið) vera á í sólarhring, en þvoið yður þá vel. Endurtakið vikulega, ef nauðsyn krefur, þó ekki oftar en 2—3 sinnum.

Varúð: Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni".

VIII. **Benzýlbenzóat áburður** (Linimentum benzyli benzoatis NORD 63). **Lyf við lús og kláðamaur. Eftir sápubað er áburðurinn borinn á allan líkamann nema andlit, þrisvar sinnum með 10 mínútna millibili. Þvoið áburðinn af eftir einn sólarhring".**

IX. Formalínspíritus með mentóli (Sol. formaldehydi spirituosa cum mentholo FncH 22): **„Mest 20 dropar í glas af volgu vatni til hálsskolunar".**

X. Lyf, sem innihalda sennaglýkósíð, skal áletra með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: **„Notist ekki lengur en í eina viku í senn, nema í samráði við lækni".**

p. Við áritun lyfja og efna, sem ætluð eru sjúkrahúsum, heilsuverndar- og heilsugæslustöðvum og öðrum slíkum stofnunum eða læknum (tannlæknum, dýralæknum) til nota við störf sín, skal auk venjulegrar áritunar, eftirfarandi atriða gætt.

I. Lyf, sem notuð eru í dropatali, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað: **„Notið í dropatali".**

II. Lyf, er varðveitt skulu í eiturskáp (sjá lista í DLS 1. hluta) og ætluð eru til útvortis notkunar eða til að bera á slímhimnur, tennur o. s. frv. svo og ætiefni og önnur álíka hættuleg efni, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum stöfum á dökkum grunni: **„Varúð — Hættulegt".**

III. Lyf og sótthreinsunarefni, sem í lyfjabúð skulu auðkennd eiturmerki og þynnt fyrir notkun á sjúkrahúsum, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað með ljósum stöfum á dökkan grunn: **„Einungis til þynningar".**

IV. Ávallt skal geta framleiðslunúmers og fyrningartíma þar sem við á.

r. Umbúðir allra lyfja skal auðkenna aðvörunarmiða með rauðu letri á hvítum grunni: **„Varúð —Geymið þar, sem börn ná ekki til".**

s. Um merkingu og umbúðir hættulegra efna vísast til reglugerðar um gerð íláta, merkingu og varnarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

11. gr.

Dýralyf.

a. I. Dýralæknum er einungis heimilt að ávísa með lyfseðli lyfjum til dýralækninga.

II. Menn, sem starfa samkvæmt 16. gr. laga nr. 31 5. maí 1970 um dýralækna, eiga rétt til þess að afla sér lyfja hjá héraðsdýralækni eða samkvæmt ávísun hans.

III. Heimilt er að láta úti án lyfseðils lyf, sem innihalda Thiabendazolum, Fenbendazolum eða Tetramizolum svo og Injectabile calcii borogluconatis.

Ekki er heimilt að láta úti án lyfseðils Piperazinum nema í blöndu með Tetramizolum eða Thiabendazolum.

Eftirtalin sermi og bóluefni er heimilt að láta úti án lyfseðils:

1. Garnaveikibóluefni, sem fer eftir reglugerð um bólusetningu til varnar garnaveiki nr. 414/1976.
2. Bráðapestarbóluefni.
3. Bóluefni gegn lambablóðsótt.
4. Bóluefni gegn lungnapest.
5. Bóluefni gegn garnaeitrun.
6. Sermi gegn lambablóðsótt.

Önnur sermi og bóluefni eru lyfseðilsskyld. Erlend ónæmisefni handa dýrum, s. s. gegn kattafári, hundapest, hundaæði, má einungis nota að fengnu skriflegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni.

b. Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, má eingöngu nota handa dýrum að fengnu skriflegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni: Arsenik, klófenótan, klóramfeníkól, samtengd efnasambönd með verkan kynhormóna, skjaldkirtilslyf.

c. Eftirtalin lyf má eingöngu nota handa dýrum, þegar dýralæknir gefur þau sjálfur:

I. Verkjastillandi lyf til inndælingar.
II. Svæfingalyf til inndælingar.
III. Sefandi lyf til inndælingar.
IV. Róandi lyf til inndælingar.
V. Ávana- og fíknilyf.
VI. Eftirtalin hormónalyf eða lyf með samsvarandi verkun: Andrógen efni, gestagen efni, gónadótróp hormón, estrógenir sterar, kortiko sterar, prostaglandín efni.

d. Afurðir af dýrum, sem gefið hefur verið hormónalyf, róandi lyf, verkjastillandi lyf, sýklalyf eða sníklalyf, eru óhæfar til manneldis meðan á lyfjameðferð stendur og fyrstu 3 sólarhringana eftir lok lyfjameðferðar hið skemmsta. Lyfjum þessum skulu fylgja skriflegar leiðbeiningar og ber dýralækni hverju sinni að gera eiganda dýrs sérstaka grein fyrir því, hve lengi afurðir eru óhæfar til manneldis.

12. gr.

Lyf, sem tannlæknar mega ávísa.

a. Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til nota við störf sín þessum lyfjum:

I. Svæfingalyfjum.
II. Staðdeyfilyfjum.
III. Lyfjum, sem innihalda flúor og ætlað er að verka staðlega í munni.
IV. Sérlyfjum, er innihalda Demeclocyclinum, kalsíumsalt (Demetylchlortetracyclincalcium NFN og Triamcinolonum acetóníð og ætlað er að verka staðlega á tennur.
V. Lyf, sem innihalda eftirtalin efni: Epinephrinum (Adrenalinum NFN), Amylii nitris, Ephedrinum, Hydrocortisonum, Nicethamidum, Oxedrinum, Pilocarpinum og Topicinum.
VI. Lyfjum þeim, sem greind eru hér á eftir (sbr. b-lið).

b. Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum þessum lyfjum:
I. Lyfjablöndum, sem innihalda Codeinum ásamt Acidum acetylsalicylicum, Phenacetinum eða Phenazonum eða skyldum lyfjum (sbr. þó 6. gr.).
II. Chlorali hydras, Chloralodolum, Phenobarbitalum (Phenemalum NFN) og sölt þess.
III. Benzódíazepínsambönd (sbr. 6. gr.).
IV. Carisoprodolum, Phenprobamatum (sbr. þó 6. gr.).
V. Penicillínsamböndum.
VI. Tetracyclinum og afbrigðum þess.
VII. Clindamycinum, Erythromycinum, Lincomycinum.
VIII. Nystatinum.
IX. Eftirtöldum lyfjum, sem innihalda flúor: Gargarisma natrii fluoridi allt að 0.2%, Solutio natrii fluoridi allt að 2% til tannpenslunar, Tablettae natrii fluoridi 0.55 mg DAK 63.
X. Klórhexidín til notkunar í munni.
XI. Lyfjum, sem innihalda eftirfarandi efni og sölt þeirra í töfluformi: Atropinum, Meprobamatum, Methadonum, Methylatropini bromidum, Methylscopolamini nitras, Mobutazonum, Oxedrinum, Oxiphenbutazonum, Promethazinum. Um Tabl. meprobamati og Tabl. methadoni gilda enn fremur ákvæði 6. gr. og eigi er tannlækni heimilt að ávísa sama einstaklingi fleiri en 10 töflum í einu, eða sem svarar 4 g af mepróbamati og 50 mg af metadónklóríði.
XII. Lausasölulyfjum.

13. gr.

Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja.

Heimilt er að selja í lausasölu:

a. Þau lyf og efni, sem greind eru í viðauka 1 með reglugerð þessari, svo og tilsvarandi sérlyf, enda skulu þau háð sömu ákvæðum varðandi áletrun og magn. Óheimilt er að láta úti þessi lyf og efni með annarri áletrun en greinir í viðaukanum.

b. Þau efni, lyf og samsetningar þeirra, sem talin eru í viðauka 2, og ætluð eru til útvortis notkunar.
áburðir (linimenta),
augnskolvötn (collyria),
eyrnardropar (otoguttae),
hlaup (gelae),
krem (cremores),
lausnartöflur (solublettae),
lausnir (solutiones),
pasta (pastae),
skeiðarstílar (vagitoria),
smyrsli (unguenta)
stráduft (conspergentia),
stifti (styli),
vaselín (vaselina).

Um undanþágur varðandi lausasölu nokkurra dýralyfja sjá 11. gr. a-lið.

14. gr.

Skipkistulyf.

Undanþegin ákvæðum þeim, er getur í Sérlyfjaskrá, lyfjaverðskrá I og II, eru lyf, sem aðeins er heimilt að láta úti gegn lyfseðli, ef þau eru ætluð í lyfjakistur skipa, sbr. reglugerð nr. 242 14. nóv. 1966 um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum. Er lyfsala þá heimilt að láta af hendi umgetin lyf gegn skriflegri beiðni skipstjóra eða úgerðarmanns. Beiðnina skal lyfsali geyma í tvö ár.

Um afgreiðslu ávana- og fíknilyfja vísast til 6. gr.

15. gr.

Áfengi til lækninga.

Um hvers konar áfengisútlát lyfjabúða og lækna og um áfengislyfseðla fer eftir reglugerð nr. 116 13. maí 1952 um sölu áfengis til lækninga eða öðrum reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt áfengislögum.

16. gr.

Ýmis ákvæði.

Nú hefur læknir lyfjasölu, af því að engin lyfjabúð er í umdæminu og komið er til hans með lyfseðil frá öðrum lækni; skal hann þá haga sér að öllu leyti eftir þeim fyrirmælum, sem í reglugerð þessari eru sett. Læknir, sem sjálfur afhendir lyf til sjúklinga sinna, skal um áritun lyfjanna og annað haga sér nákvæmlega eftir þessari reglugerð.

17. gr.

Um brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með reglum þessum, fer eftir fyrirmælum XIII. kafla lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978, gengur í gildi 1. september 1979, og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 15. febrúar 1974 með breytingum, svo og ákvæði annarra fyrirmæla, er fara í bága við fyrirmæli þessarar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

Viðauki 1.

Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a (önnur ákvæði um áletrun: Sjá 9. og 10. gr.).

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Acidum acetylsalicylicum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 500 mg. Áletrun: Sjá 10. gr. I. og II. töluliði o-liðs.	Tablettae acetylsaliclicae 500 mg NORD 63 og Tablettae magnyli 150 mg DAK 63
Acidum boricum	Mest 20 g Solutio acidi borici 2%	Áletrun: Sjá 2. gr. reglugerðar nr. 479/1977	
Acidum dichloraceticum	Ekki yfir 50%	Áletrun: Sjá 2. gr. reglugerðar nr. 479/1977	
Acidum folicum	Lyf í afmældum skömmtum, sem innihalda 1 mg eða minna	Sjá reglugerð nr. 329/1977	
Acidum trichloraceticum	Ekki yfir 50%	Áletrun: Sjá 2. gr. reglugerðar nr. 479/1977	
Adrenalinum sjá Epinephrinum			
A-vítamín	Samsettar lausnir, er innihalda ekki meira en 12 000 a. e. af A-vítamíni í grammi svo og lyf í afmældum skömmtum, er innihalda ekki meira en 12 000 a. e. í skammti.	Áletrun: Sjá 10. gr. III., IV. og VI. töluliði o-liðs.	Guttae A-C-D-vitamini DAK 63 Guttae A-D-vitamini DAK 63

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Benzocainum	Suppositoria benzocaini composita NORD 63	Áletrun: Venjulegur skammtur: 1 stíll í endaþarm kvölds og morguns.	
	Gylliniæðarsmyrsli		Unguentum chlorbutoli benzocaini DD 63
Bromisovalum	Tablettae bromisovali 300 mg NORD 63	Mest 5 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Svefntöflur. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum.	
Chininum	Tablettae chinini 100 mg NORD 63	Mest 20 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Við sinadrætti. Mest 2 töflur að kvöldi.	
	Fljótandi blöndur	Ekki yfir 0.5%.	
Chloroformium ad narcosin		Til löggiltra geldingarmanna, sbr. lög nr. 123 27. des. 1935 um geldingu húsdýra.	
Cincainum	Gylliniæðarsmyrsli	Ekki yfir 1%	Unguentum cincaini NORD 63.
Cinnarizinum	Töflur, er innihalda 10 mg eða minna	Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur. 1 tafla klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 3 töflur á sólarhring. Börn 5—12 ára, hálfan skammt. Ekki ætlað yngri börnum. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Clofenotanum	Ekki yfir 10%	Áletrun: 10. gr. VII. tölulið o-liðs Sjá einnig 7. gr. reglugerðar nr. 479/1977.	Conspergens clofenotani NORD 63 Spiritus clofenotani NORD 63.
Coffeinum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 100 mg	Tablettae coffeini 100 mg NORD 63 Tablettae coffeotyli DD 63
	Mixtúrur	Áletrun: Sjá Strychnini um nitras	B-tonicum DD 63 Tonicum DD 63
Cyano-cobalaminum	Lyf í afmældum skömmtum, sem innihalda 15 mikróg eða minna.	Sjá reglugerð nr. 329/1977.	
Dimenhydrinatum	Töflur, stílar er innihalda 100 mg eða minna.	Mest 10 töflur (stílar) handa einstaklingi. Áletrun á töflur, stíla á 100 mg: Sjóveikitöflur (sjóveikistílar). 1 tafla (stíll í endaþarm) klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 2 töflur (stílar) á sólarhring handa fullorðnum.	Tablettae anautini 100 mg DD 63.
		Áletrun á stíla á 25 mg: Sjóveikistílar. Fyrir börn 5—12 ára: 2 stílar í endaþarm 1 klukkustund áður en ferð er hafin, mest 4 stílar á sólarhring. Börn 3—5 ára, hálfur skammtur. Ekki ætlað yngri börnum. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	Supp. dimen-hydrinati 25 mg og 100 mg.

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Diphenhydraminum	Tablettae coffinautini NORD 63 Tablettae diphenhydramini 50 mg NORD 63 Mixtúrur	Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur. 1—2 töflur klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 4 töflur á sólarhring handa fullorðnum. Ekki yfir 0.3%. Mest 150 ml handa einstaklingi. Áletrun: Hóstamixtúra. 1—2 tsk. í senn. Mest 5 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	
Epinephrinum (Adrenalinum)	Lausnir blandaðar öðrum efnum	Ekki yfir 0.01%	
Ergocalciferolum	Samsettar lausnir, er innihalda ekki meira en 7 000 a. e. af D-vítamíni í grammi svo og lyf í afmældum skömmtum, er innihalda ekki meira en 1 000 a. e. í skammti.	Áletrun: Sjá 10. gr. III., IV. og V. tölulið o-liðs.	Guttae A-C-D-vitamini DAK 63 Guttae A-D-vitamini DAK 63.
Erythryli nitras	Töflur	Einstakur skammtur mest 30 mg. Mest 50 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring.	Tablettae erythryli nitratatis 5 mg NORD 63 Tablettae erythryli nitratis 30 mg NORD 63

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Glyceryli nitras	Tungurótartöflur	Einstakur skammtur 0.5 mg. Mest 100 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn undir tungu. Mest 10 töflur á sólarhring. Takmarkað geymsluþol. Óráðlegt er að skipta um umbúðir eða setja aðskotahluti í flátið.	Resoriblettae glyceryli nitratis 0.25 mg DD 63 Resoriblettae glyceryli nitratis 0.5 mg DD 63
Hexicidum	Ekki yfir 1%	Áletrun: Sjá 10. gr. VII. tölulið o-liðs. Sjá einnig 7. gr. reglugerðar nr. 479/1977.	
Hexylresorcinolum	Töflur, er innihalda 5 mg eða minna		
Hydrargyri oxicyanidum	Collyrium hydrargyri oxicyanidi NORD 63	Áletrun: Augnskolvatn	
Ipecacuanhae radix	Infusum ipecacuanhae DD 63 Infusum ipecacuanhae compositum DD 63 Mixtura ipecacuanhae pro infantibus DD 63 Syrupus ipecacuanhae DD 63	Mest 200 ml handa einstaklingi. Áletrun: 1 teskeið í senn. Mest 3 sinnum á dag handa börnum.	
Kalii jodidum	Lyf í afmældum skömmtum, er innihalda 425 míkróg I (jodum) eða minna.		
Kreosotum	Kvefmixtúra	Ekki yfir 0.3%.	

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Meclozini chloridum	Töflur	Einstakur skammtur mest 25 mg. Mest 10 töflur handa einstaklingi. Áletrun: Sjóveikitöflur. 1 tafla klukkustund áður en ferð er hafin. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum. Sjá einnig 10. gr. i-lið.	
Noscapinum	Saftir, ekki yfir 1 mg/ml	Áletrun: Hóstasaft. 1 matskeið mest 3 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára.	Syrupus noscapini DAK 63
Paracetamolum	Töflur	Einstakur skammtur 500 mg. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Upplýsingar frá framleiðanda skulu fylgja hverri pakkningu með eftirfarandi áletrun: Mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðarverkjum og sótthita af völdum inflúensu eða kvefs. Mesti skammtur á sólarhring handa börnum 7—12 ára eru 4 töflur, og 3—7 ára 2 töflur. Lyfið er ekki ætlað yngri börnum en þriggja ára. Varhugavert er að nota lyfið, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.	

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Pentanitrolum	Töflur	Einstakur skammtur mest 50 mg. Mest 100 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn. Mest 3 töflur á sólarhring.	Tablettae pentanitroli DD 63
Phenacetinum	Lyf í afmældum skömmtum.	Einstakur skammtur mest 250 mg. Mest 25 töflur handa einstaklingi. Áletrun: 1 tafla í senn við verkjum. Mest 3 töflur á sólarhring.	Tablettae phenacetyli Ph. Dan. 48
	Lausnir		Solutio hydrogenii peroxidi 3% NORD 63
Phenazoni salicylas	Lyf í afmældum skömmtum.	Einstakur skammtur mest 1 g. Áletrun: 1—2 töflur við verkjum, mest þrisvar á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára.	Tablettae coffisali DAK 50 Tablettae phenazoni salicylatis 500 mg DD 63
Phenazonum	Lyf í afmældum skömmtum	Einstakur skammtur mest 1 g. Áletrun: 1—2 skammtar (töflur) við verkjum, mest þrisvar á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára.	Dosipulveres phenazoni 1 g DD 63 Tablettae coffeini phenazoni DD 63
	Lausnir og mixtúrur		
Strychini nitras	Mixtúra	Ekki yfir 0.0015% Áletrun: 1 matskeið í senn. Mest 3 sinnum á sólarhring.	B-tonicum DD 63 Tonicum DD 63.
Súlfónamíð	Smyrsli til dýralækninga	Áletrun: Sjá 10. gr. h-lið.	

Viðauki 2.

Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. b.

Acidum boricum
Aethyli chloridum
Benzocainum
Chlorobutanolum
Chloroformium
Diphenhydraminum
Heparin
Hydrargyri amidochloridum
Hydrargyri oxidum
Iodum
Jodoformium
Lidocainum
Mepyraminum
Phenazonum
Podophyllinum
Promethazinum
Propanthelinum
Rotenonum
Tetracainum (Tetracainii chloridum Eur.)
Tolazolinum
Tripelennaminum INN

Viðauki 3 — Form símalyfseðils.

SÍMALYFSEÐILL Nr.

Læknir	Kódanr.
Nafn sjúklings	
Heimilisfang	
Sjúkrasamlag	Nafnnr.

Stimpill apóteks	Dags. Nafn lyfjafræðings

	Flokkur	Tegund	Innlent	Form	Styrkleiki	Magn	Verð	Hluti sjúklings	Hluti samlags
I									
II									
III									
Símagjald									
Læknisgjald									
Samtals kr.									

Viðauki 4 — Form lyfseðils.

LYFSEÐILL

Nafnnúmer*)	Aldur barns	Fæðingarnúmer
Nafn		
Heimili		

*) Tilgreinið nafnnúmer foreldris, ef sjúklingur er barn.

(Dags.) (Nafn útgefanda ritað eigin hendi)

	Flokkur	Tegund	Innlent	Form	Styrkleiki	Magn	Verð	Hluti sjúklings	Hluti samlags
I									
II									
III									
						Samtals			

(Stærð lyfseðils 105×210 mm)

Viðauki 5 — Form lyfseðilsafrits.

LYFSEÐILSAFRIT Nr.

Læknir	Kódanr.
Nafn sjúklings	
Heimilisfang	
Sjúkrasamlag	Nafnnr.

Stimpill apóteks	Dags.
	Nafn lyfjafræðings

	Flokkur	Tegund	Innlent	Form	Styrkleiki	Magn	Verð	Hluti sjúklings	Hluti samlags
Samtals kr.									

BYGGINGARREGLUGERÐ

I. KAFLI.

Gildissvið reglugerðarinnar

1.1. Reglugerð þessi gildir hvarvetna á landinu.

1.2. Félagsmálaráðuneytið getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt sveitarfélagi tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum reglugerðarinnar, enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn sótt um slíka undanþágu og skipulagsstjórn mælt með því, að undanþágan verði veitt.

1.3. Reglugerðin gildir um hverskonar byggingar og mannvirki, sem sótt er um leyfi fyrir hjá byggingarnefnd eftir gildistöku reglugerðarinnar, svo og um breytingar á þeim.

1.4 Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru þó:

a) götur, vegir og holræsi,
b) dreifikerfi rafmagns, síma, vatns og hita,
c) framræsluskurðir,
d) girðingar vegna landbúnaðar,
e) flugvellir,
f) hafnir,
g) virkjanir,

enda séu slík mannvirki byggð í samræmi við skipulag og á vegum opinberra aðila og undir eftirliti sérfræðinga. Húsbyggingar tilheyrandi mannvirkjum þeim, sem talin eru í stafliðum e—g, skulu þó háðar ákvæðum reglugerðarinnar.

1.5 Rísi ágreiningur um, hvort mannvirki er háð ákvæðum reglugerðar þessarar, sker félagsmálaráðuneytið úr.

1.6 Sveitarstjórnum er heimilt að setja í sérstakri byggingarsamþykkt fyllri ákvæði um stjórn og meðferð byggingarmála í sveitarfélaginu, um réttindi og skyldur iðnmeistara, byggingarstjóra og byggingarfulltrúa, svo og um önnur þau atriði, sem samþykktin tekur til. Slík viðbótarákvæði gilda einungis í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Félagsmálaráðuneytið staðfestir samþykktir samkvæmt þessari grein og öðlast þær gildi, þegar þær hafa verið birtar í B deild Stjórnartíðinda.

1.7 Ef eða að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákvæði, sem varða öryggi bygginga eða einstakra byggingarhluta eða ákvæða varðandi heilbrigðis- og hollustuhætti, tákn og skilgreiningar, skulu ákvæði eftirtalinna íslenskra staðla, ÍST, sem gefnir hafa verið út af Iðntæknistofnun Íslands (Iðnþróunarstofnun Íslands), gilda sem lágmarksákvæði eftir því sem þau eiga við.

ÍST 10, I og II hl.	Steinsteypa.
ÍST 12.1	Eigið álag byggingarefna
ÍST 12.2	Notálag
ÍST 12.3	Vindálag
ÍST 12.4	Snjóálag
ÍST 13	Jarðskjálftar, álag, og hönnunarreglur
ÍST 64	Tákn fyrir hreinlætis-, hita- og loftræsilagnir
ÍST 65	Frárennslislagnir — plastlagnir
ÍST 66	Varmatapsreikningar bygginga og byggingarhluta.
ÍST 66.1	Kólnunartölur
ÍST 67	Vatnslagnir
ÍST 68	Frárennslislagnir

ÍST 69.1	Ofnar fyrir miðstöðvar- og hitaveitukerfi Hluti I — Stálofnar
ÍST 117	Raflagnatákn

1.8 Eftirtaldir íslenskir staðlar skulu vera leiðbeinandi við hönnun bygginga:

ÍST 9 I og II hl.	Sement
ÍST 14	Þolreikningar bentrar steinsteypu
ÍST 15	Trévirki, hönnunarreglur
ÍST 16	Stálvirki, hönnunarreglur
ÍST 20	Mátkerfi
ÍST 20.1	Byggingarmát
ÍST 20.2	Hönnunarmát
ÍST 21	Salarhæð
ÍST 22	Innréttingar
ÍST 40	Gluggar úr tré
ÍST 41	Gluggaefni og gæðakröfur
ÍST 44	Einangrunargler, gæði og prófanir
ÍST 50	Flatarmál og rúmmál bygginga
ÍST 51	Byggingarstig húsa

1.9 Á þeim sviðum, þar sem íslenskir staðlar taka ekki til, skal hafa hliðsjón af ákvæðum norrænna staðla, ISO-staðla eða annarra erlendra staðla, sem Iðntæknistofnun Íslands viðurkennir.

1.10 Þegar ákvæði eins staðals tengjast ákvæðum annars staðals, skal gætt samræmis með tilliti til íslenskra aðstæðna, s. s. þegar ákvæði álagsstaðals tengjast ákvæðum þolhönnunarstaðals.

1.11 Á þeim sviðum, sem staðlar taka ekki til, skal við hönnun og framkvæmdir höfð hliðsjón af Rb.-blöðum sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gefur út, eftir því sem við á.

1.12 Auk ákvæða um brunavarnir og brunamál, sem eru tilgreind í þessari reglugerð, skal gætt ákvæða reglugerðar nr. 269 frá 9. júní 1978 um brunavarnir og brunamál, hér eftir nefnd brunamálareglugerð.

1.13 Að svo miklu leyti, sem ákvæði varðandi heilbrigðismál, mengunarmál, öryggi og hollustuhætti á vinnustað eru ekki tilgreind í þessari reglugerð, vísast í lög og reglugerðir um þau efni.

1.14 Mælieiningar skulu vera í samræmi við SI-kerfið (Systéme International d'Unités).

II. KAFLI.

Stjórn byggingarmála.

2.1 Yfirstjórn byggingarmála.

2.1.1. Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn byggingarmála, en því til ráðuneytis eru Skipulagsstjórn ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins og aðrar stofnanir, er fara með málefni, sem snerta framkvæmd laga um byggingarmál.

2.1.2. Félagsmálaráðherra sker úr ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar, en leita skal hann áður umsagnar Skipulagsstjórnar ríkisins.

2.1.3. Telji einhver rétti sínum hallað með ályktun byggingarnefndar eða sveitarstjórnar, er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðar félagsmálaráðherra innan þriggja mánaða frá því honum var kunnugt um ályktunina.

2.1.4 Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurð um ágreining, sbr. 2.1.3., innan þriggja mánaða frá því að kæra berst ráðuneytinu, en áður skal hann hafa leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar (byggingarnefndar) og Skipulagsstjórnar.

2.2 Byggingarnefndir.

2.2.1 Í hverju sveitarfélagi skal kjósa byggingarnefnd á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar.

2.2.2. Byggingarnefnd skal skipuð 3, 5 eða 7 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum, sjá þó 2.3.2. Um kosningu byggingarnefndar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, sbr. 37. og 38. gr. laga nr. 58/1961.

2.2.3. Geti aðalmaður ekki sótt fund, skal hann boða eða láta boða varamann sinn á fundinn. Ef aðalmaður fellur frá, flyst brott úr sveitarfélaginu eða forfallast á annan hátt varanlega, skal varamaður taka sæti hans það, sem eftir er kjörtímabilsins. Skal þá sveitarstjórn kjósa varamann til sama tíma. Sama gildir, ef varamaður flyst burt eða forfallast varanlega.

2.2.4. Byggingarfulltrúi eða staðgengill hans skal sitja fundi byggingarnefndar, svo og slökkviliðsstjóri, sbr. 1. 1. 6. í brunamálareglugerð. Sveitarstjórn getur ákveðið, að aðrir starfsmenn sveitarfélags, sem fjalla um byggingarmál, skipulagsmál, heilbrigðismál og brunavarnir, sitji fundi byggingarnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

Skipulagsstjóri ríkisins, eða staðgengill hans, hefur rétt til setu á fundum byggingarnefnda með málfrelsi og tillögurétti.

2.2.5. Byggingarnefnd skal kosin til fjögurra ára. Nefndin kýs sér formann og varaformann og ritara þar, sem ástæða þykir til.

2.2.6. Sá byggingarnefndarmanna, sem elstur er, skal kveðja nefndina saman til fyrsta fundar og stýra fundi hennar, uns formaður og varaformaður hafa verið kosnir. Formaður boðar fundi byggingarnefndar, þó getur byggingarnefnd falið byggingarfulltrúa að annast fundarboðun og ritun fundargerða.

2.2.7. Fundir byggingarnefndar skulu boðaðir með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Að jafnaði skal greina dagskrá í fundarboði.

2.2.8. Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi a. m. k. einu sinni í mánuði, svo fremi að erindi liggi fyrir til afgreiðslu. Nefndin ákveður nánar fundardaga, fundartíma og fundarstað.

2.2.9. Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi, sbr. 2.2.4.

2.2.10. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum byggingarnefndar. Mál telst samþykkt, ef það fær meirihluta greiddra atkvæða, enda taki meirihluti nefndarmanna þátt í atkvæðagreiðslu.

Nú tekur meirihluti nefndarmanna ekki þátt í afgreiðslu máls, og telst því máli þá frestað til næsta fundar, en á þeim fundi er öllum nefndarmönnum skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um málið. Komi fram rökstudd ósk um frestun á afgreiðslu máls, er heimilt að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar.

2.2.11. Þegar byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers nefndarmanna eða einhvern þeirra, sem sitja fundi hennar, s. s. ef hann hefur gert uppdrátt eða sent umsókn, sem nefndin fjallar um, skal hlutaðeigandi víkja af fundi meðan málið er afgreitt.

2.2.12. Synji byggingarnefnd byggingarleyfisumsókn, skal synjunin rökstudd, ef þess er sérstaklega óskað.

2.2.13. Byggingarnefnd skal halda gerðabók. Skal í gerðabók skrá öll þau erindi, sem lögð eru fram á fundum nefndarinnar og hverja afgreiðslu þau hljóta.

2.2.14. Heimilt er hverjum fundarmanni að láta bóka sérálit sitt, sé hann ekki samþykkur ályktun meirihlutans.
2.2.15. Í lok hvers fundar skulu viðstaddir fundarmenn undirrita fundargerð.
2.2.16. Fundargerðir byggingarnefndar skal leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar.
2.2.17. Samþykki sveitarstjórn ályktun byggingarnefndar um byggingarleyfi, öðlast ályktunin gildi, þegar fullnægt hefur verið ákvæðum IV. kafla laga nr. 54/1978, sbr. og 2. mgr. 6. gr. laga. 117/1978 um nýbyggingargjald.
2.2.18. Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan 2ja mánaða frá því að hún var gerð, öðlast hún eigi að síður gildi, enda sé fullnægt að öðru leyti lagaákvæðum og ákvæðum þessarar reglugerðar og ekki leiki vafi á því, að fundargerð nefndarinnar hafi borist sveitarstjórn, formanni hennar eða framkvæmdastjóra.

2.3. Svæðisbyggingarnefndir.
2.3.1. Heimilt er sveitarfélagi að hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða sveitarfélög um kosningu svæðisbyggingarnefndar.
2.3.2. Neyti sveitarfélög heimildar skv. 2.3.1., skulu þau gera með sér samning um stofnun svæðisbyggingarnefndar. Í samningnum skal m. a. kveðið á um fjölda nefndarmanna, um ráðningu sameiginlegs byggingarfulltrúa, svo og hvernig skipta skuli kostnaði af störfum nefndarinnar og byggingarfulltrúa. Jafnan skal a. m. k. einn fulltrúi hvers aðildarsveitarfélags eiga sæti í svæðisbyggingarnefnd og skal hann kosinn af viðkomandi sveitarstjórn.
2.3.3. Ákvæði kafla 2.2 um byggingarnefndir gilda um svæðisbyggingarnefndir, eftir því sem við getur átt.
2.3.4. Ályktanir svæðisbyggingarnefndar skal bera undir hlutaðeigandi sveitarstjórnir, þ. e. sveitarstjórn í því sveitarfélagi, þar sem bygging eða mannvirki er, sem ályktunin varðar.

2.4. Verksvið byggingarnefnda.
2.4.1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags eða sveitarfélaga hlutaðeigandi umdæmis, ef um svæðisbyggingarnefnd er að ræða, undir yfirstjórn sveitarstjórnar (sveitarstjóra) og félagsmálaráðuneytis.
2.4.2. Byggingarnefnd hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða um byggingarmálefni, sbr. 1.7—1.13. hér að framan.
2.4.3. Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir, sbr. nánar í 3. kafla þessarar reglugerðar.
2.4.4. Sveitarstjórn (sveitarstjórnir) getur falið byggingarnefnd að fjalla um og gera tillögur til sveitarstjórnar um skipulagsmál.
2.4.5. Byggingarnefnd skal gera tillögur til sveitarstjórnar um nöfn á götum, torgum, hverfum og bæjarhlutum.
2.4.6. Sveitarstjórn getur falið byggingarnefnd stjórn nánar tiltekinna mála, sem varða skipulags- og byggingarmálefni. Sama geta sveitarstjórnir, sem aðild eiga að svæðisbyggingarnefnd.
2.4.7. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu fyrir hvert einstakt verk, er þeir taka að sér, sbr. 4.5. og 4.6.

Byggingarnefnd veitir iðnmeisturum viðurkenningu skv. 4. kafla, enda hafi þeir lokið meistaraskóla, eða hlotið hliðstæða menntun og séu starfandi í iðn sinni. Á meðan meistaraskóli er ekki fyrir hendi í næsta nágrenni byggingarnefndarumdæmis, þarf ekki meistaraskólapróf til viðurkenningarinnar.

Byggingarnefnd getur hlutast til um, að haldin verði sérstök meistaranámskeið af viðkomandi iðnskóla og að iðnmeistarar fái ekki viðurkenningu fyrr en þeir hafa sótt slík námskeið. Byggingarnefnd skal veita byggingarstjórum og iðnmeisturum viðurkenningu án tillits til búsetu, enda hafi þeir tilskylda menntun og starfsreynslu.

Iðnmeistarar og byggingarstjórar skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir ábyrgist, að byggingarframkvæmdir verði í samræmi við samþykkta uppdrætti og ákvæði laga og reglugerðar þessarar.

2.4.8. Byggingarnefnd getur veitt hönnuðum, iðnmeisturum, byggingarstjórum og öðrum, sem bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, áminningu, ef þeir brjóta í bág við ákvæði laga, reglugerða og samþykkta um byggingarmálefni.

Sé um gróft eða ítrekað brot að ræða getur ráðherra svift hönnuði löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Á sama hátt getur byggingarnefnd svift iðnmeistara og byggingarstjóra viðurkenningu, sbr. 9.1.4., 9.1.5. og 9.1.6.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

Nr. 310. 31. júlí 1979.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, nr. 185, 26. apríl 1979.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 330.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 8,25 kr./M CAL miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

A. Fyrir mæla allt að ¾″	kr.	2 200.00
B. Fyrir mæla allt að 2″	—	4 400.00
C. Fyrir mæla allt að 3″	—	8 800.00

D. Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

III. KAFLI

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald.

Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m³ (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 400	kr. 423 200
400 að 2 000	— 423 fyrir 400 m³ + 338 kr./m³ þar yfir
2 000 að 6 000	— 964 000 fyrir 2.000 m³ + 288 kr./m³ þar yfir
6 000 að 10 000	— 2 116 000 fyrir 6.000 m³ + 254 m³ þar yfir
meira en 10 000	— 3 132 000 fyrir 10 000 m³ + 220 kr/ m³ þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

A. Fyrir mæli allt að ¾″	kr.	60 000.00
B. Fyrir mæli allt að 1½″	—	120 000.00
C. Fyrir mæli allt að 3″	—	240 000.00

10. gr. orðist þannig:
Gjöld samkvæmt gjaldskrá eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1979, 309 stig.
Fjarhitun er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.
Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 185, 26. apríl 1979.

Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

31. júlí 1979. Nr. 311.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113, 3. apríl 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
Vatnsgjald allt að kr. 2 392.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist þannig:
Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera sem hér segir:

400— 2000 m³	260 112 f.	400 m³	og kr.	205.00	pr. m³ þar yfir
6000—10000 m³	1 303 190 f.	6000 m³	og kr.	161.00	pr. m³ þar yfir
meira en 10000 m³	1 968 570 f.	10000 m³	og kr.	132.00	pr. m³ þar yfir.

7. gr. orðist þannig:
Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísutölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1979, 280 stig.
Er Veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259, 16. júní 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 1 254.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjald kr. 2 870.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er kr. 3 000.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

Nr. 313. 31. júlí 1979.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með tilvísun til 62. gr. Orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, frá og með 1. ágúst 1979.

A. Hitataxtar hækki sem hér segir:

4.1.	Orkugjald	kr.	26.62 á kWst.
4.2.	Orkugjald	kr.	12.81 á kWst.
4.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	kr.	132 575.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	kr.	26 515.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	kr.	5.53 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	kr.	41.90 á kWst.
4.4.	Orkugjald	kr.	7.29 á kWst.
6.1.	Orkugjald	kr.	36.46 á kWst.
6.2.	Orkugjald	kr.	17.73 á kWst.
6.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	kr.	179 810.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	kr.	35 962.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	kr.	7.50 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	kr.	41.90 á kWst.
6.4.	Orkugjald	kr.	10.24 á kWst.

B. Aðrir taxtar hækki um 15.5%.
C. Heimtaugagjöld hækki um 20%.
D. Heildsölugjaldskrá hækki um 15.0%.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hækki til samræmis við hækkaða gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Margrét Traustadóttir.

31. júlí 1979. Nr. 314.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58, 29. maí 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám (með síðari breytingum) eftirtalinna rafveitna frá og með 1. ágúst 1979:

Rafmagnsveita Reykjavíkur gjaldskrá nr. 195 2. maí 1979	17.0%
Rafveita Hafnarfjarðar gjaldskrá nr. 196 2. maí 1979	17.0%
Rafveita Húsavíkur gjaldskrá nr. 246 28. maí 1979	17.5%
Rafveita Akraness gjaldskrá nr. 277 14. júní 1979	9.0%
Rafveitur Reykjaness:	
Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhr. gjaldskrá nr. 230 15. maí 1978	18.0%
Rafveita Grindavíkur gjaldskrá nr. 253 23. maí 1978	18.0%
Rafveita Miðneshrepps gjaldskrá nr. 274 10. maí 1978	18.0%
Rafveita Gerðahrepps gjaldskrá nr. 242 23. maí 1978	18.0%
Rafveita Njarðvíkur gjaldskrá nr. 230 15. maí 1978	18.0%
Rafveita Keflavíkur gjaldskrá nr. 252 23. maí 1978	18.0%
Rafveitur Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar gjaldskrá nr. 224 11. maí 1979	8.0%[1]
Rafveita Selfoss gjaldskrá nr. 198 11. maí 1979	7.5%[2]
Rafveita Siglufjarðar gjaldskrá nr. 243 29. maí 1979	17.5%
Rafveita Vestmannaeyja gjaldskrá nr. 369 4. okt. 1978	17.5%
Rafveita Sauðárkróks gjaldskrá nr. 245 28. maí 1979	17.0%
Rafveita Akureyrar gjaldskrá nr. 227 8. maí 1979	17.0%

[1]) Hitagjaldskrárliðir nr. 41—44 hækki um 23.5%.
[2]) Þó hækkar taxti 2.1. um 17%., taxti 4.1. um 23% og mælaleiga um 23%. Heimtaugagjöld hækki um 15%.

Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

Stjórnartíðindi B 38, nr. 300—314. Útgáfudagur 31. júlí 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1979

Nr. 315 612 16. júlí 1979.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar árið 1979.

1. gr.

Til 20. ágúst 1979 er íslenskum skipum óheimilt að stunda loðnuveiðar. Tekur bann þetta bæði til loðnuveiða innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Auk aflatilkynninga til loðnunefndar skulu skipstjórar tilkynna hversu mikill hluti aflans fékkst utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

3. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

4. gr.

Sé skipstjóri fiskiskipa í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

5. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðu, sbr. 3. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eða ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 110 15. mars 1979, um bann við loðnuveiðum 1979.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

27. júlí 1979. Nr. 316

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 195/1978, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0,375 l	0,50 l	0,75 l	1,0 l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín ..	kr. 1 100	1 300	1 800	2 200
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	kr. 1 250	1 500	2 000	2 500
3. Íslenskar áfengistegundir	kr. 3 050		5 770	
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	kr. 4 750	5 700	8 020	9 800

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	kr. 5 500	pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	kr. 4 800	pr. karton
3. Smávindlar	kr. 700	pr. 10 stk.
Meðalstærð	kr. 3 600	pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	kr. 4 800	pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 318 12. september 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1979.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 315—316. Útgáfudagur 2. ágúst 1979.

B 76

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1979

Nr. 317. 614 31. júlí 1979.

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1979.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 520 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1979. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptast þannig milli eftirgreindra hreppa.

1.	Fjallahreppur	5	hreindýr
2.	Skeggjastaðahreppur	5	—
3.	Vopnafjarðarhreppur	12	—
4.	Fljótsdalshreppur	55	—
5.	Jökuldalshreppur	55	—
6.	Fellahreppur	35	—
7.	Tunguhreppur	35	—
8.	Hlíðarhreppur	14	—
9.	Hjaltastaðahreppur	15	—
10.	Borgarfjarðarhreppur	9	—
11.	Seyðisfjarðarhreppur	7	—
12.	Seyðisfjörður	7	—
13.	Skriðdalshreppur	33	—
14.	Vallahreppur	40	—
15.	Egilsstaðahreppur	15	—
16.	Eiðahreppur	20	—
17.	Mjóafjarðarhreppur	7	—
18.	Norðfjarðarhreppur	7	—
19.	Helgustaðahreppur	9	—
20.	Eskifjörður	7	—
21.	Reyðarfjarðarhreppur	15	—
22.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	7	—
23.	Búðahreppur	7	—
24.	Stöðvarhreppur	7	—
25.	Breiðdalshreppur	20	—
26.	Beruneshreppur	15	—
27.	Búlandshreppur	7	—
28.	Geithellahreppur	15	—

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

29. Bæjarhreppur	14	hreindýr
30. Nesjahreppur	14	—
31. Hafnarhreppur	7	—
	520	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr. en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 260/1978 um hreindýraveiðar árið 1978.

Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 318. 2. ágúst 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Orðin: „Þá skal reglugerð þessari ekki framfylgt að svo stöddu eða þar til annað verður ákveðið, utan miðlínu milli grunnlína Jan Mayen annars vegar og Íslands hins vegar.“ í síðustu málsgrein 1. gr. falla niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. ágúst 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 — 1979

19. júlí 1979. 617 Nr. 319.

REGLUGERÐ

um öryrkjavinnu

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal eftir óskum öryrkja en í samráði við Endurhæfingarráð og öryrkjasamtök ráða örorkulífeyrisþega til vinnu hjá einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum, öðrum en vernduðum vinnustöðum.

2. gr.

Tryggingayfirlæknir skal áður en vinnusamningur er gerður kanna heilsufar umsækjanda, einkum með tilliti til:

a) hvort umsækjandi er öryrki á því stigi, að telja megi, að hann verði örorkulífeyrisþegi a. m. k. næstu 3 árin.
b) hvort telja megi líklegt, að umsækjandi sé, frá heilsufarslegu sjónarmiði, fær um að gegna því starfi, sem hann vill ráðast til.

3. gr.

Á undan ráðningasamningi skal að jafnaði fara a. m. k. 4ra vikna reynslutími, nema atvinnurekandi sé reiðubúinn að gera 3 ára samning án reynslutíma. Upphaf reynslutíma sé staðfest bréflega af öryrkja og atvinnurekanda og lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Á reynslutímanum falla örorkubætur til öryrkjans ekki niður enda þótt Tryggingastofnunin taki þátt í launagreiðslum þann tíma, sbr. 4. gr. Fylgi sérstakur kostnaður reynslutímanum, t. d. vegna námskeiðs, má greiða uppbót á lífeyri öryrkjans, með hliðsjón af venjulegum reglum um uppbætur.

4. gr.

Að loknum reynslutíma og að jafnaði innan 3 mánaða skal gengið frá vinnusamningi, sem undirritaður skal af vinnuveitenda og af deildarstjóra lífeyrisdeildar f. h. Tryggingastofnunar ríkisins. Öryrkinn áritar samþykki sitt á samninginn.

Vinnusamningur skal gerður til þriggja ára og í honum tekið fram, að Tryggingastofnun endurgreiðir vinnuveitenda 75% af fastakaupi öryrkjans fyrsta árið, 50% annað árið en 25% hið þriðja. Verði um vaktaálag, bónusgreiðslur eða yfirvinnu að ræða, tekur Tryggingastofnunin ekki þátt í henni, nema í sérstökum undantekningartilfellum, sem metin eru af deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar.

Í atvinnusamningi skal greint það starf, sem öryrkjanum er ætlað að leysa af hendi og vinnustaður, svo og við hvaða taxta eða kjarasamning kaup skuli miðað.

Auk fastakaupsins og annarra kjara, sem skal vera það sama og gildandi er á hverjum tíma milli launþegasamtaka og atvinnurekenda í viðkomandi starfsgrein, skal tryggingastofnunin greiða til atvinnurekanda sama hlutfall og að framan

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

greinir á öllum launatengdum gjöldum, sem atvinnurekandinn greiðir vegna öryrkjans.

Vinnusamningur er óuppsegjanlegur af hálfu öryrkjans og Tryggingastofnunar ríkisins á meðan atvinnurekandi stendur við hann. Af hálfu atvinnurekenda er samningurinn óuppsegjanlegur nema öryrkinn verði til frambúðar ófær um að gegna starfinu að læknis áliti, staðfestu af tryggingayfirlækni.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiði atvinnurekenda hlutfall af launum öryrkjans skv. 4. gr. gegn framvísun launakvittunar undirritaðri af launþega eftir hverja útborgun.

Hlutfallsgreiðsla af launatengdum gjöldum vegna launþegans endurgreiðir Tryggingastofnunin eftir á eftir eitt ár í senn gegn framvísun kvittana þar að lútandi og afriti af launaseðlum og tilskyldum gögnum sendum skattyfirvöldum.

Jafnframt gefur Tryggingastofnun skattyfirvöldum upp endurgreidd vinnulaun til atvinnurekenda eftir hvert ár.

6. gr.

Meðan vinnusamningur stendur og Tryggingastofnunin greiðir til atvinnurekenda skv. 4. gr., falla örorkubætur til öryrkjans niður. Aðrar tengdar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo sem barnalífeyrir, falla ekki niður nema skv. sérstakri ákvörðun tryggingaráðs.

7. gr.

Vinnusamning samkv. framansögðu má gera um hluta úr heilsdags starfi. Tryggingastofnun greiðir þá sama hlutfall og í 4. gr. segir af greiddum launum og launatengdum gjöldum. Hálfar örorkubætur falla niður, ef um hálft starf er að ræða. Ekki má gera vinnusamninga við fleiri en einn atvinnurekanda í senn um hluta úr starfi.

8. gr.

Komi upp ágreiningur á milli atvinnurekanda og öryrkja um framkvæmd vinnusamnings, skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins kynna sér málavöxtu. Heimilt er þá að rifta samningum, ef sýnt þykir, að ósamkomulag sé á milli áðurnefndra aðila í þeim mæli, að ólíklegt sé, að öryrkinn muni haldast við störf hjá fyrirtæki því, er hann réðst til.

Komi til riftunar samnings á atvinnurekandi ekki rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins nema hlutfall af þeim launum, sem hann hefur greitt launþega.

9. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 59 20. maí 1978 um breytingu á lögum nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. júlí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar

I. KAFLI.

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot og hvers konar óspektir eru bönnuð á almannafæri. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Með almannafæri er átt við vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangar, torg og bryggjur, svo og afgreiðslustaði bifreiða og annarra samgöngutækja. Um veitingastaði, kvikmyndahús og önnur samkomuhús, knattborðsstofur o. þ. h. gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur, til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða í síma eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu.

5. gr.

Á fjölförnum vegum, eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, renna sér á sleðum eða skautum, þannig að trufli umferð eða valdi hættu. Lögreglustjóri getur þó heimilað leiki barna og sleðaferðir á tilteknum vegum og svæðum, enda séu þá gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð.

6. gr.

Bannað er að kasta snjókúlum, grjóti eða öðru því, sem valdið getur vegfarendum tjóni eða óþægindum. Eigi má kveikja í sprengiefnum á almannafæri, né bera þar logandi blys eða kyndla, nema með leyfi lögreglustjóra. Öll meðferð og notkun hvellsprengja er bönnuð.

7. gr.

Hvers konar notkun skotvopna er bönnuð á Heimalandinu. Þó getur lögreglustjóri veitt einstökum mönnum undanþágu til að aflífa þar dýr eða eyða varfugli. Einnig getur lögreglustjóri og bæjarstjórn veitt skotfélögum undanþágu fyrir sérstök, afmörkuð æfingasvæði. Að öðru leyti gilda áfram ákvæði samþykktar um fuglaveiði í Vestmannaeyjum, frá 16. júní 1955.

8. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannamæri, að hann misbjóði almennu velsæmi eða geti raskað allsherjarreglu.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögrelgan krefst þess.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlíða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við slíka aðstoð á fatnaði eða limum, en lögreglustjóri á aðgang að hinum seka. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi slökkviliðs, lögreglu, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

12. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð, með þeim undanþágum sem taldar eru í þessari grein.

Blöð og bæklinga má selja á almannafæri svo og aðgöngumiða að íþróttaleikjum. Merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða að útihátíðum og annað þessu skylt má selja á almannafæri, að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss og til farandsölu, að uppfylltum skilyrðum laga um verslunaratvinnu.

13. gr.

Gangstéttir meðfram götum og gangstígar eru eingöngu ætlaðir gangandi mönnum. Um þær má ekki fara á reiðhjóli eða flytja eftir þeim neitt það, sem vegfarendum getur stafað hætta eða truflun af.

14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi, umfram það sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Bæjarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar mega standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þær.

15. gr.

Ekkert má hafa það í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi og valdið skaða þeim er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum. Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan gæta þess að hreinsa snjóhengjur og grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu fyrir vegfarendur. Þakrennum og frárennslum frá þeim, skal jafnan haldið þannig við, að ekki stafi af þeim hætta né óþægindi. Gangstígum að húsum skal sömuleiðis halda vel við og ekkert má þar vera, sem vegfarendum stafar hætta af. Bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða er hlýst af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

16. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo, innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri, á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

17. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri neinu því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu. Umráðamenn og eigendur lóða eða lendna skulu gæta þess, að á þeim safnist eigi fyrir neitt það, sem fokið getur og valdið tjóni eða er til óþrifnaðar eða lýta fyrir umhverfið. Eigi má hafa á opnum svæðum óbyrgða brunna, safnþrær, skúra eða forir, sem börnum eða öðrum vegfarendum getur stafað hætta af.

III. KAFLI.

Um umferð á götum.

18. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum á hverjum tíma.

19. gr.

Öllum vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum. Sérstaka tillitsemi skal ætíð sýna þeim, sem hafa skerta sjón eða heyrn eða eru fatlaðir á annan hátt.

Heimilt er blindum og mjög sjóndöprum mönnum að auðkenna sig í umferð með því að bera borða um vinstri handlegg fyrir ofan olnboga. Borðinn skal vera a. m. k. 8 sm breiður, gulur að lit með þremur svörtum deplum, er mynda þríhyrning.

Blindum mönnum er og heimilt að auðkenna sig með því að bera göngu- eða þreifistaf með hvítu endurskini.

Skylt er að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera framangreind merki blindra.

Blindur maður eða sjóndapur skal rétta fram hægri hönd eða slá niður staf sínum, ef hann æskir aðstoðar vegfarenda og er þá skylt að aðstoða hann.

Blindur maður eða sjóndapur, sem óskar að komast yfir götu, gefur það til kynna með því að rétta fram höndina eða stafinn og er þá ökumönnum skylt að taka tillit til hans og nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Heyrnarlausum mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi, fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind.

20. gr.

Hámarkshraði ökutækja er 45 km á klukkustund í þéttbýli og 70 km utan þess. Ökumenn skulu þó ávallt gæta fyrirmæla umferðarlaga um minni ökuhraða og sérstaka varúð, svo sem þegar skyggni, umferð, ástand vegar eða aðrar sérstakar aðstæður gefa tilefni til.

21. gr.

Bannað er að aka á móti eða fram hjá skrúðgöngum eða hópgöngum, svo sem er fólksfjöldi streymir að eða frá íþróttavelli eða öðrum fjöldasamkomum. Skal þá víkja úr vegi, ef unnt er, en nema staðar ella, meðan þær fara fram hjá.

22. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um einstakar götur eða vegi. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða, að tilteknar götur skuli vera göngugötur, og setja, í samráði við lögreglustjóra, sérstakar reglur um umferð á þeim, enda sé þeirra jafnan getið í samþykkt þessari.

23. gr.

Ljósatími er frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás, eins og fyrir er mælt í umferðarlögum.

24. gr.

Óheimilt er ökumönnum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess. Þeir skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að ökutæki þeirra eða farþegar valdi eigi á einn eða annan hátt hávaða er raski friði.

25. gr.

Ökutæki sem flytur möl, sand, mold o. þ. h. skulu svo gerð, að ekki falli af þeim, þar sem farið er um. Þegar ekið er með fisk eða fiskúrgang, skal búnaður ökutækja vera þannig gerður, að ekki geti lekið af þeim slor eða annað, sem valdið getur hættu eða óþrifnaði.

26. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt leyfið óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða ef aðstæður breytast verulega, að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiðaafgreiðslna.

27. gr.

Hjól og belti ökutækja skulu vera þannig, að ekki skemmi þau yfirborð gatna.

28. gr.

Ekki má leggja ökutæki við vegamót, ef staða ökutækis tálmar útsýn yfir veg, eða er nær vegamótum en 5 m miðað við húsalínu.

IV. KAFLI.

Um hundahald.

29. gr.

Hundahald er bannað í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu til hundahalds með þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í næstu grein hér að neðan.

30. gr.

a) Sækja skal skriflega um undanþágu til hundahalds til bæjarskrifstofunnar. Sé undanþága veitt, skal eigandi hundsins fá afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæðin við það miðuð.

c) Skylt er hundaeigendum að vera félagi í Hundavinafélagi Vestmannaeyja og skulu félagsmenn hafa hunda sína vátryggða. Lágmarksvátryggingarfjárhæð skal vera samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundur bundinn á einkalóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo, að hundurinn komist hvergi út af lóðinni. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, fiskvinnslustöðvar, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kaupstaðarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kaupstaðinn fara, til óþæginda.

f) Hundaeiganda ber að hlíta, að öðru leyti, lögum og reglum, er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

31. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot, í fyrsta skipti. Eigandi hundsins verður þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, fellur niður viðkomandi undanþága til hundahalds. Yfirvöld skulu þá ávallt gefa leyfishafa kost á því, að koma hundinum á brott úr kaupstaðnum.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

32. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fela Hundavinafélagi Vestmannaeyja að framkvæma í sínu umboði þau störf, sem bæjarstjórn er falið að annast samkvæmt samþykkt þessari, enda sé fyrirgreiðsla við hundaeigendur óháð aðild að hundavinafélaginu.

V. KAFLI.

Um búfjárhald.

33. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) er óheimilt í Vestmannaeyjum nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

34. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 31. gr., skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókn skal greina fjölda þess búfjár sem leyfis er óskað fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

35. gr.

Nú telur bæjarstjórn, að aðstæður til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi, sem bundið er skilyrði m. a. um fjölda búfjár, meðferð þess og vörslur. Leyfið má veita til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar þess. Leyfisveiting er þó ætíð uppsegjanleg með eins árs fyrirvara, en fyrirvaralaust, ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár.

36. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur ekki Vestmannaeyjakaupstað til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari, skal ætíð hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem það kann að valda.

37. gr.

Haldi maður án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, eða brjóti gegn skilyrðum leyfisveitingar, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því. Allan kostnað þessu samfara skal hinn brotlegi greiða.

38. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir veitt leyfi.

Bæjarstjórn skal láta halda skrá um allar leyfisveitingar og sé þar getið skilyrða fyrir leyfisveitingu.

VI. KAFLI.

Um friðun almenningseigna o. fl.

39. gr.

Mannvirki og hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýðis á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

40. gr.

Enginn má skemma girðingar eða klifra yfir þær eða upp um þær. Óheimilt er að troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur eða nokkuð annað á grasreitum manna.

41. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi.

42. gr.

Flöskur má aldrei brjóta á almannafæri eða á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra og skal leyfið aðeins veitt á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí.

VII. KAFLI.

Um uppfestar auglýsingar.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva og aðrar skemmtanir sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðenda.

44. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI.

Um veitingastaði, samkomuhús og almennar skemmtanir.

45. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við rekstur-inn.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði sem að dómi heil-brigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

46. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur um ofsafengið atferli. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neins konar veitingar á almennum matsölustöðum.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting veitingastaða og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 43. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

47. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka kl. 23.30 til kl. 7.00 og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½

stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.
Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hýbýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23.30 og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann tíma.

48. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda skemmtanir án aðgangseyris eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almenningsþarfir.

49. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu utan fastra kvikmyndahúsa, og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

50. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinbera samsöngva eða aðrar söngskemmtanir né heldur dansleiki, án leyfis lögreglustjóra.

51. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara í burtu. Einstökum mönnum, sem ítrekað gerast brotlegir, má banna aðgang. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

52. gr.

Sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er af, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

IX. KAFLI.

Um útivist barna og unglinga o. fl.

53. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, tímabilið 1. september til 30. apríl ár hvert og ekki eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.
Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

54. gr.

Ungmenni yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

55. gr.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfi sinna um lengri eða skemmri tíma.

56. gr.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessa kafla séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

57. gr.

Bannað er að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

58. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

59. gr.

Öll sala á tóbaki og tóbaksvörum til barna innan 16 ára aldurs er óheimil.

60. gr.

Ef nauðsynlegt þykir eða óhjákvæmilegt að fela börnum eða ungmennum starf í frystihúsum, skipum eða annars staðar, þar sem vélar eða önnur hættuleg tæki eru staðsett og notuð, skal það því aðeins heimilt, að barnið sé yfir 14 ára og að foreldri, aðrir forráðamenn eða sérstakir trúnaðarmenn viðkomandi barnaverndarnefndar hafi tryggt eftirlit með högum barnsins við vinnuna. Í slíkum tilvikum séu börn eða ungmenni frekar höfð við úti- en innistörf og eingöngu á stöðum, þar sem auðvelt er að fylgjast nákvæmlega með þeim.

X. KAFLI.

Um samgöngur við skip.

61. gr.

Lögreglustjóri getur í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfninni, ef sérstök ástæða þykir til.

62. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf, til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur almennings við erlend skip.

XI. KAFLI.

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

63. gr.

Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Verði misbrestur þar á og umráðamaður sinnir ekki tilmælum yfirvalda um úrbætur getur bæjarstjórn látið hreinsa lóðir eða lendur manna á þeirra kostnað.

64. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, sem valdið getur óþrifnaði, óheilnæmi eða óprýði á lóðir eða opin svæði. Olíusora, grút, fiskúrgang eða annað rusl er óheimilt að losa í höfnina eða svo nærri landi, að það berist á fjörur. Innanbæjar má ekki kveikja í rusli eða sorptunnum.

65. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem ódaun leggur af, og allri atvinnustarfsemi skal hagað á þann veg, að gufur, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum umfram það, sem óhjákvæmilegt er.

66. gr.

Forráðamenn fyrirtækja og stofnana skulu gæta þess, að lóðum og öðrum athafnasvæðum þeirra sé eftir föngum haldið hreinum og þrifalegum, allt jarðrask lagfært strax og aðstæður leyfa og ekkert það látið safnast þar fyrir að nauðsynjalausu, sem er til óprýði eða óþrifnaðar.

Úr vanrækslu í þessum efnum getur bæjarstjórn látið bæta á kostnað hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar. Sama gildir eftir atvikum um brot gegn ákvæðum 64. og 65. greinar.

67. gr.

Þeim aðilum, sem standa fyrir samkomum eða hátíðarhöldum á almannafæri, er skylt að fjarlægja allt rusl og lagfæra eftir föngum allt rask af völdum gesta sinna að samkomu eða hátíð lokinni. Skulu þeir sjálfir greiða af því allan kostnað.

XII. KAFLI.

Um öryggisráðstafanir við verklegar framkvæmdir.

68. gr.

Óheimilt er að gera skurði í gangstéttir eða götur, eða hefjast handa um nokkrar slíkar framkvæmdir, sem umferð fólks og ökutækja getur stafað hætta eða truflun af, nema til þeirra hafi verið aflað heimildar frá lögreglustjóra og bæjarstjórn.

Leyfi fyrir slíkum framkvæmdum má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru talin, svo sem varúðarmerkingar, leiðsögn sérstaks eftirlitsmanns, framkvæmdatíma og frágang að verki loknu.

69. gr.

Þegar byggt er hús eða annað mannvirki á almannafæri eða slíkt mannvirki rifið, skal skýra lögreglustjóra frá því áður en framkvæmd verksins hefst. Skylt er þeim, sem verkið vinnur, að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur.

Grunna eða aðrar gryfjur skal ætíð girða og auðkenna tryggilega og skal sérstakrar varúðar gætt er slíkar gryfjur eru brattar eða djúpar eða ef í þær safnast vatn.

Umbúnaður byggingarpalla og annars útbúnaðar skal ætíð haga svo, að starfsmönnum eða vegfarendum stafi sem minnst hætta af.

Að vinnudegi loknum skal fjarlægja eða ganga tryggilega frá öllu efni eða tækjum, sem hætta gæti stafað af og loka mannvirki tryggilega fyrir allri umferð, strax er aðstæður gera slíkt mögulegt.

Allt jarðrask skal eftir föngum lagfæra og jafna, strax og aðstæður leyfa, og fjarlægja uppmokstur og annað afgangsefni.

70. gr.

Þegar börn eða ungmenni eru ráðin til starfa við verklegar framkvæmdir skal þess gætt, að þeim sé ætíð veitt greinargóð tilsögn og verkstjórn. Forðast skal að fela þeim stjórn hættulegra tækja eða störf við aðstæður, sem sérstök slysahætta fylgir eða þar sem heilsu þeirra er hætta búin.

XIII. KAFLI.

Um staðargildi, refsiákvæði o. fl.

71. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja, þar með talin svæði utan skipulags og Úteyjar, eftir því sem við á.

72. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 60 000.00 ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldrastað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

73. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála, og skulu sektir renna í bæjarsjóð. Hagnað af broti hins sakaða sem enginn á löglegt tilkall til, má gera upptækan í bæjarsjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 41 31. mars 1928, reglugerð um hundahald í Vestmannaeyjum nr. 242 12. maí 1975 og samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum nr. 238 22. júlí 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

1. gr.

Umferðarmáladeild fólksflutninga á landi hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum með bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf fyrir, undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins og annast útgáfu réttindaskírteina fyrir greindum akstri.

2. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga á hverri einstakri leið veitir þeim aðila, sem starfrækir sérleyfisferðirnar, rétt til þátttöku í hópferðaakstri með tveim bifreiðum án greiðslu hópferðaréttindagjalds. Auk þess fá sérleyfishafar rétt til að nota fastabifreiðar á sérleyfisleiðum sem varabifreiðar í hópferðum án greiðslu hópferðaréttindagjalds, þegar þær eru ekki bundnar í sérleyfisferðum. Óski sérleyfishafi þátttöku í hópferðaakstri með fleiri bifreiðum en að framan greinir, skal hann greiða fyrir það hópferðaréttindagjald, samanber 3. málsgrein þessarar greinar.

Þeir aðilar, sem öðlast réttindi til hópferðaaksturs, skulu greiða sérstakt hópferðaréttindagjald.

Upphæð gjaldsins skal vera krónur 500.00 — fimm hundruð krónur — á ári fyrir hvert sæti þeirra bifreiða, er hópferðaréttindin eru veitt fyrir, í bifreiðum frá 9—19 farþega. Krónur 10 000.00 — tíu þúsund krónur — á ári eða hluta úr ári fyrir hverja bifreið frá 20—30 farþega. Krónur 11 000.00 — ellefu þúsund krónur — á ári eða hluta úr ári fyrir hverja bifreið 31—40 farþega og krónur 12 000.00 — tólf þúsund krónur — á ári eða hluta úr ári fyrir hverja bifreið frá 41 til 60 farþega.

Hópferðaréttindagjaldið greiðist fyrirfram við móttöku hópferðaréttindaskírteinis.

3. gr.

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir o. þ. l. með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 8 farþega, nema hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi fyrir hverri einstakri ferð.

Undanþegnar hópferðaleyfisskyldu eru hópferðir, ferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa réttindi til hópferðaaksturs. Umferðarmáladeild annast útgáfu hópferðaleyfa, og ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaakstur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið.

Binda má leyfið við notkun ákveðinnar bifreiðar á ákveðinni leið.

Óheimilt er að auglýsa hópferðir eða sætaferðir nema að hafa til þess sérstakt leyfi frá umferðarmáladeild.

Í auglýstum hópferðum, þegar seld eru einstök sæti, er heimilt að nota farseðla, sem umferðarmáladeild gefur út til notkunar í slíkum ferðum, og gilda farseðlarnir þá jafnframt sem hópferðaleyfi.

4. gr.

Í hópferðaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfi með í bifreiðinni eða farseðla frá umferðarmáladeild, sem jafnframt gilda sem hópferðaleyfi, sbr. 3. gr. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga skal miðast við ákveðnar leiðir. Í hverju sérleyfi skulu vera ákvæði um ferðatilhögun og fargjöld á sérleyfisleiðinni, svo og um póstflutninga. Sömuleiðis ákvæði er skylda sérleyfishafa til að halda uppi flutningum á leiðinni, svo lengi sem umferðarmáladeildin telur nauðsynlegt, og tíð leyfir og vegir teljast færir að áliti vegamálastjóra.

Nú er nokkur hluti sérleyfisleiðar ófær bifreiðum og er þá sérleyfishafi skyldur til að leita álits umferðarmáladeildarinnar, hvort halda skuli uppi flutningum á þeim hlutum leiðar, sem er fær bifreiðum. Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður eða fækka ferðum á sérleyfisleið án þess að hafa fengið til þess samþykki umferðarmáladeildarinnar.

Sérleyfi skal óframseljanlegt.

6. gr.

Umferðarmáladeildin annast innheimtu sérleyfisgjalds af sérleyfisferðum og leyfðum sætaferðum.

Sérleyfisgjaldið greiðist fyrirfram við móttöku farseðla eða hópferðaleyfa eða við kassauppgjör úr farseðlavélum, sem samþykktar eru af umferðarmáladeildinni.

7. gr.

Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið, og má þá enginn annar en sá, er slíkt sérleyfi hefur fengið, halda uppi fólksflutningum á leiðinni eða kafla úr henni eftir föstum áætlunum, nema hafa til þess undanþágu frá ráðherra samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en veitt er sérleyfi eða undanþága skal leita umsagnar skipulagsnefndar fólksflutninga um málið.

8. gr.

Umferðarmáladeildin setur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga og sérleyfishafa, ferðaáætlun og gjaldskrá á sérleyfisleiðum.

Við ákvörðun ferðaáætlana og gjaldskrár skal hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum og tillögum frá sérleyfishöfum. Sérleyfishafi er skyldur til að fylgja áætlun um burtfarar- og komutíma, svo og gjaldskrá, er umferðarmáladeildin setur. Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun eða gjaldskrá, skal hann senda umferðarmáladeildinni skriflega beiðni um það, og ákveður hún, hvort gera skuli slíka breytingu. Umferðarmáladeildin getur hvenær sem er, ef sérstök ástæða er til, breytt ferðaáætlun og gjaldskrá, en leita skal þó áður álits viðkomandi leyfishafa. Ef flutningum seinkar eða ferðir falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar í stað tilkynna það umferðarmáladeildinni og tilgreina ástæður.

Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun umferðarmáladeildar um ferðaáætlun eða gjaldskrá, og sker þá ráðherra úr, en leita skal þó áður álits skipulagsnefndar fólksflutninga. Skyldur er sérleyfishafi til að hlíta ákvörðun umferðarmáladeildar þar til ráðherra hefur skorið úr.

9. gr.

Sérleyfishafi er skyldur til að fullnægja flutningsþörfinni á þeirri leið, sem hann hefur sérleyfi á, eftir því sem tekið er fram í sérleyfi hans. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, má ákveða, að einn þeirra eða fleiri séu aðalsérleyfishafi, og ber hann eða þeir ábyrgð á, að flutningsþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Farþegar skulu skyldir til að panta farseðla með minnst eins klukkutíma fyrirvara áður en áætlunarferð sérleyfisbifreiðar hefst, þegar um 40—100 km ferð er að ræða. En með þriggja klst. fyrirvara sé um lengri ferðir en 100 km að ræða. Hefjist slíkar ferðir fyrir kl. 11 árdegis, skal farþegum skylt að panta farseðla ekki seinna en kl. 19 kvöldið áður.

Hverjum farþega er heimilt að hafa í fari sínu, án sérstakrar greiðslu, farangur, er nemi allt að 20 kg að þyngd.

Sérleyfishafi er ekki skyldur að leggja til aukabifreið fyrir færri en 5 farþega á lengri leiðum en 100 km vegalengd.

10. gr.

Sérleyfishafi skal á aðalviðkomu- og endastöðum, svo og í sérleyfisbifreiðunum, birta ferðaáætlun og gjaldskrá með auglýsingum á hentugum stöðum.

11. gr.

Skylt skal sérleyfishöfum og þeim, er fá undanþágu ráðherra til fólksflutningaaksturs, að afhenda öllum farþegum tölusetta farseðla, er gerðir séu eftir fyrirsögn og undir eftirliti umferðarmáladeildarinnar. Farseðlar séu afhentir eigi síðar en um leið og farþegar stíga í bifreiðina. Skylt er farþegum að geyma farseðlana meðan á ferð stendur og sýna þá eftirlitsmönnum, sé þess krafist. Sérleyfishafi er skyldur til að láta umferðarmáladeildinni í té allar upplýsingar um tölu farþega, fjölda ferða, rekstrarreikninga og annað, er máli skiptir varðandi sérleyfisaksturinn, eftir fyrirmælum umferðarmáladeildarinnar á hverjum tíma.

12. gr.

Sérleyfishafa er skylt að flytja póst samkv. reglum og gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum póst- og símamálastofnunar og skipulagsnefndar fólksflutninga. Er reglur eru settar og gjaldskrá samin, skal að svo miklu leyti sem við verður komið, hafa hliðsjón af rökstuddum upplýsingum frá sérleyfishöfum.

13. gr.

Skylt er sérleyfishafa, ef bifreið hans bilar eða verður ónothæf, að útvega aðra í hennar stað, sem umferðarmáladeild tekur gilda.

14. gr.

Skylt er sérleyfishafa og hópferðarréttindahafa að kaupa og halda við tryggingum fyrir bifreiðar sínar samkv. ákvæðum laga. Nær tryggingarskyldan einnig til bifreiða, sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru endrum og sinnum til fólksflutninga.

Sérleyfishafi og hópferðaréttindahafi, bifreiðastjórar þeirra og afgreiðslumenn skulu jafnan gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni.

Kærur út af sérleyfisakstri og hópferðaakstri skulu sendar umferðarmáladeild skriflega.

Halda skal bifreiðum þrifalegum að utan og innan, eftir því sem við verður komið. Skal gæta þess, að áletrun á skrásetningarmerki sé jafnan vel læsileg. Sérleyfishafi er skyldur til að sjá um, að framan á bifreiðum hans í föstum áætlunarferðum sé merkt greinilega nafn leiðar, sem bifreiðin ekur.

15. gr.

Gæta skal þess að aka þannig, að vegunum sé hlíft við skemmdum eftir því, sem við verður komið. Þyki vegamálastjóra vegakafli liggja undir skemmdum af

akstri þungra bifreiða, getur umferðarmáladeildin í samráði við hann ákveðið, að áætlunarferðir skuli falla niður á meðan svo stendur á.

16. gr.

Leita skal álits skipulagsnefndar fólksflutninga um veitingu sérleyfa, hópferðaréttinda og undanþága, sem veittar eru til lengri tíma en eins mánaðar. Einnig um tilhögun ferða á sérleyfisleiðum og annað það, er máli skiptir í skipulagningu fólksflutninga.

17. gr.

Falli sérleyfi af einhverri ástæðu niður, tekur ráðherra að fengnum tillögum umferðarmáladeildar og skipulagsnefndar fólksflutninga, ákvörðun um, hvort veita skal aftur sérleyfi á sömu leið. Verði svo ákveðið, skal auglýsa sérleyfið til umsóknar, og skal í auglýsingunni tekið fram vegalengd, fjöldi ferða og fargjöld á leiðinni.

Umsækjandi skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum og hvers konar bifreið hann hyggst nota til flutninganna.

18. gr.

Sérleyfishafa er skylt, á sérleyfistímabilinu, að fylgja ákvæðum laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum og reglugerða og skilmála, sem settir eru samkvæmt þeim, svo og að hlíta breytingum, er gerðar kunna að verða, og þá einnig þeim breytingum er umferðarmáladeildin kann að gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfishöfum, svo og aðra tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu.

Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru eða settir verða samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum, og skal hann þá tilkynna það umferðarmáladeildinni skriflega.

19. gr.

Heimilt er umferðarmáladeildinni að krefjast þess að fá aðgang að öllum reikningum og bókum sérleyfishafa, er við kemur sérleyfisflutningum.

Umferðarmáladeildin getur látið stöðva bifreiðar fyrirvaralaust, sé um eftirlit að ræða eða meint brot á sérleyfislögum.

Nú telur sérleyfishafi sig órétti beittan af öðrum, sem flutninga stunda, eða af þeim, sem flutninga nota, og skal hann þá senda skriflega umkvörtun til umferðarmáladeildar. Sé um brot að ræða á sérleyfislögum eða öðrum lögum eða reglugerðum, sendir umferðarmáladeildin málið til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

20. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, frá 1 000 til 10 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 15. ágúst 1966, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 143 1. júní 1966, um skipulagningu á fólksflutningum með bifreiðum, með síðari breytingu nr. 193 13. júní 1969.

Samgönguráðuneytið, 5. júlí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystri rækju fyrir tímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir tímabilið 1. júní til 30. september 1979:

Vélskelflett rækja	U. S. $ pr. lb. Cif.
Blokkfryst	3.45
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.45
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.63
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.02
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.21

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. júní 1979.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

Nr. 323. 9. júlí 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979:

	U. S. $ pr. lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	2.80
Blokkfrystur hörpudiskur	2.60
Rauður hörpudiskur	1.50

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júlí 1979.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með tilvísun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979:

Þorskur:	U. S. cent pr. lb. Cif.
4x14 m/r 5—8 oz.	101.80
4x14 m/r 8—12 oz.	104.00
4x14 m/r 12—16 oz.	105.52
4x14 m/r 1—3 lbs.	107.00
4x14 m/r 8—12 oz. (S. Í. S.)	107.00
4x14 r/l 8—12 oz.	112.95
4x14 r/l 12—16 oz.	117.41
4x14 r/l 1—3 lbs.	121.87
10x5 og 3x18	141.00
5x8	159.00
5x10 og 6x10	145.50
4x10	145.50
4x12	141.00
4x13	141.00
4x15	150.00
12x1	123.00
Blokk reg.	108.00
Blokk m/þunnildum	108.00
Blokk O. R.	102.60
Blokk m/beingarði	100.00
Þunnildablokk U. S. A. að 12%	108.00
Þunnildablokk U. S. A. umfram 12%	97.20
Þunnildablokk Evrópa	70.00
Marningsblokk	60.00
Ýsa:	
4x14 m/r 4—8 oz.	103.29
4x14 m/r 8—12 oz.	111.46
4x14 m/r 12—16 oz	117.41
4x14 m/r 16 oz. og yfir	118.89
4x14 m/r (S. Í. S.)	122.61
10x5	145.50
3x18, 4x13 og 4x12	150.00
12x1	132.00
Blokk reg.	115.00
Blokk O. R.	109.25
Blokk m/beingarði	106.00
Þunnildablokk Evrópa	55.00
Marningsblokk	60.00
Marningsblokk (þunnildi)	33.00

Steinbítur:	
8x7 r/l	78.25
10x5	175.00
12x1	139.00
Blokk reg.	115.00
Hökkuð blokk	40.00
Karfi:	
8x7 m/r	78.25
10x5 m/r	96.00
10x5 r/l	96.00
10x5 Sea Star	87.90
4x10 Sea Star	84.30
5x8 m/r og b/l 4—8 oz.	105.00
5x8 m/r og b/l 8 oz. og yfir	114.00
3x8 kg, Japan	62.60
1x20 (S. Í. S.)	87.30
4x6 kg, r/l lagp.	99.72
4x10 m/r (S. Í. S.)	91.50
12x1 m/r	100.00
12x1 r/l	105.00
Blokk reg.	90.00
Marningsblokk	35.00
Ufsi:	
8x7 r/l	63.28
10x5	83.40
4x12 og 4x13	84.30
4x14	69.52
Blokk reg.	75.00
Blokk m/beingarði	70.00
Þunnildablokk U. S. A. að 12%	75.00
Þunnildablokk U. S. A. umfram 12%	67.50
Marningsblokk	40.00
Langa:	
8x7 r/l	78.25
10x5	85.00
Blokk reg.	75.00
Marningsblokk	20.00
Keila:	
8x7 r/l	78.25
Blokk reg.	65.00
Lýsa:	
Blokk reg.	85.00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg.	63.72
Heilfr. hausuð yfir 2 kg.	51.08
Heilfr. hausuð 1—2 kg	43.81

Heilfr. m/h U. S. S. R.	34.47
4x12 lagp.	89.00
4x10, 6x10 og 4x14	89.17
Blokk U. S. S. R.	78.25
Blokk U. S. A.	68.00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	34.47

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1979.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

16. júlí 1979. Nr. 325.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. apríl til 31. júlí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. apríl til 31. júlí 1979:

Spærlingsmjöl, $ 6.37 á próteineiningu í lest.
Kolmunnamjöl, $ 6.37 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við F. O. B. og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 326.50.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1979, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979:

Fiskmjöl, $ 6.31 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðið miðast við F. O. B. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

Nr. 327. 12. júní 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði frysts humars á humarvertíð 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1979:

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9	kr.	3 737.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12	—	3 588.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15	—	3 289.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18	—	2 990.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24	—	2 691.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
24—30	—	2 392.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

B 5×5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9	kr.	3 289.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12	—	3 139.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15	—	2 940.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18	—	2 541.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24	—	2 242.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

6X5 lbs. og 5X6 lbs. í skel með görn.

7—12	kr.	2 412.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	—	2 109.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
15—30	—	1 721.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
30—45	—	1 345.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
45—60	—	1 056.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
60 og yfir	—	754.00	pr. lb. Cif. U. S. A.

5X3 kg. í skel með görn.

45—60 kr. 1 056.00 pr. lb. Cif. Milano.

6X5 lbs. í skel með görn.

7— 9	kr.	3 365.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
9—12	—	3 229.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	—	2 960.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18	—	2 691.00	pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24	—	2 422.00	pr. lb. Cif. U. S. A.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

25. júní 1979. Nr. 328.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Arnarstapahöfn í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Arnarstapahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Flögutá í stefnu á Búðartanga að sunnan, en að austan af beinni línu, sem hugsast dregin úr Látrarsnoppu í stefnu á Gölt, þar til hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 fulltrúum og 2 varafulltrúum, sem kosnir eru af hreppsnefnd. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil hafnarnefndar er 4 ár.

Hafnarvörður, eða sá, sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarnefnd sér um skrifstofuhald, fjármál og reikningsskil hafnarinnar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eða umsjónarmann og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón, annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

III. KAFLI.

Um almenna reglu á höfninni og hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu, affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða (Sjá 24. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fisk, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til. Ekki má láta olíur, eða vatn mengað olíu, renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða þilfar skipsins.

IV. KAFLI.

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið. Leggist skipið við

hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar þar, sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því ber hafnarverði að sjá um, að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvort þau skulu flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið, að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta fjarlægja skipið á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt úr skipi eða á skip, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá, hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum eða öðru þess háttar, er skylt að hafa svo tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en eigandi skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI.

Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það að líta eftir, hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó að það sé mannlaust, sé það svo þétt að áliti hafnarnefndar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda að ekki stafi af því nein hætta. Á þessum skipum skal tendra ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðarreglum um skip, er liggja fyrir akkeri. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi, og skal skipstjóri ganga úr skugga um, að hafnarvörður sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins.

Hafnarnefnd getur krafist þess, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og búsetu það nálægt hafnarsvæðinu, að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, ef færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snerta.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um, að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI.

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, bensín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum "B" að degi til, en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI.

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem hafnarstjórn semur í samræmi við 26. gr. hafnalaga nr. 45/1973, og samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það, áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

28. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

29. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Arnarstapahöfn nr. 183 15. september 1943.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 329. 16. júlí 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af deiliskipulagi af Hvammahverfi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. júlí 1979 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi af Hvammahverfi í Hafnarfirði með fyrirvara um nánari útfærslu á fjölbýlishúsasvæðinu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir.

Félagsmálaráðuneytið 16. júlí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 330. 25. júlí 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219/1976 um gatnagerðargjöld fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist þannig:

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum og skulu eftirstöðvar bera vexti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar við hverja álagningu.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði Búðardals, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þáttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	1.5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsn.	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 140.00, af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, samb. einbýlishús hver íb.	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalda miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir 1. mars ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkv. gr. 3 hvern fyrir sig, eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkv. 3. gr., skulu vera samkv. eftirfarandi: Úthlutun er háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s., að lóð fellur aftur til sveitarfélagsins hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	3%
Tveggja hæða íbúðarhús	2%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofuhús	3%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsn.	1.5%
Opinberar byggingar	3%
Bílskúrar	3%
Önnur hús	3%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 210.00 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en gjald miðað við 300 m^3 hús.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

9. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 8. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem gildir þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðaltalsvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

10. gr.

Hreppsnefndinni er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 8. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald samanb. 13. gr.

b) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðlana samkv. 8. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 8. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddaga afborgana og vaxta, svo og vaxtaprósentu ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Gjöld samkv. 3. og 8. gr. breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. og 8. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem var í gildi 1. mars 1979.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, Dalasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. júní 1979. Nr. 332.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Arnarstapahafnar í Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

I. KAFLI

Um hafnargjöld Arnarstapahafnar.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestargjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest. Þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestargjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Vörugjöld.

4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

5. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

6. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 383.00/tonn:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, víkur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 810.00/tonn:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 2 240.00/tonn:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 219.00/rúmmetra:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr 185.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

9. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 9.50 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

10. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

11. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

12. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

13. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

14. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga .

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið 25. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 333. 9. júlí 1979.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar opinberra gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, skulu vera sem hér segir:

a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, sbr. 5. mgr. 46. gr. l. nr. 68/1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. 8. gr. l. nr. 60/1973 um breyting á þeim lögum. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægri gjöld verði lögð á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum samkvæmt þessum staflið. Skattstjóri ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum gjöldum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörslum Gjaldheimtunnar.
b. Álögð gjöld, að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum, þ. 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember.
c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein, skulu inntar af hendi í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun Gjaldheimtunnar.
d. Vangreiðsla á hluta gjalda samkvæmt þessari grein, veldur því, að öll gjöld gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

19. júlí 1979. Nr. 334.

REGLUGERÐ

um skráningu innlendra sérlyfja.

1. gr.

Innlendum lyfjum skal skipt í 2 flokka varðandi skráningarmeðferð:

a) Lögbókarlyf (lyf framleidd skv. gildandi framleiðsluforskriftum) og lyf, sem framleidd eru skv. óstuðluðum framleiðsluforskriftum.
b) Ný lyf.

2. gr.

Lyf sem talin eru í 1. gr. a-lið og sótt verður um skráningu á, skulu skráð með samheitum. Heiti, sem notuð hafa verið í áraraðir, ýmis blönduð lyf (t. d. magnyl,

B-kombín, koffíplex), eru í þessu sambandi einnig talin samheiti. Um merkingu lyfja almennt vísast til reglna um merkingu sérlyfja (dreifibréf 13/1978 L).

Umsóknir um skráningu skulu berast á sömu eyðublöðum og notuð eru við skráningu erlendra sérlyfja.

Lágmarkskröfur er gera skal til skráningargagna með umsóknum um skráningu lögbókarlyfja sbr. 1. gr. a-lið.

1) Nákvæmar upplýsingar um virkt (virk) efni lyfsins svo og öll hjálparefni, sem notuð eru við gerð lyfsins, þar með talin nákvæm lýsing á aðferðum til magnákvörðunar, hreinleikaprófs, sannkennslisprófs svo og upplýsingar um eðlisfræðilegar og efnafræðilegar einkennistölur efnanna.
2) Upplýsingar um geymsluþol og geymsluákvæði lyfsins.
3) Upplýsingar um merkingar lyfsins.
4) Upplýsingar um verð lyfsins, umbúðir og pakkningastærðir.
5) Upplýsingar um ábendingar lyfs, frábendingar, skammtastærðir handa fullorðnum og börnum, hámarksskammtastærðir, aukaverkanir, milliverkanir og eiturverkanir.
6) Framleiðendum er gefinn kostur á að senda fyrirspurnir til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, hvort nauðsynlegt teljist að frásogstilraunir á einstökum lyfjum séu gerðar og mun það metið í hverju einstöku tilviki.

3. gr.

Ný innlend sérlyf, sbr. 1. gr. b-lið, lúti sömu reglum um skráningu og þeim, sem í gildi eru hverju sinni, um skráningu erlendra sérlyfja, sbr. reglugerð 451/1976 ásamt áorðnum breytingum og breytingum sem settar kunna að verða. Ný innlend sérlyf má skrá með samheiti.

4. gr.

Aðlögunartími nýskráðra innlendra sérlyfja skal vera 1 ár frá skráningu þeirra lyfja, er falla undir 1. gr. a-lið, þ. e. að framleiðsluforskrift lögbókarlyfja skuli felld úr gildi ½ ári eftir að samsvarandi lyf hefur verið skráð á sérlyfjaskrá. Heimilt er að afhenta viðkomandi lögbókarlyf í smásölu í 1 ár eftir að það hefur verið skráð sem sérlyf.

Sömu reglur gilda um lyf, sem hingað til hafa verið framleidd samkvæmt óstöðluðum forskriftum.

5. gr.

Innlend sérlyf skulu tekin upp í Lyfjaverðskrá II. Lyfjaeftirlit ríkisins staðfestir framleiðsluverð (heildsöluverð) lyfjanna að fengnum tillögum viðkomandi framleiðanda.

6. gr.

Skráningar- og árgjöld innlendra framleiðenda skulu vera helmingur þeirra upphæðar, er erlendir framleiðendur greiða, skv. gildandi reglugerð hverju sinni, uns annað verður ákveðið.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. 2. tl. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. júlí 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979:

Óverkaður saltfiskur	U. S. $ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 650.00
Millifiskur nr. 1	2 475.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 150.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 990.00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. ágúst 1979.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

31. júlí 1979. Nr. 336.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

Í stað „35 km" í 30. gr., sbr. samþykkt nr. 131 2. maí 1974, komi: 45 km.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 1 400 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 16 800 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 329 29. ágúst 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 338. 31. júlí 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af legu Vestfjarðavegar um Önundarfjörð í Mosvallahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þ. 30. þ. m., staðfest uppdrátt af legu Vestfjarðavegar um Önundarfjörð í Mosvallahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Mosvallahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 339. 14. maí 1979.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Grindavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið að taka upp einstefnuakstur um Skólabraut í Grindavík til vesturs.

Lögreglustjórinn í Grindavík, 14. maí 1979.

Jón Eysteinsson.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1978.

A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:

Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.		kr.	5 288 404 643
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.		—	316 500 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfélaga skv. 16. gr.		—	63 460 000
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag		—	62 078 442
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag		—	62 078 442
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag		—	310 407 708
Húsfriðunarsjóður, framlag		—	10 211 370
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframl. 1978		—	18 427 386
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframl. 1977		—	506 075
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga:			
Fyrir árið 1977	kr. 471 124		
Fyrir árið 1978	— 4 338 959		
		kr.	4 810 083
Tekjuafgangur fluttur á höfuðstól		—	71 286 608
		Alls kr.	6 208 170 757

Tekjur:

Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu		kr.	4 156 893 845
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu			1 287 890 380
Landsútsvör:			
Bankar		kr.	58 386 296
Aðrir	kr. 922 170 719		
— ¼ hluti sveitarfél.	— 230 380 795		
		kr.	691 789 924
Sérstakur tekjuskattur:			
Kísiliðjan h. f. og Johns Manville	kr. 48 235 422		
— til Húsavíkurkaupstaðar	— 24 059 875		
— til Skútustaðahrepps	— 17 473 649		
		kr.	6 702 898
Nettóskil vegna 1977		—	6 197 414
		Samtals kr.	6 207 860 757
Vaxtatekjur		kr.	310 000
		Alls kr.	6 208 170 757

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

Greiðslufjárreikningar:		**855 207 957**
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissj.	kr.	580 016 171
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	—	200 519 444
Sveitarfélög, viðskiptareikningar	—	119 580
Landshlutasamtök sveitarfélaga	—	1 039 558
Gjaldendur landsútsvara	—	73 513 204

Lánareikningar:			1 112 744 769
Innheimtustofnun sveitarfélaga		kr.	1 109 244 769
Siglufjarðarkaupstaður		—	2 000 000
Skútustaðahreppur		—	1 500 000
		Alls kr.	1 967 952 726

Skuldir:

Greiðslufjárreikningar:			1 575 733 586
Samband ísl. sveitarfélaga		kr.	38 839
Lánasjóður sveitarfélaga		—	28 159 011
Innheimtustofnun sveitarfélaga		—	18 427 386
Sveitarfélög, viðskiptareikningar		—	10 567 091
Framlagsfé til sveitarfélaga:			
Af óinnheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun	kr. 440 184 291		
Af rekstrarreikningi 1978	— 139 831 880		
		kr.	580 016 171
Af innheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun	kr. 905 852 899		
Af rekstrarreikningi 1978	— 5 528 532 763		
	Samtals kr. 6 434 385 662		
Úthlutað á árinu 1978:			
Almenn framlög skv. 13. gr.			
222 470 íbúar x 23 000	kr. 5 116 810 000		
÷ skerðing	— 909 426		
	5 115 900 574		
Aukaframlög skv. 15. gr.	— 316 500 000		
Fólksf.framl. skv. 16. gr.	— 63 460 000		
	kr. 5 495 860 574	kr.	938 525 088
Eiginfjárreikningar:			392.210 140
Höfuðstóll í ársbyrjun	kr. 320 932 532		
Tekjuafgangur 1978	— 71 286 608	—	392 219 140
		kr.	1 967 952 726

Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1978.

Tekjur:

1.	Eignir sjóðsins 1. janúar 1978.		
	a) Innstæða í Landsb. Íslands	kr. 86 275.00	
	b) Vextir af sama	kr. 18 468.00	
			kr. 104 743.00
2.	Spariskírteini ríkissjóðs að nafnverði		— 160 000.00
3.	Happdrættislán ríkissjóðs		— 1 000.00
		Samtals	kr. 265 743.00

Gjöld:

1.	Innstæða í Landsb. Íslands	kr. 103 993.00
2.	Leiga á bankahólfi	— 750.00
3.	Spariskírteini ríkissjóðs	— 160 000.00
4.	Happdrættislán ríkissjóðs	— 1 000.00
	Samtals	kr. 265 743.00

Reykjavík, 29. janúar 1979.

Ólöf Sigurjónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins Gerðuminning fyrir árið 1978 og teljum hann rétt færðan. Bankainnstæða og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 2. febrúar 1979.

Vigdís Jónsdóttir. Guðrún Markúsdóttir.

Nr. 342.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1978.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	42 962.00
	kr.	42 962.00

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	42 962.00
	kr.	42 962.00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1978.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	250 001.00
	kr.	250 001.00

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1978	kr. 207 039.00	
Hreinar tekjur árið 1978	kr. 42 962.00	kr. 250 001.00
		kr. 250 001.00

Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1979.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 343.

REIKNINGUR

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

REIKNINGSYFIRLIT
frá 10/12 1976 til 31/12 1978.

Eignir:

Spariskírteini ríkissjóðs	kr. 221 720 000.00
Innstæða í Seðlabanka	— 236 180 778.00
	Kr. 457 900 778.00

Skuldir:

Ógreiddir styrkir		kr. 13 560 000.00
Höfuðstóll hinn 31/12 '78:		
Stofnhöfuðstóll 10/12 '76	kr. 300 000 000.00	
Tekjur umfram gjöld	— 144 340 778.00	kr. 444 340 778.00
		Kr. 457 900 778.00

Tekjur:

Vextir af innstæðu	kr. 153 153 285.00
Verðhækkun spariskírteina	— 60 771 112.00
	kr. 213 924 397.00

Gjöld:

Styrkveitingar	kr. 69 030 000.00
Ýmis kostnaður	— 553 619.00
Tekjur umfram gjöld	kr. 144 340 788.00
	kr. 213 924 397.00

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

RÍKISENDURSKOÐUNIN, Reykjavík, 15. mars 1979.

Halldór V. Sigurðsson.

STJÓRN ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐS

Björn Bjarnason. Jóhannes Nordal. Eysteinn Jónsson.

Gils Guðmundsson. Gísli Jónsson.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1978.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	80 109.00
		80 109.00

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	80 109.00
		80 109.00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1978.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	461 639.00
		461 639.00

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. jan. 1978	kr.	381 530.00	
Hreinar tekjur árið 1978	—	80 109.00	kr. 461 639.00
			461 639.00

Samgönguráðuneytið, 27. apríl 1979.

Brynjólfur Ingólfsson.

2. júlí 1979. Nr. 345.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Á bifreiðastæðum sunnan Hamraborgar við húsin nr. 2—14 skulu bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur í senn fyrir hverja bifreið á þeim tíma sem verslanir eru almennt opnar.
2. Á bifreiðastæðum norðan Digranesvegar milli akbrautar og pósthúss skulu bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í senn fyrir hverja bifreið.
3. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við vestanverða Hrímborg að sunnanverðu, þ. e. við gangstétt norðan útibús Útvegsbanka Íslands.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 2. júlí 1979.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Laugateigi til austurs frá Gullteigi að Reykjavegi. Heimilt verður að leggja ökutækjum beggja vegna götunnar þar sem einstefnuakstur-inn er.

Framangreindar reglur taka gildi 1. ágúst 1979.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. júlí 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 347. 1. júní 1979.

AUGLÝSING

um umferð á Flateyri.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Flateyrarhrepps, og samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Flateyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu:

I. Aðalbrautir:
1. Hafnarstræti.
2. Brimnesvegur. Umferð eftir Brimnesvegi víki þó fyrir umferð eftir Hafnarstræti.
3. Tjarnargata. Umferð eftir Tjarnargötu víki þó fyrir umferð eftir Hafnarstræti og Brimnesvegi.

II. Einstefnuakstursgötur:
1. Unnarstígur er ekinn skal til vesturs.
2. Ránargata er ekin skal til austurs.
3. Sundið milli Hafnarstrætis og Grundarstígs, er ekið skal til vesturs.
4. Bárugata, er ekin skal til vesturs.

III. Bifreiðastöður eru bannaðar við vesturkant Grundarstígs milli Bárugötu og Túngötu.

Þetta kunngerist hér með Flateyringum og öðrum þeim sem leið eiga um Flateyri, til eftirbreytni.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 1. júní 1979.

Már Pétursson, settur.

Stjórnartíðindi B 41, nr. 319—347. Útgáfudagur 14. ágúst 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1979

22. ágúst 1979. 661 Nr. 348.

REGLUGERÐ

skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

Merking orða í þessari reglugerð er sem hér segir:

„Bú" er notað um framleiðslueiningu bónda og maka hans og barna innan 16 ára aldurs, að viðbættri framleiðslu annarra sjálfstæðra framteljenda er lögheimili eiga á sömu jörð, en ekki eru sjálfir ábúendur eða aðilar að félagsbúi, svo og annars lögaðila fyrirtækis eða stofnunar.

„Lögbýli" er eins og það er skilgreint í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 svohljóðandi:

„Jörð eða lögbýli" nefnist í lögum þessum hvert það býli sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engja-merkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður býli að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina. Jörð sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð og þó að hús séu fallin eða rifin, telst hún lögbýli nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð. Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki jarðanefndar og staðfestingu landnámsstjórnar sem lögbýli.

„Ærgildi" er ein vetrarfóðruð sauðkind. Í nautgripum teljast ærgildi þannig; kýr 20 ærgildi, kelfd kvíga 12 ærgildi, vetrungur 8 ærgildi og kálfur 4 ærgildi.

„Ærgildisafurð" er magn kjöts, gæru, sláturs og ullar sem ein vetrarfóðruð kind skilar skv. landsmeðaltali þriggja síðustu ára og eða tilsvarandi magn mjólkur og nautgripakjöts, miðað við verðmæti. Aðrar tekjur af landbúnaði metast til ærgildisafurða í krónutölu skv. skilgreiningu um heildarbúvöruverðmæti.

„Framleiðandi" getur verið einstaklingur og einnig bóndi ásamt maka hans og börnum þeirra o. fl. samkvæmt skilgreiningu um bú.

2. gr.

Nú verður búvöruframleiðslan meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast fyrir það sem umfram er, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu sam-

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

þykki fulltrúafundar Stéttasambands bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Settur verði kvóti í ærgildisafurðum fyrir framleiðslu sauðfjár- og nautgripaafurða aðra hvora búgreinina eða báðar eftir því sem þurfa þykir á hverju lögbýli og fyrir þá framleiðendur utan lögbýla sem þess kunna að óska og hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði samkvæmt skattframtali. Þeir sem ekki fá ákvarðaðan kvóta skulu sæta hámarksskerðingu á verði hverju sinni miðað við framtalda framleiðslu 1978.

Við ákvörðun kvóta skal leggja til grundvallar meðalframleiðslu 2—3 ára, skv. nánari ákvörðun Framleiðsluráðs og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Hafi framleiðandi orðið fyrir óvenjulegum rekstraráföllum eitthvert viðmiðunaráranna, skal það ár ekki hafa áhrif.

Fullt verð skal greiða eins og aðstæður leyfa hverju sinni, þó aldrei minna en 80% af meðalframleiðslu viðmiðunaráranna. Fyrir framleiðslu sem er umfram það, sem ákveðið er að greiða fullu verði skal greiðslan miðuð við meðalútflutningsverð mjólkurafurða eða kindakjöts viðkomandi ár skv. útreikningum Framleiðsluráðs.

Heimilt er að greiða framleiðendum ákveðinn fjölda ærgildisafurða fullu verði samkvæmt árlegri ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, enda hafi þeir lögheimili og/eða ábúð á lögbýli. Þegar skerðingarmark skv. þessari málsgrein er ákveðið, skal taka með í útreikning allar tekjur á landbúnaðarframtali, aðrar en bústofnsauka.

Afurðamagni sauðfjár og nautgripa á félagsbúum sem starfandi voru á árunum 1976—1978, skal skipta á milli aðila skv. skattframtali 1979. Þar sem aðrir framleiðendur eru á lögbýli en bóndinn og fjölskylda hans, leggst afurðamagnið saman og myndar sameiginlegan rétt viðkomandi bújarðar.

Stofnun nýrra félagsbúa og skipting búa, myndar ekki sjálfstæðan rétt skv. reglugerð þessari eftir gildistöku hennar nema samþykki Framleiðsluráðs komi til.

Framleiðsluráð skal eftir aðalfund Stéttarsambands bænda og eigi síðar en 1. október ár hvert, áætla og birta framleiðendum hve mikill hundraðshluti framleiðslu þeirra miðað við viðmiðunarárin verði greiddur fullu verði á næsta almanaksári.

Fari jörð varanlega í eyði er Framleiðsluráði heimilt að ákveða að ónotaður kvóti jarðarinnar nýtist öðrum framleiðendum í sama hreppi í stað þess að hann færist yfir á heildarframleiðsluna. Sömuleiðis getur Framleiðsluráð fellt niður skerðingarákvæði samkvæmt fjórðu málsgr. þessarar gr., á mjólkurframleiðslu á svæðum þar sem skortur er á neyslumjólk.

b) Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex.

Full greiðsla skal ná til 400 ærgildisafurða, eins og þær voru viðmiðunarárin, sbr. a-lið skv. landsmeðaltali, en greiðslan lækkar um 5% fyrir umfram afurðamagn á hverju 100 ærgilda bili, þó aldrei meir en 25%. Hæsta skerðing kemur á framleiðslu þeirra framleiðenda er ekki búa á lögbýlum nema þeir hafi meiri hluta tekna sinna af búvörurframleiðslu. Um greiðslu til félagsbúa fer skv. 7. málsgr. a-liðar og þessum ákvæðum, eftir því sem við á. Afurðaverð til framleiðenda skv. verðlagsgrundvelli breytist til samræmis við þessa beinu

greiðslu eftir því sem um er samið við ríkisstjórnina. Samkomulag um þessa greiðslu skal gert til minnst eins árs í senn.

Greiðslur skulu sendar framleiðendum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Heimilt er Framleiðsluráði að greiða á bankareikning eða til verslunaraðila, eftir tilvísun viðkomandi framleiðanda.

c) Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð, ef ástæða þykir til. Heimilt er að taka mishátt verðjöfnunargjald af afurðum sauðfjár og nautgripa eða aðeins af annarri hvorri búgreininni fyrir sig. Einnig er Framleiðsluráði heimilt að taka slíkt gjald af öðrum afurðum. Heimilt er að fella niður framleiðslugjald af búum undir ákveðnu stærðarmarki.

Hæst gjald skal tekið af afurðum 1000 ærgildisbúa og stærri og af framleiðslu þeirra, sem ekki hafa lögheimili og ábúð á lögbýli hafi þeir ekki meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Gjaldið miðist við bústofn á hverju býli um áramót skv. forðaskýrslum.

Framleiðsluráð ákveður hversu hátt hæsta gjaldið skal vera og tilkynnir það strax að tekinni ákvörðun og jafnframt tilkynnir það gjalddaga og innheimtir gjaldið sbr. þó næstu málsgrein. Síðan skal endurgreiða af gjaldinu 7/12 hluta þess til 400 ærgilda búa eða minni sbr. þó síðasta málslið 1. málsgreinar, d-liðar. Fyrir 400—500 ærgilda bú endurgreiðast 6/12 hlutar gjaldsins. Lækkar greiðslan um 1/12 hluta fyrir hvert 100 ærgilda, er bætist við bústærðina upp að 1000 ærgilda búi. Um félagsbú gilda ákvæði 6. málsgreinar a-liðar eftir því sem við á.

Heimilt er að nota samtímis heimildir samkv. stafliðum a, b og c svo sem fært er.

d) Hafi einhver framleiðandi ekki talið fram til skatts, skal gefa viðkomandi aðila tveggja mánaða frest til að senda upplýsingar sem Framleiðsluráð tekur gildar, ella tapar hann rétti til framleiðslukvóta á fullu verði.

Frumbýlingur telst sá framleiðandi sem haft hefur ábúð á jörð í þrjú ár eða skemur. Hafi hann ekki komið upp búi af þeirri stærð sem verðlagning búvara miðast við, skal réttur hans til fulls verðs skv. a-, b- og c-lið ráðast af því framleiðslumagni er framleitt var á viðkomandi jörð áður en hann tók við búi og einnig af þörf hans til eðlilegrar afkomu samanborið við aðra bændur miðað við fjármagnskostnað við stofnun búsins og laun fyrir vinnu við rekstur þess í hlutfalli við verðlagsgrundvallarbú að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðandi, sem hættir búrekstri á framleiðsluári, skal sæta þeirri verðskerðingu á afurðamagni búsins sem gildir í viðkomandi búgrein á innleggstíma afurðanna. Ef um er að ræða innlegg hluta úr ári, skal fullt verð greiðast fyrir jafnmikið framleiðslumagn og hann hafði rétt til, miðað við sama tíma viðmiðunarárin. Sama gildir ef tekið er mishátt verðjöfnunargjald.

Heimilt er að greiða framleiðendum fullt verð fyrir kjöt sem til fellur vegna samdráttar bústofns um 5% eða meira, enda leggi þeir fram fullnægjandi gögn að mati Framleiðsluráðs.

Ef búrekstri er hætt á lögbýli, geymist réttur viðkomandi býlis, þar til búrekstur hefst þar að nýju, nema honum hafi verið ráðstafað samkvæmt síðustu málsgrein a-liðar.

e) Framleiðsluráð ákveður fyrir marslok ár hvert, hversu hátt gjald skuli taka af búvöruinnleggi til jöfnunar greiðslum til framleiðenda og jöfnunar verðs á milli þeirra söluaðila, er selja á erlendum markaði og hinna er selja innanlands.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjár-

hæð af andvirði innlagðrar búvöru sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð getur falið söluaðilum afurðanna að taka mismunandi hátt gjald af framleiðendum eftir nánari fyrirmælum sbr. c-lið, og skulu þeir þá gera nákvæma grein fyrir gjaldtöku af hverjum aðila fyrir sig. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

Standi söluaðili ekki í skilum á gjalddaga, er Framleiðsluráði heimilt að taka dráttarvexti af fjárhæðinni, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni.

3. gr.

Heimilt er að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% álag á innkaupsverð vörunnar. Innkaupsverð vörunnar er CIF verð hennar kominnar í innflutningshöfn.

Rétt er að flokka kjarnfóðrið í tvo flokka. Í öðrum flokknum væru fullunnar fóðurblöndur með eftirfarandi tollskrárnúmeri: 23-07-00.

Hinsvegar hráefni í eftirfarandi tollskrárnúmerum:

10-01-10	10-07-10	11-02-29	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	11-02-39	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	17-03-01	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-10	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22	23-02-20	23-04-40	23-06-00
10-05-00	11-02-21	23-02-30	23-04-50	

Rétt er að hvor flokkur taki gjald í krónutölu, sem yrði svipaður hundraðshluti á meðal innkaupsverð í hvorum flokki fyrir sig. Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir og bætiefni.

Framleiðendur búvöru á lögbýlum, og aðrir sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali.

Réttur hvers framleiðanda í sauðfjár- og nautgriparækt, skal miðaður við það afurðamagn sem hann á rétt á að fá greitt á fullu verði, skv. a-lið 2. greinar. Fyrir framleiðendur annarra búsafurða skal rétturinn miðast við framtalið afurðamagn ársins 1978.

Hafi einhver framleiðandi minnkað bústofn sinn frá meðaltali fyrrgreindra ára um a. m. k. 5%, skal réttur hans í þessu efni minnkaður í sama hlutfalli.

Réttur frumbýlinga í nautgripa- og sauðfjárrækt skal ákveðinn skv. d. lið 2. gr. Réttur frumbýlinga í alifugla- og svínarækt ákvarðast af Framleiðsluráði.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri, innheimta gjaldið við innflutning.

Gjaldheimtumönnum er heimilt að veita innflutningsaðilum allt að þriggja mánaða frest á greiðslu gjaldsins gegn fullri bankatryggingu. Ef sérstakir erfiðleikar steðja að vegna náttúruhamfara má veita lengri gjaldfrest.

Framleiðsluráð lætur búvöruframleiðendum, sem eiga rétt á að fá kjarnfóður án gjaldtöku í té seðla er sýni hversu mikið kjarnfóður hver einstakur framleiðandi getur fengið ár hvert án gjaldtöku. Heimilt er að afhenda seðla til ½ árs í senn. Seðlar þessir skulu bera með sér, hvað verðgildi þeirra sé. Seðlarnir gilda sem greiðsla kjarnfóðurgjalds á öllum stigum verslunar með kjarnfóður.

Kjarnfóðurseðlar skulu skráðir í númer býlis og nafn framleiðanda þess sem á að fá kjarnfóður án gjalds og eru óframseljanlegir, nema til verslunar sem selur kjarnfóður.

Búvöruframleiðendur sem ekki hafa lögbýli til umráða en hafa meirihluta tekna

sinna af landbúnaði skulu leggja fram gögn er sanni rétt þeirra og skal Framleiðsluráð þá gefa út skömmtunarseðla til þeirra.

Heimilt er Framleiðsluráði að endurgreiða búvöruframleiðendum álagt kjarnfóðurgjald miðað við framtalinn bústofn á skattframtali, eftir nánari ákvörðun Framleiðsluráðs.

Endurskoða skal ársfjórðungslega eða svo oft sem þurfa þykir af hve miklu magni gjaldið er endurgreitt til hvers framleiðanda vegna breytinga sem verða kunna á bústofni.

Framleiðsluráð getur falið trúnaðarmönnum sínum að telja sérstaklega bústofn hjá bændum til að fylgjast með slíkum breytingum.

Heimilt er að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

Endurgreiðsla skal fara fram eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti þannig að framleiðendur komist jafnan hjá því að greiða gjaldið miðað við þau lánskjör sem innflytjendur fá skv. 10. málsgr. þessarar greinar.

Sé erlent kjarnfóður selt blandað innlendu kjarnfóðri, skal kjarnfóðursali reikna gjaldið af hinum erlenda hluta blöndunnar við sölu. Sé innlend fóðurblanda afgreidd út á seðla skal gjaldið reiknað hlutfallslega af því erlenda hráefni sem í blöndunni er.

Þeir aðilar sem versla með kjarnfóður í smásölu skulu mánaðarlega senda skýrslu til framleiðsluráðs um kjarnfóðurkaup og sölu hvers mánaðar. Sé kjarnfóður afgreitt gjaldfrítt gegn framvísun seðla skv. 11. málsgr. þessarar gr. skal sundurliða hvað selt er án gjalds og einnig gerð grein fyrir því magni sem selt er á hærra verði.

4. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að leggja gjald á erlent fóður eða upphæð gjalds er breytt, skulu gjaldheimtumenn ríkisins láta telja birgðir kjarnfóðurs hjá innflytjendum kjarnfóðurs og hjá smásöluaðilum. Skylt er söluaðilum að aðstoða við mælingu eða talningu birgðanna.

Innheimta skal gjald af birgðum þessum skv. ákvæðum 3. gr. Kjarnfóðursali getur sett bankatryggingu fyrir greiðslu gjaldsins á sama hátt og segir í 3. gr.

Sé kjarnfóður afgreitt gjaldfrítt gegn framvísun seðla sbr. 11. málsgr. 3. gr. getur kjarnfóðursali greitt gjaldið eða hluta þess með slíkum seðlum frá framleiðendum búvöru sem eiga rétt á að fá kjarnfóður án gjaldtöku.

Innheimtumenn gjalds skv. 3. og 4. gr. skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðurgjalds á þriggja mánaða fresti til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Sé kjarnfóður afgreitt gjaldfrítt út á seðla skal skila til Framleiðsluráðs seðlum þeim sem notaðir hafa verið á hverju tímabili.

Þeir sem framleiða fóðurmjöl innanlands, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega, skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsölumagn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður og einnig um hversu mikið magn kjarnfóðurs skuli látið án gjaldtöku miðað við hverja framleiðsleiningu búvöru eða búfjáreiningu.

Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.

Sé ákvörðun tekin um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum söluaðila.

5. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert, ókeypis og ótilkvaddir, gefa framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju

lögbýli og hjá öðrum framleiðendum búvöru sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir kröfu Framleiðsluráðs.

Skylt er þeim er taka við búfé til slátrunar eða búvöru til sölumeðferðar að vega alla vöru og setja á afurðamiða magn og verð og hvað framleiðandi tekur heim til eigin ráðstöfunar.

Framleiðsluráð getur krafið mjólkurbú og sláturhús um upplýsingar, er þessir aðilar geta veitt og nauðsynlegar eru, til að framkvæma heimildir skv. 2. og 3. grein reglugerðar þessarar.

6. gr.

Gæsla og ráðstöfun þess fjár er innheimtist skv. heimildum þessum, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Heimilt er að verja hluta þess til að greiða verðbætur til þeirra framleiðenda sem eftir sérstökum samningi, draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð. Framleiðandi sem gerir samning um samdrátt búvöruframleiðslu, skal fá hæstar bætur árið sem hann minnkar framleiðsluna en stiglækkandi tvö næstu ár.

Viðkomandi framleiðanda er óheimilt að auka framleiðslu aftur nema í fullu samráði við Framleiðsluráð.

Heimilt er að endurskoða og breyta samningi um þetta efni, ef aðstæður breytast hjá viðkomandi framleiðanda eða markaðsaðstæður almennt breytast.

Verði ábúendaskipti á jörð, þar sem ábúandi hefur gert samning um samdrátt búvöruframleiðslu, gildir slíkur samningur ekki gagnvart nýjum ábúanda.

Þá er heimilt að nota fé sem innheimtist skv. heimildum þessum til að jafna verð á milli söluaðila er selja á erlendum markaði og hinna er selja innanlands. Einnig er heimilt að nota hluta þess til að jafna verð og aðstöðu á milli einstakra framleiðenda skv. ákvæðum 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Þá er heimilt að nota hluta þess til að greiða kostnað við framkvæmd þeirra lagaákvæða sem hér um ræðir.

Gjöld þau sem um ræðir í reglugerð þessari, skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði, að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Sá hluti sem notaður kann að vera til að greiða framleiðendum fyrir að minnka framleiðslu og notaður er til að greiða kostnað við framkvæmd þessarar reglugerðar, gengur inn í verðlag búvörunnar.

7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins fer með framkvæmd ákvæða þessarar reglugerðar. Það getur þó falið búnaðarsamböndum eða búnaðarfélögum framkvæmd einstakra verkþátta.

Formenn búnaðarfélaga skulu vera trúnaðarmenn Framleiðsluráðs hver á sínu félagssvæði. Framleiðsluráð getur þó valið sér aðra trúnaðarmenn þyki ástæða til.

Trúnaðarmenn skulu tilkynna Framleiðsluráði um ábúendaskipti á jörðum og breytingar á búrekstri er máli skipta við framkvæmd þessarar reglugerðar. Framleiðsluráð getur einnig óskað aðstoðar þeirra við eftirliti með kjarnfóðursölu og fleiri atriðum ef ástæða þykir til.

Nú telur einhver aðili að brotinn sé réttur hans skv. reglugerð þessari og skal hann þá gera Framleiðsluráði skriflega grein fyrir málinu. Náist ekki samkomulag um úrlausn ágreiningsefnisins, skal vísa því til sérstakrar nefndar til úrskurðar.

Nefnd þessi skal skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn. Tveir skulu skip-

aðir af Stéttarsambandi bænda, tveir fulltrúar af Búnaðarfélagi Íslands og formaður skipaður af landbúnaðarráðherra. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af Framleiðsluráði eins og annar kostnaður við framkvæmd þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 46. gr. laga nr. 101/1966. Jafnframt geta slík brot varðað missi réttar skv. 3. gr. reglugerðarinnar.

9. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið 22. ágúst 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

15. ágúst 1979. Nr. 349.

AUGLÝSING

um tilnefningu Flugleiða h.f. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamningum sem Ísland er aðili að, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Flugleiðir h.f. til að halda uppi áætlunarferðum með farþega, vörur og póst milli Íslands og eftirtalinna landa:

1. Bandaríkja Norður—Ameríku,
2. Danmerkur,
3. Noregs,
4. Svíþjóðar,
5. Bretlands,
6. Luxemburgar,
7. Sambandslýðveldisins Þýskalands,
8. Hollands,
9. Spánar,
10. Thailands.
11. Finnlands.

Þá hefur ráðuneytið í dag ennfremur heimilað sama félagi áætlunarflug með farþega, vörur og póst í millilandaflugi þótt formlegur loftferðasamningur liggi ekki fyrir, enda verði ráðuneytinu jafnan tilkynnt og heimildar þess leitað öðlist félagið leyfi erlends ríkis til slíks flugs.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1. 42.92 kr/kW h. Lágmarksgjald er 3 220.00 kr. á ársfjórðungi.

2.2 191 040.00 kr./kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 35.74 kr/kW h. Lágmarksgjald er 3 220 kr. á ársfjórðungi.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1 42.92 kr/kW h. Lágmarksgjald er 3 220 kr. á ársfjórðungi.

4.2 8.54 kr/kW h. og 34 190.00 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

4.3 64.35 kr/kW h. til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 14.18 kr/kW h. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 19.70 kr/kW h. til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 197 000.00 kr/a.

5.2 8.20 kr/kW h. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 11.42 kr/kW h. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3 4.27 kr/kW h. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 5.93 kr/kW h. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.

Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	1 870 kr.
Orkumælir, þrífasa	7 490 kr.
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	12 640 kr.
Aflmælir	12 170 kr.
Aflmælir með straumspennum	19 190 kr.
Tvígjaldsorkumælir	12 170 kr.
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	19 190 kr.
Móttökuliði, einpóla	8 420 kr.
Móttökuliði, þrípóla	12 170 kr.

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1 og 4.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

Heimtaugar.

7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

7.3. **Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A), málraun (kVA)		Stofngjald kr.	Lengdargjald [1] kr/m
63A	1-fasa	222 800	Innifalið
63A	3-fasa	240 400	—
100A	—	285 800	—
200A	—	460 700	—
315A	—	960 200	—
300kVA	—	1 342 000	Skv. kostnaði
500kVA	—	2 240 000	—
800kVA	—	3 581 800	—

7.4 **Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald 1) 2) Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63A	1-fasa	39 500	5 900	74 400
63A	3-fasa	55 500	5 900	86 600
100A	3-fasa	58 900	7 600	99 200

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérspennistöð er að ræða.

7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugagjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 2 600 kr.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 5 000 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 5 000 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuved og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 1. ágúst 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 314 31. júlí 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 228 15. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 15. ágúst 1979.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

1. ágúst 1979. Nr. 351.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Bessastaðahrepps.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Hitaveita Bessastaðahrepps er eign Bessastaðahrepps og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps fer með yfirstjórn veitunnar. Hreppsnefndin skipar hitaveitustjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Bessastaðahrepps hefur fengið einkaleyfi til reksturs hitaveitu í Bessastaðahreppi.

4. gr.

Utanhússlagnir.

Hreppsnefnd getur gert þeim sem húseign á, við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina og að húsið verði hitað með vatni frá veitunni. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða hús fullnægir ekki þeim skilyrðum, sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingarsamþykktum eða reglugerðum og getur þá hitaveitustjóri ákveðið að húsið skuli ekki tengt hitaveitunni.

Hitaveita Bessastaðahrepps lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. mgr. 3. greinar. Eigi er hitaveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi, í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnsmæla og annað tilheyrandi tengingu við veituna skv. reglugerð um hitalagnir, þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og vatnsmælir eða hemill eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

5. gr.

Hitaveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum inn fyrir vatnsmæli eða hemil.

6. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur um hitakerfi húsa, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða. Óski hitaveitan ekki eftir því að nota slíkt afrennslis- eða þéttivatn, getur hitaveitustjóri heimilað notkun þess til upphitunar í geymslum, bílskúrum, gróðurhúsum, sundlaugum eða öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig, og skal frágangur slíkra lagna vera samkvæmt fyrirmælum í reglugerð um hitalagnir.

Hitaveitustjóri getur þó afturkallað slík leyfi ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

7. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennrar heimilisneyslu.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum á veitunni vegna rafmagnsbilana, frosta eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

10. gr.

Húseigandi skal sækja um tengingu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem skrifstofa hennar lætur í té.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitakerfa, eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í tvíriti.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Brot á þessu ákvæði varða þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann er hleypir á vatninu og hinn löggilta pípulagningameistara er sá um tengingu hússins.

11. gr.

Uppdrættir.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða tækni, sem viðurkenndur er af hreppstjórn, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þær sem hér eru settar, reglugerð um hitalagnir og staðla ÍST-60, um tækniteikningar, ÍST-64, um teiknitákn fyrir hitalagnir, ÍST-67 um vatnslagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Gera skal ráð fyrir mest 60° meðalhitastigi hitaveituvatns í hitunartækjum eða kerfum við hámarksálag, reiknað samkvæmt staðli ÍST-68, um kólnunartölur bygginga, og afköstum miðstöðvarofna skv. ÍST-69.1 um prófanir miðstöðvarofna.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

12. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt telst, og ber húseigandi allan kostnað af því.

13. gr.

Samþykkt uppdrátta.

Samþykkt uppdrátta.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita tvö eintök hans. Eitt eintak skal varðveita í skjalasafni hreppsins en hitt skal afhent umsækjanda. Pípulagningameistari sá er verkið á að vinna skal, áður en það hefst, rita nafn sitt á eintak það, er varðveitt verður í skjalasafni.

Blikksmíðameistarar skulu þó árita uppdrætti af lofthitunar- eða loftræstingarkerfum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað. Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

14. gr.

Réttindi meistara.

Hreppstjórn, að fengnum meðmælum hitaveitustjóra, veitir pípulagningameisturum réttindi til að starfa við hitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Bessastaðahrepps.

Engir aðrir, en þeir, sem þessi réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu. Ennfremur getur hreppstjórn svipt hann réttindum, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

15. gr.

Pípulagningameistarar, sem hlotið hafa réttindi frá hreppstjórn, hafa einir rétt til þess að annast hitalagnir, sbr. þó 2. mgr. 13. gr., og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykkta uppdrætti.

Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega, og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við verkinu.

16. gr.

Eftirlit.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja að stjórntæki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

17. gr

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

18. gr.

Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur, forhitara eða neysluvatnshitara við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra.

19. gr.

Öryggislokar o. þ. h.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra. Ekki þarf þó öryggisloka ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal afrennsli leitt upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu) og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitustjóra, skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið, frá þenslukerjum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

Heimilt er einnig að nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum hitaveitustjóra.

20. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja á inntakspípu sjálfvirkan loka. Lokanum skal ávallt stjórnað af hitastilli í útrennslispípu, en auk þess af herbergishitastilli. Ef húseigandi óskar má hann setja vandaðri stýribúnað á hitakerfi hússins og skal þá fara eftir ákvæðum reglugerðar um hitalagnir.

21. gr.

Sala hitaorku.

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar. Mælar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður mælir fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef mælir eyðileggst af völdum frosta. Ef maður rýfur innsigli mælis varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á honum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt notkun upp eða tilkynnt flutning.

Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfs mánaðar fyrirvara. Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis að mesta skekkja sé 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði, nema notandi geti sannað að um lengri tímabil hafi verið að ræða.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin, um mæla, skulu gilda jafnt um hemla ef selt er samkvæmt hemiltaxta.

22. gr.

Hreppsnefnd setur Hitaveitu Bessastaðahrepps gjaldskrá skv. 29. grein laga nr. 58, 29. apríl 1967 (Orkulög).

23. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafin mánaðarlega, skv. nánari ákvæðum gjaldskrár, þó er heimilt að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Heimilt er að áætla vatnsnotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun

skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á hitaorku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingardegi reiknings.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með viðvörun, sem send er út með 3ja daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

24. gr.

Refsiákvæði.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla það vatnsmagn, sem notað hefur verið óleyfilega og skal greiðandi greiða fyrir það eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðustu skoðun (aflestri).

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun má miða við hámarksrennsli það er runnið getur til kerfisins um hemil, þegar að er komið.

Við endurtekið brot skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

25. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1979.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta.

1. gr.

Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skyld eru að hafa slíka báta, skulu búnir bauju af viðurkenndri gerð, sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðunum 121.5 og 243 MHz. Þó þurfa baujurnar ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir báta þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar.

2. gr.

Gúmmíbjörgunarbátar, sem fluttir eru inn eftir 1. júní 1980 skulu búnir radíóbauju samkvæmt 1. gr. Skal slíkri bauju komið fyrir í eldri bátum við fyrstu skoðun þeirra, sem fer fram eftir ofangreindan tíma.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið 1. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

1. ágúst 1979. Nr. 353.

REGLUR

um grandaraspil, öryggisbúnaði við línu og netaspil, öryggi á hringnótaskipum og radarspegla á opnum bátum.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slysahættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

2. gr.

Öryggisbúnaður við línu og netaspil.

Á fiskiskipi, 15 brl. og stærri, sem búin eru línuspili til línu- og/eða netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að spilið stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að spilkoppnum með veiðarfærunum.

Krefjast má að stjórnlokar slíkra spila séu þannig úr garði gerðir, að ekki þurfi að snúa handfangi þeirra úr lokunarstöðu meira en 90° til hvorrar handar, eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

Öll skip sem hefja línu- og/eða netaveiðar eftir 1. janúar 1980, skulu búin slíkum öryggisbúnaði sem stöðvar spilið samstundis.

Skipstjóra þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt

um borð og virkur, þegar skipið fer á línu- og/eða netaveiðar. Þessi búnaður skal háður viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins í hverju einstöku skipi.

3. gr.

Siglingamálastjóra er rétt að stöðva skip, sem fer á línu- og/eða netaveiðar, án þess að öryggisbúnaður samkvæmt framansögðu sé fyrir hendi.

4. gr.

Öryggisbúnaður á hringnótaskipum.

Áður en hringnótaskip hefja veiðar og eftir að nót er komin um borð, skal skipstjóri fara fram á skoðun Siglingamálastofnunar ríkisins til að kanna hvort öryggisbúnaðar sé þörf til að hindra að menn geti runnið fyrir borð úr nótakassa. Telji Siglingamálastofnun ríkisins þörf á öðrum öryggisbúnaði, skal skipið búið honum, og skal hann viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins, áður en skipið heldur á veiðar.

5. gr.

Radarspeglar.

Opnir bátar skulu búnir radarspeglum úr málmplötum. Skulu þeir vera að minnsta kosti 25 cm að þvermáli.

6. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 236/1978.

Samgönguráðuneytið 1. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 354. 13. ágúst 1979.

AUGLÝSING

um friðland að Fjallabaki.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Landmannalaugar ásamt neðangreindu svæði milli Torfajökuls og Tungnaár og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi :

Úr Hábarmi í hæsta tind Torfajökuls, í Háskerðing, í Laufafell, í tind í Rauðafossafjöllum, 1205 m á hæð á korti Herforingjaráðsins frá 1969. Þaðan í Hrafnabjörg (tind 895 m) og áfram eftir háhrygg bjargnanna. Þaðan í Hrafnabjörg (tind 895 m) og áfram eftir háhrygg bjarganna. Úr norðaustanöxl bjarganna í hábungu Stóra-Melfells. Þaðan liggja mörkin um Einbúa skemmstu leið að Tungnaá nálægt Bjallavaði. Síðan með Tungnaá að Kirkjufellsósi og áfram upp með ósnum að upptökum í Kirkjufellsvatni. Þaðan með afréttarmörkum í Hábarm.



Þessar reglur gilda um friðlandið:

1. Gangandi fólki er heimil för um friðlandið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem það á við.

   För á hestum er aðeins heimil á merktum reiðslóðum og afmörkuðum áningarstöðum. Óheimilt er að beita hestum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem Náttúruverndarráð kann að ákveða.

   Umferð vélknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu. Akstur vélsleða er heimill eftir sérstökum reglum sem Náttúruverndarráð setur.
2. Heimilt er ferðamönnum að tjalda á merktum tjaldsvæðum á friðlandinu, svo og meðfram viðurkenndum gönguleiðum, sbr. 27. gr. náttúruverndarlaga, en eigi annars staðar nema með sérstöku leyfi.
3. Skylt er öllum að ganga snyrtilega um friðlandið. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur. Óheimilt

er að vinna þar náttúruspjöll, sem skemma gróður, trufla að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Náttúruverndarráð setur reglur um meðferð skotvopna. Aðgát skal höfð við alla meðferð elds.

4. Skylt er ferðamönnum að hlíta fyrirmælum gæslumanna friðlandsins. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök atriði.
5. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Náttúruverndarráðs. Um valdsvið sveitarstjórna hvað snertir mannvirkjagerð og jarðrask fer eftir 17. gr. náttúruverndarlaga og ákvæða skipulagslaga nr. 19/1964 með breytingum, skv. 1. gr. laga nr. 25/1972 og 1. gr. laga nr. 36/1978. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning stærð og gerð mannvirkja háð leyfi ráðsins.
6. Ákvæði 1.—3. liðar reglna þessara hagga ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja hins friðlýsta landsvæðis og skerða ekki heldur heimild þeirra til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu nefndra landsnytja.

Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur lands þess sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Til ráðuneytis um stjórn friðlandsins skal skipa fimm manna nefnd og tilnefna Landmannahreppur, Holtahreppur, Rangárvallahreppur, Ferðafélag Íslands og Náttúruverndarráð sinn fulltrúa hver. Fulltrúi Náttúruverndarráðs er formaður nefndarinnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 355. 14. ágúst 1979.


AUGLÝSING

um friðland á ströndinni við Stapa og Hellna.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa ströndina við Stapa og Hellna í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og er ströndin friðland.

Til friðlandsins telst eftirfarandi svæði:

Að vestan frá Brúnkolluholti 50 m breitt belti með ströndinni þar til kemur að vegi að Ökrum og Bárðarbúð. Þaðan fylgir beltið veginum, sjávarmegin að Hellnahrauni og síðan suðurmörkum sumarbústaðarlóðar (Hraunhamars) við hraunið og í því. Þá tekur við belti frá ströndinni að línu sem dregin er 100 m norðan hins forna sýsluvegar allt að austurjaðri Hellnahrauns. Eftir það tekur við 50 m breitt belti meðfram ströndinni (sjávarhömrum) að vegi norðan við Eyri og fylgir honum suðvestur að heimreið við Eiríksbúð. Þaðan ræður heimreiðin að Eiríksbúð. Þá tekur við belti 15 m breitt frá ströndinni (sjávarhömrum) talið að læk sem fellur undan Klifhrauni, en eftir það 100 m breitt belti með ströndinni (sjávarhömrum) að Grísafossá.



Ennfremur teljast til friðlandsins sker þau er liggja úti fyrir strönd þessari. Þessar reglur gilda um friðlandið:

1. Mannvirkjagerð og annað jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Nýting núverandi húsakosts, útgerðaraðstöðu, túna og hlunninda á friðlandinu helst svo sem verið hefur.
3. Náttúruverndarráð og landeigendur hafa samráð um þau mál sem varða hafnir, lendingu og sjóhús og aðstöðu til útræðis á friðlandinu, svo sem viðhald mannvirkja og umgengni.
4. Umferð gangandi manna um friðlandið er heimil. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður. Þá er óheimilt að tjalda í friðlandinu. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um réttindi og skyldur þeirra sem um friðlandið fara.

5. Náttúruverndarráð stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem hlut eiga að máli, að sögulegum minjum sé við haldið.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 356. 14. ágúst 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir póstþjónustu, nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein nr. 14 4.1 í reglugerðinni orðist svo:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

Heimilt er að veita helmingsafslátt af burðagjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð, sem landssamtök stéttarfélaga gefa út og blöð, sem fjalla almennt um stjórnmál, en fjórðungsafslátt fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217 25. maí 1979, um sama efni.

Samgönguráðuneytið 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 357. 14. ágúst 1979.


AUGLÝSING

um friðland í Búðahrauni, Snæfellsnessýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskráðum reglum:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Búðaós frá sjó og síðan girðing friðlandsins að austan og norðan allt að vesturmörkum lands Félags Snæfellinga og Hnappdæla (samkvæmt afsölum frá 1943, en þinglýst 26. janúar 1944). Síðan fylgja mörk friðlandsins þeim mörkum til sjávar, en eftir það ræður sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.



Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 283/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 358. 15. ágúst 1979.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugleiðum hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. október 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Patreksfjörður — Reykjavík
2. Reykjavík — Þingeyri — Reykjavík
3. Reykjavík — Ísafjörður — Reykjavík
4. Reykjavík — Sauðárkrókur — Reykjavík
5. Reykjavík — Akureyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Húsavík — Reykjavík
7. Reykjavík — Raufarhöfn — Reykjavík
8. Reykjavík — Þórshöfn — Reykjavík
9. Reykjavík — Egilsstaðir — Reykjavík
10. Reykjavík — Neskaupstaður — Reykjavík
11. Reykjavík — Hornafjörður — Reykjavík
12. Reykjavík — Fagurhólsmýri — Reykjavík
13. Reykjavík — Vestmannaeyjar — Reykjavík
14. Akureyri — Egilsstaðir — Akureyri
15. Akureyri — Ísafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Patreksfjörður — Ísafjörður — Patreksfjörður
2. Þingeyri — Ísafjörður — Þingeyri
3. Sauðárkrókur — Húsavík — Sauðárkrókur
4. Akureyri — Húsavík — Akureyri
5. Egilsstaðir — Hornafjörður — Egilsstaðir
6. Hornafjörður — Fagurhólsmýri — Hornafjörður.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Stjórnartíðindi, B 42, nr. 348—358. Útgáfudagur 31. ágúst 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1979

28. ágúst 1979. 685 Nr. 359.

REGLUGERÐ
um jarðrækt.

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt jarðræktarlögum enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktunarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa. Verkefni héraðsráðunauta í jarðrækt skulu vera meðal annars:

a. veita bændum og öðrum, er jarðrækt stunda, aðstoð við að undirbúa ræktunarframkvæmdir og gera áætlanir um þær;
b. leiðbeina um meðferð og notkun áburðar, á grundvelli jarðvegsrannsókna og áburðartilrauna;
c. leiðbeina mönnum þeim, er vinna í umferðarvinnu að ræktunarframkvæmdum, sem framlag er greitt til samkvæmt jarðræktarlögum.

Verkefni héraðsráðunauta í bútækni skulu vera meðal annars:

a. leiðbeina um kaup, meðferð og viðhald búvéla;
b. leiðbeina um gerð útihúsa, sérstaklega hvað varðar vinnutilhögun og tæknibúnað.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðu-

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

nautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er reglugerð þessi nær yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd reglugerðar þessarar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiði allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautar skulu halda akstursbók í þríriti og vinnudagbók, þar sem gerð sé grein fyrir, hvað unnið er dag hvern á ferðalögum.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu fyrir lok hvers árs senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum næst liðins árs.

Á meðan framlag ríkisins samkvæmt reglugerð þessari er ekki greitt sama ár og úttekt fer fram, greiðist það í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borist Búnaðarfélagi Íslands.

Fullnaðarúttektarskýrsla yfir jarða- og húsabætur skal hafa borist til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. nóvember ár hvert, ef fé er veitt til framlaga á sama ári og þær eru unnar.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt reglugerð þessari, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins, enda uppfylli hann þau skilyrði að hafa búrekstur með höndum á jörð eða jarðahluta og eiga lögheimili á félagssvæðinu. Búnaðarfélag Íslands sker úr um það, hvað telja beri búrekstur, leiki á því vafi.

7. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976, I. kafla 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarð-

arhlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.

2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 16. apríl 1971 eða eldri lögum um sama efni.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að efla fóðurframleiðslu í landinu og koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst: Tún, matjurtargarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa, og skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktanlegt land skulu háðar þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem bestum notum við þurrkun landsins. Skal, þar sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofan jarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveimur eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar. Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum á landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé á, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr. Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna

framfærslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að ¾ hlutum.

3. Vegagerðaraðilar og aðrir, sem standa fyrir mannvirkjagerð, skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að gróðri eða ræktanlegu landi sé ekki spillt að óþörfu og að af framkvæmdum stafi eigi eyðingarhætta af völdum jarðrasks, landbrots eða því um líku. Enn fremur skal lagfæra yfirborð landsins og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, er myndast vegna framkvæmdanna, og skila landinu fullgræddu. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þremur mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðræktar, húsabóta og hagræðingar.

10. gr.

Til framkvæmda þeirra, sem taldar eru í þessari grein skal greiða framlag úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins hafa samþykkt eftirfarandi stærðarmörk, þannig að framlög veitast ekki á framkvæmdir, sem liggja ofan markanna.

Áburðargeymslur: Áburðarkjallari undir fjósi eða áburðarhús við fjós, sem rúmar 30 mjólkurkýr og ungviði til viðhalds, allt að 20, ef um einhliða nautgripabúskap er að ræða eða áburðarkjallari undir 500 kinda fjárhúsi, ef um einhliða sauðfjárbúskap er að ræða, en tilsvarandi heildarstærð við blandaðan búskap.

Áburðarkjallari undir hænsnahúsi fyrir allt að 3200 varphænur. Áburðarkjallari undir svínahúsi fyrir allt að 24 gyltur með tilsvarandi uppeldisaðstöðu.

Framlag er ekki veitt á meiri dýpt í áburðarkjallara en 3,00 m mælt að efri brún plötu eða gólfgrindar.

Heygeymslur: Heimilt er að veita framlag út á allt að 50% meira hlöðurými en bústofn þarf í meðalári. Bústofnsstærð miðast við ofangreindar stærðir fyrir nautgripa- og sauðfjárbú.

Verkfærageymslur: Framlag veitist á allt að 130 m^2 hús.

Þyki ástæða til að breyta þessum stærðarmörkum á árabilinu 1980—1985 skulu Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins tilkynna þær breytingar fyrir 1. júlí. Breytingarnar ná þá til framkvæmda á næsta ári.

Við ákvörðun á túnstærð skal farið eftir spjaldskrá Búnaðarfélags Íslands, nema ef ábúandi getur sannað að túnstærð sé önnur en skráð er í spjaldskránni.

Samkvæmt grein þessari telst jörð vera hvert það lögbýli, sem setið er af einum ábúanda, svo og hlutur hvers ábúanda séu fleiri en einn ábúandi á jörð (félagsbú), enda hafi þeir fengið félagsbú sitt samþykkt af Landnámi ríkisins og hafi framfæri sitt af búrekstrinum (minnst 75% tekna). Nú nytjar sami ábúandi fleiri jarðir, og gilda þá stærðarmörkin um samanlagða ræktun jarðanna.

Upphæð framlaga skal vera sem hér segir:

I. Framræsla vegna tún-, engja- og hagaræktar:

a. Vélgrafnir skurðir og plægðir hagaskurðir, 70% kostnaðar við gröft dýpkun og sprengingu berghafta úr skurðinum. Þó skal á árunum 1980—1985 (vegna framkvæmda á árunum 1979—1984) greiða 35% af kostnaði við gröft nýrra skurða í óræktuðu landi á jörðum, þar sem tún eru 30 ha. eða stærri.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræslufram-kvæmdir og fyrir 1. maí ár hvert senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, er þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega fyrir 1. maí senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði. Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræslufram-kvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. mars ár hvert.

Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktaki skuli setja.

Ræktunarsambönd geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft á þeim svæðum, þar sem ræktunarsamböndin sjálf annast framræsluna, enda ákveði Búnaðarfélag Íslands taxta þeirra hverju sinni fyrir fram, eftir að útboð hafa farið fram. Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands útvega gröfu til að annast það verkefni. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum. Bændur sem láta aðra en samþykkta verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálft framlag á skurðina. Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt, eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

Allir sem annast skurðgröft, skulu skyldir til að sjá um nauðsynlegar sprengingar berghafta, sem kunna að vera í skurðum, og skal það tekið fram í útboði.

b. Handgrafnir skurðir, þar sem og þegar vélgrefti verður ekki við komið, kr. 40.00 á m^3.

c. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði. Árin 1980—1985 (v. framkvæmda 1979—1984) skulu framlög á þau vera 40% af kostnaði á jörðum, þar sem tún eru 30 ha. eða stærri.

d. Kílræsi kr. 600.00 á ha.

e. Lokræsi með plaströrum og viðeigandi útbúnaði, kr. 50.00 á m.

f. Önnur ræsi (hnaus-, viðar- og grjótræsi), kr. 35.00 á m.

g. Greiddur verði ⅓ kostnaðar við flóðgarða og ⅔ kostnaðar við byggingu flóðgátta, vatnsbrúa, sem flytja vatn í opinni rennu eða lokaðri pípu yfir eða undir farvegi eða lægðir og flóðvarnargarða, enda sé framkvæmdin samþykkt af Búnaðarfélagi Íslands.

II. Jarðrækt.

a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, kr. 14 000 á ha. Á árunum 1980—1985 (vegna

framkvæmda árin 1979—1984) skal framlagið vera kr. 10.000 á ha. á jörðum þar sem tún eru 30 ha. eða stærri.

b. Túnrækt á þurrlendi, kr. 10.000 á ha. Á árunum 1980—1985 (vegna framkvæmda árin 1979—1984) skal framlagið vera kr. 5 000 á ha. á jörðum, þar sem tún eru 30 ha. eða stærri.

c. Endurvinnsla túna vegna kals eða annarra skemmda, kr. 8 000.00 á ha.

d. Vinnsla lands vegna grænfóður eða kornræktar, kr. 5 000 á ha. Á árunum 1980—1985 (vegna framkvæmda 1979—1984) skal framlagið vera kr. 2 500 á ha.

e. Hagarækt á gróðurvana landi kr. 3 000 á ha.

f. Þar sem erfitt er um ræktunarland, er heimilt að greiða 30% aukaframlag á túnrækt á félagsgrundvelli, enda samþykki viðkomandi búnaðarsamband og Búnaðarfélag Íslands framkvæmdina.

III. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65 00 á m^3.

IV. Girðingar um ræktarlönd og heimahaga, fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10.00 á m.

V. Áburðargeymslur. Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar allt að 3.00 m að efri brún plötu, kr. 350 á m^3, en ekkert framlag greiðist á rými, sem er þar fram yfir.

VI. Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.

a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni, kr. 60.00 á m^3.

b. Votheyshlöður úr varanlegu efni, kr. 200.00 á m^3.

c. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni, kr. 200.00 á m^2.

d. Verkfærageymslur úr varanlegu efni, kr. 200.00 á m^2.

e. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöðu með blásara og fastri aflvél miðað við gólffllöt í hlöðu, kr. 500.00 á m^2.

f. Súgþurrkunarkerfi með föstum blásara, kr. 300.00 á m^2.

g. Súgþurrkunarkerfi án blásara, kr. 200.00 á m^2.

Sé fastur blásari settur við áður úttekið kerfi, skal framlagið hækka til samræmis við staflið f.

VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfar.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. Til kölkunar á túnum, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

11. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt, til þess að heimilt sé að taka út og greiða framlag til jarðræktar og húsabóta þeirra, er um getur í 10. gr.

a. Allar framkvæmdir, er um getur í 10. gr., skulu gerðar eftir áætlun eða í samráði við þá leiðbeinendur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

b. Til vélgrafinna skurða því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 17.—18. gr. reglugerðar þessarar. Hver einstakur skurður skal hafa þá legu og dýpt, er fullnægir hlutverki hans í framræslunni. Skurðurinn skal vera hreinn, þ. e. ekki liggi hnausar eða stórir steinar í skurðbotninum, er geti orsakað stærri eða minni

stíflur, sem leiði til þess, að skurðbotninn aflagist eða grói upp um skör fram. Berghöft skulu hafa verið sprengd á fullnægjandi hátt og hreinsuð burt. Við gröft skal gæta þess að leggja uppgröft úr skurðum nægilega langt frá skurðbakka og sé minnsta fjarlægð frá bakka aldrei innan við 1.50 m.

Skurðfláa skal hagað eftir aðstæðum en sé aldrei minni en 1:¾.

Ávallt skal mæla fyrir skurðum og grafa eftir hæðartöflu. — Úttektarmönnum skurðanna er skylt að leggja hæðartöfluna til grundvallar fyrir úttektinni þannig að mæla yfirleitt aðeins þar, sem er frávik frá hæðartöflunni. Þó skal gera prófmælingar til að sannreyna rúmtak skurðanna.

Sígi land verulega eftir að skurðir eru grafnir, en áður en úttekt fer fram, ber ráðunautum að taka fullt tillit til þess við úttekt, enda skal setja nægjanlega marga fasta punkta utan verksvæðis til að unnt sé að sannreyna sigið.

Um handgrafna skurði gilda sömu reglur og um vélgrafna skurði.

Plægða hagaskurði má því aðeins taka út, að þeir séu þannig lagðir með tilliti til halla jarðvegs og þess vatnsmagns, sem hverjum einstökum skurði er ætlað að flytja, að ekki séu líkur til þess að þeir grafist af vatnsrennsli. Þeir skulu vera 30—50 cm djúpir, plógstrengurinn skal liggja á þeim bakka skurðarins, sem veit undan halla, og skal hann vera í a. m. k. 30 cm fjarlægð frá skurðbakka.

Plóg- og kílræsi skulu gerð með tækjum, sem viðurkennd eru af Búnaðarfélagi Íslands.

Lokræsi með plaströrum eru því aðeins úttektarhæf, að gerð röranna, umbúnaður og niðurlagning sé viðurkennd af Búnaðarfélagi Íslands.

c. Við endurvinnslu vegna kals eða annarra skemmda líði minnst þrjú ár frá síðustu vinnslu, enda samþykki héraðsráðunautur endurvinnsluna hverju sinni.

Ekki er heimilt að taka út endurvinnslu túna, sem túnþökur hafa verið skornar af til sölu.

d. Framlag til hagaræktar er bundið því skilyrði, að fram hafi farið jöfnun lands og/eða uppgræðsla, þannig að varanlegar gróðurbætur hafi náðst á öllu landinu. Úttekt á slíku landi skal ekki gera, fyrr en fullvíst er, að græðsla hafi tekist eða heilgrös orðin ríkjandi í gróðri landsins.

Framlag miðast við uppgræðslu á landi, sem er ógróið áður en uppgræðsla hefst, s.s. sanda og mela. Land, sem að mestu eða öllu leyti er gróið frá náttúrunnar hendi, skal ekki hljóta framlag, þótt uppskera af því sé aukin eða gróðurfari breytt, t. d. úr lynggróðri eða hálfgrösum í heilgrös með áburði eða á annan hátt.

Sé uppgræðsla kostuð að einhverju eða öllu leyti af opinberum aðilum, s.s. Landgræðslu ríkisins eða Vegagerð ríkisins, skal ekki veitt framlag.

e.) Framlög eftir 10. gr. lið II a, b, c og d skal því aðeins greiða að landið sé fullunnið, jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi og akurjurtum hafi verið sáð í það eða það sé fullgróið túngróðri með sjálfgræðslu. Landið sé afgirt svo að stjórna megi hvort og hvenær búfé gengur á landinu.

f. Byggingar skulu gerðar eftir teikningum, er Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands hafa viðurkennt. Um aðflutt tilbúin hús, t. d. bogaskemmur og verksmiðjuframleidd hús, skal leita samþykkis Byggingarstofnunar landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands, byggingarfulltrúi/byggingarnefnd skal samþykkja staðarval bygginganna.

Byggingar skulu fullfrágengnar, þegar úttekt fer fram. Við úttekt skal miða við utanmál allra bygginga. Í þurrheyshlöðu og garðávaxtageymslu mælist rúmmál að fullu. Rúmmál votheysgeymslna mælist í veggjahæð.

Við breytingar á þurrheyshlöðu eða hluta hennar í votheyshlöðu, skal veita framlag, sem er mismunur framlags á votheysgeymslur og framlags á þurrheys-

geymslur. Fari eitthvað af súgþurrkunarkerfi undir votheyshlöðuna, skal framlagið vera mismunur framlags á votheysgeymslur og framlags á þurrheysgeymslur með súgþurrkunarkerfi. Breytingar af þessu tagi skulu samþykktar af Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands, áður en þær eru gerðar.

Áburðargeymslur skulu vera með steyptu gólfi. Hæð mælist frá gólfi að efri brún plötu eða grinda. Veggjahæð mælist í áburðargeymslum, sem standa utan við gripahús. Heimilt er að taka áburðarkjallara út, þegar lokið hefur verið frágangi veggja að utan og innan, frágangi gólfs og burðarvirkis undir gólf í gripahúsi. Lágmarksstærð verkfærageymslna skal vera 50 m^2 og mega þær ekki vera áfastar íbúðarhúsi. Að minnsta kosti 25 m^2 af gólffleti skulu vera steyptir (aðstaða til viðgerða). Hinn hluti gólfsins má vera vel þjappað malarlag.

Súgþurrkunarkerfi skulu gerð eftir teikningum, sem Búnaðarfélag Íslands hefur gert eða samþykkt og tæki valin eftir ábendingum ráðunauta þess.

Við úttekt súgþurrkunarkerfa mælist flatarmál hlöðu sem utanmál undirstöðu veggja. Framlag skal veitt, þar sem fastur blásari er settur við áður úttekið kerfi, þótt þar hafi áður verið laus blásari, t. d. gnýblásari. Súgþurrkunarkerfi, sem sett eru í votheyshlöður, njóta ekki framlags.

g. Skilyrði til að hljóta 30% aukaframlag á túnrækt á félagsgrundvelli eru, að um félagsræktunina sé gerður skriflegur samningur, áður en framkvæmdir hefjast, þar sem tekið sé fram fjöldi bújarða, sem hlutdeild eiga í ræktuninni, stærð þess lands, sem rækta skal, og hluti hverrar bújarðar í ræktuninni, eignaraðild á ræktunarlandinu, gildistími samningsins, sem minnst skal vera 40 ár, og ákvæði um uppsögn hans. Búnaðarfélag Íslands samþykki slíkan samning en leiti áður samþykkis viðkomandi búnaðarsambands á nauðsyn slíkrar félagsræktunar.

h. Ef grjóti er ekki ekið burtu af hinu ræktaða landi né það grafið í jörðu, skal gengið snyrtilega frá því og þannig, að það hamli sem minnst allri vinnu á landinu.

i. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga teljast fullgildar, þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

Gaddavírsgirðingar séu 6 strengja úr góðu efni. Tréstaurar og renglur, sem ekki eru úr rekaviði, skulu fúavarðar. Hæð girðingarinnar skal vera 1.20 m. Allar mishæðir undir girðingunni séu vel jafnaðar, svo að sauðkindur skríði ekki undir. Neðsti strengur má vera 10 cm frá jörðu en síðan sé millibil strengjanna talið neðan frá 15 cm, 15 cm, 25 cm, 25 cm og 30 cm. Sé girt með vírneti, skal 1 gaddavírsstrengur vera neðan við netið og minnst einn ofan við það.

Bil milli jarðfastra staura girðingarinnar sé 4 m. Jafngildi slíkrar girðingar telst: Girðing með tré- eða smíðajárnsstaurum (profiljárnstaurar) með trérenglum á milli. Við góðar aðstæður, þar sem staurastæði er öruggt, má hafa 6—9 m milli jarðfastra staura, en þá verða renglur að vera milli hinna föstu staura. Mesta bil milli renglna má vera 3 m. Renglur séu minnst 5 cm á hlið. Gengið skal svo traustlega frá öllum horn- og hliðarstólpum, að þeir haggist ekki.

j. Vatnsveitur: Sundurliðaðir fullnaðar kostnaðarreikningar yfir efni og vinnu fylgja úttektarskýrslu. Sé um samveitu að ræða, skal tilgreina hlutdeild hvers einstaks aðila.

k. Úttektarskýrslu fylgi reikningar yfir kostnaðarverð og flutningskostnað á kalki með tilgreindri vegalengd býlis frá hafnarstað.

l. Jarðabætur skal taka út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru framkvæmdar. Sjá þó sérákvæði um II. lið 10. gr., staflið e. Greiðsla jarðabótaframlags er enn fremur bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarða-

bótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambanda eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

12. gr.

Á framlög, er ákveðin eru í 10. gr. þessarar reglugerðar, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Byggingarstofnun landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar um greiðslu verðlagsuppbótar á framlög gildi frá og með framkvæmdum ársins 1972. Af jarðabótaframlögum þeim er talin eru í 10. gr., renna 4% til hreppabúnaðarfélaga og 2% til búnaðarsambanda nema af vélgröfnum skurðum 4%, er skiptast að jöfnu á milli nefndra aðila. Þó skulu framlög vegna jarðræktar grænfóðurverksmiðja renna óskipt til viðkomandi verksmiðju. Á árunum 1980—1985 skal í fjárlögum ætla til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 10. gr., fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót.

Verðlagsbætur reiknast eftir tvenns konar vísitölu; jarðræktar og vísitölu húsabóta. Eftir vísitölu jarðræktar reiknast framlög á: Handgrafna skurði, kílræsi, lokræsi með plastpípum, önnur lokræsi, túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, túnrækt á þurrlendi, endurvinnsla túna vegna skemmda, grænfóðurakrar, hagarækt, grjótnám og girðingar, kölkun túna og sprengingu berghafta, flóðgarða og flóðvarnargarða. Eftir vísitölu húsabóta reiknast framlag á áburðargeymslur, þurrheyshlöður, votheyshlöður, garðávaxtageymslur, verkfærageymslur, súgþurrkunarkerfi, vatnsveitur, vatnsbrýr og flóðgáttir. Breytingar á heildarframlagi vegna framræslu reiknast eftir breytingum á meðalkostnaði við framræslu.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þó skrá sérstaklega, hve mikið af framlögum gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal aðstoða ræktunarsambönd og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir. Hann skal og gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

16. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt reglugerð þessari.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og er verktakinn ábyrgur fyrir gjaldinu. Gjaldið ákveðst þannig:

Á gröft að 50 000 m^3 greiðast 10 aurar.
Á gröft 50 000 til 100 000 m^3 greiðast 20 aurar.
Á gröft 100 000 m^3 og yfir greiðast 30 aurar.

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

17. gr.

Jöfnunargjald það, er um ræðir í 16. gr., greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft". Hann skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, og annast það reikningshald fyrir sjóðinn. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins, og skal það tekið af ríkisframlagi.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr sjóðnum.

Þegar meðal framræslukostnaður hvers árs er þekktur fyrir landið í heild, skal greiða þeim bændum, sem greiða meira en meðalverð fyrir framræslu, úr jöfnunarsjóði, þannig að framræslukostnaður þeirra verði sem næst meðallagi. Ákvæði þetta gildir ekki á þeim ræktunarsvæðum, þar sem framræslukostnaður verður vegna óhagstæðra skilyrða meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, enda gilda þar ákvæði 10. gr. staflið I a.

III. KAFLI

Um búskaparhæfni jarða.

18. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búrekstrar, svo sem vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

19. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Að fengnu áliti þessara aðila skal landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 20. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr jarðeignasjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúnandinn reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 64/1976, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði reglugerðar þessarar í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10 000.00 til 100 000.00 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessarar reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli og leiðbeiningar um gerð jarða- og húsabóta, sem framlag er veitt til úr ríkissjóði samkvæmt jarðræktarlögum og reglugerð þessari svo og úttekt þeirra.

Fyrirmæli þessi skulu send öllum héraðsráðunautum og trúnaðarmönnum, og Búnaðarfélag Íslands leggur þeim jafnframt til öll nauðsynleg skýrsluform.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79 29. maí 1972 og lögum nr. 43. 29. maí 1979 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 237/1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Ólafsfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI.

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar er skipuð 7 (sjö) bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58 frá 29. mars 1961.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Ólafsfjarðarkaupstað og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru falin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti. Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það sem ákveðið er í fjárhagsáætlun, eða samkvæmt annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna er taka til lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins, og ennfremur ræður hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum, sem um getur í 51. gr.

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Túngötu, Aðalgötu, Gránugötu og Tjarnarbraut að höfn. Lækjargata milli Gránugötu og Aðalgötu. Norðurgata frá Gránugötu að Öldubrjót.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá vegamótum við fyrirhugaða bensínstöð um Aðalgötu að brú á Ólafsfjarðará, ásamt álmu að hafnargarði. Ólafsfjarðarvegur eystri (802) um Ægisgötu frá Aðalgötu að gatnamótum við Bylgjubyggð.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá gatnamótum sunnan barnaskóla um Skíðabraut að Hafnarbraut, Hafnarbraut frá Skíðabraut að Karls-Rauða-torgi, Gunnarsbraut frá Karls-Rauða-torgi að brú á Brimnesi og Karls-Rauða-torg frá Hafnarbraut að bryggju.

Hrísey:

Norðurvegur frá gatnamótum 180 m norðan Sólvallagötu að Brekkugötu og álma um Hafnargötu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá tengibraut um Hlíðarhverfi II (Hlíðarbraut) um Hörgárbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að vegi, er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Grenivík:

Ægissíða frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að gamla útibúi KEA og tengingu frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að bryggju við frystihús.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) gegnum Húsavík um Stangarbakka frá tengingu inn á iðnaðarsvæði í Hauksmýri (sunnan sláturhúss K. Þ.) að Héðinsbraut og Héðinsbraut frá Stangarbakka að Baldursbrekku.

Reykjahlíð:

Hlíðarvegur frá Norðurlandsvegi (1) að Múlavegi.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið og álma að höfn, þ. e. Sléttubraut frá gamla barnaskólanum að Aðalbraut. Aðalbraut frá Sléttubraut að Bæjarhálsi og Hafnarbraut frá Aðalbraut að bryggju.

Þórshöfn:

Langanesvegur (869) í gegnum kauptúnið ásamt álmu að höfn, þ. e. Fjarðarvegur frá Norðausturvegi (85) að Langanesvegi, Langanesvegur frá Fjarðarvegi að hreppamörkum við olíustöð og Hafnarvegur frá Langanesvegi að bryggju.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið með álmu að höfn, þ. e. Hamrahlíð frá syðsta húsi að Miðbraut. Miðbraut frá Hamrahlíð að Kolbeinsgötu, Kolbeinsgata frá Hafnarbyggð suður fyrir hús nr. 64 og Hafnarbyggð frá Kolbeinsgötu að bryggju neðan Kaupfélags.

Egilsstaðir:

Norðfjarðarvegur (92) frá Austurlandsvegi (1) að tengingu verkstæðishúss Brúnáss. Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að gatnamótum Árskóga, Skógarlönd frá Tjarnarbraut að Árskógum, Árskógar frá Skógarlöndum að Ártröð. Kaupvangur frá Norðfjarðarvegi (92).

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá kirkjugarði um Vesturveg að vegamótum Vestdalseyrarvegar og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyrarvegur (951) um Ránargötu að götu að Vélsmiðjunni Stál. Hánefsstaðavegur um Austurveg að Hafnargötu og Hafnargötu frá Austurvegi að Flísarhúsalæk utan og ofan Norðursíldar.

Neskaupstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kvíagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu að höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús Kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata. Búðarvegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá ristahliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) að gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestseturs framhjá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerða um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 123 28. febrúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 370. 27. ágúst 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 39 1. febrúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

14. ágúst 1979. Nr. 371.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagsuppdrætti af Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest deiliskipulagsuppdrátt af Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi austurbæjarins í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest deiliskipulag austurbæjarins í Vestmannaeyjum.

Skipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 373. 28. ágúst 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Fullorðnir, einstakir miðar	kr. 350.00
Börn, einstakir miðar	kr. 150.00
Sérklefi, einstakir miðar	kr. 450.00
Gufubað, einstakir miðar	kr. 600.00
Sundföt	kr. 300.00

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1979

20. september 1979. 725 Nr. 374.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1979.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1979, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr.	128 000.00
II. flokkur	—	109 000.00
III. flokkur	—	90 000.00
IV. flokkur	—	67 000.00
V. flokkur	—	48 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:
Ingólfs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek.

II. flokkur:
Apótek Austurbæjar
Hafnarfjarðar Apótek
Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Stjörnu Apótek

III. flokkur:
Háaleitis Apótek
Holts Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek

IV. flokkur:
Akraness Apótek
Akureyrar Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek
Stykkishólms Apótek

B 90

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupsstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek, Hveragerði.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.

III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1979. Gjaldið er lögtakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 20. september 1979.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

1. gr.

Liður 2.5.8. orðist svo:

Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga nr. 54/1978, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim sem greind eru hér að framan.

2. gr.

Liður 7.6.3.6. orðist svo:

Í skriðrýmum skal jafnan komið í veg fyrir jarðraka með því að steypa a. m. k. 80 mm þrifalag eða leggja 0.20 mm polyethylene-plastþynnu beint á jörðina undir gólfplötunni. Plastdúkinn skal festa vel niður.

3. gr.

Liður 8.1.19.1. orðist svo:

Um raflagnir gildir ÍST 117.

4. gr.

Liður 8.2.1.32. orðist svo:

Á stigum sem liggja að vegg, skal vera handrið öðrum megin, annars báðum megin eða ef stiginn er óvenju breiður. Handrið skal vera minnst 800 mm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún, og minnst 900 mm meðfram stigaopum, sbr. þó 8.2.1.34.

Reglugerð þessi sem er sett skv. 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1979 öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

18. september 1979. Nr. 376.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 20. ágúst til loka haustloðnuvertíðar 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 20. ágúst til loka haustloðnuvertíðar 1979:

Loðnumjöl, $ 7.80 á próteineiningu í lest
Loðnulýsi, $ 485.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði.
Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.
Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 377. 18. september 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunnamjöli fyrir framleiðslutímabilið 20. júlí til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunnamjöli fyrir framleiðslutímabilið 20. júlí til 31. desember 1979:

Kolmunnamjöl, $ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.
Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.
Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 378. 18. september 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlingsmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. ágúst til 31. desember 1979:

Spærlingsmjöl, $ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 8%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

28. ágúst 1979. Nr. 379.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Grindavík.

1. gr.

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn heimilisþjónustunnar í Grindavík. Dagleg umsjón með framkvæmd hennar er í höndum bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis eða ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem félagsmálaráð metur gildar, að hjálpar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, slysa eða af öðrum orsökum. Hjálpin veitist þann tíma sem félagsmálaráð ákveður hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi:

1. Aðstoð við aldraða og sjúka í þeim tilgangi, að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum.
2. Aðstoð við fatlaða sem búa einir og aðstoð við mæður með fötluð börn.
3. Önnur tilfelli sem metin eru hverju sinni.

3. gr.

Heimilisþjónustan skal leitast við að hafa jafnan einn mann tiltækan við heimilisþjónustu.

4. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur ákveður launakjör starfsmanna heimilisþjónustunnar.

5. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna skal greitt eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn Grindavíkur setur og ráðherra staðfestir. Heimilt skal vera að víkja frá gjaldskrá þessari til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem félagsmálaráð metur gildar.

6. gr.

Skrifstofa Grindavíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar. Skulu reikningar endurskoðaðir árlega, með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

7. gr.

Félagsmálaráð gerir árlega skýrslu um starfsemi heimilisþjónustunnar og leggur hana fyrir bæjarstjórn fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 380. 27. ágúst 1979.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.
Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	kr.	9 400
Fyrir þilfarsskip 15 brl. allt að 30 brl.	—	14 100
Fyrir þilfarsskip 30 brl. allt að 50 brl.	—	18 800
Fyrir þilfarsskip 50 brl. allt að 100 brl.	—	23 600
Fyrir þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	—	33 000
Fyrir þilfarsskip 200 brl. allt að 300 brl.	—	40 000
Fyrir þilfarsskip 300 brl. allt að 500 brl.	—	47 000
Fyrir þilfarsskip 500 brl. allt að 800 brl.	—	56 600
Fyrir þilfarsskip 800 brl. allt að 1200 brl.	—	59 000
Fyrir þilfarsskip 1200 brl. allt að 2000 brl.	—	70 700
Fyrir þilfarsskip 2000 brl. allt að 5000 brl.	—	82 500
Fyrir þilfarsskip 5000 brl. og stærri	—	94 300

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálft gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, ella greiðist gjaldið að fullu.

2. gr.
Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra skips eiganda þess eða siglingamálastjóra, skal greiða samkvæmt reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastjóra er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði. Fari fram öxulskoðun utan aðalskoðunar telst hún aukaskoðun.

3. gr.
Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði óflokkaðra skipa innanlands skal greitt eftir reikningi siglingamálastjóra, þó aldrei minna en fimmfalt gjald samkv. 1. gr. Sé um opinn bát að ræða, greiðist kr. 8 000.00.
2. Fyrir hvers konar eftirlit með skipum erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni, samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

   Heimilt er að leggja 30% á gjaldið, þó ekki af ferðakostnaði og dagpeningum eftirlitsmanns. Skal siglingamálastjóra heimilt að innheimta allt að kr. 160 000.00 fyrir fram vegna eftirlits samkvæmt þessum tölulið, en endanlegt uppgjör fari fram að ferðinni lokinni.
3. Fyrir eftirlit með viðgerðum og breytingum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands, skal greitt samkvæmt 2. gr.

4. gr.
Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkötlum skal greiða:

Ketill við vél undir 400 hö	kr.	5 700
Ketill við vél frá 400 til 800 hö	—	7 000
Ketill við vél yfir 800 hö	—	11 800

5. gr.
Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 brl.	kr.	19 600
Fyrir skip 100 brl. allt að 500 brl.	—	27 500
Fyrir skip 500 brl. allt að 1000 brl.	—	35 400
Fyrir skip 1000 brl. allt að 2000 brl.	—	47 100
Fyrir skip 2000 brl. allt að 5000 brl.	—	62 800

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 5 000.00

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis og tilheyrandi skoðun skulu greiddar kr. 3 000.00.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 8 000.00, enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.
Endurskoðun uppdrátta.

Fyrir endurskoðun allra smíðauppdrátta fyrir nýsmíðar skal greitt:

Fyrir opinn bát	kr.	7 000
Fyrir þilfarsbát minni en 15 brl.	—	11 800
Fyrir skip 15 brl. allt að 30 brl.	—	18 800
Fyrir skip 30 brl. allt að 50 brl.	—	28 300
Fyrir skip 50 brl. allt að 100 brl.	—	37 700
Fyrir skip 100 brl. allt að 300 brl.	—	58 900
Fyrir skip 300 brl. allt að 1000 brl.	—	62 800
Fyrir skip 1000 brl. allt að 3000 brl.	—	82 500
Fyrir skip 3000 brl. og stærri	—	94 300

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skipsins. Ef skipið er smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags greiðist hálft gjald.

Fyrir endurskoðun uppdrátta vegna breytinga og viðgerða á skipum greiðist samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir umsögn og athugun uppdrátta, vegna innflutnings gamalla skipa, greiðast kr. 39 000.00

7. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala.

1.	Útgáfa þjóðernisskírteinis	kr. 11 800
2.	Útgáfa alþjóðamælibréfs	— 14 100
3.	Afrit af alþjóðamælibréfi	— 2 600
4.	Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	— 6 500
5.	Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	— 1 300
6.	Einkaleyfi á skipsnafni	— 78 600
7.	Vottorð um útskrifun skips af aðalskipaskrá	— 3 900

8. gr.

Mæling skipa.

Opinn bátur	kr. 7 000
Þilfarsskip minni en 30 brl.	— 14 100
Þilfarsskip 30 brl. allt að 100 brl.	— 23 600
Þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	— 35 400
Þilfarsskip 200 brl. allt að 400 brl.	— 41 200
Þilfarsskip 400 brl. allt að 1000 brl.	— 58 900
Þilfarsskip 1000 brl. allt að 3000 brl.	— 76 600
Þilfarsskip 3000 brl. allt að 5000 brl.	— 110 000

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi siglingamálastjóra.

Fyrir endurskoðun á mælingu skips greiðist hálft gjald skv. þessari grein.

Að auki greiðast ferðaútgjöld mælingamanna eftir reikningi siglingamálastjóra.

9. gr.

Tækjaleiga.

Við röntgenmyndun greiðist sérstaklega fyrir leigu á tækjum, filmum, framköllun og mat skv. II W kr. 2 500.00 á hverja mynd.

Tækjaleiga við þykktar- og aðrar örbylgjumælingar, sprungu- titrings- og hávaðamælingar greiðast kr. 2 000.00 á klst.

10. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

Þurfi skipaskoðunar- eða eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda, sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiði eigandi skips kostnað við slíka aðstoð. Þó ekki þegar um árlega aðalskoðun er að ræða og aðstoðarinnar er óskað af skoðunar- eða eftirlitsmanni.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunnarinnar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.
Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12 maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa nr. 169/1977.

Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

30. ágúst 1979. Nr. 381.

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

I. KAFLI.

Um innheimtu gjalds af innlögðum vörum búvöruframleiðenda.

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

a) Mjólk og smjöri sem bændur selja mjólkurbúum, verslunum eða beint til neytenda.

b) Kindakjöti, svo og slátri og kindainnyflum hverskonar sem framleiðendur selja sláturhúsum sem viðurkennd eru, samkvæmt lögum nr. 30, 28.04. 1966, og öðrum slátrunarstöðum sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.

c) Hrossa- og nautgripakjöti og húðum sem framleiðendur selja sláturhúsum sem viðurkennd eru samkvæmt lögum nr. 30, 28.04. 1966, og öðrum slátrunarstöðum sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.
d) Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hverskonar, sem seld er verslunum, sölumiðstöðvum eða öðrum söluaðilum.
e) Garðávöxtum, er framleiðandi hefur lagt inn í verslun eða látið til sölumiðstöðvar eða annarra söluaðila til sölumeðferðar.
f) Eggjum sem seld hafa verið verslunum, sölumiðstöðvum eða öðrum aðilum svo og af seldu fuglakjöti.
g) Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa sem verslanir, sölumiðstöðvar eða aðrir söluaðilar versla með.
h) Gærum og ull, sem seld er í verslanir eða verksmiðjur.
i) Grávöru hverskonar, sem framleiðendur selja verslunum eða verksmiðjum, innanlands eða utan.
j) Svínakjöti, sem framleiðendur selja verslunum, sláturhúsum eða öðrum viðurkenndum slátrunarstöðvum.
k) Æðardúnn, sem seldur er verslunum, hvort sem hann er seldur innanlands eða til útflutnings.
l) Skírum veiðitekjum, (veiðileiga að frádregnum kostnaði, af útleigðri lax- og silungsveiði) svo og af laxi og silungi sem veiddur er í net og seldur er verslunum eða öðrum aðilum.

2. gr.

Gjald það sem um ræðir í 1. gr., skal vera 1% af verði því sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna hverju sinni og rennur það í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

3. gr.

Mjólkurbú, sláturhús, verslanir og aðrar sölumiðstöðvar svo og hótel, veitingastaðir og önnur fyrirtæki sem veita vörum móttöku frá framleiðendum greiða gjald það sem um ræðir í 1. og 2. grein, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. Nú tekur sláturhús gripi til slátrunar sem framleiðandinn tekur aftur sjálfur til eigin neyslu eða sölu, ber sláturhúseiganda þá að innheimta hið lögboðna gjald af hinum slátraða grip og standa skil á því til innheimtumanna. Gildir þetta ákvæði um allar tegundir sláturgripa, sauðfé, hross, nautgripi, fugla og svín.

Þar sem innheimtu verður ekki komið við hjá sölusamtökum framleiðenda, er heimilt að krefja gjaldið hjá framleiðendum eða bönkum, ef um sölu til erlendra aðila er að ræða, eftir því sem eðlilegast þykir, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

4. gr.

Innheimtunni skal hagað þannig, að verslanir og sölumiðstöðvar eða aðrir, sem kaupa eða taka til sölu af framleiðendum gjaldskyldar vörur, skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins ár hvert nákvæma skrá yfir magn vörunnar og verð hennar til framleiðenda, hvort tveggja fyrir næsta almanaksár á undan. Skránni skal fylgja hið lögboðna stofnlánadeildargjald, 1% af verði því sem framleiðendum er endanlega greitt fyrir vöruna, og skal hvort tveggja hafa borist Framleiðsluráði fyrir þann tíma, er hér segir:

Fyrir mjólk og smjör, grænmeti, gróðurhúsaframleiðslu, grávöru, garðávexti, egg, líffé, fuglakjöt, svínakjöt, lax og æðardún, eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Fyrir aðrar afurðir, svo sem sauðfjárafurðir, nautgripa- og hrossakjöt og húðir, eigi síðar

en 1. nóvember ár hvert. Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna og skýrsluskil eftir þeim reglum, er Framleiðsluráð setur og er gjaldskyldum aðilum skylt að hlíta þeim.

5. gr.

Skili greiðsluskyldur aðili, sbr. 3. gr., eigi framtali til Framleiðsluráðs á réttum tíma, getur það áætlað gjaldið. Þyki greiðanda áætlunin ósanngjörn, skal hann, innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um áætlunina, leggja fram fullnægjandi sannanir fyrir því að áætlunin sé of há og skulu umkvartanir greiðanda þá teknar til greina.

Framleiðendum búvara sem selja beint til notenda, er skylt að gera grein fyrir söluvörum sínum til Framleiðsluráðs.

6. gr.

Heimilt er, ef ástæða þykir til, að innheimta hið lögboðna gjald af bókfærðu áætlunarverði verslanana eða sölumiðstöðva og greiðist þá síðar gjald af eftirstöðvum verðsins, þegar endanlegt verð til framleiðenda liggur fyrir.

Nú er framtalsskýrsla ófullkomin eða tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda og er Framleiðsluráði þá heimilt að áætla gjaldið eins og að framan segir. Framleiðsluráð skal og, ef ástæða þykir til, sækja hlutaðeigendur til ábyrgðar fyrir vanrækslu á að skila skýrslum og gjöldum svo og fyrir ágalla á framtalsskýrslum. Dráttarvextir skulu teknir ef greiðsla gjalda dregst lengur en tvo mánuði fram yfir gjalddaga.

II. KAFLI.

Um innheimtu gjalda af söluvörum landbúnaðarins.

7. gr.

Auk gjalds, sem um ræðir í I. kafla þessarar reglugerðar, skal greiða sérstakt gjald (neytendagjald) af óniðurgreiddu heildsöluverði búvara innanlands, en sé ekki til skráð heildsöluverð, skal greitt af endanlegu söluverði frá framleiðanda. Gjald þetta skal vera 1% af verðinu. Einnig skal greiða jöfnunargjald, 1% er reiknað skal á sama hátt. Gjöld þessi skal einnig greiða af vörum sem fluttar eru úr landi. Gjöldin skal greiða af sömu vörutegundum og upp eru taldar í 1. gr. og af öllum mjólkurafurðum. Sömu aðilar skulu standa skil á þeim og taldir eru í 3 gr.

8. gr.

Gjöld þessi greiðast eftir á fyrir hálft ár í senn. Gjalddagar eru: 1. janúar fyrir mánuðina júní til nóvember, að báðum mánuðum meðtöldum, og 1. júlí fyrir mánuðina desember til júní. Af útfluttum landbúnaðarvörum, er njóta útflutningsbóta, skal þó greiða gjöld þessi hverju sinni um leið og útflutningsbætur eru greiddar. Í því tilviki að útflutningsbætur þrjóti skal reikna gjöldin einungis af söluverði varanna. Þá er einnig heimilt að innheimta gjöld þessi við gjaldeyrisskil útfluttra vara, þó á þær séu ekki greiddar útflutningsbætur.

9. gr.

Um innheimtu þessara gjalda gilda að öðru leyti sömu reglur og tilgreindar eru í 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði.

10. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi innheimtu þeirra gjalda, er reglugerð þessi fjallar um. Skal því jafnan heimilt að athuga bókhald greiðsluskyldra aðila, vegna gjalda þessara, eftir því sem það telur þörf á.

Framleiðsluráð greiðir inn í Stofnlánadeild landbúnaðarins hin innheimtu gjöld, eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa verið innheimt. Kostnað Framleiðsluráðs við innheimtu þessa greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbankans skulu endurskoða reikningsskil Framleiðsluráðsins fyrir gjöldunum og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum, er gjöldin varða og Framleiðsluráð getur í té látið.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 45, 16. apríl 1971, sbr. lög nr. 68, 30. apríl 1973 og lög nr. 60, 16. maí 1978 um breytingu á þeim lögum.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 382. 13. september 1979.

ARÐSKRÁ

fyrir vatnasvæði Veiðifélags Varmár- og Þorleifslækjar.

Arðskráin gildir frá 31. mars 1978.

		Einingar
1.	Arnarbælistorfa	500
2.	Hraunstorfa	140
3.	Núpar	220
4.	Vötn	70
5.	Kröggólfsstaðir	120
6.	Saurbær	200
7.	Þúfa	100
8.	Yxnalækur	85
9.	Vorsabær	510
10.	Reykjatorfa	520
11.	Grímslækir	100
12.	Hjallatorfa	640
13.	Riftún	17
14.	Þóroddstaðir	74
15.	Ytri-Þurá	25
16.	Eystri-Þurá	220
		3 541

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi h.f., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 13. september 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík
6. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
7. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
8. Reykjavík — Suðureyri — Reykjavík
9. Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík
10. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
11. Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík
12. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
13. Reykjavík— Siglufjörður — Reykjavík.

Samkvæmt sömu heimildum hefur ráðuneytið í dag einnig veitt flugfélaginu Ernir h. f., Ísafirði, sams konar leyfi á flugleiðinni Ísafjörður — Hólmavík — Gjögur — Ísafjörður og Flugfélagi Norðurlands h.f., Akureyri á flugleiðunum Akureyri — Mývatn — Akureyri, og Akureyri — Mývatn — Reykjavík — Mývatn — Akureyri.

Sérleyfum félaganna fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 13. september 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

18. september 1979. Nr. 384.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hrísey.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hríseyjarhreppi, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið.

Gjaldið skal greiða af fasteignum þar sem þegar hefur verið lagt á varanlegt slitlag eða gangstétt á undanförnum 5 árum.

Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húsa og lofthæð 2.70 m á íbúðarhúsum en 3.3 m í atvinnuhúsnæði nema uppdráttur sýni minna.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	3.0%
Tvíbýlishús og raðhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Önnur hús eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar	1—3.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m^3. Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 70.00 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan, meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast á sömu gjalddögum.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna, sem hafa náð 67 ára aldri og þeim, sem eiga við sjúkdóma að stríða.

Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

1. gr.

Við lista B á fylgiskjali I (efni, sem eingöngu er heimilt að nota hér á landi í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og eru jafnframt eftirritunarskyld) bætist.

B. 22 Carisoprodolum ..... INN.

Efni merkt B. 22 verði B. 23. o. s. frv.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 11. september 1979.

Magnús H. Magnússon.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Bíldudal.

1. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

2. gr.

Heimilisþjónusta felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, sem þarfnast umönnunar.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem gúa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpina stundar hverju sinni á vegum hreppsins sé hæft til starfsins og gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppssjóður Suðurfjarðarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar, kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupi.

7. gr.

Fyrir heimilishjálpina skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Suðurfjarðarhreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 387 27. júlí 1979.

AUGLÝSING

um umferð í Hólmavík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hólmavík.

1. Hafnarbraut hefur aðalbrautarréttindi og skal umferð um allar aðliggjandi götur hafa biðskyldu gagnvart henni.
2. Umferð um Kópnesbraut skal hafa biðskyldu gagnvart Bröttugötu.
3. Bifreiðastöður skulu óheimilar við norðanverða Hafnarbraut frá húsi nr. 31 að Brekkugötu. Einnig skulu bifreiðastöður óheimilar við austanverða Höfðagötu á móts við hús nr. 3 (verslunarhús K. S. H.)

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Strandasýslu, 27. júlí 1979.

Rúnar Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1979

5. október 1979. 741 Nr. 388.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 60 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) má þó ekki nema meiru en 15 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslið þessarar greinar fyrir allt að 15 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 40 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 60 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda til eigin nota á ferðalaginu íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað, þ. á m. matvæli og aðrar vistir, að því tilskildu að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

2. gr.

Áfengi og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum:

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
1. Ferðamenn	1,0 l. Auk þess 1,0 l af víni undir 21%	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	2 × 0,75 l	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.	48 fl.

B 92

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

	Áfengi þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl
3. Skipverjar á erlendum skipum og þeim íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð .... (Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	0,75 l	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	24 fl.
4. Flugáhafnir (þar með taldar aukaáhafnir)	0,375 l	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.	12 fl.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar. Hver flaska af öli má innihalda allt að 0,5 l.

Skipverjar á íslenskum skipum, sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga, skulu tollafgreiddir samkvæmt 3 tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hérlendis samfleytt í 7 daga er tollyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra 7 daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta skal heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun nafnskírteinis eða á annan fullnægjandi hátt.

3. gr.
Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill samkvæmt 1. gr. og geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Lifandi spendýr og fuglar.
5. Hrátt kjötmeti.
6. Egg og smjör.

Tollívilnanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar skv. 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á sama sólarhringnum.

Tollívilnun ferðamanna skv. 1. mgr. 1. gr. gildir ekki um hluta af verði munar, en tollívilnun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti viðkomandi munar sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur framvísa öllum farangri sínum við tollgæslumann. Ef farþegi hefur meðferðis tollskyldan varning, þ. e. annan, meiri eða verðmætari varning en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda skv. 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni, skal hann ótilkvaddur skýra tollgæslumanni nákvæmlega frá varningnum og verðmæti hans. Af þeim tollskylda varningi, sem heimilaður er innflutningur á, skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðsu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi en ótollafgreiddum sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningsbanni eða innflutningstakmörkunum og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun, sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan, skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

6. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr. gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

		0,375 l	0,50 l	0,75 l	1,0 l
A.	Áfengi:				
1.	Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr. 1 100	1 300	1 800	2 200
2.	Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	— 1 300	1 500	2 000	2 500
3.	Íslenskar áfengistegundir	— 3 100		5 800	
4.	Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 4 800	5 700	8 000	9 800

B.	Tóbak:		
1.	Reyktóbak	kr. 5 500	pr. tylft eða lb.
2.	Vindlingar	— 4 800	— karton
3.	Smávindlar	— 700	— 10 stk.
	Meðalstærð	— 3 600	— 25 —
	Vindlar, aðrir	— 4 800	— 25 —

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Nú er framvísað í tæka tíð meira magni af einkasöluvarningi en afgreiða má skv. 6. gr. og engar sérstakar ástæður eru fyrir hendi til að heimila innflutning, og er þá heimilt að fella niður kæru og gera varninginn upptækan til ríkissjóðs.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 6. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Enn fremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 6. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur, sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi 15. október 1979. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 195 24. maí 1978, reglugerð nr. 272 30. nóvember 1969 svo og gjaldskrá nr. 316 27. júlí 1979.

Fjármálaráðuneytið, 5. október 1979.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1979

20. september 1979. 745 Nr. 389.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 142.39 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 55,71 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 620,68 á hvern fermeter í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 205,70 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 35,60 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 80,31 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 39 092.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 80,31 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 11,82 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 39 092.00 Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl. má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 11,82 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 36 990.00 hvert kW. í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 39 092.00 á kW. á ári.

b) Af allri notkun kr. 11.82 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 620,68 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en 205,70 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 339.23 á hvern fermeter á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 15.70 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 9.00 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

a) á kr. 9.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 7 573 hvert kW.
b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 4.50 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 42.40 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 72.00.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 12.90 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 10,34 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 13.91 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 42.40 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 216.50 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 258.93 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 647,24 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 970,77 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 970.77 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD.

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara Amp.	Hámarks-afl kVa	Heimtaug-argjald kr.
1.	3 × 60	22	178 707.00
2.	3 × 100	38	259 436.00
3.	3 × 200	75 sp.	510 825.00
4.	3 × 350	132 sp.	850 820.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 37 062.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 46 734.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 5 052.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 5 052.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 sbr. auglýsingu nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 253 23. maí 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið 20. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 390. 19. september 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. LÝSING.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 191 040 kr./kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 42.92 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. HEIMILISNOTKUN.

1. 35.74 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. VÉLAR

1. 42.92 kr/kWh, til véla.
2. 8.54 kr/ kWh og 34 190 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 64.35 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 35.74 kr/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. HITUN.

1. 14.18 kr/kWst., til húshitunar.
2. 21.29 kr/kWst., til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 6.56 kr/kWst., til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 11.42 kr./kWst., til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 3.43 kr/kWst., til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 5.93 kr/kWst., til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00—24:00.
7. 11.82 kr/kWst., til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 16,40 kr/kWst., til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. STÓRNOTKUN.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 6.31 kr/kWst. og 56 510 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. ÖNNUR NOTKUN.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1. Af einfasa mælum kr. 333.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 80A kr. 919.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 80A kr. 1 354.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 3 397.00 á mánuði.
5. Móttökuliði kr. 737.00 á mánuði.
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Aðalheimtaug.

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur lágmark kr.	Jarðstrengur lengdargjald kr.	Loftlínu-heimtaug breytt í jarðstrengs heimtaug kr.	Einfasa heimtaug 63 A aukin í 3x63 A kr.
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	205 900	0	65 600	
63 A 3-fasa	231 300	0	81 800	41 800
100 A 3-fasa	161 600	7 757	103 300	
125 A 3-fasa	198 000	8 678	126 500	
200 A 3-fasa	308 900	11 768	197 500	
300 A 3-fasa	446 000	14 315		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	205 900	0	65 600	
63 A 3-fasa	276 600	0	110 700	83 400
100 A 3-fasa	273 500	7 757	174 900	
125 A 3-fasa	342 300	8 678	218 900	
200 A 3-fasa	535 400	11 768	342 300	
300 A 3-fasa	773 300	14 315		

2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3 Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 3 904 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjald-

skrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

BRÁÐABIRGÐAHEIMTAUGAR.

2.11 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	38 800	5 786	73 200
63 A 3-fasa	54 500	5 786	85 300
100 A 3-fasa	57 800	7 463	97 600

2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðarmarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 6 700 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 5 500. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 5 500 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.

3.4 Ef launafl nemur 40% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1 050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er

vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu.

3.7 Sölugjald 20% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 39% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 222 8. júní 1979.

Iðnaðarráðuneytið 19. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 391. 20. september

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 142.39 **hver kWst.**

1.2. Um kWst.-mæli á kr. 55.71 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 620.68 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 35.60 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 78.98 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 14 176.52 á hvert uppsett kW vélanna.

3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 32.33 hver kWst.

3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:

a. Um kWst.-mæli á kr. 22.81 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.

b. Um tvígjaldsmæli á kr. 135.13 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 25.25 hver kWst. utan þess tíma.

3.4. Um mæli á kr. 29 166.87 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 15.40 á notaða kWst.

3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
Um mæli á kr. 19 126.62 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 15.40 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 15.02 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.-mæli á kr. 8.30 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4.3. Um kWst.-mæli á kr. 4.15 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 42.36 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 72.12 hver kWst.
5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 10.34 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 32.33 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
5.4. Til gatnalýsingar á kr. 25.25 hver kWst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 207.70 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 247.33 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 619.00 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 928.20 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 928.20 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 4 584.30 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 3 505.00

HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Yfirlengdargjald Loftlína kr./m
63A	1-fasa	225 719.00	5 441.00	71 678.00
63A	3-fasa	243 619.00	6 515.00	89 471.00
100A	3-fasa	289 603.00	7 375.00	111 386.00
200A	3-fasa	466 793.00	Samkv. kostnaði	
315A	3-fasa	972 817.00	—	
300kVA	3-fasa	1 359 483.00	—	
500kVA	3-fasa	2 269 688.00	—	
800kVA	3-fasa	3 628 879.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Lengdargjald[1)2)] Loftlína
63A	1-fasa	40 026.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	56 192.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	59 590.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 sbr. auglýsingu nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 252 23. maí 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið 20. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

20. september 1979. Nr. 392.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 142.39 hver kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 55.71 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 620.68 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 35.60 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 78.98 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 14 176.52 á hvert uppsett kW vélanna.
3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 32.33 hver kWst.
3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a. Um kWst.-mæli á kr. 22.81 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 135.13 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 25.25 hver kWst. utan þess tíma.
3.4. Um mæli á kr. 29 166.87 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 15.40 á notaða kWst.
3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
   Um mæli á kr. 19 126.62 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 15.40 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 15.02 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.-mæli á kr. 8.30 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4.3. Um kWst.-mæli á kr. 4.15 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 42.36 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 72.12 hver kWst.
5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 10.34 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 32.33 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.00.
5.4. Til gatnalýsingar á kr. 25.25 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 207.70 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 247.33 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 619.00 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 928.20 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 928.20 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 4 584.30 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 3 505.00.

HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./m
63A	1-fasa	225 719.00	5 441.00	71 678.00
63A	3-fasa	243 619.00	6 515.00	89 471.00
100A	3-fasa	289 603.00	7 375.00	111 386.00
200A	3-fasa	466 793.00	Samkv. kostnaði	
315A	3-fasa	972 817.00	—	
300kVA	3-fasa	1 359 483.00	—	
500kVA	3-fasa	2 269 688.00	—	
800kVA	3-fasa	3 628 879.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	40 026.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	56 192.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	59 590.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 sbr. auglýsingu nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 242 23. maí 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið 20. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 393. 20. september 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 118.70 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 37.81 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 19 316 á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 573.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—2 Kr. 33.27 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 67.00 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári, kr. 23 710.00 hvert kW. og kr. 12.16 hver kWst.

C—3 Kr. 40.75 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 5.26/4.74 hver kWst. og kr. 43 432.00 hvert kW.

C—5 Vegna byggingaframkvæmda kr. 75.20 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 8.13 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 5.62 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 7.07 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 18.59 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 24.17 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
E—3 Kr. 11.77 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til 8.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 12.79 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árslegu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	2 107	2 600	2 823		
3-fasa kWst.-mælar	4 220	5 480	7 050	11 750	25 830
Tvígj.- og mestastr.-mælar ..		7 050	11 750	18 910	37 900
Stýrikerfisliðar		8 720			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr/stólpi	Umframgjald Loftlína kr/stólpi
25 A 1-fasa	45 400	24 000	—	Innif.	41 000
25 A 3-fasa	67 600	34 000	—	—	57 000
63 A 1-fasa	166 000	34 000	—	—	57 000
63 A 3-fasa	180 000	38 000	—	—	63 000
110 A 3-fasa	223 500	45 500	—	—	80 000
200 A 3-fasa	130 000	—	9 400	—	—
315 A 3-fasa	390 000	—	12 800	—	—
300 kVA 3-fasa	1 030 000	—	Skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	1 640 000	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	1 700 000	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 4 000.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 5 000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 47%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, eru innifalin í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 314/1979 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 227 8. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið 20. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

20. september 1979. Nr. 394.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1 Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 120.70 á kWst.

1.2 Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 36.20 á kWst.
Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:
Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... — 612.00 á m^2 á ári.
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 230.00 á m^2 á ári

1.3 Til götulýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 36.20 á kWst.

1.4 Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 60.30 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1 Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 27.40 á kWst.
Fastagjald af hverju herbergi ..... — 2 460.00 á ári
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.

2.2 Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 27.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1 Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 60.30 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2, en þriðjungi lægra.

3.2 Um afl og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 9.46 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 94 734.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kW ..... — 31 578.00 á kW á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

3.3 Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 9.46 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kW ..... — 81 762.00 á ári
Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW. ..... — 25 092.00 á kW á ári
Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að hanna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufuketlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 19.35 á kWst.

4.2 Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 8.60 á kWst.

4.3 Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 5.20 á kWst.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 9.45 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja:

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 1 962.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 4 348.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 4 944.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun		Heimtaugargjöld kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63A	1-fasa	148 260	4 850	50 850
63A	3-fasa	160 390	4 850	62 960
100A	3-fasa	190 780	5 465	80 960
200A	3-fasa	303 990	7 360	
315A	3-fasa	640 900	10 260	
300KVA	3-fasa	897 250	Samkv. kostn.	
500KVA	3-fasa	1 486 650	—	
800KVA	3-fasa	2 379 700	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63A	1-fasa	kr. 32 650	63A	3-fasa	kr. 44 250

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 16 450 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrri helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 400.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 2 400 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 224, 11. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið 20. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 395. 20. september 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1	Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar. Orkugjald 39.30 kr/kWh.	kr.	39.30 á kWst.
1.2	Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð. Orkugjald	—	49.20 á kWst.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald ..... — 32.60 á kWst.

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald ..... — 39.30 á kWst.

3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald ..... — 12.30 á kWst.
Aflgjald ..... kr. 29 352.00 á kW á ári

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufuketlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... — 17.90 á kWst.

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.
Orkugjald ..... — 6.93 á kWst.

4.3 Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... — 4.19 á kWst.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald ..... — 7.63 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	2 712
Orkumælir, þrífasa	—	6 810
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	11 760
Aflmælir	—	11 022
Aflmælir með straumspennum	—	17 640

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15 % af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A) málraun (KVA)		Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr/stólpa
63A	1-fasa	146 360	4 800	54 140
63A	3-fasa	158 330	4 800	67 050
100A	3-fasa	188 320	5 400	85 770
200A	3-fasa	300 090	7 370	
315A	3-fasa	632 670	8 800	
300KVA	3-fasa	885 730	Samkv. kostnaði	
500KVA	3-fasa	1 467 550		
800KVA	3-fasa	2 349 130		

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt sem hér segir:

63A 1-fasa ..... kr. 32 250 63A 3-fasa ..... kr. 43 700

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 400.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 314/1979 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 227 8. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið 20. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 396.

REIKNINGAR

sjóða tengdum Minningargjafasjóði Landspítala Íslands 1978.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild nr. 456	kr.	49 291.00
	kr.	49 291.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	42 310.00
Vaxtatekjur 1977	—	6 981.00
	kr.	49 291.00

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. 510591 í Búnaðarbanka Íslands	kr.	76 524.00
	kr.	76 524.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	57 883.00
Vaxtatekjur	kr.	18 641.00
		76 524.00

Minningargjöf um Hans Wium, sýslumann.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. 28257 í Landsbanka Íslands	kr.	41 178.00
	kr.	41 178.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	31 108.00
Vaxtatekjur	—	10 070.00
	kr.	41 178.00

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. 28230 í Landsbanka Íslands	kr.	84 394.00
	kr.	84 394.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	63 802.00
Vaxtatekjur	—	20 592.00
	kr.	84 394.00

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. 28249 í Landsbanka Íslands	kr.	53 793.00
	kr.	53 793.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	40 672.00
Vaxtatekjur	kr.	13 121.00
	kr.	53 793.00

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. 28273 í Landsbanka Íslands	kr.	181 871.00
	kr.	181 871.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	137 522.00
Vaxtatekjur	kr.	44 349.00
	kr.	181 871.00

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28281 í Landsbanka Íslands	kr.	151 604.00
	kr.	151 604.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	114 626.00
Vaxtatekjur	kr.	36 978.00
	kr.	151 604.00

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. 28265 í Landsbanka Íslands	kr.	846 252.00
	kr.	846 252.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	639 817.00
Vaxtatekjur	kr.	206 435.00
	kr.	846 252.00

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn nr. 28222 í Landsbanka Íslands	kr.	202 384.00
	kr.	202 384.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1978	kr.	153 029.00
Vaxtatekjur	kr.	49 355.00
	kr.	202 384.00

Reykjavík 8. janúar 1978.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa og borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 10. janúar 1979.

Ólöf Pétursdóttir Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Nr. 397.

REIKNINGUR

Ársreikningur Minningargjafasjóðs Landspítalans 1978.

Rekstursreikningur fyrir árið 1978.

Gjöld:

Ýmis kostnaður, prentun o. fl. 1978	kr.	701 663.00
Styrkveitingar árið 1978	—	2 662 000.00
Tekjur til ráðstöfunar 1982	—	14 500 000.00
Tekjur lagðar við höfuðstól	—	17 866 739.00
Samtals	kr.	35 730 402.00

Tekjur:

Samúðarskeyti Landsímans	kr. 18 853 213.00		
÷ 15% til F. Í. S.	— ÷2 827 983.00		
		kr.	16 025 230.00
Arður af hlutabréfum E. Í.		—	11 400.00
Vaxtatekjur		—	19 661 972.00
Aðrar minningargjafir		—	31 800.00
Samtals		kr.	35 730 402.00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1978.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikningi		kr. 871 844.00
Bankainnstæður á vaxtaaukareikn.		— 80 175 648.00
Spariskírteini 1. fl. 74C 1136—40	kr. 250 000.00	
Spariskírteini 1. fl. 75C 10461—65	— 250 000.00	
Spariskírteini 1. fl. 76C 1363—92	— 1 500 000.00	kr. 2 000 000.00
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands		kr. 114 000.00
Áfallnir vextir af spariskírteinum		— 176 170.00
		Samtals kr. 83 337 662.00

Skuldir:

Til ráðstöfunar 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár f. fyrri árum	kr. 25 900 000.00	
Ráðstafað til Landspítalans 25.4. '78	—÷25 000 000.00	
Lagt við höfuðstól 25.4. '78	— ÷ 900 000.00	
Til ráðstöfunar 1982 skv. 5. gr. af tekjum 1978		kr. 14 500 000.00
Höfuðstóll 1.1. 1978	kr. 50 070 923.00	
Lagt við höfuðstól 25.4. 1978	— 900 000.00	
Lagt við höfuðstól 31.12. 1978	— 17 866 739.00	kr. 68 837 662.00
		Samtals kr. 83 337 662.00

Reykjavík 6. janúar 1978.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 10. janúar 1979.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Nr. 398. 24. september 1979.

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

1. flokkur: Gjald kr. 18 000.00. — Handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.

2. flokkur: Gjald kr. 36 000.00. — Jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færibönd, súgþurrkunarblásarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.

3. flokkur: Gjald kr. 54 000.00. — áburðardreifarar, talíur, dælur, sniglar, ámokstursog hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsblásarar, flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.

4. flokkur: Gjald kr. 72 000.00. — Gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.

5. flokkur: Gjald kr. 90 000.00. — Traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfelli.

Landbúnaðarráðuneytið 24. sept. 1979.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

11. október 1979. Nr. 399.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Fiskmjöl, $ 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

2. október 1979. Nr. 400.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. töluliður 1. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan og norðan af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

a)	66°34′7 N	22°00′0 V
b)	66°37′3 N	21°21′5 V
c)	66°58′6 N	20°54′0 V
d)	66°59′0 N	20°40′0 V

að austan markast svæðið af 20°40′0 V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut ega að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. október 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 401. 25. september 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

1.1	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	100.10 á kWst.
1.2	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	48.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	30.00 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Orkugjald	—	57.30 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	18 × F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	—	128 355.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	41 946.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	14.02 á kWst.
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	—	35 589.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	11.29 á kWst.
3.4	Til súgþurrkunar		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	14.13 á kWst.

4. Húshitun.

4.1	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	24.62 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.2	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	10.50 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	5.50 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	kr.	F 1
	Orkugjald	—	29.80 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.	.....	kr.	703.00 á mán.
F2.	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..	—	21.75 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	12.00 á m^2 á mán.
F3.	.....	—	221.70 á gj.ein. á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.
Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, 25 m^2 eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m^2 mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4.	Hvert uppsett kW	kr.	2 992.00 á kW á ári

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 5 985.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 3 195.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug	kr.	1 198.00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að	—	957 858.00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70q og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 231 15. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 25. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 402. 25. september 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflaverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.

Númer gjald skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orku-verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag-greiðslur	Árs-greiðslur
	A. Lýsing.			
A 1.	Með fastagjaldi	35.68	1.59/m²	580/m²
A 2.	Án fastagjalds	97.93		
	B. Heimilisnotkun o. fl.			
B 1.	Heimilisnotkun	28.85	6.78/herb.	2 475/herb.
B 2.	Mannvirkjag. Akran.höfn	58.94		
	C. Vélanotkun.			
C 1.	Með fastagjaldi	35.68	21.00/kW	7 665/kW
C 2.	Með rofi 1.5 klst./dag.	28.85		
C 3.	Stórnotkun (Afltaxti)	9.17	92.46/kW	33 751/kW
	D. Húshitun.			
D 1.	Án rofs	18.13		
D 2.	Rof 1.5 klst. á dag	10.12		
D 3.	Rof 2.5 klst. á dag	9.38		
D 4.	Rof 4.5 klst. á dag	7.51		
D 5.	Rof 14.5 klst. á dag	5.30		
D 6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	6.13		

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag-greiðslur	Árs-greiðslur
	E. Annað.			
E 1.	Sérsamningar			
E 2.	Gatna og hafnarlýsing			
E 3.	Lokun og enduropnun veitu		4000	
	Mæla- og rofaleiga.			
10	Einfasa		5.17	1 887
11	Einfasa með rofa		28.40	10 366
20	Þrífasa		20.69	7 552
21	Þrífasa með rofa		43.88	16 016
24	Þrífasa með tveim rofum		54.21	19 787
30	Þrífasa með aflmæli		33.55	12 246

Ákvæði og skýringar með töflu 1.

A. Lýsing.

A.1. Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálft fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

B.1. Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálft. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

B.2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x32 A. og 3x50 A. 220 V.

C. Vélar.

C.1. Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimlum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.

C.2. Til véla í matvælaiðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

C.3. Til atvinnutækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín.

E. Annað.

E.1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E.2. Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti Rafveitunefndar.

E.3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.8 er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA).

D. Hitun.

D.3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D.6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð díselolíu á hverjum tíma.
d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D.1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D.1.
g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur aðalvara 220 V kerfi Amp.	Málstraumur aðalvara 380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftl.h. allt að 30 m Kr.
2.01	2x60	1x60	13	98 000
2.02	3x60		22	121 260
2.03	3x100	3x60	38	162 540
2.04		3x100	66	234 780
2.05	3x200		76	260 580
2.06	3x350	3x200	132	476 160
2.07		3x350	231	699 180
2.08	Bráðabirgðaheimtaug		1x35 Amp.	30 315
2.09		—	3x35 —	60 630
2.10		—	3x60 —	103 845
2.11	Tenging við Akraneshöfn			3 870

TAFLA III. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
3.01	150	774 000
3.02	300	1 548 000
3.03	500	2 257 500
3.04	800	3 612 000

ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU II OG III.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við stíg eða götu stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (4128 ÷ 13 x kVA) kr./m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj = (2760 ÷ 9 x kVA) kr./m að viðbættum kr. 54 300 á hvern stólpa í umframlínu.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvoru tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 22% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun; sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 277 14. júní 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið 25. september.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða nr. 234 21. maí 1979.

Verðákvæði gjaldskrárinnar verði þannig:

A. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	1 260.00 á mán.
	Orkugjald	—	160.80 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	86.50 á kWst.
1.3.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Orkugjald	—	42.70 á kWst.
1.4.	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Fast gjald á ljósker	—	630.00 á mán.
	Orkugjald	—	20.20 á kWst.
1.5.	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	—	1 260.00 á mán
	Orkugjald	—	66.40 á kWst.

B. Heimili.

2.1.	Fast gjald	—	2 140.00 á mán.
	Orkugjald	—	41.80 á kWst.
2.2	Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli.		
	Markmæling:		
	Aflgjald lágmark 4 kW	—	219 690.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	29 870.00 kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	8.20 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	41.80 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	1 260.00 á mán.
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	86.50 á kWst.
3.2.	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 3 kW	—	53 820.00/kW á ári
	Flatarmálsgjald	—	skv. skýringu
	Orkugjald	—	16.70 á kWst.
3.3	Súgþurrkun 1. júní — 31. október:		
	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Aflgjald	—	16 740.00/kW á ári
	Orkugjald	—	7.00 á kWst.

D. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	1 260.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	3 200.00/kW á ári
	Orkugjald	—	33.50 á kWst.
	Enginn roftími		

4.2.	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	3 200.00/kW á ári
	Orkugjald	—	26.60 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3.	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	3 200.00/kW á ári
	Orkugjald	—	12.80 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4.	Markmæling:		
	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 5 kW, hámark 20 kW	—	26 600.00/kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.50 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	41.80 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturhitun.

4.5.	Sumarhitun.		
	Fast gjald	kr.	1 260.00 á mán.
	Orkugjald	—	7.30 á kWst.
4.6.	Næturhitun.		
	Fast gjald	—	1 260.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 2 kW	—	3 200 kW á ári
	Orkugjald	—	7.30 á kWst.
	Roftími 14 klst. á dag.		

F. Annað.

5.1.	Gjöld yfir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti	—	7 680.00
5.2.	Sérsamningar.		

1. Flatarmálsgjöld.

Taxtar 1.2 og 3.1.:

	Verslanir, skrifstofur vinnustofur o. þ. h.	kr.	48.00 á m^2 á mán.
	Gangar, geymslur o. þ. h.	—	24.00 á m^2 á mán.

Taxti 3.2.:

	Fyrir hverja flatarmálseiningu	—	480.00 á mán.

Einingar:

A. Félagsheimili, skólar, gistihús, sjúkrahús o. þ. h.: 20 m^2 mælt innan útveggja.

B. Fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.: 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.

Heimtaugagjöld skv. gjaldskrárlið 9.3 verði þannig:

Varstærð Amp.	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63	301 200	5 600	108 000
100	356 400	6 500	
200	578 400	8 300	
300	1 140 000	10 100	

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest skv. lögum nr. 66 31. maí 1976 til að öðlast gildi 1. ágúst skv. auglýsingu nr. 313 31. júlí 1979.

Iðnaðarráðuneytið 19. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 404. 24. september 1979.

REGLUR

um umferð í Keflavík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Keflavíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga er hér með ákveðið bann við að leggja stórum bifreiðum og hvers konar vinnuvélum við götur í Eyjabyggð í Keflavík.

Keflavík, 24. september 1979.

Jón Eysteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1979

27. september 1979. 781 Nr. 405.

REGLUGERÐ

um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.

1. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir reglubundnu samráði og samstarfi við eftirtalin samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda um efnahags- og kjaramál með samráðsfundum og gagnkvæmri upplýsingamiðlun:

Alþýðusamband Íslands
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Bandalag háskólamanna
Samband ísl. bankamanna
Stéttarsamband bænda
Samband ísl. sveitarfélaga
Vinnumálasamband samvinnufélaga
Vinnuveitendasamband Íslands

2. gr.

Af hálfu þeirra samtaka, sem reglubundið samstarf verður haft við samkvæmt þessari reglugerð skulu skipaðar sérstakar samráðsnefndir til beinna viðræðna við ríkisstjórnina. Samtökin skulu sjálf ákveða fjölda fulltrúa í samráðsnefnd sinni. Ríkisstjórnin tilnefnir af sinni hálfu þrjá fulltrúa til samráðsins.

Aðilar þeir, sem tilgreindir eru í 1. gr. skulu tilkynna forsætisráðuneytinu um fulltrúa sína í samráðsnefndunum. Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytisins að hafa umsjón með og undirbúa, m. a. með aðstoð Þjóðhagsstofnunar, samráðsfundi, boða þá og stjórna þeim.

3. gr.

Samráðsfundur ríkisstjórnar og samráðsnefnda hinna einstöku samtaka skulu haldnir minnst einu sinni á ársfjórðungi.

4. gr.

Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.
2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

B 97

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, og launamála og efnahagsmála almennt.

5. gr.

Skipa má samstarfsnefndir með fulltrúum samtakanna í 1. gr. og ríkisstjórnarinnar til að vinna að einstökum málaflokkum milli samráðsfunda og til undirbúnings þeim.

6. gr.

Fyrir 15. október ár hvert skal forsætisráðherra kalla samráðsaðila til sameiginlegs fundar og leggja fyrir þá til kynningar og umfjöllunar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

Viðkomandi samtök tilnefna fulltrúa sína hverju sinni, en fulltrúafjöldi frá hverju samtakanna skal vera eftirfarandi:

Alþýðusamband Íslands 6 fulltrúar
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 1 fulltrúi
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja 2 fulltrúar
Bandalag háskólamanna 1 fulltrúi
Samband ísl. bankamanna 1 fulltrúi
Stéttasamband bænda 1 fulltrúi
Samband ísl. sveitarfélaga 1 fulltrúi
Vinnumálasamband samvinnufélaga 2 fulltrúar
Vinnuveitendasamband Íslands 5 fulltrúar

7. gr.

Samráðsfulltrúar skulu vera ólaunaðir, en allur kostnaður við undirbúning og vinnu fyrir samráðsfundi skal greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13 10. apríl 1979 og öðlast gildi 15. október 1979.

Forsætisráðuneytið, 27. september 1979.

Ólafur Jóhannesson.

Björn Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 49, nr. 405. Útgáfudagur 19. október 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1979

18. október 1979. 783 Nr. 406.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 388 5. október 1979 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 15 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 40 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 60 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 15 000 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1979.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

22. október 1979. Nr. 407.

AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við Alþingiskosningar 2. og 3. desember 1979 og um kærufresti.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar 2. og 3. desember 1979 verði lagðar fram.

Jafnframt er ákveðið, samkvæmt heimild í 1. málsgr. 23. gr. laganna,

a) að tímabil það, sem getur í 1. málsgr. 19. gr., styttist, þannig að kjörskrár skulu lagðar fram 3. nóvember 1979.

b) að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsgr. 19. gr., styttist, þannig að hann verði tvær vikur.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

c) að frestur til að afhenda sveitarstjórn kærur vegna kjörskrár, sbr. 20. gr., renni út, þegar tvær vikur eru til kjördags.

d) að sveitarstjórnir skuli hafa skorið úr aðfinnslum við kjörskrár, sbr. 1. málsgr. 21. gr., eigi síðar en 24. nóvember 1979.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1979.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 50, nr. 406—407. Útgáfudagur 22. október 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 — 1979

19. september 1979. 785 Nr. 408.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA

A. GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	160.87 á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	86.69 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	41.90 á kWst.
	Markmæling:		
2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 2—4 kW	—	55 031.00 á kW á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	29 803.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	8.18 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	41.90 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Lágmarksgjald	—	5 × F1 á ári
	Orkugjald	—	86.69 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	161 728.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	43 619.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	16.10 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október		
	Aflgjald	—	16 255.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	7.03 á kWst.

4. Húshitun, íbúðarhúsnæði.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	26.62 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	12.81 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
4.3.	Fast gjald	kr.	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	132 575.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	26 515.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	5.53 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	41.90 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	7.29 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	½ × F1 á ári
	Orkugjald	—	20.13 á kWst.
5.2.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	42.66 á kWst.

6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði.

6.1.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	36.46 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
6.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW.	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	17.73 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		
	Markmæling:		
6.3.	Fast gjald	kr.	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	179 810.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	35 962.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	7.50 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	41.90 á kWst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag		
6.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	10.24 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

7. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals fyrir hvert skipti.		kr.	7 640.00

B. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Föst gjöld.

F1		kr.	15 098.00 á ári
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	561.56 á m^2 á ári
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	280.78 á m^2 á ári
F3		—	5 945.00 á gj. ein. á ári

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm og 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4 Hvert uppsett kW ..... kr. 3 200.00 á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 103.00 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1 og 6.1. — 1.7 aura á lið 4.2. og 6.2. — 1.5 aura á lið 4.3 og 6.3 — 0.9 aura á lið 4.4 og 6.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3 lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 19% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

II. HEILDSALA.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá eru miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Afl	kr. 21 185.00	á árskW
+ Orkugjald:		
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	— 671.10	á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	— 388.10	á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	— 194.00	á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími í klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundarverð skv. 2. grein umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur eru innifalin í verðinu.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1. Heimtaug.

Varstærð		Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd[1]) Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63A	1-fasa	277 200	5 592	95 000
63A	3-fasa	301 200	5 592	108 000
100A	3-fasa	356 400	6 468	
200A	3-fasa	578 400	8 316	
315A	3-fasa	1 140 000	10 068	
300 kVA	spst.	1 826 400	Samkv. kostn.	
500 kVA	spst.	2 925 600	—	
800 kVA	spst.	4 640 400	—	
Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2)		45 600		

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frá-

1) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

gang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 243 700 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 20 931 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 20 931 000 enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverja 243 700 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald kr. 243 700 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 258 stig. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 11 512 000 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 skv. auglýsingu nr. 314/1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 233 15. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið 19. september 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

16. október 1979. Nr. 409.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 437, 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

1. Af vörum, sem falla undir gjaldflokk A, sbr. 2. gr., skal greiða 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.
2. Af vörum, sem falla undir gjaldflokk B, sbr. 2. gr., skal greiða 30% gjald.

2. gr.

1. og 2. málsliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum og skal það greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

4. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

5. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. mgr. 1. gr. á 90.09% heildsöluverðsins. Svarar það til 21.62% og 27.03% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

6. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1979 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1979 er 1. ágúst 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1979 er 1. nóvember 1979 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1979 er 1. febrúar 1980.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1980 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1980 er 1. maí 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1980 er 1. ágúst 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1980 er 1. nóvember 1980 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1980 er 1. febrúar 1981.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

7. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal gilda frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

8. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða, sem vörugjald hefur þegar verið greitt af við gildistöku reglugerðar þessarar.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

9. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 3. og 4. gr. skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 74 10. september 1979 og lög nr. 84 16. október 1979 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna tímabilsins 1. júlí til og með 30. september 1979 skulu framteljendur skila tveimur vörugjaldsskýrslum, annarri vegna vörugjaldsskyldrar innlendrar framleiðslu fyrir tímabilið 1. júlí til og með 11. september 1979 en hinni vegna vörugjaldsskyldrar innlendrar framleiðslu fyrir tímabilið frá 12. september til og með 30. september 1979. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af vörugjaldsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Fjármálaráðuneytið, 16. október 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Höskuldur Jónsson.

1. október 1979. Nr. 410.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endursendar eru til útlanda.

I. KAFLI.

Um niðurfellingu aðflutningsgjalda.

1. gr.

Heimilt er að heimta ekki aðflutningsgjöld af ótollafgreiddri vöru í vörslu farmflytjanda sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda, enda sé við endursendingu fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollyfirvaldi skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Sett sé full fjártrygging fyrir áföllnum aðflutningsgjöldum.

3. Tollgæslan staðfesti skriflega skoðun vöru og umbúða svo og flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar. Ef vara er eigi þegar að skoðun lokinni flutt um borð í útflutningsfar skal innsiglun hennar staðfest af tollgæslu. Við síðari flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar skal tollgæsla staðfesta að innsigli hafi reynst heil og órofin.
4. Farmflytjandi staðfesti skriflega útflutning vörunnar og láti fylgja til staðfestingar afrit af útflutningsfarmskírteini ásamt hleðslukvittun.
5. Framangreind staðfestingargögn skulu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför þess flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda, enda skal þá gerð upp fjártrygging sem sett var samkvæmt 2. tl. Nú afhendir sendandi ekki viðkomandi tollstjóra framangreind staðfestingargögn innan hins tilskilda frests og má þá taka setta fjártryggingu upp í áfallin og ógreidd aðflutningsgjöld.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að ekki líði lengri tími en eitt ár frá því að vara kom til landsins og þar til hún er endursend úr landi.

2. gr.

Heimilt er að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru sem sett hefur verið í tollvörugeymslu, enda sé hún endursend til útlanda innan þriggja ára frá komudegi vörunnar til landsins og fullnægt sé þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1.—5. tl. 1. gr.

II. KAFLI.

Um endurgreiðslu aðflutningsgjalda.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi sem hún var er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu, viðurkenning (kvittun) viðskiptabanka um gjaldeyrisskil sé lögð fram og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1., 3. og 4. tl. 1. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að staðfestingargögn skv. 1., 3. og 4. tl. 1. gr. séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að ekki líði lengri tími en eitt ár frá því að vara kom til landsins og þar til hún er endursend úr landi.

4. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum sem reynast gallaðar, enda hafi gallar komið fram við notkun vélanna og ekki fyrr verið hægt að ganga úr skugga um þá. Heimildin tekur ekki til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 3. gr. eftir því sem við getur átt auk þess sem lögð sé fram viðurkenning seljanda vélanna um að hann taki þær aftur vegna framkominna galla.

III. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Auk þeirra skilyrða sem sett eru samkvæmt 1.—4. gr. skulu endursendendur vara, eftir því sem við á, uppfylla almenn skilyrði um útflutning skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

6. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslu eða niðurfellingu aðflutningsgjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu, sem endursend er til útlanda skv. 1.—5. gr., skal greiða tollskoðunargjald.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 337 22. september 1977 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

8. október 1979. Nr. 411.

AUGLÝSING

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Tollverð innfluttra notaðra bifreiða skal fundið samkvæmt meginreglum 5.—7. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum auglýsingar þessarar.

Nú er hið umsamda kaupverð lægra en matsverð samkvæmt 2. gr. auglýsingar þessarar og skal þá leggja það verð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda sem hærra er.

2. gr.

Við ákvörðun tollverðs skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund eins og það er á komudegi þess fars sem flytur viðkomandi bifreið til landsins.

Við ákvörðun tollverðs skal leggja til grundvallar fob-verð nýjustu árgerðar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund eins og það er á komudegi þess fars sem flytur viðkomandi bifreiðar til landsins.

Frá verði samkvæmt 1. mgr. skal heimilt að draga ákveðinn hundraðshluta fyrir hvern aldursmánuð bifreiðar, sbr. 1. mgr. 5. gr., svo sem kveðið er á um í 1. og 2. lið hér á eftir.

1. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.01.20, 87.02.17, 87.02.29, 87.02.31, 87.02.35, 87.02.37 og 87.02.38:
   1.2% allt að 40 mánuðum en 48% er hámarksfyrning samkvæmt þessum lið.
2. Bifreiðar sem teljast til tollskrárnúmera 87.02.14, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21, 87.02.33, 87.02.34, 87.02.41, 87.02.42 og 87.02.49:
   1.5% fyrstu 6 mánuðina.
   1.0% næstu 18 mánuði.
   0.5% eftir það.

Aldrei má þó fyrna meir en svo að eftir standi 10% af því verði sem lagt er til grundvallar.

3. gr.

Nú flytur maður búferlum til landsins og hefur með sér frá útlöndum bifreið sem verið hefur í eigu hans í a. m. k. eitt ár og skulu þá gilda sömu reglur og kveðið

er á um í 2. gr. auglýsingar þessarar. Fyrning má þó nema 1.5% á mánuði fyrir fyrstu 6 mánuðina og síðan 1% á mánuði en um hámarksfyrningu skal farið svo sem fyrir er mælt í 2. lið 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal ætíð leggja matsverð til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda.

4. gr.

Tollverð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendiráðsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið skv. 8. tl. 2. gr. tollskrárlaga og seldar eru hérlendis skal fundið í samræmi við ákvæði 3. gr. en lok fyrningar skal miða við söludag.

5. gr.

Upphaf fyrningar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar miðast við 1. júlí árgerðarárs viðkomandi bifreiðar en lok fyrningar við komudag flutningsfars til landsins, sbr. þó 4. gr. Hluta úr mánuði skal sleppt við útreikning fyrningar.

Árgerð bifreiðar skal sönnuð með vottorði útgefnu af opinberu skráningaraðila í því landi, þar sem bifreiðin var fyrst tekin í notkun, eða á annan þann hátt sem tollyfirvald metur gildan.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari skal hvorki taka tillit til útlits né ástands viðkomandi bifreiðar, sbr. þó 6. gr.

6. gr.

Nú verður mati eigi komið við skv. 1. mgr. 2. gr. og er þá tollyfirvaldi heimilt að láta fara fram sérstakt mat á viðkomandi bifreið skv. 10 gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

7. gr.

Ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari er endanlega bindandi og verður eigi skotið til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 17 11. janúar 1977 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 8. október 1979.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 412. 11. október 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 193 6. maí 1977 um radíóleyfi áhugamanna.

1. gr.

I. töluliður 13. gr. orðist svo:

I. Undanþága til aðila, sem hefur gildandi radíóleyfi áhugamanna frá heimalandi sínu er háð eftirfarandi skilyrðum:

a) Umsókn skal vera skrifleg og sendist IRA, sem síðan senda hana ásamt umsögn samtakanna og öðrum skilríkjum til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvarandi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlendis.
c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
e) Að öðru leyti en tekið er fram hér er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

2. gr.

II. tölulið 13. gr. orðist þannig:

II. Erlendur ríkisborgari, getur sótt um að gangast undir íslenskt radíóáhugamannapróf enda hafi hann haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár. Viðkomandi hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfið gildir aðeins á Íslandi.

3. gr.

Við 13. gr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:

III. Framangreind ákvæði 13. gr. eru háð þeim takmörkunum að hermenn eða starfsmenn herliðs, sem dvelja hér á landi á vegum erlends stjórnvalds eða lýtur yfirstjórn erlends stjórnvalds eða fjölþjóðasamtaka, skulu einungis hafa heimild til að starfrækja eina radíóáhugamannastöð í sameiningu með erlendu kallmerki að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki. Sú takmörkun sem felst í þessari málsgrein gildir jafnframt um aðra þá erlenda ríkisborgara, sem hér eru vegna dvalar erlends herliðs.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Samgönguráðuneytið, 11. október 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

21. september 1979. Nr. 413.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Seltjarnarnesi.

Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálafulltrúa, er bæjarstjórn ræður til starfa.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða að öðrum tilvísunum, sem félagsmálafulltrúi metur gildar og hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálafulltrúi metur að nauðsyn sé á hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru veik.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta skal hverju sinni.

3. gr.

Bæjarstjórn gangist fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar eða gefi því kost á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Félagsmálafulltrúa ber að ganga örugglega úr skugga um, að þeir aðilar er heimilishjálpina stunda, séu hæfir til starfans og séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi.

5. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

6. gr.

Bæjarstjórn setur starfsfólki heimilisþjónustunnar ákveðnar starfsreglur.

7. gr.

Bæjarsjóður Seltjarnarness ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín.

8. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna samkvæmt reglugerð skal sá er hjálpar nýtur, greiða eftir taxta er bæjarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina. Skal taxti þessi breytast í samræmi við breytingar á launum.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

9. gr.

Skrifstofa Seltjarnarness annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum bæjarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. október 1979. Nr. 414.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 14 400, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 1 200.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1980.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 396 2. nóvember 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. október 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

11. október 1979. Nr. 415.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 2 11. janúar 1979 um nýbyggingargjald.

1. gr.

Við 1. málsgrein reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 3. töluliður og orðist svo:

Byggingar sem ætlaðar eru til hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn á tjaldstæðum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 117/1978, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 11. október 1979.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 205/1978 um Íslensku Unesco-nefndina.

1. gr.

Við 5. gr. bætist:
31. Formaður Blaðamannafélags Íslands.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. október 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr. 417. 12. október 1979.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumanns Strandassýlu dags. 12. október 1979 um flutning þingstaðar í Bæjarhreppi, Strandasýslu.

„Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 4. október s. l. og ósk hreppsnefndar Bæjarhrepps í Strandasýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Bæ í Bæjarhreppi í barnaskólann á Borðeyri í sama hreppi, enda annast hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað, hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar."

Nr. 418. 2. október 1979.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 289/1978 um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 2. gr. 2. tl. bætist:
g. Acromegalia

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp og heimilisþjónustu í Reykjavík.

1. gr.

Félagsmálaráð fer með stjórn heimilishjálpar og heimilisþjónustu í Reykjavík. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar annast daglegan rekstur.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar og heimilisþjónustu er:

a. að veita hjálp á heimilum um stundarsakir þegar þess er þörf, vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum, sem metnar eru gildar, sbr. lög nr. 10/1952.
b. að veita hjálp vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis, sbr. lög nr. 10/1952.
c. að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum, sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

3. gr.

Umsókn um heimilishjálp og heimilisþjónustu skal fylgja vottorð læknis um heilsufar umsækjanda og fullt samráð skal hafa við heimilislækni, er þurfa þykir.

4. gr.

Stjórnandi heimilishjálpar og heimilisþjónustu skal ganga úr skugga um að starfsmenn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf, sem hafa lokið tilskyldum námskeiðum.

Starfsmenn skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni og er skylt að undirgangast læknisskoðun og bólusetningar, ef þess er talin þörf.

5. gr.

Félagsmálaráð staðfestir reglur fyrir starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu, þar sem tiltekin eru m. a. verkefni starfsmanna. Skal kynna reglur þessar fyrir starfsfólki og aðstoðarþegum.

6. gr.

Starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu taka laun sín frá Reykjavíkurborg og skulu um launakjör gilda samningar milli Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þeir veita aðstoð.

Starfsmenn skulu gæta þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

7. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er borgarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálaráði.

Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu.

Félagsmálaráði er heimilt að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp og heimilisþjónustu eða fella greiðslur alveg niður, þegar sérstakar ástæður eru til slíkrar ívilnunar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 222 19. mars 1962 um heimilishjálp í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 420. 2. október 1979.

REGLUGERÐ
um heimilishjálp í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.
Félagsmálaráð Siglufjarðar fer með stjórn heimilishjálpar í Siglufjarðarkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.
Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, er félagsmálaráð metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

3. gr.
Félagsmálaráð skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlegt starfslið til heimilishjálpar. Félagsmálaráði ber að ganga úr skugga um, að starfslið það er heimilishjálp stundar á vegum þess, sé hæft til starfsins, hafi t. d. lokið tilskyldu námskeiði eða sýnt hæfni í verki. Það skal leggja fram læknisvottorð.
Um launakjör starfsliðs heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs og gildandi samningum.

4. gr.
Bæjarsjóður Siglufjarðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er að heimilishjálp vinnur, kann að valda við störf sín.

5. gr.
Félagsmálaráð ákveður hvaða form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

6. gr.
Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða eftir gjaldskrá er bæjarráð setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og ráðherra staðfestir. Félagsmálaráð getur veitt eftirgjöf á greiðslum fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnu samþykki bæjarráðs.
Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er það telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.
Bæjarráð veitir félagsmálaráði nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda og skrifstofustörf.

8. gr.

Félagsmálaráð gerir árlega áætlun um starfsemi heimilishjálpar í Siglufjarðarkaupstað, sem lögð verður fyrir bæjarráð og bæjarstjórn. Einnig gerir hún tillögu um úrskurð reikninga vegna heimilishjálparinnar. Þeir skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og reikningar Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, er bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingar á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1979.

F. h. r.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

1. október 1979. Nr. 421.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hríseyjar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Hrísey.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varðar, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi sér reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr aðalæð í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá aðalæð vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Enginn má setja aflvélar við vatnsveituna nema með leyfi vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns.

6. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

7. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

8. gr.

Húseigandi, sem biðst tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er.

Húseigandi skal greiða tengigjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram og skal það miðað við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 40.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 25.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

9. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 15 000 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a. Vatnsnotkun í steypu til iðnaðar kr. 15.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 100.00 á hverja slátraða skepnu.
c. Fyrir vatnsnotkun við fiskimjöls- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 100.00 á hvert innvegið tonn af hráefni.
d. Vatnsnotkun við fiskverkun og fiskvinnslu skal greiða kr. 100.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
e. Hríseyjarhöfn greiðir vatnsskatt eftir mati vatnsveitunnar.
f. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

10. gr.

Þar sem vatnsnotkun er mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mæli eða eftir ákvæðum sveitarstjórnar.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 25.00 á hvern rúmmetra vatns.

11. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins kr. 2 500 og ársleigu fyrir hvern mæli kr. 8 000. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytingar á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

12. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru miðuð við fasteignamat 1979, og breytast í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Sveitarstjórn getur hækkað og lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggi fyrir að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 250 31. desember 1965 fyrir Vatnsveitu Hríseyjar með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

11. október 1979. Nr. 422.

REGLUGERÐ

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

1. gr.

Forfalla- og aflyesingaþjónusta í sveitum veitir tímabundna vinnuaðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi slys eða önnur forföll ber að höndum þannig að þeir sem veita búi eða heimili forstöðu geta ekki sinnt sínum daglegu störfum.

Nauðsynleg bússtörf teljast: hirðing og fóðrun gripa, vinna við voryrkju, heyskap og önnur uppskerustörf og önnur þau bústörf sem eðlilegt er að að vinna á hverjum árstíma. Nauðsynleg heimilisstörf teljast daglegt heimilishald, minni háttar hreingerningar, útvegun til heimilis o. þ. l., og þau heimilisstörf, sem eðlileg teljast á hverjum tíma.

Ennfremur skal veita aðstoð ef óskað er þegar dauðsfall ber að höndum.

2. gr.

Það teljast lögmæt forföll, þegar læknir úrskurðar viðkomandi mann óvinnufæran, eða ekki færan til að sinna daglegum störfum, þegar viðkomandi þarf að vera fjarri búi sínu eða heimili í tvo daga eða meira vegna læknisskoðunar eða læknisaðgerðar.

Ennfremur skal veita aðstoð ef óskað er þegar dauðsfall ber að höndum.

3. gr.

Yfirstjórn forfallaþjónustu landbúnaðarins er í höndum Búnaðarfélags Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfallaþjónustu hvert á sínu svæði.

Sambandssvæði búnaðarsambandanna mynda starfssvæði fyrir forfallaþjónustuna. Telji yfirstjórn forfallaþjónustunnar það æskilegt og verði um það samkomulag á milli búnaðarsambanda geta tvö eða fleiri sambönd haft samvinnu um forfallaþjónustu og mynda þá starfssvæði viðkomandi búnaðarsambanda eitt þjónustusvæði.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands þarf til að hefja forfallaþjónustu.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingamanna (heildarfjölda stöðugilda) í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili sem rétt eiga til forfallaþjónustu eða fleiri menn í hluta úr starfi. Taka skal í því sambandi tillit til félagsbúa og heimila sem hafa skertan rétt til afleysingaþjónustu, eins og hann er skilgreindur í þessari reglugerð. Enn fremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfsfólk sé þess þörf í einstökum tilfellum. Á sama hátt er heimilt að semja við fólk um að vera til ígripa þegar á þarf að halda. Greiðsla fyrir slík ígrip reiknast eftir dagafjölda.

Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun.

Heimilt er stjórn afleysingaþjónustunnar ef sérstaklega stendur á að viðurkenna störf barna eða náinna skyldmenna við afleysingastörf hjá bónda vegna lögmætra forfalla hans sbr. 3. málsgr. 1. gr., enda sé viðkomandi ekki fastur starfsmaður búsins.

5. gr.

Nú ákveður búnaðarsamband eða fleiri búnaðarsambönd sameiginlega að setja á stofn forfallaþjónustu á starfssvæði sínu og skal þá tilkynna það Búnaðarfélagi Íslands. Jafnframt skal gera grein fyrir tilhögun fyrirhugaðrar starfsemi, hve margt starfsfólk ætlunin er að ráða og fyrirhugaðri búsetu þess. Sama gildir um lausráðið starfsfólk eða það sem ráðið er í hluta úr starfi.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands þarf fyrir því í hve mörg stöðugildi er ráðið á hverju svæði.

Nú er óskað eftir að ráða í fleiri stöðugildi en ákvæði þessi heimila eða fé er

veitt til á fjárlögum (sjá 2. málsgr. 3. gr. laga um forfalla- og afleysingaþjónustu) og skal þá Búnaðarfélag Íslands ákveða í hvaða röð verði orðið við umsóknum.

Leitast skal við að ráða jöfnum höndum karla og konur til afleysingastarfa.

6. gr.

Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórn og skipulagningu á forfallaþjónustu greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Til kostnaðar við stjórn og skipulagningu telst kostnaður við undirbúning og ráðningu í störf, síma- og skrifstofukostnaður og hlutdeild í launum þess starfsmanns sem hefur á hendi daglega stjórn ásamt óhjákvæmilegum ferðakostnaði hans.

Búnaðarsamböndin skulu reglulega minnst árlega gefa Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um framkvæmd forfallaþjónustu og á hvern hátt starfskraftar afleysingafólks hafa nýst.

7. gr.

Allir bændur og þeir sem veita búum forstöðu og makar þeirra eiga rétt á aðstoð skv. ákvæðum þessum enda hafi þeir meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda.

Þeir bændur, sem hafa meirihluta tekna sinna af öðru en landbúnaði skv. skattframtali eiga rétt sem hér segir:

40—50% tekna af landbúnaði veitir 75% rétt
30—40% tekna af landbúnaði veitir 50% rétt
20—30% tekna af landbúnaði veitir 25% rétt

Ef tekjur af landbúnaði eru undir 20% tekna veitir það ekki rétt skv. ákvæðum þessum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sker úr um ágreiningsefni sem upp kunna að koma varðandi rétt einstaklinga skv. ákvæðum þessum.

8. gr.

Veikist bóndi eða maki hans eða forfallast á annan hátt sbr. 2. gr. og aðstoðar er óskað, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags sem síðan tilkynnir það stjórn afleysingaþjónustunnar á svæðinu. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

Ef um bráð veikinda- eða slysatilfelli er að ræða er heimilt að veita aðstoð þótt læknisvottorð sé ekki þá þegar fyrir hendi.

9. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til að greiða föst laun afleysingafólks og skal það taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbúnaðarráðuneytinu fyrir frjótækna. Afleysingafólk hefur rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda.

Föst laun afleysingafólks eru fyrir 40 stunda vinnuviku.

Afleysingamanni er skylt, þegar brýn nauðsyn er á, að vinna óhjákvæmileg bústörf dag hvern allt að 24 daga í senn á einu og sama búi gegn samfelldu frii á eftir, jafnlöngu og unnir frídagar eru, en án sérstakrar aukaþóknunar.

Vinni afleysingamaður lengur en 8 tíma á dag, greiðir viðkomandi bú honum þá yfirvinnu, sem um semst.

Afleysingafólk skal hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum.

Ef aðstæður leyfa geta afleysingamaður og viðkomandi bóndi komið sér saman um að afleysingamaðurinn fari daglega til heimilis síns til gistingar gegn sanngjarni aukagreiðslu, sem bóndinn greiðir. Viðkomandi bú greiðir ferðakostnað afleysingamanns við komu og við brottför er starfi hans lýkur.

Heimilt er að jafna ferðakostnað afleysingamanna innan einstakra starfssvæða, enda samþykki aðalfundur viðkomandi búnaðarsambands/sambanda slíka ráðstöfun.

Hámarkstími, sem bóndi getur haft afleysingamann með framangreindum kjörum er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans. Ekki er hægt að fá aðstoð fyrir skemmri tíma í einu en tvo daga.

Heimilt er bónda, sem ekki nýtur hámarks réttar til þjónustu sbr. 2. málsgr. 7. gr. að hafa afleysingamann í allt að 24 daga á ári, sé afleysingamannsins ekki þörf annars staðar, og greiðir hann laun afleysingamannsins þann tíma sem er umfram rétt hans.

Nú hefur afleysingamaður lokið hámarks dvalartíma hjá bónda og er þá heimilt, sé þess óskað, að framlengja dvöl hans ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þess skal ávallt gætt að unnt sé að veita aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

10. gr.

Afleysingafólk skal hafa lokið prófi frá búnaðarskóla eða hlotið starfsreynslu sem jafngild geti talist, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Það skal einnig hafa sótt námskeið fyrir afleysingafólk, sem búnaðarskólarnir gangast fyrir í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands. Á þessum námskeiðum skal veita alhliða fræðslu um heimilisstörf, hirðingu og fóðrun búfjár, meðferð mjaldtavéla og allra algengra vinnuvéla. Einnig um fóðurverkun og jarðræktarstörf. Ennfremur skal leiðbeina um helstu einkenni búfjársjúkdóma.

11. gr.

Yfirstjórn afleysingaþjónustunnar skal sjá um að nýta sem best starfskrafta þess fólks, sem ráðið er til afleysingastarfa.

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá leitast við að ráða manninn til starfa hjá þeim, sem þurfa að fara frá búi að öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs eða til almennra bústarfa hjá bændum. Skal þá viðkomandi bóndi greiða starfið að fullu.

Ennfremur er heimilt að fela afleysingamönnum störf í þágu viðkomandi búnaðarsambands eða ræktunarsambands.

Fé það sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, samkv. ákvörðun yfirstjórnar forfalla- og afleysingaþjónustunnar, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast.

Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við afleysingaþjónustuna.

12. gr.

Um ráðningu afleysingamanna fer eftir almennum reglum. Búnaðarfélag Íslands setur afleysingamönnum erindisbréf.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum nr. 32 29. maí 1979, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 11. október 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma í Rangárvallasýslu.

I. KAFLI

Varnarlínur.

1. gr.

Aðalvarnarlínur sýslunnar eru **Þjórsá, Jökulsá á Sólheimasandi** og **Markarfljót.** Stefnt er að því að girða sem fyrst á hreppamörkum vestan Markarfljóts og færa varnarlínuna þangað.

Ytri-Rangá er aukavarnarlína.

Varnamörkin eru girðingar með vatnsföllum þessum, annars árnar og **sýslumörk** þar sem ánum sleppir.

2. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingu að loka því tryggilega. Ennfremur er öllum skylt að láta Sauðfjárveikivarnir eða fulltrúa þeirra vita án tafar um augljósar bilanir á varnargirðingum.

3. gr.

Ekki má flytja sauðfé (geitur) til lífs eða dvalar yfir Þjórsá, Jökulsá eða Markarfljót. Sauðfjárveikivarnir geta þó leyft flutning yfir Markarfljót við ríkjandi aðstæður, ef sérstaklega stendur á, en aðeins innan V-Eyjafjallahrepps og að höfðu samráði við hreppsnefnd.

Leyfð er heimtaka úr réttum yfir Ytri-Rangá en aðrir fjárflutningar til lífs og dvalar bannaðir án leyfis Sauðfjárveikivarna. Vinna skal að fækkun þess fjár, sem fer yfir Ytri-Rangá með því að lóga lömbum og flækingsfé.

Leyfi Sauðfjárveikivarna þarf til flutnings nautgripa yfir varnarlínurnar.

4. gr.

Stefnt er að því að öll slátrun sauðfjár og nautgripa verði í sýslunni. Ekki skal að nauðsynjalausu flytja sláturgripi úr sýslunni. Sé þess þó þörf, skal nota bíla úr Rangárvallasýslu. Sláturfélag Suðurlands má þó nota eigin bíla við flutning á nautgripum til Selfoss, enda séu aðeins sendir nýsótthreinsaðir bílar austur yfir Þjórsá, flutningar skipulagðir með tilliti til smithættu þ. e. byrjað austast og síðast tekið á sýktum bæjum vestur um, en brýnt fyrir bílstjórum og aðstoðarmönnum að sýna fyllstu varúð varðandi fótabúnað (hlífðarskór) og hlífðarföt.

Afhenda ætti alla sláturgripi við dyr peningshúss eða réttar.

Sláturgripi má flytja án takmarkana innan sýslu. Þó skal ætíð fylgja reglum um hreinsun flutningstækja. Búa skal um flutningsrými bíla í samræmi við reglugerð um gripaflutninga og viðhalda þannig (t. d. mála) að snyrtilegt sé og auðvelt að hreinsa. Ekki má flytja lifgripi með sláturflutningabílum og alls ekki má fá bíla úr öðrum héruðum til gripaflutninga án sérstaks leyfis viðkomandi héraðsdýralæknis í Rangárvallasýslu hverju sinni.

Við hrossaflutninga til sýslunnar og innan hennar skal gæta þess að hey eða skítur sauðfjár og nautgripa í öðrum varnarhólfum berist ekki í flutningstækjum eða með hrossunum og verði eftir í sýslunni né heldur frá sýktum bæjum eða svæðum til ósýktra eða minna sýktra.

5. gr.

Skipuleggja skal flutninga sláturfjár með tilliti til smithættu. Hreinsa skal reglulega bíla, sem flytja sláturgripi og samkvæmt reglum þar um í samráði við

héraðsdýralækni. Eyða skal meindýrum og verja vargfugli og hundum aðgang að úrgangshaugum með því að breiða yfir eða hylja daglega allan úrgang. Senda skal eftir því sem unnt er og í samráði við dýralækni sýni úr gripum sem drepast eða er lógað vegna gruns um smitsjúkdóm eða vegna vanþrifa.

Flutningar inn í sýsluna á ósviðnum hausum, löppum, ristlum, ristlamör og öðrum óverkuðum sláturafurðum eru stranglega bannaðir.

6. gr.

Heyflutningar eru bannaðir austur yfir Þjórsá, Markarfljót og Jökulsá nema nauðsyn krefji og óhætt sé að dómi Sauðfjárveikivarna. Heyflutningar vestur yfir nefndar varnarlínur eru hættulitlir og oftast leyfðir. Sérstakt leyfi þarf þó hverju sinni. Sama gildir um túnþökuflutning.

7. gr.

Bannað er að flytja óhreina ull austur yfir Þjórsá, Markarfljót og Jökulsá. Nota skal hreinar umbúðir um ull.

Óæskilegt er, að fengnir séu menn úr öðrum héruðum til vélrúnings á fé í sýslunni og stranglega er bannað að nota vélklippur, sem rúið hefur verið með utan sýslunnar.

Bannað er að flytja inn í sýsluna búfjáráburð, vélar, tæki og annað, sem saurmengast hefur eða komið í beina snertingu við sauðfé eða nautgripi í öðrum héruðum.

8. gr.

Fararstjórum hópferða til skoðunar búfjár á húsi er skylt að útbýta á hverjum bæ til hvers manns einnota hlífðarskóm eða plastpokum til að draga úr smithættu.

Öllum þeim, sem starfs síns vegna fara bæ frá bæ í gripahús er skylt að gæta varúðar varðandi fótabúnað og hlífðarföt, einkum þegar farið er milli varnarhólfa. Gripaeigendur skulu hafa tiltæka aðstöðu til skóþrifa í gripahúsum sínum, útbúna í samráði við héraðsdýralækni.

II. KAFLI

Afréttarmál.

9. gr.

Skylt er að litarmerkja með löggiltum eyrnamerkjum í grænum lit eða með lakkmálningu í sama lit allt fé, sem flutt er á afrétt eða fer þangað og eins allt fé, sem gengur nálægt varnarlínum í byggð.

10. gr.

Ljúka skal viðgerð varnarlína að vori svo fljótt sem kostur er og ekki má sleppa fé á afrétt fyrr en viðgerð er lokið.

11. gr.

Alvarlega er varað við að flytja á afrétt óhagvant eldra fé eða túnára vegna hættu á flækingi. Ekki skal flytja á afrétt grunsamlegar vanþrifnar kindur eða kindur með mikla skitu. Rétt er að ormahreinsa fé skömmu áður en því er sleppt á afrétt til að draga úr mögnun ormasmits við afréttargirðingar.

Óvarlegt er að flytja á afrétt fé úr hjörðum þar sem garnaveiki hefur verið staðfest og skal það ekki gert nema stjórn viðkomandi sveitar og upprekstrarfélags leyfi. Óheimilt er að taka utansveitarfé á afrétt nema til komi leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

12. gr.

Öllum kindum, sem fara af sjálfsdáðum yfir varnarlínur (línubrjótar) skal lóga. Gera skal það verð úr sem unnt er og senda líffæri til rannsóknar að Keldum (haus og innyfli nema vömb). Líffærasending er skilyrði fyrir bótagreiðslum til eigenda.

Eftirtöldum aðilum er skylt að hafa strangt eftirlit með því í öllum fjallgöngum og réttum, að „línubrjótar" og allar veikar kindur og grunsamlegar séu tafarlaust teknar úr fjársafni, einangraðar og þeim lógað: **Fjallkóngar** við alla meðferð fjár á afrétti og í flutningum á fé til byggða (rétta), **réttarstjórar** við alla meðferð í réttum og við réttir og **hreppstjórar** samkvæmt lögum. Sama skylda hvílir á **öllum bændum** við smölun heimalanda og innrekstra.

13. gr.

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er, samræma lögboðnar smalanir heimalanda. Sveitarstjórnum og afréttarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til einangrunar línubrjóta og veikra kinda á innrekstrarstöðum.

Ekki skal flytja línubrjóta eða veikar kindur með líffé heim á bæi eða til rétta. Slíkt fé skal flytja beint til sláturhúss sé þess nokkur kostur; annars halda í öruggri einangrun sem skemmstan tíma til lógunar. Skylt er þeim sem ábyrgð bera skv. 12. gr. að gera grein fyrir marki, auðkennum og útliti kindanna, hvar þær komu fyrir og hvar líklegast er að línubrjótur hafi farið yfir varnarlínu.

14. gr.

Sérstaka aðgát skal sýna við sundurdrátt á fé vegna nokkurs fjölda sammerkinga og námerkinga við aðliggjandi héruð. Ómerkingum, sem ekki finnast eigendur að og öðrum vafakindum skal lóga, en ekki selja til lífs.

15. gr.

Alvarlega er varað við kaupum og sölum á fé milli sveita og hvers konar flutningum öðrum með einstakar kindur (hrúta) eða fjárhópa; búferlaflutningum með fé, fóðurtöku, láni og leigu, töku í hagagöngu eða flutningi á afrétt á meðan óvissa ríkir um útbreiðslu smitsjúkdóma innan sýslunnar og í aðliggjandi héruðum.

Aðgát skal höfð við hrútasýningar og aðrar búfjársýningar og ekki má flytja á sýningarstað gripi frá garnaveikibæjum eða bæjum þar sem smitsjúkdómar aðrir herja. Skylt er að leita upplýsinga um þetta hjá viðkomandi héraðsdýralækni. Hliðstætt gildir um sauðfjársæðingar.

Leggja skal kapp á að samstilla og samræma innan sveitar og milli sveita varnaraðgerðir og notkun varnarlyfja gegn uppkomu mögnun og útbreiðslu smitsjúkdóma í búfé. Sem dæmi er þetta:

Bólusetja skal öll ásetningslömb gegn garnaveiki svo snemma hausts sem kostur er, merkja þau um leið og bólusett er og fara aðra yfirferð til skoðunar árangurs og endurbólusetningar sbr. reglugerð þar um. Alvarlega er varað við því að ala kálfa í fjárhúsum og hafa fé í fjósi. Veikar kindur og grunsamlegar skal einangra og þrífa bæli þeirra á eftir. Aldrei má láta þær til lambanna, lausar í hlöðu eða í fjós.

Samstilla skal með tilliti til samgangs fjár og framkvæma með vandvirkni og eftir reglum þar um þrifaböðum sauðfjár og útrýmingarböðun kláðamaurs, einangra til böðunar kindur, sem síðar heimtast og þrífa fjárhús.

Beita ætti skipulega varnarbólusetningu gegn uppkomu og útbreiðslu lungnapestar. Bólusetja ætti um skeið á bæjum, sem næst liggja og mestan fjársamgang hafa við bæi, þar sem lungnapest kemur upp.

16. gr.

Reglur þessar eru settar samkv. heimild í 45. gr. laga nr. 23/1956 og 12/1967 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 424. 27. september 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsfjarðar nr. 220 10. ágúst 1972.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Húseigandi sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar eða breytingar á eldri lögn skal leggja fram teikningar af vatnskerfi ef óskað er.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er lagt að sbr. 5. gr. skal greiða vatnsskatt 0.15% af fasteignamatsverði húss og lóðar eins og það er hverju sinni, þó þannig að lægsta gjald af íbúð eða fasteign skal vera kr. 7 500. Lágmarksgjöld breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati. Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Auk vatnsskatts skv. 9. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskattinn skal innheimta skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 20.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Leiga fyrir mæli skal vera kr. 10 000.00 á ári. Gjalddagi aukavatnsskatts skal vera ársfjórðungslega.

4. gr.

12. gr. hljóði svo:

Aukavatnsskatta skv. 9. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 200.00 fyrir hvern rúmmetra, þó aldrei minna en kr. 5 000.00 hverju sinni. Gjald þetta greiðist við móttöku.
2. Fyrir fiskibáta og skip sem gerð eru út frá Ólafsfirði skal greiða sem hér segir:
   Fyrir báta 12 tonn og minni kr. 10 000 á ári.
   Fyrir báta frá 12 tonn og allt að 100 tonn kr. 25 000 á ári.
   Fyrir skip stærri en 100 tonn kr. 100 000 á ári.
   Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.
3. Af þvottaplönum greiðist kr. 50 000 á ári. Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.
4. Fyrir önnur vatnsafnot skv. ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni. Gjöld skv. grein þessari breytast í samræmi við breytingar á fasteignamati.

5. gr.

13. gr. hljóði svo:

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann

tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

14. gr. hljóði svo:
Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt allt að 50%.

7. gr.

16. gr. hljóði svo:
Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggi við skv. lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni skal bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1979.

F. h. r.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

13. september 1979. Nr. 425.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Krossár, Skarðshreppi, Dalasýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Krossár. Heimili þess og varnarþing er Skarðshreppur, Dalasýsla.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Krossár, en þær eru Skarð, Á, Geirmundarstaðir, Kross, Reynikelda og Frakkanes.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir.
   Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
   Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í okt/nóv. mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.
10. Viðauki: Ennfremur var samþykkt að eigendum, annars vegar að Krossvatni, Frakkanesvatni og Ætulæk, og hins vegar að Krossá, ráðstafi einir málefnum þessara svæða, eins og lög gera ráð fyrir.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir

Nr. 426. 17. október 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Hafnarfjarðar.

1.	Fullorðnir, einstök skipti	kr.	360
	Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	2 200
2.	Börn, einstök skipti	—	160
	Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	750
3.	67 ára og eldri greiði ½ gjald.		
4.	Sjúkrakort (samkv. læknisvottorði) ókeypis.		
5.	Baðstofa: Almenningstími	—	600
	Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	4 500
	Einkatímar	—	3 000
6.	Leiga á sundfötum, handklæðum, lökum og teppum	—	300

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í nóvember og desember 1979.

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1979, að báðum dögum meðtöldum, er öllum skipum öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, óheimilt að stunda þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Skuttogarar með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskip, sem eru 39 metrar og lengri, mega ekki stunda þorskveiðar í 23 daga samtals á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember 1979. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana, þó þannig, að hver togari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 2. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en hún hefst hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Sé skip að hefja tímabil, sem það stundar ekki þorskveiðar á, miðast upphaf tímabils við þann tíma er skip kemur í höfn til löndunar.
2. Sé skip að ljúka tímabili, sem það stundar ekki þorskveiðar á, miðast lok tímabilsins við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildaraflanum, telst sá tími er fer í siglingar ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

5. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1.—3. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari **þorskafli hverrar** veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

6. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 5. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 428. 1. október 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurhreppi Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 19. gr. hefur ráðuneytið hinn 1. október 1979 staðfest þá breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurhreppi að:
Í stað opinberrar byggingar og verslunarhúss á lóðunum Aðalstræti 2 og 8 komi tveggja hæða fjölbýlishús og í stað verslunarhúss á lóðinni Aðalstræti 4 verði gert ráð fyrir opinberri byggingu.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 429.

REIKNINGUR

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1978.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

I.	Iðgjöld:		
	Iðgjöld ársins	kr.	1 675 023 110
	Endurtryggingariðgjöld	—	958 822 275
	Eigin iðgjöld	kr.	716 200 835
II.	Tjón:		
	Tjón ársins	kr.	1 145 036 730
	Hluti endurtryggjenda í tjónum	—	670 640 793
	Eigin tjón	kr.	474 395 937
	Iðgjöld ÷ Tjón	kr.	241 804 898

III. Umboðslaun:				
Fengin umboðslaun og ágóðahluti	kr.	109 398 474		
Greidd umboðslaun og ágóðahluti	—	105 559 948		
			—	3 838 526
Iðgjöld ÷ Tjón + Umboðslaun			kr.	245 643 424
IV. Fjármunatekjur ÷ Fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur	kr.	34 102 764		
Arður	—	46 500		
	kr.	34 149 264		
Vaxtagjöld	—	2 064.824		
Rekstrarkostn. fasteigna	—	2 642 589	—	29 441 851
			kr.	275 085 275
V. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:				
Laun og launatengd gjöld	kr.	42 415 894		
Annar rekstrarkostnaður	—	20 413 183		
Aðstöðugjald	—	20 961 000		
Kirkjugarðsgjald	—	482 102		
			—	84 272 179
			kr.	190 813 096
VI. Gengismunur:				
Gengishagnaður	—	2 426 524		
Gengistap				0
VII. Fyrningar			kr.	398 262
VIII. Afskr. tapaðar og vafasamar skuldir			kr.	8 090
Hagnaður af reglulegri starfsemi			kr.	192 833 268
IX. Til ráðstöfunar:				
Óráðstafað frá fyrra ári.....			kr.	273 339 843
Höfuðstólsfærslur			—	38 042 610
Hagnaður ársins			—	192 833 268
			kr.	504 215 721
X. Ráðstöfun:				
Lagt í áhættusjóð			—	19 283 327
Óráðstafað til næsta árs			—	484 932 394
			kr.	504 215 721

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1978.

Eignir:

I. Veltufjármunir:				
1. Sjóður og bankainnstæður:				
Sjóður			kr.	1 402 178
Innstæður á hlaupareikningum			—	23 138 222
Innstæður á sparisjóðsbókum			—	181 504 949
			kr.	206 045 349

2. Skammtímakröfur:			
Innlend vátryggingarfélög			kr. 1 137 697 950
Aðrir innl. skuldunautar			— 238 236 470
Erl. skuldunautar			— 1 428 731
Víxileignir			— 10 205 171
			kr. 1 387 568 322
		Veltufjármunir samtals	kr. 1 593 613 671
II. Fastafjármunir:			
1. Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofuáhöld o. fl.	kr. 1 518 355		
Björgunaráhöld	— 484 060		
Lágmúli 9	— 37 087 000		
Innréttingar	— 160 631		
			kr. 39 250 046
2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf:			
Björgunarfél.	kr. 465 000		
Verslunarsambandið	10 000		
			kr. 475 000
Verðbréfaeign			— 204 860 811
			kr. 205 335 811
		Fastafjármunir samtals	kr. 244 585 857
III. Hluti endurtryggjenda í tryggingasjóði:			
Iðgjaldasjóður			kr. 16 059 624
Bótasjóður			— 645 993 483
		Hluti endurtryggjenda í tryggingasjóði	kr. 662 053 107
		Eignir samtals	kr. 2 500 252 635

Skuldir og eigið fé:

I. Skammtímaskuldir:		
Innlend vátryggingafélög þ. m. t. geymslufé	kr.	387 342 007
Sjávarútvegsráðuneytið	—	372 053 476
Aðrir innlendir skuldheimtumenn	—	14 248 436
Erlendir skuldheimtumenn	—	23 985 110
Ógreiddir skattar	—	23 504 214
Skammtímaskuldir samtals	kr.	821 133 243
II. Tryggingasjóður:		
Iðgjaldasjóður	kr.	45 950 400
Bótasjóður	—	1 103 906 920
Tryggingasjóður samtals	kr.	1 149 857 320
III. Áhættusjóður:		
Áhættusjóður 31.12. 1977	kr.	23 046 351
Lagt í áhættusjóð 1978	—	19 283 327
Áhættusjóður samtals	kr.	42 329 678

IV.	Eigið fé:		
1.	Bundið:		
	Stofnfé Ríkissjóðs	kr.	2 000 000
2.	Frjálst:		
	Óráðstafað eigið fé	—	484 932 394
	Eigið fé samtals	kr.	486 932 394
	Skuldir og eigið fé samtals	kr.	2 500 252 635

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:
Ágúst Flygenring,
Birgir Finnsson, Jón Sigurðsson,
Andrés Finnbogason, Egill Þorfinnsson.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

I.	Árgjöld:			
	Árgjöld ársins		kr.	56 433 700
II.	Fjármunatekjur:			
	Vaxtatekjur		—	2 024 319
			kr.	58 458 019
III.	Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:			
	Þáttaka í launum og launatengdum gjöldum Samábyrgðar	kr. 3 742 579		
	Þátttaka í öðrum rekstrarkostnaði	— 2 014 051		
	Annar rekstrarkostnaður	— 413 533		
	Aðstöðugjald	— 80 200		
	Kirkjugarðsgjald	— 1 845		
			kr.	6 252 208
	Hagnaður af reglulegri starfsemi		kr.	52 205 811
IV.	Til ráðstöfunar:			
	Yfirtekið frá Bráðafúadeild		kr.	253 590 259
	Framlag úr gengismunasjóði		—	12 671 000
	Hagnaður ársins		—	52 205 811
			kr.	318 467 070
V.	Ráðstöfun:			
	Lagt í áhættusjóð		kr.	5 220 581
	Óráðstafað til næsta árs		—	313 246 489
			kr.	318 467 070

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1978.

Eignir:

I.	Veltufjármunir:		
1.	Bankainnstæður:		
	Innstæða á hlaupareikningum	kr.	8 591 014
	Innstæða á sparisjóðsbókum	—	141 159 393
	Innstæða á vaxtaaukareikning	—	162 862 155
		kr.	312 612 562

2. Skammtímakröfur:				
Ógreidd iðgjöld			kr.	26 478 553
Samábyrgð Íslands			—	6 884 942
Aðrir innl. skuldunautar			—	18 997 326
Víxileignir			—	1 121 108
			kr.	53 481 929
		Veltufjármunir samtals	kr.	366 094 491
II. Fastafjármunir:				
1. Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Skrifstofuáhöld	kr.	110 580		
Fyrning til 31.12. 1974	—	99 580		
			kr.	11 000
Rakaeyðingartæki	kr.	506 452		
Fyrning til 31.12. 1976	—	437 102		
			kr.	69 350
Fúavarnarefni			kr.	56 616
			kr.	136 966
2. Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Innlend verðbréf			kr.	555 581
		Fastafjármunir alls	kr.	692 547
		Eignir alls	kr.	366 787 038

Skuldir og eigið fé:

I. Skammtímaskuldir:			
Tryggingasjóður fiskiskipa	kr.	18 936 797	
Aðrir innl. skuldheimtumenn	—	6 101 305	
Ógreitt áætlað aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald	—	201 122	
	kr.	25 239 224	
II. Áhættusjóður:			
Yfirfært frá Bráðafúadeild	kr.	23 080 744	
Lagt í áhættusjóð á árinu	—	5 220 581	
	kr.	28 301 325	
III. Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé	kr.	313 246 489	
Skuldir og eigið fé alls	kr.	366 787 038	

Reykjavík, 10. júní 1979.

Í stjórn Aldurslagasjóðs:

Ágúst Flygenring,

Birgir Finnsson, Jón Sigurðsson,

Andrés Finnbogason, Egill Þorfinnsson.

Stjórnartíðindi B 51, nr. 408—429. Útgáfudagur 31. október 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1979

1. nóvember 1979. Nr. 430.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 10. nóvember 1979 þar til öðru vísi verður ákveðið eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

1. nóvember 1979. Nr. 431.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 10. nóvember 1979 þar til öðru vísi verður ákveðið eru íslenskum skipum bannaðar loðnuveiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 52, nr. 430—431. Útgáfudagur 5. nóvember 1979.

B 102

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1979

Nr. 432. 822 15. október 1979.

REGLUR

um fjarskipti á skipum.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR.

1. gr. Skilgreiningar og orðaskýringar.
2. gr. Almenn ákvæði.
3. gr. Flokkun skipa.
4. gr. Fjöldi loftskeytamanna og talstöðvarvarða.
5. gr. Vaktþjónusta.
6. gr. Tækjabúnaður skipa.
7. gr. Loftskeytaklefar. Skip af 1. og 2. flokki.
8. gr. Afgreiðsluaðstaða.
9. gr. Talstöðvar. Fyrirkomulag. Skip af 3., 4. og 5. flokki.
10. gr. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.
11. gr. Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.
12. gr. Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta.
13. gr. Dagbók.
14. gr. Aðlögunartími vegna tækjabúnaðar.

II. KAFLI

TÆKNIKRÖFUR

1. gr. Loftskeytabúnaður.
2. gr. Stuttbylgjustöð.
3. gr. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse.
4. gr. Miðunarstöðvar.
5. gr. Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.
6. gr. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.
7. gr. Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 2182 kHz.
8. gr. Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 121.5 MHz, 243 MHz.
9. gr. Millibylgjutalstöðvar.
10. gr. Orkugjafar.
11. gr. Metrabylgjutalstöðvar (VHF).
12. gr. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.
13. gr. Verkfæri, mælitæki og varahlutir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

1. gr.
Skilgreiningar og orðaskýringar.

1.1 Alþjóðasamþykktir þær, sem getið er um í þessum reglum eru Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) og Alþjóðafjarskiptasamþykktin, sem hér eftir mun nefnd: „radíóreglugerðin".

1.2 Farstöðvaþjónusta.
Radíóþjónusta milli farstöðva og landstöðva eða milli farstöðva.

1.3 Sjófarstöðvaþjónusta.
Farstöðvaþjónusta milli strandarstöðva og sjófarstöðva, eða milli sjófarstöðva eða milli sjófarstöðva í sama skipi; björgunarbátafarstöðvar geta einnig tekið þátt í þessari þjónustu.

1.4 Strandarstöð.
Landstöð í sjófarstöðvaþjónustunni.

1.5 Hafnarstöð.
Landstöð í hafnarþjónustu fyrir skip.

1.6 Skipsstöð.
Farstöð í sjófarstöðvaþjónustunni um borð í skipi, sem er ekki að staðaldri fyrir akkeri eða bundið við bryggju. Sem skip í þessu sambandi eru björgunarbátar ekki taldir með.

1.7 Fjarskiptastöð fyrir innanskipssambönd.
Lítil farstöð í sjófarstöðvaþjónustunni til fjarskipta um borð í skipinu, eða milli skipsins og björgunarbáta þess í sambandi við notkun björgunarbáta eða æfingar með þeim, eða fjarskiptasamband milli skipa, sem verið er að draga eða ýta.

1.8 Björgunarbátastöð.
Farstöð í sjófarstöðvaþjónustunni eða flugfarstöðvaþjónustunni, eingöngu fyrir neyðarþjónustu og staðsett í björgunarbát.

1.9 Alþjóðafjarskiptaþjónusta.
Fjarskiptaþjónusta milli fjarskiptastöðva, sem staðsettar eru í sitt hverju landi eða tilheyra sitt hverju landi.

1.10 Sendingartegund er táknuð sem hér greinir:
A1 Loftskeytasending án mótunar. Lykluð burðartíðni.
A2 Loftskeytasending. Lykluð sending sem er tvíhliðarbandsstyrkmótuð með tóntíðni.
A2H Loftskeytasending. Lykluð sending, sem er einhliðarbandsstyrkmótuð með tóntíðni. Efra hliðarbandið og burðartíðnin eru notuð.
A3 Talsending með tvíhliðarbandsmótun.
A3H Talsending með einhliðarbandsmótun. Efra hliðarbandið og burðartíðnin eru notuð.
A3J Talsending með einhliðarbandsmótun. Efra hliðarbandið er notað. Burðartíðninni er eytt.
A3A Talsending með einhliðarbandsmótun. Efra hliðarband og minnkuð burðartíðni eru notuð.
F3 Talsending með tíðnimótun.

1.11 Nýtt skip telst það skip, sem samið hefur verið um smíði á fyrir íslenska aðila, eftir gildistöku þessara reglna.

1.12 Brúttórúmlest eru 2.83 rúmmetrar.

1.13 Skrásetningarlengd skips er lengdin frá fremri brún efsta enda framstefnis að afturbrún efsta enda afturstefnis.
Ef ekkert afturstefni er, skal mæla lengdina að punktinum, þar sem framhlið stýrisáss (eða framhald hans) mætir efsta þilfarinu.

1.14 Þar sem skip hefur mælibréf með tveim brúttórúmlestatölum, skal miðað við hærri töluna við túlkun þessara reglna.

2. gr.
Almenn ákvæði.

2.1. Öll íslensk skip, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykkta, er fjalla um fjarskipti skipa og Ísland er aðili að, skulu fullnægja reglum þeirra samþykkta og reglum þeim, sem hér fara á eftir. Gilda þær einnig um önnur íslensk skip, eins og nánar er til tekið í 3. gr.

2.2. Tæki þau, sem reglur þessar taka til, skulu háð viðurkenningu Póst- og símamálastofnunarinnar og eftirliti hennar. Siglingamálastjóra skulu tilkynntar niðurstöður eftirlitsins.

2.3. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf fyrir rekstri fjarskiptastöðva skipa.

2.4. Skoðun fjarskiptastöðva skal fara fram árlega. Að henni lokinni gefur Póst- og símamálastofnunin út öryggisvottorð fyrir loftskeyta- og talstöðvar, sem gildir í 12 mánuði í senn, enda verði á tímabilinu engar veigamiklar breytingar gerðar á tækjunum og búnaði þeirra, en þá fari fram endurskoðun. Þó má gildistíminn vera 14 mánuðir, fari skoðun fram 2 mánuðum fyrir tilsettan tíma. Siglingamálastjóri gefur út skírteini þau, sem krafist er fyrir skip, sem falla undir gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS).

2.5. Póst- og símamálastofnunin lætur siglingamálastjóra í té afrit af skoðunarskýrslum yfir búnað þann, sem reglurnar fjalla um.

2.6. Eftirlitsmenn Póst- og símamálastofnunarinnar skulu að lokinni skoðun sinni færa niðurstöður hennar í eftirlitsbók skipsins.

2.7. Skipstjóra ber skylda til að fylgjast með því, hvenær öryggisskírteini fellur úr gildi og sjá um að skoðun fari fram til endurnýjunar skírteinisins.

2.8. Á þeim skipum, sem samkvæmt reglum þessum er skylt að hafa loftskeytamann, skal staða hans ekki vera sameinuð annarri stöðu um borð, þó ber loftskeytamanni að sjá um viðhald og framkvæma viðgerðir á tækjum þeim, sem eru í hans umsjá og elektroniskum siglingatækjum skipsins.

2.9. Takist útgerðarmanni ekki að ráða loftskeytamann með fullum réttindum á skip sitt, má Póst- og símamálastofnunin í samráði við Félag íslenskra loftskeytamanna, veita tímabundna undanþágu hæfum manni, þótt ekki hafi hann full réttindi. Í þessu sambandi skal sérstaklega bent á ákvæði radíóreglugerðarinnar RR 23-2, 853, 854 og 855.

3. gr.
Flokkun skipa.

3.1. **1. flokkur:**
Farþegaskip, sem mega flytja 250 farþega eða fleiri á alþjóðasiglingaleiðum.

3.2. **2. flokkur:**
Önnur farþegaskip á alþjóðasiglingaleiðum án tillits til stærðar. Farþegaskip í strandsiglingum við Ísland 1600 brl. eða stærri að undanskildum þeim farþegaskipum, sem sigla reglulegar ferðir milli fastra viðkomustaða innanlands, enda séu vegalengdir milli staðanna styttri en 100 sjómílur. Vöruflutningaskip 1500 brl. eða stærri. Þó skulu þau vöruflutningaskip, sem nú eru á skipaskrá af þessari stærð, ekki hlíta ákvæðum þessa flokks, nema þau séu 1600 brl. eða stærri. Vöruflutninga- og farþegaskip sem sigla til eða frá Ameríku. Fiskiskip með 55 m skrásetningarlengd og lengri.

3.3. 3. flokkur:
Vöruflutningaskip á alþjóðasiglingaleiðum, allt að 1500 brl. Fiskiskip með 32 m og allt að 55 m skrásetningarlengd.

3.4. 4. flokkur:
Vöruflutningaskip, sem ekki heyra til 2. eða 3. fl. Farþegaskip, sem ekki falla undir 1. eða 2. fl. Fiskiskip með 24 m og allt að 32 m skrásetningarlengd.

3.5. 5. flokkur:
Fiskiskip með 14 m og allt að 24 m skrásetningarlengd.

3.6. 6. flokkur:
Fiskiskip með þilfari með allt að 14 m skrásetningarlengd.

3.7. Talstöðvar í bátum, sem ekki eru talstöðvarskyldir samkvæmt þessum reglum, eru háðar eftirliti Póst- og símamálastofnunarinnar.

3.8. Siglingamálastjóri ákveður, í samráði við Póst- og símamálastofnunina, hvaða flokki skip skuli tilheyra, sem ekki eru sérstaklega tilgreind hér að framan. Skal tillit tekið til stærðar og notkunar slíkra skipa.

4. gr.
Fjöldi loftskeytamanna og talstöðvarvarða.

4.1. Sérhvert skip, sem búið er loftskeytatækjum og/eða talstöð, skal hafa loftskeytamenn eða talstöðvarvörð sem hér segir:

1. flokkur:
2 loftskeytamenn (annar þeirra 1. flokks).

2. flokkur:
1 loftskeytamann.

3. og 4. flokkur:
1 talstöðvarvörð með almennu skírteini talstöðvarvarða.

5. flokkur:
1 talstöðvarvörð með takmörkuðu skírteini talstöðvarvarða.

6. flokkur:
1 talstöðvarvörð.

Flokkun loftskeytamanna og talstöðvarvarða skal vera samkvæmt radíóreglugerðinni, grein RR 23.

5. gr.
Vaktþjónusta.

5.1. 1. flokkur: 16 klst. hlustvarsla á sólarhring á neyðartíðninni fyrir morse.
2. flokkur: 8 klst. hlustvarsla á sólarhring á neyðartíðninni fyrir morse.
3., 4., 5. og 6. flokkur: óákveðið.

5.2. Þegar krafist er í reglum þessum að loftskeytamaður haldi hlustvörð á neyðartíðninni á morse (500 kHz) má hann hætta slíkri hlustvörslu meðan hann sinnir viðskiptum á öðrum tíðnum eða starfar að öðrum mikilvægum fjarskiptaverkefnum en aðeins ef óframkvæmanlegt er að hlusta með heyrnartólum eða hátalara. Hlustvarslan skal ávallt vera haldin af loftskeytamanni, með heyrnartólum eða hátalara, á þagnartímabilunum, sem tilgreind eru í radíóreglugerðinni. Í orðunum „mikilvæg fjarskiptaverkefni“ í þessari grein felast áríðandi viðgerðir á fjarskiptatækjum, sem notuð eru með tilliti til öryggis og siglingatækjum, að skipun skipstjóra. Að auki má loftskeytamaður um borð í skipum,

öðrum en farþegaskipum, þar sem loftskeytamenn eru fleiri en einn, í undantekningartilfellum, m. a. þegar það er óhentugt að hlusta með heyrnartólum eða hátalara, hætta hlustvörslu að skipun skipstjóra til að framkvæma viðgerð, sem þörf er á til að koma í veg fyrir yfirvofandi bilanir á:

— fjarskiptatækjum, sem notuð eru með tilliti til öryggis,
— siglingatækjum,
— öðrum rafeinda siglingatækjum, þar með talin viðgerð á þeim með því skilyrði:

að skipið sé búið „selcall" búnaði í samræmi við radíóreglugerðina,

að hlustvarslan sé ávallt haldin af loftskeytamanni með heyrnartólum eða hátalara á þagnartímabilunum, sem tilgreind eru í radíóreglugerðinni.

5.3. Í sérhverju skipi, sem búið er sjálfvirku vekjaratæki á morse skal það alltaf, meðan skipið er á sjó, vera í gangi þegar engin hlustvarsla er í samræmi við ákvæði þessarar greinar, og þegar mögulegt er meðan á miðunum stendur.

5.4. Æskilegt er að hlustvörður í samræmi við þessa grein, þ. m. t. hlustvörður, sem ákveðinn er af stjórnvöldum, sé haldinn í samræmi við morse-þjónustuna í radíóreglugerðinni.

5.5. Á þeim skipum, sem starfstími er óákveðinn, ber talstöðvarverði skylda til að hlusta á útköllunartímum þeirra strandarstöðva, sem hann getur átt von á viðskiptum frá.

5.6. Auk framangreindra tímaákvarðana ber öllum skipum, sem samkvæmt ákvæðum þessara reglna skulu búin varðviðtæki fyrir 2182 kHz, að halda stöðugan hlustvörð á þeirri tíðni, enda tækið staðsett þannig að slíkur hlustvörður sé mögulegur og öruggur.

5.7. Þegar ríkisstjórn, aðili að SOLAS, krefst að skip, sem sigla innan lögsögu hennar, séu búin metrabylgjustöð til nota í sambandi við kerfi, sem hún hefur komið upp til eflingar öryggis við siglingar, skal slík stöð vera í samræmi við ákvæði 11. greinar II. kafla og haldinn skal hlustvörður á stjórnpalli á þeim tímum og þeim rásum, sem viðkomandi ríkisstjórn kann að hafa ákveðið.

5.8. Þegar varðstundir loftskeytamanns rekast á matmálstíma, þannig að loftskeytamaður hefur ekki aðstöðu til vegna hlustvörslu að mæta í borðsal yfirmanna á matmálstíma, á hann heimtingu á að framreiddur sé fyrir hann matur í loftskeytaklefa, sams konar og er á borðum í matsal yfirmanna.

6. gr.
Tækjabúnaður.

Tækjabúnaður skipa skal vera sem hér segir:

6.1. **Skip af 1. og 2. flokki.**

1. Aðalsendir, 405—535 kHz. (1. gr. í II. kafla).
2. Aðalviðtæki, 150 kHz—30 MHz. Skip af 1. flokki ennfremur viðtæki 410 kHz—23 MHz. (1. gr. í II. kafla).
3. Varðviðtæki, 2182 kHz. (1. gr. í II. kafla).
4. Orkugjafar (1. gr. í II. kafla).
5. Varasendir, 405—535 kHz. (1. gr. í II. kafla).
6. Varaviðtæki, 405—535 kHz. (1. gr. í II. kafla).
7. Millibylgjutalstöð, 1.6—4.2 MHz. (9. gr. í II. kafla).
8. Stuttbylgjustöð fyrir morse og tal 4—27.5 MHz (2. gr. í II. kafla).
9. Metrabylgjutalstöð (VHF), 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).
10. Miðunarstöð. (4. gr. í II. kafla).
11. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar (12. gr. í II. kafla).
12. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse (3. gr. í II. kafla).

13. Sjálfvirkur lykill. (1. gr. í II. kafla).
14. Radar.
15. Loftnet (1. gr. í II. kafla).
16. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta (6. gr. í II. kafla).
17. Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum (aðeins skip af 1. fl.) (5. gr. í II. kafla).
18. Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
19. Verkfæri, mælitæki og varahlutir. (13. gr. í II. kafla).
20. Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta. 121.5 MHz, 243 MHz (8. gr. í II. kafla).
21. Dagbók (15. gr.).

6.2. **Skip af 3. flokki.**
1. Millibylgjutalstöð, 1.6—4.2 MHz. (9. gr. í II. kafla).
2. Varatalstöð, 1.6—4.2 MHz (9. gr. í II. kafla).
3. Stuttbylgjutalstöð, 4—27.5 MHz. (2. gr. í II. kafla).
4. Metrabylgjutalstöð (VHF), 156—162 MHz. (11. gr. í II. kafla).
5. Varðviðtæki, 2182 kHz. (1. gr. í II. kafla).
6. Miðunarstöð. (4. gr. í II. kafla).
7. Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar (12. gr. í II. kafla).
8. Radar.
9. Orkugjafar (9. gr. í II. kafla).
10. Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta. (Á aðeins við um vöruflutningaskip 500 brl. og stærri) (6. gr. í II. kafla).
11. Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 2182 kHz (7. gr. í II. kafla).
12. Verkfæri, mælitæki og varahlutir (13. gr. í II. kafla).
13. Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 121.5 MHz, 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
14. Dagbók (15. gr.).

6.3. **Skip af 4. flokki:**
Sama og skip af 3. flokki, að undanskilinni stuttbylgjutalstöð.

6.4. **Skip af 5. flokki:**
1. Millibylgjutalstöð, 1.6—2.85 MHz. (þarf ekki að vera búin sjálfvirkum sendibúnaði vekjaramerkis) (9. gr. í II. kafla).
2. Varðviðtæki, 2182 kHz. (1. gr. í II. kafla).
3. Orkugjafar. (10. gr. í II. kafla).
4. Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 2182 kHz. (7. gr. í II. kafla).
5. Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta 121.5 MHz, 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
6. Verkfæri og varahlutir (13. gr. í II. kafla).

6.5. **Skip af 6. flokki:**
1. Millibylgjutalstöð, 1.6—2.85 MHz, (þarf ekki að vera búin sjálfvirkum sendibúnaði vekjaramerkis) (9. gr. í II. kafla).
2. Varðviðtæki fyrir 2182 kHz (gildir ekki um skip, sem eru minni en 12 m) (1. gr. í II. kafla).
3. Orkugjafar (10. gr. í II. kafla).
4. Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 2182 kHz (gildir ekki um skip, sem eru minni en 12 m) (7. gr. í II. kafla).
5. Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 121.5 MHz, 243 MHz. (8. gr. í II. kafla).
6. Verkfæri og varahlutir (13. gr. í II. kafla).

6.6. Siglingamálastjóra er heimilt í samráði við Póst- og símamálastofnunina að leyfa bátum af 6. flokki að hafa metrabylgjustöð (VHF) ásamt talsendi/viðtæki fyrir 2182 kHz í stað millibylgjustöðvarinnar, enda yrði þá farsvið viðkomandi báta takmarkað við svæði, þar sem hlustvarsla væri fyrir hendi á metrabylgju. Slíkt leyfi má aðeins veita gegn skriflegri umsókn til ofangreindra aðila.

6.7. Allur framangreindur tækjabúnaður skal vera í samræmi við ákvæði radíóreglugerðarinnar. Þar sem fyrirmæli Póst- og símamálastofnunarinnar kynnu að ganga lengra, gilda þau.

7. gr.

Loftskeytaklefar. Skip af 1. og 2. fl.

7.1. Loftskeytaklefi skal staðsettur á sama þilfari og stjórnklefi skipsins og þannig frá honum gengið, að utanaðkomandi hávaði trufli ekki störf loftskeytamanns um of.

7.2. Loftskeytaklefinn skal vera nægilega rúmgóður svo að auðvelt sé að nota tækin, og ekki skal hann notaður í neinum þeim tilgangi, sem kynni að trufla störf loftskeytamanns.

7.3. Svefnklefi, að minnsta kosti eins loftskeytamanns, skal vera eins nálægt loftskeytaklefa og unnt er.

7.4. Öruggt símasamband skal vera milli loftskeytaklefa og stjórnklefa, skal það óháð talkerfi skipsins.

7.5. Loftskeytastöðinni skal þannig fyrir komið að hún sé varin skaðlegum áhrifum vatns og hita. Skal hún vera vel aðgengileg til tafarlausrar notkunar í neyðartilvikum og til viðgerðar.

7.6. Í klefanum skal vera góð klukka með sekúnduvísi á miðri skífunni, sem skal vera minnst 125 mm að þvermáli. Skífan skal merkt þagnartímabilum þeim sem ákveðin eru í radíóreglugerðinni fyrir loftskeytaþjónustu. Klukkan skal þannig staðsett að auðvelt sé að sjá á hana úr sæti loftskeytamanns og frá þeim stað, þar sem prófun sjálfvirka vekjaratækisins fer fram.

7.7. Í loftskeytaklefa skal vera góð neyðarlýsing, nægjanleg til að vel sjáist til að vinna með tækjunum og á klukkuna, sem fyrirskipuð er í gr. 7.6. Mögulegt skal vera að kveikja og slökkva á ljósinu við inngang loftskeytaklefa og við vinnuborð loftskeytamanns, nema fyrirkomulag í klefanum geri þetta óþarft. Slökkvararnir skulu greinilega merktir: „Neyðarlýsing".

7.8. Stunga fyrir handlampa með hæfilega langri taug eða vasaljós skal vera í loftskeytaklefa. Á stungan að fá straum frá neyðarorkugjafa skipsins.

7.9. Ljós við vinnuborð loftskeytamanns skal búið styrkstilli.

7.10. Verkfæri þau og varahlutir, sem fjallað er um í 13. gr. í II. kafla, skulu geymd í loftskeytaklefa.

8. gr.

Afgreiðsluaðstaða.

8.1. Í skipum af 1. flokki skal vera sérstakur klefi, einn eða fleiri, þar sem afgreiða má farþega og skipshöfn með samtöl við land. Svo skal einnig vera í skipum af 2., 3. og 4. flokki, þar sem því verður við komið. Þar sem svo er ekki, væri æskilegt að tækjum væri þannig fyrir komið í loftskeyta-, talstöðvar- eða kortaklefa, að þeir, sem samtöl eiga við land, verði fyrir sem minnstum utanaðkomandi truflunum.

9. gr.

Talstöðvar. Fyrirkomulag. Skip af 3., 4. og 5. fl.

9.1. Talstöðvum skal valinn staður ofarlega í skipinu og þannig fyrir komið að utanaðkomandi hávaði trufli eins lítið og unnt er móttöku skeyta og merkja.

9.2. Gott samband skal vera milli talstöðva og stjórnklefa.
9.3. Góð klukka skal vera við talstöðvar og skal skífa hennar ekki vera minni að þvermáli en 125 mm. Skífan skal merkt þagnartímabilum þeim, sem ákveðin eru í radíóreglugerðinni fyrir talstöðvarþjónustu. Klukkan skal þannig staðsett, að auðvelt sé fyrir talstöðvarvörð að sjá á hana.
9.4. Við talstöðvar skal komið fyrir spjaldi með leiðbeiningum um notkun þeirra í neyðartilvikum. Ennfremur spjaldi með kallmerki skipsins.
9.5. Góð neyðarlýsing, óháð ljósneti skipsins, skal vera við talstöðvar og þannig fyrirkomið að beri sem best birtu á stillihnappa tækjanna, klukkuna og leiðbeiningarspjaldið.
9.6. Þar sem talstöðvar eru reknar frá rafgeymum, skal vera mögulegt að fylgjast með hleðsluástandi þeirra í námunda við þær.

10. gr.
Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.

10.1. Viðurkenndar færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta í samræmi við 6. gr. í II. kafla, skulu vera um borð í öllum skipum, nema þeim sem hafa á hvorri síðu vélknúna björgunarbáta búna loftskeytastöðvum í samræmi við ákvæði 11. gr. í þessum kafla og 5. gr. í II. kafla. Allur þessi útbúnaður skal vera geymdur á sama stað í kortaklefanum eða öðrum hagkvæmum stað, þar sem hann er tilbúinn til flutnings til einhvers björgunarbátsins í neyðartilfellum. Samt sem áður, í olíuskipum sem eru 3000 brl. og stærri, þar sem björgunarbátarnir eru miðskipa og aftast, skal þessi útbúnaður vera geymdur á hagkvæmum stað nálægt þeim björgunarbátum, sem fjærst eru aðalsendi skipsins.
10.2. Í þeim tilfellum, þegar skip er á siglingaleið, sem tekur þann tíma sem að áliti stjórnvalda gerir færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta ónauðsynlegar, mega stjórnvöld heimila að slíkum stöðvum sé sleppt.

11. gr.
Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.

11.1. Þar sem heildarfjöldi manna um borð í farþegaskipi á alþjóðasiglingaleiðum, sem ekki eru stuttar alþjóðlegar siglingaleiðir, hvalvinnsluskipi, fiskvinnsluskipi, niðursuðuverksmiðjuskipi, eða skipi ætluðu til flutnings á fólki á vegum hvalvinnslu, fiskvinnslu eða niðursuðuiðnaðarins, er meiri en 199 manns en minni en 1500 manns, skal loftskeytastöð, í samræmi við kröfur þessarar greinar og 5. gr. í II. kafla, vera um borð í a.m.k. einum þeirra vélknúnu björgunarbáta sem krafist er samkvæmt alþjóðareglum, að sé um borð í slíku skipi.

Þar sem heildarfjöldi manna um borð í slíku skipi er 1500 eða meiri, skal slík loftskeytastöð vera um borð í öllum vélknúnum björgunarbátum, sem krafist er samkvæmt alþjóðareglum að séu um borð í slíku skipi.
11.2. Fjarskiptatækjunum skal vera komið fyrir í klefa nógu stórum til að rúma bæði tækin og þann sem notar þau.
11.3. Fyrirkomulag skal vera þannig, að hvorki sendirinn né móttakarinn verði fyrir truflunum af völdum vélarinnar, þegar hún er í gangi, hvort sem rafgeymirinn er í hleðslu eða ekki.
11.4. Rafgeymirinn fyrir stöðina skal ekki vera notaður til ræsingar á vélum eða fyrir kveikjukerfi véla.
11.5. Vél björgunarbátsins skal vera búin rafal til endurhleðslu rafgeymis stöðvarinnar og annarra verkefna.

12. gr.
Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta.

12.1. Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skyld eru að hafa slíka báta, skulu búnir bauju, sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðnunum 121.5 og 243 MHz. Þó þurfa baujurnar ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir báta þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar.

13. gr.
Dagbók.

13.1. Póst- og símamálastjórnin sér um gerð og útgáfu dagbóka þeirra, sem krafist er samkvæmt ákvæðum radíóreglugerðarinnar.

13.2. Á skipum af 1. og 2. flokki skal haldin dagbók varðandi fjarskipti o. fl., skal hún geymd í loftskeytaklefa og skal liggja frammi til athugunar fyrir eftirlitsmenn.

13.3. Í hana ber loftskeytamanni að færa nafn sitt, tímann sem hann kemur á og fer af vakt og allt sem við ber í sambandi við fjarskiptaþjónustu skipsins og kann að hafa þýðingu varðandi öryggi mannslífa á hafinu.
Að auki skal eftirgreint fært í bókina:

13.4. Færslur, sem krafist er samkvæmt ákvæðum radíóreglugerðarinnar.

13.5. Upplýsingar um viðhald og viðgerðir tækja og ástand rafgeyma, en þeir skulu fullhlaðnir daglega.

13.6. Upplýsingar um daglega prófun varasendis og athugun neyðarorkugjafa.

13.7. Upplýsingar um daglega prófun sjálfvirka vekjaratækisins.

13.8. Upplýsingar um viðhald og prófanir á björgunarbátastöðvum.

13.9. Á skipum af 3. og 4. flokki skal haldin dagbók varðandi fjarskipti o. fl., skal hún geymd, þar sem hlustvarsla fer fram. Skal hún sýnd eftirlitsmönnum, fari þeir fram á það. Skal talstöðvarvörður og þeir meðlimir áhafnar, sem sinna hlustvörslu, færa í bókina nöfn sín og allt, sem við ber í sambandi við fjarskiptaþjónustu skipsins og kann að hafa þýðingu varðandi öryggi mannslífa á hafinu. Að auki skal eftirgreint fært í bókina:

13.10. Færslur sem krafist er samkvæmt ákvæðum radíóreglugerðarinnar.

14. gr.
Aðlögunartími vegna tækjabúnaðar.

14.1. Ákvæðum reglna þessara, að því er tækjabúnað varðar, skal vera fullnægt við næstu radíóskoðun, sem á sér stað þrem mánuðum eftir birtingu þeirra. Þó má fresta útvegun og uppsetningu einstakra tækja eins og hér greinir.

14.2. **1. flokkur.**

Enginn frestur umfram ákvæði 14.1. greinar.

14.3. **2. flokkur.**

Vöruflutningaskip:

Millibylgjutalstöð með sjálfvirkri sendingu vekjaramerkis. Frestur til næstu radíóskoðunar, sem fram fer eftir 1. janúar 1981. Sama gildir um stuttbylgjustöð og sjálfvirkt vekjaratæki fyrir tal og morse.

Fiskiskip:

Gömul fiskiskip í þessum flokki, sem búin eru tækjum samkvæmt ákvæðum um skip í 3. flokki B í reglum nr. 52/1965, geta fengið frest sem hér segir:

Varaloftskeytastöð, ótakmarkað.
Stuttbylgjustöð fyrir tal og morse til 1. janúar 1982.
Sjálfvirk sending vekjaramerkis talstöðva til 1. janúar 1982.
Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse til 1. janúar 1982.
Sjálfvirkur lykill til 1. janúar 1982.
Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar 1. janúar 1982.

14.4. **3. flokkur.**

Vöruflutningaskip:

Enginn frestur umfram ákvæði 14.1. greinar.

Fiskiskip:

Gömul fiskiskip í þessum flokki, sem búin eru tækjum samkvæmt ákvæðum um skip í 3. flokki B í reglum nr. 52/1965, má flytja í 2. fl. þessara reglna, enda starfi á þeim loftskeytamaður.

Frestur til aðlögunar um aukinn tækjabúnað verði sá sami og ákveðið er í 14.3. gr. um fiskiskip.

Frestur til aðlögunar um aukinn tækjabúnað fyrir önnur gömul fiskiskip í þessum flokki, má vera sem hér segir:

Varasendir með sjálfvirkri sendingu vekjaramerkis fyrir millibylgju ásamt viðtæki og stuttbylgjutalstöð til 1. janúar 1982, ennfremur sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.

14.5. **4. flokkur.**

Vöruflutningaskip:

Varasendir með sjálfvirkri sendingu vekjaramerkis ásamt viðtæki til 1. janúar 1982, ennfremur sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.

Fiskiskip:

Varasendir með sjálfvirkri sendingu vekjaramerkis ásamt viðtæki til 1. janúar 1982, ennfremur sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.

14.6. **5. og 6. flokkur.**

Enginn frestur fram yfir ákvæði 14.1. greinar.

14.7. Frá 1. janúar 1982, skulu öll viðskipti á tali fara fram á einhliða bandi (SSB) að undanskildum neyðartíðninni 2182 kHz, og metrabylgjum. Tíðnirnar 4125 kHz og 6215.5 kHz má nota áfram með A3H útgeislun til 1. janúar 1984.

14.8. Gúmmíbjörgunarbátar, sem fluttir eru inn eftir 1. júní 1980 skulu búnir radíóbauju skv. 12. gr. Skal slíkri bauju komið fyrir í eldri bátum við fyrstu skoðun þeirra, sem fram fer eftir ofangreindan tíma.

II. KAFLI

TÆKNIKRÖFUR

1. gr.

Loftskeytabúnaður.

1.1. Þessi búnaður skal vera fyrir hendi nema annað sé sérstaklega tekið fram:

Loftskeytastöðin skal vera aðalbúnaður og varabúnaður, hvor fyrir sig tengdur aðskildum og sjálfstæðum rafbúnaði.

Aðalbúnaðurinn skal vera aðalsendir, aðalviðtæki, viðtæki fyrir talstöðvaneyðartíðni og aðalorkugjafi.

Varabúnaðurinn skal vera varasendir, varaviðtæki og varaorkugjafi.

Setja skal upp aðalloftnet og varaloftnet, nema að stjórnvöld undanskilji eitthvert skip að hafa varaloftnet, þar sem hún telur að slíkt loftnet sé óhentugt og óþarfi, en í slíku tilfelli skal vera til um borð hæfilegt varaloftnet fullfrágengið, sem setja má upp án tafar. Að auki skal vera til um borð í öllum tilvikum nægilegur loftnetsvír og einangrarar, þannig að setja megi upp hæfilega gott loftnet. Ef aðalloftnetið er strengt milli tveggja festinga, sem hætt er við slætti, skal það nægilega verndað gegn því að brotna.

1.2. Óskermaðar rafleiðslur, sem geta valdið truflunum í loftneti viðtækja, skulu óheimilar. Slíkar leiðslur skulu ávallt vera skermaðar og skermur jarðtengdur.

Skiptingar milli loftneta og senda eða viðtækja skulu fara fram í loftskeyta- eða talstöðvarklefa, ef einhver er, ella í seilingarfjarlægð frá talstöð. Leitast skal við að hafa loftnet eins hátt og við verður komið, og eins fjarri hlutum, sem kynnu að hafa truflandi áhrif og mögulegt er.

Aðalviðtæki skulu búin sérloftneti.

1.3. Hægt skal vera á fljótvirkan hátt að tengja og stilla aðalsendi og varasendi við aðalloftnetið, og varaloftnetið, ef það er fyrir hendi.

Hægt skal vera á fljótvirkan hátt að tengja aðalviðtækið og varaviðtækið við hvert það loftnet, sem þurfa þykir.

1.4. Öllum hlutum tilheyrandi varaloftskeytabúnaðinum skal vera komið fyrir eins ofarlega í skipinu og mögulegt er, til að tryggja sem mest öryggi búnaðarins.

1.5. Með aðalsendi og varasendi skal vera hægt að senda út á morse-neyðartíðni með þeirri útgeislun, sem radíóreglugerðin ákveður fyrir þá tíðni. Auk þess skal vera hægt að senda út á að minnsta kosti 6 krystalstýrðum tíðnum, þ. e.: 410, 425, 454, 468, 480 og 512 kHz, með þeirri útgeislun, sem tiltekin er fyrir þessar tíðnir í radíóreglugerðinni. Varasendirinn má vera neyðarsendir skipsins, eins og skilgreint er í radíóreglugerðinni, til takmarkaðrar notkunar.

1.6. Ef mótuð útgeislun er fyrirskipuð í radíóreglugerðinni, skal aðalsendirinn og varasendirinn hafa mótunardýpt sem ekki er minni en 70 prósent, og tóntíðni milli 450—1350 rið.

1.7. Aðalsendirinn og varasendirinn skulu, þegar þeir eru tengdir við aðalloftnetið, hafa meðallangdrægni eins og tilgreint er hér að neðan, það er að segja, þeir eiga að geta sent út vel skiljanleg merki frá skipi til skips að degi til við venjuleg skilyrði og undir venjulegum kringumstæðum yfir tilgreindar vegalengdir.

	Lægsta venjulega langdrægni í mílum	
	Aðalsendir	Varasendir
Öll farþegaskip og verslunarskip, 1 600 brúttólestir og yfir	150	100
Verslunarskip undir 1600 brúttólestir	100	75

(Vel skiljanleg merki heyrast venjulega ef R.M.S. gildi sviðsstyrksins við viðtækið er að minnsta kosti 50 microvolt pr. meter).

1.8. Með aðalviðtækinu og varaviðtækinu skal vera hægt að taka á móti á morse neyðartíðninni með þeirri mótun, sem radíóreglugerðin ákveður fyrir þá tíðni.

Að auki skal aðalviðtækið geta tekið á móti á þeim tíðnum og með þeirri mótun sem notaðar eru til sendingar tímamerkja, veðurskeyta, og annarra slíkra útsendinga, er varða öryggi siglinga, og stjórnvöld álíta nausynlegar. Auk þess er æskilegt að viðtækin hafi tíðnisviðið 150—300 kHz.

Þar sem ekki eru fyrir hendi beinar mælingar sviðsstyrksins, má nota eftirfarandi upplýsingar.

Meðallangdrægni í mílum	Amper-metrar*	Heildarafl í loftnet (wött)**
200	128	200
175	102	125
150	76	71
125	58	41
100	45	25
75	34	14

1.9. Viðtækið fyrir talstöðvarneyðartíðnina skal vera fast stillt á þá tíðni. Það skal hafa síunarbúnað eða búnað til að draga alveg niður í hátalaranum, þegar talstöðvarvekjaramerkið er ekki í gangi (sent út). Auðvelt skal vera að rjúfa og opna fyrir þennan búnað, sem nota má ef aðstæður eru þannig að dómi skipstjóra, að hlustunargæslan gæti truflað við siglingu skipsins.

Varviðtækið skal vera nægilega næmt til að taka við merkjum í heyrnartól eða hátalara þegar inngangsspenna tækisins er 50 microvolt.

Hlustun skal möguleg í stjórnklefa skips. Tækið skal búið sérloftneti.

1.10. Talsendirinn skal útbúinn sjálfvirkum búnaði til að framleiða talstöðvarvekjaramerkið, þannig gerðum, að hann hindri útsendingu vegna mistaka og svari til þeirra skilyrða sem fram koma í gr. 9.5.

Prófa skal sjálfvirka talstöðvavekjarabúnaðinn með jöfnu millibili á öðrum tíðnum en talstöðvaneyðartíðninni með viðeigandi gerfiloftneti.

1.11. Aðalviðtækið skal vera nægilega næmt til að taka við merkjum í heyrnartól eða í hátalara þegar inngangsafl viðtækisins er 50 microvolt. Varaviðtækið skal vera nægilega næmt til að taka við merkjum, þegar inngangsafl viðtækisins er 100 microvolt.

1.12. Nægileg raforka skal vera fyrir hendi hvenær sem er, meðan skip er á sjó, til að starfrækja aðalloftskeytabúnaðinn, til þess að sú meðallangdrægni náist sem áskilin er í gr. 1.7., svo og til að hlaða þá rafgeyma sem tilheyra loftskeytastöðinni. Spennan fyrir aðalloftskeytabúnaðinn skal vera, þegar um nýsmíðuð skip er að ræða, innan við ± 10 prósent af réttri spennu. Í eldri skipum skal reynt að halda spennunni eins réttri og mögulegt er, helst innan við ± 10 prósent.

1.13. Varaloftskeytabúnaðurinn skal hafa sjálfstæðan orkugjafa óháðan ljósaneti skipsins.

Varaviðtækið, 405—535 kHz, skal að auki geta unnið á orku frá ljósneti skipsins. Ef þessu verður ekki við komið, skulu koma til tvö viðtæki 405—535 kHz, þar sem annað fær orku frá rafgeymum en hitt frá ljósneti skipsins.

1.14. Varaorkugjafinn skal helst vera rafgeymar, sem hlaða má frá rafkerfi skipsins, og skal undir öllum kringumstæðum vera hægt að grípa fljótt til hans til að starfrækja varasendinn og varaviðtækið í að minnsta kosti sex klukkustundir samfleytt við venjulegar aðstæður. Þar við bætist viðbótarálag það sem nefnt er í gr. 1.15.

---

*) Þessi tafla sýnir niðurstöður, þegar loftnetið er hæst talið í metrum, miðað við neðsta hleðslumerki skipsins, og loftnetsstrauminn í ampere (R.M.S. gildi). Tölur þær sem gefnar eru upp í miðdálki þessarar töflu svara til meðalgildis hlutfallsins.

$$\frac{\text{Virk loftnetshæð}}{\text{Hámarksloftnetshæð}} = 0.47$$

Þetta hlutfall breytist með staðbundnu ástandi loftnetsins, og getur breyst milli 0.3 og 0.7.

**) Tölur þær sem uppgefnar eru í þriðja dálki þessarar töflu svara til meðalgildis hlutfallsins.

$$\frac{\text{Útgeislað loftnetsafl}}{\text{Heildarloftnetsafl}} = 0.08$$

Þetta hlutfall breytist verulega eftir gildi virkrar loftnetshæðar og loftnetsviðnáms.

Til þess að ákveða álagið sem varaorkugjafinn á að gefa, er ákveðin regla sett til leiðbeiningar:

Helmingur af sendistraumsnotkun með lykilinn niðri og helmingur af sendistraumsnotkun með lykilinn uppi.

Að auki straumsnotkun viðtækis og viðbótartenginga við varaorkugjafann.

Þess er krafist að varaorkugjafinn hafi nægilega rýmd til að hægt sé að starfrækja samtímis varasendinn, varaviðtækið og VHF tækin, í að minnsta kosti sex klukkustundir, nema að rofabúnaður sé hafður til að tryggja einhliða starfrækslu tækjanna. Notkun VHF tækja frá varaorkugjafanum skal vera takmörkuð við neyðar-, háska- eða öryggisviðskipti. Að öðrum kosti má setja upp sérstakan orkugjafa fyrir VHF tækin.

1.15. Varaorkugjafinn skal notaður fyrir varaloftskeytabúnaðinn, varaviðtækið á 2182 kHz og lyklunarbúnaðinn fyrir sjálfvirka vekjaramerkið, ef hann gengur fyrir rafmagni eins og tilgreint er í gr. 1.19.

Varaorkugjafann má einnig nota fyrir:

Sjálfvirka vekjaramerkið á morse.

Neyðarljósið, sem er tilgreint í gr. 7.7. í I. kafla.

Miðunarstöðina.

VHF tækin.

Sjálfvirka búnaðinn fyrir talstöðvarvekjaramerkið.

Hvers konar búnað, sem mælt er fyrir um í radíó-reglugerðinni til að skipta yfir frá sendingu til viðtöku og öfugt.

1.16. Varaorkugjafinn og rofa- og öryggistafla fyrir hann, skal vera eins ofarlega í skipinu og fært þykir, og að loftskeytamaðurinn nái fljótt til hans.

Töflunni skal komið fyrir í loftskeytaklefanum, þar sem því verður við komið, en sé svo ekki, skal vera hægt að hafa hana upplýsta.

1.17. Meðan skipið er í ferðum skal hlaða rafgeymana daglega í fulla hleðslu, hvort sem þeir tilheyra aðalbúnaðinum eða varabúnaðinum.

1.18. Allar mögulegar ráðstafanir skulu gerðar til að útrýma og minnka orsakir fyrir truflunum í radíótækjum frá rafmagnstækjum og öðru um borð, til að tryggja góð starfsskilyrði við loftskeytatækin. Ef nauðsynlegt þykir, skal sjá til þess að loftnetið fyrir útvarpstækin valdi ekki truflunum. Sérstakan gaum skal gefa að þessum kröfum við smíði nýrra skipa.

1.19. Auk þess sem hægt er að handsenda morse vekjaramerkið, skal vera sjálfvirkur lyklunarbúnaður fyrir morse vekjaramerkið, sem getur lyklað aðal- og varasendinn og sent út morse vekjaramerkið. Þennan lyklunarbúnað skal vera hægt að taka úr sambandi tafarlaust, og hvenær sem er, til þess að hægt sé að nota sendinn fyrir handsendingu. Þennan lyklunarbúnað skal vera hægt að nota frá varaorkugjafa ef hann er rafknúinn.

1.20. Á sjó skal prófa varasendinn daglega, við hæfilegt gerfiloftnet, ef hann er ekki notaður til viðskipta, og að minnsta kosti einu sinni í sjóferð skal prófa hann við varaloftnetið, ef það er fyrir hendi.

Varaorkugjafann skal einnig prófa daglega.

1.21. Allur búnaður tilheyrandi loftskeytatækjunum skal vera traustur, og þannig hannaður að auðvelt sé að komast að honum til viðgerða.

2. gr.
Stuttbylgjustöð 4 — 27.5 MHz.

2.1. Sendirinn skal búinn útgeislunartegundum A3A og A3J. Sé hann einnig hannaður fyrir morsesendingar skal hann hafa A1.

2.2. Hámarks toppafl (P_P) fyrir tal skal vera 1.5 kW, nema á þeim tíðnum sem

getið er um í radíóreglugerðinni, þar sem hámarks toppaflið er 1 kW. Lágmarks toppafl (P_p) fyrir tal er 250 W.

2.3. Stöðin skal vera með stuttbylgjuböndin, sem getið er um í radíóreglugerðinni og a. m. k. 12 rásir alls, þ. e. kallrásirnar nr. 421, 606, 821, 1221 og 1621 og vinnurásirnar nr. 406, 416, 419, 601, 807, 1220 og 1625. Viðtækið skal vera nægilega næmt til þess að taka við merkjum í heyrnartól eða hátalara, þegar inngangsspenna viðtækisins er 50 microvolt.

2.4. Til að gera mögulega skjóta skiptingu frá sendingu til móttöku þegar handvirkur rofi er notaður, skal rofinn vera á talfærinu ef mögulegt er.

2.5. Meðan skip er á sjó, skal alltaf vera nægjanleg orka frá orkugjafa, til að stöðin vinni eðlilega. Þá skal rafgeymum, sem notaðir eru haldið fullhlöðnum, sé orkugjafinn rafgeymar.

2.6. Uppsett loftnet skal vera fyrir hendi. Auk þess skulu vera fyrir hendi varaloftnet, fullkomlega tilbúið til uppsetningar, eða þar sem þetta er ekki framkvæmanlegt, hæfilegur loftnetsvír og einangrarar til að geta útbúið varaloftnet.

3. gr.
Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir morse.

3.1. Sjálfvirkt morse vekjaratæki, sem sett er upp eftir 26. maí 1965 skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

Þegar truflanalaust er skal það virka sjálfkrafa við morse vekjaramerki, sem sent er á morse neyðartíðninni frá strandarstöð, neyðarsendi skips eða björgunarbát í samræmi við radíóreglugerðina, að því tilskildu að styrkleiki merkisins við inngang viðtækisins sé meiri en 100 microvolt og minni en 1 volt.

Þegar truflanalaust er skal það virka við annaðhvort þrjú eða fjögur samfelld strik, þegar lengd strikanna breytist frá 3.5 sekúndum í sem næst 6 sekúndur, og bilin milli strikanna frá 1.5 sekúndu niður í lægsta mögulegt bil helst ekki lengra en 10 millisekúndur.

Það skal ekki virka vegna lofttruflana eða annarra merkja en morse vekjaramerkisins, að því tilskildu að hin mótteknu merki innihaldi ekki merki, sem er innan marka þeirra, sem getið er í 3. málsgrein hér að ofan.

Glöggleiki sjálfvirka vekjaratækisins skal vera slíkur, að það hafi jafnan næmleika yfir svið, sem nær yfir ekki minna en 4 kHz og ekki meira en 8 kHz sitt hvoru megin við neyðartíðnina og hafa næmleika utan þess sviðs, sem minnkar eins hratt og kostur er í samræmi við bestu tækniþekkingu.

Ef mögulegt er skal sjálfvirka vekjaratækið, þegar lofttruflanir eru eða aðrar truflanir, stillast sjálfvirkt, þannig að innan hæfilega stutts tíma nái það því ástandi, að það geti sem fyrst greint vekjaramerkið á morse.

Sjálfvirka morse vekjaratækið skal gefa frá sér stöðuga heyranlega viðvörun í loftskeytaklefanum, í svefnklefa loftskeytamanns og á stjórnpalli, þegar morse vekjaramerkið virkar á það eða ef bilun verður í því. Ef við verður komið skal einnig koma fram viðvörun, ef bilun verður í einhverjum hluta viðtökukerfisins. Aðeins einn rofi skal vera til að stöðva viðvörunina og skal hann vera í loftskeytaklefanum.

Í þeim tilgangi að prófa sjálfvirka vekjaratækið reglulega, skulu tækin innihalda sveiflugjafa, faststilltan á neyðartíðnina á morse (500 kHz) og lyklunarbúnað, sem framleiðir vekjaramerkið á morse með lágmarksstyrk tilgreint í 2. málsgr. þessarar greinar. Útbúnaður skal einnig vera fyrir notkun á heyrnartóli í þeim tilgangi, að hægt sé að hlusta á móttekin merki í sjálfvirka vekjaratækinu.

Sjálfvirka vekjaratækið á morse skal þola titring, raka og hitastigsbreytingar í samræmi við aðstæður um borð í skipum á sjó og skal virka við slíkar aðstæður.

3.2. Áður en ný gerð sjálfvirks morse vekjaratækis er viðurkennd, skal viðkomandi stjórnvaldi sýnt fram á með raunhæfum prófunum, að tækin séu í samræmi við gr. 3.1.

3.3. Í skipum, sem búin eru sjálfvirku vekjaratæki á morse, skal virkni þess prófuð af loftskeytamanni að minnsta kosti einu sinni á sólarhring meðan skip er á sjó. Ef það virkar ekki, skal loftskeytamaðurinn tilkynna það skipstjóra eða vakthafandi stýrimanni á stjórnpalli.

3.4. Loftskeytamaður skal öðru hvoru prófa sjálfvirka morse vekjaraviðtækið, þegar það er tengt réttu loftneti, með því að hlusta á merki og bera þau saman við hliðstæð merki á morse neyðartíðninni í aðalviðtækinu.

3.5. Ef mögulegt er skal sjálfvirka morse vekjaratækið, þegar það er tengt loftneti, ekki hafa áhrif á nákvæmni miðunarstöðvarinnar.

4. gr.
Miðunarstöðvar.

4.1. Miðunarstöðvar þær, sem krafist er í 6. gr. I. kafla, skulu geta tekið við merkjum með lágmarkstruflunum og tekið miðanir, þannig að út frá þeim megi ákveða réttvísandi miðanir og áttir. Tíðnisvið skal vera 200—535 kHz og 1605—2850 kHz. Æskilegt er þó, að lægra tíðnisviðið sé frá 150 kHz.

Þegar truflana gætir ekki skulu miðunarstöðvartækin hafa nægjanlega næmleika til að taka nákvæma miðun frá merki með sviðsstyrk, sem fer allt niður í 50 microvolt/metra.

Svo framarlega sem unnt er, skulu miðunarstöðvartækin vera þannig staðsett, að eins litlar truflanir og mögulegt er frá vélum og öðrum truflanagjöfum hafi áhrif á nákvæmni miðananna.

Svo framarlega sem unnt er skal miðunarstöðvarloftnetið vera þannig staðsett, að sem minnsta truflana verði vart frá nálægð annarra loftneta, járnsláa, vírstaga eða annarra stórra málmhluta, sem áhrif geta haft á nákvæmni miðananna.

Gott tviátta talkerfi skal vera milli miðunarstöðvar og stjórnpalls.

Allar miðunarstöðvar skulu leiðréttar, svo að fullnægjandi þyki að kröfu viðkomandi stjórnvalda, þegar þær eru uppsettar í fyrsta sinn. Leiðréttingin skal vera sannprófað með prófunarmiðunum eða með frekari leiðréttingu, hvenær sem einhverjar breytingar eru gerðar á staðsetningu einhvers loftnets eða á einhverri byggingu ofanþilja, sem gæti haft einhver merkjanleg áhrif á nákvæmni miðunarstöðvarinnar. Hin sérstaka leiðrétting skal fara fram einu sinni á ári eða eins nálægt því og mögulegt er. Skýrsla skal haldin yfir leiðréttingarnar og allar athuganir gerðar á nákvæmni þeirra.

4.2. Radíóbúnaður til miðunar á talstöðvarneyðartíðninni skal geta tekið radíómiðanir á þeirri tíðni án vafa um áttun innan 30 gráðu geira á hvort borð.

Við uppsetningu og prófun á þeim búnaði, sem vísað er til í þessari grein skal jafnt tillit tekið til viðkomandi tilmæla International Radio Consultative committee (CCIR).

Allar skynsamlegar ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja þá möguleika á stefnuákvörðun, sem krafist er í þessari grein. Í tilfellum, þar sem vegna tæknilegra erfiðleika ekki er hægt að framkvæma stefnuákvörðun, geta stjórnvöld undanþegið einstök skip frá kröfum þessarar greinar.

5. gr.

Fastur loftskeytabúnaður í vélknúnum björgunarbátum.

5.1. Loftskeytabúnaður sá, sem krafist er í 11. gr. í I. kafla skal vera sendir, viðtæki og orkugjafi. Hann skal vera þannig hannaður, að ólærður maður geti notað hann í neyðartilvikum.

5.2. Sendirinn skal geta sent út á morse neyðartíðninni með þeirri mótun, sem krafist er fyrir þá tíðni í radíóreglugerðinni. Sendirinn skal einnig geta sent út á þeirri tíðni og með þeirri mótun, sem radíóreglugerðin úthlutar til nota fyrir björgunarbáta á sviðinu milli 4000 kHz og 27 500 kHz.

5.3. Sendirinn skal, ef mótuð útgeislun er tiltekin í radíóreglugerðinni, hafa mótunardýpt ekki minni en 70% og tóntíðni milli 450 og 1350 Hz.

5.4. Auk þess að hafa lykil til handvirkrar sendingar skal sendirinn vera búinn sjálfvirkum lyklunarbúnaði til sendingar á vekjaramerkinu og neyðarmerkinu á morse.

5.5. Á neyðartíðninni á morse (500 kHz) skal sendirinn hafa hámarkslangdrægni 25 sjómílur með föstu loftneti.

Þegar mæling á sviðsstyrk er ekki fyrir hendi, má áætla að þetta langdrægi náist ef hæð loftnetsins yfir sjólínu og loftnetsstraumurinn (R.M.S. gildi) er 10 ampermetrar.

5.6. Móttakarinn skal geta tekið á móti neyðartíðninni á morse (500 kHz) og þeim mótunum, sem krafist er fyrir þá tíðni í radíóreglugerðinni. Einnig skal hann geta tekið á móti þeim tíðnum, sem radíóreglugerðin úthlutar til nota fyrir björgunarbáta á sviðinu milli 4 og 27.5 MHz.

5.7. Orkugjafinn skal vera rafgeymir með nægjanlegri hleðslu til að reka sendinn í fjórar klukkustundir samfleytt við venjulegar aðstæður. Ef rafgeymirinn er þannig að hann þurfi að hlaðast, skal útbúnaður til hleðslu hans vera fyrir hendi frá orkugjafa skipsins. Að auki skal vera útbúnaður til að hlaða hann eftir að björgunarbáturinn hefur verið sjósettur.

5.8. Þegar orka fyrir loftskeytastöðina og leitarljósið, sem krafist er í 11. gr. í I. kafla er tekin frá sama rafgeymi, skal hann hafa nægjanlega rýmd fyrir aukaálag leitarljóssins.

5.9. Fast loftnet skal vera fyrir hendi ásamt útbúnaði því til stuðnings við hæstu hagkvæmustu hæð. Að auki, ef nauðsynlegt þykir, skal drekaloftnet eða loftbelgsloftnet vera fyrir hendi.

5.10. Loftskeytamaður skal vikulega meðan skip er á sjó prófa sendinn með hæfilegu gerfiloftneti og skal hlaða rafgeyma til fulls, ef þeir eru hlaðanlegir og þarfnast hleðslu.

6 gr.

Færanlegar fjarskiptastöðvar fyrir björgunarbáta.

6.1. Tæki þau, sem krafist er í gr. 10. í I. kafla skulu vera sendir, viðtæki, loftnet, og orkugjafi. Tækin skulu þannig hönnuð, að ófaglært fólk geti notað þau í neyðartilvikum.

6.2. Tækin skulu vera handhæg í meðförum, vatnsþétt, fljóta á sjó og þola að þeim sé kastað í sjóinn án þess að skemmast. Ný tæki skulu vera eins létt og meðfærileg og unnt er, og skal vera hægt að nota þau bæði í björgunarbáta og á flekum.

6.3. Sendirinn skal geta sent út á morse neyðartíðninni með útgeislun, sem ákveðin er í radíóreglugerðinni fyrir þá tíðni og á sviðinu milli 4 MHz og 27.5 MHz á morse með þeirri útgeislun, sem ákveðin er í radíóreglugerðinni fyrir björgunar-

báta. Samt sem áður geta stjórnvöld leyft, að sendirinn geti sent út á talneyðartíðninni með þeirri útgeislun, sem krafist er í radíóreglugerðinni fyrir þá tíðni, sem valkost eða sem viðbót við sendingu á morse tíðninni, sem krafist er í radíóreglugerðinni fyrir björgunarbáta, á sviðinu milli 4000 kHz og 27500kHz.

6.4. Sendirinn skal hafa, ef mótaðrar útgeislunar er krafist í radíóreglugerðinni, ekki minni mótunardýpt en 70% og þar sem útgeislun er á morse hafa tóntíðni milli 450 og 1350 Hz.

6.5. Auk þess að hafa lykil til handvirkrar sendingar, skal sendirinn vera búinn sjálfvirkum lyklunarbúnaði til sendingar á vekjaramerkinu og neyðarmerkinu á morse. Ef sendirinn getur sent út á neyðartíðninni á tali, skal hann vera búinn sjálfvirkum búnaði til sendingar á sjálfvirka vekjaramerkinu á tali, í samræmi við kröfurnar í gr. 9.5.

6.6. Viðtækið skal vera fyrir viðtöku á morse neyðartíðninni og á þeim útgeislunum, sem krafist er í radíóreglugerðinni fyrir þá tíðni. Ef sendirinn getur sent út á neyðartíðninni á tali (2182 kHz) skal viðtækið einnig geta tekið á móti á þeirri tíðni með þeirri mótun, sem krafist er í radíóreglugerðinni fyrir þá tíðni.

6.7. Loftnetið skal annað hvort vera sjálfstandandi eða mögulegt að reisa það við mastur björgunarbátsins í hæstu mögulega hæð. Auk þess er æskilegt að fyrir hendi sé drekaloftnet eða loftbelgsloftnet ef hagkvæmt þykir.

6.8. Sendirinn skal gefa frá sér nægilega útgangsorku út í loftnetið, sem krafist er í 6.1. gr. Hann skal helst fá orku sína frá handknúnum rafal.

Áætla má að þessu sé fullnægt á eftirfarandi hátt:

Að minnsta kosti 10 watta inngangur til anóðu síðasta stigs eða RF-tíðni, útgangur að minnsta kosti 2.0 wött (útgeislun A2) á 500 kHz út í gerviloftnet með raunviðnám 15 ohm og 100 x $10 \div 12$ farada rýmd í seríu. Mótunardýpt skal vera minnst 70%.

Ef rafhlaða er orkugjafinn, skal rafhlaðan vera í samræmi við kröfur viðkomandi stjórnvalda til að tryggja góða endingu og nægilega hleðslu.

6.9. Á sjó skal loftskeytamaður eða talstöðvarvörður, eftir því sem við á, prófa sendinn á viku fresti með hæfilegu gerfiloftneti og hlaða rafgeyma til fulls, ef þeir eru hlaðanlegir og þarfnast hleðslu.

6.10. Með tilliti til þessarar greinar, þýðir nýr búnaður, búnað, sem settur er upp í skip eftir gildistöku þessara reglna.

7. gr.
Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta, 2182 kHz.

7.1. Stöðin skal staðsett þannig í skipinu, að sem auðveldast sé að grípa til hennar, ef háska ber að höndum.

7.2. Stöðin skal fljóta í sjó.

7.3. Stöðin skal vera sterklega byggð, þannig að hún skemmist ekki við slæma meðferð og við að falla úr 15 metra hæð í sjó. Hún skal vera vatns- og rakaþétt.

7.4. Á stöðinni skulu vera einfaldar, vatnsheldar notkunarreglur á íslensku.

7.5. Stöðin á að fá orku frá rafhlöðum, sem eiga að hafa a. m. k. 2ja ára geymsluþol við eðlilegar aðstæður í skipum og bátum. Rafhlöðurnar skulu stimplaðar með framleiðsludagsetningu og leyfilegum geymslutíma.

7.6. Á stöðinni skal vera pera eða hliðstæður búnaður, sem gefur til kynna að sendirinn gefi út afl og að rafhlöður séu í lagi.

7.7. Stöðin skal vera af viðurkenndri gerð.

8. gr.

Radíóbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta 121.5 MHz og 243 MHz.

8.1. Neyðarsendar á metrabylgju eru ætlaðir til sjálfvirkra útsendinga á radíóbylgjum, svo að hægt sé að miða út skip og báta í neyð. Sendarnir skulu fyrst og fremst gerðir til notkunar í gúmmíbjörgunarbátum, en þeir skulu einnig geta sent út, þegar þeir fljóta á sjó.

8.2. Sendirinn skal vera vatns- og rakaþéttur. Einnig skal hann vera höggheldur og ryðvarinn. Eigi má rúmfang hans fara fram úr 500 cm^3.

8.3. Á sendinum skulu vera einfaldar, vatnsheldar notkunarreglur á íslensku.

8.4. Sendirinn á að fá orku frá rafhlöðum, sem eiga að hafa a. m. k. 5 ára geymsluþol við eðlilegar aðstæður í gúmmíbjörgunarbátum. Rafhlöðurnar skulu stimplaðar með framleiðsludagsetningu og leyfilegum geymslutíma. Senditími skal vera að minnsta kosti 24 klst. við 1°C.

8.5. Sendirinn skal vera styrkmótaður minnst 85 prósent. Mótunartíðninni skal breytt niður á við um 700 Hz innan markanna 1600 Hz og 300 Hz tvisvar til þrisvar á sekúndu.

8.6. Sendirinn skal vera lyklaður á sjálfvirkan hátt, þannig að útsent merki sé annað hvort sent út stöðugt með fullum styrk, eða með fullum styrk í um það bil 0.75 sekúndu og verulega minni styrk í um það bil 1.5 sekúndur þar á eftir.

8.7. Útgangsafl á hvorri vinnutíðni fyrir sig skal vera minnst 100 mW mælt á 0.75 sek. af lyklunartímabili, þegar sent er út með fullum styrk, en annars stöðugt.

8.8. Á sendinum skal vera pera eða hliðstæður búnaður, sem gefur til kynna, að sendirinn gefi út afl og að rafhlöður séu í lagi.

8.9. Loftnet skal vera lóðrétt skautað stangarloftnet.

8.10. Sendirinn skal vera viðurkenndur af Póst- og símamálastofnuninni og siglingamálastjóra.

9. gr.

Millibylgjutalstöðvar.

9.1. Talstöðin skal vera sendi- og viðtökubúnaður og tilheyrandi orkugjafi (tilgreint í eftirfarandi liðum sem sendirinn, viðtækið, viðtækið fyrir hlustun á talneyðartíðninni og orkugjafinn eftir því sem við á).

Þar sem varatalstöðvar er krafist, er átt við varasendi, varaviðtæki og vara-orkugjafa.

9.2 Í skipum af 1.—4. flokki skal sendirinn búinn að minnsta kosti 10 krysalstýrðum tíðnum auk neyðartíðninnar 2182 kHz, þ. e. 2002, 2023, 2484, 2506, 2261, 2311, 2376, 2411, 3161, 2049, (alþjóðleg tíðni skipa við strandarstöðvar) og 2056 kHz. (alþjóðleg tíðni milliskipa). Í skipum af öðrum flokkum skal sendirinn búinn að minnsta kosti 4 krystalstýrðum tíðnum auk neyðartíðninnar 2182 kHz. Sama gildir um varasendir, þar sem hans er krafist.

Æskilegt er að talstöðvar í skipum af 4. og 5. flokki, séu búnar tíðnum á 4-MHz-sviðinu til viðskipta við íslenskar strandarstöðvar.

Sendirinn skal geta sent úr með þeirri útgeislun, sem krafist er í radíóreglugerðinni fyrir þessar tíðnir.

Við venjulegar aðstæður skulu sendingar með tvöföldu hliðarbandi (DSB) eða einföldu hliðarbandi (SSB) með fullri burðarbylgju (m. a. A3H) hafa mótunardýpt a. m. k. 70% við hámarksþéttleika (peak intensity). Mótun á sendingu á einföldu hliðarbandi (SSB) með minnkaðri (reduced) burðarbylgju eða deyfðri (suppressed) burðarbylgju (A3A, A3J) skal vera þannig að óæskilegar útgeislanir fari ekki yfir þau gildi, sem tilgreind eru í radíóreglugerðinni.

9.3. Sendirinn í skipum af 1.—4. flokki skal hafa 150 sml. lágmarkslangdrægni við venjulegar aðstæður og varasendirinn 75 sml. Sendirinn skal geta sent greinilega skiljanleg merki þessa vegalengd frá skipi til skips að degi til og við venjulegar aðstæður og kringumstæður. (Greinilega skiljanleg merki munu venjulega vera móttekin, ef R. M. S. gildi sviðsstyrksins inn á viðtækið er að minnsta kosti 25 mikrovolt per/metra).
Sendirinn í skipum af 5. og 6. flokki skal hafa 75 sml. lágmarkslangdrægni við venjulegar aðstæður.

Lágmarksafl senda skal vera 25W á 2182 kHz (AM) og 75W P_P á einhliðarbandi (SSB) í loftnet. Hámarksafl er 400W P_P.

9.4. Sendirinn í skipum af 1.—4. flokki skal hafa búnað til sjálfvirkrar sendingar sjálfvirka vekjaramerkisins á tali, þannig hannaðan að hann verði ekki virkur vegna mistaka. Mögulegt skal vera að taka búnaðinn úr sambandi, hvenær sem er til tafarlausrar sendingar neyðarkalls. Ráðstafanir skulu gerðar til reglubundinnar prófunar réttrar virkni búnaðarins á öðrum tíðnum en neyðartíðninni á tali (2182 kHz) með notkun viðeigandi gerviloftnets.

9.5. Búnaðurinn, sem krafist er í gr. 9.4. skal fullnægja eftirfarandi kröfum:
Mesta leyfilega tíðnifrávik hvers tóns skal vera ± 1.5%.

Mesta leyfilega frávik á tíma á hverjum tón skal vera ± 50 millisek.

Tíminn milli tóna skal ekki vera meiri en 50 millisek.

Hlutfallið milli styrks á sterkari og veikari tón skal vera innan 1 til 1.2.

9.6. Í skipum af 1.—4. flokki skal viðtækið hafa a. m. k. tíðnisviðið 1605 kHz til 4.2 MHz. Þó er æskilegt, að efri mörkin séu 4.5 MHz.
Í skipum af 5. og 6. flokki, skal viðtækið að minnsta kosti hafa tíðnisviðið 1605 kHz. — 2850 kHz. Æskilegt er að efri mörkin séu 4.5 MHz.

Viðtækin skulu vera fyrir þá mótun, sem krafist er í radíóreglugerðinni fyrir þessa tíðni. Auk þess skulu viðtækin hafa aðrar þær tíðnir og vera fyrir þá mótun, sem ætluð er í radíóreglugerðinni til viðtöku á veðurskeytum og öðrum slíkum viðskiptum, er varða öryggi við siglingar, sem stjórnvöld telja nauðsynleg. Viðækin skulu vera nægilega næm til að koma merkjum um hátalara þegar þau eru aðeins 50 microvolt við inngang viðtækjanna.

9.7. Viðtækið fyrir hlustun á talneyðartíðninni skal vera fastsstillt á þá tíðni. Það skal hafa síunarbúnað eða útbúnað til að draga niður í hátalaranum, þegar talvekjaramerkið er ekki sent út. Mögulegt skal vera að opna og loka fyrir þennan útbúnað, þegar aðstæður eru slíkar, að áliti skipstjóra, að hlustun geti valdið truflun við siglingu skipsins.

Viðtækið skal vera nægilega næmt til þess að taka við merkjum í heyrnartól eða hátalara, þegar inngangsspenna viðtækisins er 50 microvolt. Hlustun skal möguleg í stjórnklefa skips. Tækið skal búið sérloftneti.

9.8. Til að gera mögulega skjóta skiptingu frá sendingu til móttöku, þegar handvirkur rofi er notaður skal rofinn vera staðsettur á talfærinu, ef mögulegt er.

9.9. Meðan skip er á sjó skal alltaf vera nægjanleg orka frá aðalorkugjafa til að stöðin vinni og dragi þá vegalengd, sem krafist er í gr. 9.3. Varaorkugjafinn skal hafa næga rýmd til að reka stöðina ásamt einu viðtæki í 6 klst. samfleytt að minnsta kosti, við eðlilegar aðstæður. Varaorkugjafanum skal komið fyrir ofarlega í skipinu.

Til útreikninga á álaginu, sem rafgeymarnir, sem krafist er, þurfa að skila, þ. e. 6 klst. hleðslu, er mælt með eftirfarandi útreikningi til leiðbeiningar:
½ straumeyðslan, sem nauðsynleg er til sendingar á tali
plús straumeyðsla móttakarans
plús straumeyðsla alls viðbótarálags, sem rafgeymarnir geta þurft að skila í neyðartilfellum.

9.10. Varaorkugjafa má aðeins nota til að knýja:
Talstöðina.
Neyðarljósið, sem krafist er í gr. 9.5 í I. kafla.
Búnaðinn, sem krafist er í gr. 9.4 til sendingar á vekjaramerkinu á tali.
Miðunarstöðina
Metrabylgjustöðina (VHF)

9.11. Meðan skip er á sjó skal öllum rafgeymum, sem fyrir hendi eru haldið fullhlöðnum til að fullnægja kröfum í gr. 9.9.

9.12. Fullfrágengið loftnet skal vera um borð í skipum af 3. og 4. flokki. Ef loftnetið er strengt milli uppistaða, sem líklegar eru til að sveiflast, skal það vera varið gegn því að slitna. Auk þess skal vera fyrir hendi varaloftnet tilbúið til uppsetningar, eða þar sem þetta er ekki framkvæmanlegt, hæfilegur loftnetsvír er einangrar til að geta útbúið varaloftnet. Skip af 5. og 6. flokki skulu búin viðeigandi loftnetum fyrir tækjabúnaðinn.

10. gr.
Orkugjafar.

10.1. Fjarskiptabúnaður skipa af 5. flokki skal rekinn frá tvöföldu setti rafgeyma með hleðslubúnaði búnum fjórföldum hnífrofa, sem skiptir fjórum pólum á tvo vegu.

Einnig er heimilt að reka búnaðinn frá einföldu setti rafgeyma, enda sé þá notaður sjálfvirkur hleðslubúnaður, sem jafnframt einangrar rafgeyma frá ljósneti skipsins.

Óheimilt er að tengja ljósnet skipsins beint við talstöðina. Ef um einfalt sett rafgeyma er að ræða, skal það hafa næga rýmd til að reka stöðina ásamt einu viðtæki með fullu álagi í 6 klst. samfleytt, en séu settin tvö, skal hvort um sig hafa nægilega rýmd til 5 klst.

10.2. Fjarskiptabúnaður skipa af 6. flokki skal rekinn frá einu setti rafgeyma, sem hefur nægilega rýmd til að reka talstöðina ásamt einu viðtæki í 5 klst. að minnsta kosti.

10.3. Rafgeymar skulu ávallt vera vel hlaðnir, og ekki má nota þá til annarra hluta. Talstöðvarvörður skal sjá svo um að bæta á þá eimuðu vatni eftir þörfum og fylgjast reglulega með sýruþunga með sýrumæli.

10.4. Æskilegt er að hleðslubúnaður sé sjálfvirkur, sem skammtar hæfilegan hleðslustraum fyrir geymana og skal hann þá jafnframt einangra þá frá ljósneti skipsins.

Sé um handstýrðan hleðslubúnað að ræða, skal vera sérstakur rofi við talstöðina, sem gerir mögulegt að rjúfa hleðslustrauminn, og einangra rafgeymana frá ljósneti skipsins jafnframt því, að þeir eru tengdir við radíótækin.

11. gr.
Metrabylgjutalstöðvar (VHF)

11.1 Metrabylgjutalstöðin skal vera staðsett ofarlega um borð í skipinu og vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar og vera sendir og viðtæki, orkugjafi til að knýja hana á mismunandi orkustigum og hæfilegt loftnet til útsendingar og móttöku merkja á vinnutíðnum stöðvarinnar.

11.2 Í skipum í 1.—4. flokki skal stöðin búin a. m. k. sex rásum, þ. e.: 6, 12, 16, 25, 26 og 27. Í skipum í öðrum flokkum skal stöðin búin a. m. k. þrem rásum, þ. e. 6, 16 og einni eftirtalinna rása: 25, 26 og 27.

11.3. Lágmarksafl út í loftnet skal vera 10 W og hámarksafl 25 W. Aflið skal vera mögulegt að minnka í 1 W. Eftir því sem framkvæmanlegt er skal loftnetið hafa

óhindrað útbreiðslusvið til allra átta. Loftnetinu skal valinn staður í mestri mögulegri hæð, eftir því sem við verður komið, og í sem mestri fjarlægð frá málmhlutum, sem geta haft áhrif á eiginleika þess.

11.4. Metrabylgjurásirnar, sem krafist er vegna öryggis siglinga skulu stöðugt vera tilbúnir til notkunar á stjórnpalli á hagkvæmasta stað, þaðan sem skipinu er stjórnað, og þar sem nauðsynlegt er, skal einnig vera auðvelt að hafa viðskipti af brúarvængjum.

11.5. Æskilegt er að fjarstýribúnaður sé við metrabylgjustöðvar á skipum, þar sem loftskeytamaður er, ef stöðin er ekki í loftskeytaklefanum.

12. gr.
Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.

12.1. Sjálfvirka talstöðvavekjaratækið skal vera í samræmi við eftirfarandi lágmarkskröfur.

Tíðni mestu svörunar í stilltu rásunum og annarra tónvalrása skal hafa ± 1.5 prósent nákvæmni í hverju tilviki, og skal svörunin ekki vera lægri en 50 prósent á tíðnum, sem eru innan við 3 prósent af tíðni þeirri, sem gefur mestu svörun.

Þegar engra truflana gætir, skal sjálfvirki viðtökubúnaðurinn vinna fyrir áhrif vekjaramerkisins innan 4 til 6 sek. tímabils.

Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal, hvenær sem hann er í gangi, vera næmur fyrir vekjaramerkinu, við skilyrði þegar meðal lofttruflanir og sterk merki önnur en vekjaramerkið eru til staðar, helst án þess að nokkurra handstillinga sé þörf.

Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal ekki fara í gang vegna lofttruflana eða vegna sterkra merkja annarra en vekjaramerkisins.

Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal vera virkur yfir meiri langdrægni en talviðskipti geta talist fullnægjandi á.

Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skal geta þolað og verið virkur við titring, raka, hitastigsbreytingar og breytingar á vinnuspennu í samræmi við hinar misjöfnu aðstæður um borð í skipi á sjó.

Sjálfvirki viðtökubúnaðurinn skyldi, eftir því sem við verður komið, geta gefið viðvaranir um bilanir í tækinu, sem hindruðu það í að starfa eðlilega, meðan það er í gangi.

12.2 Áður en ný sjálfvirk talstöðvavekjaratæki eru viðurkennd skal viðkomandi stjórnvaldi sýnt fram á með raunhæfum prófunum, framkvæmdum við venjulegar aðstæður, að tækin séu í samræmi við gr. 12.1.

13. gr.
Verkfæri, mælitæki og varahlutir.

13.1 Skip af 1. og 2. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum, mælitækjum og varahlutum, sem geyma skal á öruggum stað í loftskeytaklefa:

13.2 **Verkfæri og mælitæki.**

1 snertipunktaþjöl
2 þjalir aðrar
1 hnífur
1 skábítur
1 flatkjafta
1 spóakjaftur
3 skrúfjárn af mismunandi stærðum
Fínn sandpapír
Hreinsivökvi fyrir snertipunkta

2 skiptilyklar
1 sett málmborar
1 borsveif
1 lítið skrúfstykki
1 lóðbolti ásamt lóðtíni
1 hamar
1 sýrumælir
1 volt/ohm/ampermælir, að minnsta kosti búinn eftirgreindum mælisviðum: 1 milliamper til 5 amper, 1—1000 volt og 10 ohm — 1 megaohm. Nauðsynlegustu sérverkfæri til fínstillingar og viðhalds tækjanna.

13.3. **Varahlutir.**
1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi loftskeytastöðinni.
2 öryggi fyrir hvert eitt í notkun.
Varaloftnet samkvæmt gr. 1.1.
12 loftnetsklemmur
100% af víralásum í notkun.
1 varaheyrnartól
1 varalampi af hverri tegund, sem er í notkun, og sé um fleiri en einn lampa að ræða sömu tegundar, skulu vera 50% af fjölda þeirra til vara.
Sama gildir um díóður og transistora.
Hæfilegt úrval af vara-viðnámum og þéttum fyrir tækin.
2 vibrastautar
100% gaumljósaperur
2 neyðarljósaperur
1 rúlla einangrunarband
Legufeiti og olía
Viðeigandi öryggjavír fyrir opin öryggi
Bindivír
1 brúsi af carbon tetrachloride
Einangraðan rafmagnsvír
10 m skermaðan rafstreng
6 krókodílakjaftar
1 sett rafhlöður og 2 perur fyrir vasaljós
5 l eimað vatn.

13.4. Skip af 3. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum, mælitækjum og varahlutum:

13.5 **Verkfæri og mælitæki.**
1 hnífur
1 skábítur
1 flatkjafta
3 skrúfjárn af mismunandi stærðum
1 skiptilykill
1 sýrumælir
1 voltmælir fyrir jafnstraum.

13.6 **Varahlutir.**
1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi talstöðinni.
2 öryggi fyrir hvert eitt í notkun
Varaloftnet samkvæmt gr. 9.12.
6 loftnetsklemmur, sé um vírloftnet að ræða
100% víralásar, sé um vírloftnet að ræða
1 varalampi af hverri tegund, sem er í notkun, og sé um fleiri en einn lampa að ræða sömu tegundar, skulu vera 50% af fjölda þeirra til vara.

100% gaumljósaperur.
Einangrunarband
Viðeigandi öryggjavír fyrir opin öryggi
1 sett rafhlöður og 2 perur fyrir vasaljós
5 lítrar eimað vatn.

13.7 Skip af 4. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum og varahlutum:

13.8 **Verkfæri** skulu vera þau sömu og fyrir skip í 3. flokki að undanskildum voltmæli.

13.9. **Varahlutir.**
1 sett varakolburstar fyrir hverja vél tilheyrandi talstöðinni.
2 öryggi fyrir hvert eitt, sem er í notkun
Varaloftnet samkvæmt gr. 9.12.
Vasaljós með vararafhlöðu og peru.

13.10. Skip af 5. og 6. flokki skulu búin eftirgreindum verkfærum og varahlutum:
1 flatkjafta
1 skrúfjárn
1 skiptilykill
1 sýrumælir

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 52 12. mars 1965, um breytingu á reglum nr. 11 20. janúar 1953.

Samgönguráðuneytið, 15. október 1979.

Ragnar Arnalds.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 433. 18. október 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara nr. 443 28. desember 1976.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Orðaskýringar.

Gangtími (time in service): Hér er átt við þann hluta flugtíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta lendingarstað.

Lítið loftfar (small aircraft): Loftfar sem hefur mestan leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg eða minni.

Loftfar (aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrif við yfirborð jarðar.

Stórt loftfar (large aircraft): Loftfar sem hefur leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Skoðanir.

3.1. **Stór loftför og önnur loftför sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni.**
Eigandi/umráðandi loftfars skal semja skoðanaáætlun fyrir sérhvert loftfar, sem hann rekur, og leggja fyrir flugmálastjórn til samþykktar. Telst loftfar ekki lofthæft nema fylgt sé samþykktri skoðanaáætlun.

3.2. **Lítil loftför sem ekki eru notuð til flugrekstrar í atvinnuskyni.**
Skoðanir skulu gerðar í samræmi við fyrirmæli skoðunarhandbókar, þó ekki sjaldnar en á 50 og 100 gangtíma fresti (50 og 100 klst. skoðanir) eða samkvæmt öðrum reglum sem flugmálastjórn hefur samþykkt.
Minnst eina 100 klst. skoðun skal gera því sem næst árlega til endurnýjunar lofthæfisskírteinis (ársskoðun) undir eftirliti fulltrúa flugmálastjórnar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt III. kafla, sbr. 186, og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk loftför hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

18. október 1979. Nr. 434.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með tilvísun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Þorskur:	U. S. cent pr. lbs. cif.
4x14 m/r 5—8 oz.	109.26
4x14 m/r 8—12 oz.	110.87
4x14 m/r 12—16 oz.	112.47
4x14 m/r 1—3 lbs.	114.08
4x14 m/r 8—12 oz (S. Í. S.)	114.08
4x14 r/l 8—12 oz.	122.11
4x14 r/l 12—16 oz.	125.33
4x14 r/l 1—3 lbs.	130.15
10x5 og 3x18	141.00
5x8	159.00
5x10 og 6x10	145.50
4x10	145.50
4x12	141.00
4x13	141.00

4x15	150.00
12x1	123.00
Blokk reg.	108.00
Blokk m/þunnildum	108.00
Þunnildablokk Evrópa	70.00
Marningsblokk	60.00

Ýsa:

4x14 m/r 4—8 oz.	111.67
4x14 m/r 8—12 oz.	120.50
4x14 m/r 12—16 oz.	126.93
4x14 m/r 16 oz og yfir	128.54
4x14 m/r (S. Í. S.)	132.56
10x5	145.50
3x18, 4x13 og 4x12	150.00
12x1	132.00
Blokk reg.	115.00
Þunnildablokk Evrópa	57.31
Marningsblokk	60.00
Marningsblokk (þunnildi)	33.00

Steinbítur:

8x7 r/l	78.25
10x5	175.00
12x1	139.00
Blokk reg.	115.00
Hökkuð blokk	40.00

Karfi:

8x7 m/r	78.25
10x5 m/r	96.00
10x5 r/l	96.00
10x5 Sea Star	87.90
4x10 Sea Star	84.30
5x8 m/r og b/l 4—8 oz.	114.00
5x8 m/r og b/l 8 oz. og yfir	114.00
1x20 (S.Í.S.)	87.30
4x6 kg r/l lagp.	87.98
4x10 m/r (S.Í.S.)	94.20
12x1 m/r	100.00
12x1 r/l	105.00
Blokk reg.	90.00
Marningsblokk	35.00

Ufsi:

8x7 r/l	63.28
10x5	83.40
4x12 og 4x13	84.30
4x14	57.31
Blokk reg.	75.00
Marningsblokk	40.00

Langa:	
8x7 r/l	78.25
10x5	85.00
Blokk reg.	75.00
Marningsblokk	20.00
Keila:	
8x7 r/l	78.25
Blokk reg.	65.00
Lýsa:	
Blokk reg.	85.00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	69.13
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	57.81
Heilfr. hausuð 1—2 kg	41.48
Heilfr. m/h U.S.S.R.	34.47
4x12 lagp.	89.00
4x10, 6x10 og 4x14	90.00
Blokk U.S.S.R.	78.25
Blokk U.S.A.	68.00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	34.47

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 18. október 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

24. október 1979. Nr. 435.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

1. málsgr. 71. gr. orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar.

Allr gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Lögreglustjóri getur heimilað, að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. október 1979.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 436. 25. október 1979.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Borgarneshreppi.

1. gr.

Félagsmálanefnd Borgarness fer með stjórn heimilishjálpar í Borgarneshreppi í umboði hreppsnefndar.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum sem félagsmálanefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálanefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálanefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

5. gr.

Félagsmálanefnd ásamt hreppsnefnd ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpina stundar hverju sinni á vegum hreppsins, sé hæft til starfsins og gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

6. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppssjóður Borgarneshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupi.

8. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina. Skal gjaldskrá þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

9. gr.

Skrifstofa Borgarneshrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

19. október 1979. Nr. 437.

REGLUGERÐ

um Launasjóð rithöfunda.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar í stjórn Launasjóðs rithöfunda til þriggja ára í senn þrjá menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefnda af stjórn þess. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Engan má tilnefna í stjórn tvívegis í röð né oftar en tvisvar samanlagt.

Sjóðsstjórn annast úthlutun úr Launasjóði rithöfunda og skal hafa lokið störfum 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.

2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða íslenskum rithöfundum starfslaun samkvæmt 17. launaflokki opinberra starfsmanna (byrjunarþrepi).

Starfslaun eru veitt eftir umsóknum, skemmst til tveggja og lengst til níu mánaða í senn.

Höfundar eiga rétt á að sækja um starfslaun árlega.

Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti. Í umsókn skal getið verka, sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar fylgja skuli umsókn um starfslaun.

Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau einvörðungu veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita höfundum starfslaun í skemmri tíma en þeir sóttu um nema höfundur hafi beinlínis beðist undan því í umsókn sinni.

Einu gildir hvort höfundur sækir sjálfur eða einhver í umboði hans.

Starfslaun verði greidd mánaðarlega hjá ríkisféhirði.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1975 um Launasjóð rithöfunda og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 232/1976 um Launasjóð rithöfunda.

Menntamálaráðuneytið, 19. október 1979.

Vilmundur Gylfason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 438. 25. október 1979.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 1. nóvember 1979 til 15. maí 1980, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225/1978 um heilbrigðismál.

1. gr.

2. gr. liður a) orðist svo:

a) Reykjavíkurhérað. Borgarstjórn kýs 7 fulltrúa óhlutbundinni kosningu. Stjórnir eftirtalinna stofnana tilnefna úr sínum hópi einn fulltrúa hver: Landspítali, Landakotsspítali, Kleppsspítali, Hjúkrunardeild Hrafnistu, Hjúkrunardeild Grundar, Gistiheimili Rauða Kross Íslands og Sjúkrastöð S. Á. Á. að Silungapolli.

2. gr.

2. gr. liður h) orðist svo:

h) Reykjaneshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Seltjarnarnesi svo og sjúkrastofnananna Vífilsstaðaspítala, St. Jósefsspítala Hafnarfirði, hjúkrunardeildar Sólvangs í Hafnarfirði, Kópavogshælis, Skálatúns, Tjaldaness og vistheimilanna að Víðinesi og Hlaðgerðarkoti skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi. Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Reykjalundi og í Keflavík skulu eiga einn úr sínum hópi fyrir hvern stað.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. 4. tl. laga nr. 57 frá 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

29. október 1979. Nr. 440.

SAMÞYKKT

um álagningu B gatnagerðargjalda við byggðar götur í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	1.4%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.5%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.0%
Opinberar byggingar	2.0%
Önnur hús og byggingar	1.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en sem svarar stærð 250 m^3 húsnæðis.

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, reiknaðri af Hagstofu Íslands 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Þar sem ákveðið er að innheimta gjald skv. 2. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi var þegar verkið var framkvæmt.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 2. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

6 gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé ákvörðuninni þinglýst á viðkomandi fasteign.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 441. 31. október 1979.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 144.22 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 56.51 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 629.24 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 208.81 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 36.11 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 81.48 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 39 660.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 81.48 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 11.98 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 39 660.00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 11.98 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 37 526.00 hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 39 660.00 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 11.98 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 629.24 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 208.81 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 345.39 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 15.72 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 9.02 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

a) á kr. 9.02 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 7 573.92 hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 4.48 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kostaði teikningu og uppsetningu á álagstýriofnum sem rafveitan leggur til og greiði þeim samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttegndir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 43.02 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 73.16.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 13.12 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 10.52 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 32.81 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 42.54 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 220.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 264.00 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 657.00 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 985.00 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	— 985.00 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara Amp.	Hámarks-afl kVa	Heimtaug-argjald kr.
1.	3 × 60	22	180 580.00
2.	3 × 100	38	263 203.00
3.	3 × 200	75 sp.	518 240.00
4.	3 × 350	132 sp.	863 751.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita

samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 37 601.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 47 413.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 5 126.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt kr. 5 126.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og felur í sér 18% hækkun frá 1. ágúst 1979 sbr. auglýsingu nr. 314/1979 og 1.44% hækkun vegna söluskattshækkunar frá 16. september 1979.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 274 10. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 31. október 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um flutning hreyfiskerts fólks með stórum flugvélum.

1. ORÐASKÝRINGAR

1.1 Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér segir:

a) **Aðstoðarfólk:** Fólk sem hefur fengið þjálfun í að veita hreyfiskertu fólki aðstoð.

b) **Flugrekandi:** Einstaklingur eða félag sem fengið hefur leyfi samgönguráðuneytis eða flugmálastjórnar eftir því sem við á, til þess að stunda flugrekstur í atvinnuskyni.

c) **Hreyfiskert fólk:** Fólk sem kemst ekki af sjálfsdáðum að neyðarútgangi í gólfhæð við neyðarrýmingu flugvélar.

Ath. Blint (sjóndapurt) eða heyrnarlaust (heyrnarskert) fólk er ekki talið hreyfiskert.

d) **Sérflug:** Áætlunarflug eða óreglubundið flug þegar hreyfiskertir farþegar eru fleiri en leyfilegt er í venjulegu flugi.

e) **Venjulegt flug:** Áætlunarflug eða óreglubundið flug þegar ákveðinn hámarksfjöldi farþega má vera hreyfiskert fólk.

f) **Þjónustuliði:** Áhafnarliði, sem er starfsmaður flugrekanda og falið er starf, nauðsynlegt öryggi farþega, um borð í loftfari, meðan á flugtíma stendur, þó ekki starf flugliða.

g) **Stór flugvél:** Flugvél sem hefur leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

2. ALMENN ÁKVÆÐI

2.1. Flugrekanda ber að semja sérstakar leiðbeiningar um flutning hreyfiskerts fólks í venjulegu flugi fyrir allar flugvélategundir, sem hann hefur í notkun. Leiðbeiningarnar skulu skráðar í flugrekstrarbók. Sérstakar leiðbeiningar þarf líka ef svo mikill munur er á flugvélum sömu tegundar að ólíkar aðferðir þarf við neyðarrýmingu.

2.2 Ef flugrekandi ætlar að flytja fleiri hreyfiskerta farþega en leyfilegt er í venjulegu flugi ber honum að semja sérstakar leiðbeiningar fyrir slíkt sérflug. Leiðbeiningarnar skulu skráðar í flugrekstrarbók.

2.3 Áður en flug hefst ber að tilkynna flugstjóra fjölda hreyfiskertra farþega, sætisnúmer þeirra í vélinni og hvort með þeim sé hjúkrunarfólk/aðstoðarfólk.

3. FLUTNINGUR HREYFISKERTS FÓLKS Í VENJULEGU FLUGI

3.1 Hreyfiskertir farþegar mega ekki vera fleiri en:

a) helmingi fleiri en neyðarútgangar í farþegarými flugvélar þar sem þeir eru einungis af gerð A,I eða II skv. bandarískum reglum Federal Aviation Regulations (FAR), Part 25, Airworthiness Standards, Transport Category Airplanes;

b) jafnmargir og fjöldi neyðarútganga í öðrum flugvélum.

3.2 Hlutaðeigandi flugrekanda ber að ákveða hvort aðstoðarfólk þurfi að vera með hreyfiskertu fólki til að hjálpa því í neyðartilfellum.

3.3 Hreyfiskertu fólki skal koma fyrir í sætaröð í beinum tengslum við útgang af gerð A, I eða II þannig að aðgangur að honum sé óhindraður.

4. FLUTNINGUR HREYFISKERTS FÓLKS Í SÉRFLUGI

4.1 Sérflug getur verið:
a) Flug þar sem meðal farþega er hópur hreyfiskerts fólks.
b) Flug þar sem farþegar eru eingöngu hreyfiskert fólk og fólk sem er í fylgd með því (t. d. aðstoðarfólk, hjúkrunarfólk, vandamenn).
Ath. Sérflug er venjulega undirbúið fyrir fram.

4.2 Við sérflug skv. 4.1 a) að framan, ber hlutaðeigandi flugrekanda að ákveða fjölda hreyfiskertra farþega sem flytja má. Þeir mega þó ekki vera fleiri en svo að unnt sé að koma þeim fyrir í þeim hluta farþegarýmis sem takmarkast af miðgangi/hliðargangi og tveim neyðarútgöngum sömu megin. Annar þessara neyðarútganga þarf að vera af gerð A, I eða II skv. FAR, Part 25.

4.3 Í sérflugi, skv. 4.1 b) að framan, ber hlutaðeigandi flugrekanda að ákveða fjölda hreyfiskertra farþega sem flytja má.
Ath. Fjöldi hreyfiskertra farþega getur verið ýmsu háður svo sem lengd flugs, hjálparþörf hins fatlaða á leiðinni og flugvélartegund.

4.4 Í sérflugi ber að koma hreyfiskertu fólki fyrir á þann hátt sem flugrekandi telur hentugastan. Þó má ekki setja það í sætaröð næst glugga sem jafnframt er neyðarútgangur.

4.5 Í sérflugi á a. m. k. einn aðstoðarmaður að vera með hverjum fimm manna hópi hreyfiskerts fólks sem er fram yfir þann fjölda sem er leyfilegur við venjulegt flug, skv. gr. 3 að framan. Aðstoðarmaður á að sitja alveg hjá hinum líkamlega fötluðu.

4.6 Í sérflugi þarf að fjölga leyfilegum lágmarksfjölda þjónustuliða í farþegarými um einn fyrir hvern 15 manna hóp hreyfiskerts fólks sem er fram yfir þann fjölda sem flytja má skv. gr. 3. í venjulegu flugi. Í stað þjónustuliða í farþegarými má vera aðstoðarmaður skv. 4.5 að framan, ef hann hefur fengið þjálfun, sem flugrekandi telur nægilega, um hlutaðeigandi búnað og notkun hans.

5. GILDISTAKA OG GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

18. október 1979. Nr. 443.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976, um mannflutninga í loftförum, sbr. reglugerð nr. 293 25. júní 1979.

1. gr.

7. gr. orðist þannig:

Flutningur hreyfiskerts fólks.

7.1. Um flutning hreyfiskerts fólks gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar eins og hún er á hverjum tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 444. 23. október 1979.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Ásdísar M. Sigurðardóttur frá Miklaholti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. október 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Ásdísar M. Sigurðardóttur frá Miklaholti.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. júlí 1966 af Magnúsi Sigurðssyni til minningar um eiginkonu hans, Ásdísi M. Sigurðardóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Tekjur hans verða minningargjafir, er honum kunna að berast, og vextir af höfuðstól hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja kirkjuhald að Miklaholti á Snæfellsnesi. Skal verja tekjum sjóðsins til að viðhalda, bæta og fegra kirkju staðarins, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma, að svo miklu leyti, sem annað fé kirkjunnar hrekkur ekki til.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og er hann formaður sjóðsstjórnar. Aðrir stjórnarmenn skulu vera sóknarprestur Miklaholtskirkju og formaður safnaðarstjórnar Miklaholtssóknar. Reikningar skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureiknings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Afrit reikninganna skal afhendast biskupi og geymast við embætti hans.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka með ríkisábyrgð eða í ríkistryggðum verðbréfum með verðtryggingum ef auðið er.

6. gr.

Fari svo, að eigi reynist auðið að tryggja kirkjuhald að Miklaholti, skal sjóðsstjórnin — í samráði við biskup og þjóðminjavörð — breyta stofnskrá þessari á þann veg, að tekjur sjóðsins renni til varðveislu kirkjuhúss og kirkjumuna í Miklaholti, þannig að fornhelgi staðarins falli ekki í gleymsku.

7. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á stofnskrá þessari, er síðar verði birt í Stjórnartíðindum.

1. nóvember 1979. Nr. 445.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 186/1976 um meinatækna.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

1. nóvember 1979. Nr. 446.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 101/1977 um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

1. gr.

4. gr. 3. mgr. reglug. nr. 101/1977, sbr. 9. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 250/1976 orðist svo:

9.6. Séu kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskmeti eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg, seldar í luktum umbúðum (þar á meðal lagmeti) eða hraðfrystar, skal á pökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað ....“ „Síðasti söludagur ....“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. janúar 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.

Liður 9.2.5. orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessum kafla eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 65 10. janúar 1977, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Neista, Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

1. málsliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarkstöluna 12, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 53, nr. 432—448. Útgáfudagur 19. nóvember 1979.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 — 1979

9. október 1979. 861 Nr. 449.

REGLUGERÐ

um kafarastörf.

— Efnisyfirlit —

I. KAFLI.

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1.1. Orðaskýringar
1.2. Almenn ákvæði
1.3. Veiting skírteinis

II. KAFLI.

Skírteini og áritanir

2.1. Prófskírteini nema
2.2. Skírteini rannsóknarkafara
2.3. Skírteini kafara
2.4. Áritanir kennara
2.5. Aðrar áritanir
2.6. Almennt

III. KAFLI.

Próf í köfun

3.1 Prófnefnd
3.2. Námsskrá og próf
3.3 Almenn ákvæði um próf

IV. KAFLI.

Heilbrigði og læknisskoðun

4.1. Almennt

V. KAFLI.

Öryggi kafara

5.1. Skipulag köfunar
5.2. Aðstoðarmaður kafara
5.3. Almennt
5.4. Um öndunarloft
5.5. Um fyrirbyggjandi aðgerðir á köfunarstað
5.6. Um varúðarráðstafanir gegn köfunarveiki
5.7. Um hjúkrunargögn

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

VI. KAFLI.

Viðurkenning á köfunarbúnaði

6.1. Skoðun og viðurkenning
6.2. Öndunarbúnaður
6.3. Um lofthylki
6.4. Um loftþjöppur og öndunarloft
6.5. Um tilfærslu lofts
6.6 Um flutning öndunarlofts, stýristæki, pípur og slöngur
6.7. Nauðsynlegir fylgihlutir köfunarbúnaðar

VII. KAFLI.

Eftirlit og viðhald köfunarbúnaðar

7.1. Almennt
7.2. Skoðun

VIII. KAFLI.

Gildistaka o. fl.

I. KAFLI.

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1.1. **Orðaskýringar.**

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Aðstoðarmaður: Hver sá, sem uppfyllir viðeigandi skilyrði um aðstoð við kafara.

Djúpköfun: Köfun á 10 metra dýpi eða meira.

Eigandi: Sá, sem flytur inn eða selur öðrum köfunarbúnað, eignast hann til eigin nota, eða afhendir hann öðrum.

Kafari: Sá, sem hefur fengið útgefið kafaraskírteini.

Köfun: Allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

Köfunarbók: Dagbók kafara.

Köfunarbúnaður: Allur sá búnaður, sem notaður er við köfun eða hleðslu á lofti ætluðu til öndunar ásamt áhöldum þeim, sem notast eiga til köfunarvinnu. Votar dragtir, sem ekki hafa búnað til jafnvægisstýringar og eru einstaklingsbundnar teljast ekki til köfunarbúnaðar.

Köfunarformaður: Sá, sem er í ábyrgð fyrir framkvæmd köfunar.

Köfunartími: Sá tími samkvæmt köfunarbók, sem líður frá því er kafari fer undir yfirborð og kemur upp aftur.

Lunga: Sjálfvirkt tæki, sem skammtar öndunarloft til kafara og borið er af honum sjálfum.

Verkkaupi: Hver sá, sem kaupir vinnu við köfun.

Viðurkenndur: Köfunarbúnaður, sem hlotið hefur samþykki siglingamálastofnunar til notkunar við köfun.

Viðurkenning: Staðfesting á því, að kafari, fyrirtæki eða handverksmaður, sem siglingamálastofnun metur hæfa, megi taka að sér sérhæfða þjónustu fyrir köfunarbúnað og köfun.

Vottorð: Staðfesting frá siglingamálastofnun á því, að viðkomandi köfunarbúnað megi taka í notkun.

1.2. **Almenn ákvæði.**

1.2.1. Eftirfarandi skírteini og áritanir á þau eru gefin út fyrir störf við köfun:

1.2.1.1. Skírteini fyrir: (Sjá sýnishorn í viðbæti II.).
a) Nema í köfun
b) Rannsóknarkafara
c) Kafara

1.2.1.2. Áritun, er veitir rétt til:
a) Kennslu í köfun
b) Köfunar með tilteknum tækjum fyrir tilteknar loftblöndur eða hreint súrefni
c) Sérhæfðra starfa við köfun, svo sem rafsuðu, logskurð, meðferð sprengiefna
d) Stjórnunar afþrýstihylkja.

1.2.2. Þeir aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, er annast vilja skoðanir, viðhald, viðgerðir eða breytingar á köfunarbúnaði, skulu afla sér viðurkenningar, sem staðfestir hver réttindi og skyldur þeirra eru.

1.2.3. Handhöfum skírteina, áritaðra réttinda eða viðurkenninga, eru óheimil, önnur réttindi en þau, sem skírteinið, áritunin eða viðurkenningin veitir. Verkkaupi er skyldugur til að kynna sér, hvort skilríki viðkomandi eru í gildi og eigi við þau störf, sem honum eru ætluð.

1.2.4. Siglingamálastofnun ríkisins sér um framkvæmd laga um kafarastörf, svo og ákvæða reglugerðar þessarar í samráði við samgönguráðuneytið.

1.2.4.1. Stofnunin annast ennfremur útgáfu þeirra skírteina, vottorða, viðurkenninga, áritana, eftirlits- og köfunarbóka ásamt leiðbeiningum um köfunarbúnað, er í reglugerðinni greinir.

1.2.4.2. Stofnunin heldur nauðsynleg námskeið í köfun, sér um samningu námsskrár og hefur eftirlit með allri kennslu og þjálfun til köfunarstarfa.

1.2.4.3. Þá skal stofnunin halda skrá yfir handhafa skírteina og köfunarbúnaðar svo og slys er verða við köfun og orsakir þeirra.

1.2.4.4. Stofnunin gefur einnig út leiðbeiningar um öryggi og heilbrigði kafara.

1.3. **Veiting skírteinis.**

1.3.1. Umsókn um veitingu skírteinis áritun eða viðurkenningu á hæfni til þjónustustarfa varðandi köfun skal send til siglingamálastofnunar. Umsókn skal fylgja:
a) Nafnskírteini
b) Heilbrigðisvottorð
c) Prófskírteini
d) Staðfesting um verklega þjálfun
e) Köfunarbók, staðfest af kafara með kennsluréttindi
f) Tvær lausar ljósmyndir.

1.3.2. Þegar siglingamálastofnun hefur athugað umsóknina og vottorð þau er henni fylgja, og prófað, eftir því sem við á, hæfni umsækjanda til þess að öðlast skírteini það, áritun eða viðurkenningu sem hann sækir um, skal skírteinið gefið út, áritað eða viðurkenning veitt enda fullnægi umsækjandi skilyrðum reglugerðar þessarar.

1.3.3. Ef umsækjandi um skírteini hefur lokið námi við viðurkenndan erlendan köfunarskóla, getur siglingamálastofnun í samráði við prófnefnd prófað eða metið kunnáttu hans og þjálfun í samræmi við reglugerð þesssa.

II. KAFLI.

Skírteini og áritanir.

2.1. **Prófskírteini nema.**

2.1.1. Umsækjandi skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
a) Hann skal ekki vera yngri en 18 ára.
b) Fullnægja heilbrigðiskröfum, samkvæmt reglugerð um heilbrigði kafara.
c) Hafa lokið prófum í skriflegum og fræðilegum greinum köfunar.
d) Hafa lokið verklegum æfingum í sundköfun.

2.1.2. Prófskírteini nema veitir heimild til þess að kafa á allt að 50 m dýpi með andrúmsloft, stunda nám og þjálfun til köfunarstarfa, allt undir leiðsögn og stjórn kafara með áritun sem kennari í köfun.

2.2. **Skírteini rannsóknarkafara.**

2.2.1. Umsækjandi skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
a) Hann skal ekki vera yngri en 20 ára.
b) Fullnægja heilbrigðiskröfum, samkvæmt reglugerð um heilbrigði kafara.
c) Hafa lokið prófum í skriflegum og fræðilegum greinum köfunar.
d) Hafa lokið verklegum prófum í sundköfun.

2.2.2. Atvinnuskírteini rannsóknarkafara veitir heimild til þess að stunda köfun í sundbúnaði á allt að 50 m dýpi með loft til rannsóknarstarfa.

2.3. **Skírteini kafara.**

2.3.1. Umsækjandi skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
a) Hann skal ekki vera yngri en 20 ára.
b) Fullnægja heilbrigðiskröfum, samkvæmt reglugerð um heilbrigði kafara.
c) Hafa lokið prófum og þjálfun í köfun frá viðurkenndum köfunarskóla.
d) Eða sem handhafi prófskírteinis nema, fengið fullnægjandi þjálfun í köfunarvinnu, meðferð köfunarbúnaðar, framkvæmd og skipulagningu köfunar, undir handleiðslu kafara með kennsluréttindi.

2.3.2. Atvinnuskírteini kafara veitir heimild til þess að stunda köfun við öll almenn köfunarstörf á allt að 50 m dýpi með loft og í hvaða búnaði sem er.

2.4. **Áritun kennara.**

2.4.1. Umsækjandi skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
a) Hann skal ekki vera yngri en 25 ára.
b) Hafa stundað köfun sem atvinnu í að minnsta kosti tvö ár og sanna minnst 300 köfunartíma.
c) Hafa óflekkað mannorð.

2.4.2. Áritun sem kennari í köfun, veitir heimild til þess að taka nema í vinnu við köfun, meðferð og viðhald köfunarbúnaðar, framkvæmd og skipulagningu köfunar. Hafi hann áritun á skírteini sitt og fengið þjálfun í sérhæfðum kafarastörfum, má hann kenna þau eins og við á, þ. e. a. s. kennsla og þjálfun fyrir prófstig.

2.5. **Aðrar áritanir.**

2.5.1. Handhafi köfunarskírteinis, sem hlotið hefur þjálfun í meðferð og notkun köfunartækja, sem gerð eru fyrir aðrar lofttegundir eða loftblöndur en venjulegt andrúmsloft, getur sótt um áritun, er heimilar honum notkun slíkra tækja við köfun. Í áritun skal geta hvers eðlis tækið er og notkunarsviðs þess.

2.5.2. Handhafi köfunarskírteinis, sem hlotið hefur þjálfun í sérhæfðum störfum við köfun, svo sem rafsuðu, logskurði, meðferð sprengiefna eða stjórnun afþrýstihylkja, getur sótt um áritun á skírteini sitt, sem heimili honum að annast slík störf.

2.6. **Almennt.**

Handhafi skírteinis skal jafnan hafa það í sinni vörslu, þegar hann er að störfum og sýna hlutaðeigandi yfirvöldum, þegar þess er krafist.

III. KAFLI.

Próf í köfun.

3.1. **Prófnefnd.**

3.1.1. Öll próf og athuganir á hæfni og leikni samkvæmt reglugerð þessari, skulu fara fram undir umsjón þriggja manna prófnefndar og siglingamálastofnunar. Nefndin er skipuð af samgönguráðuneytinu. Siglingamálastofnun tilnefnir einn mann, en stjórn Kafarafélags Íslands tilnefnir tvo menn.

3.2. **Námsskrá og próf.**

3.2.1. Siglingamálastofnun semur í samráði við prófnefnd próf og sundurliðaða námsskrá fyrir þá, er hyggja á nám í köfun. Leggja skal áherslu á eftirfarandi:

1) Sögu köfunar.
2) Köfunareðlisfræði.
3) Köfunarlíffræðilisfræði.
4) Notkun köfunartaflna.
5) Meðferð og greiningu köfunarsjúkdóma.
6) Hjálp í viðlögum og lífgun.
7) Björgun.
8) Reglur um öryggi kafara, kafaralög og reglugerðir.
9) Gerð og notkun köfunarbúnaðar, umhirðu, viðhald og viðgerðir.
10) Verklega köfun.
11) Framkvæmd köfunar og skipulagningu.
12) Stjórn köfunar.
13) Aðstoð við kafara, bókun og merkjagjöf.
14) Almennar siglingareglur, meðferð smábáta og ýmis konar sjóvinnu.
15) Stjórnun afþrýstihylkja.
16) Prófun í afþrýstihylki.

3.3. **Almenn ákvæði um próf.**

3.3.1. Til að standast skriflegt eða verklegt próf skal nemandi a. m. k. hljóta 70 stig í meðaleinkunn (miðað við hæst 100 stig), þó þannig að einkunn í einstakri grein sé eigi lægri en 60 stig.

3.3.2. Í munnlegum prófum skal einungis gefin einkunnin staðið eða fallið.

3.3.3. Ef nemandi hefur ekki staðist próf, er honum heimilt að endurtaka próf að sex viknum liðnum.

IV. KAFLI.

Heilbrigði og læknisskoðun.

4.1. **Almennt.**

4.1.1. Ákvæði, sem hér fara á eftir gilda um kafara og þá, sem hyggjast gerast kafarar og um köfun með andrúmslofti að 50 m dýpi.

4.1.2. Læknisskoðun kafara skal fara fram samkvæmt þeim almennu fyrirmælum, sem eru í reglugerð þessari.

Læknar skulu við skoðun kafara fylgja þeim reglum, sem siglingamálastofnun setur.

Sérhverjum þeim, sem hefur ótakmarkað lækningaleyfi á Íslandi, er heimilt að taka að sér slíka læknisskoðun.

4.1.3. Niðurstöður læknisrannsóknar skal skrá á eyðublöð, sem siglingamálastofnunin gefur út og þau skal læknirinn senda stofnuninni (sjá viðauka I).

4.1.4. Á sama eyðublaði skal kafari eða sá, sem hyggst sækja um réttindi til köfunar, gefa upplýsingar um heilsufar sitt og staðfesta með undirskrift sinni.

4.1.5. Öllum spurningum á eyðublaðinu skal svara að fullu og eins nákvæmlega og kostur er. Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar geta varðað sviftingu eða neitun um leyfi til köfunar.

4.1.6. Gefi niðurstöður læknisskoðunar tilefni til þess að ætla, að kafari uppfylli ekki þær heilbrigðiskröfur, sem gerðar eru, getur siglingamálastofnunin óskað eftir frekari læknisrannsókn.

4.1.7. Stofnunin getur ákveðið, að slíkar rannsóknir séu framkvæmdar af tilteknum heilbrigðisstofnunum eða af læknum, sem hafa sérfræðiviðurkenningu hér á landi í tilteknum greinum læknisfræðinnar.

Rannsóknir af þessu tagi skulu vera köfurum að kostnaðarlausu.

4.1.8. Gangist kafari ekki undir rannsóknir þær, sem óskað er eftir, getur siglingamálastofnunin ógilt leyfi til köfunar.

4.1.9. Leitað skal álits trúnaðarlæknis varðandi þá, sem hyggjast ganga undir þjálfun í köfun.

4.1.10. Hafi kafari þurft að gangast undir meðferð vegna kafaraveiki af völdum þrýstimunar, er hægt að krefjast geislarannsóknar á útlimabeinum.

4.1.11. Gildistími heilbrigðisvottorða skal vera 5 ár fyrir kafara yngri en 40 ára, 2 ár fyrir kafara 40 til 60 ára og eitt ár fyrir þá, sem eru yfir sextugt.

4.1.12. Ekki má líða lengri tími en 3 mánuðir frá því læknisskoðun fer fram, þar til byrjandi í köfun hefur nám. Við umsókn um aukin réttindi til köfunar skal reiknað frá dagsetningu síðustu læknisskoðunar á gildistíma fyrri réttinda, þannig að ný réttindi eru aðeins veitt til þess tíma, sem fyrri réttindi hefðu runnið út.

Þegar læknisskoðun samkvæmt 4.1.2. eða niðurstöður frekari rannsókna gefa tilefni til, getur siglingamálastofnunin stytt gildistíma heilbrigðisvottorða frá því, sem getur í 4.1.11.

4.1.13. Auk hinnar almennu heilbrigðisrannsóknar, samkvæmt 4.1.2. skulu kafarar gangast undir árlega lungnaskoðun (geislagreiningu).

V. KAFLI.

Öryggi kafara.

5.1. **Skipulag köfunar.**

5.1.1. Allsstaðar þar, sem tveir eða fleiri kafarar vinna að sama verki, er atvinnuveitandi skyldugur til að útnefna köfunarformann.

5.1.2. Köfunarformaður hefur á hendi stjórn á öllu því, sem lýtur að köfuninni og sér um, að allar öryggisreglur séu haldnar. Hann hefur ekki með önnur störf að gera meðan á köfun stendur.

5.1.3. Þar, sem þrír eða fleiri kafarar starfa samtímis, má köfunarformaður ekki kafa sjálfur nema útnefna fullgildan mann í sinn stað á meðan.

5.1.4. Köfunarformaður verður að hafa reynslu og þekkingu í köfun og hafa staðist kafarapróf.

5.1.5. Köfunarformaður er skyldur að færa í köfunarbók/bækur áætlun um sérhverja djúpköfun.

Í dagbók er fært eins og við á:

a) Köfunarstaður ásamt dagsetningu.
b) Veður, sjólag, straumar, skyggni.
c) Verkefni.
d) Hvaða öryggisráðstafanir hafa verið gerðar.
e) Hvaða afþrýstitöflur eru notaðar.
f) Loftbirgðir.
g) Dýpi.

h) Upphaf köfunar, botntíma og afþrýstitíma.
i) Við endurtekna köfun skal færð leif fyrir botntíma.
j) Aðrar athugasemdir.

5.1.6. Kafari varðveitir köfunarbækur sínar í minnst 10 ár.

5.1.7. Köfunarformaður skal gera öllum, sem að köfuninni starfa, grein fyrir skyldum sínum og vera hvetjandi til góðrar samvinnu. Hann kannar hugsanlega áhættu og gerir viðeigandi varúðarráðstafanir í samráði við kafara og aðstoðarmann.

5.1.8. Köfunarformaður er skyldur ásamt verkkaupa að tilkynna til siglingamálastofnunar er óhöpp verða við köfun, sem valda líkamstjóni. Hann verndar ummerki, sem gætu orðið gagnleg til að upplýsa orsök óhappsins.

5.1.9. Köfunarformaður gæti þess áður en köfun hefst, að allur sameiginlegur búnaður og hjálpartæki séu í lagi.

5.1.10. Kafarinn fullvissar sig um, að hans eigin búnaður sé í lagi áður en köfun hefst.

5.2. **Aðstoðarmaður kafara.**

5.2.1. Aðstoðarmaður kafara við djúpköfun getur sá einn orðið sem fengið hefur atvinnuskírteini kafara.

5.2.2. Heimilt skal þó að ráða aðstoðarmann við djúpköfun, sem af sérstökum ástæðum hefur ekki gilt kafaraskírteini.

Leita skal umsagnar siglingamálastofnunar á slíkri ráðningu.

5.2.3. Aðstoðarmaður kafara verður að vera minnst 18 ára og hafa greinargóða þekkingu á starfssviði kafarans og tilheyrandi búnaði, merkjagjöf og lífgun.

5.3. **Almennt.**

5.3.1. Kafari skal eiga rétt á minnst 8 tíma hvíld á sólarhring.

5.3.2. Kafari, sem hefur verið frá vinnu vegna veikinda eða meiðsla, má eigi hefja vinnu að nýju fyrr en fullvíst er, að hann fullnægi kröfum um heilbrigði kafara.

Verkkaupi má krefja hann um skriflega staðfestingu á að svo sé.

5.3.3. Aldrei má kafa undir áhrifum lyfja eða vímugjafa.

5.4. Um öndunarloft.

5.4.1. Köfunarformaður gengur úr skugga um, hvort loft það, sem nota skal til öndunar, uppfyllir kröfur um magn og hreinleika.

5.4.2. Loftlind, sem ekki er borin af kafaranum, skal búin varalofti það ríkulegu, að nægi kafaranum til 5 mínútna dvalar á dýpinu og ferðar að yfirborði vatns eða sjávar.

Varaloft þetta verður að vera tengt og tilbúið til notkunar áður en köfun hefst. Það má vera borið af kafaranum. Lágmarks loftnotkun kafara er áætluð minnst 30 lítrar/mín. með þeim þrýstingi, sem svarar til dýpisins.

5.5. **Um fyrirbyggjandi aðgerðir á köfunarstað.**

5.5.1. Merkja skal köfunarstað vegna hugsanlegrar umferðar, með alþjóðamerkjafána A (alfa) úr stinnu efni. Þar, sem kafað er frá skipi, gildir 27. gr. alþjóðasiglingareglna.

5.5.2. Tryggja skal, áður en köfun hefst, að unnt sé að taka kafara fyrirvaralaust í neyð úr vatninu.

5.5.3. Ekki má gangsetja drifskrúfur meðan kafað er, nema kafarinn sé því samþykkur og þannig um líflínu eða loftslöngur búið, að þær geti ekki flækst í þeim.

5.5.4. Þar, sem kafað er við skip, verður að stöðva aðalvél og sé það gert á rúmsjó, skal hafa inni öxulbremsu eða hliðstæðan viðbúnað. Verði því ekki komið við að stöðva aðalvél, verður að binda viðkomandi stjórntæki og setja

sérstakan vörð við, til þess að tryggja að vélin verði ekki tengd af vangá. Færa skal í leiðabók, að svo hafi verið gert.

5.5.5. Þar, sem unnið er með krönum eða öðrum vinnuvélum, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að draga úr áhættu kafarans, vegna missi byrða, ánetjunar eða annarra óhappa. Stjórn aðgerða ofansjávar skal vera í höndum köfunarformanns eða aðstoðarmanns kafara.

5.5.6. Véldrifin áhöld, sem notuð eru við köfun, skulu vera búin þannig gangsetningarrofa, að sé honum sleppt, þá stöðvist þau samstundis.

Tryggt skal að aðstoðarmaður kafara geti auðveldlega rofið orkustreymi til allra áhalda, sem kafarinn notar.

5.5.7. Öryggiskafari skal ávallt vera reiðubúinn til tafarlausrar köfunar, þegar kafað er við áhættusamar aðstæður.

5.6. **Um varúðarráðstafanir gegn köfunarveiki.**

5.6.1. Afþrýstitöflur verða að vera á köfunarstað, þar sem starfað er við djúpköfun eða kafað daglangt.

5.6.2. Þar sem beita þarf afþrýstingi í meira en 30 mín, skal vera afþrýstihylki á vinnustað. Hylkið skal rúma þann fjölda kafara, sem þurfa á afþrýstingi að halda.

5.7. **Um hjúkrunargögn.**

5.7.1. Á köfunarstað skal vera sjúkrakassi, og þar sem djúpköfun fer fram, skulu einnig vera súrefnistæki.

VI. KAFLI.

Viðurkenning á köfunarbúnaði

6.1. **Skoðun og viðurkenning.**

6.1.1. Allur köfunarbúnaður, hverju nafni sem nefnist, skal hljóta viðurkenningu siglingamálastofnunar, áður en hann er seldur á almennum markaði, framleiddur til sölu eða tekinn í notkun í atvinnuskyni.

6.1.2. Siglingamálastofnunin gerir skrá yfir allan köfunarbúnað eða hluta hans, sem hún hefur viðurkennt til notkunar hér á landi, og gefur honum viðurkenningarnúmer.

6.1.3. Seljandi eða framleiðandi köfunarbúnaðar fær afhent vottorð því til staðfestingar, að köfunarbúnaður eða hluti hans hafi hlotið viðurkenningu til notkunar við eða fyrir köfun. Seljandi afhendir kaupanda afrit þeirrar staðfestingar með hverium búnaði eða hluta viðkomandi búnaðar.

6.1.4. Hver sá, sem sækir um viðurkenningu köfunarbúnaðar eða hluta hans, leggur inn skriflega umsókn til siglingamálastofnunar. Með umsókninni fylgi nafn framleiðanda, nafn búnaðar eða hluta búnaðar ásamt númeri þeirrar gerðar, notkunarsviðs, umsögn og aðrar þær upplýsingar sem kunna að koma að notum við ákvörðun um viðurkenningu búnaðarins.

6.1.5. Siglingamálastofnunin skal taka umsókn um viðurkenningu svo fljótt, sem við verður komið til athugunar. Ef umsókn er að mati stofnunarinnar ófullnægjandi skal hún óska frekari upplýsinga og ef ástæða er til, fá búnað eða hluta búnaðar til prófunar.

6.1.6. Þegar um er að ræða viðurkenningu á köfunarbúnaði, eða hluta hans, þar sem reglur þessar greina ekki í einstökum atriðum efni, gæði, styrkleika, gerð, notkun eða samtengingu mismunandi hluta, hefur siglingamálastofnunin heimild til að meta að aflokinni skoðun, eða eftir að hafa aflað sér öruggra upplýsinga um búnaðinn, hvort fyrir búnað þennan megi gefa út vottorð til takmarkaðs tíma.

6.2. **Öndunarbúnaður.**

6.2.1. Köfunarlunga verður að geta fært minnst 130 l af lofti á mínútu til kafara á hverju því dýpi, sem það er ætlað til, þó svo að flöskuþrýstingur sé aðeins 20 loftþyngdir.

6.2.2. Jafn loftræstur köfunarbúnaður verður að geta fært kafaranum minnst 130 lítra af lofti á mínútu, með þeim þrýstingi sem svarar til dýpisins.

6.2.3. Enginn hluti öndunarbúnaðar má vera úr þannig efnum, að þau vegna áhrifa lofts, sjávar eða útöndunar geti myndað efnasambönd, sem gætu skaðað kafarann.

6.2.4. Öndunarbúnaður, sem byggður er til endurnotkunar öndunarlofts, má ekki nota hér á landi, nema með sérstöku leyfi siglingamálastofnunar. Leyfið er bundið viðkomandi tæki og skulu sérstök ákvæði sett varðandi notkun þess.

6.3. **Um lofthylki.**

6.3.1. Loftflöskur fyrir öndunarloft skulu allar uppfylla öryggisákvæði og hlíta íslenskum reglum um meðferð og eftirlit með slíkum hylkjum.

6.3.2. Önnur lofthylki fyrir öndunarloft hlíta sömu reglum og segir í gr. 6.3.1., þar á meðal jöfnunarhylki, sem skulu hafa einstefnuloka á loftinntakinu. Lokinn tengist beint á hylkið. Sömuleiðis og á sama hátt, skal vera loki á öllum úttökum. Ekki má tengja saman þjöppur eða lofthylki fyrir öndunarloft nema hvorttveggja sé viðurkennt til þeirra nota og í sama tilgangi.

6.3.3. Séu loftverkfæri tengd við öndunarlofthylki eða þjöppu, verður loftrýmd hættulegra efnasambanda vegna hita. Allar rafdrifnar lágþrýstiloftþjöppur kafara og verkfæris samtímis.

6.4. **Um loftþjöppur og öndunarloft.**

6.4.1. Loftþjappa, sem notuð er til hleðslu á öndunarlofti, skal vera búin síum og skiljum, er hreinsi raka, olíu og önnur óhreinindi í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, þannig að hreinleiki loftsins uppfylli skilyrði greinar 6.4.3. Þjappa skal einnig vera búin kælibúnaði til að draga úr myndun hættulegra efnasambanda vegna hita. Allar rafdrifnar lágþrýstiloftþjöppur skulu vera búnar afslætti á þjöppu en ekki drifmótor.

6.4.2. Sogrör véldrifinnar loftþjöppu skal vera þannig að engar líkur séu á því, að hún geti dregið útblástursloft aflvélarinnar.

6.4.3. Öndunarloft, sem ætlað er til köfunar má ekki innihalda meira af skaðlegum efnum, en sem svarar til eftirfarandi rúmmálshlutfalla, mælt við eina loftþyngd.

CO_2 koltvíildi	300 ppm.
CO kolildi	10 ppm.
$NO+NO_2$ köfnunarefnisildi	0.5 ppm.
Olía og rykagnir 2 mg/m³	
ppm = hluti í milljón.	


6.5. **Um tilfærslu lofts.**

6.5.1. Til að hindra þrýstifall í hjálmbúningi og heilgrímu, skal vera einstefnuloki á loftinntaki hjálmsins og grímunnar.

6.6 **Um flutning öndunarlofts, stýristæki, pípur og slöngur.**

6.6.1. Mótstaða í öndunarbúnaði má aldrei fara yfir eftirfarandi hámark mælt í smVS (sentim. vatnssúlu).

Bilag II.



6.6.2. Innra þvermál í pípum, tengjum og slöngum, sem flytja öndunarloft til kafara, skal vera nægilegt, til að flytja það loftmagn, sem tilgreint er í grein 6.6.1. Þó aldrei minna en 10 mm.

6.6.3. Pípur og pípuvirki til flutnings og dreifingar á öndunarlofti skulu vera trygg með góðum festingum og nauðsynlegum þenslubeygjum.

6.6.4. Flansar og skrúfuð tengi skulu vera á pípum og slöngum fyrir öndunarloft. Aðrar tengingar eru því aðeins leyfðar, að þær séu jafntraustar.

6.6.5. Slöngur til flutnings á öndunarlofti frá búnaði, sem ekki er borinn af kafaranum, skulu vera hæfilega sveigjanlegar og þannig styrktar að ekkert hindri streymi um þær.

6.6.6. Allur uppsettur búnaður til deilingar á öndunarlofti, ásamt stýri og mælabúnaði, sömuleiðis allar slöngur, sem við hann eru notaðar, skal þrýstireyna í heild.

6.6.7. Minnsti vinnuþrýstingur á slöngum fyrir öndunarloft er 10 kg/cm^2 en má aldrei fara yfir 25% af sprengiþoli. Slöngur, tengi, mælar og stýritæki skal þolreyna í 30 mín. með 1.5 sinnum hámarksvinnuþrýstingi.

6.6.8. Slöngur fyrir öndunarloft undir þrýstingi skulu búnar tvöföldum festingum við tengi og skulu þau sérstaklega gerð til slíkra samsetninga. Tengi við hjálm, grímu og loftbirgðir skulu þannig búin, að þau verði ekki fyrir togátaki. Allar slöngur og tengi skulu þola minnst 200 kg tog.

6.6.9. Þjónustulokar til stjórnunar á hjálm eða heilgrímu, verða að vera af öruggri gerð og auðveldir í notkun. Gerð þjónustuloka og lokunarbúnaðar á opnanlegum framglugga skal vera þannig, að röng stýring geti ekki valdið óhöppum.

6.7. **Nauðsynlegir fylgihlutir köfunarbúnaðar.**

6.7.1. Búnaður, sem borinn er af kafara, verður að vera tryggilega festur og þægilega fyrirkomið. Söðull, ólar og annað þess háttar verða að halda styrk og lögun við hin ýmsu skilyrði og vera auðstillanleg. Kafarinn verður að geta losað sig við allan búnað á auðveldan hátt.

6.7.2. Búnaður, sem notar aðflutt loft, skal hafa líflínu. Hún skal vera úr traustu efni og fúavarin. Minnsta þvermál líflínu má vera 6 mm. og slitþol ekki minna en fimmfaldur þungi kafarans. Þó aldrei minni en 400 kg. Símakapall, sem uppfyllir framangreind ákvæði um slitþol má koma í stað líflínu.

6.7.3 Símtæki skulu vera þannig búin, að samband frá kafaranum rofni aðeins meðan talað er til kafarans og tengist síðan aftur sjálfvirkt.

6.7.4. Hverjum þeim köfunarbúnaði, sem notaður er í atvinnuskyni eða til þjálfunar, verða að fylgja nauðsynlegar leiðbeiningar um samsetningu, notkun, hreinsun, eftirlit, geymslu og viðhald. Einnig skulu fylgja varahlutir og áhöld samkvæmt ábendingu.

6.7.5. Hverjum köfunarbúnaði fylgi sjúkrakassi, afþrýstitöflur og eftirlitsbók.

VII. KAFLI.

Eftirlit og viðhald köfunarbúnaðar.

7.1. **Almennt.**

7.1.1. Siglingamálastofnun heldur skrá yfir allan köfunarbúnað, sem er notaður í atvinnuskyni.

7.2. **Skoðun.**

7.2.1. Áður en köfunarbúnaður er tekinn í notkun, ber eiganda skylda til að tilkynna það til siglingamálastofnunar, sem skoðar búnaðinn, skráir hann og veitir heimild til notkunar hans, ef hann uppfyllir þær lágmarkskröfur, sem til hans eru gerðar.

7.2.2. Þegar nýr hluti köfunarbúnaðar er tekinn í notkun, er heimilt að hefja notkun hans án skoðunar, ef hann hefur hlotið viðurkenningu Siglingamálastofnunar.

7.2.3. Þegar eigendaskipti verða á köfunarbúnaði eða einhver hluti köfunarbúnaðar verður fyrir tjóni, er skylt að tilkynna það til Siglingamálastofnunar, sem skoðar búnaðinn og endurnýjar heimild til notkunar hans.

7.2.4. Til að auðvelda skoðun köfunarbúnaðar ber eiganda skylda til að afhenda siglingamálastofnun afrit af leiðbeiningum um notkun, teikningar og veita skoðunarmanni þá aðstoð, sem óskað er eftir.

7.2.5. Þegar skoðun köfunarbúnaðar er lokið og fullvíst er að hann uppfyllir lágmarkskröfur um gæði og öryggi kafarans, má gefa út vottorð, sem heimilar notkun og notkunarsvið viðkomandi búnaðar til tveggja ára, sé reglum um viðhald og eftirlit fylgt.

7.2.6. Undir sérstökum kringumstæðum má framlengja heimild til notkunar á köfunarbúnaði í allt að þrjá mánuði, ef fyrirliggjandi er skrifleg staðfesting eiganda og viðkomandi kafara um að búnaðurinn sé í lagi.

7.2.7. Eftirlitsbók skal fylgja hverjum samstæðum köfunarbúnaði. Í hana skal rita allt, sem máli skiptir um viðhald, eftirlit og skoðanir. Hver sá, sem færir í bókina, skal staðfesta færslu sína með undirskrift sinni ásamt dagsetningu.

7.2.8. Siglingamálastofnunin má hvenær sem er framkvæma skoðun á köfunarbúnaði, enda sé þess gætt að stöðva ekki vinnu að óþörfu.

7.2.9. Siglingamálastofnunin má setja merki sitt á þann köfunarbúnað eða hluta hans, sem hún hefur reynt og sömuleiðis getur Siglingamálastofnunin sett sérstakt merki á þann hluta búnaðar, sem hún hefur dæmt ónýtan.

7.2.10. Siglingamálastofnunin má innsigla þann köfunarbúnað eða hluta köfunarbúnaðar, sem þarfnast viðgerðar, þar til heimild er veitt til notkunar. Slík innsigli má enginn rjúfa nema fulltrúi siglingamálastofnunar.

7.2.11. Rísi ágreiningur milli siglingamálastofnunar og eiganda köfunarbúnaðar um það hvort gefa megi heimild til notkunar á köfunarbúnaði eða ekki, ber siglingamálastofnun að leita umsagnar 3ja manna nefndar, sem Kafarafélag Íslands tilnefnir, áður en heimild er veitt til notkunar á köfunarbúnaði eða henni synjað.

7.2.12. Reglur þessar leysa köfunarformann eða kafara á engan hátt undan þeirri skyldu að fullvissa sig um, að búnaður hans sé í lagi og hafi fengið fullnægjandi skoðun og heimild til notkunar.

7.2.13. Köfunarformaður og kafari eru jafnskyldugir eiganda til þess að tilkynna til siglingamálastofnunar, ef ágalli finnst á köfunarbúnaði, sem kynni að rýra öryggi kafarans. Siglingamálastofnunin afturkallar þá heimild til notkunar uns úrbót hefur verið gerð.

VIII. KAFLI.

Gildistaka o. fl.

8.1. Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari, þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

8.2. Ágreiningi sem rísa kann vegna reglugerðar þessarar má vísa til samgönguráðuneytisins til úrskurðar.

8.3. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri hegning liggi við.

8.4. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. okt. 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

Viðauki I.

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

til notkunar við reglubundnar skoðanir á köfurum.

I. hluti þessa vottorðs fyllist út af umsækjanda áður en komið er til læknis til skoðunar. Viðkomandi undirritar yfirlýsinguna í viðurvist læknis, eftir að hann hefur kynnt sér svör umsækjanda.

II. og III. hluta (læknisvottorð) á heimilislæknir umsækjanda að fylla út, verði því við komið. Ef annar læknir en heimilislæknir viðkomanda gefur vottorðið skulu ástæður þess greindar hér:

I. YFIRLÝSING UMSÆKJANDA.

Fullt nafn .....
Fæðingardagur og ár .....
Núverandi starf .....
Heimilisfang .....

1. Hversu lengi hafið þér stundað köfun?
Hversu oft kafið þér? Á hvaða dýpi?
Hafið þér síðan síðasta skoðun fór fram fengið einhvers konar óþægindi í sambandi við köfun?
Vanlíðan?
Kafaraveiki (vegna þrýstingsmunar)?
Andþyngsli?
Óþægindi frá eyrum?
Önnur óþægindi og þá hver?
2. Hafið þér nú eða hafið þér nokkru sinni haft eftirtalin einkenni eða sjúkdóma: (Sé svar jákvætt skal greina frá nafni sjúkdóms, hvenær hann byrjaði, hversu lengi hann hefur staðið. Geta skal fylgikvilla. Sé svar neikvætt, skal skrifa nei aftan við hverja spurningu, þar sem það á við.

a. Tíðar sýkingar í nefi og hálsi (bólgu, hósta, hæsi)?
b. Svima, samfelldan eða tíðan höfuðverk, háþrýsting, yfirlið, krampa, lamanir eða geðsjúkdóm?
d. Augnsjúkdóm? Notið þér gleraugu?
e. Náttblindu?
f. Eyrnakvilla (verk, útferð úr eyrum, heyrnartap)?
g. Kvilla í afholum nefs (bólgur í ennis- eða kinnholum)?
h. Svimaköst, ógleði og suð fyrir eyrum (Meniéres veiki)?
i. Lungnabólgu, mæði, astma, lungnaberkla, blóðuppgang, bilun á lunga (loftbrjóst), brjósthimnubólgu, berklabólgu?
j. Hjarta- eða æðasjúkdóma, blóðsjúkdóm, verk fyrir brjósti?
k. Magasár, skeifugarnarsár, önnur sár í þörmum, blóðuppköst, blæðingar frá meltingarfærum, aðra meltingarsjúkdóma?
l. Gallsteina, gulu, sjúkdóma í lifur, gallblöðru eða milta?
m. Nýrnabólgu, eggjahvítu eða blóð í þvagi, nýrnastein (a), verki frá nýrum eða aðra nýrnasjúkdóma, sjúkdóm í þvagblöðru, aðra sjúkdóma í þvagfærum?
n. Einkenni um berklasýkingu (kirtlabólgu, hnútarós)?
o. Gigtsótt (liðagigt tengda sýkingu), gigtsjúkdóma aðra, þjótak („iskías"), verki í baki og lendum, mjöðmum?
p. Sjúkdóma í liðum, beinum, hrygg?
r. Æxli af einhverju tagi?
s. Húðsjúkdóma?
t. Sykursýki eða sykur í þvagi?
u. Efnaskiptasjúkdóma, þvagsýrugigt, skjaldkirtilssjúkdóm?
v. Aðra sjúkdóma (algengir barnasjúkdómar undanskildir)?

3. Teljið þér, að þér séuð fullkomlega hraustur?
4. Hafið þér orðið fyrir nokkrum alvarlegum slysum?
Hafið þér fengið heilahristing?
5. Hafið þér legið á sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri heilbrigðisstofnun?
(Hvar? Hvers vegna? Hvenær, hve lengi?)
Hafið þér gengist undir aðgerð(ir)?
(Hvar? Við hvaða sjúkdómi, kvilla? Hvenær?)
Hafið þér verið í rannsókn eða meðferð hjá sérfræðingi (sérfræðingum)?
Hvaða lækni (læknum)? Hvaða sjúkdóm (a) er/var um að ræða? Hvenær?

6. Notið þér áfengi? (Ef svo er, hvaða magn og hversu oft?)
Notið þér tóbak? (Ef svo er, hvað reykið þér og hversu mikið?)
— Reykið þér daglega?
— Reykið þér öðru hvoru?
— Tóbaksnotkun af öðru tagi?

Ofangreind svör hefi ég gefið eftir bestu vitund.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda
(gerð að lækninum viðstöddum)

II. VOTTORÐ UM BERKLASKOÐUN

(eigi skulu líða meira en 6 vikur frá berklaskoðun þar til almenn læknisskoðun fer fram).

Umsækjandinn var rannsakaður í berklavarnastöðinni/heilsugæslustöðinni
Rannsóknin fór fram þann:

Berklapróf (Mantoux I, II): ☐ jákvætt ☐ neikvætt. Ef annað próf var notað skal þess getið: Hefir ónæmisaðgerð gegn berklum (BCG) verið gerð? Ef svo er, hvenær?

Við ofangreinda rannsókn, þar með talda röntgenmynd af lungum, sem tekin var / á/í ..... kom ekkert það fram, sem mælir á móti, að viðkomandi starfi sem kafari.

Undirskrift læknis

III. LÆKNISSKOÐUN.

Eruð þér heimilislæknir umsækjanda?
Hversu lengi hafið þér þekkt umsækjanda?
Er yður kunnugt um að umsækjandi misnoti eða hafi misnotað áfengi, tóbak eða fíkniefni?

A. Líkamsbygging: ☐ Grannvaxin(n) ☐ Miðlungs ☐ Sterkbyggð(ur)
B. Holdafar: ☐ Grannholda ☐ Miðlungs ☐ Feitlagin(n)
Hæð (skólaus): cm. Þyngd (án fata): kg.
C. Útlit:
D. Sálarástand:
Virðist yður umsækjandi andlega eðlilegur?
Er með rannsókn hægt að sýna fram á nokkur afbrigði?
Ef svo er, nánari lýsing:

E. Höfuð og háls?	Sjónskerpa:	Án leiðréttinga	Með gleraugum, linsum
a. Augu	Hægra auga		
	Vinstra auga		
	Bæði augu		

b. Eyru — Heyrist hvíslrödd í 5 metra fjarlægð?
Speglun eyrna:
Hægri hljóðhimna
Vinstri hljóðhimna

c. Nef — (Loftrás báðum megin óhindruð)

d. Munnur, kok, kverkar
Tennur — (Gerfitennur)

e. Málfar, tal

F Brjósthol, lungu?

F_2 Vitalograph — rannsókn.

G. Hjarta og æðasláttur?
Geta skal um — Æðaslátt (púls): Er hann reglulegur? Tíðni: /mín.

Blóðþrýstingur (3 mælingar með minnst mínútu bili)

Notaður var:
Systola ☐ Kvikasilfursmælir
Diastola ☐ „Anaeroid"-mælir

G_2 EKG (hjartalínurit)

H. Kviðarhol (NB. kviðslit)

I. Hryggur og útlimir (Ilsig, æðahnútar)

J. Húðin

K. Taugakerfið (sérstaklega skal ganga úr skugga um, að ekki séu til staðar lamanir, titringur (tremor), óeðlilegar svaranir ljósopa, óeðlileg hnéviðbrögð):

L. Önnur lífæri eða líffærakerfi:

M. Þvagrannsókn:
Er í þvaginu ☐Eggjahvíta ☐ Blóð ☐ Gröftur ☐ Sykur
(Ef umsækjandi hefur kastað þvagi án þess að læknirinn geti sannreynt að þvagið sé frá viðkomandi, skal umsækjandi staðfesta, að þvagið sé frá honum komið):

N. Þrekpróf með Ergometer hjóli.

Teljið þér, að umsækjandi sé nægilega hraustur til þess að geta stundað köfun sem atvinnu?

Sé svar neikvætt, af hvaða ástæðu(m) ekki?

Skoðun fór fram þann .....

Undirskrift læknis: .....

Nafn og heimilisfang læknis .....
(með bókstöfum)

Vottorðið sendist Siglingamálastofnun ríkisins
Hamarshúsi v/Tryggvagötu — 101 Reykjavík.

Viðauki II.

Kafaraskírteini.

SKÍRTEINI VEITIR RÉTT:	ATVINNUSKÍRTEINI KAFARA
A. Til köfunar í öllum búnaði að 50 m. dýpi.	Nafn Nafnnr. Fæðingard.
B. Til rannsóknakafana í sundbúnaði að 50 m. dýpi.	Heimili Útgefið Gildir til
C. Til sérhæfðra starfa:	Nr.
Rafsuða, logskurður, meðferð sprengiefna, stjórnun afþrýstihylkja.	
D. Til kennslu í köfun.	
E. Annað.	

Gefið út samkvæmt lögum nr. 12 12. apríl 1976. SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Nr. 450. 15. nóvember 1979.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt ásamt síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 82/1974, orðist svo:

2. gr.

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, sýningar í leikhúsum sem ekki eru sérstaklega undanþegnar, sbr. 24. tl. 14. gr., og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

21. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 316/1978 orðist svo:
Kol og koks til húshitunar og hitunar laugarvatns.
Vörur þessar eru söluskattsskyldar til sérhverra annarra nota.

3. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978 bætist nýr töluliður, 24. tl., svohljóðandi:

24. Aðgangseyrir að leiksýningum áhugafélaga, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
   a) Enginn af þeim, sem að leiksýningum áhugafélaga starfar annar en leikstjóri, þiggi laun fyrir starfið.
   b) Leiksýningin sé ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, öðlast gildi frá og með 1. desember 1979.

Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Árni Kolbeinsson.

9. nóvember 1979. Nr. 451.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Í stað 4. og 5. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi málsgreinar:

Um lán úr fasteignalánaflokkum er taldir voru í 2. gr. B skal eftirfarandi gilda varðandi lánsfjárhæðir og lánstíma.

a) Lán til byggingarframkvæmda, þar með taldar fullnægjandi hráefnisgeymslur, svo og aðgerðir til bættra hollustuhátta þar á meðal mengunarvarna og aðbúnaðar verkafólks. Lánsupphæð má hæst vera 60% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 10—15 ár.

b) Lán til frystivéla- og frystitækjakaupa og til kaupa á vélum til fiskmjölsvinnslu. Lánsfjárhæð má hæst vera 60% af mats eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 7—10 ár.

c) Lán til kaupa á fiskvinnsluvélum, til hagræðingar vinnslurása, þar með taldar breytingar á húsnæði, án þess að um stækkun sé að ræða, eftirlitskerfi, stýribúnaði og öðrum búnaði, svo og aðgerðir til orkusparnaðar. Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár. Fái lántaki erlent lán vegna kaupanna skal lán sjóðsins vera viðbótarlán allt að 75% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr., enda sé ekki um eignarfyrirvara á vélum eða tækjum að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar skal lán úr fasteignalánsflokkum er taldir voru í 2. gr. B aldrei nema hærri fjárhæð en 60% af heildarmatsverði eignanna miðað við 1. veðrétt og minnka sem nemur áður áhvílandi lánum ef 1. veðréttur fæst ekki.

Vextir af lánum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 9. nóvember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

	U. S. $ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	2.80
Blokkfrystur hörpudiskur	2.60
Rauður hörpudiskur	1.50

Verðbil verður 5%

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 453. 1. nóvember 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á verkuðum saltfiski (þorski) framleiddum á árinu 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á verkuðum saltfiski (þorski) framleiddum á árinu 1979:

	kr. pr. kg fob.
Especial 10/40	1 712.00
— 40/60	1 100.00
— 60/80	978.00
— 80/120	897.00
Miramar 10/40	1 081.00
— 40/60	798.00
— 60/80	748.00
— 80/120	707.00
Miradouro 10/40	842.00
— 40/60	716.00
— 60/80	648.00
— 80/120	598.00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

1. nóvember 1979. Nr. 454.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Óverkaður saltfiskur:	U. S. $ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 750.00
Millifiskur nr. 1	2 550.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 160.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 050.00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

1. nóvember 1979. Nr. 455.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Vélskelflett rækja:	U. S. $ pr. lb. cif.
Blokkfryst	3.45
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.45
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.63
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.02
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.21

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 456. 1. nóvember 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1979:

		U. S. $ pr. tunnu cif.
Cutsíld	300/500	131.25
—	500/700	115.62
Specialsíld	300/500	133.25
—	500/700	116.98
Sykursíld	300/500	141.57
—	500/700	121.44
Kryddsíld	300/500	139.60
—	500/700	122.46
—	700/1000	114.58
Rúndsíld	500/700	93.75
—	500/900	97.40

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 45% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðin miðast við cif. og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. desember 1979:

Söltuð ufsaflök:		U. S. $ pr. kg cif
16/20	FF	2.86
—	AB	2.42
21/25	FF	2.76
—	AB	2.33
26/30	FF	2.66
—	AB	2.25
31/35	FF	2.56
—	AB	2.17
36/40	FF	2.46
—	AB	2.08
41/45	FF	2.36
—	AB	1.99
46/50	FF	2.25

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

1. nóvember 1979. Nr. 458.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

1. gr.
Nafn og heimili.

Akureyrarkaupstaður á og starfrækir fyrirtæki með nafninu Rafveita Akureyrar. Heimilisfang þess er á Akureyri.

Rafveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.

2. gr.
Tilgangur og orkuveitusvæði.

Tilgangur Rafveitu Akureyrar er að kaupa og/eða framleiða raforku og veita henni um orkuveitusvæði sitt. Ennfremur hverskonar starfsemi, sem varðar raforkumál á Akureyri.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Akureyrar og hefir hún einkarétt til sölu á raforku til notenda á því svæði.

3. gr.
Stjórn.

Stjórn Rafveitu Akureyrar er skipuð 5 mönnum og 5 til vara, kosnum árlega af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skipar rafveitunni framkvæmdastjóra (rafveitustjóra) að fengnum tillögum rafveitustjórnar. Skal hann vera rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur.

Bæjarstjóri og rafveitustjóri sitja fundi rafveitustjórnar með tillögurétti en án atkvæðisréttar.

4. gr.
Verksvið rafveitustjórnar.

Rafveitustjórn hefir á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur, og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup, framleiðslu og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil.

Ákvarðanir rafveitustjórnar skulu háðar samþykki bæjarstjórnar.

5. gr.
Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á veitukerfi og öðrum útbúnaði, og öllum verklegum framkvæmdum er snerta hana.

Hann hefir umsjón með raflögnum í bænum, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum sem rafveitan kaupir og selur.

6. gr.
Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Akureyrar hefir sjálfstætt reikningshald. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar.

7. gr.
Löggilding rafverktaka.

Bæjarstjórn veitir þeim rafverktakaleyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum rafveitunnar.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa fullgilt rafverktakaleyfi, mega taka að sér raflagnir, uppsetningu tækja, eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við kerfi rafveitunnar.

Bæjarstjórn getur ákveðið í gjaldskrá, greiðslur fyrir verk þau sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

8. gr.
Sala raforku.

Rafveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í samræmi við sérreglur um raforkuvirki á orkuveitusvæði rafveitunnar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Rafveitustjórn getur synjað um raforku til húshitunar. Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki hið umbeðna afl án sérstakra ráðstafana, ákveður rafveitustjóri nánari skilmála. Ef rafveitan telur nauðsynlegt að komið verði upp raforkuvirkjum, þ. m. t. spennistöð, í húsi eða á lóð viðkomandi húseignar í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal rafveitunni látið í té húsrými með sérstökum samningi eða ókeypis lóð. Hér er miðað við að um meiri háttar notkun sé að ræða.

Rafveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá stöðinni og að tryggja uppsetningu hennar og óslitinn rekstur með þinglýsingu á kvöð þess efnis.

Rafveitan getur neitað að láta raforku í té til fjarliggjandi staða eða til staða, þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega spennistöð og lóð eða aðstöðu fyrir stólpa eða festur fyrir raflínur án endurgjalds. Óski rafveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað rafveitunnar.

Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og rafveitan hefir samþykkt.

9. gr.
Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætlað umsóknareyðublað, er fæst á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.
Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, sem skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt í samræmi við gjaldskrá. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug, skal húseigandi greiða kostnaðarmun, sem ákveðinn er í gjaldskrá.

Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjenda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.
Húsveitur.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða

nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn, og annast þeir fyrir hönd húseiganda eða notanda umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir, samkvæmt því sem ákveðið er í reglum um raflagnir á Akureyri, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum skv. beiðni eða að eigin frumkvæði.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu. Rafveitan getur sett þau skilyrði fyrir tengingu á veitu að notkun um hana verði ekki veitukerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.
Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem (að jafnaði) nota raforku annarsstaðar að en frá rafveitunni, má tengja við veitukerfi hennar í því skyni að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksgjald, sem svari til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.
Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglum rafveitunnar um raforkuvirki, og er húseigandi ábyrgur að svo sé. Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi ef galli er á veitunni eða tækium þar til úr er bætt.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af Rafmagnseftirliti ríkisins.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur. Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið sé í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyflegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins og reglum rafveitunnar.

14. gr.
Mælitæki.

1) Rafveita setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis rafveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að dómi rafveitustjóra.

Starfsmenn rafveitunnar skulu ætíð hafa aðgang að mælitækjum og þeir einir mega rjúfa innsigli þeirra.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir rafveitunni um það skv. 18. gr. Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast venjulegt viðhald þeirra á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að krefja notanda um greiðslu á kostnaði við viðhald eða endurnýjun þess.

Notandinn greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber skráður notandi mælitækisins ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera þó hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda mælitækis fyrir sameiginlegri notkun verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

2) Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina.

Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

3) Ef fram kemur við prófun, sem rafveitan framkvæmir að eigin frumkvæði, eða skv. beiðni notanda, að mælitækið mæli skakkt, skal það leiðrétt þannig:

Hafi mælitækið mælt 5% of lítið eða þaðan af minna, skal krefja notandann um það, sem vanmælt var.

Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé. Endurgreiðslu getur notandi ekki krafist fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um viðbótarkröfu rafveitunnar, enda hafi ekki verið ljóst að um bilun mælitækis hafi verið að ræða.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir. Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins.

4) Nú hættir skráður notandi mælitækis notkuninni og skal hann þá í tæka tíð tilkynna það rafveitunni, sem annast um að lokaálestur fari fram. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því og eigi hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefir verið um nafn nýs notanda. Nú mælist engin notkun um mælitækið um langt skeið, og er rafveitunni þá heimilt að fjarlægja tækið og láta loka viðkomandi raflögn.

Óski notandi eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, má taka aukagjöld skv. gjaldskrá fyrir enduropnun hennar og fulla leigu fyrir mælitæki þann tíma, sem veitan er ekki í notkun.

5) Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

6) Ef svo reynist, að notkun hefir orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, má rafveitan leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.

7) Verði upplýst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að

raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla óleyfilega notkun fyrir það tímabil, sem óleyfileg notkun hefir átt sér stað, og skal notandi gjalda fyrir hana eftir gildandi gjaldskrá.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu má rjúfa samband við veituna.

15. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforkunotkun skal sendur notanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur. Skal greiða reikninginn innan 10 daga frá útsendingardegi hans.

Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá. Heimilt er að áætla raforkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur.

Við verðbreytingar á raforku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Rafveitunni er heimilt að krefja notendur um dráttarvexti af skuldum notenda frá gjalddaga þeirra.

Heimilt er að innheimta gjaldfallnar skuldir með lögtaki.

16. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé raforkureikningur eigi greiddur innan 10 daga frá gjalddaga getur rafveitan sent notanda viðvörun um stöðvun orkusölu til hans, verði greiðsla ekki innt af hendi innan þriggja daga. Að þeim tíma loknum er heimilt að taka straum af veitunni, án ábyrgðar rafveitunnar á hugsanlegum afleiðingum. Rafveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagn þegar:

a) Notandi, sem þrátt fyrir kröfu eða skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefir ekki greitt reikning fyrir notkun raforku, sem hann ber ábyrgð á og sem fallinn er í gjalddaga.
b) Ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c) Notandi hefir gerst brotlegur við reglugerð þessa eða reglur um tæknilegan frágang raforkuvirkja og lagna.

Lokun fyrir rafstraum leysir notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1) Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd og
2) Greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá og
3) Trygging sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

17. gr.
Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslu hefir ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu fyrir rafveituna, en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim og eigi heldur af bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitu rafmagnsnotenda. Rafveitan má loka fyrir straum til viðgerðar og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götulagnir er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Þurfi að takmarka notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, að tillögum rafveitustjórnar, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið rofinn fyrirvaralaust.

18. gr.
Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutninga eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun er notandi byrjar á skv. tilteknum lið gjaldskrá rafveitunnar, er bindandi fyrir hann a. m. k. í 1 ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem fullreyndir eru á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á. Tilkynning um breytingu á notkun þannig að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlið skal senda rafveitunni með mánaðar fyrirvara. Hið sama gildir þegar um uppsögn á raforkunotkun er að ræða. Tilkynning um flutning notanda frá einum notkunarstað til annars skal berast skrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara. Skal þá, ef unnt er, gefa upp nafn og nafnnúmer þess notanda, sem hættir notkun, og þess sem tekur við notkun viðkomandi húsveitu.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni, og hefir sagt henni upp með réttum fyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að notandaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt til rafveitunnar, ber honum að gera rafveitunni aðvart um það án tafar.

19. gr.
Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir raforkunotkun, getur notandi krafist þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð rafveitustjórnar.

20. gr.
Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari varða sektum.

Með þau skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð nr. 190, dags. 29. nóv. 1940.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Páll Flygenring.

Nr. 459. 1. nóvember 1979.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

1. gr.

Sveitarfélögin Egilsstaðahreppur í Suður-Múlasýslu og Fellahreppur í Norður-Múlasýslu eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella og á heimili og varnarþing í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu.

Fyrirtækið er stofnað með sameignarsamningi gerðum milli sveitarfélaganna hinn 22. mars 1979, þar sem kveðið er á um stjórn þess og skipulag. Er fyrirtækið sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Veitusvæði fyrirtækisins tekur yfir lögsagnarumdæmi beggja sveitarfélaganna, og gildir reglugerð þessi um allt veitusvæðið, nema annars sé sérstaklega getið.

2. gr.

Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði fyrirtækisins.

Stjórn fyrirtækisins getur þó heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

3. gr.

Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Hafa skal samráð við sveitarstjórn um skipulag dreifikerfis og leitað staðfestingar hennar á staðsetningu lagna.

Í húsinu leggur hitaveitan lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og mælir eða hemill eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

4. gr.

Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkrafið húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum eftir almennum skaðabótareglum.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituæðina.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðagjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldins, ef hitunarkerfi hússins er breytt og það tengt hitaveitu innan 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðagjaldi fyrir tilsvarandi húsnæði. Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur heimæðagjald, samkvæmt gildandi verðskrá, við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis.

6. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjórnar.

7. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tengingar skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

9. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn er heimilt að nota það til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv. þar til öðruvísi verði ákveðið. Skal húseigandi sjá um að leiða afrennslisvatnið í frárennsliskerfi hússins. Nýting hitakerfis húsa skal vera það góð að hitastig afrennslisvatnsins frá kerfinu sé ekki hærri en 35°. Hitaveitustjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði varðandi eldri hitakerfi.

10. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra eða umboðsmanns hans, og skulu teikningar fylgja.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

11. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrætti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

12. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera skv. íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn skv. íslenskum staðli ÍST 64.

Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

13. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

14. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni hitaveitunnar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna skal áður en hann hefst handa rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasöfnunum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera tiltækur á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða kerfið sé rétt útreiknað.

15. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir lögum um iðju og iðnað. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa og samþykkta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Ef skipt er um ábyrgðarmenn, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminn-

ingu. Ennfremur getur hitaveitustjórn samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

16. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, og aðrar reglur og lög er gilda um byggingarmál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi, og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja, og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja að stjórntæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

17 gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

18. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg.

Þrýstiprófa skal hitalagnir fyrir 8 kg/cm^2 áður en þær eru teknar út. Hitaveitustjórn er heimilt að ákveða lægri þrýsting á eldri lögnum.

19. gr.

Stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella setur hitaveitunni gjaldskrá í samræmi við ákvæði sameignarsamnings, og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Heimæðagjöld verða gjaldkræf eftir því sem segir í 5. gr., en neyslugjöld eftir ákvæðum gjaldskrár.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Reikninginn ber gjaldanda að greiða þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka aðrennsli að húsi, sem vangreitt er af.

Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

20. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælar og öryggisloki samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufa) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu, samkvæmt nánari fyrirmælum hitaveitustjóra.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitustjóra. Skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið. Frá þenslukerum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

21. gr.

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð hemla sem nota skal og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar og innsiglar þá. Hemlar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður hemill fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun. Sama gildir, ef hemill eyðileggst af völdum frosta.

Ef maður rýfur innsigli hemils varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Notandi hemils er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem hemillinn er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á hemlinum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt hitaveitunni upp eða tilkynnir flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna innheimtuskrifstofu með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun hemils að mesta skekkja sé $+$ $\div$ 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði.

Öll þau ákvæði sem hér eru talin, um hemla, skulu gilda jafnt um mæla, ef selt er samkvæmt mælataxta, að því undanskildu að reynist mælir mæla skakkt, skal leiðrétta reikninga í samræmi við það, þó ekki lengur en 2 mánuði, nema sannað sé, að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og hreppsnefndum Egilsstaðahrepps og Fellahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Páll Flygenring.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa, sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september til 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a. Samkvæmt magnhemli kr. 7 247.00 fyrir hvern mínútulítra á mán.
b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 251.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklegastaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, skv. mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6 gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr. er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum (fjósum) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald.

Heimæðagjöldin eru miðuð við þátttöku húseigenda í stofnkostnaði heildar veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitunni eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu: (Húsnæðið hefur verið hitað með vatnskerfi) $H_a = F_a + B_a \times V$.

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. V táknar rúmmál (utan) viðkomandi húsnæðis í m^3. F_a táknar fastagjald í krónum. B_a táknar gjald á hvern rúmmetra í krónum.

Miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1979 verður

$F_a = 300\,000.00$ krónur.

$B_a = 350.00$ krónur /m^3.

b) Af nýju húsnæði og breytingu/endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun skal reikna heimæðargjald samkvæmt jöfnu í a.lið, en samkvæmt byggingarvísitölu 1. mars 1979, reiknast

$F_b = 375\,000.00$

$B_b = 438.00/m^3$.

í þessum gjaldskrárlið.

c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnað lagna vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt a og b lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{S \div K \div 0.02 \times S}{0.08}$$

H táknar hér heimæðargjald fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. S táknar stofnkostnað lagna að viðkomandi húseign en ef þær nýtast fyrir fleirri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseigna í þeim.

K táknar áætlaðan sparnað í kyndingarkostnaði viðkomandi húsnæðis og $0.02 \times S$ er reksturs og viðhaldskostnaður viðkomandi lagna. Þetta heimæðargjald

er við það miðað að arðsemi allrar viðbótarfjárfestingar hitaveitunnar sé minnst 8% og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en um segir í a og b lið.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðargjöldum reiknuðum samkvæmt ofangreindri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal þá heimæðargjald reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{Hn}{F_a \times n + B_a \times V_n} \times (F_a + B_a \times V)$$

Hn táknar samanlögð heimæðargjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi. N táknar fjölda heimæða eða/hemlagrinda. V_n samanlagt rúmmál (utan) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði.

H og V tákna eins og um er getið í a og b lið.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðagjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins, ef hitunarkerfi hússins er breytt og tengt hitaveitu innan 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarandi húsnæði samkvæmt b lið 7. gr.

Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% heimæðagjald við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis. Eftirstöðvar skal greiða við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma. Gjaldfrestur eftirstöðva verði þó ekki lengri en tvö ár frá útgáfu byggingaleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðagjöld, vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðagjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1979 280 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira, en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af Iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 461. 1. nóvember 1979.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI.

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 8.80 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 80.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 510.00.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 9 560.00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september — 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 360.000.00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 290.00

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að af tengingu getur orðið:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmm. húsnæðis kr. 500.000.00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 430.00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greina rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m^3.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 8 500.00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1979, 309 stig.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunaar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 20. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 462. 1. nóvember 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. des. 1971 um raforkuvirki.

1. gr.

Ákvæði § 338 um baðherbergi í íbúðar- og gistihúsum eru úr gildi felld. Í staðinn koma ný ákvæði svohljóðandi:

§ 338 Baðherbergi.

a. Baðherbergi í íbúðum og gistihúsum.
Ákvæðin í þessari grein eiga einnig við um steypibaðklefa.

a) Fastalagnir

1. Í huldar lagnir má nota einangraðar taugar í pípum úr plasti.
Utanáliggjandi lögn verður að vera með einangrandi hulu, og má nota plaststreng eða einangraðar taugar í plastpípum, en þær má þó aðeins nota utan bleytusvæðis. Tengidósir skulu vera úr einangrunarefni.
Nota má plaststrengi með málmhlíf innan ystu einangrunarhlífar, málmhlífin skal vera jarðtengd. Ekki má nota streng með ystu hlíf úr málmi.
Með bleytusvæði er átt við svæði þar sem búast má við slettum eða ýrum.
2. Raflögn til annarra herbergja eða staða má ekki leggja um baðherbergi.
Þetta felur ekki í sér bann við pípulögn inni í veggjum eða lofti enda sé gætt ákvæða 3. tölul., 3. mgr. Við endurnýjun eldri lagna er heimilt að leggja til annarra staða gegnum baðherbergi, sé það óhjákvæmilegt. Skal slík lögn vera utan hlífðarsvæðis og lögð með lofti án samsetninga innan baðherbergisins.
3. Á hlífðarsvæði má ekki leggja raflögn utan á eða inni í vegg, nema að staðbundnu, fasttengdu neyslutæki.
Hið sama gildir um lampa við spegil. Slík fastalögn skal, ef tengistaður er ofar en baðkerisbrún, koma lóðrétt ofan frá, eða frá bakhlið en aldrei á ská. Sé tengistaður slíks fasttengds tækis fyrir neðan baðkersbrún, má aðeins leggja að því lóðrétt neðan frá eða frá bakhlið.
Hlífðarsvæði táknar svæði í kringum baðker eða steypibaðskál afmarkað af lóðréttri línu í 0.6 m fjarlægð frá brún baðkers eða steypibaðskálar og láréttri línu í 2.25 m hæð frá gólfi. (Sk 338-1).
Inni í vegg eða veggjum, í gólfi eða lofti, innan hlífðarsvæðisins, má

raflögn eða búnaður ekki vera nær þeim fleti, sem veit inn í baðherbergið, en 6 cm.

Með ákvæðum, a)1.—a)3, er leitast við að koma í veg fyrir, að festingar fyrir handföng, slár, króka eða þess háttar geti skemmt einangrun raftauga og orðið spennuhafa.

b) Rofar og tenglar.

1. Utanáliggjandi rofar og tenglar skulu hafa umgerð úr einangrunarefni. Rofar og tenglar mega ekki vera innan hlífðarsvæðisins í kringum baðker eða steypibað. Þetta gildir einnig um rofa eða tengla, sem innbyggðir eru í spegilljós. Undanþegnir þessu eru þó innbyggðir rofar í öðrum neyslutækjum skv. a) 3.

Málmlok má því aðeins vera á innfelldum rofum og tenglum, að fullnægjandi einangrun sé innan loks.

2. Tenglar í baðherbergjum mega vera sem hér segir:

2.1 Tengill með hlífðarsnertu. Fyrir slíkum tengli skal hafður lekastraumsrofi með marklekastraumi, sem ekki er yfir 30 mA.

2.2 Tengill fyrir varnarsmáspennu, skv. § 205, eða tengill tengdur við einangrunarspenni skv. § 206.

2.3 Tengill af viðurkenndri gerð fyrir rakvélar, tengdur við aðskilda straumrás, skv. § 206. Spenna á tenglinum eftirvafsmegin má hæst vera 220 V og í sambandi við hann skal vera búnaður, sem takmarkar álag á hann við 30 VA í hæsta lagi. Tengillinn sé merktur á þann hátt, sem ótvírætt sýnir, að um rakvélatengil sé að ræða.

c) Neyslutæki

1. Neyslutæki, svo sem þilofnar, lampar o. þ. h., skulu vera utan bleytusvæðis við steypibaðdreifara eða baðker. Þurfi að víkja frá þessu skulu neyslutækin vera skvettvarin, IPX4, að minnsta kosti.

2. Lampahöldur mega ekki vera með innbyggðum rofa. Í baðherbergjum skulu lampar vera staðbundnir, þ. e. ekki færanlegir.

Mælt er með lömpum er fullnægja skilyrðum um hlífðareinangrun.

3. Geislahitarar skulu settir a. m. k. 2 m yfir gólfi (Sk. 338—1).

Sé nauðsynlegt að geislahitari sé settur yfir baði skal hann vera fyrir ofan hlífðarsvæðið, í minnst 2.25 m hæð.

4. Nota má lausataugar sem samþykktar eru fyrir hverja tegund tækja.

Framlengingarsnúrur, snúrutenglar o. þ. h. eru ekki leyfðir.

d) Annar búnaður.

1. Tengidósir og kassar skulu vera úr einangrandi efni.

2. Aðaltöflur eða greinitöflur mega ekki vera í baðherbergjum.

e) Merkja- eða kallkerfi.

Merkja- eða kallkerfi mega því aðeins vera innan hlífðarsvæðis, að þau séu varin með varnarsmáspennu með 24 V eða lægri málspennu.

f) Spennujöfnunartenging.

1. Baðker, steypibaðskál, afrennslis- og yfirfallspípur, neysluvatnspípur og aðrar pípulagnir úr leiðandi efni skulu tengdar saman með spennujöfnunartaug, sbr. 2. lið.

Þetta skal gert jafnvel þótt engin raflögn sé í baðherberginu.

2. Spennujöfnunartaugin skal vera að minnsta kosti 6 mm^2 Cu að gildleika.

3. Þar sem beitt er varnarráðstöfun með hlífðarleiði skal tengja sameiginlega spennujöfnunartug baðherbergisins við hlífðartaugar neysluveitunnar í einhverjum höfuðtengistað hlífðartauga, t. d. töflu, enda sé hlífðartaug sú, er liggur að þeim stað, a. m. k. 6 mm^2 að gildleika.

Til tryggingar því að þessi ákvæði nái fram að ganga, er nauðsynleg samvinna þeirra er annast raflögn, pípulögn, múr- og tréverk.

B. Önnur baðherbergi.

Skilgreining.

Eftirfarandi ákvæði gilda um baðherbergi í almenningsbaðhúsum, svo sem í íþróttahúsum, á sundstöðum, vinnustöðum, sjúkrahúsum, heilsu- eða endurhæfingarhælum o. s. frv.

a) Um þessa staði gilda ákvæði § 335 um blauta staði. Ákvæðin í § 338 A skv. a)3., b)1. og f) gilda einnig um staði, sem hér um ræðir.

b) Um baðherbergi og -rými, sem notuð eru í lækningaskyni, gilda jafnframt ákvæði samkvæmt § 338 A og eftir því sem við á § 334 og 335 svo og önnur sérákvæði, sem Rafmagnseftirlitið kann að setja.

Í því sambandi er einkum höfð hliðsjón af þýskum og bandarískum reglum, þ. e. VDE 0107 og NEC Article 517.

C. Hitaböð (Sauna og gufuböð)

1. Almenn ákvæði:

1.1 Við val og staðsetningu raflagna og rafbúnaðar, skal tekið sérstakt tillit til hins háa hitastigs sem um er að ræða.

1.11 Sá rafbúnaður, sem er í yfir 1 m hæð frá gólfi skal vera gerður til að þola a. m. k. 125° C hita, og lagnir eða taugar a. m. k. 170° C.

1.12 Varðandi þennan rafbúnað og raflagnir, sem eru í minna en 1 m hæð frá gólfi, og ekki tilheyra saunaofninum, eru engar sérstakar kröfur gerðar vegna hitastigs herbergisins.

Hitastigið 125°C miðast við umhverfishitastigið en 170°C eru miðaðar við hámarkshitastig á lagnir með álagi.

1.2 Engar aðrar raflagnir eða raftæki en þau, sem tilheyra baðstofuofninum, mega vera innan 0.5 m láréttrar fjarlægðar frá ofninum.

Ef um óvenju mikla hitageislun er að ræða, getur verið nauðsynlegt að auka þessa fjarlægð.

1.3. Ef um er að ræða hitaböð með raka eða bleytu (gufuböð), gilda ákvæði í §§ 334 og 335 auk ákvæða þessarar greinar eftir því sem við á.

2. Fastar lagnir.

2.1 Í utanáliggjandi lagnir má með hliðsjón af §§ 1.1 og 1.2 nota eftirtalið efni:

Strengi með einangrandi kápu, sem samþykktir eru í innanhússlagnir.

Strengi með ystu hlíf úr málmi skal ekki nota, en nota má plaststrengi með jarðtengdri málmhlíf innan yztu plastkápu.

2.2. Í **huldar lagnir** má, með hliðsjón af 1.1 og 1.2, nota eftirfarandi:

— innanhússstrengi í pípum samkvæmt 2.1.

— ídráttartaugar í pípum.

Ákvæðin eiga við um hulda lögn, sem liggur á heitari hlið einangrunar baðstofunnar.

3. Lausataugar

Hreyfanlegar aðtaugar skulu a. m. k. vera venjulegar lausataugar CEE(2)53 eða samsvarandi. Lausataug fyrir saunaofn eða annað hitatæki skal þó vera minnst CEE(2)61. Ekki má nota framlengingartaugar.

Undanþága:

Á hreyfanlega aðtaug að staðbundnu tæki má einnig nota fínþættar hitaþolnar taugar (CEE(02)03 eða samsvarandi) í málmbarkapípu.

4. Rafbúnaður.

4.1. Rafbúnaður, þ. e. tengidósir, rofar, tenglar o. s. frv., skal a. m. k. vera skvettvarinn, IPX4, og hafa umgerð úr einangrunarefni.

Undanþága:

Notkun annars rafbúnaðar með umgerð úr leiðandi efni getur verið leyfileg, enda sé þá beitt sérstakri varnarráðstöfun einnig við umgerðina skv. reglum §§ 203--211.

4.2 Greinitöflur, mælar, tenglar, sérstakir stýrirofar o. þ. h. skulu ekki vera í baðstofum.

4.3 Rafbúnaður skal gerður úr tæringarþolnu efni eða hafa fullnægjandi tæringarvörn.

5. Neyslutæki.

5.1 Neyslutæki skulu vera a. m. k. skvettvarin, IPX4. Lampabúnaður má þó vera dropavarinn, IPX1.

5.2 Hreyflar skulu vera af hlífðarflokki IP 44.

5.3 Neyslutæki skulu vera fasttengd. Sé þörf á að nota lausataug, skal hún höfð sem styst.

5.4 Lampabúnaði skal þannig fyrir komið, að hann valdi ekki verulegri hækkun hitastigs á aðliggjandi hlutum úr brennanlegu efni. Ekki má nota lampabúnað með stærri glólömpum en 150 W.

Til þess að fullnægja þessu ákvæði (að öðru leyti en varðar lampahölduna), skal lampabúnaður settur a. m. k. 100 mm frá brennanlegum byggingarhlutum o. þ. h. Lampabúnað með glólömpum yfir 100W má ekki fella inn í hólf í lofti eða vegg eða bak við hlífar.

5.5 Flúrlampa má ekki setja í meira en 1 m hæð yfir gólfi.

Undanþága:

Flúrlampa má þó setja í meiri hæð, ef straumfestubúnaðurinn er utan baðstofunnar.

6. Önnur ákvæði.

6.1 Tengibúnaður sem notaður er til að tengja baðstofuofninn við hina föstu raflögn, má ekki vera í meiri hæð yfir gólfi en 0,5 m, ef lárétt fjarlægð til ofnsins er minni en 0.5 m.

6.2 Fyrir ofninn skal vera varnarrofi gegn ofhitun og skal hann rjúfa allan straum af honum. Þegar um er að ræða sérstakan hitaskynjara, má hann ekki vera í minni fjarlægð frá lofti en 0.3 m og má ekki vera þannig staðsettur, að loftræsting geti haft veruleg áhrif á verkun hans.

6.3 Rofi til varnar gegn ofhitun og skynjari hitastillis skulu þannig uppsettir, að þeir verði ekki huldir eða í hættu af áverkum, sbr. § 278.

6.4 Fyrir rafmagnshitaðan baðstofuofn skal vera tímarofi, þannig að ofninn sé aldrei tengdur samfellt lengur en 12 tíma í senn. Sjálfvirk innsetning má í fyrsta lagi verða að 6 tímum liðnum. Handvirk innsetning má vera fyrr, ef ástæða er til.

Undanþága:

Krafa um tímarof gildir ekki um baðstofuofna á almenningsbaðstöðum o. þ. h., þar sem ofninn er undir stöðugu eftirliti. Skilyrði er þó, að gaumlampi sýni, þegar ofninn er í rekstri.

2. gr.

Ákvæði § 342. Bílgeymslur eru úr gildi felld. Í staðinn koma ný ákvæði svohljóðandi:

§ 342 Bílgeymslur og bílaverkstæði.

a) Ákvæðin í þessari grein gilda um bílgeymslur og bílaverkstæði, þar sem meðhöndlun bensíns eða annarra álíka eldfimra vökva fer að jafnaði ekki fram. Einnig gilda ákvæðin um minni háttar flugvélageymslur, þar sem flug-

vélar eru aðeins geymdar, en engar viðgerðir fara fram og að jafnaði ekki heldur meðhöndlun eldfimra vökva.

b) Raforkuvirki skulu vera í samræmi við ákvæði § 337 um brunahættustaði og ennfremur hlíta ákvæðum um þurra, raka eða blauta staði, eftir því sem við á.

c) Vinnugryfjur.
Raflagnir og búnaður í kjöllurum og vinnugryfjum séu samkvæmt ákvæðum um sprengihættustaði.
Sérstök ákvæði um sprengihættustaði hafa enn ekki verið sett í reglugerð en leita ber til RER um úrskurð, þar til reglur hafa verið gefnar út.

d) Sérákvæði um bílgeymslur íbúðarhúsa fyrir 1 til 2 bíla.
Að öðru leyti en segir í þessum lið gilda ákvæði stafliða a) til c).
Ekki eru gerðar frekari kröfur um vatnsvörn en fram kemur hér á eftir, nema sérstakar ástæður, svo sem óvenjuleg gerð eða notkun bílgeymslunnar, komi til.

1. Í huldri pípulögn í lofti og veggjum ofan 1.5 m hæðar má nota venjulegar dósir til tengingar lampabúnaðar. Í strenglögn skulu tengidósir vera a. m. k. dropavarðar, IPX1, einnig fyrir annað en lampabúnað.
2. Lampabúnaður á lofti og veggjum ofan 1.5 m hæðar má vera af venjulegri gerð.
3. Tenglar og rofar skulu vera a. m. k. í 1.0 m hæð og a. m. k. dropavarðir, IPX1.
4. Önnur neyslutæki, svo sem þilofnar og hreyflar, skulu vera a. m. k. dropavarin, IPX1.
5. Töfluskápar skulu vera lokaðir samkvæmt hlífðarflokki IP2X, enda sé hæð frá gólfi að neðri brún töflu ekki minni en 1.5 m.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60 31. maí 1979, til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Páll Flygenring.

Nr. 463. 25. september 1979.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Peder Jakob Steffensen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. september 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Peder Jakob Steffensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Peder Jakob Steffensen.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Peder Jakob Steffensen, sem fæddur var í Naversborg, Ösnes, Noregi, 5. janúar 1884, dáinn 22. desember 1952.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins skulu verða allar eignir frú Sigríðar Guðfinnu Kristjönu Þórðardóttur Steffensen að henni látinni, samkvæmt erfðaskrá hennar dags. 1. febrúar 1977.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Anna Steinunn Sigurðardóttir, Drápuhlíð 39, Reykjavík og Marteinn Skaftfells, Hamrahlíð 5, Reykjavík svo lengi sem þeirra nýtur við.

Eftir að þau hafa látið af stjórn skipar stjórn Dýraverndunarfélags Reykjavíkur tvo menn í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað á sem tryggastan hátt. Reikninga hans skal gera upp árlega og endurskoða af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit svo og annað fé er stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá að stuðla að dýravernd og dýraverndunarmálum hvers konar, þar á meðal með útbreiðslustarfsemi, einkum útgáfu blaðsins „Dagur dýranna".

8. gr.

Í samræmi við ofangreindan tilgang má verja öllum vöxtum af eignum sjóðsins, en höfuðstól hans má ekki skerða.

9. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

21. nóvember 1979. Nr. 464.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur Yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1) Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellshreppi) skal matsverð íbúðarhúsnæðis hækka um 60% og verður framreikningsstuðull að því leyti 1.60. Matsverð atvinnuhúsnæðis skal hækka um 55% og verður framreikningsstuðull þar 1.55. Matsverð lóða og landa skal hækka um 55% og verður framreikningsstuðull þar 1.55.
2) Utan höfuðborgarsvæðisins skal matsverð fasteigna hækka um 50% og ákveðst framreikningsstuðull að því leyti 1.50.
3) Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur framkvæmt á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1979.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 405/1978 frá 14. nóvember þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Gunnlaugur Claessen.

Nr. 465. 7. nóvember 1979.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291 29. maí 1979.

1. gr.

Við 5. gr. bætist nýr stafliður:

k. Verð lyfja skal ávallt rita á lyfseðil. Verð umbúða samkvæmt reglum lyfjaverðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

2. gr.

6. gr. stafliður h orðist svo:

h. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið hefur verið afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

3. gr.

7. gr. stafliður a orðist svo:

a. Lyfseðlar eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.

4. gr.

7. gr. stafliður b orðist svo:

b. Lyfseðill gildir aðeins fyrir eina afgreiðslu. Þegar lyf er afgreitt eftir lyfseðli skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal getið á lyfseðlinum.

5. gr.

10. gr. stafliður o, liður V orðist svo:

o. Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín:
„Venjulegur dagskammtur: 400 a. e.“ Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín og A-vítamín:
„Venjulegur dagsskammtur A-vítamíns: 5 000 a. e.
Venjulegur dagsskammtur D-vítamíns: 400 a. e.“

6. gr.

Við 10. gr. staflið o bætist nýr liður, XI svohljóðandi:

XI. Lyf í fljótandi formi, sem innihalda hexaklórófen í meira magni en 0.1% skal auðkenna með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „Gætið þess, að lausnin komist ekki í vit, sár eða fleiður.“

7. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við Viðauka 1 við reglugerðina (Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Chlorquinaldolum	Pasta, smyrsli	Ekki yfir 50 mg/g	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 7. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. október 1979 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað þess að ætla landspildu þá, sem takmarkast af Rauðagerði að sunnan, Tunguvegi að austan en Miklubraut að norðan undir útivistarsvæði, skuli hún hér eftir ráðgerð undir einbýlishús, nema vestasti hlutinn, sem ætlaður er undir iðnað.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum í 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns í Suður-Múlasýslu, nr. 240 25. maí 1977.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 124 7. mars 1978.

Samgönguráðuneytið, 19. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruflutninga með loftförum nr. 51 27. febrúar 1976.

1. gr.

4. gr. töluliður 4.3 orðist þannig:

Við flutning lifandi dýra skal hafa hliðsjón af reglum Alþjóðasambands flugfélaga — International Air Transport Association — með síðari breytingum og viðaukum, IATA Live Animals Manual (IATA LAM). Flugmálastjórn tilkynnir gildistöku nýrrar útgáfu IATA LAM og einnig hvar eintak er fáanlegt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

29. október 1979. Nr. 469.

AUGLÝSING

Um umferð á Húsavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umfl. nr. 46 frá 23. apríl 1968 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Húsavík.

1. Þverholt hafi aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum. — Umferð um Þverholt skal víkja fyrir umferð um Stangarbakka með stöðvunarskyldu. — Við allar botngötur komi merkið D 8. — Múlavegur skal hafa biðskyldu gagnvart Garðarsbraut og Stangarbakka.
2. Stangarbakki (Mararbraut), Héðinsbraut skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart öllum hliðargötum.
3. Hjarðarhóll skal hafa stöðvunarskyldu gagnvart Garðarsbraut.
4. Uppsalavegur hafi aðalbrautarrétt gagnvart Holtagerði með biðskyldu.
5. Afnumið verði bann við akstri vörubifreiða um Túngötu og Höfðaveg.
6. Frá 1. nóvember 1979 falli niður biðskylda Túngötu fyrir Árgötu og jafnframt verði Túngata gerð að tvístefnuakstursgötu.
7. Stöðvunarskyldu Baldursbrekku fyrir Héðinsbraut verði breytt í biðskyldu.
8. Garðarsbraut hafi biðskyldu fyrir Stangarbakka.
9. Sett verði merki, B 30, (U-beygja bönnuð), á gatnamót Baldursbrekku og Héðinsbrautar.
10. Sett verði merki B 24 (bannað að stöðva ökutæki), á gafl gömlu söludeildar K.Þ. við Garðarsbraut.

11. Sett verði merki B 21 (bannað að leggja ökutæki), á Garðarsbraut frá Miðgarði að Vallholtsvegi, eftir 1. nóvember 1979.
12. Sett verði merki skv. 27. gr. reglugerðar um umferðarmerki á Stangarbakka við enda Þverholts til aðvörunar fyrir ökumenn um breytta akstursstefnu.

Lögreglustjórinn á Húsavík, 29. október 1979.

Sig. Gizurarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1979

6. nóvember 1979. 909 Nr. 470.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

Stjórn, rekstur, söluskilmálar og almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið Rafveitunnar.

Rafveita Húsavíkur er fyrirtæki í eigu Húsavíkurkaupstaðar, sem starfrækt er í þeim tilgangi að veita og selja raforku um orkuveitusvæðið.

Er rafveitan rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og fjárhagur hennar aðskilinn frá fjárreiðum bæjarsjóðs.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveitan kaupir háspennta raforku og selur hana á lægri spennu til notenda á orkuveitusvæði sínu. Jafnframt getur hún annast minni háttar orkuvinnslu með eigin vélbúnaði eftir því sem henta þykir.

Rafveitan hefur einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu, sem er lögsagnarumdæmi Húsavíkur.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Húsavíkurkaupstaðar er í höndum bæjarstjórnar, en orkunefnd fjallar um öll mál, sem rafveituna varða og gerir tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftir því sem við á.

Bæjarráð fjallar um allar fastráðningar starfsmanna til rafveitunnar að fenginni umsögn orkunefndar og rafveitustjóra.

Bæjarráð skipar rafveitustjóra og setur honum erindisbréf.

4. gr.

Verksvið orkunefndar.

Orkunefnd fjallar um viðhald og umbætur og allt er að starfrækslu rafveitunnar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Nefndin skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar með ársreikningum bæjarsjóðs fyrir bæjarstjórn til úrskurðar.

Orkunefnd gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrár fyrir rafveituna.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu rafveitunnar, eftirlit, viðhaldi á veitukerfi og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum er snerta hana.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Hann hefur umsjón með raflögnum í bænum í samræmi við lög og reglugerðir og sér um taxtamat, notendaþjónustu, innkaup á efni, samskipti við aðra aðila raforkuiðnaðarins o. fl. sem að rekstrinum lýtur.

6 gr.
Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Húsavíkur hefur sjálfstæðan sjóð sem aðskilinn er frá öðrum sjóðum Húsavíkurkaupstaðar eða fyrirtækjum hans.

Skrifstofa Húsavíkurkaupstaðar sér um bókhald rafveitunnar en rafveitustjóri fylgist með stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma og sér um að bókhald rafveitunnar sé rétt og tímanlega fært.

Tekjum rafveitunnar skal fyrst og fremst varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði hennar svo sem kostnaði vegna orkukaupa, mannahalds, viðhalds o. s. frv., en tekjuafgangi skal varið til uppbyggingar fyrirtækisins. Skal gjaldskrá jafnan miðuð við það að rafveitan skili nægilegum arði til þess að jafnan sé hægt að mæta nýjum kröfum notenda um stærra og öruggara dreifikerfi.

Heimilt er að leggja fé rafveitunnar í framkvæmdasjóð, ef hentugt þykir til undirbúnings kostnaðarsamra áfanga í uppbyggingu hennar.

7. gr.
Löggilding rafverktaka.

Orkunefnd veitir þeim rafverktaka leyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum rafveitunnar, en heimilt er henni að ákveða, að löggilding til starfa á öðrum orkuveitusvæðum gildi einnig á Húsavík enda sé þá um að ræða gagnkvæm réttindi þeirra manna sem orkunefnd hefur sérstaklega löggilt.

Heimilt er að ákveða í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa fullgilt rafverktakaleyfi, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk er snertir veitur, sem tengja á við kerfi rafveitunnar.

8. gr.
Sala raforku.

Rafveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í samræmi við sérreglur um raforkuvirki og gjaldskrár hennar á hverjum tíma.

Orkunefnd getur synjað um raforku til húshitunar. Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki hið umbeðna afl án sérstakra ráðstafana, ákveður rafveitustjóri nánari skilmála.

Ef rafveitan telur nauðsynlegt, að komið verði upp raforkuvirkjum, þ. m. t. spennistöð, í hús eða á lóð viðkomandi húseignar í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal rafveitunni látið í té húsrými með sérstökum samningi eða ókeypis lóð. Hér er miðað við, að um meiri háttar notkun sé að ræða.

Rafveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni og að tryggja uppsetningu hennar og óslitinn rekstur með þinglýsingu á kvöð þess efnis.

Rafveitan getur neitað að láta raforku í té til fjarliggjandi staða eða til staða, þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega spennistöð og lóð eða aðstöðu fyrir stólpa eða festur fyrir raflínur án endurgjalds, og á þetta eingöngu við um stóra notendur. Óski rafveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað rafveitunnar. Á sama

hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og rafveitan hefur samþykkt.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út þar til ætlað umsóknareyðublað, er fæst á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig, með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, ef ekki er sérstaklega um annað samið þótt heimtaugargjald hafi verið greitt í samræmi við gjaldskrá.

Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu.

Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggilta rafverktaka framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Annast þeir fyrir hönd húseiganda eða notanda umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir á Húsavík. Rafveitan annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum skv. beiðni eða að eigin frumkvæði.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu, eða hluta af veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og hinn löggilta rafverktaka, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun hennar verði ekki veitukerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að vera á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við veitukerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði, að greitt sé lágmarksgjald, sem svari til þess kostnaðar, sem rafveitan verður fyrir vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af Rafveitu Húsavíkur, er óheimil án leyfis hennar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglum rafveitunnar um raforkuvirki.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað, á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af rafveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafverktaka gera við gallana á sinn kostnað.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af rafveitunni.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið sé í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins og reglugerðum rafveitunnar.

14. gr.

Mælitæki.

1) Rafveitan setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis rafveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra, ef það þykir hentugra að dómi rafveitustjóra, en í samráði við húseiganda.

Starfsmenn rafveitunnar skulu ætíð hafa aðgang að mælitækjum, og þeir einir mega rjúfa innsigli þeirra. Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjunum og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir rafveitunni um það skv. 19. grein. Rafveitan annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Notandinn greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber skráður notandi mælitækisins ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera þó hver um sig ábyrgð á greiðslum þessum in solidum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda mælitækis fyrir sameiginlegri notkun verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

2) Ef fram kemur við prófun, sem rafveitan framkvæmir að eigin frumkvæði eða skv. beiðni notanda, að mælitæki mælir skakkt, skal endurgreiða orkunotkun notandans. Hafi mælitækið mælt 5% of lítið eða þaðan af minna skal krefja notandann um það, sem vanmælt var. Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé. Endurgreiðslu getur notandi ekki krafist fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um viðbótarkröfu rafveitunnar, enda hafi notanda ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða. Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitæki bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir. Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins og er hann bindandi fyrir báða aðila.

3) Nú hættir skráður notandi mælitækis notkuninni, og skal hann þá í tæka tíð tilkynna það rafveitunni, sem annast um að lokaálestur fari fram. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og nafnnúmer nýs notanda.

Nú mælist engin notkun um mælitæki um langt skeið, og er rafveitunni þá heimilt að fjarlægja tækið og láta loka viðkomandi raflögn.

4) Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5) Ef svo reynist, að notkun hefir orðið önnur en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6) Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerst.

15. gr.
Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan stöðvað orkuafhendingu — án ábyrgðar — að undangenginni tilkynningu skv. 17. gr., uns hæfileg trygging fyrir skilvísri greiðslu orkusölu um viðkomandi veitu hefur verið sett. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast

lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

16. gr.
Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforkunotkun skal sendur notanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur. Skal greiða reikninginn innan 10 daga frá útsendingardegi hans.

Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá. Heimilt er að áætla raforkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörsreikningur, enda getur notandi jafnan krafið aukaálestrar og uppgjörs miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á raforku má áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Einnig er heimilt að ákveða meðalverð skv. nýrri og eldri gjaldskrá sem þá ákvarðast af gildistökudegi nýju gjaldskrárinnar miðað við reikningstímabil og skal þá gengið út frá að notkunin skiptist jafnt niður á tímabilið.

Eigi skal reikna vexti af uppgjörsreikningum skv. þessari grein, en heimilt er rafveitunni að krefja notendur um dráttarvexti af ógreiddum orkureikningum, ef um langvarandi vanskil er að ræða og sérstakra innheimtuaðgerða reynist þörf.

17. gr.
Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé raforkureikningur eigi greiddur innan 10 daga frá útsendingu hans, getur rafveitan sent notanda viðvörun um stöðvun orkusölu til hans, verði greiðsla ekki innt af hendi innan þriggja daga.

Að þeim tíma loknum er heimilt að taka straum af veitunni, án ábyrgðar rafveitunnar á hugsanlegum afleiðingum.

Rafveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagn og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki, þegar:

a. Notandi, sem þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefir ekki greitt reikning fyrir notkun á raforku, sem hann ber ábyrgð á og sem fallin er í gjalddaga. Hafi notandi ábyrgð á fleiri en einni veitu, má Rafveitan beita þessu ákvæði við hverja þeirra sem er, gagnvart vanskilum vegna einnar þeirra.
b. Ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c. Notandi hefur gerst brotlegur við reglugerð þessa eða reglur um tæknilegan frágang raforkuvirkja og lagna.

Lokun fyrir rafstraum leysir notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu. Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
2. Greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá.
3. Trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald skv. gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan er ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu, skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

18. gr.
Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, að tillögum orkunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

19. gr.
Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutninga eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á skv. tilteknum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti í 1 ár. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Um gjaldtöku fyrir raforkunotkun skal farið eftir gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Tilkynning um breytingu á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlið skal send rafveitunni með mánaðar fyrirvara.

Tilkynning um flutning notanda frá einum notkunarstað til annars skal berast skrifstofu rafveitunnar með hálfsmánaðar fyrirvara. Skal þá, ef unnt er, gefa upp nafn og nafnnúmer þess notanda, sem hættir notkun, og þess sem tekur við notkun viðkomandi húsveitu.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með réttum fyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að notendaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt til rafveitunnar, ber honum að gera rafveitunni aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína, getur rafveitan beint að honum kröfum vegna ógreiddrar orkunotkunar þess aðila, er áður var notandi viðkomandi veitu.

20. gr.
Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir raforkunotkun, getur notandi krafist þess að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð orkunefndar.

21. gr.
Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef brot veldur skemmdum í eignum rafveitunnar eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann. Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.
Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. Rafveitan getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 95, 26. júlí 1948.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Páll Flygenring.

Nr. 471. 20. nóvember 1979.

AUGLÝSING

um umferð a Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Handstýrð gangbrautarljós hafa verið sett upp á Þingvallastræti á móts við Hamragerði.
2. Austursíða verður aðalbraut. Umferð um þá götu víki þó fyrir umferð um Hlíðarbraut.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:
   a. Á austurkanti Löngumýrar.
   b. Á vesturkanti Norðurgötu frá Strandgötu að Eyrarvegi.
   c. Á norðurkanti Hamarsstígs frá Þórunnarstræti að Oddeyrargötu.
4. Þá er athygli vakin á að aukaleigugjald á stöðumælareitum er nú kr. 300.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 20. nóvember 1979.

REGLUGERÐ

um flutning á hættulegum efnum og segulmögnuðum hlutum með loftförum.

— Efnisyfirlit —

1. Orðaskýringar.
2. Gildissvið.
3. Flutningsákvæði.
4. Þjálfun.
5. Gildistaka o. fl.

1. ORÐASKÝRINGAR.

1.1. Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau þá merkingu sem hér segir:

a) **AIC:** Aeronautical Information Circular — Upplýsingabréf gefið út af flugmálastjórn.

b) **Flugrekandi:** Einstaklingur eða félag sem fengið hefur leyfi samgönguráðuneytis eða flugmálastjórnar, eftir því sem við á, til þess að stunda flugrekstur í atvinnuskyni.

c) **IATA:** Alþjóðasamband flugfélaga — International Air Transport Association.

2. GILDISSVIÐ.

2.1. Þessar reglur ásamt reglum útgefnum af International Air Transport Association (IATA), IATA Restricted Articles Regulation (IATA RAR), skulu gilda við flutning á hættulegum efnum og segulmögnuðum hlutum með loftförum skráðum á Íslandi og erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir. Þær gilda einnig þegar um er að ræða loftför er hefja sig til flugs, lenda á eða fljúga yfir íslenskt yfirráðasvæði.

Ath. Flugmálastjórn tilkynnir í upplýsingabréfi AIC gildistöku nýrrar útgáfu á IATA RAR og einnig hvar eintak er fáanlegt.

2.2. Flugrekandi, sem leyfi hefur til reglubundins flugs, óreglubundins flugs (leiguflugs) og þjónustuflugs, sem tekur bæði til farþega- og vöruflutninga, má flytja hættulegar vörur án sérstaks leyfis svo framarlega sem leyfilegt sé að flytja vöruna flugleiðis, skv. IATA RAR, og farið sé eftir þeim ákvæðum sem gilda um slíkan flutning.

2.3. Flugrekanda ber skylda til að sannprófa að þeim reglum, sem gilda um flutning á hættulegum vörum í ríki sem flogið verður yfir eða þar sem lending er fyrirhuguð, sé nákvæmlega fylgt og afla sér nauðsynlegra flutningsleyfa þar sem þess er krafist.

2.4. Afla þarf leyfis flugmálastjórnar til flutninga á hættulegum efnum sem ekki er fjallað um í IATA RAR. Umsókn um slíkt skal, ef unnt er, hafa borist flugmálastjórn í síðasta lagi þremur virkum dögum áður en flutningur á að eiga sér stað og hafa að geyma fullkomnar upplýsingar um vöruna og hvernig flutningi muni háttað.

2.5. Reglur þær, sem fjallað er um í 2.4. gilda ekki um sprengiefni, skotvopn, skotfæri, eldfim efni og annað sem er nauðsynlegt vegna öryggis flugsins, áhafnar og farþega.

Ath. Dæmi um slíka hluti eru merkjabyssa með skotfærum, fallhlífarljós auk neyðar- og viðvörunarbúnaðar.

Endurprentað blað.

3. FLUTNINGSÁKVÆÐI.

3.1. Pakka skal inn hættulegum efnum, merkja þau og stafla samkvæmt reglum IATA RAR og gildandi reglugerð um vöruflutninga með loftförum.

3.2. Flugrekanda ber skylda til að ganga úr skugga um að mótteknar vörur séu merktar eins og fyrirskipað er og að sjáanlegur hluti vörusendingar fullnægi fyrirmælum um pökkun.

3.3. Vara, sem afhent er til flutninga samkvæmt reglum IATA RAR, skal í öllum farmbréfum nefnd sínu rétta tæknilega heiti. Vöruheiti, vörumerki eða aðra vörumerkingu má ekki nota eina sér. Merkja skal vöruna í þeim flokki og með því vörunúmeri sem tilkynnt er í IATA RAR.

3.4. Áður en sending, sem í eru hættuleg efni, er dæmd hæf til flugflutnings skal hlutaðeigandi flugrekandi sjá til að sendandi afhendi flutningsvottorð (Shipper's Certification) og sendingin fullnægi að öðru leyti skilyrðum IATA RAR. Upplýsingar þær, sem í flutningsvottorðum skal tilgreina, er að finna í IATA RAR, kafla 1 og 9 (ekki geislavirk efni og geislavirk efni).
Sýnishorn af flutningsvottorðum eru í fylgiskjölum 1, 2 og 3.

3.5. Flutningur geislavirks efnis skal fara fram samkvæmt flutningsreglum International Atomic Energy Agency (IAEA) frá 1973 sem eru felldar inn í IATA RAR, hluta 2B (flutningsvottorð, sjá fylgiskjal 2). Til bráðabirgða má þó flytja vörusendingar samkvæmt eldri flutningsreglum, þ. e. frá 1967, sem felldar eru inn í IATA RAR, hluta 2A (flutningsvottorð, sjá fylgiskjal 3). Athuga ber mismun á flutningsvottorðum.

3.6. Þegar hættuleg efni eru flutt með loftfari, skal magn vörunnar, flokkur og staðsetning um borð greinilega tilgreint á hleðsluskýrslu (load-sheet). Sá aðili sem ber ábyrgð á hleðslunni skal tilkynna flugstjóra um slíkt hverju sinni.

3.7. Flugstjóra skulu látnar í té skriflegar upplýsingar um tegund vöru og leiðbeiningar um aðgerðir ef slys ber að höndum. Þessar upplýsingar gætu verið í formi afrits af flutningsvottorði (Shipper's Certification), skv. 3.4. að framan.

3.8. Í neyðartilvikum skal flugstjóri tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustu, að meðferðis sé hættulegt efni, og um leið, ef mögulegt er, gefa upplýsingar um tegund efnis, magn og staðsetningu þess um borð.

4. ÞJÁLFUN.

4.1. Starfsfólk, sem meðhöndla á hættuleg efni við hleðslu eða losun á loftfari eða á meðan á flutningi stendur skal áður hafa fengið fullnægjandi þjálfun í meðferð slíkra efna og upplýsingar um þær hættur sem fyrir hendi eru við slíka flutninga.

5. GILDISTAKA O. FL.

5.1. Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. sömu laga.

5.2. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal I

SHIPPER'S CERTIFICATION FOR RESTRICTED ARTICLES
(excluding radioactive materials)

Two completed and signed copies of this certification shall be handed to the carrier. (Use block letters)

WARNING: Failure to comply in all respects with the IATA Restricted Articles Regulations may be a breach of the applicable law, subject to legal penalties. This Certification shall in no circumstance be signed by an IATA Cargo Agent, consolidator or a forwarder.

This consignment is within the limitations prescribed for: *(mark one)*

☐ both passenger and cargo aircraft ☐ only cargo aircraft

Number of Packages	Article Number (See Section IV RAR)	Proper Shipping Name of Article as shown in Section IV of the IATA Restricted Articles Regulations (RAR). Specify each article separately.	Class	IATA Packing Note no. Applied	Net Quantity per Package	Flash Point (closed cup) For Flammable Liquids	
						°C.	°F.

Special Handling Information:

I hereby certify that the contents of this consignment are fully and accurately described above by Proper Shipping Name and are classified, packed, marked, labelled and in proper condition for carriage by air according to the current Edition of the IATA Restricted Articles Regulations and all applicable carrier and governmental regulations. I acknowledge that I may be liable for damages resulting from any mistatement or omission and I further agree that any air carrier involved in the shipment of this consignment may rely upon this Certification.

Name and full address of Shipper	Name and title of person signing Certification
Date	Signature of the Shipper (see WARNING above)

Air Waybill No.*	Airport of Departure*	Airport of Destination*

Fylgiskjal II

SHIPPER'S CERTIFICATION FOR RADIOACTIVE MATERIALS

Two completed and signed copies of this certification shall be handed to the carrier.
(USE BLOCK LETTERS)

WARNING: Failure to comply in all respects with the IATA Restricted Articles Regulations may be a breach of the applicable law, subject to legal penalties. This Certification shall in no circumstances be signed by an IATA Cargo Agent, consolidator or a forwarder.

This consignment is within the limitations prescribed for: *(mark one)*

☐ both passenger and cargo aircraft ☐ only cargo aircraft

NATURE AND QUANTITY OF CONTENT				PACKAGE			
RADIONUCLIDE	FORM		ACTIVITY		CATEGORY	TRANSPORT INDEX	TYPE
NAME OR SYMBOL OF PRINCIPAL RADIOACTIVE CONTENT	SPECIAL FORM or OTHER FORMS or LOW LEVEL SOLID or LOW SPECIFIC ACTIVITY	CHEMICAL FORM AND PHYSICAL STATE (GAS/ LIQUID/SOLID)	NUMBER OF CURIES, or MILLI-CURIES	NUMBER OF PACKAGES	I-WHITE or II-YELLOW or III-YELLOW LABEL	FOR YELLOW LABEL CATEGORIES ONLY	INDUSTRIAL or TYPE A, or TYPE B(U) or TYPE B(M)

COMPETANT AUTHORITY IDENTIFICATION MARK OR NUMBER
(For Special Form, Package Design and Shipment)

ADDITIONAL INFORMATION REQUIRED FOR FISSILE MATERIALS ONLY

EXEMPTED FROM THE ADDITIONAL REQUIREMENTS FOR FISSILE MATERIALS SPECIFIED IN 8.1. OF PART 2 of the IATA RESTRICTED ARTICLES REGULATIONS ☐

NOT EXEMPTED: FISSILE CLASS I ☐ FISSILE CLASS II ☐ FISSILE CLASS III ☐

Additional certificates obtained by the Shipper when necessary:

Special Form Certificate(s) ☐ Government Approvals/Permits ☐
Type "B" Packaging Certificate(s) ☐ Special Arrangements ☐
Certificate(s) for Fissile Material ☐

Special Handling Information

I hereby certify that the contents of this consignment are fully and accurately described above by Proper Shipping Name and are classified, packed, marked, labelled and in proper condition for carriage by air according to the current Edition of the IATA Restricted Articles Regulations and all applicable carrier and governmental regulations. I acknowledge that I may be liable for damages resulting from any mistatement or omission and I further agree that any air carrier involved in the shipment of this consignment may rely upon this Certification.

Name and full address of Shipper	Name and title of person signing Certification
Date	Signature of the Shipper (see WARNING above)

Air Waybill No *	Airport of Departure *	Airport of Destination *

Fylgiskjal III

SHIPPER'S CERTIFICATION FOR RADIOACTIVE MATERIALS

Two completed and signed copies of this certification shall be handed to the carrier.
(Use block letters)

WARNING: Failure to comply in all respects with the IATA Restricted Articles Regulations may be a breach of the applicable law, subject to legal penalties. This Certification shall in no circumstance be signed by an IATA Cargo Agent, consolidator or a forwarder.

This consignment is within the limitations prescribed for: *(mark one)*

☐ both passenger and cargo aircraft ☐ only cargo aircraft

NATURE AND QUANTITY OF CONTENT				PACKAGE			
RADIONUCLIDE	GROUP	FORM	ACTIVITY	Number of Packages	CATEGORY	TRANSPORT INDEX	TYPE
NAME OR SYMBOL OF PRINCIPAL RADIOACTIVE CONTENT	GROUP NUMBER OF GROUPS I TO VII	CHEMICAL FORM AND PHYSICAL STATE (GAS/ LIQUID/SOLID), or SPECIAL FORM, or SPECIAL ENCAPSULATION	NUMBER OF CURIES, or MILLI-CURIES		I – WHITE or II – YELLOW or III – YELLOW LABEL	FOR YELLOW LABEL CATEGORIES ONLY	INDUSTRIAL or TYPE A, or TYPE B

ADDITIONAL INFORMATION REQUIRED FOR FISSILE MATERIALS ONLY

EXEMPTED FROM THE ADDITIONAL REQUIREMENTS FOR FISSILE MATERIALS SPECIFIED IN 7.1. OF PART 2 OF THE IATA RESTRICTED ARTICLES REGULATIONS ☐

NAMES, PLUS QUANTITY IN GRAMS, OR CONCENTRATION OR ENRICHMENT IN U235:

1.02.1. Reglur þessar gilda fyrir vélknúin skip, 500 rúml. og stærri. Reglurnar gilda einnig fyrir skip milli 50 og 500 rúml., eins og ákvæði eru um í viðkomandi greinum, að svo miklu leyti sem við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til baga. Reglurnar gilda ekki fyrir fiskiskip.

1.02.2. Reglur þessar gilda fyrir ný skip, sem kjölur er lagður að eftir gildistöku reglnanna.

1.02.3. Reglur þessar gilda um notuð skip eftir því sem við á og eðlilegt getur talist, þegar tekið er tillit til hönnunar skipsins og þeirra verklegu vandamála, sem breytingar á vistarverum hafa í för með sér.

Fyrir notuð skip getur Siglingamálastofnunin krafist breytinga á vistarverum áhafnar, ef þær eru álitnar ófullnægjandi frá hollustu- og heilbrigðissjónarmiði. Siglingamálastofnunin leiti álits Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ef ástæða er til að ætla, að vistarverur geti verið heilsuspillandi.

1.02.4. Þegar reglurnar öðlast gildi, skal farið eftir þeim eins og mögulegt er varðandi skip, sem þegar er í smíðum eða fullbúið, og tekið hefur verið tillit til hönnunar skipsins og þeirra verklegu vandamála, sem breytingar á vistarverum hafa í för með sér. Á fullsmíðuðum skipum skulu þó minniháttar breytingar gerðar á einstökum svefnklefum, og búnaður í þeim lagfærður sem fyrst og í síðasta lagi 3 árum eftir að reglurnar tóku gildi. Meiri háttar breytingar, svo sem innrétting nýrra klefa, stækkun eða tilfærsla klefa, skal skipulögð með góðum fyrirvara.

1.02.5. Breytingar séu gerðar, þegar skipið er í meiri háttar viðgerð eða endurbyggingu.

Siglingamálastofnunin skal ræða við eigendur þeirra skipa, sem hér er getið að framan og samtök sjómanna um þau vandamál, sem upp koma, þegar teikningar brjóta í bága við reglurnar að verulegu leyti. Siglingamálastjóri ákveður síðan, hvaða kröfur skuli gerðar vegna þeirra verklegu vandamála, sem upp koma vegna endurbygginga eða breytinga í samræmi við reglurnar.

1.02.6. Siglingamálastofnun ríkisins ákveður, að hve miklu leyti hægt er að leyfa frávik frá reglunum, þegar um er að ræða:

1.02.6.1. Ferjur, þar se mskipverjar búa ekki að staðaldri um borð.

1.02.6.2. Vistarverur fyrir viðgerðarmenn eða aðra, sem um stundarsakir eru með skipinu umfram áhöfn þess

1.02.6.3. Skip ætlað fyrir stuttar ferðir, þar sem skipverjar geta búið í landi.

1.03.0. **Teikningar.**

Eftirtaldar teikningar skal senda Siglingamálastofnun ríkisins í þríriti til athugunar og samþykktar með nægilegum fyrirvara, svo að athugun á þeim geti farið fram, áður en vinna hefst við innréttingar eða breytingar á vistarverum. Þegar verki er lokið, skal senda séreintak af endanlegum teikningum með innfærðum öllum breytingum.

1.03.1. Fyrirkomulagsteikningu; hliðarmynd og grunnmynd.

1.03.2. Teikningu af vistarverum í nýjum skipum í hlutfalli minnst 1:50, sem sýnir hvernig fyrirhugað er að nýta rými; staðsetningu á skipsmunum (innanstokksmunir) hreinlætisaðstöðu og búnað; fyrirkomulag á lýsingu og hitun, útgönguleiðir ásamt neyðarútgöngum; stiga, breidd þeirra o. s. frv. Flatarmál hvers svefnklefa (sjá 3.10.0.) skal skráð á teikningar.

1.03.3. Teikningu með tæknilegri lýsingu af loftræstikerfi vistarvera.

1.03.4. Teikningu með lista yfir þau efni, sem nota á í vistarverur þ. e. þil, yfirborðsefni, einangrun, gólf (dúkar, flísar o. fl.) undirlagsefni í gólf o. s. frv.

1.03.5. Við minniháttar breytingar á vistarverum er nægjanlegt að senda fyrirkomulags-teikningu og sér-teikningar af því, sem á að breyta.

1.03.6. Þar, sem einhverjar ofantaldra teikninga hafa reynst ófáanlegar fyrir notuð skip, geta starfsmenn Siglingamálastofnunar skoðað viðkomandi skip, til þess að afla frekari upplýsinga.

2.00. **Sameiginleg ákvæði um vistarverur áhafnar.**

2.04.0. **Almennt um vistarverur.**

2.04.1. Vistarverur skulu vera þannig staðsettar, að tryggð sé vörn gegn veðri og sjó, hita og kulda, hávaða eða lykt frá öðrum rýmum. Einangrun gegn hávaða skal vera fullnægjandi svo og nauðsynleg skyrðing (skorðun) til að koma í veg fyrir of mikinn hávaða. Frá hverri íbúðarhæð skulu að jafnaði vera minnst tvær útgönguleiðir, sem lengst hvor frá annarri. Sömuleiðis skulu vera neyðarútgangar þar, sem þörf er á.

Neyðarútgangar skulu að jafnaði vera á öllum blindgöngum, sem eru lengri en 3 metrar. Þó þurfa slíkir gangar ekki að vera búnir neyðarútgangi, ef hægt er að nota glugga eða kýrauga, sem undankomuleið út á þilfar frá vistarverum.

2.04.2. Staðsetning svefnklefa skal háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Á tankskipum skulu vistarverur áhafnar ekki vera staðsettar yfir farm-

geymum, sorageymum, dælurýmum fyrir affermingardælur eða þurrrými milli farmgeyma eða sorageyma og annarra hluta skipsins.

2.04.2.1. Gólf í svefnklefum skulu jafnan vera hærri en sumarhleðsluborðið þó með þeim undantekningum, sem getið er um í 2.04.2.2. og 2.04.2.3.

2.04.2.2. Í farþegaskipum og öðrum skipum undir 500 rúml. getur Siglingamálastofnun ríkisins leyft að gólf í svefnklefum sé 1.0 m. undir sumarhleðsluborði.

Ljósop í skipssíðum skulu staðsett samkvæmt alþjóðahleðslumerkjasamþykkt, sem í gildi er á hverjum tíma.

2.04.2.3. Á farþegaskipum, þar sem gerð og notkun gerir það nauðsynlegt, má gólf í svefnklefum vera allt að 1.0 m. undir sumarhleðsluborðinu og sleppa má ljósopum.

2.04.2.4. Ekki má vera op inn í svefnklefa frá vélarrúmi, borðsal, eldhúsi, sameiginlegum þurrkklefa, snyrti- og baðklefum, eða sameiginlegum salernum. Í snyrti- og baðklefa má vera beinn aðgangur úr svefnklefa, þegar hann er aðeins ætlaður fyrir íbúa þess svefnklefa. Snyrti- eða baðklefi má vera tengdur tveim einsmanns svefnklefum. Ekki má vera aðgangur frá vistarverum áhafnar til lestarrýmis, dælurýmis, geymslna fyrir málningu, vélavarahluti og annarra sambærilegra geymslna.

2.04.3. Borðsalur og setustofa skulu staðsett með samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Borðsalur skal vera eins nálægt eldhúsi og mögulegt er.

2.04.4. Snyrtiklefar, baðklefar og salerni skulu vera sem næst svefnklefum.

2.04.5. Sjúkraklefi skal vera í námunda við aðrar vistarverur, vel aðgengilegur og þannig fyrirkomið, að eins vel fari um sjúklinga og frekast er kostur og hægt sé að veita viðeigandi hjúkrun hvernig sem viðrar.

Sjúkraklefi skal vera sem lengst frá skipsskrúfunni, vélarúmi, vélareisn og blásurum.

2.04.6. Leiðir til venjulegra útganga og neyðarútganga skulu merktar með sjálflýsandi örvum eða á sambærilegan öruggan hátt og sjálfar dyrnar merktar á áberandi stað, annað hvort yfir dyrunum eða við hliðina á þeim með orðinu „ÚTGANGUR“ eða „NEYÐARÚTGANGUR“ á íslensku, og ef nauðsyn krefur, á einhverju öðru tungumáli.

2.05.0 **Gerð vistarvera.**

2.05.1. Vistarverur áhafnar skulu vera þannig gerðar, að þær veiti örugga vörn gegn veðri og sjó. Þær skulu vera nægjanlega einangraðar gegn hita, kulda, hávaða og ólykt frá öðrum rýmum.

2.05.2. Útveggir í vistarverum skulu vera nægjanlega einangraðir. Einangrunin má ekki hafa hærra K-gildi en 0.75 og vera af viðurkenndri gerð. Einangra skal á þann hátt, að sem minnst saggamyndun geti átt sér stað.

2.05.3. Vélareisnir, upphitaðir olíugeymar og eldhúsveggir, sem liggja að vistarverum áhafnar, einnig gufulagnir eða heitavatnslagnir í vistarverum áhafnar skulu vera nægjanlega einangraðar, þar sem aðstæður eru þannig, að einangrun er nauðsynleg. Milliveggir skulu vera úr viðurkenndu efni. Stálþilfar, sem myndar þak eða gólf í svefnklefum eða borðsölum og verður fyrir ágangi veðra eða liggur að rýmum, sem ekki eru hituð upp, skulu vera vel einangruð og K-gildi einangrunarinnar skal ekki vera hærra en 0,5. Einangrunin skal fest á fletina á tryggan hátt og neðan í loft skal einangrun lokað með klæðningu. Veggir og loft í svefnklefum og borðsölum skulu vera með slétt yfirborð, sem auðvelt er að halda hreinu. Gufurör og afgasrör fyrir spil eða líkan búnað, má ekki leggja gegnum vistarverur áhafnar, og þegar hægt er að koma því við, ekki í gegnum ganga, sem liggja

að vistarverum áhafnar. Þar, sem óhjákvæmilegt er að leggja þessi rör í gegnum ganga, skulu þau vera vel einangruð og lögð í stokkum.

2.05.4. Minnsta lofthæð í öllum vistarverum áhafnar skal vera 2.0 m., þó getur Siglingamálastofnun ríkisins leyft minni lofthæð á tilteknu svæði í vistarverum áhafnar, þegar gildar ástæður eru fyrir hendi og minni lofthæð er ekki til verulegra óþæginda fyrir áhöfnina.

2.05.5. Breidd á göngum skal eigi vera minni en hér segir:

Stærð í rúml.	Minnsta breidd ganga
Skip allt að 200 rúml.	0.75 m.
Skip 200 að 500 rúml.	0.85 m.
Skip 500 að 2000 rúml.	0.90 m.
Skip 2000 og stærri	1.00 m.

Breidd á dyraopum að svefnklefa og snyrtiklefa skal minnst vera 0.58 m. Breiddin á dyraopum að öðrum vistarverum, dyrum, sem skipta vistarverum, að göngum og stigaopum, skulu á skipum að 2000 rúml. ekki vera minni en 0.63 m. og á yfir 2000 rúml. eigi vera minni en 0.73 m. Æskilegt er að hurðir frá sameiginlegum sölum fyrir fleiri en 25 menn í sætum opnist út. Hurðir á vélarúmsreisn skulu vera sjálflokandi.

2.05.6. Gólf í öllum klefum skulu vera úr viðarkenndu efni með yfirborði, sem ekki tekur í sig raka og auðvelt er að halda hreinu. Mannop að olíugeymum mega ekki vera í svefnklefa né borðsal. Liggi svefnklefi eða borðsalur að olíugeymi, skal einangra með óbrennanlegri einangrun af gerð A-60.

2.05.7. Tryggja skal nauðsynlegt frárennsli vatns við útsúð.

2.05.8. Veggir í snyrtiklefum skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu vatnsþéttu efni.

2.06.0. **Loftræsting.**

2.06.1. Öll skip skulu búin vélknúnu loftræstikerfi í öllum vistarverum.

Til skipa, sem keypt eru notuð til landsins, má þó gera vægari kröfur, og er loftræstibúnaðurinn þá háður sérstöku samþykki siglingamálastjóra.

2.06.2. Vistarverur áhafnar skulu vera vel loftræstar. Loftinntök skulu vera staðsett þannig, að innblásið loft sé hreint og loftræstikerfið skal vera vel stillanlegt, svo að það tryggi hita og nægjanleg loftskipti án óþægilegs dragsúgs óháð veðri og loftslagi.

2.06.3 Loftræsting frá sjúkraklefum, þvottaklefum og salernum skal vera bein og óhindruð og þannig fyrirkomið, að loft streymi ekki þaðan inn í aðrar vistarverur.

2.06.3.1. Loftræstikerfi fyrir vistarverur áhafnar skal vera það afkastamikið, að minnst 30 m^3 af fersku lofti á mann á klukkustund verði blásið inn í svefnklefa. Annars staðar skulu vera 6 loftskipti á klukkustund.

2.06.3.2. Loftræstistokkar og einangrun á þeim skal vera úr óbrennanlegu efni. Loftræstistokkar að vistarverum áhafnar skulu vera með stillanlegum loka, og op mega ekki vera stærri en 0.05 m^2. Lokubúnaður skal vera úr óbrennanlegu efni.

2.06.3.3. Ef ekki er sjálfvirkur lokunarbúnaður, skal vera hægt að stöðva loftræstiblásarana frá einum eða fleiri stöðum utan vistarvera áhafnar, og auk þess frá stýrishúsi. Aðalinntaki svo og aðalrásum í loftræstikerfinu skal vera hægt að loka utan blásaraklefans, ef eldur kviknar í skipinu.

2.06.3.4. Til að tryggja að vélknúin loftræsting að vistarverum áhafna sé starfhæf að staðaldri skulu vera um borð:

Vara rafmótor fyrir hverja gerð rafmótora, sem notaðir eru í loftræstikerfinu; eða
Varahlutir fyrir hvern mótor.

2.06.3.5. Innblástur af fersku eða upphituðu lofti til salerna er aðeins leyfður, ef þar er vélknúið útsog, þannig að undirþrýstingur sé í salerninu.

2.06.4. Skip, sem hafa haffærisskírteini til millilandasiglinga, og sigla að jafnaði innan svæðis 30 gráður norður-breidd og 30 gráður suður-breidd, skulu vera búin fullkomnu loftræstikerfi fyrir vistarverur áhafnar, sem uppfyllir eftirfarandi lágmarkskröfur:

2.06.4.1. Þegar lofthiti úti er + 35°C með um 70% rakainnihaldi, skal vera hægt að halda hitastigi inni + 29°C með um 50% rakainnihaldi. Ekki má nota meira en 50% af loftinu aftur (endurnýtingu lofts).

2.06.4.2. Kælivélar loftræstikerfisins skulu ennfremur vera þannig gerðar, að þegar lofthiti úti er + 28°C og með um 80% rakainnihaldi, sé hægt að halda lofthita inni + 24°C með rakainnihaldi um 50%.

2.06.4.3. Framanskráðar kröfur 2.06.4.1. og 2.06.4.2. verður að uppfylla miðað við það loftmagn, sem tekið er fram í 2.06.1.1.

2.06.4.4. Nauðsynlegir varahlutir til að tryggja öruggan rekstur loftræstingakerfisins skulu vera um borð.

2.06.5. Loftræstikerfið/loftkælikerfið skal vera í gangi, þegar áhöfnin býr eða vinnur um borð, og ytri aðstæður gera það nauðsynlegt að mati skipstjóra.

2.07.0. **Upphitun.**

2.07.1. Vistarverur áhafnar skulu vera upphitaðar. Svefnklefar og borðsalir skulu vera upphitaðir, þannig að hitamismunur í rýminu sé hvergi meiri en 5°C. Upphitunarkerfið skal vera það afkastamikið, að hægt sé að halda að minnstakosti + 20°C í svefnklefum og borðsölum, hvernig sem veðurfar er. Upphitunarkerfið skal vera í gangi, þegar áhöfnin eða hluti áhafnar býr eða vinnur um borð og aðstæður krefjast þess að mati skipstjórans.

2.07.2. Í vistarverum skulu ekki vera olíuofnar eða gasofnar til upphitunar.

2.07.3. Hitagjafar skulu vera staðsettir þannig og um þá þannig búið, að eldhætta, óþægindi eða hætta fyrir fólk sé sem minnst. Þennan búnað má ekki fjarlægja eða rýra.

2.08.0. **LÝSING.**

2.08.1. Lýsing í vistarverum áhafnar skal vera fullnægjandi.

2.08.2. Ef ekki eru tveir rafmagnsljósgjafar óháðir hvor öðrum til lýsingar, skal vera varaljósbúnaður, hentugir lampar eða ljósker.

2.08.3. Lýsing er fullnægjandi, þegar eftirtalin atriði eru uppfyllt:

2.08.3.1. Meðallýsing í hverjum svefnklefa, borðsal og dagstofu skal vera að minnsta kosti 150 lux.

2.08.3.2. Á skrifborðum í svefnklefum, borðsal og dagstofu skal lýsingin vera minnst 300 lux.

2.08.3.3. Baðklefar og salerni skulu vera búin lýsingu, sem að minnsta kosti nær 100 lux og við snyrtispegilinn minnst 200 lux.

2.08.3.4. Lýsing í stigagöngum og forstofum skal vera minnst 100 lux.

2.08.4. Við hverja hvílu skal vera leslampi.

2.08.5. Við útreikning á meðaltals lýsingu í klefa, skulu öll rafmagnsljós, sem venjulega eru í notkun, talin með. Þegar mæling á lýsingu er gerð, skal vel dregið fyrir alla glugga, hurðir lokaðar o. s. frv. Þar skulu að minnsta kosti gerðar fimm mælingar (ein mæling í miðjum klefa og ein í hverju horni). Mælingarnar skal gera í láréttum fleti 1.0 m. yfir gólf.

2.08.5.1. Á skipum, sem eingöngu eru búin rafölum, sem knúðir eru af aðalvél skipsins, skal í dagstofum, svefnklefum, borðsölum, göngum og stigagöngum, vera nægjanlegur fjöldi ljósastæða, sem fær straum frá rafgeymum.

2.08.6. Æskilegt er að stöðugt blátt ljós sé í svefnklefum að næturlagi, þar sem fleiri en einn búa.

3.00. **SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM HINA ÝMSU HLUTA VISTARVERANNA.**

3.09.1. Á skipum 100 rúml. og stærri skulu yfirmenn hafa hver sinn svefnklefa. Í svefnklefanum skal vera handlaug með rennandi heitu og köldu vatni.

3.09.2. Á öðrum skipum en farþegaskipum, 1000 rúml. að stærð og stærri, skulu vera einmanns svefnklefar fyrir alla skipverja, sem eru 18 ára og eldri. Þó skal í þessu tekið tillit til notkunar skipsins.

3.09.3. Svefnklefar skulu að jafnaði ekki vera fyrir fleiri en einn mann.

3.09.4. Eftir því sem framast er unnt, skal áhöfninni þannig skipað í svefnklefa, að menn, sem ganga vaktir á mismunandi tímum, séu ekki saman í svefnklefa, og dagmenn séu ekki í klefa með þeim, sem ganga vaktir.

3.09.5. Læsing skal vera á dyrum, og á skilti skal tilgreina fyrir hverja og hve marga klefinn er ætlaður.

3.10.0. **STÆRÐ SVEFNKLEFA.**

3.10.1. Flatarmál gólfs í eins manns klefa skal eigi vera minna en sem hér segir:

Í skipum undir 500 rúml.	3.40 m²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3000 rúml.	3.75 m²
Í skipum 3 000 rúml. en minni en 10 000 rúml.	4.25 m²
Í skipum 10 000 rúml. og stærri	4.75 m²

3.10.2. Flatarmál gólfs fyrir hvorn skipverja í tveggja manna klefa, skal eigi vera minna en sem hér segir:

Í skipum undir 500 rúml.	2.60 m²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3 000 rúml.	2.75 m²
Í skipum 3 000 rúml. en minni en 10 000 rúml.	3.25 m²
Í skipum 10 000 rúml. og stærri	3.75 m²

3.10.3. Flatarmál gólfs í eins manns klefa skipverja skal í farþegaskipi eigi vera minna en sem hér segir:

Í skipum undir 500 rúml.	2.10 m²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3 000 rúml.	2.35 m²
Í skipum 3 000 rúml. og stærri	3.75 m²

Í svefnklefum, sem ætlaðir eru fyrir tvo eða fleiri menn, skal ætla hverjum manni 3.0 m² gólfflatar hið minnsta í farþegaskipi 3 000 rúml. og stærri.

3.10.4. Í svefnklefum yfirmanna skal ætla hverjum manni gólfflöt sem hér segir, enda sé yfirmanni þeim, sem í hlut á, ekki ætluð einka-dagstofa eða sameiginleg dagstofa:

Í skipum minni en 500 rúml.	5.25 m²
Í skipum 500 rúml. en minni en 3 000 rúml.	6.50 m²
Í skipum 3 000 rúml. og stærri	7.50 m²

3.10.5. Í skipum 3 000 rúml. og stærri skulu skipstjóri og yfirvélstjóri hafa samliggjandi dagstofu eða einkadagstofu auk svefnklefa.

3.10.6. Við mælingu á gólfflatarmáli skal sá hluti flatarins, sem fer undir hvílur, skápa, dragkistur og bekki, teljast til gólfflatar. Ekki skal reikna gólfflöt

minni óreglulega lagaða gólffleti, sem ekki auka á möguleika til að hreyfa sig. Hlutar af hallandi veggjum, þar sem komið er fyrir hvílum, skápum, dragkistum eða bekkjum, skulu ekki taldir með við útreikning á flatarmáli gólfs. Fjarlægð frá rúmstokki að vegg á móti, skal minnst vera 0.70 m. mælt frá miðri hvílu.

3.11.0. **HVÍLUR.**

3.11.1. Sérhver skipverji skal hafa eigin hvílu. Stærð hvílu skal í skipum 1 000 rúml. og stærri vera minnst: Lengd 2.00 m. breidd og 0.80 m. hvorutveggja innanmál. Í skipum undir 1 000 rúml. skulu hvílur vera minnst 2.00 m. langar og 0.75 m. breiðar að innanmáli. Í svefnklefum fyrir einn mann í skipum undir 500 rúml. má hvílan vera svefnsófi, enda sé undir honum skúffa eða sambærilegt rými fyrir rúmfötin.

3.11.2. Hvílubotninn skal ekki vera nær gólfi en 30 cm. Ekki mega vera nema tvær hvílur hvor yfir annarri. Botn efri hvílu skal vera miðja vegu milli loftklæðningar og botns í neðri hvílu. Eftir því sem við verður komið, skulu hvílur ekki vera við útsúð eða við úthlið yfirbygginga, þegar þær eru í fullri breidd skipsins, en sé svo, þá aðeins ein hvíla í hæðina. Séu hvílur staðsettar við útsúð eða útveggi, skal K-gildi einangrunarinnar ekki vera hærra en 0,3.

3.11.3. Í hvílum skulu vera dýnur úr viðurkenndu efni. Utan um dýnurnar skal vera áklæði úr viðurkenndu efni. Botn í efri hvílum skal vera rykþéttur.

3.11.4. Í svefnklefum, sem ætlaðir eru fleirum en einum manni, skulu vera tjöld fyrir hvílum.

3.12.0. **BÚNAÐUR SVEFNKLEFA.**

3.12.1. Í svefnklefum skal vera læsanlegur fataskápur fyrir hvern þann mann, sem klefinn er ætlaður fyrir.

3.12.1.1. Skápurinn skal að innan vera minnst 180 cm hár og að grunnfleti minnst 50x60 cm.

3.12.1.2. Hilla skal vera í skápnum og slá undir til að hengja föt á.

3.12.2. Í hverjum svefnklefa skal að minnsta kosti vera 0.06 m^3. læsanleg skúffa fyrir hvern mann.

3.12.3. Í svefnklefum skulu vera þægileg sæti fyrir þá, sem klefinn er ætlaður. Í hverjum klefa skal auk þess vera einn stóll.

3.12.4. Í hverjum svefnklefa skal vera það stórt borð og þannig fyrir komið, að hægt sé að skrifa við það. Nota má felliborð eða drag-borð.

3.12.5. Í hverjum svefnklefa skal vera spegill, smá skápur eða skúffur fyrir snyrtiáhöld, bókahilla og gluggatjöld. Spegill og skápur fyrir snyrtiáhöld má vera í baðherbergi, sem innangengt er í frá svefnklefa.

3.12.6. Hverjum skipverja skal ætla læsanlegan skáp með snögum til geymslu á vinnu- og hlífðarfatnaði. Frá þeim stað skal vera innangengt í vistarverur. Stærð hvers skáps skal vera minnst 0.35x0.30x1.70 m. og þeir skulu vera með loftræstiopum efst og neðst.

3.13.0 **BORÐSALIR, UPPÞVOTTAKLEFAR, DAGSTOFUR OG SKRIFSTOFUR.**

3.13.1. Í öllum skipum skal vera borðsalur fyrir áhöfnina. Í skipum 500 rúml. og stærri er heimilt að hafa sérstakan borðsal fyrir yfirmenn. Í farþegaskipum þarf ekki að ætla þeim yfirmönnum, sem að jafnaði borða í borðsal farþeganna, sæti í borðsal skipverja.

3.13.2. Flatarmál gólfs í borðsölum skal vera minnst 1.0 m^2 á hvern skipverja, sem ætlað er að matast þar og þannig fyrirkomið, að allir geti matast sam-

tímis. Í farþegaskipum þarf borðsalur ekki að vera stærri en það, að allir þeir, sem ætla má að matist á sama tíma, fái sæti.

3.13.3. Í borðsölum skulu vera eitt eða fleiri borð af hentugri stærð. Hverjum manni skal ætla borðflöt, sem er minnst 0.60 m. langur og 0.40 m. breiður. Borð og stólar (bekkir) skulu staðsettir, þannig að aðgangur að borðinu sé sem greiðastur. Borðplötur og stólsetur skulu vera úr viðurkenndu efni, sem auðvelt er að halda hreinu og ekki er hætt við sprungum. Stólar og bekkir skulu vera með baki.

3.13.4. Þegar skipverjar eru um borð, skal á skipum 50 rúml. og stærri, ætíð vera aðgangur að:

3.13.4.1. Kæliskáp, sem haganlega er fyrirkomið og er nægjanlega stór fyrir þann fjölda skipverja, sem nota borðsal eða borðsali.

3.13.4.2. Í skipum 200 rúml. og stærri skal auk þess vera aðstaða til að laga heita drykki, og aðgangur að köldu neysluvatni.

3.13.5. Í skipum 500 rúml. og stærri skal vera annaðhvort sérstakur klefi fyrir uppþvott eða sérstakur hluti af öðru rými, heppilega innréttað, útbúið með tvöföldum vaski með afrennsli. Þetta gildir einnig fyrir skip, sem eru búin uppþvottavél. Í verksmiðjuskipum og öðrum skipum, sem hafa meira en 30 manna áhöfn, og á farþegaskipum, þar sem matur er framleiddur og mataráhöld þvegin upp, skal vera uppþvottavél eða búnaður til sótthreinsunar mataráhalda.

3.13.6. Í skipum 500 rúml. og stærri, skal vera minnst ein dagstofa fyrir áhöfn, vel staðsett með tilheyrandi búnaði.

3.13.6.1. Ef í skipi eru ekki sérstakar dagstofur, skulu borðsalir vera hannaðir og búnir þannig húsgögnum og öðrum búnaði, að nota megi þá sem dagstofur.

3.13.6.2. Í dagstofu skal að minnsta kosti vera ein bókahilla, aðstaða til lesturs og skriftar, og þar sem það er mögulegt, til að spila og tefla.

3.13.6. Í skipum 8 000 rúml. og stærri, skal vera sameiginlegur samkomusalur eða bókasafn fyrir alla áhöfnina, þar sem sýna má kvikmyndir og horfa á sjónvarp. Þá skal og vera rými til tómstundaiðkana. Þegar farsvið gefur tilefni til, skal og vera sundlaug af hæfilegri stærð í skipinu.

3.13.6.4. Þar. sem það er mögulegt og eðlilegt, skal í sambandi við hönnun á dagstofu gera ráð fyrir aðstöðu til veitinga.

3.13.7. Í skipum 3 000 rúml. og stærri skal yfirstýrimaður og bryti, hvor um sig, hafa sérstakan klefa, útbúinn sem skrifstofa, sé ekki slík sérstök aðstaða til skrifstofustarfa í vistarverum þeirra. Einnig má nota sameiginlega skrifstofu, enda sé hún nægjanlega stór og þannig búin, að krafan um sérstaka skrifstofuaðstöðu sé uppfyllt eins og hægt er.

4.00. **SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM ÖNNUR RÝMI O. FL. — BAÐKLEFAR O. FL.**

4.01.1. Í skipum undir 200 rúml. skal vera minnst einn baðklefi og/eða þvottaklefi. Í skipum 200 rúml. og stærri skulu vera sér -þvotta- og/eða baðklefar fyrir yfir- og undirmenn og á farþegaskipum 2 500 rúml. og stærri, skal eldhús og þjónustufólk hafa sér -baðklefa eða þvottaklefa. Á farþegaskipum stærri en 2 000 rúml., þar sem konur eru skráðar í áhöfn, er æskilegt að sér -baðklefi sé fyrir þær.

4.01.2. Í baðklefum skal vera rennandi heitt og kalt vatn. Í þvottaklefum skal vera að minnsta kosti einn vaskur á hverja 3 menn, sem hann er ætlaður fyrir. Á verksmiðjuskipum og öðrum skipum, sem notuð eru til lengri leiðangra, og áhöfn er 30 menn eða meira, skulu þvottaklefarnir vera útbúnir með einum vaski fyrir hverja 5 menn, sem þvottaklefinn er ætlaður fyrir.

4.01.3. Í þvottaklefum eða í sérstökum klefum nálægt þvottaklefa, skal vera steypibað eða baðker með rennandi heitu og köldu vatni fyrir hverja 5 menn, sem klefinn er ætlaður fyrir. Ef steypibað eða baðker er staðsett í þvottaklefa, skal frárennsli vera þannig, að vatn renni ekki um allt gólf klefans.

Í þvottaklefum fyrir fleiri en einn mann, skal vera hengi fyrir steypiböði eða baðkeri.

4.01.4. Á skipum 5 000 rúml. og stærri, skal við svefnklefa hvers yfirmanns vera sér snyrtiklefi með salerni, handlaug, steypibaði eða baðkeri. Á skipum 1 600 rúml. og stærri, þar sem ekki eru sérstakir snyrtiklefar ætlaðir fyrir vélstjóra og aðstoðarmenn í vél í nágrenni vélarúms, skal vera klefi til að hafa fataskipti. Klefinn skal vera staðsettur utan vélarúms með greiðum aðgangi þangað og vera búinn fataskáp fyrir hvern mann, baðkeri eða steypibaði og handlaugum.

4.01.5. Á skipum 25 000 rúml. og stærri, öðrum en farþegaskipum, skal vera snyrtiklefi fyrir hverja tvo skipverja annað hvort milli tveggja samliggjandi svefnklefa eða við inngang þeirra. Þar skal vera salerni, baðker eða steypibað og handlaug.

4.01.6. Á skipum 5 000 rúml. og stærri, öðrum en farþegaskipum, skal í öllum svefnklefum yfir- og undirmanna vera handlaug, nema þar sem handlaug er í snyrtiklefa samanber 4.14.4. og 4.14.5.

4.01.7. Handlaugar og baðker skulu vera úr viðurkenndu efni.

4.01.8. Við ákvörðun fjölda handlauga og steypiboða samkvæmt 4.01.2. og 4.01.3., skulu þeir skipverjar, sem hafa eigin handlaug eða steypibað í eða við svefnklefa, ekki taldir með. Við útreikning á fjölda handlauga eða steypiboða fram yfir 1, má sleppa lægri tölu en hálfum, en hálfur eða meira er hækkað upp.

4.02.0. **ÞVOTTA- OG ÞURRKKLEFI FYRIR FÖT.**

4.02.1. Á skipum 100 rúml. og stærri skal vera þvottavél og aðstaða til að þvo og þurrka föt, að því marki, sem hentar stærð áhafnar og tímalengd útivistar. Þar skal og vera heppilegur vaskur með rennandi heitu og köldu vatni.

Aðstaða til að þurrka föt skal vera á heppilegum stað, aðskilið frá svefnklefum og borðsal. Þar skal vera góð loftræsting og upphitun og svo og snúrur til að hengja föt á.

4.02.2. Á skipum 500 rúml. og stærri skal vera aðstaða til þvotta, þurrkunar og straujunar fyrir skipverja. Í þvottaklefa skal vera rennandi heitt og kalt vatn. Auk þess skal vera eftirfarandi: Þurrkari eða nægjanlega upphitað og loftræst þurrkherbergi, straujárn, straubretti eða sambærilegur útbúnaður.

4.03.0. **SALERNI.**

4.03.1. Skip, sem falla undir reglurnar, 4.01.5., skulu búin einu salerni fyrir hverja 6 skipverja eða færri.

4.03.1.1. Í hverju skipi skulu salerni ekki vera færri en hér segir:

Stærð skips.	Fjöldi salerna.
Undir 150 rúml.	1
150 rúml. að 500 rúml.	2
500 rúml. að 1 200 rúml.	3
1 200 rúml. að 3 000 rúml.	4
3 000 rúml. og yfir	6

4.03.1.2. Þegar skipverjar eru 50 eða fleiri af sama kyni, þarf ekki að vera nema 1 salerni fyrir hverja 25 menn, sem eru umfram 50.

4.03.1.3. Á salernum skal vera handlaug með rennandi heitu og köldu vatni.
4.03.2. Þar, sem kvenmenn eru í áhöfn, er æskilegt að þeim séu ætluð sér salerni.
4.03.3. Salernishurðir skulu vera læsanlegar.

4.04.0. **SJÚKRAKLEFAR.**

4.04.1. Á skipum í millilandasiglingum með fleiri en 12 menn í áhöfn, skal vera sérstakur sjúkraklefi. Þegar sjúkraklefa er ekki þörf fyrir sjúklinga, er leyfilegt að nota hann til annars, ef sérstaklega stendur á.
4.04.2. Í sjúkraklefum skal vera, að minnsta kosti sami gólfflötur og ákveðið er fyrir svefnklefa. Í sjúkraklefa fyrir 1 mann, skal þó að minnsta kosti vera 4.0 m^2 gólfflötur.
4.04.3. Fjöldi hvíla í sjúkraklefa skal vera sem hér segir:
Áhöfn 17 menn eða færri 1 hvíla.
Áhöfn 18 menn eða fleiri 2 hvílur.
4.04.4. Inngangur í sjúkraklefa skal vera minnst 0.73 m. breiður og skal þannig fyrirkomið, að sjúkrabörur með sjúkling á geti óhindrað komist í gegn.
4.04.5. Í sjúkraklefa skal, auk venjulegrar rafmagnslýsingar, vera tengi fyrir rafmagnslampa.
4.04.6. Við hverja hvílu skal vera bjölluhnappur eða annar búnaður, þannig að kalla megi á hjálp.
4.04.7. Í sjúkraklefa skal vera fataskápur fyrir hvern sjúkling og skápur, sem geyma má hægðaskál í. Í sjúkraklefa og í salerni sjúkraklefans, skal vera minnst ein handlaug með sápuhaldara.
4.04.8. Dyr að sjúkraklefum skulu merktar með skilti: SJÚKRAKLEFI.
4.05.1. Á skipum 250 rúml. og stærri, skal vera sér salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni, nálægt stýrishúsi og kortaklefa, ætluð þeim, sem eru þar á vakt.
4.05.2. Á skipi, þar sem loftskeytamaður er, skal vera salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni nálægt loftskeytaklefa.
4.05.3. Á skipum 1 000 rúml. og stærri skal vera sérstakt vel merkt salerni um borð ætlað hafnarverkamönnum, með eins greiðan aðgang af þilfari og við verður komið.
4.05.4. Þegar starfslið í eldhúsi er 4 eða fleiri, skal vera sérstakt salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni nálægt eldhúsi.
4.05.5. Salernisskál og seta skal vera úr viðurkenndu efni. Skolkerfið skal vera fullvirkt við öll hitaskilyrði. Tryggja skal að skolvatn í geymum og leiðslum frjósi ekki við þær aðstæður, sem eru eðlilegar á farsviði skipsins. Gengið skal vel frá frárennsli og gæta skal að hafa frárennslisrörið hæfilega stórt. Ekki má leggja það gegnum drykkjarvatnsgeyma og ekki upp undir loft matsalar eða svefnklefa.
4.05.6. Á salernum skal alltaf vera nægur salernispappír og handþurrkur, eða heitur blástur.
4.05.7. Í skipum, sem búin eru sjúkraklefa, skal í tengslum við hann eða sem næst honum, vera salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni, sem eingöngu skal nota af sjúklingum.

4.06.0. **ÝMIS BÚNAÐUR.**

4.06.1. Á skipum, sem sigla í hitabeltinu eða á farsvæðum, þar sem skordýr eru plága, skal vera búnaður til verndar vistarverum áhafnarinnar. Sérstök net, sem setja má fyrir opnanlega glugga, loftrásir, loftræstikerfi og dyr út á opið þilfar. Í klefum, sem búnir eru fullkomnu loftræstikerfi (sjálfvirk hita og rakastilling, sbr. 2.06.5.) er nægjanlegt að hafa net fyrir útgöngudyr út á gang.

4.06.2. Skipverjar skulu hafa aðgang að einu eða fleiri opnum svæðum á þilfari. Stærð þessa svæðis skal miðast við stærð skips og fjölda skipverja og skal á flutningsskipum ekki vera minna en $3m^2$ á mann. Þó þarf samanlagt flatarmál þessara svæða að jafnaði ekki að vera yfir $60\ m^2$.

4.06.3. Skip, sem að jafnaði sigla í hitabeltinu eða Persaflóa, skulu búin sólskýli yfir opnu þilfari, yfir dagstofum og borðsölum, eldhúsi og yfir hvíldarstöðum á þilfari. Þar, sem áhöfnin getur verið undir föstu sólskýli, skal umhverfis sólþilfarið vera traust fast handrið. Við önnur sólskýli, sem að jafnaði eru ekki ætluð til afnota fyrir áhöfnina til dvalar, má nota lausar stoðir í góðum festingum, þar sem stálvír er strengdur á milli stoða eða kantprófíll nægjanlega sterkur, minnst 0.15 m. að hæð við ytri brún. Handrið skulu vera nægjanlega há og nægjanlega margar stoðir og slár eða strekktur vír milli stoða. Bilið undir neðstu slá má ekki vera nema 0.23 m. Þegar ekki er hægt að nota sólskýli fyrir áhöfnina, skal setja upp skilti, sem bannar afnot af því. Föst sólskýli skulu vera úr viðurkenndu efni. Yfir vistarverum með fullkomnu loftræstikerfi má sleppa sólskýlum.

5.00. **HREINLÆTI.**

5.01.0. **Hreingerning og viðhald.**

5.01.1. Eldhús og borðsal skal þrífa daglega og setustofu reglulega eftir þörfum.

5.01.2. Aðalhreingerning á öllum vistarverum áhafna, göngum og stigum, skal gerð eftir að skipi hefur verið lagt og eftir viðgerðir, sem valdið hafa óhreinindum á staðnum. Þegar sérstakar ástæður eru eins og t. d. eftir smitandi sjúkdóm, skal farið að samkvæmt Sóttvarnarlögum. og Farsóttarlögum. Við aðalhreingerningu skal loft, veggir, gólf og öll húsgögn, sem það þola, þvegið með heitu vatni og sápu eða öðru hreinsiefni. Svefnklefa skal gera hreinan í hvert sinn, er mannaskipti verða.

5.01.3. Á innfluttum skipum, sem ekki eru nýsmíði, skal framkvæmd aðalhreingerning og sótthreinsun á öllum vistarverum, áður en notkun hefst.

5.01.4. Ef í ljós kemur, að meindýr eru í vistarverum, skal það tilkynnt skipstjóra tafarlaust. Slíkum meindýrum skal eyða eins fljótt og hægt er. Þar til þetta hefur verið framkvæmt, getur Siglingamálastofnunin bannað notkun vistarveranna. Framkvæmd eyðingar fer fram samkvæmt Sóttvarnarlögum.
Eyðingin skal framkvæmd, þannig að hvorki lífi né heilsu fólks sé hætta búin. Ef gas er notað til eyðingarinnar, skal fylgja nákvæmlega þeim reglum, sem gilda á því svæði, sem skipið er statt á, þegar eyðing fer fram.

5.01.5. Undir eftirliti og á ábyrgð skipstjóra, skulu fyrsti stýrimaður, yfirvélstjóri og bryti eða matsveinn fylgjast með málningu og hreingerningu, hver á sínu starfssviði. Þegar stórhreingerning eða sótthreinsun hefur verið gerð, skal það, að loknu eftirliti, fært inn í dagbók skipsins.

5.01.6. Til þess að hindra hugsanleg skaðleg áhrif frá efnum og áhöldum, sem eru í notkun við hreinsun vistarvera, skal vera geymsla fyrir þessi efni og tæki.

6.00.0 **UNDANÞÁGUR, REFSINGAR O. FL.**

6.01.0. **Undanþágur.**
Siglingamálastofnunin getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar aðstæður um borð í einstökum skipum réttlæta það, frávikin eru óveruleg, og brjóta ekki í bága við lög og reglugerðir um heilbrigðismál, eða alþjóðasamþykktir, sem Ísland er aðili að.

6.02.0 **Refsingar.**
Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt I. kafla laga nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

6.03.0 **Kynning.**
Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt fyrir alla um borð.

6.04.0 Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum og staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt fellur úr gildi IX. kafli reglna nr. 11/1953, um eftirlit með skipum, að því er tekur til vistarvera áhafna flutningaskipa og farþegaskipa.

Samgönguráðuneytið, 26. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 493. 26. nóvember 1979.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Suður-Þingeyjarsýslu eru þessir:

Svalbarðsstrandarhreppur:

1. Veigastaðavegur af Grenivíkurvegi að Veigastöðum
2. Halllandsvegur af Grenivíkurvegi að Halllandi
3. Hafnarvegur af Grenivíkurvegi að Höfn
4. Geldingsárvegur af Grenivíkurvegi að Geldingsá.
5. Meyjarhólsvegur af Geldingsárvegi að Meyjarhóli.
6. Sólbergsvegur af Grenivíkurvegi að Sólbergi
7. Litlahvammsvegur af Grenivíkurvegi að Litlahvammi
8. Heiðarholtsvegur af Grenivíkurvegi að Heiðarholti
9. Sigluvíkurvegur af Grenivíkurvegi að Sigluvík
10. Breiðabólsvegur af Grenivíkurvegi að Breiðabóli
11. Fossbrekkuvegur af Grenivíkurvegi að Fossbrekku
12. Mógilsvegur af Grenivíkurvegi að Svalbarðseyri
13. Einhólsvegur af Mógilsvegi að Einhóli.
14. Svalbarðskirkjuvegur af Svalbarðseyrarvegi að Svalbarði
15. Svalbarðsvegur af Svalbarðseyrarvegi að Svalbarði
16. Meðalheimsvegur af Svalbarðseyrarvegi að Meðalheimi
17. Þéttbýlisvegir af Svalbarðseyrarvegi skv. skipulagi
18. Barnaskólavegur af Grenivíkurvegi að barnaskóla
19. Tunguvegur, af Grenivíkurvegi að Tungu og Túnsbergi
20. Meðalheimsvegur af Grenivíkurvegi að Meðalheimi
21. Brautarhólsvegur af Grenivíkurvegi að Brautarhóli
22. Ásgarðsvegur af Grenivíkurvegi að Ásgarði
23. Sunnuhlíðarvegur af Grenivíkurvegi að Sunnuhlíð

24. Dálksstaðavegur af Grenivíkurvegi að efri og neðri Dálksstöðum.
25. Gautsstaðavegur af Grenivíkurvegi að Gautsstöðum
26. Leifshúsavegur af Grenivíkurvegi að Leifshúsum.
27. Þórustaðavegur af Grenivíkurvegi að Þórustöðum.
28. Þórsmarkarvegur af Grenivíkurvegi að Þórsmörk
29. Sveinbjarnargerðisvegur af Grenivíkurvegi að Sveinbjarnargerði
30. Garðsvíkurvegur af Grenivíkurvegi að Garðsvík
31. Sólborgarvegur 2, af Grenivíkurvegi að Sólborg 2
32. Mógilsvegur II frá Mógilsvegi að býlinu Mógili II.

Grýtubakkahreppur:

1. Miðvíkurvegur af Grenivíkurvegi að Miðvík
2. Ystuvíkurvegur af Grenivíkurvegi að Ystuvík
3. Fagrabæjarvegur af Grenivíkurvegi að Fagrabæ
4. Nollsvegur af Grenivíkurvegi að Nolli
5. Áshólsvegur af Grenivíkurvegi að Áshóli
6. Laufásvegur af Grenivíkurvegi að Laufási
7. Skarðsvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Skarði
8. Ártúnsvegur af Grenivíkurvegi að Ártúni
9. Nesvegur af Grenivíkurvegi að Nesi
10. Grundarvegur af Grenivíkurvegi að Grund
11. Lómatjarnarvegur af Grenivíkurvegi að Lómatjörn
12. Kolgerðisvegur af Grenivíkurvegi um Hléskóga að Kolgerði
13. Grýtubakkavegur 2, af Grenivíkurvegi að Grýtubakka 2
14. Grýtubakkavegur 1, af Grenivíkurvegi að Grýtubakka 1
15. Höfðavegur af Höfðavegi (þjóðv.) að Höfða
16. Sundlaugarvegur af Grenivíkurvegi að skólasundlaug
17. Réttarholtsvegur af Grenivíkurvegi að Réttarholti
18. Bárðartjarnarvegur af Grenivíkurvegi að Bárðartjörn
19. Árbæjarvegur af Grenivíkurvegi að Árbæ.
20. Dalsvegur af Grenivíkurvegi að Dal
21. Jarlsstaðavegur af Grenivíkurvegi að Jarlsstöðum
22. Lundsvegur af Grenivíkurvegi að Lundi
23. Hvammsvegur af Grenivíkurvegi að Hvammi
24. Melavegur af Grenivíkurvegi að Melum.
25. Sunnuhvolsvegur af Grenivíkurvegi að Sunnuhvoli
26. Þengilbakkavegur af Grenivíkurvegi að Þengilbakka
27. Hjallavegur af Grenivíkurbakka um Finnsstaði að Hjalla
28. Höfðabrekkuvegur af Grenivíkurvegi að Höfðabrekku
29. Vegur frá Grenivíkurvegi að íbúðarhúsi Jónasar Baldurssonar að Grýtubakka I.

Hálshreppur:

1. Þverárvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Þverá
2. Hólavegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Syðri-Hólum
3. Böðvarsnesvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Böðvarsnesi
4. Böðvarsgarðsvegur af Fnjóskadalsvegi að Böðvarsgarði
5. Veisuvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Veisu
6. Veisuselsvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Veisuseli
7. Hallgilsstaðavegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Hallgilsstöðum
8. Sólvangsvegur af Fnjóskadalsvegi eystri að Sólvangi
9. Fornhólavegur af Norðurlandsvegi að Fornastöðum og Fornhólum

10. Sigríðarstaðarvegur af Norðurlandsvegi að Sigríðarstöðum
11. Birkihlíðarvegur af Norðurlandsvegi að Birkihlíð
12. Kambstaðavegur af Norðurlandsvegi að Kambstöðum
13. Birningsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Birningastöðum
14. Hálsvegur 1, af Norðurlandsvegi að Hálsi 1
15. Hálsvegur 2 af Norðurlandsvegi að Hálsi 2
16. Kirkjuvegur af Brúarvegi að Hálskirkju
17. Markarvegur af Vaglaskógarvegi að Mörk
18. Lundarvegur 1 af Vaglaskógarvegi að Lundi 1
19. Lundarvegur 3 af Vaglaskógarvegi að Lundi 3
20. Vaglavegur af Vaglaskógarvegi að Vöglum
21. Vaglavegur 2 af Vaglavegi að Vöglum 2
22. Draflastaðavegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Draflastöðum
23. Hjarðarholtsvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Hjarðarholti
24. Vatnsleysuvegur 2 af Fnjóskadalsvegi vestri að Vatnsleysu 2
25. Vatnsleysuvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Vatnsleysu
26. Grímsgerðisvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Grímsgerði
27. Víðivallavegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Víðivöllum
28. Hrísgerðisvegur af Fnjóskadalsvegi vestri að Hrísgerði
29. Tungunesvegur af Norðurlandsvegi að Tungunesi
30. Skógavegur af Norðurlandsvegi að Skógum
31. Hróarsstaðavegur af Illugastaðavegi að Hróarsstöðum
32. Veturliðastaðavegur af Illugastaðavegi að Veturliðastöðum
33. Grænuhlíðavegur af Illugastaðavegi að Grænuhlíð
34. Steinkirkjuvegur af Illugastaðavegi að Steinkirkju
35. Fjósatunguvegur af Illugastaðavegi að Fjósatungu
36. Brúnagerðisvegur af Illugastaðavegi að Brúnagerði
37. Þórðarstaðavegur af Illugastaðavegi að Þórðarstöðum
38. Reykjavegur af Illugastaðavegi að Reykjum
39. Illugastaðavegur af Illugastaðavegi að Illugastöðum
40. Reykjavegur 2 af Reykjavegi að Reykjum 2

Ljósavatnshreppur:

1. Bjargavegur af Útkinnarvegi hjá Nípá að Björgum
2. Nípárvegur af Útkinnarvegi að Nípá
3. Granastaðavegur af Útkinnarvegi að Granastöðum
4. Fitjavegur af Granastaðavegi að Fitjum
5. Skálaárvegur af Útkinnarvegi að Syðri-Leikskálsá
6. Þóroddsstaðavegur af Útkinnarvegi að Þóroddsstöðum
7. Engihlíðarvegur af Þóroddsstaðavegi að Engihlíð
8. Ófeigsstaðavegur af Útkinnarvegi að Ófeigsstöðum og Rangá
9. Torfunesvegur af Norðausturvegi að Torfunesi
10. Hálsvegur af Norðausturvegi að Hálsi
11. Kvíabólsvegur af Norðausturvegi að Kvíabóli
12. Arnþórsgerðisvegur af Norðausturvegi að Arnþórsgerði
13. Hnjúksvegur af Norðausturvegi að Hnjúki
14. Hólsvegur af Norðausturvegi að Hóli
15. Hólsgerðisvegur af Norðausturvegi að Hólsgerði
16. Félagsheimilisvegur af Norðausturvegi að Ljósvetningabúð
17. Hrafnsstaðavegur af Norðausturvegi að Hrafnsstöðum
18. Gvendarstaðavegur af Norðausturvegi að Gvendarstöðum
19. Hlíðarvegur af Norðausturvegi að Hlíð

20. Ystafellsvegur 1 af Norðausturvegi að Ystafelli 1
21. Ystafellsvegur 2 af Norðausturvegi að Ystafelli 2
22. Ystafellsvegur 3 af Norðausturvegi að Ystafelli 3
23. Fellsselsvegur af Norðausturvegi að Fellsseli
24. Árlandsvegur af Norðausturvegi að Árlandi
25. Hjaltastaðavegur af Norðausturvegi að Hjaltastöðum
26. Halldórsstaðavegur af Norðausturvegi að Halldórsstöðum
27. Landamótavegur af Norðausturvegi að Landamóti
28. Lækjamótavegur af Norðausturvegi að Lækjarmóti
29. Landamótaselsvegur af Norðausturvegi að Borgartúni og Landamótaseli
30. Staðarfellsvegur af Fremstafellsvegi að Staðarfelli
31. Fellsendavegur af Fremstafellsvegi að Fellsenda
32. Fremstafellsvegur af Fremstafellsvegi (þjóðv.) að Fremstafelli I og II.
33. Hrifluvegur af Fremstafellsvegi að Hriflu 2
34. Rauðárvegur af Norðurlandsvegi að Rauðá
35. Fosshólsvegur af Bárðardalsvegi eystri að Fosshóli
36. Stórutjarnavegur af Norðurlandsvegi að Stórutjörnum
37. Skólavegur af Norðurlandsvegi að Stórutjarnarskóla
38. Arnarstapavegur af Norðurlandsvegi að Arnarstapa
39. Krossvegur af Norðurlandsvegi að Krossi
40. Vatnsendavegur af Norðurlandsvegi að Vatnsenda
41. Ljósavatnsvegur af Norðurlandsvegi af Ljósavatni
42. Holtskotsvegur af Norðurlandsvegi að Holtakoti
43. Öxarárvegur af Bárðardalsvegi vestari að Öxará.

Bárðdælahreppur:

1. Hvarfsvegur af Bárðardalsvegi vestari að Hvarfi
2. Eyjadalsárvegur af Bárðardalsvegi vestari að Eyjadalsá
3. Hlíðarendavegur af Bárðardalsvegi vestari að Hlíðarenda
4. Sandhaugavegur af Bárðardalsvegi vestari að Sandhaugum
4. Hlíðskógavegur af Bárðadalsvegi vestari að Hlíðskógum
6. Skólavegur af Bárðardalsvegi vestari að Stóruvallaskóla
7. Stóruvallavegur af Bárðardalsvegi vestari að Stóruvöllum
8. Litluvallavegur af Bárðardalsvegi vestari að Litluvöllum og Lækjavöllum
9. Halldórsstaðavegur af Bárðardalsvegi vestari að Halldórsstöðum I
10. Engivegur af Bárðardalsvegi vestari að Engi og Halldórsstöðum II.
11. Svartárkotsvegur af Lundarbrekkuvegi hjá Víðikeri að Svartárkoti
12. Víðikersvegur af Lundarbrekkuvegi að Víðikeri
13. Stórutunguvegur af Lundarbrekkuvegi að Stórutungu
14. Engidalsvegur af Lundarbrekkuvegi að Engidal
15. Bjarnastaðavegur af Lundarbrekkuvegi að Bjarnastöðum og Rauðafelli
16. Lundarbrekkuvegur af Lundarbrekkuvegi (þjóðv.) að Lundarbrekku
17. Sandvíkurvegi af Bárðadalsvegi austari að Sandvík
18. Sunnuhvolsvegur af Bárðardalsvegi austari að Sunnuhvoli
19. Sigurðarstaðavegur af Bárðardalsvegi austari að Sigurðarstöðum
20. Jarlsstaðavegur af Bárðadalsvegi austari að Jarlsstöðum
21. Kálfborgarvegur af Bárðardalsvegi austari að Kálfborgará
22. Einbúavegur af Bárðardalsvegi austari að Einbúa
23. Arndísastaðavegur af Bárðardalsvegi austari að Arndísarstöðum
24. Lyngholtsvegur af Bárðardalsvegi austari að Lyngholti
25. Úlfsbæjarvegur af Bárðardalsvegi austari að Úlfsbæ

Skútustaðahreppur:

1. Stangarvegur af Norðurlandsvegi að Stöng
2. Helluvaðsvegur af Norðurlandsvegi að Helluvaði
3. Arnarvatnsvegir af Mývatnssveitarvegi að Arnarvatni II, III og IV
4. Baldursheimsvegur af Baldursheimsvegi hjá Litluströnd að Baldursheimi
5. Litlustrandarvegur af Baldursheimsvegi að Litluströnd
6. Heiðarvegur af Baldursheimsvegi að Heiði
7. Gautlandsvegur af Baldursheimsvegi að Gautlöndum
8. Haganesvegur af Mývatnssveitarvegi að Haganesi
9. Skútustaðaskóli, af Mývatnssveitarvegi að skólahúsi
10. Skútustaðakirkja af Mývatnssveitarvegi að kirkju
11. Félagsheimili af Mývatnssveitarvegi að Skjólbrekku
12. Grænavatnsvegur af Mývatnssveitarvegi að Grænavatni
13. Garðsvegur 1 af Mývatnssveitarvegi að Garði 1
14. Garðsvegur 2 að Mývatnssveitarvegi að Garði 2
15. Garðsvegur 3 af Garðsvegi 2 að Garði 3
16. Kálfastrandarvegur af Mývatnssveitarvegi að Kálfaströnd
17. Geiteyjarstrandarvegur 1 að Mývatnssveitarvegi að Geiteyjarstr. 1
18. Geiteyjarstr.vegur 2 af Mývatnssveitarvegi að Geiteyjarstr. 2
19. Víkurnesvegur af Mývatnssveitarvegi að Víkurnesi
20. Vogavegur af Mývatnssveitarvegi að Vogum
21. Hólmavegur af Mývatnssveitarvegi að Hólmum
22. Reykjahlíðarvegur af Norðurlandsvegi að Reykjahlíðarkirkju
23. Reykjahlíðarvegur 1 af Hlíðarvegi að Reykjahlíð 1
24. Grímsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Grímsstöðum 1
25. Stiklavegur af Grímsstaðavegi að Stiklum
26. Syðrineslandavegur af Norðurlandsvegi að Syðrineslöndum
27. Ytrineslandavegur af Syðrineslandavegi að Ytrineslöndum
28. Borgarvegur af Ytrineslandavegi að Borg
29. Vindbelgjavegur af Norðurlandsvegi að Vindbelg
30. Vagnbrekkuvegur Norðurlandsvegi að Vagnbrekku
31. Geirastaðavegur af Norðurlandsvegi að Geirastöðum
32. Nónbjargsvegur af Geirastaðavegi að Nónbjargi
33. Hofsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Hofsstöðum
34. Þéttbýlisgötur í Reykjahlíðarhverfi samkv. skipulagi.

Reykdælahreppur:

1. Máskotsvegur af Norðurlandsvegi að Máskoti
2. Brúnarvegur af Norðurlandsvegi að Brún
3. Laugaselsvegur af Norðurlandsvegi að Laugaseli
4. Vallavegur af Stafnsvegi að Völlum
5. Vallkotsvegur af Stafnsvegi að Vallkoti
6. Narfastaðavegur 1 af Stafnsvegi að Narfastöðum 1
7. Narfastaðavegur 2 af Norðurlandsvegi að Narfastöðum 2
8. Daðastaðavegur af Norðurlandsvegi að Daðastöðum
9. Lyngbrekkuvegur af Norðurlandsvegi að Lyngbrekku
10. Kárhólsvegur af Norðurlandsvegi að Kárhóli
11. Lautavegur 2 af Norðurlandsvegi að Lautum 2
12. Lautavegur 1 af Austurhlíðarvegi að Lautum 1
13. Hjallavegur að Austurhlíðarvegi að Hjalla
14. Selásvegur af Hjallavegi að Selási

15. Laugafellsvegur af Hjallavegi að Laugafelli
16. Laugabergsvegur af Austurhlíðarvegi að Laugabergi
17. Stórulaugavegur af Austurhlíðarvegi að Stórulaugum
18. Öndólfsstaðavegur af Austurhlíðarvegi að Öndólfsstöðum
19. Halldórsstaðavegur af Austurhlíðarvegi að Halldórsstöðum
20. Breiðumýrarvegur af Norðurlandsvegi að Breiðumýri 1
21. Breiðumýrarvegur III af Norðurlandsvegi að Breiðumýri III
22. Seljadalsvegur af Norðurlandsvegi að Kvígindisdal
23. Hlíðarholtsvegur af Aðaldalsvegi að Hlíðarholti
24. Einarsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Einarsstöðum
25. Vallakotsvegur af Aðaldalsvegi að Vallakoti
26. Glaumbæjarvegur af Aðaldalsvegi að Glaumbæ
27. Hamravegur af Aðaldalsvegi að Hömrum
28. Helgastaðavegur af Aðaldalsvegi að Helgastöðum
29. Pálmholtsvegur af Aðaldalsvegi að Pálmholti
30. Höskuldsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Höskuldsstöðum
31. Hólkotsvegur af Aðaldalsvegi að Hólkoti
32. Vaðsvegur af Norðurlandsvegi að Vaði
33. Ingjaldsstaðavegur af Norðurlandsvegi að Ingjaldsstöðum
34. Hólavegur af Laxárdalsvegi eystri að Hólum
35. Árhvammsvegur af Laxárdalsvegi eystri að Árhvammi
36. Kasthvammsvegur af Laxárdalsvegi eystri að Kasthvammi
37. Halldórsstaðavegur af Laxárdalsvegi vestri að Halldórsstöðum
38. Þverárvegur af Laxárdalsvegi vestri að Þverá
39. Auðnavegur af Þverárvegi að Auðnum
40. Þéttbýlisvegir við Laugar skv. skipulagi
41. Fljótsbakkavegur af Norðurlandsvegi að Fljótsbakka

Aðaldælahreppur:

1. Skriðuvegur af Norðausturvegi að Rauðuskriðu
2. Jódísarstaðavegur af Skriðuvegi að Jódísarstöðum
3. Bergstaðavegur af Jódísarstaðavegi að Bergsstöðum
4. Sílalækjavegur af Sandsvegi að Sílalæk
5. Hraunkotsvegur af Sandsvegi að Hraunkoti I og II
6. Árbótarvegur af Norðausturvegi að Árbót
7. Núpavegur af Árbótarvegi um Kjöl að Núpum
8. Knútsstaðavegur af Norðausturvegi að Knútsstöðum
9. Garðsvegur af Aðaldalsvegi að Garði
10. Tjarnarvegur af Aðaldalsvegi að Tjörn
11. Jarlsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Jarlsstöðum
12. Hjarðarhagavegur af Jarlsstaðavegi að Hjarðarhaga
13. Nesvegur af Aðaldalsvegi að Nesi
14. Árnesvegur af Nesvegi að Árnesi
15. Straumnesvegur af Nesvegi að Straumnesi
16. Álftanesvegur af Nesvegi að Álftanesi
17. Hafralækjarskólavegur af Aðaldalsvegi að Hafralækjarskóla
18. Félagsheimilisvegur af Aðaldalsvegi að félagsheimili
19. Hafralækjarvegur af Aðaldalsvegi að Hafralæk
20. Hólmavaðsvegur af Aðaldalsvegi að Hólmavaði
21. Ytrafjallsvegur af Aðaldalsvegi að Ytrafjalli
22. Syðrafjallsvegur af Aðaldalsvegi að Syðrafjalli
23. Hagavegur af Hvammavegi að Haga

24. Fornhagavegur af Hvammavegi að Fornhaga
25. Ystahvammsvegur af Hvammavegi að Ystahvammi
26. Heiðargarðsvegur af Hvammavegi að Heiðargarði
27. Miðhvammsvegur af Hvammavegi að Miðhvammi
28. Hraunsvegur af Hvammavegi að Hrauni
29. Brekkuvegur af Hvammavegi að Brekku
30. Klambravegur af Hvammavegi að Klömbrum
31. Presthvammsvegur af Staðarbraut að Presthvammi
32. Brúarvegur af Staðarbraut að Brúum
33. Grenjaðarstaðavegur af Staðarbraut að Grenjaðarstað
34. Staðarhólsvegur af Staðarbraut að Staðarhóli
35. Hvolsvegur af Staðarbraut að Hvoli
36. Búvallavegur af Staðarbraut að Búvöllum
37. Aðalbólsvegur af Staðarbraut að Aðalbóli
38. Kraunastaðavegur af Staðarbraut að Kraunastöðum
39. Múlavegur af Staðarbraut að Múla
40. Norðurhlíðarvegur af Staðarbraut að Norðurhlíð
41. Hellulandsvegur af Staðarbraut að Hellulandi
42. Fagranesvegur af Fagranesvegi (þjóðv.) að Fagranesi
43. Sumarbúðavegur af Fagranesvegi að sumarbúðunum við Vestmannsvatn
44. Birgisholtsvegur af Aðaldalsvegi að Birgisholti
45. Lindahlíðavegur að Aðaldalsvegi að Lindahlíð
46. Mýlaugsstaðavegur af Aðaldalsvegi að Mýlaugsstöðum
47. Sýrnesvegur af Aðaldalsvegi að Sýrnesi
48. Geitafellsvegur af Mývatnsvegi að Geitafelli
49. Klambraselsvegur af Mývatnsvegi að Klambraseli

Reykjahreppur:

1. Bláhvammsvegur af Mývatnsvegi að Bláhvammi
2. Hveravallavegur af Mývatnsvegi að Hveravöllum
3. Félagsheimili af Mývatnsvegi að félagsheimili
4. Reykjahólsvegur af Mývatnsvegi að Reykjahóli
5. Reykjavallavegur af Mývatnsvegi að Reykjavöllum
6. Víðiholtsvegur af Mývatnsvegi að Víðiholti
7. Þverárvegur af Mývatnssveitarvegi að Þverá
8. Heiðarbótarvegur af Mývatnsvegi að Heiðarbót
9. Skógahlíðarvegur af Mývatnsvegi að Skógahlíð
10. Skógavegur 1 af Mývatnsvegi að Skógum 1
11. Skógavegur 2 af Mývatnsvegi að Skógum 2
12. Skógavegur 3 af Mývatnsvegi að Skógum 3
13. Einarsstaðavegur af Mývatnsvegi að Einarsstöðum
14. Skarðavegur af Mývatnsvegi að Skarðaborg
15. Byggðarvegur af Mývatnsvegi að byggðahverfi í Skarðalandi
16. Laxamýrarvegur af Norðausturvegi að Laxamýri
17. Saltvíkurvegur af Norðausturvegi að Saltvík

Tjörneshreppur:

1. Mánárbakkavegur af Norðausturvegi að Mánárbakka
2. Mánárvegur af Norðausturvegi að Máná
3. Árholtsvegur af Norðausturvegi að Árholti
4. Voladalsvegur af Norðausturvegi að Voladal

Af sérinnfluttu efni til skipaviðgerða skal nefnt vörugjald endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Heildarendurgreiðsluprósenta af öðru gjaldskyldu innfluttu efni til skipaviðgerða skal vegna álagningar vörugjalds vera 4.5% hærri en kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglna þessara.

Um endurgreiðslur tolla vegna nýsmíði skipa og báta sem smíði er hafin á og tilkynnt Siglingamálastofnun, sbr. 2. gr., fyrir gildistöku reglna þessara skulu gilda ákvæði auglýsingar nr. 224/1971 að því er varðar þá smíðaáfanga, sbr. 3. gr., sem lokið er við og sótt um endurgreiðslu vegna fyrir gildistöku þessara reglna. Sama skal gilda eftir því sem við getur átt um endurgreiðslur tolla vegna viðgerða eða endurbóta á skipum og bátum, enda hafi umsókn um endurgreiðslu borist Siglingamálastofnun fyrir gildistöku reglna þessara.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 508. 19. desember 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 16 800 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 1 400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1980.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502 23. janúar 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1979.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 509. 13. desember 1979.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Borgarnesi.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Borgarnesi án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá, sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búfé í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

7. gr.

Sveitarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Borgarnesi og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi.

Leyfisveiting er háð því að umsækjandi sé félagi í viðkomandi búfjáreigendafélagi, ef slíkt félag er starfandi.

9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumri og fóður á vetri, svo og allri meðferð búfjárins.

10. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru, um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 50 000. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. desember 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 510. 28. desember 1979.

REGLUGERÐ
um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Áfrýjunarleyfi	kr.	10 500
2.	Nóvaleyfi	—	10 500
3.	Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	—	5 300
4.	Lögskilnaðarleyfi	—	10 500
5.	Ættleiðingarleyfi	—	5 300
6.	Leyfisbréf til heildsölu	—	525 000
7.	Leyfisbréf til umboðssölu	—	262 500
8.	Leyfisbréf til smásölu	—	130 500
9.	Leyfisbréf til lausaverslunar	—	105 000
10.	Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	—	5 300
11.	Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	—	105 000
12.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	—	52 500
13.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	—	37 500
14.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	—	5 300
15.	Leyfi til tækifærisveitinga	—	5 300
16.	Leyfi fyrir vínveitingastað	—	420 000
17.	Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	—	210 000
18.	a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	—	10 500
	b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	—	15 800
19.	Iðjuleyfi	—	52 500
20.	Leyfisgjald vegna tollvörugerðar	—	52 500
21.	Endurnýjun leyfis vegna tollvörugerðar	—	27 000
22.	Einkaleyfi skv. lögum nr. 12/1923		
	fyrir fyrstu 5 ár	—	25 500
	fyrir næstu 5 ár	—	78 000
	fyrir síðustu 5 ár	—	157 500
23.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	—	78 000
24.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	—	15 000
25.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	15 000
26.	Leyfi til að stunda sérlækningar	—	78 000
27.	Leyfi til að stunda tannlækningar	—	15 000
28.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	—	78 000

29.	Leyfi til fasteignasölu	—	25 500
30.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar eða vélstjórnarstarfa	—	2 600
31.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	—	1 300
32.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	5 300
33.	Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	—	5 300
34.	Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	—	78 000
35.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	—	25 500
36.	Endurnýjun á söluleyfi skv. 35. tl.	—	5 300
37.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	—	5 300
38.	Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	—	1 300
39.	Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	—	10 500
40.	Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	—	5 300

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr.	5 300
2.	Vegabréf til útlanda fyrir aðra	—	2 600
3.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	—	2 600
4.	Skírteini til aksturs bifhjóls	—	2 600
5.	Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar	—	5 300
6.	Ökuskírteini, alþjóðlegt	—	5 300
7.	Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	—	5 300
8.	Meistarabréf	—	25 500
9.	Sveinsbréf	—	5 300
10.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skírteini	—	2 600
11.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.-rúml., hvert skírteini	—	8 400
12.	Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	—	10 500
13.	Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	—	2 600
14.	Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	—	5 300
15.	Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	—	7 800
16.	Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	—	10 500
17.	Flugnemaskírteini	—	2 600
18.	Einkaflugmannsskírteini	—	5 300
19.	Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	—	7 800
20.	Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	—	15 000
21.	Flugstjóraskírteini	—	25 500
22.	Flugvélstjóraskírteini, flugleiðsögumannsskírteini og flugloftskeytamannsskírteini	—	15 000
23.	Flugumferðarstjóraskírteini	—	2 600

24.	Skírteini til kvikmyndasýninga		
	a) staðbundin skírteini	—	2 600
	b) sveinsskírteini	—	2 600
	c) meistaraskírteini	—	5 300
25.	Naglabyssuskírteini	—	2 600
26.	Skírteini fyrir suðumenn	—	2 600

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Skráning hlutafélags	kr.	37 500
2.	Skráning samvinnufélags	—	37 500
3.	Skráning útibús	—	19 500
4.	Skráning starfsstöðva erlendra félaga	—	25 500
5.	Skráning firma eins manns	—	15 000
6.	Skráning firma tveggja manna eða fleiri	—	25 500
7.	Skráning breytinga á eldri skráningu	—	4 200
8.	Tilkynning um prókúru, sérstök	—	4 200
9.	Afturköllun prókúru	—	2 600
10.	Skráning bifreiðar, nýskráning	—	16 800
11.	Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	—	8 400
12.	Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	—	16 800
13.	Skráning eigendaskipta að bifreið	—	8 400
14.	Skráning bifhjóls, nýskráning	—	8 400
15.	Skráning bifhjóls, umskráning	—	4 200
16.	Skráning eigendaskipta að bifhjóli	—	4 200
17.	Skráning og umskráning létts bifhjóls	—	4 200
18.	Skráning og eigendaskipti að léttu bifhjóli	—	4 200
19.	Skráning og umskráning beltabifhjóls	—	4 200
20.	Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	—	4 200
21.	Skráning og umskráning dráttarvélar	—	4 200
22.	Skráning og eigendaskipti að dráttarvél	—	4 200
23.	Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	—	8 400
24.	Skráning eigendaskipta tengivagna og festivagna	—	8 400
25.	Skráning flugvélar, atvinnu	—	25 500
26.	Skráning flugvélar, einka	—	10 500
27.	Skráning breytinga á eldri skráningu flugvélar (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	—	10 500
28.	Skráning kaupmála	—	5 300

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast kr. 1 300 fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en kr. 9 000.

Fyrir aðra skráningu greiðist kr. 12 800. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða kr. 150 af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða kr. 110 af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu greiða áritunargjald, kr. 15 af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkur, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.) ..... kr. 25 500
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) ..... — 5 300

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

1.	Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	kr.	4 200
2.	Fyrir löggildingu verslunarbóka	—	5 300
3.	Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	—	2 600
4.	Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	—	2 600
5.	Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	—	600
6.	Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	—	900
7.	Fyrir veðbókarvottorð	—	1 300
8.	Fyrir önnur embættisvottorð	—	900
9.	Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	—	300

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu ..... kr. 450

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru ..... — 900

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, kr. 110 af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 110/1979 og nr. 299/1979.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 511. 28. desember 1979.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	427 000	3000—3199	573 400
2000—2199	451 400	3200—3399	597 800
2200—2399	475 800	3400—3599	622 200
2400—2599	500 200	3600—3799	646 700
2600—2799	524 600	3800—3999	671 000
2800—2999	549 000		

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	555 100	3000—3199	745 500
2000—2199	586 800	3200—3399	777 200
2200—2399	618 600	3400—3599	808 900
2400—2599	650 300	3600—3799	840 600
2600—2799	682 000	3800—3999	872 400
2800—2999	713 700		

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	23,10	15,0—15,9	41,00
5,0— 5,9	24,50	16,0—16,9	43,10
6,0— 6,9	26,00	17,0—17,9	45,20
7,0— 7,9	27,50	18,0—18,9	47,30
8,0— 8,9	29,00	19,0—19,9	49,40
9,0— 9,9	30,40	20,0—20,9	51,50
10,0—10,9	31,80	21,0—21,9	53,60
11,0—11,9	33,30	22,0—22,9	55,70
12,0—12,9	34,70	23,0—23,9	57,80
13,0—13,9	36,80	24,0—24,9	59,90
14,0—14,9	38,90	25,0—25,9	62,00

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 23,10 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skal þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977.

e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 25 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning

vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

6. gr.

Gjalddagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 62/1977.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi,

heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 500 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar en í Reykjavík tollstjóri. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, lögum nr. 78 23. desember 1975 og lögum nr. 78 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1980 en hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álestrartímabili. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 430/1978 og nr. 241/1979 um innheimtu bifreiðagjalda, auk reglugerðar nr. 284/1975 um endurgreiðslu innflutningsgjalda af bensíni. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Jöfnur, sem gilda um útreikninga á heimæðagjaldi í a, b og c lið verði sem hér segir:

a) $H = 424.451 + 463 \times V$

b) $H = 636.676 + 695 \times V$

c) $H = \frac{Hn}{424.451 \times n + 463 \times Vn} \times (424.451 + 463 \times V)$

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1979.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

13. desember 1979. **Nr. 513.**

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða-ákvæðum þús. kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða-ákvæðum þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögunum, svarar til verka-mannakaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
25. júní 1979	5 246	15 737
1. september 1979	5 727	17 180
1. desember 1979	6 480	19 440

Samgönguráðuneytið, 13. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 15. maí 1980, er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum, án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða skipa.

3. gr.

Ráðuneytið getur með tilkynningu í útvarpi fellt úr gildi leyfi til veiða í þorskfisknet ákveðið tímabil eða frá ákveðnum degi og eru þá allar veiðar í þorskfisknet bannaðar það tímabil eða frá þeim degi.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, er rísa kunna af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 437, 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

1. Af vörum, sem falla undir gjaldflokk A, sbr. 2. gr., skal greiða 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.
2. Af vörum, sem falla undir gjaldflokk B, sbr. 2. gr., skal greiða 30% gjald.

2. gr.

1. og 2. málsliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum vörum og skal það greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald:

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

4. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 2. gr. reglugerðarinnar:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

5. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 90.09% heildsöluverðsins. Svarar það til 21.62% og 27.03% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

6. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1979 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1979 er 1. ágúst 1979, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1979 er 1. nóvember 1979 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1979 er 1. febrúar 1980.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1980 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1980 er 1. maí 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1980 er 1. ágúst 1980, gjalddagi fyrir tímabilið

1. júlí til 30. september 1980 er 1. nóvember 1980 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1980 er 1. febrúar 1981.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

7. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skv. 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Hafi innflytjandi fyrir 12. september 1979 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds, sem skv. 1. gr. gildir til og með 11. september 1979 en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 17. september.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal gilda frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

8. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða, sem vörugjald hefur þegar verið greitt af við gildistöku reglugerðar þessarar.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

9. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 3. og 4. gr. skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 84 1979 um breyting á þeim lögum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1979.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 28 6. jan. 1977, um smíði og búnað íslenskra skipa, hluta G, um raforku og raflagnir.

34. gr. reglnanna orðist þannig:

Landtenging.

Ef skipinu er ætlað að nota raforku frá landi, verður eftirfarandi atriðum að vera fullnægt:

Komið skal fyrir tengiskáp eða tengikassa á hentugum stað í skipinu, þar sem tengja á landstrenginn. Sérstakur strengur skal síðan lagður frá kassanum að aðaltöflu. Í tengiskápnum skal vera rofabúnaður eins og um greinir frá aðal- eða greinitöflu væri að ræða (30. gr. 3002, greinar frá aðaltöflu).

Tenging landstrengsins í tengiskáp skal gerð eins örugg við tengiskinnur og frekast er unnt. Ef tengt er með tengikvísl og strengnum er ætlað að flytja 63A straum eða meira, skal rofinn búinn lás, þannig að útilokað sé að tengja eða aftengja strenginn nema rofinn hafi rofið áður. Í tengiskápnum eða í aðaltöflu skulu einnig vera tæki, er gefa til kynna hvort spenna sé á strengnum (merkjaljós, voltmælir).

Við þrífasa riðstraumskerfi skal að auki vera búnaður, er sýni að fasaröð sé rétt og að mögulegt sé að breyta henni með sérstökum búnaði, t. d. skiptirofa. Búnaður þessi getur annaðhvort verið í tengiskápnum eða aðaltöflu.

Ef landtengistrengnum er ætlað að flytja minna en 63 A. straum, má nota tengikló án láss. Gæta skal þess, að togátak það sem hugsanlega gæti myndast við hreyfingar skipsins, reyni ekki beint á tengibúnaðinn. Við hann skal vera sérstakur togfestibúnaður, þannig að togátak á strenginn skaði ekki tengibúnaðinn. Landtengistrengurinn skal vera samkvæmt kröfum Siglingamálastofnunar ríkisins, og fylgja rafkerfi skipsins. Strengurinn skal vera þolinn gúmmístrengur af veður og olíuvarinni gerð. Æskilegur búnaður fyrir strenginn, er átaksvinda hæfilega stór og þannig búin, að hún haldi sem jöfnustu togátaki. Gæta ber þess að strengur, sem liggur frá skipi og e. t. v. yfir annað skip, og í land sé lagður þannig að sem allra minnst hætta sé á að hann verði fyrir skaða.

Á riðstraumskerfi með jarðbundinn núllpunkt, skal vera búnaður til tengingar við núllpunkt skipskerfisins og landkerfisins. Í aðaltöflu skal vera minnst einn margpóla rofi fyrir landstrenginn. Einnig skal vera búnaður í aðaltöflu, skiptir eða annað þvíumlíkt, sem útilokar að mögulegt sé að tengja saman rafala skipsins og landstrenginn. Orkuflutningur frá skipi og í land, er algjörlega óheimill, og eins frá einu skipi til annars, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og skal þá tilkynna það til Siglingamálastofnunar ríkisins og einnig til Rafmagnseftirlits ríkisins, sé um orkuflutning frá skipi í land að ræða, sem þá munu meta þær aðstæður, sem fyrir hendi eru hverju sinni. Búnaður sem framleiðir jafnspennu til notkunar í skipum skal á fullkomlega öruggan hátt, tryggja aðskilnað landkerfisins og jafnstraumskerfis skipsins.

Ef spenna á skipskerfi og landkerfinu er ekki sú sama skal komið fyrir einangrunarspennum, sem gera mögulega tengingu t. d., 380/220 V, 220/380 V. Slíkir spennar skulu hafa aðskilin vöf, en einvefjuspennar (autospennar) eru ekki leyfðir. Einnig skulu þessir spennar uppfylla ákvæði gr. 23 (2301—2304).

Að undangenginni skoðun og úttekt á rafkerfi skipsins og einkum í sambandi við þann hluta kerfisins, sem lýtur að landtengingunni, mun Siglingamálastofnunin gefa út vottorð, sem sýnir hvaða rafspennu skipið sé tilbúið að taka við. Festa skal upp skilti á hentugum stað, framan á tengiskápinn, þar sem þetta er gefið til kynna.


Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.


Fylgiskjal I.



Mynd 1

a) Skipskerfi 3 ~ 220 V.
b) Landtenging skips skv. a) við 3N ~ 380 V dreifikerfi í landi.
c) Landtenging skips skv. a) við 3 ~ 220 V dreifikerfi í landi.


Fylgiskjal II.




Mynd 2

a) Skipskerfi 3N ~ 380 V með N-punkt fasttengdan við bol skipsins.
b) Landtenging skips skv. a) við 3N ~ 380V dreifikerfi í landi þegar tengja þarf notkun við N-leiði.
c) Landtenging skips skv. a) við 3 ~ 220V dreifikerfi í landi.

Fylgiskjal III.





Mynd 3

a) Skipskrefi 3N ~ 380 V þar sem hægt er að rjúfa N-punkt frá bol eða ekki er þörf á notkun N-punkts.

b) Landtenging skips skv. a) við 3N ~ 380 V dreifikerfi í landi. Þegar tengja þarf skip skv. a) við 3 ~ 220 V dreifikerfi í landi vísast til myndar 2 c).

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1979

27. desember 1979. 1005 Nr. 517.

UMBURÐARBRÈF

til tollstjóra.

Ráðuneytið tilkynnir tollstjórum hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, að lækka toll í 2% á járnplötum, báruðum, sem flokkast undir tnr. 73.13.51 og 76.03.01 í 1. gr. tollskrárlaga, enda verði vörur þessar taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 64/1973 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE).

Ákvörðun þessi gildir frá og með dagsetningu bréfs þessa.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1979.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

B 125

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 276 14. júní 1979 um jöfnunargjald og sérstakt tímabundið aðlögunargjald.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr 2. gr. reglugerðarinnar: 39.01.24, 73.14.02 og 73.37.03.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 2. gr. reglugerðarinnar:
73.13.51 og 76.03.01.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald og 6. gr. laga nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1979.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1979

14. desember 1979. 1007 Nr. 519.

REGLUGERÐ

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

„Erlendur gjaldeyrir“: Slegnir peningar, peningaseðlar, tékkar og aðrar ávísanir, víxlar, verðbréf og skuldbindingar, sem hljóða um greiðslur í erlendri mynt, ennfremur minnispeningar, gull, silfur og aðrir dýrir málmar, ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum.

„Að selja erlendan gjaldeyri“ er að láta hann af hendi fyrir íslenskan gjaldmiðil eða aðra greiðslu í hverju sem fólgin er, en „að kaupa erlendan gjaldeyri“ er að fá hann fyrir íslenskan gjaldmiðil eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

„Gjaldeyrisbankar“: Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og aðrir bankar, sem kunna að fá heimild til gjaldeyrisviðskipta.

„Gjaldeyrisviðskiptabankar“: Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands og aðrir bankar, sem Seðlabanki Íslands kann að veita heimild til gjaldeyrisviðskipta að fengnu samþykki ráðherra.

„Gjaldeyriseftirlitið“: Sú deild Seðlabankans sem hefur eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum samkvæmt gildandi lögum og reglum.

„Verðbréf“: Hlutabréf, hlutdeildarskírteini, skuldabréf, líftryggingarskírteini, arðmiðar o. þ. h.

„Innlendir aðilar“: Einstaklingar búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, fyrirtæki, sem eru skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis að því leyti, sem þau reka starfsemi hér á landi.

„Erlendir aðilar“: Aðrir en „Innlendir aðilar“ skv. skýrgreiningunni hér að framan.

II. KAFLI

Um innflutning.

2. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum. **Vöruinnflutningur.**

Fjármagnsgreiðslur svo og þjónustugreiðslur til annarra landa skulu háðar gjaldeyrisleyfum, nema annað sé ákveðið í reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur. **Fjármagns- og þjónustugreiðslur.**

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

Samstarfsnefnd. Ráðuneytið skipar samstarfsnefnd um framkvæmd gjaldeyrismála, er skipuð skal fjórum mönnum, formanni, sem sé fulltrúi ráðuneytisins, fulltrúa Seðlabankans og einum fulltrúa hvors gjaldeyrisviðskiptabanka. Skal kostnaður af starfi hennar greiddur af leyfisgjöldum sbr. 5. gr. Starfsemin er undir yfirstjórn ráðuneytisins.

Verkefni hennar. Samstarfsnefnd fjallar m. a. um þau innflutningsmál og gjaldeyrisyfirfærslur, sem falla utan við starfsreglur þær, sem gjaldeyrisbönkunum eru settar. Hún skal ennfremur fylgjast með framkvæmd þessara mála og sjá um að fyllsta samræmis sé gætt við afgreiðslu þeirra milli bankanna.

4. gr.

Leyfisvörur. Óheimilt er að flytja til landsins vörur, sem háðar eru leyfum, nema gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir þeim. Gjaldeyrisviðskiptabankar annast útgáfu gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa í umboði ráðuneytisins og eftir reglum, sem það setur í samráði við Seðlabankann. Falli umsókn utan þessara reglna, skal henni vísað til samstarfsnefndarinnar, sem gefur bankanum nánari fyrirmæli um afgreiðslu hennar.

Óheimilt er að bjóða til sölu eða framselja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

Heimilt er að gefa samtökum innflytjenda upplýsingar um innflutningsleyfi.

5. gr.

Leyfisgjald. Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi, greiði gjaldeyrisviðskiptabanka 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 200 kr. fyrir hvert einstakt leyfi.

Af leyfum fyrir bensíni og brennsluolíum, sem falla undir tollskrárnúmer 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70 svo og flutningsgjöldum af þessum vörum, skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um.

Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir námskostnaði.

Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu gjaldeyris eða leyfis, ef afhending gjaldeyris fer ekki fram á sama tíma.

Þriðjungur leyfisgjaldsins rennur til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál og gjaldeyrisbankanna m. a. til að standa straum af kostnaði við útgáfu og tölvuskráningu leyfa svo og skýrslugerðir, en afgangur í ríkissjóð.

6. gr.

Skýrsluskylda bankanna. Gjaldeyrisviðskiptabankarnir skulu reglulega senda viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum sundurliðaðar skýrslur um útgefin gjaldeyris- og innflutningsleyfi, um greiðslufrest og vörukaupalán.

7. gr.

Greiðslustaðfestingar. Engar vörur má tollafgreiða nema með vöru- eða innkaupareikningum fylgi staðfesting gjaldeyrisbanka um, að varan hafi verið greidd eða greiðsla hennar verið tryggð með öðrum hætti. Getur staðfestingin verið í formi afrits af gjaldeyriskaupanótu vegna viðkomandi innflutnings eða með öðrum hætti.

Efni vörureikninga. Með tilvísun til ákvæða laga um tollskrá o. fl. nr. 120/1976, sjá einkum 18. gr. þeirra um vörureikninga og önnur staðfestingarskjöl, er gjaldeyriseftirlitinu heimilt að ákveða, að afgreiðsla gjaldeyris, almennt eða í sérstökum tilfellum, sé háð skilyrðum, sem það kann að setja um frágang og efni vöru- eða innkaupareikninga.

Nafn- og fyrirtækjanúmer.

Það er skilyrði hvers konar gjaldeyrissölu- og -kaupa, að viðskiptavinir gefi upp í banka nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, eftir því hvort um einkaviðskipti eða verslunarviðskipti er að ræða.

III. KAFLI

Um útflutning.

8. gr.

Útflutningsleyfi.

Útflutningur á vörum er háður leyfi viðskiptaráðuneytisins. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessari reglu. Ennfremur getur ráðuneytið sett það skilyrði, að heimild þess þurfi til að bjóða tilteknar vörur til sölu á erlendum markaði. Ekki þarf leyfi til að senda úr landi sýnishorn, sem ætluð eru til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að verðmæti innan við 50 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt við setningu þessarar reglugerðar.

9. gr.

Skilyrði leyfa.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þ. á. m. um sölukjör, hugsanleg lánskjör, meðferð skjala og fleira.

10. gr.

Upplýsingaskylda.

Útflytjendur skulu veita viðskiptaráðuneytinu upplýsingar, sem það kann að óska um útflutning, svo sem um verð, umboðslaun og markaðshorfur.

Ennfremur getur ráðuneytið krafist, að fram séu lagðir endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru, sem flutt var út í umboðssölu.

11. gr.

Meðferð útflutningsskjala.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslur á þar til gerðum eyðublöðum um hinar útfluttu vörur, tvö afrit af farmskírteini eða fylgibréfi yfir vörurnar, svo og tvö afrit af sölureikningi, ef salan hefur farið fram. Ef sala varanna fer fram síðar, skulu útflytjendur, auk ofangreindra skjala, afhenda gjaldeyriseftirlitinu endanlegan sölureikning eða söluuppgjör, þegar sala hefur farið fram. Útflutningsskýrslum skulu fylgja útflutningsleyfi, svo og matsvottorð, þegar það er áskilið.

Útflutningsskjöl yfir vöru, sem seld hefur verið eða samið um sölu á, skulu útflytjendur afhenda eða senda gjaldeyrisviðskiptabanka hér þegar í stað til innheimtu, nema öðruvísi sé kveðið á í útflutningsleyfi, svo sem ef vara er greidd fyrirfram, og skal yfirlýsing útflytjanda þar að lútandi gefin tollstjóra á útflutningsskýrslur við afgreiðslu.

Sölureikningar fyrir útfluttar vörur skulu hljóða um greiðslu í erlendri mynt, en á skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal söluverðið tilgreint í íslenskri og erlendri mynt, og skal miðað við dagskaupgengi. Á sölureikningi skal og greina aðra söluskilmála.

Skýrslur þær og skjöl, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar, skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað, og mega farmflytjendur ekki afhenda útflytjendum frumrit af farmskírteinum, nema með leyfi viðkomandi tollstjóra.

Skýrslur þarf þó ekki að gefa um sýnishorn, gjafa- og póstsendingar, sem undanþegnar eru útflutningsleyfum skv. 8. gr. Hins vegar ber að framvísa öllum slíkum vörum fyrir tolleftirlitsmanni, sem er að rannsókn í skipi eða farartæki eða afgreiðir það til útlanda.

Útflytjendur fisks, sem seldur er á erlendum uppboðsmarkaði eða í umboðssölu, skulu senda gjaldeyriseftirlitinu skilagrein (yfirlitsreikning) ásamt fylgiskjölum yfir hverja einstaka sölu, frá aðilum þeim, sem annast söluna erlendis, strax og þær berast. og ennfremur önnur gögn í þessu sambandi, sem gjaldeyriseftirlitið kann að óska eftir, strax og þau berast og eigi síðar en tveim mánuðum frá söludegi. Sama gildir um allar vörur, sem seldar eru í umboðssölu erlendis.

Ennfremur getur gjaldeyriseftirlitið krafist þess, að útflytjendur afurða leggi fram öll þau gögn, sem snerta sölu afurðanna, svo sem sölusamninga, vigtarvottorð, efnagreiningarvottorð, o. þ. h., og úrskurðar það í samráði við ráðuneytið réttmæti krafna um afslætti og skaðabætur vegna þessa, sem kunna að koma til frádráttar gjaldeyrisskilum á grundvelli framlagðra gagna.

12. gr.

Vöruskjöl. Annað samrit af aðalfarmskrá þeirri, sem ræðir um í 23. gr. laga nr. 59/1969 skulu tollstjórar eða umboðsmenn þeirra senda gjaldeyriseftirlitinu, ásamt afriti af útflutningsskýrslum, farmskírteinum og sölureikningum, eigi síðar en 15 dögum eftir tollafgreiðslu.

